Hæstaréttardómar 1967

Útgáfa 4.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar galli á bls. 323 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1967

Efnisskrá til bráðabirgða

Bls.

Ábyrgð:
a) Atvinnurekenda á opinberum gjöldum 486
b) Samkvæmt lögum um prentrétt 264
Aðstöðugjald 531, 877, 895 951
Áfengislög 16, 159, 477, 761, 1140
Áfrýjun 561
Afsláttur 108
Ákæra 1126
Árekstur skipa 127
Banaslys 496
Barnsfaðernismál 777, 787, 1076
Bifreiðar:
a) Refsimál 16, 159, 477, 480, 496, 761, 871, 1036, 1140
b) Skaðabótamál 171, 511, 534, 974, 995
Björgun 611
Blóðrannsókn:
a) Bifreiðarstjórn 16, 159, 477, 761, 1140
b) Faðerni 777, 787, 1076
Bókhald 544
Botnsréttur 916
Brot í opinberu starfi 318
Dómhæfi 3, 672, 1184
Dómssátt 460, 842
Dómstólar 1
Dómsuppsaga, frestun í Hæstarétti 78
Eiðfesting 627
Eignarréttur 1055
Endurgreiðsla 138, 531, 951, 1144
Endurskoðandi 259
Endurupptaka 470
Erlendir starfsmenn 486

Bls.
Farmflutningur 743
Farmskírteini 1039
Fasteignir 103, 108, 225, 688, 768, 796, 1055, 1184
Fébætur 264
Félagsútgerð 1121
Félög 639
Fiskur 942
Fjárdráttur 737, 740
Fjársvik 318, 891
Frávísun 1, 3, 47, 50, 55, 74, 90, 162, 206, 537, 599, 672, 823, 837, 875, 881, 887, 1011, 1068, 1072, 1126, 1147, 1184, 1209
Frestun dómsuppsögu í Hæstarétti 78
Fyrning 225, 877, 1003, 1103
Geðheilbrigðisrannsókn 100
Gæzluvarðhald 100
Happdrætti 1082
Heimvísun 238, 682, 916, 1161, 1209
Hlutafélög 259
Hylming 645
Iðnlöggjöf 1116
Kaupgjaldsmál 162, 604, 616, 655, 827, 832
Kaup og sala 82, 108, 518, 960
Kjarasamningur 655
Kyrrsetning 12, 960
Kærumál:
1) Dómhæfi 3
2) Dómssátt 460, 842
3) Dómstólar 1
4) Eiðfesting 627
5) Endurskoðandi 259
6) Endurupptaka 470
7) Frávísun 1, 3, 573, 599, 837, 875, 1011, 1147, 1209
8) Geðheilbrigðisrannsókn 100
9) Gæzluvarðhald 100
10) Heimvísun 1161, 1209
11) Hlutafélög 259
12) Kyrrsetning 12
13) Ómerking 470, 839, 844, 1209
14) Skuldajöfnuður 864
15) Staðfesting vættis 968
16) Stefnubirting 1011
17) Uppboð 864
18) Upplýsingarskylda 12

Bls.
19) Vitnaskylda 259, 462
20) Vitni 462, 627
Landamerkjamál 916
Leiga 103
Líkamsárás 537
Líkamsáverkar 806, 1163
Lóðamörk 796
Lóðarleiga 1184
Lögbann 768, 1047
Lögræði 846, 1135
Lögtak, lögtaksréttur 867, 877, 895, 1003, 1014, 1021, 1029
Málskostnaður 55, 846, 1135
Miskabætur 138
Nauðgun 38
Ógildingarmál 1009
Okur 544
Ómerking 47, 55, 74, 90, 206, 216, 238, 246, 470, 528, 672, 682, 810, 815, 819, 839, 844, 916, 1068, 1126, 1184, 1209
Opinber gjöld 486, 531, 877, 895, 951, 1014, 1021, 1029, 1144
Opinberir starfsmenn 318, 462
Prentréttur, ábyrgð 264
Riftun kaups 960
Samningar 103, 138, 707, 985, 1184
Selveiði 1047
Sératkvæði 108, 251, 496, 1047, 1163
Sjóveðréttur 127, 162, 611, 616
Skaðabótamál 23, 82, 103, 127, 171, 194, 225, 511, 534, 537, 561, 688, 806, 827, 929, 974, 1039, 1103, 1163
Skattar, skattalög 486, 531, 877, 895, 951
Skip, árekstur 127
Skipti 910
Skírlífisbrot 38
Skjalafals 318, 761, 929
Skuldajöfnuður 864
Skuldamál 65, 138, 518, 624, 631, 1121
Slökkvibifreið 496
Stefnubirting 1011
Stimpilgjald 1144
Stjórnsýsla 225
Tékkamisferli 891
Umboðslaun 552
Umferðarlög 16, 159, 477, 480, 496, 761, 871, 995, 1036, 1140
Uppboð 864, 935, 1072

Bls.
Upplýsingarskylda 12
Úrskurður félagsstjórnar 639
Útburðarmál 117
Útivistardómar 11, 89, 90, 193, 194, 476, 560, 705, 706, 845, 846, 973, 1100, 1101, 1102
Útsvar 531
Vatnsréttur 916
Vatnsveitur 1014, 1021, 1029
Vátrygging 127, 251, 511, 743, 753, 995
Veiðiréttur 916
Vinnulaun 604, 616
Vinnuslys 23, 194
Vitnaskylda 259, 462, 627
Vitni 462, 627, 968
Yfirúttekt 881
Þjófnaður 94, 483, 508, 645
Ærumeiðingar 264, 887

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XLVIII. árgangur. 1967

Fimmtudaginn 5. janúar 1967.

Nr. 257/1966. **Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson**
gegn
Vinnslustöðinni h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómstólar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm kvað upp Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. nóvember 1966. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 28. desember 1966. Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveðja til meðdómendur og kveða upp efnisdóm í málinu. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðiljar greiði varnaraðilja kr. 6.000.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og

Sveinn Ársælsson, greiði varnaraðilja, Vinnslustöðinni h/f, kr. 6.000.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 15. nóvember 1966.

Mál þetta er höfðað af Ársæli Sveinssyni, Lárusi Ársælssyni og Sveini Ársælssyni, útgerðarmönnum í Vestmannaeyjum, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun fyrir sáttanefnd, með stefnu, útgefinni 13. júní 1966, birtri 15. s. m., á hendur Sighvati Bjarnasyni framkvæmdastjóra, Kirkjuvegi 49, Vestmannaeyjum, f. h. Vinnslustöðvarinnar h/f í Vestmannaeyjum.

Gera stefnendur þær réttarkröfur, að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefnda, Vinnslustöðinni h/f, sé skylt að leysa til sín hluta stefnenda í félaginu og að greiða andvirði hlutanna eftir matsákvæðum 6. gr. samþykkta hins stefnda félags. Þá krefjast stefnendur einnig ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur:

Aðallega, að málinu verði vísað frá bæjarþingi Vestmannaeyja og stefnda verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnenda. Til vara, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og honum verði tildæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi stefnenda.

Frávísunarkrafa stefnda er á því byggð, að stefna eigi máli þessu fyrir sjó- og verzlunardóm skv. 200. gr., 2. tl., laga nr. 85/1936.

Stefnendur andmæltu frávísunarkröfunni, og kvaðst umboðsmaður þeirra hafa stefnt málinu fyrir bæjarþing að vandlega athuguðu máli, vegna þess að með því móti fengi héraðsdómari frjálsari hendur um val meðdómenda, en væri ekki bundinn við hina skipuðu sjó- og verzlunardómsmenn. Hins vegar lýsti hann því yfir, að hann væri því samþykkur, að málið yrði rekið fyrir sjó- og verzlunardómi, ef dómara virtist réttara að flytja málið þangað. Gerði hann þær réttarkröfur, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og stefnendum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður í þessum þætti málsins úr hendi stefnda.

Málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna hinn 8. þ. m., og var atriðið lagt undir dóm eða úrskurð þann dag.

Samkv. 2. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936 fer sjó- og verzlunardómur með og dæmir mál „út af efnum þeim, er í lögum um

hlutafélög eða samvinnufélög greinir." Mál þetta átti þar af leiðandi þegar að leggjast fyrir sjó- og verzlunardóm. Málið var samt sem áður lagt fyrir bæjarþing, og hvergi er að því vikið í sáttakæru, stefnu né í fyrstu greinargerð stefnenda, að æskilegra væri, að meðdómsmenn tækju sæti í dóminum. Þykir því bera að vísa málinu frá bæjarþinginu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnendur greiði stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá réttinum.

Stefnendur, Ársæll Sveinsson, Lárus Ársælsson og Sveinn Ársælsson, greiði in solidum stefnda, Vinnslustöðinni h/f, kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. janúar 1967.

Nr. 251/1966. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómhæfi kröfu. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða dóm hafa uppkveðið: Hákon Guðmundsson, Bjarni K. Bjarnason, Ragnar Jónsson, Einar B. Guðmundsson og Jón Finnsson.

Með kæru 29. október 1966, sem Hæstarétti barst 21. desember 1966, hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar samkvæmt 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 frávísunardóm Félagsdóms, uppkveðinn 25. október 1966, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir

Félagsdóm að taka málið til meðferðar af nýju og leggja á það efnisdóm. Sóknaraðili krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili samþykkir þá kröfu sóknaraðilja, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir Félagsdóm að leggja efnisdóm á sakarefnið. Hann krefst þess hins vegar, að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum kærða dómi.

Fyrir Félagsdómi hefur sóknaraðili gert þessa dómkröfu: „að dæmt verði, að loforði menntamálaráðherra frá 5. júní 1964 til Landssambands framhaldsskólakennara um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, sem skipaðir voru eða settir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, svo að þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna, hafi ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965."

Í dómkröfunni er nánast krafizt álitsgerðar Félagsdóms um tiltekin atriði í skiptum aðilja. Hins vegar er eigi krafizt dómsorðs, sem ráði ákveðnu ágreiningsefni til fullnaðarlykta á einn veg eða annan. Kröfugerð þessi verður eigi metin dómhæf, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936. Var Félagsdómi því rétt að frávísa málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta dómsorð Félagsdóms.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur Félagsdóms 25. október 1966.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 24. júní þ. á., af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja f. h. Landssambands framhaldsskólakennara gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Að dæmt verði, að loforði menntamálaráðherra frá 5. júní 1964 til Landssambands framhaldsskólakennara um að halda námskeið fyrir framhaldsskólakennara, sem skipaðir voru eða

settir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, svo að þeir mættu að afloknu námskeiði flytjast í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna, hafi ekki verið fullnægt með dómi Kjaradóms frá 30. nóvember 1965.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans.

Í stefnu málsins hefur stefnandi gert svofellda grein fyrir dómkröfum sínum:

„Fyrir gildistöku laga nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna var framhaldsskólakennurum skipað um laun í VI.—VIII. launaflokk samkvæmt lögum nr. 92/1955 um laun starfsmanna ríkisins. Byggðist skiptingin innbyrðis ekki á formlegri menntun, heldur á fjölda nemenda í viðkomandi skóla.

Þegar lög nr. 55/1962 tóku gildi og fyrst reyndi á þau, varð samkomulag um fjölda launaflokka og skipun ríkisstarfsmanna í þá. Framhaldsskólakennararnir skiptust í 4 launaflokka, 16.—19. launaflokk. Langmestur hluti framhaldsskólakennaranna var settur í 16. flokk. Í 17. flokk voru settir þeir, sem voru í föstu starfi og höfðu BA-próf frá Háskóla Íslands eða sambærilegt nám að dómi fræðslumálastjórnar. Í 18. flokk komu þeir, sem höfðu BA-próf eða sambærilegt og að auki próf í uppeldisfræðum. Í 19. flokk voru settir þeir, sem höfðu cand. mag. próf frá Háskóla Íslands eða annað sambærilegt próf í aðalkennslugrein.

Skiptingin byggðist á menntun. Framhaldsskólakennarar höfðu alið með sér þá von, að skiptingin verkaði ekki aftur fyrir sig, þannig að þeir, sem voru í föstum kennarastöðum, tækju allir laun samkvæmt 18. flokki, en skiptingin væri látin ná til þeirra, sem kæmu í störf eftir 1. júlí 1963. Sú varð þó ekki raunin á, og gætti strax megnrar óánægju með það. Fóru fram viðræður við stefnda, er leiddu til þess, að menntamálaráðuneytið sendi Landssambandi framhaldsskólakennara eftirfarandi bréf, dagsett 5. júní 1964:

„Það tilkynnist Landssambandi framhaldsskólakennara hér með, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að fallast fyrir sitt leyti á, að þeir framhaldsskólakennarar, sem voru skipaðir eða settir í kennarastöður 1. júní 1952, þegar lög um breytingu á lögum nr. 36 11. júlí 1911 um forgangsrétt kandidata frá Háskóla Íslands til embætta tóku gildi og kváðu á um óskert kennslurétttindi þeirra, sem áður höfðu hlotið kennararéttindi, skuli frá 1. júlí 1963 taka laun samkv. 18. lfl. Enn fremur mun ráðuneytið í samráði við

Kennaraskóla Íslands og kennarasamtökin efna til námskeiða fyrir þá kennara, sem framangreind regla tekur ekki til, er geri þeim kleift að flytjast í hærri launaflokk."

Á grundvelli bréfs þessa voru síðan rúmlega 150 kennarar fluttir úr 16. og 17. launaflokki í 18. launaflokk. Var enginn munur gerður á, hvort um var að ræða bóknámskennara eða sérgreinakennara. Síðla sumars 1965 setti menntamálaráðuneytið á laggirnar nefnd til að gera tillögu um námskeið í samræmi við efni bréfsins frá 5. júní 1964. Skipaði ráðuneytið sex menn í nefndina. Er nefndin lauk störfum vorið 1965, samdi ráðuneytið uppkast að auglýsingu um námskeiðið. Var auglýsingin dagsett 25. júní 1965. Áttu umsóknir að vera komnar fyrir 15. ágúst 1965. Framhaldsskólakennararnir gátu ekki fellt sig við fyrirkomulag það, sem auglýsingin gerði ráð fyrir að viðhöfð yrði um námskeiðið. Ráðuneytið gerði þá aðra auglýsingu, dags. 18. ágúst 1965. Framhaldsskólakennarar felldu sig ekki heldur við það námskeiðsfyrirkomulag, sem fólst í þessari auglýsingu. Námskeiðið átti aðeins að miðast við bóknámskennara, en sérgreinakennarar hvergi nefndir. Þá töldu framhaldsskólakennararnir, að námskeiðið yrði þeim of kostnaðarsamt, námskeiðið átti að haldast á öðrum tíma en þeir höfðu vænzt, og launahækkunin átti ekki að koma á þeim tíma, er þeir höfðu gert ráð fyrir. Auglýsingin var aldrei birt, enda lét ráðuneytið frá sér fara frétt, dags. 27. september 1965, þar sem skýrt var frá loforði ráðuneytisins frá 5. júní 1964 um námskeiðshaldið, nefndarskipuninni, hverjir hefðu átt sæti í nefndinni, að nefndin hefði lokið störfum og að mál umræddra kennara væru til umræðu í samningum þeim, sem þá fóru fram milli ríkisstarfsmanna og ríkisins, og þá um leið sú hugmynd, að þátttaka í námskeiðum veitti rétt til launahækkunar. Gerði ráðuneytið ráð fyrir, að ef samkomulag næðist á þá lund, að ekki þyrfti til frekari aðgerða að koma, hefði ráðuneytið fullnægt fyrirheitinu frá 5. júní 1964. Ella mundi ráðuneytið efna til námskeiðs fyrir hlutaðeigandi kennara eigi síðar en sumarið 1966, og yrði það auglýst síðar.

Ekki náðist samkomulag, enda túlkaði ráðuneytið loforð sitt frá 5. júní 1964 þrengra en kennararnir töldu, að rétt væri, sbr. það, sem að framan greinir. Þegar kjaradómsmálið nr. 1/1965: Kjararáð fyrir hönd starfsmanna ríkisins gegn fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs var rekið fyrir kjaradómi, gerði stefndi máls þessa meðal annars eftirfarandi kröfu:

„Framhaldsskólakennarar í bóklegum greinum, settir eða skip-

aðir fyrir 1. júlí 1963, skulu halda rétti sínum til þess að flytjast í hærri launaflokk skv. bréfi menntamálaráðherra til Landssambands framhaldsskólakennara, dags. 5. júní 1964, ef þeir ljúka tilskyldu námskeiði."

Dómur Kjaradóms gekk 30. nóv. 1965. Þar var ofangreind krafa stefnda afgreidd á þá lund, að í 18. launaflokki skyldu vera þeir framhaldsskólakennarar, sem settir voru eða skipaðir fyrir 1. júní 1952. Á námskeið var ekki minnzt og ekki heldur á þá kennara, sem skipaðir höfðu verið eða settir tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963. Með bréfi, dags. 5. jan. 1966, tilkynnti menntamálaráðuneytið Landssambandi framhaldsskólakennara, að ríkisstjórnin hefði rætt niðurstöðu Kjaradóms varðandi skipun framhaldsskólakennara í launaflokka, og með hliðsjón af því, hvernig Kjaradómur hefði gripið á kröfugerð stefnda varðandi kennarana, teldi ríkisstjórnin, að fyrirheiti því, sem veitt var í bréfinu frá 5. júní 1964 um flutning kennara í hærri launaflokk, hafi verið fullnægt.

Á þessa túlkun og skilning á ákvæðum dóms Kjaradóms gátu framhaldsskólakennararnir ekki fallizt, enda hefur námskeiðið aldrei verið haldið, og því situr fjöldi framhaldsskólakennara, er settir voru eða skipaðir í kennarastöður tímabilið 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, í 17. launaflokki. Það geti ekki talizt efndir á loforðinu frá 5. júní 1964 að skjóta málinu til Kjaradóms, gera þar þrengri kröfu en loforðið gekk út á og fá ekki þessa þrengri kröfu tekna til greina hjá dóminum. Loforðið var gefið óháð dómi Kjaradóms, og því var það rangt að setja málið fyrir Kjaradóm. Námskeiðið beri að halda, hvað sem líði skoðunum Kjaradóms."

Í greinargerð sinni gerir stefndi þessa grein fyrir málavöxtum og efni málsins:

„Mál þetta fjallar um það, hvaða réttur til launabóta fyrir framhaldsskólakennara, skipaða eða setta í stöður á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, hafi falizt í fyrirheiti ríkisstjórnarinnar, sem sett er fram í bréfi menntamálaráðherra til Landssambands framhaldsskólakennara, dags. 5. júní 1964. Einnig fjallar málið um það, hvort þessum rétti framhaldsskólakennara hafi að öllu leyti verið fullnægt og hvort í dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóv. s.l., felist endanleg ákvörðun um það, hvaða launaflokk þessir framhaldsskólakennarar skuli skipa á yfirstandandi kjaratímabili, þ. e. árin 1966 og 1967.

Tvö atriði í kröfu stefnanda vil ég gera sérstaklega að umtalsefni þegar í upphafi. Annars vegar, að krafan um viðurkenningu

á því, að ríkissjóður hafi vanefnt að halda námskeiðið, er í órofa tengslum við kröfuna um að flytjast í 18. launaflokk og raunar forsenda hennar. Stefnandi óskar einungis eftir námskeiði til þess að skapa grundvöll fyrir launabótum til framhaldsskólakennara, en námskeiði án launabóta er hann andvígur. Ljóst er af gögnum málsins, að eftir að fyrirheitið var gefið hinn 5. júní 1964, var það sjónarmið ríkjandi í samtökum framhaldsskólakennara og hjá Kjararáði BSRB, að þetta námskeið ætti að vera sem lítilfjörlegast, og helzt ætti það að falla niður. Á hinn bóginn er krafa stefnanda um, að námskeiðsmenn flytjist í 18. launaflokk ríkisstarfsmanna ekki á rökum reist, þar eð einungis er gefið fyrirheit um það í bréfi menntamálaráðherra, að námskeiðið „geri þeim kleift að flytjast í hærri launaflokk." Þessu fyrirheiti hefur verið fullnægt með því, að Kjaradómur hefur flutt umrædda kennara úr 16. flokki í 17. launaflokk. Uppköst að tveim auglýsingum, sem aldrei voru birt, þar sem gert er ráð fyrir, að þeir, sem ljúka námskeiðinu, færist upp í 18. launaflokk, fela ekki í sér neina skuldbindingu fyrir ríkissjóð, en sýna aðeins, hvaða hugmyndir um þetta efni voru ofarlega á baugi í menntamálaráðuneytinu á þeim tíma.

Tilkynning menntamálaráðherra f. h. ríkisstjórnarinnar, dags. 5. júní 1964, er stuttorð, einhliða yfirlýsing, þar sem skýrt er lauslega frá grundvallaratriðum í sambandi við fyrirhugaðar launabætur til þeirra kennara, er námskeiðið var ætlað. Um mörg atriði þurfti að kveða nánar á síðar og draga skýrari mörk, og það var réttur ríkisstjórnarinnar einnar, sem yfirlýsinguna gaf, að taka ákvarðanir í þessum efnum. Eftirfarandi atriði koma ekki fram í yfirlýsingunni sjálfri:

1. Hvaða kennarar áttu rétt á að sækja námskeiðin.

Aðiljar eru þó sammála um, að það séu framhaldsskólakennarar, settir eða skipaðir á tímabilinu frá 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, er launalögin féllu úr gildi. Hins vegar greinir aðilja á um, hvort námskeiðsrétturinn taki til kennara í aukagreinum, þ. e. leikfimiskennara, matreiðslukennara og handavinnukennara. Ákvörðun ríkisins kemur fram í kröfugerð þess fyrir Kjaradómi, sbr. niðurlag dskj. nr. 14, og var á þá lund, að námskeiðið væri einungis fyrir kennara í bóklegum greinum. Í yfirlýsingunni frá 5. júní 1964 kemur ekki fram, hvort námskeiðið miðist einungis við kennara í 16. launaflokki, en eðlilegast er að líta svo á, að til þess hafi verið ætlazt.

2. Hvenær námskeiðið skyldi haldið, hve lengi það ætti að standa og frá hvaða tíma launahækkunin ætti að gilda.

Um þetta hafði ríkið ekki tekið endanlega ákvörðun, þegar málið gekk til Kjaradóms, en ríkið vill una við niðurstöðu dómsins, að hækkunin um einn launaflokk gildi frá 1. jan. 1966 og telur sér það skylt.

3. Hvort námskeiðsmennirnir skyldu flytjast upp um einn eða fleiri launaflokka.

Í þessu efni kom að sjálfsögðu aldrei annað til álita en það, hvort kennararnir skyldu fluttir upp í 17. eða 18. launaflokk. Kjaradómur ákvað hér 17. launaflokk. Ríkisstjórnin telur, að með þessari niðurstöðu hafi fyrirheit hennar verið efnt, sbr. dskj. nr. 7.

Þar eð nefnd sú, er átti að undirbúa námskeiðið, sat lengi á rökstólum án þess að ná samkomulagi, hafði ríkisstjórnin eigi tekið fullnaðarákvarðanir um framangreind atriði, þegar samningaviðræður hófust við Kjararáð BSRB sumarið 1965 um nýjan heildarkjarasamning. Að svo vöxnu máli var eðlilegt, að í samningaviðræðunum væri m. a. rætt um fyrirhugað námskeið og þá launaflokkshækkun, er því skyldi fylgja, sbr. dskj. nr. 5. Hins vegar tókst eigi samkomulag um þetta deiluefni fremur en önnur í þeim viðræðum, og fóru öll ágreiningsefni í Kjaradóm og þar með ágreiningurinn um launakjör allra framhaldsskólakennara. Fyrir dóminn lagði sóknaraðili m. a. fram yfirlýsingu frá 5. júní 1964 til rökstuðnings kröfum sínum svo og fréttatilkynningu frá menntamálaráðuneytinu, sbr. dskj. nr. 5.

Báðir aðiljar gerðu dóminum ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi þetta sérstaka efni. Kjararáð BSRB gerði kröfu til þess fyrir Kjaradómi, að framhaldsskólakennarar, ráðnir til starfa á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, skyldu færast upp um fimm launaflokka, eða úr 16. fl. í 21. fl., *og vera lausir við námskeiðið*. Staðhæfingar málflutningsmanns stefnanda, er fram koma í stefnu þessa máls á þá leið, að rangt hafi verið að setja málið fyrir Kjaradóm og að námskeiðið beri að halda, hvað sem líði skoðun Kjaradóms, sæta því vissulega nokkurri furðu.

Fyrir Kjaradómi gerði ríkið hins vegar þá kröfu, að framhaldsskólakennarar, er voru í 16. launaflokki, ráðnir til starfa á tímabilinu 1. júní 1952 til 1. júlí 1963, skyldu sitja kyrrir í 16. launaflokki, en halda rétti sínum til að færast upp í hærri launaflokk, ef þeir lykju námskeiði samkvæmt fyrirheitinu í bréfi menntamálaráðherra frá 5. júní 1964. *Fyrirheitið var því að fullu efnt*

af hálfu ríkisins með því að viðurkenna það fyrir Kjaradómi og gera það að hluta af kröfugerð sinni fyrir dóminum. Stefnandi heldur því að vísu fram, að kröfugerð ríkisins hafi á þessu sviði verið þrengri heldur en fyrirheitið gaf tilefni til og á þar við, að krafan fyrir Kjaradómi hafi einungis tekið til bóknámskennara. Þetta er á misskilningi byggt, en óþarft er að fjölyrða um það hér, þar sem Kjaradómur lét bóknámskennara og kennara í aukagreinum fylgjast að.

Niðurstaða Kjaradóms varð sú, að allir umræddir kennarar voru fluttir úr 16. flokki í 17. flokk, en jafnframt leystir undan þeirri kvöð að sækja námskeið. Kennararnir fengu þannig þá kjarabót, sem fyrirheitið gaf til kynna, en voru leystir undan að taka á sig þær skyldur, er áttu að fylgja.

Það er eindregin skoðun mín, að með dómi Kjaradóms, uppkveðnum 30. nóvember 1965, hafi verið endanlega ákveðið, í hvaða launaflokkum framhaldsskólakennarar skuli sitja yfir tímabilið frá 1. janúar 1966 til 31. desember 1967. Þessa skoðun reisi ég á 17. gr. laga nr. 55/1962, þar sem segir, að aðiljar skuli leggja ágreiningsefni skilmerkilega fyrir Kjaradóm, svo og á 21. gr. sömu laga, þar sem segir, að dómur Kjaradóms sé fullnaðarúrlausn kjaradeilu og bindi aðilja á sama hátt og samningur. Krafa stefnanda í máli þessu er því í raun réttri krafa um lagalega viðurkenningu á því, að í niðurstöðu Kjaradóms þurfi eigi að felast endanleg úrlausn launakjaradeilu við opinbera starfsmenn. Slík krafa fær ekki staðizt, og ber að sýkna umbjóðanda minn af henni."

Samkvæmt ákvörðun dómsins fór fram málflutningur um það, hvort málefni það, sem aðiljar deila hér um, falli undir úrlausn Félagsdóms.

Lýstu báðir aðiljar yfir því, að þeir teldu, að Félagsdómur ætti að dæma það að efni til, og gerði hvorugur þeirra kröfu til málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Í 44. gr. laga nr. 80/1938 segir, að verkefni Félagsdóms sé:

1. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.
2. Að dæma í málum, sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

Með skírskotun til krafna stefnanda og málsatvikalýsinga aðilja verður eigi talið, að ágreiningur sá, sem mál þetta fjallar um,

falli í flokk með þeim réttarágreiningi, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um samkvæmt ofangreindum ákvæðum, og eigi verður heldur lagður dómur á mál þetta samkvæmt 3. lið 44. gr. nefndra laga.

Þá verður eigi heldur talið, að Félagsdómur eigi dóm um framangreint ágreiningsefni samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1962, en þar segir svo:

„Félagsdómur dæmir í málum, sem rísa milli samningsaðilja út af brotum á lögum þessum og ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans."

Verður það hvorki ráðið af kröfum stefnanda né málflutningi aðilja, að hér sé um að ræða ágreining um það, hvað felist í beinum ákvæðum dóms Kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Og þar sem Félagsdómur á ekki heldur úrlausn um það, hvort Kjaradómur hafi við úrlausn þeirra atriða, er hann dæmdi um hinn 30. nóvember f. á. og um er deilt í máli þessu, fylgt þeim valdmörkum, sem honum eru sett í lögum nr. 55/1962, ber með tilvísun til alls þess, sem að framan er rakið, að vísa máli þessu frá dómi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Mánudaginn 9. janúar 1967.

Nr. 243/1966. **Þorkell Valdimarsson**
gegn
Þorbirni Georg Gunnarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorkell Valdimarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 9. janúar 1967.

Nr. 5/1967. **Gunnlaugur Hannesson**
og **Þrúður Óskarsdóttir**
gegn
Oddrúnu Ólafsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Kyrrsetning. Upplýsingarskylda gerðarþolanda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt 3. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. desember 1966, sem Hæstarétti barst 5. janúar 1967. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, þeim verði dæmt óskylt að gefa skýrslur um innstæður sínar í bönkum og sparisjóðum og að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Við meðferð kyrrsetningarmáls varnaraðilja á hendur sóknaraðiljum spurði fógeti í fógetadómi hinn 8. desember 1966 sóknaraðiljann Þrúði Óskarsdóttur „um fleiri eignir, þar á meðal peninga og innstæður í bönkum og sparisjóðum". Lögmaður sóknaraðilja mótmælti þessari spurningu með skírskotun til 7. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, en samkvæmt þeirri lagagrein má eigi kyrrsetja „... innstæður eða vöxtu þar af í stofnunum, sem undan kyrrsetningu eru þegnar lögum samkvæmt". Í eftirtöldum ákvæðum er svo kveðið á, að fé, sem lagt hefur verið í peningastofnun þá, sem í hlut á, skuli ásamt vöxtum þess vera undanþegið kyrrsetningu eða löghaldi, meðan það stendur þar: 21. gr. laga nr. 11/1961 um Landsbanka Íslands, 21. gr. laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, 50. gr. laga nr. 115/1941 um Búnaðarbanka Íslands, 10. gr. laga nr. 113/1951 um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, 11. gr. laga nr. 46/1960 um Verzlunarbanka Íslands h/f, 11. gr. laga nr.

46/1962 um Samvinnubanka Íslands h/f og 26. gr. laga nr. 69/1941 um sparisjóði. Öll þessi ákvæði eru sett í þágu hinna tilgreindu peningastofnana og girða fyrir, að ráð peningastofnananna á sjóðum sínum séu takmörkuð. Hins vegar skjóta nefnd ákvæði alls eigi loku fyrir, að beiðandi kyrrsetningar eða löghalds geri, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, kyrrsetningu eða löghald í kröfu skuldunauts síns á hendur peningastofnun þeirri, sem í hlut á. Með skírskotun til þess, sem nú var sagt, og samkvæmt 15. gr. laga nr. 18/1949 er sóknaraðiljum skylt að svara áðurgreindri spurningu fógeta. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Gunnlaugur Hannesson og Þrúður Óskarsdóttir, greiði varnaraðilja, Oddrúnu Ólafsdóttur, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 16. desember 1966.

Þær réttarkröfur eru gerðar af hálfu gerðarbeiðanda, Oddrúnar Ólafsdóttur, Nökkvavogi 44, að fram fari löghald í eignum gerðarþolanna, Gunnlaugs Hannessonar og Þrúðar Óskarsdóttur, sem bæði eiga heima að Safamýri 59.

Eru löghaldskröfurnar þessar: Kr. 669.133.33 með 9% ársvöxtum af kr. 15.000.00 frá 15. ágúst 1964 til 21. september 1964, af kr. 461.480.00 frá þeim degi til 20. janúar 1965, af kr. 472.719.44 frá þeim degi til 26. janúar 1965, af kr. 477.176.46 frá þeim degi til 5. marz 1965, af kr. 559.076.46 frá þeim degi til 18. ágúst 1965, af kr. 599.076.46 frá þeim degi til 4. október 1965, af kr. 612.300.06 frá þeim degi til 20. maí 1966 og með 1% vanskilavöxtum á mánuði eða hluta úr mánuði af kr. 612.300.06 frá 20. maí 1966 til greiðsludags og með 7% ársvöxtum af kr. 56.833.27 (þ. e. kr. 53.333.27 + kr. 3.500.00) frá kyrrsetningardegi til greiðsludags, öllum kostnaði við gerð þessa, eftirfarandi staðfestingarmál, fjár-

nám og uppboð, ef til kemur, allt að frádregnum kr. 474.39 með 7% ársvöxtum frá 10. marz 1966 til greiðsludags.

Gerðarbeiðandi krefst ríflegs málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Umboðsmaður gerðarþola krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda og krefst þess, að umboðsmaður gerðarbeiðanda verði víttur fyrir ummæli sín á rskj. nr. 16, sem ganga í þá átt, að tilgangur gerðarþola Þrúðar Óskarsdóttur eða umboðsmanns hennar sé sá að tefja mál þetta með öllum tiltækum ráðum.

Ágreiningur, sem varð í máli þessu, var tekinn til úrskurðar, eftir að lögmenn aðilja höfðu lagt fram greinargerðir sínar hinn 13. desember s.l.

Löghaldsgerð þessi var tekin fyrir á heimili gerðarþola hinn 5. desember s.l., en þar var enginn heima, og var þá rétturinn fluttur á skrifstofu lögmanns gerðarþola, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, Þórsgötu 1, og mætti Hilmar Ingimundarson héraðsdómslögmaður fyrir hönd gerðarþola. Fógeti ákvað löghaldstrygginguna þar, að svo komnu kr. 140.000.00, og lét umboðsmaður gerðarbeiðanda bankatryggingu af hendi við réttinn, er nemur þeirri fjárhæð. Þegar fógeti skoraði á umboðsmann gerðarþola að benda á eignir til löghalds, neitaði hann því á þeirri forsendu, að ekki hvíldi lagaskylda á lögmanni að gefa upplýsingar um málefni, sem umbjóðendur hafa trúað honum fyrir. Umboðsmaður gerðarbeiðanda benti þá á til löghalds sparisjóðsbók eða bækur og eða peninga, sem væru eign gerðarþola, en í vörzlu mætta umboðsmanns þeirra. Einnig benti umboðsmaður gerðarbeiðanda á skuldabréf, sem væri eign gerðarþola, og er umrætt skuldabréf að fjárhæð kr. 540.000.00, útg. 20. maí 1966 af Júlíusi Kristinssyni, tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni nr. 209 við Nýbýlaveg í Kópavogi. Skuldabréf þetta er til 10 ára og með 8% ársvöxtum og gefið út til handhafa.

Gerðinni var frestað og næst tekin fyrir á skrifstofu borgarfógeta að Skólavörðustíg 12 8. desember s.l. Fógeti hafði boðað báða gerðarþolana í réttinn, sbr. rskj. nr. 15. Þrúður Óskarsdóttir mætti, en eiginmaður hennar, Gunnlaugur Hannesson, gat ekki mætt vegna fjarveru úr bænum. Í þessu réttarhaldi upplýsti Þrúður um skuldabréfið, áhvílandi fasteigninni nr. 209 við Nýbýlaveg í Kópavogi, og lýsti hún því eins og umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur gert hér að framan, nema hún kvað skuldabréfið að fjárhæð kr. 560.000.00, en ekki kr. 540.000.00, og kvað hún skuldabréfið geymt í Samvinnubankanum í Reykjavík.

Fógeti spurði því næst Þrúði um fleiri eignir, þar á meðal peninga og innstæður í bönkum og sparisjóðum. Lögmaður gerðarþola mótmælti þessari spurningu fógeta og vísaði til 7. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann. Einnig vitnaði hann í 21. gr. Landsbankalaganna frá 1961 og hliðstæð ákvæði í öðrum bankalögum. Lögmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að gerðarþolunum yrði gert að svara framangreindri spurningu fógeta, enda geti ekki úrelt ákvæði, sem fyrst og fremst eru sett til forréttinda ákveðnum lánastofnunum, létt af gerðarþola skyldu hans til að segja rétt og satt frá um eignir sínar við kyrrsetningu eða aðför.

Lögmenn aðilja ákváðu að setja ágreiningsefnið í úrskurð. Ágreiningsefnið var tekið til úrskurðar í þinghaldi 13. desember s.l.

Lögmaður gerðarbeiðanda vísar í 15. gr. kyrrsetningarlaganna máli sínu til stuðnings og krefst þess, að gerðarþolar upplýsi, í hverjum stofnunum innstæða væri, sbr. 7. gr. kyrrsetningarlaga. Lögmaður gerðarþola hefur mótmælt, að gerðarþolum sé skylt að svara spurningum fógeta, eins og áður greinir, og vísar í 7. gr. kyrrsetningarlaga nr. 18/1949 svo og í 21. gr. laga um Landsbanka Íslands m. a. Lögmaður gerðarþola vill skýra 15. gr. kyrrsetningarlaganna á þá lund, að gerðarþolum sé eigi skylt að svara spurningum um innstæður sínar í bönkum.

Rétturinn lítur þannig á, að skýra beri 15. gr. laganna um kyrrsetningu og lögbann nr. 18 frá 22. marz 1949 þannig, að gerðarþolum sé skylt að veita allar þær upplýsingar um eignir sínar, sem fógeti spyr um, og hvar þær séu niður komnar.

Því ber gerðarþolum í máli þessu að upplýsa fógeta um allar þær eignir, sem þegar hafa ekki verið gefnar upp, þar á meðal peninga og innstæður í bönkum og sparisjóðum.

Rétturinn tekur ekki afstöðu til málskostnaðarkröfu umboðsmanna gerðarbeiðanda og gerðarþola í máli þessu, því að um hana verður fjallað í væntanlegu staðfestingarmáli. Krafa umboðsmanns gerðarþola um, að umboðsmaður gerðarbeiðanda verði víttur fyrir aðdróttanir, er ekki tekin til greina.

Haukur Davíðsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerðarþolar í máli þessu skulu svara spurningu þeirri varðandi eignir þeirra, er fógeti bar upp í réttarhaldi hinn 8. desember 1966.

Málskostnaður fellur niður.

Krafa umboðsmanns gerðarþola um vítur verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 13. janúar 1967.

Nr. 200/1966. **Ákæruvaldið**
(Hallvarður Einvarðsson settur saksóknari)
gegn
Sigurjóni Guðbirni Sigurjónssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Andrés Valdimarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Ákærða er gefið að sök að hafa undir áhrifum áfengis ekið eða reynt að aka bifreiðinni R 10308, eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Gangsetning bifreiðar verður að teljast þáttur í akstri hennar, sbr. 1. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Guðbjörn Sigurjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málflutningslaun verj-

anda sins fyrir Hæstarétti, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 14. apríl 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. marz 1966, er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæru, dagsettri 21. marz 1964, gegn Sigurjóni Guðbirni Sigurjónssyni iðnnema, Álfhólsvegi 6, Kópavogi, fyrir að hafa um kl 0400 aðfaranótt sunnudagsins 12. janúar 1964 undir áhrifum áfengis reynt að aka (sic) bifreiðinni R 10308 með því að taka hana lítið eitt af stað út á götuna fyrir utan hús nr. 19 við Laufásveg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 12. september 1943 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1961	28/12	í Kópavogi:	Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1962	7/2	í Reykjavík:	Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarslys.
1963	12/3	í Kópavogi:	Dómur: 2.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 11. 9. 1962 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
1963	3/10	í Kópavogi:	Sátt, 200 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1964	6/2	í Kópavogi:	Sátt, 300 kr. sekt fyrir umferðarslys.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 12. janúar 1964 voru lögregluþjónarnir Ragnar Bergsveinsson, nr. 36 í borgarlögreglu Reykjavíkur, og Guðmundur Hermannsson varðstjóri á eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni R 2005. Er þeir óku suður Laufásveg, veittu þeir athygli bifreiðinni R 10308, er var að taka af stað út í götuna frá húsi nr. 19 við fyrrnefnda götu, en í sama mund voru lögregluþjónarnir komnir við hlið bifreiðarinnar.

Var þar haft tal af ökumanni, Sigurjóni Sigurjónssyni, Álfhólsvegi 6 í Kópavogi. Frá vitum hans lagði sterkan áfengisþef, enda viðurkenndi hann mikla áfengisneyzlu. Er lögregluþjónarnir komu að bifreið ákærða, var hún með fullum ljósum. Var síðan farið með ákærða fyrir varðstjóra, þar sem tekin var af

honum varðstjóraskýrsla. Þar segir ákærði, að hann hafi ekki verið að aka, en viðurkennir að hafa ræst vél bifreiðarinnar R 10308, er lögreglan kom að. Fyrir varðstjóra viðurkenndi ákærði neyzlu áfengis, þ. e. Genevers, en hversu mikið hann hafi drukkið, gat hann ekki sagt um. Áfengi þetta drakk hann fyrst í Glaumbæ og síðan að Laufásvegi 18.

Þar, sem segir í skýrslu varðstjóra um útlit og önnur einkenni ákærða, kemur fram, að sterkur áfengisþefur var af andardrætti ákærða, augu voru vot og jafnvægi óstöðugt, en að öðru leyti var framkoma og útlit ákærða eðlilegt.

Að lokinni skýrslutöku hjá varðstjóra var farið með ákærða á slysavarðstofuna til blóðtöku, og reyndust reducerandi efni í blóði hans vera 1.03‰.

Fyrir sakadóm Kópavogs kom ákærði hinn 21. janúar 1964. Þar skýrði hann svo frá, að hann hefði ásamt Ingvari Sveinssyni, Suðurgötu 18 í Reykjavík, aðfaranótt 12. janúar 1964 drukkið Genever, fyrst í Glaumbæ, en síðan að Laufásvegi 18, en hversu mikið hann hafi drukkið, kveðst hann ekki vita. Skömmu fyrir kl. 0300 fyrrgreinda nótt yfirgáfu þeir fyrrnefnt hús við Laufásveginn, en voru þá óákveðnir, hvert þeir ættu að fara. Voru þeir þá staddir hjá bifreiðinni R 10308, sem er eign bróður ákærða og hann hafði komið í heiman að frá sér, áður en hann fór í Glaumbæ. Ákærða og fyrrnefndum Ingvari var kalt, og stakk ákærði því upp á því, að þeir settust inn í bifreiðina og ræddu málið. Ræsti ákærði nú bifreiðina með þar fyrir augum að hita hana upp og til þess að hlusta á útvarp. Skömmu eftir að ákærði hafði ræst bifreiðina, komu lögregluþjónarnir að og færðu ákærða á lögreglustöðina. Fyrir sakadómi skýrir ákærði svo frá, að hann hafi verið staðráðinn í því að aka ekki bifreiðinni, því að hann hafi fundið mjög greinilega til áfengisáhrifa. Ákærði kveðst áður hafa skilið bifreiðina R 10308 eftir fyrir utan húsið nr. 18 við Laufásveg, þegar hann hafi farið í Glaumbæ. Þetta hafi hann gert, ef hann hafi bragðað vín á fyrrnefndum veitingastað, en sótt hana síðan daginn eftir, er hann hafði jafnað sig.

Hinn 22. jan. 1964 kom fyrir sakadóm Kópavogs sem vitni Ingvar Sveinsson. Segir vitnið, að ákærði hafi komið heim til þess fyrrgreint kvöld og verið þá ódrukkinn. Þaðan ók ákærði síðan að ljósmyndastofunni „Stúdíó Gests" við Laufásveg og skildi bifreiðina þar eftir. Fóru þeir síðan í Glaumbæ, vitnið og ákærði, um kl. 2200. Þar drakk ákærði talsvert á barnum og var orðinn talsvert drukkinn, er þeir fóru, og svo var einnig um vitnið. Um

kl. 0100 fóru þeir í „Stúdíó Gests“ og dvöldust þar til kl. 0300. Þar drukku þeir Genever úr coca-cola flösku, en það höfðu þeir keypt á barnum í Glaumbæ. Eftir að út af „Stúdíó Gests“ var komið, stóðu þeir fyrst á tröppunum og ræddu um það, hvert halda skyldi. Var þeim kalt og settust því inn í bifreið þá, sem ákærði var með. Segir vitnið, að þar hafi þeir ætlað að sitja og hlusta á útvarp og hafi ákærði ræst bifreiðina, og taldi vitnið ákærða gera þetta til að hita upp bifreiðina og til þess að viðhalda rafmagni fyrir útvarpið. Ekki var vitninu kunnugt um, að ákærði hafi ætlað að aka bifreiðinni, en inn í hana hafi þeir farið til að hlýja sér og ræða um það, hvert þeir ættu að fara. Vitnið segir, að lögreglan hafi komið að innan mínútu, eftir að Sigurjón hafði ræst bifreiðina.

Hinn 28. febrúar 1964 mætti sem vitni í máli þessu Ragnar Bergsveinsson, lögregluþjónn í Reykjavík. Vitnið skýrir svo frá, að sunnudaginn 12. janúar 1964 um kl. 0400 hafi það ásamt Guðmundi Hermannssyni varðstjóra verið í eftirlitsferð í lögreglubifreiðinni R 2005. Voru þeir á suðurleið eftir Laufásvegi, er vitnið veitti athygli bifreið, sem verið var að taka af stað út í götuna frá húsi nr. 19, en þar hafði henni verið lagt, að því er virtist. Hafði vitnið tal af ökumanni bifreiðarinnar og merkti strax, að frá vitum hans lagði sterkan áfengisþef. Staðfesti vitnið síðan nafnritun sína undir lögregluskýrslu og sagði, að þar væri rétt skýrt frá öllu eftir beztu vitund þess. Vitnið sagði, að greinilegt hefði verið, að verið var að taka bifreið þá, sem fyrr er nefnd, af stað, þar sem sjá mátti, að hjól bifreiðarinnar snerust áfram, og hún hreyfðist aðeins áfram. Sagði vitnið, að hjól bifreiðarinnar hefðu snúizt áfram hluta úr hring, en eigi fullan hring. Einnig segir vitnið, að bifreið ákærða hafi verið með fullum ljósum, þar á meðal framljósum. Vitnið kveðst vera alveg visst um það, að verið var að taka bifreið ákærða af stað í þessu tilviki, sem hér um ræðir.

Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Guðmundur Kristján Hermannsson lögregluvarðstjóri. Vitnið kveðst sjálft hafa tekið varðstjóraskýrslu í máli þessu og staðfestir hana rétta í öllum atriðum. Enn fremur segir vitnið, að allt, sem í lögregluskýrslunni standi, sé rétt og geti það borið um hvert einstakt atriði af eigin skynjun, því að það hafi sjálft fylgzt með því, sem gerðist. Um það atriði, að verið hafi að taka bifreiðina af stað út í götuna, segir vitnið, að er þeir óku suður Laufásveginn í lögreglubif-

reiðinni, hafi þeir séð bifreiðina R 10308 við sína vinstri gangstéttarbrún fyrir framan húsið nr. 19 við Laufásveg. Hafi bifreiðin verið með fullum ljósum, í gangi og með fulllagt á stýri til hægri. Er þeir nálguðust bifreiðina, hafi hún tekið kipp áfram og stöðvazt skyndilega. Vitnið kvaðst hafa séð hreyfingu á bifreiðinni áfram, en ekki geta fullyrt, að það hafi séð snúning á hjólum bifreiðarinnar. Kveðst vitnið telja, að hreyfing bifreiðarinnar hafi numið sem svarar ¼ til ½ snúning hjóla. Þegar vitnið skynjaði þetta, kveður það bifreið sína hafa verið á ferð. Vitnið kveður lögreglubifreiðina hafa stöðvazt við hlið bifreiðarinnar R 10308 rétt í þann mund, er hún stöðvaðist. Ekki kveðst vitnið hafa séð hemlaljós, enda hafi það verið á hlið við R 10308, en hins vegar hafi það séð bílinn taka dífu niður að framan, eins og þegar hemlað er. Ekki kveðst vitnið hafa séð, að stýri hafi verið snúið eða að framhjól snerust til hliðar, en það hafi verið fulllagt á stýrið til hægri, er það kom að.

Sama dag kom ákærði fyrir sakadóm, og voru honum þar kynnt framlögð skjöl. Hann kveður það alveg víst, að bifreiðin R 10308 hafi ekki hreyfzt áfram, hann hafi ekki ætlað að aka henni, en hann hafi stigið á hemla, er hann hreyfði skiptistöng úr hlutlausu í parkeringsgír. Ákærði sagði, að bifreiðinni, sem er sjálfskipt, verði að starta í hlutlausum gír, en hins vegar hafi hann sett hana í parkeringsgír til þess að láta hana ganga án þess að aka. Hann kvað bifreiðina nokkuð hratt stillta og því sé aðeins hugsanlegt, að einhver smákippur hefði getað komið aftur á bak, en alls ekki áfram, þegar hreyft var úr hlutlausum gír yfir í afturábak-gír og í parkeringsgír. Ákærði heldur fast við það, að hann hafi ekki ætlað að aka og fullyrðir, að framburðir um hreyfingu áfram séu rangir, en hins vegar þori hann ekki að fullyrða, að einhver kippur aftur á bak gæti hafa orðið, þar sem fara þurfti yfir afturábak-gír til að komast í parkeringsgír. Ákærði kveðst aldrei hafa sett bílinn í áframgír. Ekki kvaðst hann hafa hreyft stýri bifreiðarinnar, frá því að hann lagði henni. Ákærði kvaðst ekki muna, hvort bifreiðin hefði verið með fullum ljósum, en hún hafi að minnsta kosti verið með parkljósum.

Þá kom einnig fyrir sakadóm Guðmundur Hermannsson lögregluvarðstjóri, og voru hann og ákærði samprófaðir um það, sem á milli bar í framburðum þeirra, þ. e., hvort bíllinn hafi hreyfzt áfram, svo sem vitnið segir, og möguleika þess, að hann hafi tekið kipp aftur á bak, svo sem fram kemur í framburði ákærða. Hélt hvor um sig fast við sinn fyrri framburð, og náðist ekki

samræmi að því leyti. Ákærði kvaðst rétt hafa verið að ljúka við að starta bílnum og færa hann úr hlutlausum gír í parkeringsgír, er lögreglan kom að.

Vitnið Guðmundur Hermannsson lögregluvarðstjóri vann síðan eið að framburðum sínum.

Í bréfi til sakadóms Kópavogs, ódagsettu, óskar verjandi ákærða eftir því í fyrsta lagi, að leitað verði álits kunnáttumanna um bifreiðar, hvort ekki geti staðizt frásögn ákærða í sakadómi Kópavogs hinn 28. febrúar 1964 varðandi tæknileg atriði í sambandi við bifreið þá, sem hér um ræðir, sem er Ford-station, árgerð 1955, 8 cyl., sjálfskipt.

Í öðru lagi óskar hann eftir því, að reynt verði að ganga úr skugga um það, meðal annars með athugun á vettvangi, hvort lögreglumenn þeir, er kærðu ákærða í umrætt sinn, hafi getað séð svo lítinn snúning á hjólum bifreiðarinnar R 10308, eins og þeir telji sig hafa séð, einkum með hliðsjón af því, að bifreið þeirra var á ferð og að þetta var um hánótt, 12. janúar 1964.

Með bréfi, dagsettu 16. júní 1964, voru yfirsakadómaranum í Reykjavík send skjöl máls þessa og beðið um, að hlutazt yrði til um framkvæmd athugunar þeirrar á vettvangi, sem óskað var eftir í vörn, og einnig óskað eftir, að verjanda yrði gefinn kostur á að vera viðstaddur athugun.

Síðan voru skjölin hjá sakadómi Reykjavíkur, þar til þau voru endursend með bréfi, dagsettu 3. ágúst 1965, þar sem segir, að skjöl máls þessa séu endursend, þar eð ekki verði séð rök til þess að dómkveðja þar mats- og skoðunarmenn í málinu, sem höfðað sé og rekið fyrir sakadómi Kópavogs.

Fimmtudaginn 9. desember 1965 voru síðan dómkvaddir kunnáttumenn um bifreiðar samkvæmt beiðni verjanda, svo sem fyrr segir, og framkvæmdu þeir síðan athugun hinn 27. janúar 1966.

Í henni segir, að ekki hafi verið hægt að prófa bifreið þá, sem ber númerið 10308, í janúar 1964, þar sem sú bifreið sé óökufær og geymd í skúr í Kópavogi. Til athugunar var fengin bifreiðin R 6315, sem er Ford-fólksbifreið, ágerð 1955, 8 cyl. og sjálfskipt. Síðan segir í álitsgerðinni, að á Ford-bifreiðum, sjálfskiptum, árgerð 1955, sé útbúnaðurinn þannig í sambandi við gangsetningu, að ekki sé hægt að ræsa vélina, nema gírskiptistöng sé í n. stöðu, þ. e. í hlutlausum gír.

Parkeringsgír, sem er fastur gír, sé aðallega notaður, þegar bifreið er lagt, og sé fastur þannig, að þegar bifreiðin er í parkeringsgír, er hvorki hægt að hreyfa hana aftur á bak né áfram.

Þegar skiptistöng er færð úr hlutlausri stöðu yfir í parkeringsstöðu, verður að fara yfir afturábak-gírstöðu. Ef skiptistöngin er færð rólega og vélin gengur hraðar en venjulegan lausagang, kemur hnykkur á bifreiðina, en hún færist ekki úr stað, ef staðið er á hemlum. Ef skiptistöng aftur á móti er færð óhikað og snöggt úr og í áðurnefnda stöðu, hnykkist bifreiðin ekkert til, jafnvel þótt vélin gangi hratt.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, þykir mega telja fyllilega sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um atferli það, sem í ákæru greinir og er þar réttilega fært til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða.

Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurjón Guðbjörn Sigurjónsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. janúar 1967.

Nr. 188/1965. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Jóni Antoníussyni og gagnsök
(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. desember 1965, gagnáfrýjað málinu með stefnu 5. janúar 1966. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 300.021.04 (323.677.00 ÷ 23.655.96) með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1955 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Svo sem þar er greint, var umbúnaði landgangsins áfátt að því leyti, að ekkert reipi eða handrið var frá landganginum yfir borðstokkinn og niður á þilfar skipsins, en hins vegar bar gagnáfrýjanda að haga för sinni úr skipinu með sérstakri aðgæzlu, þar sem honum voru vel kunnar þær aðstæður, sem fyrir hendi voru. Verður slysið aðallega rakið til þess, að gagnáfrýjandi viðhafði ekki þessa gát. Þegar litið er til málavaxta, þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt, sem hæfilega er metið í héraðsdómi, að $\frac{3}{5}$ hlutum sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að $\frac{2}{5}$ hlutum. Frá tjóni gagn-

áfrýjanda, kr. 245.650.00, ber að draga greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 23.655.96.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda ⅔ hluta af kr. 221.994.04, þ. e. kr. 88.797.62, ásamt vöxtum, svo sem krafizt er, að öðru leyti en því, að upphafstími vaxta reiknast frá 26. júní 1957. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 32.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Antoníussyni, kr. 88.797.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og samtals kr. 32.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jón Antoníusson, Sigtúni 31, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. júní 1961, gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hér í borg, vegna Skipadeildar S. Í. S. til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 235.650.00 með 6% ársvöxtum frá 7. jan. 1955 til 22. febr. 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarans. Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær kröfur, að stefnda yrði gert að greiða kr. 323.677.00 með 6% ársvöxtum frá 7. jan. 1955 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, þar með talinn kostnaður við endurútreikning tryggingafræðings, kr. 1.400.00, sbr. 175. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr.

85/1936. Þá er og stenft til réttargæzlu hæstaréttarlögmanni Sveinbirni Jónssyni f. h. Trolle og Rothe h/f f. h. Assuranceforeningen „Skuld", Kaupmannahöfn, vegna tryggingar.

Við munnlegan flutning málsins féllst lögmaður stefnda á, að hækkun stefnukröfu væri komið að nú án framhaldsstefnu, en hækkun þessi stafar af nýjum útreikningi á örorkutjóni stefnanda og nemur kr. 88.027.00.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Til vara mótmælir stefndi stefnukröfunum sem órökstuddum og of háum og krefst lækkunar á þeim.

Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo í stefnu, að um kl. 0330 föstudaginn 7. jan. 1955 hafi hann fallið efst úr landgangi m/s Helgafells, sem lá við Grófarbryggju, og niður á bryggjuna með þeim afleiðingum, að hann sé metinn hafa 15% örorku vegna slyssins. Kveðst stefnandi telja orsakir slyssins hafa verið þær, að landgangurinn hafi verið mjög brattur og hafi hann verið uppi á lunningunni fyrir framan brúna í stað þess, að hann hafi átt að vera í landgangsportinu. Landgangurinn hafi verið óupplýstur og ekkert ljós nær honum en vinnuljós uppi í möstrum. Einnig hafi landgangurinn verið mjög sleipur, þar sem um daginn hefðu verið affermd kol og tjörustaurar, en landgangurinn ekki þveginn að því loknu. Þá hafi einnig verið snjóbloti á. Vegna brattans á landganginum kveðst stefnandi hafa þurft að beygja sig til þess að ná efst í landgangsböndin, en hann hafi verið á leið frá borði og kominn efst í landganginn. Í þeim svifum kveðst stefnandi hafa runnið til og kastazt yfir böndin, en náð þó taki á þeim og muni það hafa bjargað því, að hann féll ekki milli skips og bryggju.

Í aðiljaskýrslu, dómsskj. nr. 18, skýrir stefnandi nánar frá atvikum á þessa leið:

„Að kvöldi hins 6. janúar 1955 var ég undirritaður á dansleik í Sjálfstæðishúsinu ásamt fleira fólki, m. a. Elísabetu Erlendsdóttur, Guðmundi Jóhannssyni og Hrafnkatli Guðjónssyni. Vín var haft um hönd, en í hófi, enda ýmist um algert bindindisfólk eða hófsmenn um vín að ræða.

Að loknum dansleiknum um kl. 2 náðum við í föt okkar og gengum síðan dálítið um í miðbænum. Þar kvaddi einn af hópnum, Hrafnkell Guðjónsson. Um kl. 3 fórum við Guðmundur og

Elísabet niður að skipi (m/s Helgafelli), en ég ætlaði að sækja lykil að íbúð minni að Sigtúni 27, er ég hafði gleymt í vinnufötum mínum. Komu þau með mér um borð.

Landgangur skipsins var þá reistur upp á borðstokk skipsins við II. lest, og var halli hans á að gizka 60°—70°.

Þannig var frá landgangsböndum gengið, að í efri hluta hans lágu þau í horn hans, og var ekkert til þess að halda sér í frá efri hluta landgangsins og niður tröppu, sem hafði verið lögð frá þilfari og upp á borðstokk. Var þó útbúnaður fyrir bönd á tröppunni, en hann var ekki notaður. Þar sem svona háttaði til, fór ég síðastur upp landganginn, af því að ég treysti sjálfum mér bezt.

Þegar við komum aftur fyrir yfirbyggingu skipsins, hitti ég vaktmanninn, Jón Jónsson, að máli og ræddi við hann um stund og þ. á. m. um landganginn, sem við töldum báðir óforsvaranlegan.

Að svo loknu fórum við í íbúð mína og drukkum við Guðmundur þar sinn bjórinn hvor, en þarna stoppuðum við í um ½ klst.

Þegar frá borði var farið, veifaði ég til vaktmannsins, sem hefur sagt við mig, er ég spurði hann, að hann hafi ekki séð vín á mér umrætt sinn.

Elísabet fór fyrst niður landganginn og síðan ég.

Ég sté efst í landganginn, landmegin við borðstokk. Sökum ófullnægjandi útbúnaðar á framlengingu á landgangsböndum, og ég þurfti þess vegna að beygja mig mikið áfram, náði ég ekki strax handfestu á böndunum, en rann á þverbita, sem var sleipur af kolasalla og tjöru og gaf því lélega viðspyrnu, og hentist ég út af landganginum.

Mér heppnaðist að sveifla mér inn á við á bryggjuna, en annars hefði ég lent á bryggjubrúninni og fallið rotaður í sjóinn. Er þetta skeði, var Jón vaktmaður ekki nálægur, en kom að, eftir að ég hafði dottið niður á bryggjuna. Hann var því hvorki sjónarvottur né veitti neina hjálp við landgönguna.

Er ég rankaði að einhverju leyti úr rotinu, var Guðmundur farinn upp á lögreglustöð, en Jón vakti III. stýrimann, Óskar Gunnarsson, sem fór með mér ásamt Elísabetu og lögregluþjónunum upp á slysavarðstofu og þaðan á Landspítalann. Sökum þess rotaða ástands, sem ég var í, man ég óljóst um ferðina frá slysavarðstofunni á spítalann, og vissi ég síðan ekki af mér fyrr en um hádegi daginn eftir og komst þá að því, að ég var slasaður.

Útbúnaði á landgangi var áfátt um það, sem áður segir um

böndin, landgangsljós vantaði algerlega, en einungis voru siglu-ljós. Landgangurinn var ekki hafður í landgangshliði, sem sér-staklega er til þess ætlað, og hann var mjög sleipur af kolasalla og tjöru.

Ég er vanur sjómaður og tel slysið einungis hafa orðið vegna hins ófullnægjandi útbúnaðar skipsins, að því er varðar landgöngu úr því.

Um afleiðingu slyssins er það að segja, að ég varð að hætta námi í Stýrimannaskólanum, að læknisráði, vegna mjög mikils höfuðverkjar, er ég hafði vegna höfuðmeiðslanna, en á næsta ári höfðu aðstæður mínar breytzt þannig, að ég gat ekki byrjað á nýjan leik, en þá hafði ég orðið fyrir fjölskyldu að sjá."

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar, sem hér segir:

1.	Tímabundin og varanleg örorka	kr. 185.000.00
2.	Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
3.	Útreikningur á tjóni	— 650.00
		Samtals kr. 235.650.00

Eins og áður greinir og nánar verður vikið að síðar, hefur stefnandi við munnlegan flutning málsins komið að hækkun á 1. lið bótakröfu sinnar, sem nemur kr. 88.027.00 og grundvallast á nýjum útreikningi tryggingafræðings vegna hækkana á tekju-grundvelli.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að útbúnaður sá, sem var á landganginum, staðsetning hans og það, að hann var óupplýstur og sleipur af kolum og tjöru, hafi valdið því, að hann féll 4½ metra niður á bryggjuna og slasaðist þannig, að hann m. a. hlaut brot á úlnliðsbeinum vinstra úlnliðs. Kveðst stefnandi telja eigendur skipsins skaðabótaskylda um allt það tjón, er hann hafi orðið fyrir, og hann sundurliðar samkvæmt því, er að framan greinir.

Þá tekur stefnandi fram, að þegar landgangur er hafður uppi á lunningunni, þá sé það skylda erlendis, að settur sé stafur upp á hana, til þess að hægt sé að festa bönd á frá landgangi og ekkert bil myndist frá lunningu og niður að fyrsta járnstafnum á land-ganginum. Enn fremur kveður stefnandi það vera venju erlendis að strengja net milli landgangsins ofarlega og skipssíðunnar til þess að hindra það, að menn geti fallið milli skips og bryggju. Virðist þetta vera sjálfsögð varúðarráðstöfun, sem ekki hafi verið gætt hér.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að slys það, sem hér um ræðir, hafi ekki á nokkurn hátt verið hans sök. Landgangur skipsins og önnur tæki hafi verið í fyllsta lagi og að öllu leyti þannig fyrir komið, að á betra hafi ekki verið kosið. Í málinu hafi ekkert komið upp, sem bendi til nokkurs missmíðis í þessu efni. Landgangurinn hafi sjálfur verið heill og eins og slík tæki eiga að vera. Staður hans á skipinu hafi einnig verið réttur eftir atvikum. Hátt hafi verið í sjó og því eðlilegt, að landgangurinn væri brattur. Að landgangurinn hafi verið látinn nema við „lunninguna", hafi eftir atvikum verið eðlilegt, þar sem hæð sjávar muni hafa verið þannig, að eigi hafi verið unnt að koma landganginum fyrir í landgangshliði, þannig að vel færi. Allar aðstæður hafi verið eins og venja sé í slíkum föllum.

Þá kveður stefndi stefnanda hafa verið vanan sjómann og hafi hann þekkt tæki skipsins vel svo og allar aðstæður. Á hinn bóginn hafi hann verið undir áhrifum áfengis og hljóti það, a. m. k. meðal annars, að hafa orðið orsök slyssins.

Sjópróf eða sakadómsrannsókn hefur ekki farið fram út af umræddu slysi. Hins vegar hefur stefnandi og vitni komið fyrir dóm, er vitnaleiðsla fór fram í málinu.

Skal nú rakið það helzta, sem vitni hafa um málið að segja.

Vitnið Guðmundur Jóhannsson, sem kveðst hafa verið í fylgd með stefnanda, er hann slasaðist, skýrir svo frá, að hann hafi verið kominn niður á bryggjuna, þegar hann sá stefnanda koma fljúgandi út af landganginum og falla niður á bryggjuna. Ekki kveðst vitnið hafa séð til, hvernig stefnandi hafi farið að, þegar hann var að fara í land, og geti því ekki sagt um aðferðir hans í einstökum atriðum. Það, sem hann segi í vottorði á dskj. nr. 11, sé ályktun sín. Vitnið kveðst hafa notið aðstoðar stefnanda við að ná í böndin á landganginum, er vitnið fór í land, en sjálfur hafi stefnandi farið síðastur í landganginn frá borði.

Vitnið segist hafa verið að skemmta sér í Sjálfstæðishúsinu umrætt kvöld ásamt stefnanda og konu hans, Elísabetu Erlendsdóttur, og neytt áfengis, en ekki hafi það verið mikið. Í skipinu hafi þeir drukkið 1—2 flöskur af bjór hvor. Vitnið staðfestir vottorð sitt á dskj. nr. 11 með þeim viðbótum og leiðréttingum, sem að framan greinir. Kveðst vitnið sjálft hafa skrifað vottorðið og samið það, en stefnandi málsins hafi verið viðstaddur, þegar það var gert. Ekki kveðst vitnið muna, hvernig lýsingu hafi verið háttað þar, sem landgangurinn var.

Vitnið Elísabet Erlendsdóttir, eiginkona stefnanda, skýrir svo

frá, að hún hafi farið fyrst í land umrætt sinn og hafi stefnandi aðstoðað hana við að ná í landgangsböndin, þar sem ekkert hafi verið til að halda sér í efst í landganginum eða í tröppum þeim, sem lágu frá þilfari skipsins og upp á borðstokkinn. Kveðst vitnið hafa verið komið niður á bryggjuna, þegar það sá Jón falla út af landganginum og niður á bryggjuna. Ekki kveðst vitnið hafa séð til, hvernig stefnandi hafi farið að, þegar hann var að komast í landganginn, og geti því ekki sagt, hverjum aðferðum hann hafi beitt við það í einstökum atriðum. Vitnið kveður Guðmund Jóhannsson hafa verið um það bil í miðjum landganginum, þegar stefnandi féll. Kveður vitnið þau þrjú hafa verið að skemmta sér í Sjálfstæðishúsinu umrætt kvöld og hafi þeir stefnandi og Guðmundur neytt áfengis, en það hafi verið lítið. Úr Sjálfstæðishúsinu kveður vitnið stefnanda hafa farið klukkan 0100 eða 0200, en man það ekki glögglega. Kveður vitnið þá stefnanda og Guðmund hafa neytt einhvers bjórs í skipinu, en man ekki að greina það nánar. Sjálft kveðst vitnið einskis áfengis hafa neytt þetta kvöld, enda aldrei neyta áfengis. Þá kveður vitnið eiginmann sinn vera mjög hófsaman á vín. Vitnið segir, að ekki hafi verið ljós á landganginum sjálfum og minnist þess ekki, að sérstakt ljós væri við landganginn á bryggjunni. Vitnið kveðst ekki muna, hvernig lýsingu hafi verið háttað á bryggjunni eða í skipinu. Vitnið kveður mikil óhreinindi hafa verið á landganginum og minnir það, að slydda hafi verið. Þá kveðst vitnið muna mjög vel, að landgangurinn hafi verið mjög brattur. Hafi landgangurinn verið háll og mikla gætni hafi þurft að viðhafa til að fara niður hann. Vitnið tekur fram, að bönd hafi verið báðum megin á landganginum sem handrið.

Vitnið kveðst hafa skrifað vottorðið á dskj. nr. 12 og samið það í samráði við eiginmann sinn. Segir vitnið, að rétt sé frá greint í vottorðinu með þeim leiðréttingum og viðaukum, sem að framan eru raktar. Þá tekur vitnið og fram, að það hafi séð sæmilega fyrir fætur sér, þegar það fór eftir landganginum, bæði upp hann og niður.

Vitnið Óskar Gunnarsson kveðst ekki hafa séð, hvernig slysið bar að, enda verið í koju um þær mundir, er slysið varð, en vitnið kveðst hafa verið vakthafandi stýrimaður nóttina, sem slysið varð. Vitnið kveður landganginn hafa verið mjög brattan, en landgangurinn sé eign Skipadeildar S. Í. S. og fylgi skipinu. Vitnið kveður járnhandrið vera vinstra megin á tröppunum, sem liggja frá þilfari upp á borðstokkinn, þegar farið sé frá borði.

Sé efra bandið á handriði landgangsins framlengt í járnhandriðið á tröppunum og myndi þannig handrið yfir borðstokkinn. Hinum megin sé ekki handrið á tröppunum og þar sé efra bandið á handriði landgangsins fest við borðstokkinn, þannig að ekkert handrið verði þeim megin. Kveður vitnið það, sem það nú hefur greint frá, vera hinn venjulega útbúnað, þegar landgangur er hafður á lunningu. Ekki kveðst vitnið þora að fullyrða um það, hvort umbúnaður hafi verið með þessum hætti, þegar slysið varð. Vitnið kveðst halda, að það geti fullyrt, að handrið hafi verið á tröppunum, sem lágu frá þilfari og upp á borðstokkinn, en ekki telur vitnið sig geta fullyrt neitt um það, hvort efra bandið á handriði landgangsins hafi verið tengt við handriðið á tröppunum.

Vitnið telur líklegt, að landgangurinn hafi verið háll, þar sem á þilfari höfðu verið fluttir karbolineraðir staurar. Hafi karbolinið borizt á þilfarið og þaðan á landganginn. Einnig hafi það borizt af bryggjunni á landganginn, en hún hafi verið ötuð í karbolini, þar sem staurarnir höfðu verið lagðir á hana. Vitnið telur sennilegt, að kol hafi verið með í farmi skipsins, en man það þó ekki glögglega. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við hálku í landganginum þessa umræddu nótt, þegar slysið varð, en tekur fram, að það hafi fyrst og fremst verið með hugann við slysið.

Um lýsinguna við landganginn tekur vitnið fram, að ekki hafi verið nein sérstök ljós við hann sjálfan. Í grenndinni hafi verið um eftirfarandi lýsingu að ræða: gangljós í skipinu, vinnuljós í báðum möstrum og götuljós á bryggju, sem séu mjög lág og lýsi því ekki mikið upp. Vitnið tekur fram, að landgangurinn hafi ekki verið á venjulegum stað í umrætt skipti, þ. e. a. s. ekki í landgangshliði, en algengt sé, að landgangurinn sé hafður annars staðar en í landgangshliði. Vitnið tekur fram, að ástæðan fyrir því, að landgangurinn var ekki á venjulegum stað í þetta skipti, hafi verið sú, að stórstreymt hafi verið þennan dag og landgangshliðið lent lægra en bryggjan við fjöru, og það hefði getað valdið slysi.

Vitnið Einar Bjarni Þórarinsson skýrir svo frá, að það minni, að það hafi verið bátsmaður á m/s Helgafelli, þegar umrætt slys vildi til, og stefnandi hafi verið skipsfélagi vitnisins. Kveðst vitnið ekki hafa séð slysið, enda ekki verið um borð, þegar það vildi til. Vitnið minnir, að landgangur hafi ekki verið í landgangsporti, heldur uppi á borðstokk, þegar slysið varð. Ekki man vitnið að greina, hver ástæðan hafi verið til þess, að landgangi

var þannig fyrir komið. Kveður vitnið það fara eftir atvikum, hvar landgangur sé hafður, oft hagi þannig til við losun og lestun skips, að flytja verði landgang. Sé það þá gert að beiðni verkstjóra þess, sem stjórnar losun eða lestun, en stýrimenn sjái um að færa landganginn til.

Vitnið kveður ekki hafa verið handfang eða handrið á lunningartröppum þeim, sem í notkun voru, þegar slysið vildi til. Þetta hafi verið með fyrstu ferðum skipsins og þá hafi skort ýmislegt smávegis. Eftir að slysið hafði orðið, hafi nýjar lunningartröppur verið fengnar og á þær hafi verið sett handrið. Þessar nýju tröppur hafi verið fengnar, stuttu eftir að slysið varð. Hins vegar hafi handriðalausu tröppurnar verið í skipinu, frá því að það kom til Íslands og þangað til nýjar tröppur voru fengnar, eins og áður segir. Vitnið kveðst hafa verið skipverji á skipinu, frá því að það kom til Íslands, til ársins 1957. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi verið á skipinu, frá því að það kom til Íslands, allt til þess, að hann slasaðist.

Vitnið segir, að borðstokkssstengur (seftarar) hafi ekki verið þar, sem landgangurinn og lunningartröppurnar voru, þegar slysið vildi til. Segir vitnið, að því sé um það kunnugt, að nýlega sé farið að gera göt í borðstokka skipa fyrir slíkar stengur. Vitnið kveður jafnan ljós vera við landganginn og kveðst telja víst, að svo hafi verið í það skipti, sem slysið varð.

Við aðiljayfirheyrslu kveðst stefnandi ekki minnast þess, að handrið hafi verið á tröppunum, sem lágu frá þilfari og upp á borðstokkinn, og víst sé, að ekkert handrið hafi verið, þegar slysið varð.

Um ástæðuna fyrir því, að landgangurinn var ekki á venjulegum stað, það er í landgangshliði, segir stefnandi, að stórstreymt hafi verið þennan dag og landgangshliðið því lent lægra en bryggjan við fjöru. Um lýsinguna segir stefnandi við aðiljayfirheyrslu, að þar hafi einungis verið um vinnuljós í möstrum og bryggjuljós að ræða, sem þó hafi ekki lýst upp landganginn, enda séu þau lág, en skipið hafi staðið hátt. Gangaljós hafi ekki lýst fram á þilfarið. Sérstök landgangsljós hafi engin verið. Stefnandi tekur fram, að hann hafi verið í tvo til þrjá mánuði á skipinu, þegar slysið varð, en sjómennsku hafi hann stundað frá barnæsku.

Stefnandi kveður uppdrátt á dskj. nr. 21, sem hann kveðst sjálfur hafa gert, eiga að sýna, hvernig útbúnaðurinn á landganginum við þetta umrædda skip var, og punktalínuna, hvernig hann hefði átt að vera. Hann kveðst ekki vilja fullyrða, að öll hlutföll

séu nákvæm, svo sem t. d. hallinn á landganginum. Stefnandi kveðst iðulega hafa gengið umræddan landgang, en aldrei undir þeim kringumstæðum, sem voru, þegar slysið varð. Kveðst hann aldrei hafa verið á þessu skipi við þær aðstæður, sem hér voru, og geti því ekki sagt neitt um venjur um það, hvernig landgangi hafi verið komið fyrir við þær. Tekur stefnandi fram, að hann hafi ekki séð slíkan frágang fyrr á landgangi við slíkar aðstæður. Hann viðurkennir að hafa fundið til áfengisáhrifa, en telur, að það hafi ekki riðið baggamuninn í þessu sambandi, enda kveðst hann vera mjög hófsamur á áfengi.

Stefnandi kveður sjópróf ekki hafa farið fram út af slysi þessu.

Stefnandi tekur fram um afleiðingar slyssins, að hann hafi orðið að hætta skólanámi þess vegna og hafi því valdið höfuðverkur, en hann hafi stafað af bólgum í ennisholum, en vegna slyssins hafi nefgöng lokazt. Þetta hafi nú verið lagfært, en út af því kveðst hann hafa legið í sjúkrahúsi í viku til tíu daga. Stefnandi kveður úlnlið á vinstri hendi hafa brotnað í fallinu og hafi liðið um það bil níu til tíu mánuðir, unz hann var kominn í það lag, sem hann nú sé í, en á honum sé metin 15% örorka.

Þá tekur stefnandi fram, að bein hafi brotnað fyrir neðan vinstra auga, en kveður ekki hafa stafað nein óþægindi af því, eftir að önnur meiðsli voru bötnuð.

Á árinu 1956 kveðst stefnandi hafa farið að kenna magakvilla og hafi svo staðið öðru hverju fram á þennan dag. Kveður stefnandi lækni sinn hafa talið, að kvillanum hafi m. a. valdið truflun í ósjálfráða taugakerfinu, sem af því hafi stafað, að stefnandi hafi byrjað of snemma að vinna eftir slysið. Hafi læknirinn tiltekið hálft ár í því sambandi.

Hefur nú verið rakið það helzta úr vitna- og aðiljayfirheyrslum. En samkvæmt þeim og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir nægilega leitt í ljós, að umbúnaður á landgangi, er umrætt slys átti sér stað, hafi á engan hátt fullnægt þeim kröfum, sem gera verði til þess, að fyllsta öryggis væri gætt, þar sem upplýst er, að landgangurinn var mjög brattur og háll og engin handrið á lunningartröppum né heldur yfir borðstokk skipsins, auk þess sem landgangurinn var illa lýstur.

Með tilliti til þessa líta dómendur svo á, að stefndi sé fébótaskyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, er hlauzt af umræddu slysi, enda hefur stefndi látið undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn út af því.

Hins vegar líta dómendur svo á, að með tilliti til þess, að stefn-

andi var skipverji á áðurgreindu skipi og búinn að vera það um nokkurt skeið, þegar slysið vildi til, og því átt að vera kunnugur aðstæðum, hafi hann eftir atvikum ekki sýnt nægilega varkárni í umrætt sinn og eigi hann því að bera nokkurn hluta sakar sjálfur. Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri sjálfur ¼ hluta hennar.

Snorri Hallgrímsson læknir hefur lýst meiðslum stefnanda og læknismeðferð í vottorði á dskj. nr. 5, sem hér segir:

„Reykjavík, 26. 5. 1961.

Jón Antoníusson, f. 7. 7. 1930, til heimilis að Fáskrúðsfirði, vistaðist á IV. deild Landspítalans frá 7. 1.—5. 2. 1955 vegna slyss, er hann hafði orðið fyrir.

Slysið skeði að sögn með þeim hætti, að hann datt af þilfari m/s Helgafells og niður á bryggju. Talið var, að hann hefði komið niður á höfuð og vinstri hlið. Hann mun hafa verið fluttur beint af slysstaðnum á IV. deild Landspítalans.

Við komuna var hann með fullri meðvitund. Á vinstri augabrún var 2ja—3ja cm marsár svo og rispur á höku og kinn. Þá var blæðing kringum vinstra auga. Einnig hafði blætt úr hægri hlust. Þá reyndist vera brot á úlnliðsbeinum (os navicularae og os triqetrum), og os lunatum var farið úr liði. Daginn eftir komuna var gert að liðhlaupinu með skurðaðgerð, og einnig var þá fjarlægt brot úr os triqetrum. Að aðgerð lokinni voru lagðar gipsumbúðir á hönd og framhandlegg.

Hann útskrifaðist af deildinni 5. 2. 1955, en var látinn vera með gipsumbúðir í um það bil tvo mánuði eftir það.

Snorri Hallgrímsson".

Þá hefur og Eyþór Gunnarsson læknir, sem um skeið hafði stefnanda til læknismeðferðar, lýst meiðslum hans og læknisaðgerð í vottorði á dskj. nr. 20 á þessa leið:

„Reykjavík 2/3 1963.

Jón Antoníusson, f. 7/7 '30, heima Sigtúni 31, slasaðist 6/1 '55. Meðal annarra áverka brákaðist nefið þannig, að vinstri nösin stíflaðist (fractio septi nasu), og olli það miklum höfuðverk. Hann kom til mín í nóv. '55, og gerði ég þá operation á miðnesinu (Resectio septi nasi) til þess að lagfæra þetta brot. Eftir þá aðgerð lagaðist höfuðverkurinn smátt og smátt, en hann varð að hætta námi vegna þessara veikinda.

Eyþór Gunnarsson, læknir".

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda (varan-

lega örorku) vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatið verið lagt fram sem dskj. nr. 9 í málinu og hljóðar svo:

„Það vottast hér með samkvæmt beiðni, að Jón Antoníusson, sjómaður, f. 7. 7. 1930, er slasaðist 6. jan. 1955, mætti til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 4. maí 1957. Ég mat þá varanlega örorku hans af völdum ofannefnds slyss 15%.

Bergþór Smári, læknir".

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar.

Um 1. lið, tímabundna og varanlega örorku.

Stefnandi var 24 ára að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hafði beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar um bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er m. a. grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er greinargerð tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Guðjón Hansen, cand. act., Hvassaleiti 12, Reykjavík.

Örorkutjón Jóns Antoníussonar.

Jón Antoníusson, sjómaður, Reykjavík (áður til heimilis á Fáskrúðsfirði), varð fyrir slysi 6. jan. 1955 (svo skv. læknisvottorði Páls Gíslasonar, en samkv. dagbókarútdrætti m/s Helgafells er slysið sagt hafa orðið 7. jan. 1955). Í bréfi, dags. 21. jan. 1958, til Agnars Gústafssonar, hdl., segir Bergþór Smári, læknir, varanlega örorku af völdum slyssins hafa verið metna 15%.

Jón er sagður fæddur 7. júlí 1930 og hefur samkvæmt því verið 24 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Var hann þá háseti á m/s Helgafelli. Um tekjur hans fyrir slysið hef ég ekki upplýsingar, en samkv. staðfestum afritum skattframtala fyrir starfsárin 1957—1959 og óstaðfestu afriti fyrir starfsárið 1956 hafa vinnutekjur hans verið sem hér segir:

Árið 1956 .... kr. 55.000.00 (áætl.)
— 1957 .... — 65.199.00 (þar af áætl. kr. 5.000.00)
— 1958 .... — 74.411.64
— 1959 .... — 86.025.81.

Samkvæmt upplýsingum yðar er Jón nú háseti á farskipi, og tvö síðastnefndu árin hefur meginhluti tekna hans komið frá Skipadeild S. Í. S. og Eimskipafélagi Íslands h/f, auk þess sem hann virðist hafa verið um tveggja mánaða skeið á fiskibáti.

Ég hef leitazt við að umreikna vinnutekjur þriggja síðasttöldu starfsáranna til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kjarasamn-

ingum farmanna. Slíkt er þó erfiðleikum bundið, þar eð fastakaup og yfirvinnugreiðslur hafa ekki breytzt með sama hætti. Í sambandi við kjarabreytingar skal þess getið, að farmenn kröfðust þess að fá bætta kjararýrnun þá, sem þeir töldu afnám gjaldeyrisfríðinda í febrúar 1960 hafa í för með sér. Var málinu vísað til gerðardóms, sem samkvæmt upplýsingum, er ég hef fengið hjá Eimskipafélagi Íslands h/f, komst að þeirri niðurstöðu, að hlunnindi hefðu alls numið 19% af kaupgreiðslum og þar af hefðu gjaldeyrisfríðindi numið 11½%. Frá 20. febrúar 1960 hafa farmenn fengið greidda uppbót í samræmi við þessa niðurstöðu. Þessa uppbót hef ég talið til tekna, en hef að öðru leyti ekki tekið tillit til hlunninda, sbr. þó það, sem síðar segir um lífeyrisréttindi.

Á framangreindum grundvelli reiknast mér umreiknaðar vinnutekjur starfsáranna 1957—1959 nema kr. 59.069.00 árið 1955, en síðan fara þær hækkandi og nema árið 1958 kr. 75.321.00. Árið 1959 nema þær kr. 73.575.00 og kr. 80.995.00 frá 20. febr. 1960 að telja. Er þá ekki talin með áætlunartalan 1957, kr. 5.000.00, en hún mundi hækka meðaltekjurnar og þar með eftirfarandi niðurstöðu um 2.3%.

Miðað við 15% tap hinna umreiknuðu vinnutekna frá slysdegi og til frambúðar, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Vegna fyrsta ársins eftir slysið	kr. 8.591.00
Vegna tímans eftir það	— 160.773.00
Samtals	kr. 168.364.00

Hér hefur ekki verið reiknað með lífeyrisréttindum þeim, sem farmenn tryggðu sér frá 1. jan. 1959 að telja. Hjá lífeyrissjóði S. Í. S. veitist ellilífeyrir frá 67 ára aldri. Sé því framlagi vinnuveitanda, 6% af launum, bætt við vinnutekjurnar, en hins vegar gert ráð fyrir, að störfum sé hætt eigi síðar en við 67 ára aldur, hækkar verðmæti tapaðra vinnutekna um kr. 4.924.00. Er þá miðað við, að iðgjald greiðist af öllum tekjunum og iðgjaldagreiðslu sé hætt eftir 30 ár, en hvorugt mun almennt eiga sér stað.

Eins og að framan getur, hefur ekki farið fram mat á tímabundinni örorku af völdum slyssins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins hef ég fengið þær upplýsingar, að dagpeningar slysatryggginga hafi verið greiddir til 4. júní 1955, og virðist því hér vera um nokkurn tíma að ræða. Af þeim sökum hef ég í ofangreindri niðurstöðu tilgreint sérstaklega þann hluta tjónsins, sem á rót

sína að rekja til fyrsta ársins eftir slysið (miðað við 15% orkutap).

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950".

Vegna kjarabreytinga fékk stefnandi tryggingafræðinginn síðar til að reikna út hækkun örorkutjóns, og hljóðar sá útreikningur svo:

„Örorkutjón Jóns Antoníussonar.

Hinn 4. febrúar 1961 sendi ég yður, herra hæstaréttarlögmaður, útreikning vegna slyss, er Jón Antoníusson, sjómaður, Reykjavík, varð fyrir 6. (eða 7.) jan. 1955. Þér hafið nú óskað eftir endurskoðun á útreikningi þessum með hliðsjón af þeim kauplagsbreytingum, sem átt hafa sér stað, síðan hann var gerður.

Miðað við þær kjarabreytingar, sem orðið hafa eftir 4. febrúar 1961 hjá hásetum á verzlunarskipum (aldurshækkanir, sem komu til sögunnar með samningum 15/9 1963, eru reiknaðar að fullu, þ. e. miðað við a. m. k. 6 ár í starfi), reiknast mér árstekjur þær, kr. 80.995.00, sem reiknað er með í fyrri útreikningi frá 20. febrúar 1960 að telja, verða sem hér segir:

Frá 1. ágúst 1961 til 31. maí 1962	.. ..	kr. 92.817.00
— 1. júní 1962 til 31. jan. 1963	.. .. ..	— 101.170.00
— 1. febr. 1963 til 14. sept. 1963	.. .. ..	— 106.221.00
— 15. sept. 1963 til 29. febr. 1964	.. ..	— 130.747.00
— 1. marz 1964 til 31. des. 1964	.. .. ..	— 145.695.00
— 1. jan. 1965 til 28. febr. 1965	.. .. ..	— 150.272.00
— 1. marz 1965	.. ..	— 154.855.00

Við fyrri útreikning var farið eftir 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950. Síðar á árinu 1961 var almennt farið að miða útreikninga við 7% ársvexti, en með hliðsjón af þeim vaxtabreytingum, sem áttu sér stað um síðastliðin áramót, hef ég ekki talið ástæðu til að breyta fyrri útreikningi að þessu leyti og reikna því með 6% vöxtum. Hins vegar eru nú til íslenzkar eftirlifendatöflur fyrir tímabilið 1951—1960, og hef ég áætlað áhrif þeirra á niðurstöðu útreikningsins.

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á tekjugrundvellinum, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Án lífeyrisréttinda, reiknað með 6% töflum 1941—1950:

Vegna fyrsta ársins eftir slysið .. .. kr. 8.591.00
Vegna tímans eftir það .. .. — 250.680.00

Samtals kr. 259.271.00
Viðbót vegna lífeyrisréttinda .. .. — 7.487.00

kr. 266.758.00
Áætluð hækkun vegna aukinna lífslíkna (2.35%) — 6.269.00

Alls kr. 273.027.00

Svo sem getið er um í fyrri útreikningi, mundi fjárhæð sú, kr. 5.000.00, sem skattayfirvöld hafa áætlað Jóni árið 1957 og ekki hefur verið talin með í tekjugrundvellinum hér, hækka niðurstöðutölur um 2.3%.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings.

Virðingarfyllst,
Guðjón Hansen".

Í varakröfu í málinu hefur stefndi mótmælt þessum lið stefnukröfunnar sem of háum.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 215.000.00.

Um 2. lið, þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur í varakröfu mótmælt þessum lið sem of háum. Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í vottorðum læknanna Snorra Hallgrímssonar og Eyþórs Gunnarsson hér að framan. Þegar hún er virt og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að taka þennan lið til greina með kr. 30.000.00.

Um 3. lið, útreikning á tjóni.

Þessum lið hefur ekki verið mótmælt, að því er upphæð hans varðar, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það, er hér skiptir máli, nema alls kr. 245.650.00 (kr. 215.000.00 + 30.000.00 + 650.00).

Frá þessari upphæð ber að draga ¼ hluta, þ. e. hlut stefnanda í sökinni, eða kr. 61.412.50, svo og þær kr. 23.655.96, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, eða samtals kr. 85.068.46. Ber því stefnda að greiða stefnanda

alls kr. 160.581.54 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00, þar í innifalinn kostnaður vegna endurútreiknings örorkutjóns, kr. 1.400.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Óla Barðdal seglasaumameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga vegna Skipadeildar S. Í. S., greiði stefnanda, Jóni Antoníussyni, kr. 160.581.54 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1967.

Nr. 247/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Una Þóri Péturssyni
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skírlífisbrot. Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Eins og þar greinir, varðar atferli ákærða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans, sbr. 78. gr.

sömu laga, hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár. Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 22. júní 1963 til 24. s. m., en eigi eru efni til frádráttar þess gæzluvarðhaldstíma frá refsingu ákærða, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Bótakröfu X, sem nú er fjárráða orðin, kr. 50.000.00, er í hóf stillt. Ber því að taka kröfuna til greina að fullu, en án vaxta, þar sem þeirra hefur ekki verið krafizt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals kr. 19.000.00, laun verjanda síns í héraði, kr. 7.000.00, og laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, sæti fangelsi 2 ár.

Ákærði greiði X kr. 50.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, samtals kr. 19.000.00, málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, Halldórs Þ. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Skagafjarðarsýslu 21. desember 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 21. desember, var í sakadómi Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki af Jóh. Salberg Guðmundssyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 36/1963: Ákæruvaldið gegn Una Þóri Péturssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. september s. l., er höfðað hér fyrir dómi með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 2. nóvember f. á., gegn ákærða, Una Þóri Péturssyni sjómanni, til heimilis að Hofsósi, fyrir nauðgun skv. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa síðla kvölds föstudaginn 21. júní 1963 þröngvað stúlkunni X til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi við Urriðalæk eftir að hafa ekið henni þangað

nauðugri frá Hofsósi. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hofsósi 19. marz 1942, og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að vitað sé:

1960 25/7 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 króna sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 257. gr. hegningarlaga.

1960 23/10 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 króna sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 9. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar nr. 71/1937.

1962 9/11 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 300 króna sekt fyrir brot á 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu.

1963 24/6 í Skagafjarðarsýslu: Sátt, 500 króna sekt fyrir brot á 2. mgr. 41. gr. og m lið 2. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 15. gr., sbr. 17. gr. laga um dýravernd nr. 21/1957.

1964 17/10 í Skagafjarðarsýslu: Dómur: 20 daga fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 106. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og 1. og 4. gr., sbr. 102. gr. lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 71/1937. Greiði skaðabætur kr. 12.020.00.

Málavextir eru þeir, er hér á eftir greinir:

Þann 22. júní 1963 barst dómaranum kæra, er kærandi, X, hafði gert til hreppstjóra Hofsóshrepps og hann hafði samið skýrslu um, á hendur ákærða út af sakarefni því, er hér um ræðir. Í skýrslu þessari segir, að X hafi laust fyrir kl. 2200 þann 21. s. m. verið stödd við Söluskálann í Hofsósi. Kom ákærði þá þar í vörubifreið, og var með honum í bifreiðinni Björn Friðriksson, Sælandi, Hofsósi. X bað ákærða að aka sér til Steinunnar Yngvadóttur að Kárastíg 16 þar á staðnum. Tók ákærði því vel, en þess í stað ók hann út úr þorpinu alla leið út að Urriðalæk þrátt fyrir ítrekaðar óskir kæranda, X, um, að hann sneri við. Við Urriðalæk ók ákærði út af veginum og ofan í malargryfju. Þar ók hann svo ofsalega, að X fleygði sér út úr bifreiðinni á ferð, án þess þó að hana sakaði. Hún neitaði að fara í bifreiðina aftur og ætlaði að fara heim og lagði af stað frá bifreiðinni. Fór ákærði þá á eftir henni og sagði henni að koma aftur í bifreiðina, og gerði hún það með því skilyrði, að hann æki gætilega

heim. Í stað þess lét ákærði téðan Björn Friðriksson taka við stjórn bifreiðarinnar, lét hann snúa við og aka lengra niður með læknum yfir móa og vegleysur. Varð X þá svo miður sín af ótta, að hún fór að gráta og kvaðst eigi öðru trúa en Björn sneri við og æki heim, en ákærði skipaði Birni að aka áfram, svo sem hann og gerði. Þegar hann komst eigi lengra á bifreiðinni, stöðvaði hann hana. Fór X þá út úr bifreiðinni. Kom ákærði þegar á eftir henni og skipaði henni að koma með mér. Þegar X neitaði að fara með ákærða, lagði hann hendur á hana og dró hana með sér niður með læknum. Þar hafði hann við hana samfarir að henni nauðugri. Síðan skipaði hann henni að fara í bifreiðina og ók henni heim.

Sama dag, sem þessi kæra barst, hófst rannsókn í málinu.

Kom fyrst fyrir dóm kærandi, X, sem er fædd ... 1945. Staðfesti hún kæru sína, en tók fram, að það hefði verið ágizkun sín, að klukkan hefði verið tæplega 2200, er hún hitti ákærða við Söluskálann í Hofsósi kvöldið áður. Hún staðhæfði, að nauðgunin hefði verið fullkomin. Kveðst hún hafa verið grátandi, er hún kom út úr bifreiðinni í síðara skiptið við Urriðalæk. Hafði hún þá orð á því, að hún ætlaði að fara gangandi heim. Var hún rétt lögð af stað, er ákærði kom á eftir henni og sagði, að hún færi ekki gangandi heim. Sagði hann þá við hana: „Nú fáum við okkur einn, X". Hún kveðst þá hafa svarað: „Aldrei". Þessi orðaskipti áttu sér stað í námunda við hús bifreiðarinnar, og var önnur hurð hennar opin. Gerði hún því ráð fyrir, að áðurnefndur Björn Friðriksson hlyti að hafa heyrt þessi orð. Tók ákærði síðan í úlnlið hennar og dró hana á eftir sér nokkurn spöl niður með læknum, unz þau voru komin í hvarf við bifreiðina. Skipaði ákærði henni þá að leggjast, en því neitaði hún, og lagði ákærði hana þá á grasið. Streittist hún á móti, sem hún mátti. Hún var svo klædd, sem hér segir: Yzt klæða var hún í kápu, þar undir að ofan í peysu og brjóstahaldara næst sér, en að neðan var hún yzt klæða í „galla"buxum með rennilás að framan og belti í streng buxnanna, þar undir var hún í magabelti og uppháum sokkum, sem í það voru festir, og þar undir í leikfimisbuxum með teygjustreng um mittið og næst sér í crepe-nærbuxum með teygjustreng í mittið. Á fótum hafði hún kuldaskó. Er ákærði hafði fellt X á jörðina, tók hann að losa föt hennar, en hún barðist á móti og margbað hann að láta sig í friði, en hann sinnti því engu. X fann, að ákærði var henni miklu sterkari, enda tókst honum að toga í einu lagi allar buxur og magabelti niður um X, svo að

hún var ber frá mitti niður fyrir hné. Síðan hneppti ákærði frá sér buxnaklaufinni, tók út lim sinn og rak hann inn í kynfæri X. Í fyrstu fann hún til sársauka, sem síðan hvarf, og hafði ákærði svo samræðishreyfingar við X alllengi, allt að 10 mínútum á að gizka, en eigi gerði hún sér grein fyrir, hvort hann felldi í hana sæði eða eigi. En meðan á samförunum stóð, reyndi X að snúa sig undan ákærða, barðist um eftir getu og margbað hann að hætta, án þess að hann sinnti andspyrnu og bónum hennar neinu. Þrátt fyrir þetta spurði ákærði X á eftir, hvort henni hefði fundizt samfarirnar góðar, en því neitaði X, enda kveður hún sér hafa fundizt þær viðbjóður og kvalræði. Að vísu kveðst hún aldrei hafa beðið Björn Friðriksson um hjálp né heldur hafi hún hljóðað og beðið um hjálp.

Að þessari skýrslu X fenginni, lagði dómarinn fyrir hana að fara til rannsóknar hjá lækni vegna þess, sem hér var um að ræða.

Skoðun á X fór fram sama dag hjá héraðslækninum, Valgarði F. Björnssyni, og segir svo í vottorði hans:

„Samkvæmt beiðni hreppstjóra Hofsóshrepps, Garðars Jónssonar, og samkvæmt beiðni og með fullu samþykki X, f. ... 1945, til heimilis ..., Hofsósi, framkvæmdi ég skoðun á ofannefndri X í lækningastofu minni á Hofsósi kl. 2230 hinn 22/6 1963. Skoðunin fór fram vegna meintrar nauðgunar við ofannefnda X, er átti að hafa gerzt að kvöldi hins 21/6 1963. Sjúklingurinn kveðst ekki hafa verið „hrein mey", áður en nauðgunin var gerð. Við skoðun kom eftirfarandi í ljós: Engir marblettir, afrifur, roði, bólga eða sár sjást eða finnast á ytri getnaðarfærum, introitus vagina (ytra opi skeiðar), vagina (skeið) eða á portio (neðsta hluta legháls). Hymen er rofið (meyjarhaft rofið), en algerlega gróið og eðlilegt, svo það hefur ekki getað gerzt hinn 21/6 1963. Introitus vagina tekur 3 fingur. Engir áverkar eða marblettir eru finnanlegir í kringum ytri getnaðarfæri, á lærum, fótleggjum eða kvið. Á vinstri upphandlegg fast ofan olnboga að aftan er að koma fram um tveggja króna stór marblettur.

Að öðru leyti ber stúlkan ekki merki um átök, og aðra áverka er ekki að finna".

Ákærði var yfirheyrður sama dag, og viðurkenndi hann að hafa að beiðni X tekið hana upp í bifreið, er hann ók kvöldið áður, og lofað að aka henni út á „Hringbraut". Var Björn Friðriksson þá í bifreiðinni með ákærða. Í stað þess að aka út á „Hringbraut" ók ákærði upp með Hofsá, út Siglufjarðarveg

og út að Urriðalæk þrátt fyrir mótmæli X og beiðni hennar um, að snúið yrði við. Hefur ákærði viðurkennt, að X hafi fleygt sér út úr bifreiðinni á ferð, áður en hann stöðvaði hana við Urriðalæk. Taldi ákærði þá athöfn stafa af því, að hún væri „bílhrædd". Ákærði hefur þó viðurkennt, að X hafi, er hún kom aftur í bifreiðina, beðið um, að henni yrði ekið heim í Hofsós. Ók nú Björn Friðriksson, sem með ákærða var, bifreiðinni úr malargryfjunni, sem staðnæmzt hafði verið í, lengra niður með Urriðalæk yfir vegleysur. Viðurkennir ákærði, að X hafi beðið Björn að snúa við heim á leið og hafi Björn þá snúið bifreiðinni við. En ákærði kveðst eigi hafa viljað leyfa Birni að aka heim, þar sem hann hafði eigi ökuréttindi. Stöðvaði Björn bifreiðina að skipan ákærða. Síðan ók Björn enn að ósk ákærða lengra niður með læknum, unz ákærði sagði honum að nema staðar. Síðan er saga ákærða sú, að stúlkan hafi beðið hann að tala við sig og þau þá tvö farið niður fyrir allstóran hól, sem er við lækinn. Kveður hann erindi hennar hafa verið að biðja ákærða að aka Birni heim og fara svo með sér einni þar á eftir. Þetta kveðst hann eigi hafa viljað fallast á. Síðan kveðst ákærði hafa haft þarna samfarir við X með samþykki hennar án þess að fella í hana sæði.

Björn Ingimundur Friðriksson, fæddur 25. nóv. 1947 í Hofsósi, til heimilis að Sælandi í Hofsósi, sá, er var í bifreiðinni með ákærða, er X kom í hana, sem áður segir, hefur borið vitni í máli þessu sama dag og rannsókn hófst.

Er vætti hans á þá leið, að hann hafi umrætt kvöld verið með ákærða í truck-bifreið, sem hafi verið með A númeri. Klukkan á fyrri tímanum í 1100 námu þeir staðar við Shell-benzíntank í Hofsósi. Þar var þá stödd stúlkan X, sem bað um að fá að sitja í bifreiðinni út á Kárastíg 16. Leyfði ákærði það og lofaði að aka henni þangað. Er X var komin í bifreiðina, ók ákærði út Siglufjarðarveg. X margbað ákærða að snúa við, en það vildi ákærði eigi gera, en ók þess í stað út að Urriðalæk. Þar ók hann út af veginum og ofan í malargryfju, sem er við lækinn. Þar ók hann allglannalega, og rétt áður en hann stöðvaði bifreiðina, fleygði X sér út úr henni. Vitnið tók þá í kápu X til þess að reyna að aftra falli, en hún lét sig falla úr kápunni og datt á jörðina. Fór ákærði þá út úr bifreiðinni, og heyrði vitnið hann þá segja við X: „Nú fáum við okkur einn lítinn, X", en hún svaraði: „Nei, aldrei". Var X farin að gráta og talaði um að fara gangandi heim. Ákærði mótmælti því og kvaðst mundu koma henni heim í bifreiðinni. Settist vitnið þá undir stýri bifreiðarinnar og sneri

henni við, og þegar þau ákærði og X voru setzt í bifreiðina aftur, ætlaði vitnið að aka heim. Skipaði ákærði vitninu þá að aka lengra niður með Urriðalæk, og þorði vitnið eigi annað en gegna því. Þegar þau svo voru komin nærri hól, sem er skammt frá læknum, sagði ákærði vitninu að nema staðar, og gerði vitnið það. X var alltaf volandi og biðjandi um, að sér yrði ekið heim. Er bifreiðin var stöðvuð, fóru þau ákærði og X út úr bifreiðinni. Lagði X af stað heim á leið, en ákærði fór þá til hennar, tók í handleggi hennar og togaði hana með sér niður fyrir áðurnefndan hól. X stimpaðist á móti ákærða og bað hann að sleppa sér og láta sig vera í friði og var enn grátandi. Ákærði sinnti þessum bónum X engu. Sá vitnið þau hverfa þannig niður fyrir hólinn. Þar voru þau alllengi, vart minna en 10 mínútur. Þegar þau X og ákærði komu aftur, var X þögul og hnuggin að sjá. Ók ákærði síðan með þau öll til Hofsóss.

Vitnið skýrir svo frá, að skammt fyrir utan svonefndan Hofsafleggjara, fyrir ofan Hofsós, hafi bifreiðin verið á fremur lítilli ferð og hafi X þá gert sig líklega til að stökkva út úr bifreiðinni og hafi stigið út á bretti hennar utan við hurðina, en þá hafi ákærði aukið mjög ferð bifreiðarinnar, svo að X þorði eigi annað en fara aftur inn í bifreiðina. Er hér greinilega átt við ferðina frá Hofsósi út að Urriðalæk. Þetta sama hefur kærandi, X, síðar borið í rannsókn málsins.

Vitnið hefur staðfest vætti sitt með eiði lögum samkvæmt.

Þegar ákærða þessu næst var sama dag lesin kæra X á hendur honum, þverneitaði hann sakaráburði. Var ákærði þá af öryggisástæðum úrskurðaður í gæzluvarðhald, en næsta dag þar á eftir var rannsókn málsins fram haldið.

Í þinghaldi þá komu þau bæði fyrir dóm, X og ákærði, og voru samprófuð.

Kom þá í ljós, að þau X og ákærði hafa lengi verið nágrannar og tvisvar áður haft saman samfarir. Í fyrra skiptið atvikaðist það þannig að sögn X, að hún var á berjamó fyrir utan og ofan Hofsós með hálfsystur ákærða, er hann fór fram hjá þeim með öðrum pilti áleiðis til Hofsóss, og voru þeir á hjólhestum. Skömmu síðar kom ákærði einn aftur á hjólhesti og stanzaði hjá þeim. Skipaði hann þeim þá að leyfa honum samfarir við þær. Segir X, að þeim stúlkunum hafi staðið svo ótti af ákærða, að þær hafi eigi þorað annað en leyfa honum það, sem hann vildi, og hafi hann haft samfarir við þær báðar, hvora eftir aðra, fyrst við X og síðan við hálfsystur ákærða. Eigi gerir X sér grein fyrir, hvort

ákærði felldi þá í hana sæði. Kveðst hún hafa verið 10—11 ára gömul, er þetta átti sér stað. Ákærði hefur viðurkennt þetta rétt vera, að hann hafi haft samfarir við X við þær aðstæður, sem hún hefur lýst, nema hvað hann telur, að hún hafi verið eldri en hún hefur greint, sennilega 12—14 ára. Hins vegar neitar hann að hafa haft samfarir við hálfsystur sína sama sinn. Heldur ákærði því fram, að samfarirnar við X hafi átt sér stað með samþykki hennar.

Í síðara skiptið voru atvik til samfara þeirra X og ákærða þau, að ákærði ók X í bifreið með öðru fólki frá Hofsósi til Sauðárskróks haustið 1961. Nokkru eftir að samferðafólkið var farið úr bifreiðinni á Sauðárkróki, ók ákærði X að hennar sögn upp að sjúkrahúsinu, sem er á Sauðárhæðum fyrir sunnan bæinn, og síðan skv. samhljóða framburði beggja suður fyrir bæinn Sauðá. Þar hafði ákærði samfarir við X í bifreiðinni, sem hann hafði ekið. Hann heldur því fram, að samfarirnar hafi átt sér stað með hennar samþykki, en hún kveðst hafa látið þær eftir af ótta við ákærða án þess þó að bera fram mótmæli.

Við samprófun þeirra X og ákærða hefur hann viðurkennt nokkur atriði í kæru og framburði X, þau, er hann áður hafði synjað fyrir. M. a. hefur hann fallið frá þeim framburði sínum, að X hafi beðið hann að aka Birni Friðrikssyni heim frá Urriðalæk, svo að þau ákærði og X gætu verið ein saman. Hann hefur og viðurkennt að hafa átt frumkvæði að því, að þau fóru niður fyrir hólinn við Urriðalæk, og vill hann eigi synja fyrir að hafa togað X þangað á öðrum úlnlið hennar.

X hefur staðfest framburð sinn með eiði lögum samkvæmt.

Þegar athuguð eru framangreind atvik máls þessa, er það áberandi, að ákærði hefur sýnt af sér ofbeldislega framkomu við X og ítrekað látið hana finna yfirburði sína við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru. X hefur greinilega verið hrædd við ákærða og miður sín af ótta, hún var grátandi og sífellt að biðja hann að fara með sig heim og láta sig í friði, og samfarirnar við hann lýsir hún viðbjóð og kvalræði. Þótt ákærða hafi áður tekizt að hafa tvisvar sinnum samfarir við X, í bæði skiptin, er hún raunar var barn að aldri, réttlætir slíkt á engan hátt framkomu hans, er hann hafði við hana samfarir við Urriðalæk og út af er kært. Hann neytti þar yfirburða sinna og neyddi X með því að toga í úlnliði hennar til þess að fara með sér niður með læknum. Hún hvarf þar úr augsýn vitnisins, sem nærstatt var, grátandi með ákærða niður fyrir hól, sem var við lækinn. Þar hafði

ákærði samfarir við X að henni nauðugri að hennar sögn, enda lét hann áður þau orð falla, er benda til þess, að hann hafi ætlað sér að ná þeim tilgangi sínum, auk þess sem önnur atriði benda til hins sama. Framburður X er allur sennilegri en ákærða, og þótti því rétt að gefa henni kost á að staðfesta framburðinn með eiði, svo sem áður greinir.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi í umrætt sinn þröngvað stúlkunni X til holdlegs samræðis við sig með líkamlegu ofbeldi. Hefur hann með því gerzt sekur um nauðgun og brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár, en eftir öllum atvikum þykir rétt að ákveða, að fresta skuli fullnustu refsingarinnar og niður skuli hún falla að 5 árum liðnum, verði skilorð VI. kafla alm. hegningarlag nr. 19/1940 haldið, sbr. lög nr. 22/1955.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun hér fyrir dómi, kr. 4.500.00, til ríkissjóðs og málflutningslaun skipaðs verjanda, Halldórs Þ. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.500.00.

Faðir X, sem eigi er fullveðja, hefur krafizt miskabóta henni til handa, allt að kr. 50.000.00. Verður að líta svo á, að henni beri bætur fyrir ofbeldi það, er hún hefur orðið fyrir af hendi ákærða, og þykja þær bætur eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00. Verður ákærði því dæmdur til að greiða X þá bótafjárhæð.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms í máli þessu, og stafar hann af annríki dómarans við önnur embættisstörf.

Dómsorð:

Ákærði, Uni Þórir Pétursson, sæti fangelsi eitt ár, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.500.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldórs Þ. Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 4.500.00.

Ákærði greiði kr. 35.000.00 til X.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1967.

Nr. 2/1966. **Hjörtur Kristinn Hjartarson**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Jóhannesi Gíslasyni f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1965. Hann krefst aðallega ómerkingar héraðsdóms, en til vara sýknu af kröfum stefnda, og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Jóhannes Gíslason, starfsmaður bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta í héraði fyrir hönd ríkissjóðs, og hér fyrir dómi hefur áfrýjandi beint málinu gegn honum sem innheimtumanni ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum nr. 33/1958 og lögum nr. 10/1960 er bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum innheimtumaður gjalda þeirra, sem dóms er krafizt um í máli þessu, og þá jafnframt fyrirsvarsmaður ríkissjóðs í dómsmálum varðandi innheimtu gjaldanna, og er eigi í ljós leitt, að öðrum hafi löglega verið falið það fyrirsvar.

Er því hvort tveggja, að bæjarfógeta bar samkvæmt 1. tl. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936 að víkja dómarasæti í málinu og að Jóhannes Gíslason brestur heimild til að gefa í því bindandi yfirlýsingar fyrir dómi. Að svo vöxnu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Með hliðsjón af því, að áfrýjandi felldi niður þingsókn í

héraði, svo sem í héraðsdómi greinir, er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 27. nóvember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. október 1964, er höfðað af innheimtumanni ríkissjóðs í Vestmannaeyjum f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni 17. júlí 1964, birtri 22. s. m., á hendur Hirti Kristni Hjartarsyni, Hátúni, Vestmannaeyjum, til greiðslu vangoldins söluskatts og útflutningssjóðsgjalds fyrir árin 1959 og 1960, tilfallin á árinu 1961, skv. bréfi skattstjóra, dags. 25. febr. það ár, að fjárhæð kr. 4.599.00 ásamt lögboðnum dráttarvöxtum frá 31. des. 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gjöldin sundurliðast þannig:

Söluskattur, IV. ársfj. 1960	kr. 800.00
Sama, viðbót 1959	— 1.266.00
Útflutningssjóðsgj., viðbót 1959	— 2.533.00
	Alls kr. 4.599.00

Málið er enn fremur höfðað til staðfestingar á kyrrsetningu, sem gerð var hjá stefnda 15. júlí s.l. í útvarpstæki af Philipsgerð og loftþjöppu til tryggingar framangreindum gjöldum.

Stefndi mætti í málinu við þingfestingu 3. sept. s.l. og fékk hálfs mánaðar frest til greinargerðar. Er málið kom fyrir 17. sept., lagði hann fram vottorð frá skattstjóra, dags. 14. þ. m., og er þar fram tekið, að á skrifstofu skattstjórans í Vestmannaeyjum finnist engin gögn varðandi álagðan söluskatt og útflutningsgjöld árið 1959 og 1960. Önnur skjöl lagði stefndi ekki fram og enga greinargerð, og engar kröfur voru bókaðar eftir honum. Málinu var svo frestað til 15. október, en þá mætti stefndi ekki. Enn var málinu frestað í 2 vikur, eða til 29. október, en stefndi mætti ekki að heldur. Var þá málið tekið undir dóm, eins og fyrr segir.

Framlagt vottorð skattstjóra leiðir ekki í ljós, að álagning skattstjóra samkvæmt bréfi 25. febr. 1961 sé röng, og þar sem önnur gögn liggja ekki fyrir og engin andmæli hafa komið fram frá hálfu stefnda, þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti. Lögboðnir dráttarvextir af söluskatti nema 1½% á mánuði, en af útflutningssjóðsgjaldi hafa dráttarvextir verið reiknaðir lægri. Meðan málið var í gangi, reiknaði umboðsmaður fjármálaráðuneytisins út dráttarvexti af gjöldum þessum til 16. nóvember 1964, og námu þeir kr. 1.067.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð auk 1½% dráttarvaxta á mánuði af söluskattinum, kr. 2.066.00, frá 16. des. 1964 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði kr. 800.00 í málskostnað.

Kyrrsetningargerðin frá 15. júlí s. l. staðfestist.

Uppsaga dómsins hefur dregizt vegna anna dómaranna við önnur mál og daglega afgreiðslu. Einnig vildi dómarinn gefa stefnda kost á að endurupptaka málið, ef hann vildi, en samkv. viðtali kærði stefndi sig ekki um að sinna því frekar.

Dómsorð:

Ofangreind kyrrsetningargerð er staðfest.

Stefndi, Hjörtur Kristinn Hjartarson, greiði ríkissjóði Íslands söluskatt og útflutningssjóðsgjald, kr. 4.599.00, dráttarvexti, kr. 1.067.00, og auk þess 1½% dráttarvexti á mánuði af kr. 2.066.00 frá 16. des. 1964 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. janúar 1967.

Nr. 230/1966. **Jón Guðbjörnsson**
Hreggviður Guðbjörnsson
Hermann Guðbjörnsson og
Páll Guðbjörnsson
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Alfreð Jónssyni og (Björn Hermannsson hrl.)
Jóhanni Salberg Guðmundssyni og
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
Alfreð Jónsson
gegn
Jóni Guðbjörnssyni
Hreggviði Guðbjörnssyni
Hermanni Guðbjörnssyni og
Páli Guðbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jóhann Salberg Guðmundsson, sýslumaður í Skagafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1966. Gera þeir þessar dómkröfur:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, lögbann það, sem hinn 8. ágúst 1966 var lagt við smíð íbúðarhúss á Reykjarhóli í Holtshreppi, verði látið haldast og að gagnáfrýjanda, Alfreð Jónssyni, verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og svo fyrir Hæstarétti og

Að stefnda, Jóhanni Salberg Guðmundssyni sýslumanni, verði dæmd á hendur viðurlög lögum samkvæmt fyrir meðferð sína á lögbannsmálinu eftir framkvæmd lögbannsins hinn 8. ágúst 1966 og honum dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Alfreð Jónsson, hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1966. Honum hefur

verið veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um efni máls og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og svo fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, sem veitt hefur verið gjafvörn fyrir Hæstarétti, gerir þær dómkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að honum verði dæmd sýkna. Hann krefst og, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður framkvæmdi hinn 27. ágúst 1966 lausnargerð á lögbanninu frá 8. ágúst 1966 samkvæmt 1. tl. 2. mgr. og 4. mgr. 25. gr. og 27. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann, sbr. 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Lausnargerðin sætti kæru til Hæstaréttar samkvæmt 5. mgr. 25. gr. og 27. gr. laga nr. 18/1949, enda hefur 3. tl. 21. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt, sem tekinn er orðrétt eftir 4. tl. 198. gr. laga nr. 85/1936, eigi hróflað við nefndu kæruákvæði laga nr. 18/1949, sem er eðli máls samkvæmt, þar sem skera ber úr því, svo skjótt sem kostur er, hvort lausnargerð á lögbanni skuli standa eða falla. Mál á hendur dómara fyrir framkvæmda lausnargerð sætir og kæru, sbr. 21. gr. i. f. laga nr. 57/1962. Mál þetta var eigi kært til Hæstaréttar á lögmætum fresti. Ber því að vísa því frá dómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Greiða ber úr ríkissjóði laun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, og laun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Greiða skal úr ríkissjóði laun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Björns Hermannssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, og laun talsmanns stefnda fyrir

Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 14.000.00.

Úrskurður fógetadóms Skagafjarðarsýslu 27. ágúst 1966.

Mál þetta var þingfest 8. þ. m. og þá að kröfu gerðarbeiðenda og á þeirra ábyrgð lagt lögbann við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðarhúss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi. Til tryggingar vegna lögbannsins hefur verið lagður fram víxill fyrir kr. 50.000.00.

Með bréfi, dags. 15. s. m., sneri Björn Hermannsson hæstaréttarlögmaður f. h. gerðarþola sér til fógetans og beiddist endurupptöku málsins skv. heimild í 4. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949, með því að hann telur af gögnum þeim, sem lögð voru fram við gerðina, að lögbannið sé gert á svo verulega röngum forsendum, að vafasamt sé, að það hefði náð fram að ganga, ef málið hefði verið réttilega og nægjanlega reifað, sbr. 2. mgr. 1. gr. sömu laga. Er þess jafnframt beiðzt, að fellt verði niður lögbann það, er gert hefur verið. Með téðri beiðni um endurupptöku málsins fylgdi byggingarbréf fyrir jörðinni gerðarþola til handa og fleiri gögn. Að framkominni þessari beiðni og með vísun til fylgigagna hennar taldi fógeti rétt að taka málið fyrir að nýju.

Kom málið síðan fyrir fógetadóminn 23. þ. m.

Gerðarbeiðendur mótmæltu endurupptöku málsins, þar eð þeir töldu, að skilyrðum 25. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann væri eigi fullnægt til endurupptökunnar. Þeir bentu á, að skv. byggingarbréfi gerðarþola eigi hann að leita samþykkis jarðareigenda, þegar um fjárfrekar umbætur eða húsabætur sé að ræða, sem ekki telst brýn nauðsyn á.

Enn fremur segja þeir, að skjalið beri eigi með sér, að leitað hafi verið samþykkis yfirfjárráðanda, að því er varðar ófjárráða eigendur Reykjarhóls. Þeir mótmæltu framlögðu vottorði úttektarmanna á dskj. nr. 9 og matsgerð á dskj. nr. 10. Þá kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi gerðarþola, að því er varðar þenna þátt málsins. Gerðarþoli krafðist þess, að ef eigi yrði af dóminum fallizt á beiðni hans um niðurfellingu lögbannsins, yrði tryggingarfé það, er gerðarbeiðendum hefur verið gert að setja, stórhækkað og a. m. k. í kr. 400.000.00 og verði það lagt fram í reiðufé eða í sparisjóðsbók.

Þá tók hann fram, að skv. upplýsingum Hermanns Jónssonar hreppstjóra, lögráðamanns þeirra aðilja, er ólögráða voru 1944,

hafi hann haft samráð við yfirfjárráðanda um öll meiri háttar atriði lögráðastarfsins, þ. á m. við gerð byggingarbréfsins, sem hér um ræðir. Gerðarþoli áskildi sér rétt til að koma að skaðabótakröfum ásamt kröfu um málskostnað. Einnig krafðist hann málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðenda í þessum þætti málsins.

Gerðarbeiðendur kröfðust þess, að lögbannsgerðin frá 8. þ. m. yrði látin óbreytt standa. Þeir mótmæltu hækkun tryggingarfjár og áskildu sér þó rétt til, að tryggingarvíxill yrði tekinn gildur að viðbótartryggingu.

Ágreiningurinn var í sama þinghaldi tekinn til úrskurðar.

Málavextir eru eftirfarandi:

Með bréfi, dags. 5. þ. m., beiddist Hilmar Ingimundarson héraðsdómslögmaður, fulltrúi Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, þess f. h. Jóns Guðbjörnssonar bifvélavirkja, Laugavegi 135, Hreggviðar Guðbjörnssonar múrara, Skólavörðustíg 2, Hermanns Guðbjörnssonar trésmiðs, Snorrabraut 42, allra í Reykjavík, Óskars Guðbjörnssonar bónda, Stóru Þverá, Holtshreppi, Skagafjarðarsýslu, og Páls Guðbjörnssonar rafvirkjameistara, Vallargerði 28, Kópavogi, að lögbann yrði lagt við byggingarframkvæmdum þeim, sem Alfreð bóndi Jónsson á Reykjarhóli í Holtshreppi í Fljótum í Skagafjarðarsýslu væri að hefja á jörðinni án samþykkis framangreindra aðilja. Sú grein var gerð fyrir beiðninni, er hér segir: Árið 1943 fengu téðir gerðarbeiðendur ásamt systur sinni Lilju í arf eftir föður sinn, Guðbjörn Jónsson, bónda á Reykjarhóli, er andaðist 16. marz 1941, m. a. hvert um sig $1/14$ hluta jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi í Fljótum, en móðir þeirra, Jónanna Stefánsdóttir, fékk í sinn hlut við skiptin $8/14$ hluta jarðarinnar. Systir gerðarbeiðenda, Lilja, giftist síðar gerðarþola, og hófu þau búskap á jörðinni árið 1944. Þann 18. apríl 1958 seldi móðir gerðarbeiðenda og Lilju gerðarþola sína $8/14$ hluta jarðarinnar. Þar með varð eignarhluti gerðarþola og konu hans $9/14$ hlutar jarðarinnar. Þenna eignarhluta hefur gerðarþoli selt Rafveitu Siglufjarðar skv. afsali, dags. 8. júní 1965.

Þann 29. maí 1944 hefur gerðarþoli fengið byggingarbréf fyrir allri jörðinni, undirritað af tengdamóður sinni, sem þá var eigandi $8/14$ hluta, Jóni og Hreggviði Guðbjörnssonum, eigendum $2/14$ hluta, og af Hermanni Jónssyni, fjárhaldsmanni þeirra Hreggviðar, Páls og Óskars Guðbjörnssona, sem voru eigendur að $1/14$ hluta hver. Verður að telja byggingarbréf þetta lögmætt, þar eð eigi þykir ástæða til að vefengja þær upplýsingar, sem hafðar

eru eftir lögráðamanninum, að hann hafi haft samráð við yfirfjárráðanda um byggingu jarðarinnar, sem einnig virðist í alla staði með sanngjörnum og eðlilegum skilmálum gerð. Verður byggingarbréf þetta að teljast í fullu gildi.

Það er notoriskt, að snjóflóð féll á íbúðarhúsið á Reykjarhóli 29. janúar s.l. vetur, og urðu skemmdir á því af þeim sökum slíkar skv. framlagðri matsgerð, að húsið er talið einskis virði. Gerðarþoli á skv. III. kafla ábúðarlaga nr. 87/1933 rétt á að endurreisa eða fá endurreist íbúðarhús á jörðinni í stað þess, sem ónýttist í snjóflóðinu. Hefur gerðarþoli þegar hafizt handa um þá framkvæmd.

Er húsið skv. vottorði úttektarmanna hreppsins, sem eigi þykir ástæða til að vefengja, talið hæfilegt að stærð miðað við þá fjölskyldu, sem í því er ætlað að búa og þann búrekstur, sem jörðin getur borið.

Enn fremur telja þeir fyrirhugaðan búnað og gerð hússins eigi umfram þær kröfur, sem nú eru gerðar til íbúðarhúsa í sveitum almennt, enda sé húsið teiknað af Teiknistofu landbúnaðarins. Byggingarfulltrúi héraðsins og formaður byggingarnefndar Holtshrepps hafa vottað, að staðsetning hússins hafi verið ákveðin af þeim. Við staðsetninguna segjast þeir hafa m. a. tekið tillit til snjóflóðahættu og útihúsa, sem fyrir voru. Þykir rétt að taka vottorð þetta gilt, þótt óstaðfest sé.

Það er rétt, að gerðarþoli hefði átt að hafa samráð við gerðarbeiðendur, áður en hann hófst handa um húsagerðina. Hins vegar verður eigi séð af þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, að hagsmunum gerðarbeiðenda hafi með framkvæmdum gerðarþola til að reisa íbúðarhús að nýju á Reykjarhóli verið stefnt í þann voða, að lögbann við þeim hafi verið nauðsynlegt. Það er tvímælalaust, að gerðarþoli á rétt til að fá endurreist íbúðarhús á Reykjarhóli í stað þess, sem ónýttist í snjóflóðinu, og með þeirri framkvæmd er eigi með ólögmætum hætti raskað rétti gerðarbeiðenda, sem skv. ákvæðum ábúðarlaga geta snúið sér til úttektarmanna um mat á húsaskyldu þeirra.

Skv. framanrituðu þykir rétt skv. heimild í 1. lið 2. mgr. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1949 að taka upp að nýju fógetagerðina frá 8. þ. m., og með skírskotun til þeirra gagna, sem fram voru lögð af hálfu gerðarþola í fógetadóminum 23. þ. m., og með vísun til þess, sem að framan er rakið, að breyta fyrri ákvörðun fógeta frá 8. þ. m. og fella úr gildi lögbann það, er þá var lagt við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðar-

húss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 18/1949.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Lögbann það, sem 8. þ. m. var lagt við frekari framkvæmdum við byggingu íbúðarhúss í landi jarðarinnar Reykjarhóls í Holtshreppi, er fellt úr gildi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 23. janúar 1967.

Nr. 215/1966. **Hilmar Gunnlaugsson**
(Bogi Ingimarsson hdl.)
gegn
Árvaki h/f
(Sigurður Egilsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1966, að fengnu gjafsóknarleyfi 30. september 1966, og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 662.493.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. september 1961 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Atvik að slysi því, sem mál þetta er af risið, eru eigi í ljós leidd sem skyldi. Af hendi stefnda virðist ekki hafa verið hlutazt til um neina rannsókn á slysinu og orsökum

þess. Starfsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, sem tjáist hafa fengið vitneskju um slysið af blaðafregnum, hefur gert skýrslu um athuganir sínar, sem rakin er í héraðsdómi. Á árinu 1965, meira en fjórum árum eftir slysið, fóru fram yfirheyrslur í málinu á bæjarþingi. Opinber rannsókn á vegum lögreglu eða fyrir sakadómi hefur engin verið framkvæmd, svo sem rétt var og skylt, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og 12. tl. 2. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Skipaður málflutningsmaður áfrýjanda, sem hafði gjafsókn í héraði, hefði átt að krefjast sakadómsrannsóknar á aðdraganda og atvikum slyssins, eins og gögnum málsins var háttað. Var slíkrar rannsóknar brýn og augljós nauðsyn, einkum þegar til þess er litið, að áfrýjandi vefengdi skýrslu öryggiseftirlitsins og staðhæfði, að þar væri frásögn sín af slysinu beinlínis rangfærð. Átti rannsóknin sérstaklega að beinast að því að leiða í ljós, með hverjum hætti áfrýjandi framkvæmdi verk það, er hann var við, þegar hann slasaðist. Síðan átti að fá álitsgerð sérkunnáttumanna um það, hvort áfrýjandi hefði staðið rétt að verki sínu og hvort rök lægju til þess, miðað við starfa áfrýjanda og afstöðu hans til prentvélar þeirrar, sem hann vann við, að hann hefði sett prentvélina í gang af nauðsyn eða hagkvæmnisástæðum vegna framkvæmdar verks síns eða með því að nauðsynjalausu og af gáleysi, eins og á stóð, að styðja á rofa prentvélarinnar.

Þar sem gagnaöflun og málflutningi af hendi áfrýjanda var í héraði svo áfátt, sem nú hefur rakið verið, ber að ómerkja alla málsmeðferð þar ásamt héraðsdóminum, að undanskildum ákvæðum hans um málskostnað, sem þykir mega staðfesta, og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda þar, kr. 25.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað eiga að vera óröskuð. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að

vera ómerkur ásamt meðferð málsins í héraði, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Boga Ingimarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. maí s.l., hefur Hilmar Gunnlaugsson prentari, Sogavegi 30, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. apríl 1964, gegn Árvaki h/f, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 518.698.70 (sic) ásamt 7% ársvöxtum frá 13. september 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda hækkuð stefnukrafan í kr. 662.570.30 samtals vegna nýs útreiknings á örorkutjóni stefnanda svo og vegna aukins útlagðs kostnaðar. Af hálfu stefnda var samþykkt, að hækkun þessi kæmist að án framhaldsstefnu.

Þá er og stefnt til réttargæzlu í máli þessu Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar. Hann hefur og eigi heldur neinar kröfur gert. Hinn 2. desember 1963 var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Af hálfu stefnda er krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að hinn 13. september 1961 hafi hann verið að vinna ásamt Guðbirni Guðmundssyni prentara í Prentsmiðju Morgunblaðsins og hafi þeir verið að þræða pappír gegnum hverfiprentvél. Pappírinn hafi slitnað milli valsa, og kveðst stefnandi hafa ætlað að þræða hann áfram með því að ýta honum milli valsanna með vinstri hendi og toga í hann með hægri. Skyndilega hafi vélin farið af stað og klemmur þær, sem á valsinum eru, hafi gripið fingur stefnanda þannig, að höndin hafi dregizt milli valsanna allt að hnúum. Kveðst stefnandi þá hafa kallað til Guðbjörns og beðið hann að stöðva vélina og hafi hún þá stöðvazt strax, en um leið kveðst stefnandi hafa tekið með hægri hendi í þá vinstri og dregið hana að öxlinum og þar

niður og út. Við slysið kveður stefnandi þrjá fingur á vinstri hendi hafa brotnað og hafi húðin tætzt og skorizt illa á fingrum og í lófa. Kveðst stefnandi þegar hafa verið fluttur á slysavarðstofuna, en þaðan á Landspítalann, og hafi hann verið algerlega óvinnufær þar til í janúar 1962. Kveður stefnandi afleiðingar meiðslanna hafa orðið þær, að hann sé mjög stirður í vísifingri, löngutöng, baugfingri og litla fingri vinstri handar. Einnig sé mjög áberandi ör í lófa og grip handarinnar sé kraftlítið og stirt. Kveður stefnandi Pál Sigurðsson hafa metið örorku sína og sé varanleg örorka 25%.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Atvinnutjón	kr.	64.653.00
2. Örorkutjón	—	485.380.00
÷ greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	—	73.934.30
÷ viðbótargreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins	—	4.257.00
	Kr.	471.841.00
3. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	40.000.00
4. Útlagður kostnaður	—	2.600.00
	Kr.	514.441.70

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfu sína og sundurliðaði hana þá, sem hér segir:

1. Atvinnu- og örorkutjón	kr.	718.917.00
÷ bótagreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 78.191.30, og greiðsla frá stefnda fyrir tímabilið 13/9 1961 til 29/12 1961, kr. 23.255.40, samtals	—	101.446.70
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	40.000.00
3. Útlagður kostnaður	—	5.100.00
	Samtals kr.	662.570.30

ásamt vöxtum, eins og upphaflega var krafizt. Stefnandi er talinn fæddur 19. ágúst 1933 og hefur því verið 28 ára á slysdegi.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefndi, Árvakur h/f, sé eigandi Prentsmiðju Morgunblaðsins, en orsakir slyssins séu mistök í starfi hjá starfsmanni prentsmiðjunnar, Guðbirni Guðmundssyni.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi sjálfur sök á slysi þessu, þar sem atvik slyssins virðist hafa

verið þau, að stefnandi hafi haldið í pappírinn með annarri hendi, en stutt á skotrofann með hægri hendinni og eigi gætt þess að sleppa hendinni af rofanum þegar í stað, er fingur hans námu við valsana. Verði ekki séð, að nefndur Guðbjörn eigi þar nokkurn hlut að máli. Sé ljóst, að stefndi verði á engan hátt sakaður um, hvernig fór og beri því að sýkna hann algerlega af öllum kröfum stefnanda.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins á dómsskj. nr. 5 segir svo um tildrög slyssins: „Skýrsla Guðbjörns Guðmundssonar: Guðbjörn ásamt slasaða voru að þræða pappír gegnum hverfiprentvél. Hilmar ætlaði að laga pappírinn til í einum af völsunum og fór með vinstri hönd inn til hliðar við valsana. Með hægri hendi studdi hann á skotrofa (rofi, sem keyrir vélina eingöngu, meðan stutt er á hann) og ætlaði með því að lagfæra pappírinn. Skyndilega kallaði Hilmar til Guðbjörns að stöðva vélina, þó það væri Hilmari innan handar að stöðva vélina, þar sem hann hafði þrykkt á hnappinn og vélin varð eingöngu stöðvuð með því, að Hilmar losaði höndina af hnappnum. Í ljós kom, að Hilmar hafði orðið á milli valsanna með þeim afleiðingum, að vinstri hönd skaddaðist og brotnaði.

Skýrsla Hilmars Gunnlaugssonar, tekin 13/11 '61:

Hilmar, sem var að þræða gegnum vélina og hafði farið með vinstri hönd inn til hliðar við valsana, vissi ekki fyrr til en vélin fór af stað og kallaði til Guðbjörns að stöðva vélina.

Hilmar áleit, að Guðbjörn hefði sett vélina af stað, sem þó var ekki reyndin. Kom í ljós, að Hilmar hafði sjálfur stutt á hnappinn án þess að gera sér grein fyrir því. Möguleiki var á því fyrir Guðbjörn að stöðva vélina með rofa, sem er fyrir ofan skotrofann."

Framanritaðar skýrslur þeirra Hilmars Gunnlaugssonar og Guðbjörns Guðmundssonar eru staðfestar með undirskriftum þeirra í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins. Umsögn eftirlitsmanns, Helga Gunnarssonar, í sömu skýrslu, er á þessa leið: „Orsakir slyssins verða að teljast röng viðbrögð slasaða, þar sem hann heldur áfram að keyra vélina eftir að hafa festst milli valsanna. Vél sem þessi krefst mikillar varkárni, þar sem valsar hennar eru opnir, enda eru rofar staðsettir þannig á vélinni, að auðvelt er að ná til þeirra frá þeim stöðum, sem unnið er við vélina."

Í aðiljaskýrslu á dómsskj. nr. 4 segir stefnandi svo: „Hinn 13. september 1961 var ég undirritaður, Hilmar Gunnlaugsson, prentari, Sogavegi 30, Reykjavík, að vinna ásamt Guðbirni Guðmunds-

syni, prentara, í Prentsmiðju Morgunblaðsins. Við vorum að þræða pappír gegnum hverfiprentvél. Pappírinn slitnaði milli valsa, og hugðist ég þræða hann áfram með því að ýta honum milli valsanna með vinstri hendi og toga í hann með hægri. Sat ég á hækjum mínum við það verk. Skyndilega fór vélin af stað, og klemmur þær, sem á valsinum eru, gripu í fingur mína þannig, að höndin dróst milli valsanna allt að hnúum. Kallaði ég þegar í stað til Guðbjörns og bað hann að stöðva vélina, og stöðvaðist vélin þegar í stað, en um leið tók ég með hægri hendi í vinstri höndina og dró hana að öxlinum og þar niður og út.

Ég er sannfærður um, að Guðbjörn setti vélina af stað, og er það rangt, sem haft hefur verið eftir mér í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, að komið hafi í ljós, að ég hafi sett vélina í gang. Enda er útilokað, að ég hafi getað sett vélina af stað, þar sem ég var með báðar hendur á pappírnum, og var ljóst, að ég var í hættu, ef vélin færi í gang."

Þessi aðiljaskýrsla stefnanda er dagsett 24. marz 1964, en skýrsla Öryggiseftirlits ríkisins, sem að framan er rakin, er tekin 13/11, eins og þar kemur fram.

Aðiljayfirheyrslur og vitnaleiðslur hafa farið fram í máli þessu.

Stefnandi, sem kom fyrir dóm í máli þessu 2. desember 1965, hefur þar staðfest nafnritun sína undir aðiljaskýrslu á dómsskj. nr. 4, eftir að hún hafði verið lesin fyrir honum. Þá var honum einnig kynnt skýrsla öryggiseftirlitsins á dómsskj. nr. 5. Kveður hann skýrslu þá, sem höfð er eftir honum þar, ekki vera rétta, en staðhæfir, að Guðbjörn hafi sett vélina af stað og neitar eindregið að hafa sagt við Helga Gunnarsson eftirlitsmann að „komið hafi í ljós, að Hilmar hafi sjálfur stutt á hnappinn án þess að gera sér grein fyrir því." Þessa setningu hafi Helgi engu að síður skráð niður og að því loknu hafi hann beðið stefnanda að undirrita skýrsluna. Stefnandi kveðst þá hafa sagt við Helga, að hann vildi ekki undirrita, því að þetta hefði hann ekki sagt. Helgi hafi sagt, að það skipti engu máli, þetta væri nánast formsatriði, og kveðst stefnandi þá hafa látið tilleiðast að skrifa undir. Nokkru seinna kveðst stefnandi hafa fengið bakþanka út af þessu og af því tilefni leitað Helga Gunnarsson uppi á skrifstofu öryggiseftirlitsins og átt tal við hann um þetta og sagt við hann, að hann myndi, hvað hann hefði sagt, þegar skýrslan var tekin. Jafnframt kveðst stefnandi hafa óskað þess við Helga, að hann bæri vitni í málinu, þegar til kæmi. Því hafi Helgi svarað á þá leið, að hann mætti ekki bera vitni í slíkum málum sem

starfsmaður öryggiseftirlitsins. Stefnandi kveður satt og rétt greint frá á dómsskj. nr. 4 og kveðst þess fullviss, að Guðbjörn hafi sett vélina af stað með því að styðja á skotrofann með vinstri hendi, þar sem hann stóð hægra megin við stefnanda, rétt hjá honum, en þó á pallinum milli vélanna, þ. e. á horninu. Stefnandi tekur fram í sambandi við það, hvernig hann stóð að verkinu: Til þess að geta þrætt pappírinn í gegnum vélina þurfti að rífa fláa á pappírsendana, og er fláinn á þeim hluta endans, sem þetta er þrætt í. Stefnandi tekur sérstaklega fram, að hann hafi orðið að nota hægri höndina til þess að halda við pappírsendann, svo að hann félli ekki af valsinum, og hafi því hægri höndin verið upptekin við það, er vélin fór af stað. Segir stefnandi, að ef hann hefði ekki haldið pappírnum með hægri hendinni, hefði pappírinn fallið niður og hefði hann þá ekki getað komið pappírnum upp á milli valsanna, prentvals og dekkvals. Það hefði alls ekki átt að hreyfa vélina, fyrr en hann væri búinn að koma endanum upp á milli valsanna og ná taki á pappírnum ofan frá, enda sé nóg bil (blýplötuþykkt) á milli valsanna. Stefnandi segir, að á meðan hann hafi verið að þræða pappírinn á milli valsanna, hafi Guðbjör átt að styðja á pappírinn á dekkvalsinum, svo að hann rynni ekki til baka. Kveður stefnandi ástæðuna til þess, að hann var að þræða þarna, hafa verið þá, að pappírinn hafi slitnað, sennilega vegna þess, að skarð hafi verið í fláann, þegar Guðbjörn þræddi hann milli dekkvalsanna, en það sé gert með því að festa pappírsendann á skoru á dekkvalsinum. Kveður stefnandi það oft koma fyrir, að pappírinn slitni á sama stað og um ræðir. Stefnandi kveðst hafa lokið prentnámi árið 1953 og hafa verið búinn að vinna við umrædda vél í ca. 5—6 ár, þegar slysið varð.

Vitnið Guðbjörn Guðmundsson, sem komið hefur fyrir dóm, neitar því að hafa ýtt á skotrofann. Telur vitnið, að stefnandi hafi sjálfur ýtt á skotrofann með vinstri hendinni, en stýrt pappírnum með þeirri hægri. Segir vitnið, að í þeirri aðstöðu, sem stefnandi var, hafi hann ekki getað stýrt pappírnum með vinstri hendinni, enda hafi aðstaðan verið þannig, að það hafi verið sem sagt útilokað, eða a. m. k. ambögulega að farið. Vitninu var bent á, að stefnandi hafði slasazt á vinstri hendinni. Kveðst vitnið ekki hafa séð hönd stefnanda á rofanum. Sjálft kveðst vitnið hafa getað náð til rofans með vinstri hendi með því að færa sig til, en vitnið kveðst hafa staðið fyrir miðjum valsinum, þegar slysið varð, og séð, þegar hann fór af stað. Fyrir vitninu var lesin

skýrsla þess fyrir öryggiseftirlitinu. Vitnið segir, að það hafi aldrei séð neinn prentara nota skotrofann í hliðstæðu tilfelli, enda sé venjan sú að draga pappírinn í gegn. Að gefnu tilefni kveðst vitnið minnast þess, að stefnandi sagði strax eftir slysið: „Sérðu, hvað þú hefur gert, þú hefur tekið af mér einn puttann", en vitnið kveðst engu hafa svarað því, heldur hafizt handa um að koma stefnanda undir læknishendur. Vitnið kveðst hafa verið búið að gleyma því, að stefnandi slasaðist á vinstri hendinni, enda komi hið sanna í ljós um þetta í skýrslunni til öryggiseftirlitsins. Vitnið kveðst einungis hafa stutt við pappírinn, meðan stefnandi var að þræða, en kveðst ekki hafa neitt yfir stefnanda að segja.

Við samprófun voru þeir stefnandi og vitnið sammála um það, að eðlileg og venjuleg vinnubrögð við að þræða pappír við þær aðstæður, sem stefnandi var í, sé að nota báðar hendur þannig að stinga pappírnum upp á milli valsanna með hægri hendi og taka á móti honum að ofan með vinstri hendinni. Stefnandi tekur fram, að áður en hann gat komið endanum á milli, hafi hann þurft að rétta endann af með hægri hendinni og síðan hafi það verið ætlun sín að halda við pappírinn með þeirri hægri, en taka á móti pappírnum að ofan með þeirri vinstri. Stefnandi segir, að vitnið hafi ekki staðið fyrir miðjum valsinum, heldur hafi hann staðið utan til, rétt hjá stefnanda, en kveðst þó ekki hafa fylgzt með ferðum vitnisins. Stefnandi segir, að flái hafi verið á pappírsendanum og hljóti vitnið því að hafa verið nær mætta en miðju. Vitnið segir, að það hljóti að hafa verið flái á pappírnum og geti vel verið, að fláinn hafi ekki verið kominn upp yfir dekkvalsinn, en vitnið kveðst ekki muna, hve fláinn var kominn langt. Vitnið og stefnandi segja, að skotrofi sé á hverri vélasamstæðu fyrir sig og einnig á brotvélinni fremst, en brotvélin sé í nokkurra metra fjarlægð, og hugsanlegt sé, að einhver óviðkomandi hafi komið inn í vinnusalinn og ýtt á rofann, en engir aðrir hafi verið að vinna í þessum sal en þeir.

Vitnið Helgi Ingiber Gunnarsson, sem komið hefur fyrir dóm, kveðst hafa samið skýrsluna á dómsskj. nr. 5, en ekki muna, hvar það tók skýrslurnar af vitninu Guðbirni og stefnanda. Var lesinn fyrir vitninu sá hluti skýrslu stefnanda hér að framan, sem fjallar um viðtöl þau, sem stefnandi kveðst hafa átt við vitnið. Kveðst vitnið ekkert um þetta muna, en kveðst ekki geta neitað því, að skýrsla stefnanda um ferð hans og viðtöl við vitnið kunni að vera rétt. Vitnið kveðst þó algerlega neita því, að það hafi þving-

að stefnanda til þess að skrifa undir. Vitnið gerir aðspurt svofellda grein fyrir framkvæmd skýrslutöku sinnar: „Við þessar skýrslur eins og aðrar þá fór maður ávallt á slysstað og tók fyrst skýrslu af slasaða, ef hann var til staðar, ef ekki, þá af sjónarvotti eða nærstöddum. Jafnframt þessu þá var tæki eða vél athuguð, hvort allur öryggisbúnaður væri í lagi. Skýrslutakan sjálf fór ýmist fram á slysstað sjálfum eða á skrifstofu öryggiseftirlitsins eða heima hjá mönnum. Ég man ekki, hvar þessi skýrsla var tekin. Yfirleitt var viðkomandi viðstaddur, þegar skýrslan var tekin, en stundum eftir samtali og borin svo undir viðkomandi síðar til undirskriftar. Ég man ekki, hvort skýrsla sú, sem ég tók af stefnanda máls þessa, var samin að honum viðstöddum eða samkvæmt frásögn slasaða í þessu tilfelli.“ Vitnið telur með tilliti til skýrslu sinnar á dómsskj. nr. 5, að það hafi álitið öryggisbúnað vélarinnar í lagi. Aðspurt kveðst vitnið álíta, að skýrslan, sem það tók af stefnanda, sé eingöngu byggð á frásögn skýrslugefanda, en þar sé ekki um að ræða ályktanir vitnisins eða annarra.

Við samprófun vitnisins og stefnanda skýrir stefnandi svo frá, að yfirprentarinn, Ólafur Magnússon, hafi boðað hann niður á slysstaðinn daginn, sem skýrslan var tekin. Kveðst stefnandi hafa hitt vitnið í afgreiðslu Morgunblaðsins á 2. hæð (pökkunarsal) og hafi þeir gengið niður í pressusalinn, og þar kveðst stefnandi hafa gefið skýrsluna og undirritað hana. Stefnandi endurtekur staðhæfingu sína frá fyrra réttarhaldi, en vitnið kveðst ekkert um þetta muna og ekki einu sinni, að það hafi tekið skýrslu af stefnanda í Morgunblaðshúsinu. Vitnið tekur fram í þessu sambandi, að það hafi komið árlega í Morgunblaðsprentsmiðjuna til að skoða vélar þar. Stefnandi tekur fram, að hann hafi sagt við vitnið, áður en skýrslan var gerð, að hann vildi ekki, að skýrslan yrði sem ádeila á Guðbjörn starfsfélaga sinn, og endurtekur stefnandi, að hann hafi ekki viljað undirrita skýrsluna, en þar sem vitnið hafi fullvissað hann um, að undirskriftin væri aðeins formsatriði, þá hafi hann látið tilleiðast, enda kveðst stefnandi hafa treyst því, að hann gæti alltaf fengið leiðréttingu á skýrslunni með tilliti til þess, sem hann sagði við vitnið, þegar skýrslan var tekin. Þegar stefnandi fór að kanna, hvort hann ætti rétt á bótum, kveðst hann hafa fegið bakþanka út af skýrslunni og því farið á fund vitnisins á skrifstofu þess að Bræðraborgarstíg 9.

Dómendur hafa farið á vettvang að viðstöddum lögmönnum

beggja málsaðilja svo og stefnanda og Guðbirni Guðmundssyni, starfsmanni stefnda. Lýstu þeir stefnandi og framangreindur starfsmaður stefnda stöðu sinni við vélina og hvað þeir hefðu hafzt að, er slysið vildi til. Þá töldu þeir aðspurðir útilokað, að vélin gæti farið af stað af sjálfsdáðum, enda telur vitnið Helgi Gunnarsson, eftirlitsmaður Öryggiseftirlits ríkisins, í framburði sínum, að það hafi álitið öryggisútbúnað vélarinnar vera í lagi, sbr. skýrslu þess á dómsskj. nr. 5.

Samkvæmt málsskjölum og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir ekki hafa komið fram sönnun fyrir því, að stefndi eigi sök á slysi því, sem stefnandi varð fyrir og mál þetta er risið af. Þykir því ekki unnt gegn eindregnum mótmælum stefnda að taka kröfur stefnanda á hendur honum til greina. Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í þessu máli.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 20.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendum, Hafliða Helgasyni prentsmiðjustjóra og Jóni Otta Jónssyni prentara.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögu dóms í máli þessu vegna mikilla anna dómsformanns við embættið svo og vegna fjarveru hans.

Dómsorð:

Stefndi, Árvakur h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Hilmars Gunnlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns stefnanda, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Mánudaginn 23. janúar 1967.

Nr. 103/1966. **Ólafur E. Ólafsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Júlíusi Júlíussyni og gagnsök
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1966 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum *aðallega* kr. 12.298.00, en *til vara* kr. 10.453.30 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. október 1966, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna í málinu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi öðlaðist hinn 28. marz 1945 fyrir framsal og samþykki ráðuneytis þess, sem til þess var bært, handhöfn erfðaleigusamnings, dags. 15. maí og 16. júní 1942, um 0.3 ha úr landi jarðarinnar Kópavogs í Seltjarnarneshreppi, merta CXLVI á uppdrætti 15. maí 1942. Samkvæmt 14. gr. erfðaleigusamningsins skyldi erfðaleiguhafa vera skylt „að láta af hendi erfðaleigurétt sinn til landsins, að nokkrum hluta þess eða því öllu“, þá er erfðaleigusali „telur sig þarfnast erfðaleigulandsins til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélaga svo og til sérstaks atvinnurekstrar“. Skyldi þá „fyrir ræktun og mannvirki“ á landi því, sem úr erfðaleigu væri tekið, „greiða leigutaka

eftir mati úttektarmanna eða mati óvilhallra, dómkvaddra manna nema öðruvísi semjist."

Samkvæmt 15. gr. erfðaleigusamningsins skyldi erfðaleiguhafa vera skylt m. a. „að láta erfðaleiguland sitt af hendi, hvort heldur allt landið eða hluta af því, gegn gjaldi eftir mati úttektarmanna eða dómkvaddra, óvilhallra manna, ef ríkissjóður, hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarfélag eða einstaklingar þarfnast landsins til byggingalóða samkvæmt skipulagi viðkomandi bæjar, og hreppsnefnd eða bæjarstjórn mælir með því og landsdrottinn samþykkir." Samkvæmt 8. gr. skyldi erfðaleiguhafa vera óheimilt að endurleigja landið. Framsal á erfðaleigurétti skyldi samkvæmt 8. og 13. gr. einungis fara fram á landinu í heild, enda kæmi samþykki landsdrottins til. Samkvæmt 7. gr. erfðaleigusamningsins var landið leigt til ræktunar, en „varanlegt íbúðarhús" mátti því aðeins reisa á því, „að hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps mæli með því, enda komi sérstakt samþykki landbúnaðarráðherra til". Leigutaka skyldi „óheimilt að leyfa öðrum mönnum, stofnunum eða félögum að byggja á landinu eða gera önnur mannvirki á því."

Ársleigan eftir erfðaleigulandið var kr. 5.00 samkvæmt 3. gr. erfðaleigusamningsins.

Miða verður við, að íbúðarhúsið á erfðaleigulandinu hafi verið reist með leyfi réttra og bærra yfirvalda.

Hinn 18. júlí 1955 afsalaði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda fokheldri íbúð á 1. hæð, að einu herbergi fráskildu, en með geymslu og þvottaherbergi í kjallara, í húsi á erfðafestulandinu. Er hið selda talið vera 42.5% hússins. Í afsalinu segir, að „lóðarréttindi að hluta" fylgi í kaupunum. Húsið er nú nr. 49 við Kópavogsbraut. Talið er, að íslenzka ríkið hafi á árunum 1956—58 selt Kópavogskaupstað lendur í Kópavogi, þ. á m. erfðafestuland það, sem í máli þessu greinir. Á árinu 1963 tók kaupstaðurinn erfðafestulandið til sinna þarfa að undanskilinni 1109 m^2 spildu undir og umhverfis hús aðilja, sem þeim var leigð með lóðarleigusamningi, dags. 4. og 10. maí 1963. Fyrir ræktun á hinu tekna landi greiddi kaupstaðurinn erfðaleiguhafanum, gagnáfrýj-

anda máls þessa, með úthlutun til hans á lóð nr. 10 við Þinghólsbraut og kr. 24.596.00. Aðaláfrýjandi kveðst hafa átt jafnan rétt við gagnáfrýjanda til erfðafestulandsins samkvæmt afsalinu og lagt í kostnað við ræktun þess og lagfæringu. Gagnáfrýjandi kveður, að aðaláfrýjanda hafi einungis verið seld hæfileg lóðarréttindi fyrir húsið og hann hafi aðeins unnið að lagfæringu á þeim hluta erfðafestulandsins, sem aðiljum hafi verið leigður með lóðarleigusamningnum 4. og 10. maí 1963. Af hendi aðaláfrýjanda hefur fátt markvert verið í ljós leitt um aðdraganda afsalsins frá 18. júlí 1955 né um könnun af hans hendi við íbúðarkaupin á réttindaskjölum gagnáfrýjanda, þinglýstum eða óþinglýstum. Af hans hálfu hafa ekki heldur verið færðar fram sönnur um tilkostnað hans til umbóta og lagfæringar á þeim hluta erfðafestulandsins, sem Kópavogskaupstaður tók til sín samkvæmt erfðaleigusamningnum. Orðalag afsalsins frá 18. júlí 1955, óstutt öðrum gögnum, veitir eigi efni til að dæma aðaláfrýjanda úr hendi gagnáfrýjanda hlutfallslegan hluta þeirra fébóta, sem Kópavogskaupstaður greiddi gagnáfrýjanda fyrir ræktun á þeirri spildu erfðafestulandsins, er kaupstaðurinn leysti úr erfðafestu gagnáfrýjanda samkvæmt erfðaleigusamningnum og gagnáfrýjandi fékk eigi síðan lóðarleigusamning um.

Frá útgáfu afsalsins 18. júlí 1955 og fram til lóðarleigusamningsins 4. og 10. maí 1963 greiddi aðaláfrýjandi enga lóðarleigu, enda innti gagnáfrýjandi hið árlega erfðafestugjald, kr. 5.00, af hendi. Með nefndum leigulóðarsamningi frá 1963 var sú 1109 m^2 spilda, sem hann tekur yfir, í raun og veru tekin úr erfðaábúð gagnáfrýjanda og síðan leigð aðiljum máls þessa með lóðarleigukjörum. Í lóðarleigusamningnum er svo kveðið á, að ársleigan eftir lóðina nr. 49 við Kópavogsbraut skuli vera kr. 277.00, unz öðruvísi verður ákveðið. Þá segir, að leigan skuli aldrei vera lægri en 5% af fasteignamati lóðarinnar. Taka má lóðarleiguna til endurskoðunar á þriggja ára fresti. Leigutaka er og skylt að hlíta ákvæðum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar um leiguna og svo að sæta ákvæðum laga á hverjum tíma um álag á hana.

Gagnáfrýjandi var í réttarsambandi við landeigandann, Kópavogskaupstað, og átti rétt á bótum fyrir, að erfðafestusamningurinn var leystur upp, nokkur hluti erfðafestulandsins var tekinn úr vörzlum hans og hinum hlutanum breytt í lóðarleigusamning. Aðaláfrýjandi var hins vegar í engu réttarsambandi við Kópavogskaupstað um landið, unz hann gekkst undir lóðarleigusamninginn. Hann gat eigi reist kröfur á hendur kaupstaðnum vegna niðurfellingar erfðaleigusamningsins. Gagnáfrýjandi átti kröfur á kaupstaðinn vegna afnáms erfðaleigusamningsins. Hann seldi aðaláfrýjanda „lóðarréttindi að hluta" með afsalinu frá 18. júlí 1955 og ber ábyrgð á efnd þess loforðs. Við niðurfall erfðaleigusamningsins verður aðaláfrýjandi að greiða kaupstaðnum leigu fyrir lóðarréttindin. Verður eigi fullyrt, að aðaláfrýjandi hafi mátt sjá þetta fyrir við viðtöku afsalsins 18. júlí 1955. Að svo vöxnu máli þykir hann eiga rétt til bóta úr hendi gagnáfrýjanda, enda verður þessi málsástæða tekin til greina, þótt umboðsmaður aðaláfrýjanda hafi eigi hreyft henni, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Bæturnar þykja hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00 ásamt vöxtum, eins og síðar segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Júlíus Júlíusson, greiði aðaláfrýjanda, Ólafi E. Ólafssyni, kr. 5.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. ágúst 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 6. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, hinn 26. apríl s.l., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 1. desember 1964, af Ólafi E. Ólafssyni, Kópavogsbraut 49, Kópavogi, á hendur Júlíusi Júlíussyni, til heimilis á sama stað, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 12.298.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 7. ágúst 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Á síðara stigi málsins breytti stefnandi vaxtakröfu sinni til samræmis við almenna bankavexti í landinu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum fullan málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að með afsali af hálfu stefnda, dagsettu 18. júlí 1955, hafi hann eignazt íbúð í húseigninni nr. 25 við Kópavogsbraut hér í bæ, en sú eign beri nú númerið 49 við sömu götu. Íbúðin sé á 1. hæð hússins og hafi hún verið seld ásamt öllu, sem henni fylgi og fylgja beri, þar á meðal lóðarréttindum að hluta, eins og segi í afsalinu.

Á tímabilinu frá árinu 1955 til síðla árs 1963 kveður stefnandi margvíslegar framkvæmdir hafa verið gerðar á landi húseignarinnar. Girtur hafi verið ca. helmingur landsins og mold keyrð þar í uppfyllingu og landið síðan ræktað. Öll fjárútgjöld hafi þeir borið að jöfnu til helminga hvor, stefnandi og stefndi. En þá vinnu, sem til þessara framkvæmda hafi þurft, kveðst stefnandi að langmestu leyti hafa innt af hendi og miklu meira en honum bar á móti stefnda.

Á árinu 1963 hafi svo bæjaryfirvöldin í Kópavogi tekið land það, er framkvæmdir þessar höfðu átt sér stað á, til eigin ráðstöfunar, en kaupstaðurinn hafi á árunum 1956—1958 keypt þarna allt land, er ríkið hafði áður átt, og þar á meðal umrædda lóð.

Fyrir þær framkvæmdir, er þeir stefndi og stefnandi hafi innt af hendi í sameiningu á landi því, er Kópavogskaupstaður tók til sinna umráða, kveður stefnandi kaupstaðinn hafa greitt bætur hinn 7. 8. 1963 að upphæð kr. 24.596.00 og hafi stefndi einn tekið við þeim. Stefnandi telur sig hins vegar hafa átt að fá a. m. k. helming þeirrar upphæðar vegna framlags síns til framkvæmdanna og sé stefnukrafan, kr. 12.298.00, miðuð við það, enda þótt

hann telji sig hafa lagt af mörkum meira en helming til þessara framkvæmda. Öll tilmæli sín til stefnda um greiðslu á þessari kröfu hafi reynzt árangurslaus.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hér sé um erfðaleigu land að ræða. Þegar þeir stefnandi hafi samið um íbúðarkaupin, hafi aldrei verið á annað minnzt en að stefnandi fengi einungis að sínum hluta lóð þá, er húsinu fylgdi, en enga hlutdeild í erfðafestulandi hans. Stefnandi hafi aldrei gerzt aðili að erfðafestusamningi hans og aldrei farið fram á það. Aldrei hafi hann greitt eða boðizt til að greiða leigu fyrir erfðafestulandið, enda aldrei krafinn um hana. Hins vegar hafi stefnandi eitt sinn komið að máli við sig og farið fram á, að stefndi léti móður hans fá byggingarlóð úr erfðafestulandi sínu. Kveðst stefndi hafa neitað þessu, þar eð hann hafi sjálfur hugsað sér að reisa annað hús á landinu, ef eða þegar það yrði tekið úr erfðafestu, sem alltaf hafi mátt búast við. Hafi stefnandi þá látið þá málaleitan niður falla. Ekki löngu síðar hafi svo bróðir stefnanda, Einar Ólafsson, farið fram á hið sama við hann, en hann neitað sem fyrr.

Stefndi mótmælir því sem röngu, að stefnandi hafi lagt fé eða vinnu í lóð hússins umfram sinn hluta eða beina skyldu. Hins vegar kveðst stefndi hafa boðið honum umfram skyldu að greiða honum kr. 12.298.00, en því boði hafi stefnandi hafnað, og kveðst stefndi ekki hafa talið það boð standa lengur, enda hafi stefnandi ekki viljað gefa kost á samningum eða greiðslufresti.

Þá telur stefndi, að stefnandi hafi alltaf frá upphafi vitað, að til hafi staðið að taka landið úr erfðafestu og skipta því í byggingalóðir. Hafi honum því alveg frá upphafi tvímælalaust verið það kunnugt, að hann hefði ekki gerzt aðili að neinum lóðarréttindum öðrum en þeim, er fylgdu húsi því, er hann keypti íbúð í. Enda sé stefnanda fyllilega kunnugt um það eins og öðrum landsmönnum, að aðild að erfðaleigusamningi við ríkið er háð sérstöku og ströngu formi.

Aðiljar hafa báðir komið fyrir dóm í máli þessu. Stefnandi skýrði þar svo frá, að er hann hafi verið að semja um íbúðarkaupin, hafi hann komið á staðinn til að skoða. Hafi þá öll lóðin, er fylgdi húsinu, verið girt vírnetsgirðingu og öll verið ræktuð, en búið að flytja nokkra bíla af mold á staðinn og koma fyrir í kringum sjálft húsið. Við kaupin hafi sér aldrei skilizt annað en að eignarhluta þeim, er hann keypti, fylgdu hlutfallsleg réttindi í allri lóðinni í kringum húsið. Hann kvaðst ekki minnast

þess, að sérstaklega hafi verið rætt um það, að lóðarréttindin væru erfðaleiguréttindi. Hann kvaðst hafa lagt vinnu í og tekið þátt í kostnaði til helminga við ræktun ca. hálfs erfðaleigulandsins, en hinn helmingurinn hafi verið óræktaður og kominn undir byggingalóðir, en um það bil 500 m² af þeim helmingi, er óræktaður var, hafi síðan verið tekinn út úr landinu af Kópavogskaupstað.

Stefndi skýrði svo frá, að er kaup þeirra stefnanda gerðust, hafi allt erfðafestulandið, er húsið stóð á, verið girt og hafi þá ekki verið búið að úthluta eða afmarka sérstaka lóð kringum húsið. Hann kvaðst einn hafa greitt árlega landsleigu vegna erfðaleigusamningsins. Þá taldi hann, að stefnandi hefði eingöngu lagt vinnu og peninga að sínum hluta í um það bil 1000 m² lóð kringum sjálft húsið. Stefndi sagði að lokum, að sá hluti landsins, er stefnandi fullyrti, að hefði verið óræktaður, hefði verið ræktaður af sér og hafi hann haft þar matjurtagarða.

Lögð hafa verið fram í málinu afrit bréfa, er fóru á milli stefnda og Júlíusar Bjarnasonar annars vegar og Kópavogskaupstaðar hins vegar um töku umræddS erfðaleigulands. Bréf, dagsett 27. janúar 1963, undirritað af stefnda og Júlíusi Bjarnasyni, hljóðar svo: „Í tilefni af bréfum, dags. 12. og 15. jan. s.l., sem okkur hafa borizt, þar sem okkur er sagt upp erfðaleigulandi og byggingarlóð, viljum við undirritaðir bjóða bæjarráði eftirfarandi samninga: Við viljum sætta okkur við ógildingu fyrrnefndra samninga gegn því, að bæjarráð gefi út nýjan lóðarsamning fyrir húsinu nr. 25 við Kópavogsbraut, og í öðru lagi úthluti okkur lóðinni nr. 10 við Þinghólsbraut og leyfi okkur að byggja einnar eða tveggja íbúða hús á þeirri lóð. Sem bætur fyrir ræktun á erfðaleigulandinu verði byggingar á lóðinni undanþegnar gatnagerðargjaldi".

Í bréfi bæjarstjórans í Kópavogi til stefnda, dags. 6. 2. 1963, segir svo, að samþykkt hafi verið að gefa út lóðarleigusamning á lóðinni nr. 25 við Kópavogsbraut og staðfesta lóðarúthlutun á lóðinni nr. 10 við Þinghólsbraut. Lóðarleigusamningur fyrir lóðinni nr. 25 (nú 49) við Kópavogsbraut var síðan gefinn út 4. maí 1963 til handa stefnanda og stefnda í máli þessu, og er flatarmál hinnar leigðu lóðar 1109 m². Stefnandi og stefndi rituðu undir lóðarleigusamninginn hinn 10. maí 1963, og var honum þinglýst 6. maí 1964.

Hinn 28. júlí 1963 ritaði stefndi bæjarráði Kópavogs bréf og óskaði staðfestingar á því, að hann „þurfi ekki að greiða gatna-

gerðargjald af lóðinni nr. 10 við Þinghólsbraut, sem ég fékk úthlutað í bætur fyrir erfðaleiguland mitt nr. CXLVI við Kópavogsbraut". Kveðst hann reiðubúinn að afhenda erfðaleigusamninginn og enn fremur lóðarsamning, er faðir hans hafði fengið fyrir lóðinni nr. 8 við Þinghólsbraut, til ógildingar, ef hann fengi umrætt gatnagerðargjald niður fellt. Hinn 6. ágúst 1963 hefur stefndi svo kvittað fyrir móttöku á kr. 24.596.00, og hefur verið lagt fram í málinu staðfest afrit af umræddri kvittun, og hljóðar meginmál hennar svo:

„Í dag hefur Kópavogskaupstaður greitt mér að fullu bætur fyrir erfðafestuland mitt nr. CXLVI við Kópavogsbraut kr. tuttuguogfjögurþúsundfimmhundruðníutíuogsex 00/100 sem hér með viðurkennist"

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram tvö vottorð frá þeim Gísla Sigurðssyni, Eskihlíð 35, og Kolbeini Kolbeinssyni, Reynihvammi 30. Hinn fyrrnefndi vottar, að hann hafi selt stefnanda túnþökur sumarið 1962, sem notaðar hafi verið á erfðafestulandi að Kópavogsbraut 25. Stefnandi hafi sjálfur flutt túnþökurnar af sölustað. Hinn síðarnefndi vottar, að vorið 1958 hafi hann lánað stefnanda jarðýtu til þess að jafna með erfðafestuland að Kópavogsbraut 25, en vinnuna hafi stefnandi sjálfur framkvæmt.

Þá hefur verið lögð fram í málinu yfirlýsing bróður stefnanda, Einars Ólafssonar, dags. 14. marz 1965, þar sem hann mótmælir þeirri staðhæfingu stefnda, að hann hafi boðizt til að kaupa af honum lóð úr umræddu erfðafestulandi. Kveðst hann hafa verið búinn að fá loforð hjá stefnda um, að hann gæfi sér eftir sinn hluta af lóðinni og hafi hann farið þess á leit við stefnda, að hann gæfi sér eftir sinn hluta, en ekki minnzt á neina sölu. Hins vegar hafi stefndi þá boðið sér rétt sinn til nefndrar lóðar fyrir kr. 10.000.00, en hann kveðst engu hafa svarað því tilboði, enda hafi sér verið tjáð, að útilokað væri að fá byggingarleyfi á nefndri lóð, ef um sölu á henni eða hluta hennar væri að ræða.

Mál þetta var munnlega flutt og dómtekið 5. júlí 1965, en hinn 8. júlí var kveðinn upp úrskurður á bæjarþingi Kópavogs af Sigurgeiri Jónssyni bæjarfógeta um endurupptöku til að „veita aðiljum kost á viðbótar gagnaöflun, einkum að aflað verði upplýsinga um eignarhluta hvors málsaðilja um sig í húseigninni nr. 49 við Kópavogsbraut." Hinn 26. apríl s.l. lögðu svo lögmenn aðilja sameiginlega fram greinargerð Gunngeirs Péturssonar, þar sem hann skiptir umræddri húseign þannig, að hluti stefnda reiknist 57.5%, en hluti stefnanda 42.5% húseignarinnar.

Að mati réttarins velta úrslit þessa máls á því, hvort talið verði, að stefnandi hafi, er hann keypti umræddan húshluta, eignazt hlutfallsleg réttindi í erfðafestulandi stefnda og því átt rétt til bóta að sínu leyti, er landið var tekið úr erfðafestu. Erfðaleigusamningur um hið umrædda land, nr. CXLVI úr landi jarðarinnar Kópavogs, hefur verið lagður fram í málinu. Hann er upphaflega gefinn út 15. maí 1942 til handa Jóni Eiríkssyni, Urðarstíg 15, Reykjavík, en með áritun, dags. 28. marz 1945, hefur ráðuneytið samþykkt, að Emanúel Júlíus Bjarnason, Njálsgötu 53, Reykjavík, gengi í erfðarétt fyrrnefnds Jóns, og með áritun, dags. 14. júní 1945, hefur það síðan samþykkt, að stefndi í máli þessu, þá til heimilis að Hrísateigi 25, Reykjavík, gengi inn í skyldur og réttindi fyrrnefnds Emanúels Júlíusar Bjarnasonar.

Í 8. gr. samnings þessa segir, að leigutaka sé óheimilt að endurleigja, framselja eða láta af hendi á annan hátt erfðaleigurétt sinn til nokkurs hluta af landinu. Framsal á erfðaleigurétti til landsins geti aðeins farið fram á landinu í heild, en samkvæmt 13. gr. þarf samþykki landbúnaðarráðherra til slíks framsals. Af þessum ákvæðum, sem eru almennt í erfðaleigusamningum, sést, að aðild að erfðaleigunni er háð allströngum formskilyrðum og að ekki er ætlazt til, að unnt sé einhliða að afsala þessum rétti. Þá er og á það að líta, að skv. 7. gr. samningsins er bygging varanlegs íbúðarhúss á erfðaleigulandinu háð sérstöku samþykki landbúnaðarráðherra, enda er landið leigt sem ræktunarland. Þykir því tæplega unnt að líta svo á, að þegar leyfi sé fengið fyrir slíkri byggingu, sé unnt að ganga fram hjá fyrrgreindum formskilyrðum um aðild að erfðaleiguréttinum.

Telja verður, að fólk hljóti og eigi almennt að vita um það, að erfðaleigusamningar eru háðir allströngum ákvæðum um aðild, og menn geti ekki treyst því, að þeir öðlist hlutdeild í erfðaleigurétti án sérstaks samþykkis leigusala.

Í afsali því, er stefndi gaf út til stefnanda 18. júlí 1955, segir, að hann afsali honum þar greindri íbúð og „öllu, sem þessari íbúð fylgir og fylgja ber, þ. á m. lóðarréttindi að hluta". Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir ekki unnt að líta svo á, að með þetta afsal eitt í höndum hafi stefnandi getað litið á sig sem hlutdeildarmann í erfðafestulandinu og hafi hann átt að gera gangskör að því að fullnægja réttum forskilyrðum, hafi hann viljað eignazt þennan rétt. Verður því að hafna því, að hann eigi sem slíkur rétt til hlutfallslegra bóta vegna töku erfðafestulandsins, og þar eð hann að öðru leyti hefur ekki lagt fram

rökstudda reikninga um útlagðan kostnað vegna framkvæmda á hinu tekna landi, þykir verða að sýkna stefnda af öllum kröfum hans í máli þessu. Eftir atvikum þykir eðlilegast, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Júlíusson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs E. Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 26. janúar 1967.

Nr. 233/1966. **Miðnes h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Vestmannaeyja
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm. Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um greiðslu andvirðis matvæla, kr. 12.075.71, er hann kveðst hafa afhent til m/b Þorgeirs, GK 73, á tímabilinu frá 13. febrúar til 23. marz 1964, en áfrýjandi hafði útgerð báts þessa á hendi.

Garðar Arason, starfsmaður stefnda, sem starfaði að afgreiðslu matvæla til báta, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að viðskipti þessi séu venjulega framkvæmd þannig, að

matsveinn báts þess, sem matvælin eigi að fá, leggi fram pöntunarlista yfir þær vörur, sem kaupa eigi. Síðan kveðst vitni þetta annast um afgreiðslu varanna og rita frumreikning um kaupin í þríriti. Vörurnar séu síðan afhentar um borð í bátinn og þeim fylgi þá eitt eintak frumreikningsins.

Í máli þessu hafa verið lagðir fram pöntunarlistar þeir, er stefndi telur undirstöðu viðskipta þessara. Eru listar þessir óundirritaðir. Í aðeins eitt sinn er kvittað á frumreikning um móttöku varanna.

Áfrýjandi hefur vefengt, að vörur þær, sem stefndi krefur um verð fyrir í máli þessu, hafi verið afgreiddar til umrædds báts. Þrátt fyrir þetta hefur hvorugur aðilja hirt um að afla um viðskipti þessi skýrslna eða vættis matsveins þess, er skráður var á m/b Þorgeir, GK 73, á þeim tíma, er viðskipti þessi eru talin hafa átt sér stað, né annarra af áhöfn bátsins.

Þar sem slíkir gallar eru á málatilbúnaði og gagnaöflun, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 6. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðna Guðnasyni kaupfélagsstjóra f. h. Kaupfélags Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 19. janúar 1965, birtri 22. s. m., á hendur Ólafi Jónssyni framkvæmdastjóra f. h. Miðness h/f, Tjarnargötu 3, Sandgerði, til greiðslu á úttektarskuldum vegna m/b Þorgeirs, GK 73, eign stefnda, á tímabilinu 15. febrúar til 23. marz 1964 samkvæmt reikningum að fjárhæð kr. 12.075.71 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1964 til greiðsludags auk alls málskostnaðar

að skaðlausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Á vetrarvertíðinni 1964, á tímabilinu janúar—marz, fóru fram nokkrar úttektir úr verzlun stefnanda til m/b Þorgeirs, GK 73, og var það aðallega matvara handa áhöfn skipsins. Úttektirnar á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar voru greiddar af stefnda, en úttektirnar eftir þann tíma, eða frá miðjum febrúar til marzloka, fengust hins vegar ekki greiddar að undanskildum smáúttektum vegna skipsins sjálfs. Kvaðst stefndi hafa fengið reikninga yfir fyrra tímabilið, skömmu eftir að úttektirnar áttu sér stað og hafi því verið unnt að jafna þeim kostnaði niður á skipverja. En reikningar yfir síðara tímabilið hafi fyrst verið sendir 23. maí um vorið og hafi þá verið búið að gera upp við skipshöfnina og hluti af áhöfninni þegar farinn úr þjónustu útgerðarinnar. Við uppgjörið hafi verið gengið út frá, að allir kostreikningar væru komnir fram og alls ekki gert ráð fyrir frekari reikningum frá stefnanda. Skipverjar fæði sig sjálfir og útgerðin taki enga ábyrgð á úttektum til mötuneytis þeirra og því aðeins taki útgerðin reikninga til niðurdeilingar og greiðslu, að þeir hafi borizt henni fyrir úthaldslok. Af þessum ástæðum neitaði stefndi að greiða reikningana og höfðaði stefnandi þá mál þetta.

Starfsmaður hjá stefnanda, Garðar Arason, mætti sem vitni í málinu 25. febrúar 1965. Hann kvaðst annast um afgreiðslu til báta fyrir stefnanda. Viðskiptin gangi venjulega þannig fyrir sig, að matsveinn viðkomandi báts leggi inn pöntunarlista, og eru vörur afgreiddar samkvæmt þeim. Hann kvaðst jafnan rita úttektarnótur í þríriti og fái viðtakandi varanna eitt eintakið við afhendingu þeirra. Hann kvaðst muna eftir afgreiðslu til m/b Þorgeirs veturinn 1964 og vera alveg viss um að hafa afhent nótur yfir úttektirnar, um leið og þær voru afhentar. Frumnótur voru lagðar fram í málinu með reikningunum, og kvaðst vitnið hafa ritað allar nóturnar nema eina, en hún var með móttökukvittun.

Pöntunarlistar hafa verið lagðir fram, en þeir eru allir óundirritaðir. Úttektarnótur fylgja reikningunum, en þess hefur ekki verið gætt að láta viðtakendur kvitta fyrir móttöku varanna. Hér fyrir rétti hefur málflutningsmaður stefnda vefengt, að úttektirnar hafi átt sér stað og þar eð þær væru ósannaðar, bæri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Í málinu liggur fyrir bréf frá stefnda, dags. 28. ágúst 1964, til stefnanda. Kveðst hann þar endursenda samkv. beiðni kostreikninga á m/b Þorgeir Goða, GK 73. Kostúttektina, kr. 12.075.71, kveðst hann ekki geta greitt, vegna þess að hann væri þegar búinn að greiða skipverjum inneignir þeirra. Inneignirnar hafi verið greiddar út 21.—23. maí, en kostreikningarnir hafi ekki verið sendir fyrr en 23. maí. Ekki er einu orði að því vikið, að hann dragi í efa, að úttektirnar hafi átt sér stað.

Samkv. 216. gr., 5. lið 2. mgr., laga nr. 66/1963 ber útgerðarmaður ábyrgð á úttektum á vistum til skips, oftast ótakmarkaða, en í vissum tilfellum takmarkaða, sem hér eiga ekki við. Þessi regla gildir, þó að útgerðarmaður eigi rétt til samkv. stéttarsamningum að draga fæðiskostnaðinn frá kaupi skipverja. Eins og áður er getið, hafa reikningar ásamt úttektarnótum yfir stefnukröfuna verið lagðir fram, og fyrir liggur yfirlýsing frá endurskoðanda stefnanda, að reikningarnir séu í samræmi við bókhald fyrirtækisins. Og þar sem fyrir liggur vitnisburður afgreiðslumannsins um afhendingu varanna, og stefndi vefengdi ekki úttektirnar innan eðlilegs tíma eftir að hafa kynnt sér reikningana, þykir bera að ganga út frá, að úttektirnar hafi átt sér stað, þótt stefnandi hafi látið undir höfuð leggjast að fá kvittun fyrir móttöku þeirra. Sennilegt er, að stefndi hafi mátt gera ráð fyrir, að ókomnir væru reikningar yfir úttektir á vistum á tímabilinu 15. febr. til marzloka, er hann gerði upp við áhöfn sína. Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verður krafa stefnanda tekin til greina að öllu leyti.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Jónsson f. h. Miðness h/f, greiði stefnanda, Guðna Guðnasyni f. h. Kaupfélags Vestmannaeyja, kr. 12.075.71 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1964 til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. janúar 1967.

Nr. 194/1965. **Ásbjörn Ólafsson** (Gústaf Ólafsson hrl.)
gegn
Kr. Kristjánssyni h/f (Gunnar J. Möller hrl.)
og
Þrotabúi Kára B. Helgasonar (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frestun dómsuppsögu í Hæstarétti.

Úrskurður Hæstaréttar.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti hefur framkvæmt hið áfrýjaða fjárnám.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1965 og krafizt þess, að fjárnám það, sem gert var hinn 15. nóvember 1965 í fógetaréttarmálinu A-2004/1965: Kr. Kristjánsson h/f gegn Kára B. Helgasyni, verði úr gildi fellt og stefnda Kr. Kristjánssyni h/f verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Kr. Kristjánsson h/f krefst þess, að nefnt fjárnám verði dæmt gilt og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Kára B. Helgasyni var stefnt fyrir Hæstarétt í máli þessu. Af hans hendi hefur eigi verið mætt fyrir Hæstarétti í málinu. Hann var úrskurðaður gjaldþrota í skiptarétti Reykjavíkur hinn 26. janúar 1965. Af hendi þrotabús hans hefur ekki heldur verið svarað fyrir Hæstarétti.

Fyrir liggur í máli þessu yfirlýsing, útgefin af Kára B. Helgasyni 17. febrúar 1965 og árituð af biskupsritara, Ingólfi Ástmarssyni, hinn 18. ágúst 1965, svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Kári B. Helgason kaupmaður, Hverfisgötu 43, Reykjavík, viðurkenni hér með að hafa í dag fengið að láni hjá herra stórkaupmanni Ásbirni Ólafssyni, Reykjavík, kr. 1.000.000.00 — eina milljón —, og hef ég samþykkt þrjá víxla fyrir láninu, eins og hér segir: Víxil, að fjárhæð kr. 250.000.00, með gjalddaga 10. maí 1965, víxil, að fjárhæð kr. 500.000.00, með gjalddaga 10. ágúst 1965, og loks víxil, að

fjárhæð kr. 250.000.00, með gjalddaga 10. nóvember 1965.

Fari svo, að ég greiði framangreinda víxla ekki á réttum gjalddögum, þá lýsi ég því hér með yfir, að Gústafi Ólafssyni hrl., Reykjavík, veitist fullt og ótakmarkað umboð til þess að veita móttöku greiðslum þeim, sem ég á að fá inntar af hendi af herra biskupi Íslands og Kirkjuráði f. h. þjóðkirkjunnar og sem fram eiga að fara 15. maí 1965, 15. ágúst 1965 og 15. nóvember 1965, og er hver greiðsla að fjárhæð kr. 500.000.00, sbr. kaupsamning um bókasafn mitt, dags. 13. febrúar 1965, og hefur nefndur Gústaf fullt umboð mitt til þess að kvitta fyrir móttöku greiðslnanna fyrir mína hönd, enda er mér sjálfum óheimilt að veita þeim móttöku, fyrr en framangreindir víxlar eru að fullu greiddir. Þó er mér heimilt að veita maígreiðslunni móttöku, þegar ég hef greitt víxilinn með gjalddaga 10. maí 1965 o. s. frv.

Kaupsamningurinn um sölu á bókasafni mínu frá 13. febrúar 1965 skal vera í vörzlu Gústafs Ólafssonar, þar til framangreint lán Ásbjörns Ólafssonar til mín er að fullu greitt.

Framangreindu til staðfestu er eiginhandar nafn mitt hér undirritað.

Kári B. Helgason."

„Yfirlýsing þessi hefur verið sýnd á biskupsskrifstofunni, og greiðslur pr. 10. maí 1965 og 10. ágúst 1965 hafa verið greiddar.

Reykjavík, 18. ág. 1965

BISKUPSSTOFA

Ásbjörn Ólafsson Ingólfur Ástmarsson".

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá, að Kári B. Helgason hafi sjálfur greitt víxil þann, sem féll í gjalddaga 10. maí 1965. Hinn 18. ágúst 1965 hafi biskupsritari greitt á skrifstofu biskups, að þeim áfrýjanda og Kára B. Helgasyni viðstöddum, víxil þann, sem féll í gjalddaga 10. ágúst 1965, að fjárhæð kr. 500.000.00. Hafi þá jafnframt samizt svo með þeim áfrýjanda og Kára B. Helgasyni, að biskupsritari greiddi áfrýjanda hinn 15. nóvember 1965 kr. 250.000.00 af fjárhæð þeirri, sem þá skyldi inna af hendi fyrir bókasafnið. Áritaði

biskupsritari þá yfirlýsingu Kára B. Helgasonar frá 17. febrúar 1965.

Borgarfógeti framkvæmdi hinn 15. nóvember 1965 framhaldsfjárnám í nefndum kr. 250.000.00 til tryggingar dómi, uppkveðinn 22. október 1965 í máli, höfðuðu 15. október 1965, en með dómi þessum var Almennu bifreiðaleigunni h/f og Kára B. Helgasyni dæmt að greiða stefnda Kr. Kristjánssyni h/f óskipt kr. 1.254.000.00 með 8% ársvöxtum frá 15. ágúst 1965 til greiðsludags og kr. 75.000.00 í málskostnað. Fjárnám framkvæmdi fógeti og fyrir kostnaði af birtingu dóms og af fjárnámi. Samkvæmt gögnum málsins hefur hið fjárnumda fé verið lagt inn í bók við Landsbanka Íslands, eignaða borgarfógetaembættinu í Reykjavík.

Með áritun biskupsritara hinn 18. ágúst 1965 á yfirlýsingu Kára B. Helgasonar frá 17. febrúar 1965 skyldi tryggja greiðslu á kr. 250.000.00 skuld Kára við áfrýjanda, sem greiðast skyldi hinn 10. nóvember 1965, með óafturkallanlegri ávísun Kára B. Helgasonar til handa áfrýjanda á jafnháa kröfu Kára á biskupsembættið, þá er gjaldkræf varð 15. nóvember 1965. Þessi skuldaskipti þykir samkvæmt þeim gögnum, sem nú liggja fyrir, verða að meta svo, að með þeim hafi skapazt veð, handveðsréttar eðlis, til handa áfrýjanda í nefndri gjaldkröfu á hendur biskupsembættinu. Hefði þetta handveðsígildi gengið fyrir hinu áfrýjaða fjárnámi frá 15. nóvember 1965, ef gjaldþrot Kára hefði eigi orðið. En nú varð Kári B. Helgason gjaldþrota, áður en liðnir voru sex mánuðir frá stofnun handveðsígildisins. Er enn eftir gögnum málsins óráðið, hvernig fer um handveðsígildið við gjaldþrotaskiptin, sbr. 20. og 30. gr. laga nr. 25/1929 um gjaldþrotaskipti. Þá bera og skjöl málsins með sér, að dómur sá, sem fjárnámið 15. nóvember 1965 er á reist, var kveðinn upp í máli, er höfðað var hinn 15. október 1965. Frá málshöfðun þessari og fram til gjaldþrotaskiptanna eru ekki heldur sex mánuðir. Ríkir því einnig óvissa um örlög fjárnámsins við gjaldþrotaskiptin, sbr. 22. gr. og 30. gr. laga nr. 25/1929. Að svo vöxnu máli þykir eigi rétt að kveða á um það að svo stöddu, að hinn handveðslegi réttur, sem

sætir prófun við gjaldþrotaskiptameðferðina, skuli ganga fyrir fjárnáminu. Að þessu athuguðu ber samkvæmt meginreglunni í 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta uppsögu dóms í máli þessu, unz vissa liggur fyrir um afdrif handveðsígildisins frá 18. ágúst 1965 og örlög fjárnámsins frá 15. nóvember 1965 við gjaldþrotaskiptin á búi Kára B. Helgasonar.

Ályktarorð:

Uppsögu dóms í máli þessu skal fresta samkvæmt því, er að framan segir.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 15. nóvember 1965.

Fyrir var tekið: Málið A-2004/1965:

Kr. Kristjánsson h/f gegn Kára B. Helgasyni.

Mættur er í réttinum Jón Arason héraðsdómslögmaður. Hann krefst þess nú, að fjárnám verði gert í allri útborgun þeirri, sem Kári B. Helgason skyldi nú í dag fá greidda, eða kr. 500.000.00, en s.l. fimmtudag var aðeins gert fjárnám í kr. 250.000.00.

Séra Ingólfur Ástmarsson er mættur og ítrekar það, sem hann sagði, er málið var tekið fyrir hér s.l. fimmtudag, um kr. 250.000.00 ávísun af þessari greiðslu til Ásbjörns Ólafssonar. Jón Arason mótmælir, að ávísun þessi gangi fyrir rétti fjárnámsbeiðanda.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í 500 þúsund króna greiðslu þeirri, sem Kári B. Helgason skyldi í dag fá útborgaða á skrifstofu biskups og skýrði þýðingu þess fyrir séra Ingólfi Ástmarssyni.

Mánudaginn 30. janúar 1967.

Nr. 203/1965. **Sveitarstjóri Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins**
(Árni G. Finnsson hdl.)
gegn
Birni Guðmundssyni f. h. Verzlunarinnar Brynju
(Matthías Á. Mathiesen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1965. Krefst hann þess, að „viðurkennd verði heimild áfrýjanda til að rifta kaupum glers og að stefnda verði gert að greiða kr. 177.500.00 auk 7% ársvaxta frá 9/11 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar fyrir báðum dómum."

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og í héraðsdómi greinir, byggir áfrýjandi m. a. kröfu sína á því, að stefndi hafi ábyrgzt glerið, sem keypt var í barnaskólahúsið, í 5 ár, og styður þessa málsástæðu sína við bréf verktaka til hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps, dagsett 27. nóvember 1956, undirritað af Jakob Árnasyni, og svo við bréf Þórhalls Jónssonar verkfræðings, dagsett 10. október 1962, til Jakobs Árnasonar, en efni bréfa þessara er rakið í héraðsdómi. Ekki voru þó verktakarnir, Sigurður Jónsson og Jakob Árnason, né heldur Þórhallur Jónsson né starfsmenn stefnda kvaddir fyrir dóm til vættis um þetta atriði.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps f. h. Njarðvíkurhrepps höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. nóvember 1963, gegn Birni Guðmundssyni f. h. Verzlunarinnar Brynju hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 177.500.00 með 7% ársvöxtum frá 9. nóvember 1963 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í september 1956 gerði hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps f. h. hreppsins verksamning við verktakann Sigurð Jónsson & Jakob Árnason s/f um byggingu barnaskólahúss í Ytri-Njarðvík. Var svo um samið, að verktaki fengi greidda ákveðna fjárhæð fyrir verkið og skilaði húsinu fokheldu með tvöföldu gleri af tegundinni Thermopane frá Belgíu. Þegar kom að því að setja glerið í húsið, kom í ljós, að glerið frá Belgíu var ekki fáanlegt nema með mjög löngum afgreiðslufresti. Af þessu tilefni ritaði verktakinn hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps svohljóðandi bréf, dags. 27. nóvember 1956:

„Eftir ítrekaðar tilraunir til þess að fá innflutningsleyfi fyrir Thermopane, bæði frá Belgíu gegnum Eggert Kristjánsson h/f og frá Þýzkalandi gegnum Pál J. Þorleifsson h/f, höfum við fengið það svar, að alls ekki komi til mála, að leyfi verði veitt fyrir þessu gleri á árinu 1956. Engin loforð hafa heldur verið veitt fyrir leyfi á næsta ári. Eftirlitsmaður yðar getur borið um, að hér sé rétt með farið, þar sem hann hefur veitt okkur aðstoð til að fá leyfin.

Við viljum því bjóða yður gler frá Brynju samkv. sýnishorni því, sem við höfum sent yður. Gler þetta er tvöfalt með gúmmílista á milli, og tekur framleiðandi 5 ára ábyrgð á því, eins og ábyrgð er á eiginlegu Thermopane. Einangrunargildi þessa glers er svipað og fyrir Thermopane. Verðið heldur meira ...“

Hreppsnefndin hélt fund þann 12. desember 1956, og er bókun um hann á þessa leið:

„Fyrir var tekið:

Bréf frá Sigurði Jónssyni & Jakob Árnasyni, Keflavík, dagsett 27/11, móttekið 12/12, er þeir fara fram á, að gler í barnaskólann verði tekið frá Brynju, verzl. Reykjavík, þar sem ekki fáist leyfi fyrir gleri „Thermopane" frá útlöndum. Fimm ára ábyrgð er á Brynjugleri eins og því útlenda, en íslenzka framleiðslan mun vera ca. kr. 10.000.00 dýrari í heild heldur en það útlenda. Þriggja ára afgreiðslufrestur er á útlenda glerinu, en óvíst með það íslenzka. Einróma samþykkt, að glerið í skólann verði keypt frá Verzluninni Brynju."

Eftirlitsmaður hreppsnefndarinnar við byggingu skólahússins var Þórhallur Jónsson verkfræðingur. Í bréfi, dagsettu 10. okt. 1962, skýrir hann m. a. svo frá:

„Þegar fullreynt var, að ekki fengist innflutningsleyfi fyrir Thermopane gleri fyrir barnaskólann, eins og verklýsing gerði ráð fyrir, fór ég að beiðni Sigurðar og Jakobs s/f til Brynju til þess að athuga tvöfalt gler það, sem fyrirtækið framleiddi. Ég skoðaði gler þetta, sem var framleitt á þann hátt, að tvær rúður voru festar saman loftþétt með lista úr einhvers konar plastefni. Hjá Brynju fékk ég þær upplýsingar, að gler þetta hefði verið notað talsvert, hefði reynzt ágætlega og mundi endast á við Thermopane gler, ef gætt væri varúðar í meðferð og ísetningu. Brynja tæki 5 ára ábyrgð á þessu gleri á sama hátt og framleiðendur Thermopane glers. Á fundi hjá hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps skömmu síðar lýsti ég gleri þessu og lagði til, að Sigurði og Jakob s/f væri leyft að nota gler þetta í stað Thermopane glers í barnaskólann, þar sem að öðrum kosti mundu framkvæmdir við bygginguna tefjast um óákveðinn tíma, þar til Thermopane gler fengist, eða ef sett væri einfalt gler í bygginguna til bráðabirgða, mundi það valda hreppnum miklum aukakostnaði. Hreppsnefnd féllst á þetta, og skyldi verðmismunur á Brynjugleri og Thermopane gleri koma til leiðréttingar samningsupphæð. Síðan báðu Sigurður og Jakob s/f mig að taka saman lista yfir gler það, sem þyrfti í barnaskólann og leggja inn pöntun á því hjá Brynju. Þegar ég gerði það, var enn ítrekað, að 5 ára ábyrgð væri á glerinu. Að því mig minnir var það Björn Guðmundsson, framkv.stjóri Brynju, sem tók við pöntuninni".

Það er nú ágreiningslaust í málinu, að verktakinn, Sigurður Jónsson & Jakob Árnason s/f, tók við glerinu hjá stefnda og greiddi það. Í málflutningi sínum hafa aðiljar gengið út frá því,

að afhending glersins hafi farið fram 19. ágúst 1957 og að verktakinn hafi sett glerið í skömmu síðar.

Þann 30. janúar 1961 ritaði lögfræðingur stefnanda verktakanum, Sigurði Jónssyni & Jakob Árnasyn s/f, bréf, þar sem m. a. er svo frá greint:

„Á s.l. ári fór að bera á því, að móða settist innan á glerið, og nú er svo komið, að móða er það mikil, að stórvandræði eru af. Auk þess hafa rúðurnar losnað svo, að vatn kemst undir þær og flæðir inn á gólf í rigningarveðrum. Af þessum ástæðum hefur hreppsnefndin nú ákveðið að fá dómkvadda sérfróða menn til þess að skoða og meta þá galla, sem fram hafa komið. Brynju, Reykjavík, er sent afrit af þessu bréfi."

Jafnframt því að senda stefnda afrit ofangreinds bréfs ritaði lögfræðingurinn honum bréf, dags. 30. jan. 1961, og segir þar m. a.:

„Þar sem glerið er keypt hjá yður, þykir rétt að gefa yður kost á að gæta hagsmuna yðar í þessu máli. Ég hef frétt, að fimm ára ábyrgð sé á glerinu, og ef svo er og ef þér teljið að sú ábyrgð sé í gildi, bið ég yður að hafa samband við mig hið fyrsta."

Ekki svaraði stefndi bréfi þessu. Tveimur árum síðar, eða þann 30. janúar 1963, fékk stefnandi dómkvadda tvo matsmenn til að meta gallana á glerinu. Matsgerð matsmanna er dagsett 8. marz 1963. Þar er m. a. svo frá greint:

„... Matið nær til 235 rúða alls. ... Allar þessar rúður eru gallaðar. Móða er á þeim öllum og sums staðar dögg. Einkenni gallanna voru yfirleitt mjög greinileg. Orsökin er sú, að samskeyti rúðanna hafa orðið óþétt, og loft getur leikið á milli þeirra. Tvöfalt gler, þannig gallað, er ónothæft. Hitaeinangrunin minnkar mjög, og vegna móðunnar dregur úr birtu og skyggni. Kostnað við að endurnýja hinar gölluðu rúður, þar með talin málun glugga að utan, eftir því sem þörf krefur, telja matsmenn hæfilega metinn á kr. 177.500.00. ... Matsmenn gera ráð fyrir, að matsþoli eignist hinar úrteknu rúður. Matsmenn urðu ekki varir við, að skemmdir hefðu orsakazt af því, að rúður hefðu losnað eða lekið með þeim."

Í verksamningi stefnanda og verktakans, Sigurðar Jónssonar & Jakobs Árnasonar s/f, er í 10. gr. svofellt ákvæði: „Ágreiningur, sem kann að rísa út af verki þessu eða samningi, skal dæmdur af þar til skipuðum gerðardómi, útnefndum af stjórn Verkfræðingafélags Íslands. Verður dómi eða úrskurði hans ekki áfrýjað, og skulu báðir aðilar við hann una." Í 8. gr. verksamn-

ingsins er eftirfarandi ákvæði: „Verksali ábyrgist faglega vinnu við verkið í alla staði svo og efnisgæði og að það sé unnið samkvæmt samningi ...“

Stefnandi taldi, að verktakinn, Sigurður Jónsson & Jakob Árnason s/f, væri bótaskyldur vegna gallanna á glerinu og leitaði úrskurðar gerðardóms um það atriði.

Gerðardómsmennirnir, Theodór B. Líndal prófessor og verkfræðingarnir Bárður Daníelsson og Einar Árnason, kváðu upp úrskurð í gerðardómsmálinu 16. apríl 1963. Í forsendum gerðardómsins er m. a. svo frá greint: „Ljóst er af því, sem hér hefur verið rakið og öðru, sem fram er komið, að breytt var um gler með fullu samþykki sóknaraðila og nýr samningur gerður um kaup á gleri með atbeina trúnaðarmanns hans, enda virðast gildar ástæður hafa verið til breytingarinnar. Á framangreindum reikningi Verzlunarinnar Brynju er ekki getið neinnar ábyrgðar á glerinu. Eigi er fullljóst, hver greiddi þennan reikning í upphafi, en að því er séð verður af gögnum málsins, hefur sóknaraðili, a. m. k. síðar, greitt hann, og afrit reikningsins hefur sóknaraðili fengið og því mátt vera ljóst, að þar var engrar ábyrgðar getið. Varnaraðili verður því eigi talinn bera ábyrgð á þeim göllum, sem fram komu á glerinu, og þótt hann gengi ekki betur frá ábyrgð Brynju á glerinu en raun ber vitni, þá hefur hann ekki heldur fellt á sig ábyrgð þess vegna, því að eins og málum var háttað, bar sóknaraðila ekki síður en varnaraðila að tryggja sér sönnun um ábyrgð á glerinu, sem um er deilt. Varnaraðili verður samkv. þessu eigi talinn bera ábyrgð á tjóni sóknaraðila, því, sem hér hefur verið rætt.“

Þann 13. maí 1963 ritaði lögfræðingur stefnanda stefnda bréf og krafði hann um greiðslu skaðabóta vegna gallanna á glerinu. Stefndi sinnti ekki þeirri kröfu, og höfðaði stefnandi þá mál þetta með stefnu, birtri 12. nóvember 1963.

Vitnið Ingvi Marteinn Þorgeirsson hefur skýrt svo frá, að það hafi verið umsjónarmaður barnaskólans í Njarðvík frá því í október 1959 og fram í ágúst 1964. Er það hóf störf þar í október 1959, hafi verið móða á sumum rúðunum, sérstaklega hafi hún verið áberandi á rúðum í kennaraherbergi og göngum annarrar álmu skólans. Vitnið, sem kveðst hafa átt heima í húsi við sömu götu og skólabyggingin er, kveðst hafa veitt því athygli, áður en það gerðist umsjónarmaður skólans, að móða var á glerinu í sumum gluggunum. Vitninu virtist móðan aukast allan tímann, sem vitnið starfaði við skólann. Segir vitnið, að dögg

hafi safnazt á milli rúðanna, sérstaklega síðdegis eftir sólarhita. Vitnið kveðst hafa sagt sveitarstjóra hreppsins, Jóni Ásgeirssyni, frá móðunni um áramótin 1959—1960, en áður kveðst vitnið hafa verið búið að ræða þetta við skólastjórann, Sigurbjörn Ketilsson, þ. e. stuttu eftir að vitnið hóf störf við skólann.

Stefndi, Björn Guðmundsson, hefur í skýrslu fyrir dómi neitað því, að 5 ára ábyrgð hafi verið á glerinu. Kveðst hann hvorki sjálfur hafa gefið yfirlýsingar í þá átt né tilkynnt starfsmönnum sínum, að Verzlunin Brynja tæki ábyrgð á glerinu. Kveðst hann stundum hafa tekið á móti glerpöntunum á þeim tíma, sem um ræðir, en kveðst þó ekki muna, hvort hann tók við umræddri pöntun af Þórhalli Jónssyni. Stefnda minnir, að framleiðslu á tvöföldu gleri, eins og um ræðir í málinu, hafi Verzlunin Brynja hafið á árinu 1955 og hafi framleiðslan staðið fram á árið 1957. Tækin, sem notuð hafi verið við samsetningu glersins, hafi Verzlunin Brynja fengið frá vestur-þýzku firma. Hafi fyrirtækið fengið sérstakt lím og lista frá hinu vestur-þýzka firma. Þegar búið var að líma listana á milli glerjanna, hafi verið notuð sérstök pumpa til þess að skipta um loft í rúminu milli glerjanna. Glerið, sem Verzlunin Brynja seldi í umræddan barnaskóla, hafi verið tékkneskt, en á þeim tíma hafi ekki fengizt leyfi fyrir öðru gleri en frá Austur-Evrópu. Þetta gler hafi ekki haft jafnsterkan glerjung og rúðugler frá Belgíu og Englandi. Orsökina til þess, að móða myndaðist innan á rúðunum í hinu samsetta gleri, sem hér um ræðir, telur stefndi, að verið hafi sú, að glerjungurinn hafi verið svo veikur, að hann hafi ekki þolað þá lofttegund, sem dælt var inn á milli rúðanna. Telur stefndi vafalaust, að engin slík móða mundi hafa komið á milli glerjanna, ef notað hefði verið gler t. d. frá Belgíu eða Englandi. Stefnandi kveðst hafa kvartað við hið vestur-þýzka firma, þegar gallarnir komu fram, og hafi firmað talið, að slíkir gallar ættu ekki að koma fram á vestur-þýzku gleri. Stefndi telur, að Verzlunin Brynja hafi verið fyrst til að framleiða tvöfalt gler hér á landi og hafi framleiðslan verið meira og minna á tilraunastigi, en stefndi kveðst ekki hafa tekið það sérstaklega fram við kaupendur, að um tilraunaframleiðslu væri að ræða, en frammi hafi jafnan legið sýnishorn af framleiðslunni og kaupendum gefnar allar upplýsingar henni viðvíkjandi.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi í fyrsta lagi þeim rökum, að stefndi hafi tekið fimm ára ábyrgð á glerinu, þegar kaupin á því voru gerð. Beri stefnda þegar af þeirri ástæðu að

greiða stefnanda bætur samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna. En jafnvel þótt ábyrgðin verði ekki sönnuð, telur stefnandi, að stefndi sé þar fyrir ábyrgur samkvæmt 42. gr. lausafjárkaupalaganna nr. 39/1922, þar sem ljóst megi vera, að glerið skorti þá kosti, sem áskildir voru. Gallinn á glerinu sé leyndur og þar að auki þess eðlis, að hann komi ekki fram, fyrr en löngu eftir að varan sé afhent. Þá er bótakrafa stefnanda studd þeim rökum, að stefndi hafi beitt stefnanda svikum að því leyti, að stefnda hafi verið kunnugt um, að glerið var lélegt og að framleiðsla hans á því hafi verið tilraunaframleiðsla án þess að láta stefnanda um það vita.

Sýknukröfu sína byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að á milli hans og stefnanda hafi engin lögskipti átt sér stað í sambandi við gler það, sem út af er stefnt í máli þessu. Eins og fram komi í gögnum málsins, þá hafi það verið Sigurður & Jakob, sem keyptu glerið, að því er virðist eftir ákvörðun stefnanda. En jafnvel þótt talið yrði, að hann (stefndi) ætti aðild að málinu, þá leiði málsatvik engu að síður til sýknu. Komi þar til, að hann hafi enga ábyrgð tekið á glerinu og auk þess sé hugsanlegur bótaréttur löngu niður fallinn vegna aðgerðarleysis stefnanda.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað glerið í skólahúsinu.

Ekki er nægjanlega sannað gegn andmælum stefnda, að hann hafi tekizt á hendur 5 ára ábyrgð á glerinu. Eins og fyrr er rakið, telja matsmenn orsök gallanna vera þá, að samskeyti rúðanna hafi orðið óþétt og loft getað leikið á milli þeirra. Ekkert er fram komið í gögnum málsins, sem bendir til þess, að stefnandi eða verktakinn, sem annaðist ísetninguna, eigi sök á göllunum. Stefnandi kvartaði undan göllunum við stefnda með bréfi, dags. 30. janúar 1961. Eins og málavöxtum er háttað, verður að líta svo á, að sú kvörtun hafi komið of seint fram, sbr. 52. gr. lausafjárkaupalaganna nr. 39/1922, enda hefur stefnandi ekki sannað nægjanlega, að stefndi hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða beitt svikum, sbr. 53. gr. sömu laga. Ber því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ásmundi Ólasyni byggingameistara og Ólafi Jenssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Björn Guðmundsson f. h. Verlunarinnar Brynju,

á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Njarðvíkurhrepps, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 144/1966. **Jón Ólafsson**
gegn
Gleri og listum h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Ólafsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 205/1966. **Sigurður Pálsson**
gegn
Skarphéðni Kristbergssyni og gagnsök.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Sigurður Pálsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 8/1967. **Svavar Kristjánsson**
gegn
Þórólfi Árnasyni
Páli Hallgrímssyni f. h. ríkissjóðs
og til réttargæzlu Hreiðari Jónssyni og
Kristni Einarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Svavar Kristjánsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 148/1966. **Jónas Guðlaugsson**
(Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kristjáni Júlíussyni og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1966. Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu 11. s. m.

Héraðsstefna í máli þessu er gefin út 13. júlí 1965. Var málið þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 2. september s. á. Á dómþingi 19. marz 1966, er það skyldi flutt munnlega, var

ekki sótt þing af hálfu stefnanda (gagnáfrýjanda). Var málið þá hafið að kröfu lögmanns stefnda (aðaláfrýjanda). Það var af nýju tekið fyrir á bæjarþingi Reykjavíkur 13. maí 1966. Bókar dómari þá, að málið sé „nú endurupptekið að ósk lögmanns stefnanda og með samþykki lögmanns stefnda, utan réttar ...“ Þá er og bókuð þingsókn af hálfu stefnanda og útivist stefnda, en honum hafi „þó verið boðað þinghaldið með venjulegum hætti með venjulegum fyrirvara.“

Lögmaður aðaláfrýjanda, sem flutti málið fyrir hann í héraði, samþykkti ekki fyrir dómi fyrirtöku málsins án stefnu, eftir að það var hafið hinn 19. marz 1966. Ber því sjálfkrafa að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í gær, hefur Kristján Júlíusson smiður, Hrísateigi 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 17. júlí 1965, gegn Jónasi Guðlaugssyni verksmiðjustjóra, Smáragrund 3, Sauðárkróki, til greiðslu víxilskuldar að fjárhæð kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 31. desember 1964, 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, ½% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 360.00 í stimpilkostnað svo og til greiðslu sakarkostnaðar að mati dómsins.

Þá hefur stefnandi enn fremur krafizt viðurkenningar á 3. veðrétti og uppfærslurétti í eftirtöldum verðmætum í vörzlu stefnda:

1. Bandsög, Umf. Ruhla m/rafh. hö. 1.4, nr. 63164.
2. Hefli, T.S. 58-4814 m/rafh. Mez, hö. 4.5, nr. 6190123.
3. Borvél, T.S. 601143 m/rafh. Mez, nr. 8437011.

4. Rennibekk, Andry Chowka.
5. Rennibekk, D.L.Z. 355-3692 m/rafh., hö. 4.5.
6. Vélsög, Emil Sehutz 38/3 77/5262 m/rafh., hö. 0.75.
7. Rennibekkur, Niensted & Co. m/rafh. Mez, hö. 4.
8. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh., nr. 17171613.
9. Höggpressu, sjálfsmíði, 20 tonn m/rafh. Vem., nr. 171717/60.
10. Pressu, sjálfsmíði, hydrólisk sjálfskipt, 200 tonn m/rafh. Veb., hö. 15 og 0.25, nr. 57/55396 og 10339/58.
11. Herzluofni, gaskyntum, ásamt 2 gashylkjum.
12. Málmhúðunartæki m/6 baðkerum og sérstakri húðunarvél.
13. Höggpressu, sjálfsmíði, 25-30 tonn, m/rafh. Vem., 2.2 hö.
14. Höggpressu, sjálfsmíði, special, 10 tonn m/rafh. Vem., hö. 5.5.
15. Höggpressu, Benkmaster, m/rafh. Vem., hö. 1.5.
16. Púntsuðuvél, B. IV.

Umræddur víxill er, svo sem fyrr er getið, að fjárhæð kr. 150.000.00. Hann er útgefinn af stefnanda hinn 29. september 1961, en samþykktur til greiðslu af stefnda hinn 1. október 1962. Greiðslustaður víxilsins var í Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

Stefnandi kveður víxilinn ekki hafa verið greiddan á gjalddaga né síðar.

Stefndi hefur krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn og viðurkennt að hafa fengið víxillán þetta hjá stefnanda. Vexti af víxilskuldinni kveðst hann hafa greitt fyrirfram fyrir allt árið, en sjálfa víxilskuldina kveðst hann hafa átt að greiða smám saman á árinu, þannig að víxillinn væri greiddur um það leyti, sem hann félli í gjalddaga. Í október 1962 kvaðst stefndi hafa verið búinn að greiða víxilinn að fullu. Stefndi segir greiðslur þessar oftast hafa farið fram með ávísunum, en stundum með peningum og hafi kvittanir aldrei verið gefnar. Lagðir hafa verið fram 20 tékkar, sem stefndi gaf út á hlaupareikning nr. 779 við Iðnaðarbanka Íslands h/f á tímabilinu 10. október 1961 til 6. nóvember 1962, ýmist á nafn stefnanda eða handhafa. Tékkar þessir eru ýmist ábektir af stefnanda eða konu hans, Bjarnfríði Pálsdóttur.

Stefndi kveður tékka þessa alla hafa verið greiðslur til stefnanda upp í víxil þann, sem stefnt er út af í máli þessu. Samtals nema tékkar þessir kr. 184.500.00, og kveður stefndi víxilinn því hafa verið að fullu greiddan, er hann hafi fallið í gjalddaga, og á því byggir hann sýknukröfu sína í málinu. Stefndi kveðst því

hafa krafið stefnanda um víxilinn og tryggingarbréf það, sem honum hafi fylgt, er víxillinn hafi verið að fullu greiddur, en stefnandi hafi eigi sinnt því. Síðan kvaðst stefndi ekkert hafa frétt af víxlinum allan þann tíma, sem liðið hafi í millitíðinni, þar til innheimtumál þetta hafi verið höfðað.

Ákveðinn hafði verið munnlegur flutningur í máli þessu, og lögmönnum aðilja hafði verið tilkynnt bréflega um réttarhaldið, en lögmaður stefnda mætti ekki, og hafði hann þó ekki boðað forföll. Lögmaður stefnanda ítrekaði þá kröfur sínar og krafðist þess, að málið yrði dómtekið, og var það gert.

Mál þetta er því flutt og dæmt skriflega samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Frumrit víxilsins og tryggingarbréfsins hafa verið lögð fram í málinu, og þar sem stefndi hefur ekki sannað, að hann hafi þegar greitt skuld þá, sem hér er stefnt út af, verður að taka kröfu stefnanda til greina.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 17.300.00.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur og uppfærsluréttur er viðurkenndur.

Stefndi, Jónas Guðlaugsson, greiði stefnanda, Kristjáni Júlíussyni, kr. 150.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. október 1962 til 31. desember 1964, 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, ½% víxilfjárhæðarinnar í þóknun, kr. 360.00 í stimpilkostnað og kr. 17.300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. febrúar 1967.

Nr. 155/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Rafni Svavarssyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa vitnin Sigurður Jóhann Guðjónsson og Páll Kristinsson verið kvödd fyrir dóm til að gefa ítarlegri skýrslur, og hafa þeir eiðfest vætti sín.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Rafn Svavarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, það með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. marz 1966.

Ár 1966, mánudaginn 7. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 101/1966: Ákæruvaldið gegn Rafni Svavarssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 14. febrúar s.l., gegn ákærða, Rafni Svavarssyni, Braga-

götu 38, Reykjavík, nú refsifanga í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg, fæddum 31. júlí 1938 í Reykjavík, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 20. janúar 1966 stolið radíógrammófóni úr herbergi Sveins Hafnfjörðs Jónssonar að Bogahlíð 14 í Reykjavík, en þar hafði ákærði verið gestur umrædda nótt.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1954 21/12 á Keflavíkurflv.: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1955 24/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1956 11/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og óspektir.
1957 18/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 157. gr. hegningarlaga, sviftur ökuleyfi í 3 ár fyrir brot á áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.
1957 11/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviftur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1958 26/4 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1958 1/8 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1958 8/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1958 17/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1958 12/12 í Reykjavík: Dómur: 2 ára fangelsi, sviftur kosningarrétti, kjörgengi og rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir brot á hegningar-, áfengis- og umferðarlögum.
1959 15/6 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviftur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1960 16/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaga.
1960 20/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir árás og ölvun.
1960 15/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1960 27/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 26/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 8/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1961 29/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1963 26/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1964 30/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217. og 245. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þessir:

Að morgni fimmtudagsins 20. janúar s.l. kom Sveinn Hafnfjörð Jónsson matsveinn, Bogahlíð 14 hér í borg, á lögreglustöðina og kærði út af því, að ákærði, Rafn Svavarsson, hefði nóttina áður tekið radíógrammófón af ófrjálsu heima hjá sér. Skýrði Sveinn Hafnfjörð svo frá, að hann hefði setið með ákærða að drykkju í herbergi sínu. Kvaðst hann hafa lagzt til svefns, er á leið nóttina, og hefði grammófónninn horfið úr herbergi sínu, á meðan hann var sofandi. Taldi Sveinn Hafnfjörð, að ákærði hefði látið grammófóninn af hendi við leigubifreiðarstjóra vegna áfengiskaupa.

Lögreglan handtók ákærða að tilvísan Sveins Hafnfjörðs úti í togaranum Agli Skallagrímssyni, þar sem ákærði var þá skipverji. Ákærði var mikið ölvaður að sögn lögreglunnar og vart viðræðuhæfur. Hann skýrði þó lögreglunni frá því, að hann hefði fengið tvær flöskur af whisky („Johnie Walker") fyrir grammófóninn hjá leigubifreiðarstjóra, en gat ekki tilgreint, svo að rétt reyndist, um hvaða bifreiðarstjóra væri að ræða.

Við eftirgrennslan rannsóknarlögreglunnar kom í ljós, að ákærði hafði fengið Sigurð Jóhann Guðjónsson, Grettisgötu 20 C, ökumann leigubifreiðarinnar R 7206, til að aka sér um nóttina. Hefur Sigurður Jóhann skýrt svo frá, að hann hafi að beiðni ákærða ekið að Bogahlíð 14. Fór ákærði þar úr bifreiðinni og inn í húsið einn síns liðs. Skömmu síðar kom hann út aftur og bað Sigurð Jóhann að aðstoða sig við að ná í radíógrammófón, sem hann ætti inni í húsinu. Sigurður Jóhann varð við beiðni ákærða. Kveður hann sér ekkert grunsamlegt hafa dottið í hug, enda opnaði ákærði húsið með lykli, sem hann var með, og sömuleiðis tók hann fram, að hann hefði komið með grammófóninn frá Þýzkalandi að kvöldi þriðjudagsins 18. janúar. Grammófónninn stóð að sögn Sigurðar Jóhanns í gangi hússins við útidyr. Fluttu þeir hann út í bifreiðina, og var farið með hann suður í Ytri-Njarðvík til Páls Kristinssonar, er býr þar að Njarðvíkurbraut 32. Var grammófónninn tekinn þar úr bifreiðinni. Kveður

Sigurður Jóhann ákærða hafa sagt sér, að hann hefði komið grammófóninum í geymslu hjá Páli, en eigi selt hann. Hins vegar hefði Páll lánað sér peninga.

Páll Kristinsson kveður ákærða hafa sagt sér, að hann hafi verið að koma með grammófóninn frá Þýzkalandi og beðið sig að geyma hann fyrir sig. Páll kveðst hafa trúað því, er ákærði sagði, og tekið við grammófóninum. Ákærði fékk nokkra fjárhæð lánaða hjá Páli, og var það óviðkomandi grammófóninum að sögn Páls.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi verið við drykkju miðvikudaginn 19. janúar s.l., en nóttina áður hafði hann komið frá Þýzkalandi með togaranum Agli Skallagrímssyni, sem hann var þá skipverji á. Nokkru eftir hádegi hitti ákærði niður við höfn Svein Hafnfjörð Jónsson, sem hann þá þekkti ekki. Sveinn Hafnfjörð var með áfengisáhrifum, og varð það úr, að þeir tóku sér leigubifreið og héldu heim til Sveins Hafnfjörðs í Bogahlíð 14. Ákærði kveðst hafa haft meðferðis 1.500 krónur íslenzkar og rúmlega 160 þýzk mörk. Skömmu eftir að þeir komu heim til Sveins Hafnfjörðs, kveðst ákærði hafa fengið honum 1.000 króna seðil og beðið hann að kaupa fyrir sig áfengi. Varð hann við beiðni ákærða og fór út. Þegar hann kom aftur, hafði hann meðferðis 1 fleyg af whisky („Johnnie Walker") og þriggja pela flösku af sams konar áfengi, en flaskan var nærri tóm. Auk þess kom hann með eitthvað af matvælum. Ákærði bað Svein Hafnfjörð að afhenda sér afganginn af peningunum, en hann kvað þá hafa gengið upp. Nokkru síðar bað Sveinn Hafnfjörð ákærða að láta sig fá af þýzku mörkunum til áfengiskaupa, og fékk ákærði honum 50 mörk. Sveinn Hafnfjörð fór á brott með peningana, en kom ekki aftur með neitt áfengi. Rétt á eftir kveðst ákærði hafa orðið var við það, að Sveinn Hafnfjörð var inni á salerni. Fór ákærði þangað og fann þar 500 krónur, sem Sveinn Hafnfjörð hafði falið á bak við vask. Ákærði tók peninga þessa. Ákærði kveðst nú hafa sagt við Svein Hafnfjörð, að hann ætlaði að fara á brott, en Sveinn Hafnfjörð hafi beðið hann um að vera áfram. Fór hann jafnframt þess á leit við ákærða, að hann léti sig hafa meira af peningum fyrir áfengi, en á það kveðst ákærði ekki hafa viljað fallast. Nokkru síðar sofnaði ákærði, en þegar hann vaknaði aftur, saknaði hann 50 marka seðils úr veski sínu. Ákærði kveðst nú hafa beðið Svein Hafnfjörð að skila afganginum af peningunum, en hann hafi tregðast við að gera það. Sagði ákærði þá við hann, að hann mundi taka radíógrammófón, sem

var í herbergi hans, á brott með sér, ef hann endurgreiddi sér ekki. Sveinn svaraði því engu, og tók þá ákærði radíógrammófóninn á brott með sér. Ákærði fór með grammófóninn suður í Ytri-Njarðvík til Páls Kristinssonar, eins og áður er rakið, og kom honum þar til geymslu. Sagði ákærði Páli, að hann hefði komið með grammófóninn frá Þýzkalandi.

Hjá rannsóknarlögreglunni hafði ákærði skýrt í nokkrum atriðum öðru vísi frá töku grammófónsins. Kvað hann Svein Hafnfjörð hafa verið farinn á brott úr herberginu, er hann vaknaði undir miðnætti. Ákærði gáði í veski sitt og komst þá að raun um, að allir peningar hans voru horfnir, en í veskinu áttu að vera 150 þýzk mörk og 1.000 króna seðill. Ákærði taldi víst, að Sveinn Hafnfjörð hefði tekið peningana. Kveðst hann þá hafa gert sér lítið fyrir, eins og hann orðar það, tekið radíógrammófón, sem var í herberginu, og borið hann út úr húsinu. Náði ákærði síðan í leigubifreið frá Bifreiðastöð Hreyfils og lét bifreiðarstjórann hafa grammófóninn að veði fyrir 2 flöskum af brennivíni. Morguninn eftir ætlaði ákærði að leysa grammófóninn út. Að þessu búnu kvaðst ákærði hafa farið út í togarann Egil Skallagrímsson og setið þar að drykkju fram undir morgun, unz Sveinn Hafnfjörð kom og hafði tal af honum. Í síðari skýrslu, er rannsóknarlögreglan tók af ákærða, upplýsti hann, hvert hann hefði farið með grammófóninn. Ákærði kveðst ekki hafa tekið grammófóninn í þeim tilgangi að slá eign sinni á hann, heldur sem tryggingu fyrir því, að hann næði peningunum aftur hjá Sveini Hafnfjörð.

Vitnið Sveinn Hafnfjörð Jónsson hefur skýrt frá því, að ákærði hafi fengið því 1.000 kr., er þeir voru komnir heim til þess, og beðið það að kaupa áfengi og matvæli fyrir sig. Vitnið varð við beiðni ákærða og keypti fyrir hann eina flösku og einn fleyg af whisky („Johnnie Walker") auk nokkurs af matvælum. Vitnið afhenti ákærða þetta svo og afganginn af peningunum. Vitnið fór einnig út með 50 mörk og fékk þeim skipt fyrir ákærða í íslenzka peninga, sem það síðan afhenti honum. Öðrum peningum kveðst vitnið ekki hafa tekið við frá ákærða. Vitnið kveðst hafa lagzt til svefns um nóttina. Þegar það vaknaði kl. 0500 um morguninn, var ákærði farinn á brott. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, að radíógrammófónn þess var horfinn úr herberginu, og grunaði það strax, að ákærði hefði tekið hann. Vitnið hóf nú leit að ákærða og fann hann úti í togaranum Agli Skallagrímssyni, þar sem ákærði var skipverji um þessar mundir.

Vitnið spurði ákærða, hvort hann hefði tekið grammófóninn, og neitaði hann því. Vitnið fór þá og sótti lögregluna. Fóru lögreglumenn út í togarann og höfðu tal af ákærða. Viðurkenndi ákærði þá að hafa tekið grammófóninn, en bar það jafnframt á vitnið, að það hefði stolið af sér peningum. Vitnið kveður það fjarri sanni, að það hafi tekið nokkra peninga af ákærða, heldur aðeins gert fyrir hann kaupin og fengið peningunum skipt fyrir hann, eins og áður greinir.

Að sögn vitnisins kostaði radíógrammófónninn kr. 10.000.00, er það keypti hann, en slíkir grammófónar kosta nú kr. 17.000.00. Vitnið kveður 11 plötur hafa verið í grammófóninum, og skemmdust nokkrar þeirra. Einnig varð grammófónninn fyrir hnjaski. Vitnið fékk grammófóninn afhentan. Kveðst það ekki gera skaðabótakröfur á hendur ákærða, þar sem það telji það þýðingarlaust.

Með framburði ákærða og vitnanna í máli þessu telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæru. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af sakavottorði hans 6 mánaða fangelsi.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, er ákveðast kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Svarvarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 3. febrúar 1967.

Nr. 13/1967. **Valdstjórnin**
gegn
Z.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Úrskurð héraðsdóms hefur upp kveðið Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. janúar 1967, sem barst dóminum 25. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Athugasemdir um málsefni hafa ekki borizt frá öðrum aðiljum, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 82/1961.

Varnaraðilja er gefin að sök háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu eftir ákvæðum XXI. og XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og ákvæðum laga nr. 53/1966 um vernd barna og unglinga. Eru því samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 268. gr. laga nr. 19/1940, fyrir hendi skilyrði til gæzluvarðhalds, sem rétt er að beita, eins og á stendur, sbr. 1., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961. Þá eru og sakarefni slík, að fyllsta ástæða er til rannsóknar á geðheilsu varnaraðilja, sbr. 2. tl., d-lið, 75. gr. laga nr. 82/1961.

Með skírskotun til þess, sem nú var rakið, og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 23. janúar 1967.

Í dag kom fyrir kvenlögregluna í Reykjavík að tilhlutan fulltrúa barnaverndarnefndar í Kópavogi X, fædd 1950, til heimilis ..., Kópavogi, og skýrði hún svo frá, að s.l. laugardag, 21. janúar,

hefði faðir hennar, Z, komið inn í herbergi hennar og sagzt vilja tala við hana. Hafi hann sagt, að hann vildi eiga við hana samfarir, en því hafi hún neitað og farið út. Í gærkvöldi, sunnudagskvöld, er yngri börnin hafi verið háttuð, hafi faðir hennar komið aftur til hennar og sagt m. a., að hún ætti að vera við hann eins og konan hans. Áður en hann hafi farið, hafi hann sagt, að hann ætlaði ekki að svívirða hana, í þriðja skipti ætti hún að koma sjálf.

Stúlkan var kvödd fyrir sakadóm nú í kvöld og staðfesti þar fyrri skýrslu sína. Skýrði hún og svo frá, að faðir hennar hefði sagt, að nú væri hún kona hans og ætti að vera við hann eins og hún væri það. Hún kvaðst og hafa orðið hrædd við þau orð hans, að hún ætti að koma til hans í þriðja skiptið og skilið þau sem hótun. Hún sagði, að faðir hennar hefði aldrei áður viðhaft slík orð við hana sem í þetta skipti og hafi athæfi hans gagnvart sér undanfarið ekki verið neitt einkennilegt framar venju, en hann hafi ætíð verið fáskiptinn gagnvart henni. Móður sína kvað hún hafa verið á sjúkrahúsi í u. þ. b. rúma viku og hafi hún ásamt systur sinni, 15 ára, séð um heimilið að mestu. Faðir þeirra hafi yfirleitt verið heima, en skipt sér lítið af þeim. Hún sagði aðspurð, að er umrædd samtöl þeirra hafi átt sér stað, hafi faðir hennar ekki snert hana né reynt að snerta hana né haft neina tilburði til að beita hana líkamlegu ofbeldi. Ekki kveður hún hann hafa reynt að komast aftur inn til hennar á sunnudagskvöldið, eftir að hún læsti að sér, og hafi hún ekkert rætt við hann eftir það.

Auk fyrrnefndrar systur 15 ára kvað vitnið hin systkinin vera 10, 8 og 6 ára og séu þau tvö síðastnefndu stúlkur.

Klukkan rúmlega 2300 kom fyrir sakadóminn kærði, Z, fæddur ... 1925 á Akureyri. Hann kvaðst ekki vilja skýra nákvæmlega frá samræðum sínum og dóttur sinnar, en kvaðst hafa rætt við hana um kynferðismál. Hann lýsti því yfir, að hann teldi það ekki ósiðsamlegt né rangt að eiga kynmök við eigin börn, ef þau hefðu náð tilskyldum aldri, þ. e. 16 ára, og ef samþykki væri fyrir hendi. Áliti hann, að hver maður hefði rétt til að ræða slíkt við dóttur sína án þess að eiga það á hættu að vera kærður og megi faðir biðja dóttur sína að kvænast sér, ef hann elski hana. Kvaðst hann hafa rætt við dóttur sína í þessum dúr og eigi hann á því fullan rétt að ræða þannig við hana án þess að þurfa að skýra nákvæmlega frá því opinberlega. Kvað hann samræður þeirra um þessi mál hafa tvisvar farið fram, í gærkvöldi og einu sinni áður, nýlega. Vildi hann ekki svara því beint,

hvort hann hefði sagt við dóttur sína, að nú væri hún kona hans og ætti að vera við hann sem slík. Væri það hans einkamál, hverja stúlku hann bæði sér sem konu, jafnvel þótt um dóttur sína væri að ræða.

Hann kvað skilnaðarmál standa yfir milli sín og konu sinnar, en úrskurður um skilnað að borði og sæng ekki fenginn.

Hann taldi skýrslu dóttur sinnar villandi. Hann hafi ekki krafizt neins af henni.

Þá kom einnig fyrir dóminn sem vitni Guðni Jónsson, fulltrúi barnaverndarnefndar Kópavogs, og lýsti þeirri skoðun sinni og meðlima barnaverndarnefndar, að eigi væri vogandi, að kærði væri á heimili sínu áfram með börnunum. Hann kvað barnaverndarnefnd hafa fyrir tveimur árum haft afskipti af heimili kærða vegna ofstopa hans gagnvart konu og börnum og skömmu síðar hafi hann sjálfviljugur farið á Kleppsspítalann til læknismeðferðar.

Þegar á það er litið, sem hér hefur verið rakið, eiðfestan framburð dóttur kærða og hans eigin framburð, sem bendir eindregið til, að það sé skoðun hans, að á engan hátt sé ámælisvert að fremja þennan verknað, er dóttir hans hugði hann vilja fremja, svo og með tilliti til álits fulltrúa barnaverndarnefndar og framlagðs vottorðs Kjartans Jóhannssonar læknis, þykir nauðsyn bera til að útiloka kærða frá samvistum við börn sín og úrskurða hann í gæzluvarðhald í allt að 3 vikur með tilvísun til 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Þá þykir og þurfa með tilvísun til ofanritaðs að úrskurða kærða til að sæta geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Því úrskurðast:

Kærði, Z, sæti gæzluvarðhaldi í allt að 3 vikur og gangi jafnframt undir geðrannsókn innan marka gæzluvarðhaldstímans.

Mánudaginn 6. febrúar 1967.

Nr. 241/1966. **Karl Ó. Jónsson** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Kaupfélagi Vopnfirðinga og gagnsök
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Leiga. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, sýslumaður í Norður-Múlasýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1966. Gerir hann þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 192.900.00 með 9% ársvöxtum af kr. 25.500.00 frá 15. febrúar 1962 til 15. október 1962 og af kr. 192.900.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. nóvember 1966. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir bera að staðfesta þá úrlausn hans, að aðaláfrýjanda beri bætur úr hendi gagnáfrýjanda fyrir missi forleiguréttar að frystihúsinu. Þegar tekið er tillit til þess, að aðaláfrýjandi hefur ekki greitt gjald fyrir frystingu fiskafurða, sem framleiddar voru fyrir innlendan markað, en aðrar gagnkröfur gagnáfrýjanda eru órökstuddar, þykir hæfilegt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 75.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. október 1962 til greiðsludags.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Kaupfélag Vopnfirðinga, greiði aðaláfrýjanda, Karli Ó. Jónssyni, kr. 75.000.00 ásamt 7% árs-

vöxtum frá 15. október 1962 til greiðsludags og samtals kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Norður-Múlasýslu 12. nóvember 1966.

Mál þetta er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, dags. 28. okt. 1966, en birtri við þingfestingu 9. þ. m. fyrir umboðsmanni stefnda, sem féll frá stefnufresti, af Karli Ó. Jónssyni, Reykjavík, gegn Kaupfélagi Vopnfirðinga, Vopnafirði, til greiðslu efndabóta og skaðabóta fyrir samningsrof, kr. 192.900.00, ásamt vöxtum og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda. En til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda og niðurfellingar málskostnaðar. Loks hefur hann uppi til skuldajafnaðar gagnkröfu, kr. 191.050.00, auk vaxta.

Málavextir eru þeir, að með leigusamningi, dags. 3. marz 1960, seldi stefndi stefnanda á leigu þann hluta frystihúss síns á Vopnafirði, sem ætlaður er til frystingar á fiski og síld. Leigutíminn var ákveðinn frá 1. apríl 1960 til ársloka 1961, þó með fyrirvara um, að stefnandi skyldi rýma til fyrir stefnda í sláturtíð. Uppsagnarfrestur var 3 mánuðir. En sitja skyldi stefnandi að öðru jöfnu fyrir um áframhaldandi leigu, og skyldi því samið af nýju um leigu fyrir árið 1962. Væri samningi ekki sagt upp, skyldi hann framlengjast sjálfkrafa um eitt ár í senn og með sama uppsagnarfresti. Leiga skyldi algerlega miðast við magn frystra afurða, svo sem nánar greinir í samningi, og þar af leiðandi greiðast eftir á. Enn fremur skuldbatt stefnandi sig til að fela Sambandi ísl. samvinnufélaga sölumeðferð allrar framleiðslu sinnar í frystihúsinu af frystum fiski.

Með bréfi, dags. 8. marz 1961, krafði stefndi stefnanda um sérstakt geymslugjald, auk umsaminnar leigu, af fiskbirgðum, geymdum í frystihúsinu, frá byrjun sláturtíðar 1960. Jafnframt var óskað upplýsinga um magn frosins fisks, sem seldur hafði verið beint til neytenda 1960 og 1961 og krafið um frystigjöld af honum, og mun þar vera átt við umsamda leigu. Loks gerði stefndi kröfu til þess, að skipaafgreiðsla hans annaðist útskipun fiskafurða stefnanda í þau skip, sem hún afgreiddi að öðru

leyti. Stefnandi virðist ekki hafa svarað bréfi þessu að svo stöddu.

Með bréfi, dags. 26. maí 1961, sagði stefndi upp leigusamningi við stefnanda frá árslokum 1961 og minntist jafnframt á skuld stefnanda við sig án þess þó að tilgreina upphæð hennar. Stefnandi svaraði með bréfi, dags. 4. nóv. 1961. Spurði, hvort leigja ætti frystihúsið áfram og gat um forgangsrétt sinn til leigu.

Með bréfi, dags. 15. des. 1961, tilkynnti stefndi stefnanda, að ákveðið hefði verið að auglýsa frystihúsið til leigu frá næstu áramótum og benti honum á að gera leigutilboð. Jafnframt var enn minnt á uppgjör viðskiptareiknings án þess að tilgreina skuldarupphæð. Minnt var einnig á uppgjör fyrir síldarfrystingu o. fl., sem stefndi telur ógreitt, án þess að tilgreina upphæðir. Sama dag var frystihúsið auglýst til leigu í Morgunblaðinu.

Með símskeyti, dags. 30. des. 1961, minnti stefnandi á forleigurétt sinn og bauðst til að semja um breytingar á leigusamningnum. Með símskeyti, dags. 8. jan. 1962, bauðst hann til að taka frystihúsið á leigu árið 1962 gegn 10% hærri leigu en áður. Þessu svaraði stefndi með símskeyti, dags. 19. jan. 1962, þar sem hann kvaðst hafa leigt frystihúsið. Stefnandi hreyfði enn mótmælum og höfðaði að lokum mál þetta gegn stefnda til greiðslu skaðabóta fyrir missi eins árs leigutíma, 1962, á frystihúsinu, sem hann setur fram í 3 liðum þannig:

1. Bætur, er svari til árstekna af rekstri 1961 .. kr. 121.800.00
2. Bætur, er svari til verðuppbóta frá S. Í. S. 1961 — 45.600.00
3. Laun verkstjóra og bílstjóra 1/1—15/2 1962 .. — 25.500.00

Alls kr. 192.900.00

Áður en athugað verður nánar réttmæti bótakröfu stefnanda og gagnkröfu stefnda, sem hann hefur uppi til skuldajafnaðar og síðar verður rakin, ber að athuga, hvort stefnandi hafi í viðskiptum sínum við stefnda brotið í bág við áðurgreindan leigusamning, dags. 31. marz 1960, með þeim hætti, að riftingu varði á forleigurétti hans að samningstíma loknum við árslok 1961. Í samningsuppsögn, dags. 26. maí 1961, og tilkynningu stefnda til stefnanda í framhaldi af því er að vísu minnzt á það, að stefndi kunni að geta riftað samningnum. En síðar við rekstur máls þessa hefur stefndi haldið því fram í greinargerð og öðrum framlögðum skjölum, enn fremur í munnlegri vörn málsins, að

stefnandi hafi glatað forleigurétti sínum vegna eftirtalinna vanefnda:

1. Vanrækt að flytja afurðir sínar úr frystihúsinu, meðan sláturtíð stóð yfir, svo að frystihúsið væri til frjálsrar ráðstöfunar fyrir stefnda til geymslu sláturfjárafurða.
2. Neitað að greiða geymslugjald umfram leigu fyrir afnot, talin undir nr. 1.
3. Vanrækt að greiða frystigjöld (leigu) af framleiðslu, sem ekki fór til útflutnings.
4. Verið í vanskilum við stefnda vegna vöruúttektar.

Um 1. Stefnandi var ekki að öllu leyti sjálfráður um það, hvenær framleiðsla hans var flutt úr húsinu, þar sem honum var skv. leigusamningnum skylt að hlíta forsjá Sambands ísl. samvinnufélaga um útflutninginn. Af skjölum málsins er einnig augljóst, að stefnandi fékk að frysta á sláturtíð 1960 átölulaust af stefnda, sem hefði getað stöðvað þá starfsemi, ef hún fór í bág við afnot hans af frystihúsinu. Á sláturtíð 1961 virðist stefndi hins vegar sjálfur hafa fryst fisk í frystihúsinu. Umrædd afnot stefnanda þykja því ekki varða riftingu leigusamnings.

Um 2. Leigusamningur hefur engin ákvæði um geymslugjald vegna hugsanlegrar notkunar frystihússins í sláturtíðinni. Kröfu um slíkt gjald verður naumast komið heim við skaðabótakröfu vegna sömu afnota, sbr. dómsskjal nr. 14. En um þá gagnkröfu stefnda verður rætt síðar. Stefnandi rauf því ekki leigusamning með því að láta hjá líða að greiða gjald þetta.

Um 3. Í dómsskjali nr. 13 heldur stefndi því fram, að ógreidd frystigjöld (leiga) séu kr. 7.350.00 fyrir árið 1960 og kr. 11.550.00 fyrir árið 1961. Stefnandi hefur mótmælt þessu í dómsskjali nr. 17 og viðurkennir aðeins kr. 783.30 fyrra árið, sem hann telur þó greiddar með millifærslu í viðskiptareikningi. En ekki færir hann sönnur á millifærsluna. Ef þarna var um vanefndir stefnanda að ræða, voru þær ekki svo stórvægilegar, að riftun samnings væri heimil af þeim sökum.

Stefnandi hefur viðurkennt viðskiptaskuld sína við stefnda í árslok 1961, kr. 7.663.93, sem ekki getur talizt óeðlilegt, úr því að um áframhaldandi reikningsúttekt á vörum var að ræða. Ekki hafa verið leiddar líkur að því, að skuld þessi hafi stafað af verulegum vanefndum á umræddum leigusamningi, og ber að vísa á bug þessari riftunarástæðu.

Stefnandi hefur, eins og áður segir, krafizt bóta úr hendi stefnda, kr. 192.900.00. Ber nú að taka réttmæti bótakröfunnar til athugunar.

Augljóst er, að stefnandi getur ekki sannað, heldur aðeins leitt líkur að því, hvert tjón hann hafi beðið af því að vera sviptur forleigurétti sínum að frystihúsi stefnda árið 1962. Er því erfitt að taka afstöðu til einstakra liða í bótakröfu hans. En með hliðsjón af því, að rekstur hans á frystihúsinu virðist hafa farið batnandi, en hins vegar þykir ekki ástæða til að rengja, að tilraun hans til að afla sér atvinnu 1962 hafi bakað honum tjón, en ekki tekjur, þykja bætur stefnda honum til handa fyrir samningsrof hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Gagnkrafa stefnda er kr. 191.050.00 skv. greinargerð, dskj. nr. 12. En ekki er auðvelt að koma upphæð þessari heim við dskj. nr. 14, þar sem gagnkrafan er sundurliðuð og rökstudd, að því er segir í greinargerð stefnda. Gegn mótmælum stefnanda verður ekki talið, að stefndi hafi sannað tjón sitt nægilega af notkun stefnanda á frystihúsinu í sláturtíð, enda benda líkur til, að sú notkun hafi farið fram með samþykki stefnda, sem fékk miklu hærri leigu frá stefnanda vegna þessara afnota hans heldur en annars hefði orðið. Jafnframt verður að fallast á þau rök stefnanda, að hann var ekki einráður um það að tæma húsið fyrir sláturtíð, þar sem leigusamningurinn áskildi Samb. ísl. samvinnufélaga sölumeðferð framleiðslunnar. En með því að stefnandi hefur ekki fært sönnur á það, að hann hafi greitt leigu vegna framleiðslu, sem ekki fór til útflutnings, ber að taka þann hluta gagnkröfu stefnanda til greina til skuldajafnaðar. Um þetta verður að fara eftir uppgjöf stefnanda, hvað snertir árið 1960, kr. 783.30. Árið 1961 virðast upplýsingar frá stefnanda ekki fyrir hendi, og ber þá að fara eftir áætlun stefnda, sem er kr. 11.550.00. Af gagnkröfu stefnda kemur því til skuldjafnaðar samtals kr. 12.333.30.

Mismunur á dómkröfum málsaðilja, sem teknar verða til greina, er kr. 87.666.70. Með því að vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt sérstaklega, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 9% ársvexti af þeirri upphæð frá 15. okt. 1962 til greiðsludags.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupfélag Vopnfirðinga, greiði stefnanda, Karli Ó. Jónssyni, kr. 87.666.70 með 9% ársvöxtum frá 15. okt. 1962 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. febrúar 1967.

Nr. 209/1965. **Jón Ólafsson** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Orra Gunnarssyni (Agnar Gústafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Afsláttur á kaupverði íbúðar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. nóvember 1965, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það þykir varhugavert að fullyrða, að áfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að hitalögnin í íbúð þeirri, sem hann seldi stefnda og í máli þessu greinir, hafi, þá er salan fór fram, verið tærð, svo sem raun ber vitni. Verður skaðabótaskylda hans því eigi reist á grandsemi hans. En þá er litið er til þess, að hann lét sjálfur leggja hitalögnina í húsið og spjöllin á henni reyndust þau, sem í héraðsdómi greinir, telst stefndi eiga rétt til afsláttar á kaupverði því, sem hann galt áfrýjanda fyrir íbúðina og ætla verður, að hafi verið nálægt markaðs-

verði slíkra íbúða, enda þykir rétt að dæma málið á grundvelli þessarar málsástæðu, þótt hún hafi eigi sérstaklega verið höfð uppi í málinu, sbr. 113. gr. laga nr. 85/1936. Afsláttur sá, sem stefndi á rétt til, telst hæfilega ákveðinn kr. 50.000.00. Hefur við ákvörðun afsláttarins verið tekið tillit til kostnaðar af að sannreyna spjöllin. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda nefnda fjárhæð með vöxtum, svo sem síðar segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Jón Ólafsson, greiði stefnda, Orra Gunnarssyni, kr. 50.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. maí 1963 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Jónatans Hallvarðsson hæstaréttardómara.

Fallast ber á ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabótaskyldu áfrýjanda og fébætur stefnda til handa. Verður dómurinn því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Ólafsson, greiði stefnda, Orra Gunnarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. f. m., hefur Orri Gunnarsson, Álfheimum 64, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með

stefnu, birtri 9. september 1963, gegn Jóni Ólafssyni, Kleppsvegi 20, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 82.017.04 ásamt 8% ársvöxtum frá 28. maí 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Í þinghaldi 30. apríl s.l. lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 1.604.62, eða í kr. 80.412.42.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að honum verði aðeins gert að greiða kr. 4.881.42 og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dagsettu 1. september 1962, keypti stefnandi 3ja herbergja kjallaraíbúð í húsinu nr. 1 við Bugðulæk hér í borg, og flutti stefnandi í íbúðina 8. október sama ár. Nokkrum dögum síðar kom í ljós, að raki var í gólfum íbúðarinnar. Hefur stefnandi skýrt svo frá, að er hann hafi skoðað íbúðina fyrir kaupin, hafi hann tekið eftir, að gólfdúkur fyrir framan baðherbergi og í baðherberginu hafi verið laus á köflum. Af því tilefni hafi hann innt stefnda eftir því, hvort um gæti verið að ræða raka. Segir stefnandi, að stefndi hafi svarað því til, að þetta mundi ekki stafa af raka, heldur af því, að hitalögn væri þar undir og límið hefði gefið sig af þeim sökum. Kveðst stefnandi hafa lagt hönd á staðinn og fundið, að heitt var undir. Hafi hann ekki látið þetta á sig fá, þar sem hann hafi ætlað að teppaleggja íbúðina. Nokkrum dögum eftir að stefnandi fluttist í íbúðina, kveðst hann hafa orðið var við það, að svartur vessi kom upp með gólfdúknum í baðherberginu og af þeim sökum hafi hann kvatt stefnda á vettvang og bent honum á þetta. Stefndi hafi þá sagt, að raka hefði gætt í baðherbergi og eldhúsi, áður en búið var að ganga frá húsinu að fullu. Skömmu eftir þetta kveðst stefnandi hafa fengið pípulagningameistara, Guðmund Ásgeirsson, til að líta á þetta. Hafi pípulagningameistarinn rifið upp gólfdúkinn og þá hafi komið í ljós, að bleyta var undir honum. Hafi verið ætlunin að kanna þetta nánar. Það hafi þó dregizt þar til þriðja í jólum um veturinn, en þá hafi lekinn verið farinn að aukast mikið og breiðast út. Hafi gólfið þá verið höggvið upp innan og utan við baðherbergið og komið í ljós, að rörin voru tærð, og lak úr þeim þar. Stefnandi segir, að einangrun í gólfinu hafi virzt vera vikurblanda. Virtist vikursandurinn hafa drukkið svo mikið vatn í sig, að fleiri vikur hafi þurft að bíða, meðan hann þornaði og hægt var að steypa gólfið aftur. Steypt hafði verið í gólfið til bráðabirgða. Stefnandi kveðst hafa flutzt úr íbúðinni 1. marz eða 1. apríl 1963 og tekið á leigu íbúð að Blönduhlíð 4.

Með bréfi, dagsettu 11. marz 1963, til yfirborgardómarans óskaði stefnandi eftir dómkvaðningu matsmanna „til þess að skoða umrædda íbúð og láta í ljós álit sitt á því, af hverju umræddur leki stafar svo og að meta til peninga, hvað kosta muni að bæta úr þessum göllum og á hvern hátt það bezt yrði framkvæmt".

Dómkvaddir voru Einar Sveinsson múrarameistari og Theodór Diðriksson verkfræðingur. Er matsgerð þeirra dagsett 18. maí 1963. Þar segir m. a.:

„Þegar skoðun var gerð, hafði farið fram viðgerð á hitaleiðslurörum, sem eru milli steypulaga í kjallaragólfinu, og var búið að ganga frá þeirri viðgerð og steypa í gólfin, sem höfðu verið höggvin upp. Þessi bilun var á hitalögn kjallaraíbúðarinnar. Matsmönnum voru sýndir rörabútarnir, sem teknir höfðu verið úr leiðslunni. Þeir voru með hrúðrum og tærðir, og einn þeirra var með tveim smágötum, og hafði sú bilun valdið mikilli bleytu í innri gangi og baðherbergi kjallaraíbúðarinnar.

Í öllum herbergjum nema einu voru gólgdúkar skemmdir, á þeim voru blöðrur og sums staðar göt. Talsverður raki var í útveggjum íbúðarinnar, einkum í eldhúsinu, þar eru hrúður á málningu uppi á veggjum, og plötur, sem límdar hafa verið á norðurvegg, voru lausar að neðan. Einnig er skemmd málning í suðurherbergjum.

Matsmenn létu byrja á að rífa hina skemmdu gólfdúka af. Raki var sums staðar í gólfinu og víða dökkir blettir, og bendir það til, að raki hafi verið þar. Síðan var steypulagið höggvið upp á nokkrum stöðum, og var víðast raki, en hvergi verulega blautt. Nýja steypan var öll höggvin upp. Ekki eru sýnilegar skemmdir á rörum, en einangrunin, filtplötur, voru fastar við rörin. Ekki er sýnilegt, að neins staðar sé illa gengið frá tengingum við skolprörin, því að hvergi gufar upp. Baðkerið er ekkert höggvið inn í veggina, en gipsað í rifuna milli kers og veggja. Þetta er mjög óvandaður frágangur, en eftir rækilega athugun höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki hafi komizt vatn niður að rörum frá baðkerinu. Gólfið undir því er ekki blautt, en á það ætti vatn, sem rennur niður vegginn innan við kerið, fyrst að koma. Það er því hvergi sýnilegur leki eða rakableyta í gólfinu núna, en gólfdúkurinn hefur skemmzt, vegna þess að raki hefur verið í kjallaragólfinu, þegar dúkurinn var lagður á það.

Upp við loft á suðurvegg í baðherberginu eru greinileg merki um raka. Þar var höggvið á tveim stöðum, sem líklegast þótti,

að lekið hefði um. Þurrum pappír var troðið í stærri holuna. Eftir nokkra daga var pappírinn tekinn. Hann var skraufþurr, en dálítið óhreinn. Svo ekki er lengur um leka að ræða á þessum stað, enda sjást þess merki utan á húsinu, að það hefur verið höggvið upp og múrað að nýju.

Athuganir hafa nú verið gerðar í um mánaðartíma. Gólfið virðist vera orðið þurrt, og þar, sem höggvið var upp efra steypulagið niður að rörunum, hefur einnig þornað. Við getum því ekki bent á neitt, sem örugg vissa sé fyrir, að hafi valdið því, að rörið ryðgaði, svo að gat kom á það.

Sennilegast teljum við, að vatn hafi komizt inn að rörunum fyrsta veturinn, sem húsið var í notkun, áður en það var húðað að utan, og að þá hafi líka gengið vatn inn í kjallaraveggina og að raki sé ennþá í þeim.

Við teljum því réttast að leggja nýja hitalögn í kjallaraíbúðina og að hún verði lögð meðfram útveggjum ofan á gólfinu, en sú hitalögn, sem nú er notuð og er milli steypulaganna í gólfinu, verði lögð niður.

Það, sem til mats var tekið, er: Viðgerðir á múr, sem matsmenn létu brjóta upp og brotinn verður, nýir gólfdúkar, C-þykkt, í stað hinna ónýtu, ný röralögn að miðstöðvarofnum, höggverk vegna röralagna, hreinsun á íbúðinni og keyrsla, kostnaður við að rífa gólflista frá, setja þá fyrir aftur, bæta nýjum í og lagfæra annað tréverk, málun á því, sem skemmzt hefur af raka, leka eða vegna þessara aðgerða, útveggir í eldhúsi, baðherbergi (ekki er tekið með að ganga réttilega frá baðkeri), útveggir í stofum, þeir, sem rakablettir eru sýnilegir á, gólflistar og það annað, sem breytt hefur verið eða orðið fyrir skemmdum.

Áætlaður kostnaður við þessar viðgerðir er kr. 45.000.00.

Vinna Jóns Ólafssonar við höggverk og gólfdúka er ekki tekin með í kostnaðaráætlunina."

Matsmaðurinn Einar Sveinsson hefur skýrt svo frá, að meðan hann gerði athuganir sínar á kjallaraíbúðinni, hafi hann kvatt tvo pípulagningameistara á vettvang og leitað álits þeirra um miðstöðvarpípurnar. Að fengnu þessu áliti hafi það verið samdóma skoðun þeirra matsmannanna, að þar sem víða hafi fundizt raki í gólfum íbúðarinnar og rör höfðu þegar tærzt í sundur, þá væri ekki þorandi að nota miðstöðvarleiðslurnar til frambúðar.

Vitnið Guðmundur Ásgeirsson pípulagningameistari hefur skýrt svo frá, að þegar það skoðaði baðherbergið, hafi það séð, að bleyta var í kjallaragólfinu, sem augljóslega kom neðan frá.

Kveðst vitnið hafa höggvið upp gólfið á nokkuð stóru svæði í baðherberginu. Hafi þá komið í ljós, að rörin voru tærð og orðin götótt, og vatn streymdi úr þeim. Hafi síðan verið höggvið út frá stað þessum til könnunar á því, hve skemmdin næði langt, og hafi svo til allt baðherbergisgólfið verið höggvið. Kveðst vitnið síðan hafa gert við pípulögnina til bráðabirgða. Hafi rörin, sem nýju rörunum var fest við, verið svo tærð, að vitnið taldi, að þau mundu ekki halda nema stuttan tíma. Síðar kveðst vitnið hafa athugað rör, sem búið var að höggva ofan af í ytriforstofu og forstofuherbergi, og hafi þau rör verið byrjuð að skemmast. Samkvæmt öllum ummerkjum að dæma leit vitnið svo á, að hitalögnin í íbúðinni væri meira eða minna tærð og væri ekkert á hana að treysta, svo að ekki hafi að áliti vitnisins annað komið til greina en að skipta alveg um pípur, þar sem þær hefðu aldrei getað þolað þann þrýsting, sem lögboðinn er.

Stefndi hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi margskoðað íbúðina, áður en kaupin áttu sér stað. Gólfdúkar hafi þá borið með sér, að raki hafði verið í gólfunum. Kveðst stefndi hafa sagt stefnanda, að tveimur árum áður hefði verið gert við smíðagalla á húsinu, en frá þeim galla hefði komizt raki í gólfið, en ekki hefði borið á slíku eftir það. Hér fyrir dómi skýrir stefndi svo frá, að ýmsir lekagallar hafi komið fram á hæðum hússins og hafi vatnið sigið með einangrun og rörum niður í kjallaraíbúðina og hafi dúkurinn á gólfum kjallarans aðallega losnað þar, sem rörin lágu. Kveðst stefndi hafa verið búinn að skipta um eitthvað af dúkum fyrir kaupin. Stefndi kveðst hafa skýrt stefnanda frá öllu þessu, áður en kaupin fóru fram, enda kveðst hann hafa talið, að búið væri að koma í veg fyrir frekari leka.

Aðiljar málsins voru samprófaðir um síðastgreint atriði fyrir dómi. Hélt stefnandi því ákveðið fram, að hann hefði ekki vitað fyrir kaupin um rakann, enda kvaðst hann ekki mundu hafa keypt íbúðina, ef hann hefði um hann vitað.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að í ljós sé leitt, að miðstöðvarlögn hússins hafi verið stórkostlega gölluð og raki hafi verið í íbúðinni. Gallar þessir hafi verið leyndir og hann ekkert um þá vitað. Beri stefndi því sem seljandi bótaábyrgð á öllu því tjóni, sem stefnandi varð fyrir vegna gallanna. Sundurliðar stefnandi kröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður vegna bráðabirgðaviðgerðar . kr. 5.912.42
2. Bætur samkvæmt matsgerð .. .. — 45.000.00
3. Húsaleiga í 5 mánuði, kr. 2.900.00 á mánuði .. .. — 14.500.00

4. Flutningur á síma ..... kr. 800.00
5. Bætur fyrir óþægindi ..... — 10.000.00
6. Reikningur matsmanna ..... — 4.200.00

Kr. 80.412.42

Kröfu sína um sýknu styður stefndi þeim rökum, að þegar stefnandi keypti íbúðina, hafi honum verið bent á, að dúkur hafði losnað í baðherbergi, væntanlega vegna raka, og sömuleiðis á annað, sem stefndi vissi um sem galla á íbúðinni eða gæti bent til galla. Þegar stefnandi tók við íbúðinni hafi röralögn öll verið heil. Hins vegar hafi rör á kjallaragólfi bilað, eftir að stefnandi flutti inn í íbúðina. Um þá bilun verði stefnda ekki um kennt og á henni beri hann enga ábyrgð. Venjuleg miðstöðvarrör hafi verið notuð og frágangur hafi verið eins og almennt tíðkaðist, er miðstöðin var lögð. Stefndi hafi því enga ábyrgð skapað sér, enda hafi lögnin verið undir eftirliti pípulagningameistara. Matsmenn taki fram, að þeir geti ekki bent á neitt, sem örugg vissa sé fyrir, að hafi valdið því, að rörið, sem olli bleytunni í gólfi kjallarans, ryðgaði, svo að gat kom á það. Stefnandi hafi því ekki sannað neinn þann galla í rörunum, sem stefndi hafi leynt, og beri því að taka sýknukröfuna til greina. Auk þess sé á það að líta, að stefnandi hafi selt íbúðina fljótlega aftur og muni hafa hagnazt um allt að 150.000.00 krónum á því að eiga íbúðina. Ef um eitthvert tjón sé að ræða, þá hafi stefnandi fengið það fullbætt með hækkuðu verði eignarinnar og ósannað sé, að galli sá, sem stefnandi telur, að verið hafi á íbúðinni og stefnt er út af, hafi haft nokkur áhrif til lækkunar á söluverði hennar og yfirleitt, að stefnandi hafi haft nokkurn kostnað af bilun röralagnarinnar.

Húsið Bugðulækur 1 mun hafa verið fokhelt í desember 1956, en það mun ekki hafa verið múrhúðað að utan fyrr en tveimur árum síðar. Stefndi keypti kjallaraíbúðina, áður en farið var að innrétta hana. Lét hann leggja miðstöðvarlögnina í íbúðina og greiddi kostnað við það verk. Eins og áður er frá greint, hefur stefndi skýrt svo frá, að smíðagallar hafi komið fram á húsinu og leka hafi orðið vart bæði í kjallaranum og á hæðunum fyrir ofan og tveimur árum áður en stefnandi keypti íbúðina hafi meðal annars verið gert við smíðagalla á húsinu, en frá þeim galla hafi komizt raki í kjallaragólfið og hafi verið búið að skipta um eitthvað af dúkum á gólfum af þessum sökum. Stefndi hefur ekki gegn mótmælum stefnanda sannað, að hann hafi gert stefn-

anda kunnugt um þessa missmíði á húsinu eða að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir göllum þessum. Ber stefndi ábyrgð á göllum þessum gagnvart stefnanda.

Stefndi hefur heldur ekki sannað, að hann hafi losnað undan skyldu til greiðslu bóta vegna galla þessara, vegna þess að stefnandi hafi selt íbúðina á svo miklu hærra verði en hann keypti hana á. Verða þá einstakir kröfuliðir teknir til athugunar:

Um 1. Stefnandi hefur lagt fram ýmsa reikninga vegna bráðabirgðaviðgerðar þeirrar, sem fram fór á miðstöðvarlögninni. Varakrafa stefnda er á því byggð, að honum sé óskylt að greiða nema kr. 4.184.42 af reikningum þessum. Reikninga yfir aksturskostnað, kr. 650.00, kr. 50.00, kr. 227.00 og kr. 154.00, og reikning yfir rafmagnskostnað, kr. 647.00, telur stefndi þessari bráðabirgðaviðgerð óviðkomandi. Fallast verður á með stefnda, að síðastgreindir reikningar séu bráðabirgðaviðgerðinni óviðkomandi.

Telja verður, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að láta framkvæma bráðabirgðaviðgerð á miðstöðinni. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með kr. 4.182.42.

Um. 2. Þessi kröfuliður stefnanda er byggður á matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið fyrst og fremst á þeim grundvelli, að ósannað sé í málinu, að þörf hafi verið á að skipta um miðstöðvarleiðslur, eftir að bráðabirgðaviðgerð hafði farið fram. Einnig heldur stefndi því fram, að aðrir eigendur hússins hafi tekið þátt í kostnaði við viðgerðina og beri að minnsta kosti að lækka þennan kröfulið um fjárhæð, sem því samsvarar.

Hér að framan hefur því verið lýst, að raka hafi gætt í gólfum íbúðarinnar um alllangt skeið. Þegar þetta er virt, gögn málsins í heild og matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, þykir verða að fallast á það með stefnanda, að ekki hafi verið treystandi á miðstöðvarlögnina í gólfum íbúðarinnar. Verður krafa stefnanda samkvæmt þessum lið því tekin til greina, enda hefur mati hinna dómkvöddu matsmanna ekki verið hnekkt. Þá er einnig ósannað, að aðrir íbúðaeigendur hússins hafi greitt stefnanda hluta þessa kostnaðar.

Um 3—5. Stefnandi krefur stefnda um húsaleigukostnað í 5 mánuði, kr. 14.500.00, flutningskostnað á síma, kr. 800.00, og bætur fyrir óþægindi, kr. 10.000.00.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfum stefnanda sem röngum og málinu óviðkomandi, en til vara sem allt of háum. Heldur

stefndi því fram, að viðgerðin hafi ekki tekið nema stuttan tíma og hefði verið hægt að búa í húsinu á meðan.

Ljóst er, að viðgerð sú, sem framkvæma þurfti á íbúðinni, hafði í för með sér mikil óþægindi fyrir stefnanda. Var því ekki hægt að ætlast til þess, að hann byggi í henni á meðan. Hins vegar er sá tími, sem stefnandi ætlar, að þurft hafi til að ljúka verkinu, óhæfilega langur. Eftir öllum atvikum þykir rétt að meta stefnanda bætur í einu lagi samkvæmt þessum kröfuliðum, og ákveðast þær kr. 15.000.00.

Um 6. Stefnanda bar nauðsyn til að fá dómkvadda matsmenn. Verður krafa hans samkvæmt þessum lið því tekin til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber stefnda að greiða stefnanda kr. 68.382.42 (4.182.42 + 45.000.00 + 15.000.00 + 4.200.00) með 8% ársvöxtum frá 28. maí 1963 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðjóni Júlíussyni pípulagningameistara og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Jón Ólafsson, greiði stefnanda, Orra Gunnarssyni, kr. 68.382.42 með 8% ársvöxtum frá 28. maí 1963 til 1. janúar 1965, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. febrúar 1967.

Nr. 3/1967. **Kol & Salt h/f** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Hafnarstjórn Reykjavíkur og gagnsök
(Páll Líndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útburðarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1967 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um útburð þann, sem krafizt er á hendur honum, og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. janúar 1967 og krafizt þess, að aðaláfrýjandi verði ásamt öllu því, sem hans er, borinn út af eftirtöldum hluta svæðis þess, sem hann hefur haft umráð yfir á Austurbakka Reykjavíkurhafnar, „en það er nánar tilgreint portið austan við gamla salthúsið, lóðin undir gamla salthúsinu og portið framan við gamla salthúsið að austurgafli nýja salthússins", auðkennt rauðstrikað á dskj. nr. 24 í fógetaréttarmálinu. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að ákvæði fógetadóms um málskostnað verði staðfest og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, leigði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda hinn 7. apríl 1926 svæði á Austurbakka Reykjavíkurhafnar til 20 ára frá 1. júlí 1926 að telja. Þá er leigutíminn rann út, fór aðaláfrýjandi þess á leit, að leigusamningurinn yrði framlengdur um 20 ár. Til svars þeirri beiðni var „Ár 1964, föstudag 26. apríl, svofelld bókun gerð í hafnarstjórn: Tekið fyrir erindi K & S, er frestað var á síðasta fundi. Samþykkt að verða við erindinu og hafnarstjóra falið að semja við félagið á leigugrundvelli frá ári til árs." Eigi var gerður nýr leigusamningur um leiguna, en

aðaláfrýjandi hélt áfram notkun og umráðum leigusvæðisins, og ársleigan, sem ákveðin skyldi samkvæmt samningnum frá 7. apríl 1926 af lóðamatsnefnd fyrirfram fyrir 5 ár í senn, var eftir 1. júlí 1946 ákveðin af gagnáfrýjanda. Hinn 23. ágúst 1956 tilkynnti borgarritari aðaláfrýjanda, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði samþykkt að veita aðaláfrýjanda „leyfi til að byggja einlyft saltgeymsluhús úr steinsteypu á lóð“ hans „við Austurbakka.“ Mál þetta tekur eigi til þess svæðis, er hið nýja saltgeymsluhús stendur á.

Þar sem eigi var gerður nýr leigulóðarsamningur um athafnasvæði það, sem mál þetta tekur til, að útrunnu tímabili samningsins frá 7. apríl 1926, verður að líta svo á, að ákvæði þess samnings hafi framlengzt, að svo miklu leyti sem þeim hefur eigi verið breytt í framkvæmd. Samkvæmt 8. gr. leigumálans frá 7. apríl 1926 skyldi aðaláfrýjandi, að loknum leigutíma, „eiga forleigurétt á hinni leigðu lóð með sömu kjörum og aðrir.“ Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð yfirlýsing gagnáfrýjanda, dags. 3. febrúar 1967, svohljóðandi:

„Eimskipafélagi Íslands h.f. hefur verið gefið loforð um bráðabirgðaafnot af hluta svæðisins, en að öðru leyti verður það notað í þágu hafnarsjóðs. Þetta loforð er gert til að greiða fyrir uppbyggingu hafnarsvæðisins, þar sem félagið hét því að rýma og hefur nú rýmt vörugeymslulóð sína norðan hafnarhússins. Á þeirri lóð er hafin bygging tollstöðvarhúss, en þeirri byggingu verður tengdur 1. áfangi Tryggvagötu, sem gerður verður í um 4 m hæð yfir núverandi götuhæð.

Síðar er svo ætlunin, að á lóðinni, sem Kol & Salt hafa haft, verði reist bygging í samvinnu Eimskipafélagsins og hafnarsjóðs, vörugeymsluhús og bifreiðageymslur mjög miklar, auk þess sem næsti áfangi Tryggvagötu verði lagður gegnum þá byggingu.“

Við athugun á yfirlýsingu þessari eru eigi fyrir hendi nægilega glögg skil á því, að aðaláfrýjanda sé eigi unnt að neyta forleiguréttar til hinnar umdeildu lóðar allrar eða af hluta með sömu kjörum og aðrir. Þykir því varhugavert að

dæma útburð á hendur honum að svo komnu máli. Ber samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað útburðar.

Málskostnaður fyrir fógetadómi og Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1966.

Gerðarbeiðandi, borgarlögmaðurinn í Reykjavík, hefur krafizt þess f. h. hafnarsjóðs *aðallega,* að gerðarþoli, Kol & Salt h/f, verði borinn út af lóðarhluta á Austurbakka Reykjavíkurhafnar, nánar tiltekið af portinu austan gamla saltgeymsluhússins, lóðinni undir gamla saltgeymsluhúsinu og portinu framan við gamla saltgeymsluhúsið að austurgafli nýja saltgeymsluhússins, en *til vara,* að útburður nái til þess svæðis, að undanteknum lóðarhlutanum undir gamla saltgeymsluhúsinu, og verði þá jafnframt borið út það, sem er í því húsi. Hvor krafan, sem tekin yrði til greina, er krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að gerð þessi nái fram að ganga, og einnig hefur þess verið krafizt, að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram 18. október s.l. Hinn 21. sama mán. óskaði umboðsmaður gerðarþola þess bréflega, að málið yrði endurupptekið, svo að honum gæfist kostur á að koma að frekari gögnum. Þau gögn komu fram hinn 31. október, og var málið að svo búnu tekið til úrskurðar á nýjan leik.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. 3 samningur, gerður 7. apríl 1926, milli borgarstjórans í Reykjavík f. h. hafnarsjóðs sem leigusala og hlutafélagsins Kol & Salt sem leigutaka. Þar tekur hlutafélagið á leigu lóðarspildu við höfnina, þá talda 9090 m^2 að stærð, nánar tiltekið frá Austuruppfyllingunni og með takmörkum Faxagötu—Kalkofnsvegar—Geirsgötu og að sundi milli síðastnefndrar götu og uppfyllingarinnar, og vísast þar til viðfests uppdráttar. Lóð þessi var leigð eingöngu til geymslu á kolum og salti, og fylgdi

réttur til þess að setja þar upp krana til fermingar og affermingar skipa. Leigutaki skyldi girða lóðina og hafa heimild til að setja þar byggingar, sem nauðsynlegar væru til kola- og saltverzlunar.

Leigutími var tiltekinn 20 ár frá og með 1. júlí 1926 að telja, en leigusala jafnframt áskilinn réttur til þess að segja leigunni upp með 12 mánaða fyrirvara, er 12 ár væru liðin frá samningsgerð, ef ákveðið skyldi verða, að kol yrðu ekki lengur höfð á þessum stað við höfnina. Skyldi leigusali þá jafnframt hafa rétt og skyldu til að kaupa kolakranann fyrir verð, sem samningur lætur að liggja, hvernig finna skuli. Leigutaka var áskilinn forleiguréttur að samningstíma liðnum með sömu kjörum og aðrir skyldu fá, en annars er ákvæði um það, að leigutaki skuli taka burt, leigusala að kostnaðarlausu, kolakranann, byggingar, girðingar og önnur mannvirki, nema öðruvísi semjist.

Loks er ákveðið, að leiga skuli ákveðin af lóðamatsnefnd fyrir 5 ár í senn og gjalddagar leigu skuli vera 4 sinnum á ári. Nánari ákvæði eru um tryggingu fyrir leigugjaldi og um afleiðingar vanskila.

Samkvæmt ákvæðum samnings þessa var leigutíma lokið 1. júlí 1946. Fram hafa komið í málinu bréf gerðarþola til hafnarstjórnar. Hið fyrsta er dagsett 20. desember 1945. Það hefur að geyma uppkast að nýjum leigusamningi til 20 ára, eða réttara sagt breytingartillögur við sumar fyrri samningsgreinar. Þar er lagt til, að leigusamningur verði óuppsegjanlegur af hálfu beggja aðilja í 20 ár, lóðin sé leigð til geymslu á kolum og salti og byggingavörum. Byggist þetta á fyrirætlunum félagsins um endurbætur á lóðinni ýmiss konar og þyki ekki að öðrum kosti rétt, að ráðizt verði í neinar slíkar framkvæmdir. Vísast hér til rskj. 29. Síðara bréfið er dagsett 28. febrúar 1946. Þar er vísað til þess, að kolanotkun hafi farið mjög minnkandi svo og saltnotkun og sé félaginu nauðsynlegt að geta farið út á nýjar brautir og verzla með byggingavörur. Er erindi fyrra bréfsins ítrekað. Sjá rskj. 30.

Þessar málaleitanir voru samþykktar í hafnarstjórn, þó þannig, að hafnarstjórn var falið „að semja við félagið á leigugrundvelli frá ári til árs." Sjá rskj. 26, sem er bókun í hafnarstjórn 26. apríl 1946.

Upplýst er í málinu, að ekki hefur verið samið skriflega um leigukjör, frá því að samningurinn frá 1936 rann út, að öðru leyti en að ofan greinir, en í málinu liggur fyrir uppkast að leigusamningi, sjá rskj. 4. Þar segir, að leigutími sé ákveðinn

frá ári til árs, fyrst frá 1. júlí 1946 og geti hafnarstjórn hvenær sem er með 6 mánaða fyrirvara sagt upp samningnum. Ársleiga ákveðist af hafnarstjórn til eins árs í senn og greiðist leiga ársfjórðungslega. Lóðin leigist til geymslu á kolum og salti fyrst og fremst og enn fremur til geymslu á byggingavörum með nánari skilyrðum. Leigutaki skal taka burt öll mannvirki af lóðinni leigusala að kostnaðarlausu, þá er leigutíma lýkur, nema öðruvísi semjist. Þess skal getið, að lóðin er þar talin 8897 m^2 að stærð.

Hefur hafnarstjórn síðan ákveðið leigu frá ári til árs, sjá bréf á rskj. 9—11 og yfirlit yfir leigugreiðslur gerðarþola á rskj. 27. Í tilefni af leiguákvörðun hafnarstjórnar, sjá rskj. 9, ritar gerðarþoli hafnarstjóra bréf hinn 12. marz 1951 og óskar þar skýringar á hinum endurteknu hækkunum og spyrst nánar fyrir um það, hvort enginn aðili sé til sambærilegur við lóðamatsnefnd, sem þessum atriðum megi skjóta til, sjá rskj. 12. Hafnarstjóri svarar bréfi þessu 13. marz, sjá rskj. 13, og staðfestir þar, að hafnarstjórn ákveði leigu á leigulóðum sem þessum, enda standi lög til þess, en leigutaki geti óskað yfirmats.

Ekki liggur fyrir, að gerðarþoli hafi gert frekari athugasemdir við ákvörðun leigu eða aðild hafnarstjórnar að því.

Eftir því sem fram er komið í þessu máli, gerist það næst í skiptum aðilja, að gerðarþoli lætur gera skipulagsuppdrátt að hafnarsvæði þessu, og er þar gert ráð fyrir stóru saltgeymsluhúsi á lóðinni. Er byggingarnefnd Reykjavíkurborgar jafnframt að því spurð, hvort heimilt muni verða að byggja á lóð félagsins, en fyrirhugað sé að reisa húsið í áföngum. Nánari greinargerð fylgir erindi þessu, og er þar bent á minnkandi kolaþörf, en vaxandi saltþörf og sé gamla saltgeymsluhúsið orðið alsendis ófullnægjandi, en miklu nær liggi að kosta til að reisa nýtt hús en að hressa upp á hið gamla. Hér vísast til rskj. 14—20 í málinu.

Samkvæmt rskj. 21 í máli þessu, sem er bréf borgarritara, er skýrt frá þeirri ályktun byggingarnefndar að samþykkja málaleitan gerðarþola um að mega byggja einlyft saltgeymsluhús úr steinsteypu á lóð félagsins við Austurbakka, og er bréf þetta dagsett 18. ágúst 1956.

Hinn 12. ágúst 1965 ritar hafnarstjóri gerðarþola bréf, sem lagt er fram í málinu sem rskj. 5. Bréfið hefur á því, að viðurkennd er móttaka bréfs gerðarþola varðandi leyfi til áframhalds byggingar á saltgeymsluhúsi og vitnað til samtals hafnarstjóra og forráðamanna gerðarþola, sem fram hafi farið 22. júní. Í

bréfi þessu er vísað á bug framkominni beiðni um nefnda byggingu með tilvísun til ákveðins skipulags hafnarsvæðisins. Er gerðarþola jafnframt sagt upp leigulóðarafnotunum „að öðru leyti en því, sem yður er nauðsynlegt vegna kola- og saltafgreiðslu, á meðan sú starfsemi verður rekin á þessum stað.“ Tekið er fram, að uppsögnin sé með 6 mánaða fyrirvara frá og með 1. september 1965 að telja.

Aftur ritar hafnarstjóri gerðarþola hinn 4. marz 1966, sjá rskj. 6. Þar er gerðarþoli minntur á framkomna uppsögn og því lýst yfir, að þar eð rýming hafi ekki farið fram, neyðist hafnarstjórn til að afhenda lögfræðingi sínum málið. Síðan segir í bréfinu: „Lóðarhluti sá, sem hér um ræðir og samkomulag hefur orðið um, að laus yrði um s.l. mánaðamót, er portið austan við gamla salthúsið, lóðin undir gamla salthúsinu og portið framan gamla salthúss að austurgafli nýja salthúss. Kolabyngur við gafl nýja salthúss má þó vera áfram á sínum stað.“

Enn ritar hafnarstjóri gerðarþola hinn 18. marz 1966, sjá rskj. 7. Segir þar, að þar eð fullkomið samkomulag sé milli Reykjavíkurhafnar sem leigusala og Kol & Salt sem leigutaka um rýmingu á hluta af leigulóðinni, en félagið hafi ekki haft samband við hafnarstjóra um lóðarafnotin, þá verði boðaðar aðgerðir í bréfinu frá 4. marz látnar koma til framkvæmda.

Ekki hefur komið fram í málinu, að gerðarþoli hafi að neinu leyti svarað nýnefndum bréfum fyrr en 21. júlí 1966. Þá ritar gerðarþoli hafnarstjóra, og hefur bréfið á því, að vísað er til samtals varðandi fyrirhugaða flutninga félagsins af leigulóðinni. Vefengt er, að félaginu beri skylda til að rýma lóðina, nema fyrst verði samið um bætur fyrir eignir þess, sem þar eru og eignarnámi verði teknar, eins og bréfið tekur til orða, og jafnhliða verði að meta þá breytingu, sem verði á högum félagsins miðað við rekstur þess á þessari lóð og þeirri, sem því verði úthlutað í stað hennar. Þá segir í bréfinu, að ekki sé ágreiningur um staðsetningu nýs saltgeymsluhúss, en þar eð sú lóð sé enn ekki byggingarhæf, hafi hafnarstjórnin fallizt á, að félagið haldi saltgeymsluhúsi sínu enn um hríð. Þá er farið nokkrum orðum um viðleitni og framkvæmdir gerðarþola til að fá sér annan samastað fyrir aðra starfsemi en saltverzlun og því haldið fram, að borgaryfirvöld hafi synjað um alla fyrirgreiðslu þar að lútandi og sjái félagið sér ekki fært að flytja að svo komnu. Þrátt fyrir þetta krefjist hafnarstjórn rýmingar á lóðinni, enda þótt félagið hafi forleigurétt að henni.

Gerðarbeiðandi hefur í málflutningi sínum getið þess, að hafnarstjóra hafi borizt annað bréf líks efnis frá gerðarþola, dagsett 14. september 1965, eða nánast mánuði eftir að uppsagnarbréfið á rskj. 5 er dagsett, og þar hafi félagið talið lóðarúthlutun til bygginga fyrir starfsemi þess vera forsendu þess, að núverandi leigulóð yrði rýmd. Bréf þetta hefur ekki komið fram í málinu.

Útburðarbeiðni byggist á uppsögninni á rskj. 5, og heldur gerðarbeiðandi því fram, að gerðarþoli hafi engan rétt til að hafast við á hinum nánar tilteknu lóðarspildum að liðnum 6 mánuðum frá 1. september 1965. Hefur gerðarbeiðandi lagt fram sem rskj. 24 uppdrátt að svæði þessu, sem sýnir, til hverra hluta útburðargerð skuli taka, bæði skv. aðalkröfu og varakröfu. Varakrafan er sett fram með tilliti til þess, að fógeti kynni að telja heimild skorta til þess að bera út hús af lóð, en jafnframt bendir gerðarbeiðandi á, að í skjölum borgarinnar finnist ekki, að leyfi hafi verið veitt til byggingar gamla saltgeymsluhússins né heldur beiðni gerðarþola um slíkt leyfi, sjá hér vottorð á rskj. 32 og 33, sbr. og vottorð á rskj. 25.

Gerðarbeiðandi telur, að enda þótt samningsuppkastið á rskj. 4 hafi aldrei verið undirritað af aðiljum, hafi samt verið eftir því farið og án þess að gerðarþoli hafi að því fundið. Þar sé gert ráð fyrir leigu frá ári til árs, leigugjald einnig einhliða ákveðið frá ári til árs af hafnarstjóra og uppsagnarfrestur kveðinn 6 mánuðir. Hann vísar til þess, að fullt samkomulag hafi tekizt með aðiljum um rýmingu á þessu svæði í samræmi við uppsögnina, en forráðamenn gerðarþola virðast halda, að viðurkenning eða greiðsla bótakrafna sé forsenda fyrir því, að þeim beri að rýma. Er þessum skilningi mótmælt sem staðlausum, enda beri leigutaka að taka öll mannvirki af lóðinni leigusala að kostnaðarlausu, þá er leigutíma ljúki, nema með svofelldu móti, að öðruvísi semjist, en því sé ekki hér til að dreifa. Því er mótmælt, að í þessum útburðargerðum felist eignarnám, enda sé ekki beiðni um afhendingu eignarréttar á neinu því, sem gerðarþoli eigi á lóðinni, og staðhæfingum um bótaskyldu til gerðarþola er alsendis mótmælt. Um það sé ekki að ræða, að gerðarþoli geti beitt forleigurétti, þar eð ekki sé fyrirhugað að leigja lóðarspilduna.

Að öðru leyti tekur gerðarbeiðandi fram, að skipulag hafnarsvæðisins krefjist þess, að starfsemi eins og sú, sem gerðarþoli hefur með höndum, verði lögð niður á þessum stað. Samningur aðiljanna frá 1926 geri einmitt ráð fyrir þeim möguleika að losna

þyrfti við kola- og saltsölu af þessum stað, meðan á samningstíma standi, og samþykkt hafnarstjórnar um að leigja svæðið aðeins frá ári til árs að loknum samningstíma 1946 sé afleiðing þessa sjónarmiðs. En á það sé að líta, að uppsögn og útburðargerð þessi skerði í engu aðalstarfsemi gerðarþola, sem sé saltverzlun, en það sé sú eina starfsemi, sem á lóðinni sé leyfð með samþykki hafnarstjórnar. Hvað sérstaklega viðvíkur kolakrananum, þá hafi framspor hans alltaf legið utan girðingar um lóð gerðarþola og meiri hluti baksporsins verði, þá er umræddur lóðarhluti hafi verið rýmdur, enn á athafnasvæði gerðarþola. Verði því engar breytingar á fyrirkomulagi á uppskipun á salti í saltgeymsluhús gerðarþola.

Gerðarþoli telur útburðarbeiðni svo óljósa og óákveðna að efni til, að þegar af þeirri ástæðu ætti að synja um útburð. Beðið sé um útburð á ótilteknum munum af hluta lóðar, sem á sínum tíma hafi verið leigð gerðarþola í einu lagi. Þá sé beðið um útburð á fasteign, gamla saltgeymsluhúsinu, sem hafi verið byggt í leyfi borgaryfirvalda, en það sé utan við valdsvið fógeta að bera út annað en lausafé.

Gerðarþoli bendir á það, að þá er samningurinn frá 1926 rann út 1. júlí 1946, hafi enginn nýr samningur verið gerður. Samningsuppkastið á rskj. 4 hafi aldrei verið bindandi milli aðilja. Öll ákvæði hins útrunna leigusamnings um brottflutning mannvirkja hafi fallið niður og sé félagið jafnsett hverjum öðrum leigutaka, sem reist hafi mannvirki á lóð með leyfi borgaryfirvalda og greitt lóðargjöld skilvíslega. En ef lóð sé tekin af slíkum aðilja, þá sé það viðurkennd regla, að leigusali verði að hafa gætt þess, að skilyrði eignarnáms séu fyrir hendi, almenningsheill krefjist rýmingar og fullar eignarnámsbætur látnar í té. Hér sé um það að ræða, að borgaryfirvöld vilji taka mannvirki gerðarþola undir sig, en vilji hliðra sér hjá að borga bætur.

Þá telur gerðarþoli ljóst, að forráðamenn hans hafi ekki annað getað séð á liðnum árum en að borgaryfirvöld hafi litið með velþóknun á starfsemi félagsins á leigusvæðinu og hefði félagið þar með bæði rétt og skyldu til þess að búa þar um sig til frambúðar. Byggingarnefnd hafi samþykkt tillöguuppdrætti þá, er gerðarþoli lét gera árið 1954, og heimilað jafnframt byggingu vandaðs saltgeymsluhúss. Verði nú ekki betur séð en að útburðarbeiðni þessi sé sett fram í fullkomnu vitundarleysi um þessar samþykktir og önnur samskipti aðilja, frá því er samningur rann út árið 1946. Það sé augljóst, að áður en félagið rými lóðina,

þurfi að semja um bætur fyrir allar þær eignir þess, sem eru á henni, og hafa tillit til þeirra breytinga, sem verði á högum félagsins við þessa flutninga yfir á aðra lóð, sem væntanlega fáist í stað þeirrar núverandi.

Fógeti hefur litið á staðhætti á svæði því, sem útburðarbeiðni tekur til, svo og athugað mörk þess svæðis með samanburði við uppdrátt þann, er gerðarbeiðandi hefur lagt fram í því sambandi. Verður að telja glöggt sé, að hverju svæði og eignum gerðinni er beint, og verður ekki séð, að það fari í bág við almennar reglur, þótt aðeins sé sagt upp hluta af lóð.

Vísa ber á bug þeirri skoðun gerðarþola, að eignarnám felist í útburðargerð þessari, ef leyfð verður, svo og þykir ágreiningur aðilja um bótaskyldu ekki eiga að skipta máli við úrslit þessa útburðarmáls.

Þá er samningur aðiljanna rann út 1. júlí 1946, var ekki gengið frá nýjum samningi, sem tæki af skarið um leigukjör. Það liggur fyrir, að tilmælum gerðarþola um nýjan 20 ára samning hefur verið vísað á bug af hálfu hafnarstjórnar. Verður að telja, að með aðiljum hafi stofnazt þegjandi samkomulag um áframhaldandi leiguafnot gerðarþola til óákveðins tíma, sem um giltu almennar reglur, þar á meðal, að aðiljar gætu sagt því upp með hæfilegum fyrirvara.

Uppsögn hefur komið fram af hálfu gerðarbeiðanda í bréfinu frá 12. ágúst 1965. Hún er að vísu ekki eins greinilega orðuð og æskilegt hefði verið, en þar er vitnað til viðræðna og gerðarþola sagt upp öðru plássi en því, sem félaginu sé nauðsyn vegna starfseminnar. En bréf gerðarbeiðanda frá 8. marz 1966 tekur hér af allan vafa, og með því að ekki verður séð, að gerðarþoli hafi gert athugasemdir við uppsögnina að þessu leyti fyrr en nú í þessu máli, þykir verða að telja uppsögn gallalausa, að því er snertir atriðið, við hvert svæði af lóðinni sé átt. Telja verður einnig, að hún hafi komið fram með nægilegum fyrirvara. Ber að meta hana gilda sem bindandi fyrir gerðarþola og útburðargrundvöll í þessu máli.

Um það deiluatriði aðiljanna, hvort rétt sé, að eldra saltgeymsluhúsið verði fjarlægt af lóðinni með beinni fógetagerð, þá hefur gerðarbeiðandi fært það fram, að hús þetta hafi verið byggt án leyfis. En á það er að líta, að húsið hefur áratugum saman staðið þarna á lóðinni, án þess að séð verði, að borgaryfirvöld hafi að því fundið. Þykir ekki rétt, að fógetagerð þessi verði látin taka til þessarar byggingar.

Kolakraninn er í eðli sínu lausafé og er færanlegur á sporum sínum út af því svæði, sem útburðargerð er ætlað að taka til.

Niðurstaðan verður sú, að varakrafa gerðarbeiðanda verður tekin til greina, þannig að útburður nær til þessara lóðasvæða: portsins austan gamla saltgeymsluhússins, lóðarinnar undir gamla saltgeymsluhúsinu, þannig að allt, sem gerðarþoli á þar inni, verður borið út, svo og nær útburður til þess svæðis handan gamla saltgeymsluhússins, sem afmarkast annars vegar af lóðamörkum og hins vegar af línu frá þeim hornum beggja saltgeymsluhúsa, sem næst eru hvort öðru.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Útburðargerðin fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda samkvæmt varakröfu hans.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1967.

Nr. 50/1966: **Vélbátatrygging Eyjafjarðar og Gunnlaugur Sigurðsson og Kristján Vigfússon f. h. eigenda v/b Pálma, EA 536,** (Friðrik Magnússon hrl.)
gegn
Skipaútgerð ríkisins og gagnsök.
(Ingólfur Jónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og prófessor Ármann Snævarr.

Árekstur skipa. Vátrygging. Skaðabætur. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. apríl 1966 og gert þessar dómkröfur:

Aðaláfrýjandi Vélbátatrygging Eyjafjarðar krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 405.235.00 með 7% ársvöxtum frá 6. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi eigendur v/b Pálma, EA 536, krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 196.300.00 með 7% ársvöxtum frá 6. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefjast aðaláfrýjendur og málskostnaðar, hvor fyrir sig, úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefjast þeir viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Heklu, TFCA, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 25. apríl 1966. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 21. janúar 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hafa Vélbátatrygging Eyjafjarðar, Akureyri, og Gunnlaugur Sigurðsson, Brattavöllum, og Kristján Vigfússon, Litla-Árskógi, hinir tveir síðarnefndu f. h. eigenda og áhafnar v/b Pálma, EA 536, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. marz 1964, gegn Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta vegna tjóns, sem varð, er árekstur varð á milli v/b Pálma, EA 536, og m/s Heklu, TFCA, 6. apríl 1962.

Með dómi réttarins, uppkveðnum 13. desember 1965, var kröfuliðum II, tl. 2—6, vísað frá dómi. Var þar um að ræða kröfur áhafnar, útgerðar og eigenda vegna verðmætis afla og muna, sem fórust, er v/b Pálmi, EA 536, sökk við árekstur inn, svo og vegna rekstrartjóns útgerðar og atvinnutjóns áhafnar af þeim sökum.

Eins og málið liggur nú fyrir, eru nú aðeins til úrlausnar kröfur Vélbátatryggingar Eyjafjarðar og eigenda v/b Pálma til greiðslu á andvirði bátsins. Er báturinn fórst, greiddi Vélbátatrygging Eyjafjarðar eigendum bátsins hluta af vátryggingarverði bátsins og krefur stefnda nú um endurgreiðslu þess fjár. Eigendur v/b Pálma, EA 536, krefja stefnda um þann hluta af verðmæti bátsins, sem Vélbátatrygging Eyjafjarðar greiddi eigi.

Dómkröfur Vélbátatryggingar Eyjafjarðar eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 405.235.00 með 7% ársvöxtum frá 6. apríl 1962 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Heklu, TFCA, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Af hálfu eigenda v/b Pálma, EA 536, eru þær dómkröfur gerðar, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 196.300.00 með 7% ársvöxtum frá 6. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Heklu, TFCA, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Til vara krefjast stefnendur annarra lægri fjárhæða eftir mati dómsins auk vaxta, málskostnaðar og viðurkenningar á sjóveðrétti, eins og áður greinir.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað, en til vara, að kröfur stefnenda verði lækkaðar og málskostnaður verði þá látinn niður falla og vextir ekki reiknaðir lengra aftur en frá 8. marz 1964.

Málavextir eru þessir: Kvöldið þann 6. apríl 1962 sigldi m/s Hekla, eign Skipaútgerðar ríkisins, inn Eyjafjörð vestan Hríseyjar. Um kl. 2020 var m/s Hekla að koma inn úr sundinu milli Hríseyjar og Brimness. Var skipinu siglt á fullri ferð með 12—13 sjómílna hraða og stýrt stefnan 118° r.v. Var þeirri stefnu haldið, þar til atburður sá gerðist, er síðar verður lýst. Veður var sunnan 1—2 vindstig, alskýjað, en gott skyggni, en birta var á mörkum þess, að ljósatími væri byrjaður. Magnús Einarsson, 1. stýrimaður, var á stjórnpalli ásamt hásetunum Jóni Meyvantssyni, sem var á útsýnisverði, og Ómari Hillers, sem var við stýrið. Kveðst stýrimaður þá hafa séð bát í um tveggja sjómílna fjarlægð og hafi báturinn haft stefnu sem næst þvert á stefnu Heklu bakborðsmegin. Stýrimaðurinn kveðst hafa búizt við, að báturinn mundi víkja, eins og honum hafi borið samkvæmt siglingareglum. En þegar stýrimaðurinn sá, að um hættu á ásiglingu var að ræða, þar sem báturinn vék ekki, gaf hann skipun um að snúa skipinu hart á stjórnborða, og jafnframt gaf hann stutt hljóðmerki. Þegar m/s Heklu var beygt til stjórnborða, kveður stýrimaður bátinn hafa verið að ganga inn á stefnu m/s Heklu og stefni bátsins borið við bakkahornið bakborðsmegin. Með því að beygja hart á stjórnborða kveðst stýrimaður hafa ætlað sér að ná samhliða stefnu við bátinn, þannig að hann færi aftur með Heklunni bakborðsmegin vegna hraðamismunar. Ekki dugði þetta til að afstýra ásiglingu, og lenti skipið með stefnið aftan til á bátnum, sem reyndist vera v/b Pálmi, EA 536. Er þetta gerðist, var klukkan um 2030. Stýrimaðurinn segir, að um leið og hann beygði til stjórnborða, hafi báturinn virzt beygja til bakborða, en of seint og sér virzt, að stefni skipsins hafi lent um stýrishús bátsins stjórnborðsmegin.

V/b Pálmi var umrætt sinn að koma úr fiskiróðri og var á leið til hafnar á Litla-Árskógssandi, sem var heimahöfn og útgerðarstaður bátsins. Kveðst formaðurinn, Gunnlaugur Sigurðsson, hafa siglt austan við Hrísey skammt frá landi með áttavita-

stefnu SSV með venjulegri ferð um það bil 7.5 sjómílur á klst. Er formaðurinn sá m/s Heklu fyrst, kveður hann hana hafa borið í Dalvík, rétt frítt við eyjuna, og hafi sér virzt Hekla þá hafa borið um þverskipsstefnu. Ekki kveðst hann treysta sér til að segja um fjarlægð milli skipanna þá né hve langur tími leið, frá því að hann sá m/s Heklu fyrst og þar til árekstur varð. Strax og hann sá m/s Heklu, kveðst hann hafa reiknað með miðað við ganghraða skipanna, að hann þyrfti ekki að breyta um stefnu. Nokkru áður en áreksturinn varð, kveðst hann hafa litið út um stjórnborðsglugga stýrishússins og þá hafa séð aftur með stjórnborðshlið Heklu. Hafi hann talið v/b Pálma vera kominn fram hjá stefnu Heklu og ekki litið frekar eftir skipinu, þar til áreksturinn varð. Gizkar formaðurinn á, að fjarlægðin milli skipanna hafi verið ca. 150—200 metrar, þegar hann taldi sig sjá eftir stjórnborðshlið Heklu, og nokkur stund, á að gizka tvær mínútur, hafi liðið, frá því að hann leit út og árekstur varð. Ekki kveðst hann hafa orðið var við, að m/s Hekla breytti um stefnu og ekki hafa heyrt hljóðmerki frá henni. Sjálfur kveðst hann hafa haldið stefnu og ferð bátsins óbreyttri allan tímann, þar til árekstur varð. Formaðurinn segir, að stjórnborðsbógur Heklu aftan til hafi lent á skut bátsins. Við höggið hafi Pálmi snúizt og runnið aftur með stjórnborðshlið Heklu í dálítilli fjarlægð. Strax við áreksturinn hafi sjór streymt inn í vélarrúmið og gosið þar upp gufa frá vélinni. Hafi hann þá sjálfur farið niður í vélarrúm og stöðvað vélina. Síðan hafi hann farið aftur á til þess að athuga skemmdirnar á bátnum og séð, að hástokkur, skansklæðning og styttur voru brotnar ásamt byrðingi að aftan.

Formaður bátsins greip til gúmmíbáts og sjósetti hann, og var hann hafður til taks. Hekla nálgaðist bátinn. Kastað var línu til bátsverja, og var báturinn síðan dreginn að stjórnborðshlið Heklu. Grastrossa ca. 4″ var fest í festingarpolla framan á hádekki Pálma, en að aftan var vír festur í klossholt. Fljótlega tók báturinn að síga að aftan. Maður frá Heklu fór þá niður í bátinn og gat með hröðum handtökum komið 2¼″ vír í gegnum klussið á Pálma, og var þeim vír fest í festarpolla framan á Heklu. Rétt þegar þessu var lokið, brotnaði klossholtið að aftan, og sökk þá báturinn niður, og samtímis slitnaði grastrossan að framan. Hékk báturinn þá á 2¼″ vírnum einum saman og var allur á kafi í sjónum. Skipstjórinn á Heklu áleit hættulegt að hreyfa stjórnborðsskrúfuna með bátinn hangandi þannig sokkinn

við skipshliðina. Hann lét því sleppa vírnum, og sökk þá báturinn við hlið Heklu að fullu. Bátsverjar allir, 5 að tölu, björguðust um borð í Heklu, en úr Pálma varð engu bjargað nema gúmmíbátnum.

Sjópróf hófust á Akureyri í málinu strax daginn eftir, og er framangreind lýsing tekin eftir skýrslum þeirra 1. stýrimanns á Heklu og bátsformannsins.

Vitnið Jón Meyvantsson háseti, sem var á útsýnisverði, kveður bátinn hafa haft stefnu á Árskógsströnd ca. 5 strik frá stefnu Heklu á bakborða, þegar vitnið sá bátinn fyrst. Hafi báturinn haldið stefnu sinni þvert fyrir skipið. Vitnið segir, að um leið og báturinn hvarf undir bakkann á Heklu bakborðsmegin, hafi stýrimaðurinn gefið skipun um að beygja hart á stjórnborða og hafi það verið gert. Stóð stýrimaðurinn þá við miðglugga, en vitnið við gluggann við hliðina bakborðsmegin.

Vitnið Ómar Hiller háseti, sem stóð við stýrið á Heklu, kveðst hafa séð Pálma, og virtist vitninu hann hafa stefnu þvert fyrir skipið. Vitnið kveðst hafa séð bátinn hverfa undir bakkann bakborðsmegin og hafi þá verið gefin skipun um að beygja hart á stjórnborða, og kveðst vitnið hafa gert það. Jafnframt hafi stýrimaður gefið stutt hljóðmerki.

Vitnið Ásgeir Þórarinsson, háseti á Heklu, kveðst hafa legið í koju sinni í herbergi, sem er bakborðsmegin fram í skipinu, aftasta herberginu í lúkarnum, er það heyrði flautað eitt stutt flaut. Kveðst vitnið hafa hugsað sem svo, að þeir væru að mæta skipi og farið fram úr kojunni og litið út um kýraugað. Sá vitnið þá ekkert. Er það leit fram, sá það straumrák á sjónum, og þegar það leit fram, eins og það gat, sá það afturmastrið á báti hverfa fyrir gluggahornið. Kveðst vitnið hafa búizt við að sjá bátinn fara aftur með bakborðsmegin, en það hafi ekki orðið, og rétt í því kveðst það hafa heyrt og fundið högg koma framan á skipið. Ekki kveðst vitnið geta gert sér grein fyrir því, hversu báturinn var langt frá Heklu, en sér hafi virzt það vera nærri. Eftir áreksturinn veitti vitnið því athygli, að báturinn var brotinn fyrir aftan stýrishús stjórnborðsmegin. Lunning og hekk var brotið og tvær styttur rifnar frá dekki og fylgdu lunningunni, sem hékk við bátinn bakborðsmegin.

Vitnið Guðmundur Kristjánsson, smyrjari á m/s Heklu, kveðst hafa setið á borðinu í herbergi sínu, sem er aftast stjórnborðsmegin í lúkarnum, þegar vitnið heyrði flautað og rétt á eftir hafi það séð mastur á báti nema við gluggann í herberginu.

Það kveðst ekki geta sagt um, hve langur tími leið, frá því að það heyrði flautað og þar til það sá mastrið við gluggann, en það hafi ekki verið langt.

Vitnið Jóhann Haraldur Jóhannsson kveðst hafa verið farþegi með Heklu í umrætt sinn og setið í reyksal bakborðsmegin. Varð vitninu þá litið út um glugga og sá gárur frá litlum báti. Kveðst vitnið hafa hugsað, að þeir mundu fljótt draga hann uppi. Færði vitnið sig þá að glugga bakborðsmegin. Man vitnið ekki, hvort það var glugginn næst miðjunni eða horngluggi, en heldur þó frekar, að það hafi verið glugginn næst miðjunni. Þegar vitnið kom í gluggann, sá það bát, sem það þekkti, að var v/b Pálmi, og var hann að því kominn að hverfa undir bakkann, frá vitninu séð. Er vitnið sá Pálma, virtist því ekki lengra til hans en lengd Heklunnar, þó að ekki sé gott að segja til um þá vegalengd, en þar hafi ekki skeikað neinu, sem munar verulegu. Í sama bili segist vitnið hafa heyrt eitt stutt flaut frá Heklu, og um leið beygði Hekla á stjórnborða og hafi skipið strax gert það. Vitnið segir, að þetta hafi komið sér þannig fyrir sjónir, að hefði Hekla ekki beygt til stjórnborða, hefði Pálmi sloppið fyrir stefni hennar. Þetta hafi sér þó verið betur ljóst eftir á. Vitnið kveðst hafa fært sig yfir á stjórnborða og séð þá, að Pálmi kom aftur með stjórnborðssíðu Heklu, og sá vitnið, að klipptur var aftan af honum hekkboginn, og virtist vitninu báturinn opinn að aftan, og sá vitnið sjó fossa inn í hann. Vitnið segir, að Pálmi hafi siglt þvert fyrir Heklu og hafi sér sýnzt stefna hans benda til þess, að hann hafi komið frá Grenivík, eða m. ö. o., að sér hafi fundizt hann koma þverara en með stefnu laust við Hrísey. Eins og allt leit út, er vitnið sá Pálma, hefði vitnið ekki þorað í sporum formannsins á Pálma að taka „sjensinn" á að sleppa fyrir stefni Heklu. Virtist þá allt komið í óefni, eins mikil ferð og var á skipunum. Vitnið telur öruggt, að Hekla hafi verið farin að beygja, áður en árekstur varð.

Georg Vigfússon, vélstjóri á v/b Pálma, hefur skýrt svo frá, að er þeir komu fyrir hornið á Hrísey, hafi þeir séð skip vestan við Hrísey á innleið. Síðan kveðst hann hafa farið niður í vélarrúmið og verið þar nokkra stund. Þegar hann kom aftur upp, hafi hann litið út um framglugga stýrishússins og ekki séð neitt skip framundan eða út af hlið. Rétt í því hafi hann fundið högg og heyrt hávaða, sem sér hafi helzt virzt koma úr vélarhúsinu, og um leið hafi báturinn hallazt á hliðina, en rétt sig aftur. Opnaði hann þá afturhurðina á stýrishúsinu og sá, að m/s Hekla

var komin fram hjá bátnum og skutur bátsins brotinn, og sjór fossaði inn í vélarrúmið. Hásetarnir þrír voru í hásetaklefa, og kallaði hann í þá.

Vitnið Sigurður Tryggvi Konráðsson, sem var statt í húsinu Pálmalundi á Árskógsströnd, kveðst hafa fylgzt með siglingu skipanna í umrætt sinn. Kveðst vitið hafa séð, að Hekla beygði til stjórnborða, rétt áður en Pálma bar í stefni Heklu. Virtist vitninu, að árekstur hafi ekki orðið, fyrr en v/b Pálma bar í stjórnborðskinnung Heklu aftan til og kveðst ráða það af því, að þá snerist Pálmi, svo að framendi hans vísaði aftur með stjórnborðssíðu Heklu.

Lögð hefur verið fram í málinu álitsgerð verkfræðinganna Benedikts Gröndals og Agnars Norlands, dags. 9. des. 1964, svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar höfum við undirritaðir athugað, hverja hættu við teljum, að m/s Hekla hefði lagt sig í, ef skipið hefði dregið v/b Pálma upp á grynnra vatn í vírtaug þeirri, sem hann hékk í eftir áreksturinn, samkvæmt lýsingum í dómsskjölum, sem þér senduð oss.

Við sendum yður hér með „riss" af skipunum í þeirri stöðu, sem þau virðast hafa verið í eftir lýsingu í dómsskjölum, og sýnir það glögglega, að hætta á því, að v/b Pálmi lenti í skrúfu m/s Heklu, hefur verið hverfandi, svo framarlega sem m/s Hekla hefði siglt varlega og haft nánar gætur á vír þeim, sem v/b Pálmi hékk í.

Enn fremur virðist öll áhætta vegna þess, að v/b Pálmi eða vírar frá honum lentu í skrúfu m/s Heklu, útilokuð, ef m/s Hekla hefði siglt aftur á með bátinn, þangað til hann væri kominn á grynnra vatn."

Með erindi saksóknara, dagsettu 16. nóv. 1962, til siglingadóms heimilaði saksóknari af hálfu ákæruvaldsins að ljúka máli ákæruvaldsins út af árekstrinum gegn Gunnlaugi Sigurðssyni formanni með dómssátt fyrir brot á 19., 22., 23. og 29., sbr. 33. gr. tilskipunar nr. 47/1953, sbr. 224. gr., sbr. 2. mgr. 262. gr. siglingalaganna nr. 56/1914. Þann 25. febr. 1964 sættist Gunnlaugur á að greiða kr. 900.00 í sekt.

Stefnendur telja, að öll sök á árekstrinum og því, að báturinn sökk, eftir að hann hafði verið bundinn á hlið Heklu, hvíli á skipstjórnarmönnum m/s Heklu. Pálmi hafi verið kominn yfir stefnu Heklu og hún því haft stefnu fyrir aftan hann, áður en 1. stýrimaður m/s Heklu gaf skipun um að snúa skipinu hart til

stjórnborða í áttina að v/b Pálma með þeim afleiðingum, að Hekla sigldi Pálma uppi og rakst á skut hans. Hefði Hekla haldið stefnu sinni óbreyttri, hefði enginn árekstur orðið. Einnig telja stefnendur á hafa skort, að allt væri gert, sem unnt var, til að varna því, að báturinn sykki, eftir að hann hafði verið bundinn á hlið Heklu, án þess þó að stofna skipi, farþegum og skipshöfn í verulega hættu. Hafa stefnendur í því sambandi lagt áherzlu á, að ekki hafi verið gerð tilraun af hálfu skipstjórnarmanna m/s Heklu til að draga v/b Pálma upp á grynningar, en þar hefði síðar mátt reyna að ná honum upp. Þá hafi það einnig verið stórkostleg varæksla af þeirra hálfu að sleppa 2¼" vírnum, sem báturinn hékk í, án þess að festa ból, dufl eða bauju við vírinn. Hafi því verið ógerlegt að vita, hvar báturinn lá á mararbotni.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu þeim rökum, að formaður bátsins eigi alla sök og óskipta á árekstri þeim, sem málið fjallar um. Af hálfu stefnda er öllum framburði bátsformanns mótmælt sem röngum og í mesta máta vilhöllum, sérstaklega er mótmælt þeirri skýrslu hans, „að síðast, er hann leit út um hliðargluggann stjórnborðsmegin á stýrishúsinu, hafi hann séð eftir stjórborðshlið Heklu", svo og ágizkun hans um það, að áreksturinn hafi skeð um tveim mínútum síðar. Stefndi mótmælir því og eindregið, að Hekla hafi siglt Pálma uppi. Er því haldið fram af stefnda, að Pálmi hafi siglt þvert á stefnu Heklu og þar sem Pálmi hafi verið á vinstri hönd, hafi honum samkvæmt siglingareglum borið skýlaus skylda til þess að víkja. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi formaðurinn haldið striki sínu og ferð án tillits til siglingareglna. Þá mótmælir stefndi því sem alröngu og ósönnuðu, að v/b Pálmi hafi sokkið fyrir vanrækslu skipverja m/s Heklu, og í því sambandi heldur stefndi því fram, að auðvelt hefði verið fyrir stefnendur að láta slæða vírinn, sem festur var í Pálma, og ná bátnum upp af staðnum, ef þeir hefðu haft vilja til, en til þess hafi engin tilraun verið gerð.

Dómendur fóru um borð í m/s Heklu þann 15. nóv. s.l., þar sem hún lá í Reykjavíkurhöfn. Var fenginn bátur af svipaðri stærð og v/b Pálmi var til þess að sigla fyrir stefni m/s Heklu í mismunandi fjarlægðum.

Eigi verður fallizt á það með stefnendum, að m/s Hekla hafi siglt v/b Pálma uppi, sbr. 24. gr. tilskipunar nr. 47/1956, sem í gildi var, þegar áreksturinn varð, enda fær sú skýrsla for-

manns bátsins, að hann hafi siglt stefnuna SSV, ekki staðizt að áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, verður að telja, að skipin hafi nálgazt hvort annað með stefnum, sem voru um það bil þvert hvor á aðra. Samkvæmt 19. gr. tilskipunar nr. 47/1953 bar v/b Pálma, sem hafði m/s Heklu á stjórnborða, að víkja úr leið. Það gerði vélbáturinn ekki og sigldi á fullri ferð þvert fyrir m/s Heklu. Var það brýnt brot á 22. og 23. gr. tilskipunar nr. 47/1963. Þá skorti og á, að formaðurinn sýndi að öðru leyti þá aðgæzlu og varúð, sem almenn sjómennska krefst. Verður því að líta svo á, að hann hafi átt meginsök á slysinu.

Á hinn bóginn er á það að líta, að skipstjórnarmanni m/s Heklu, sem fylgzt hafði með siglingu vélbátsins, mátt fyrr vera ljóst, að sigling bátsins var athugaverð. Eins og atvikum var háttað, bar honum að gera vélbátnum aðvart um þetta með því að gefa hljóðmerki, sbr. 28. gr. tilskipunar nr. 47/1953. Það vanrækti hann. Þá hófst hann ekki handa um að reyna að forða árekstri, fyrr en svo skammt var á milli skipanna, að í fullt óefni var komið, en þá var örðugt fyrir hann að meta, hver úrræði helzt kæmu að haldi til að koma í veg fyrir ásiglingu, sbr. 27. og 29. gr. tilskipunar nr. 47/1953. Er og vafamál, hvort sú ákvörðun stýrimanns að beygja skipinu hart á stjórnborða hafi verið sú rétta til að koma í veg fyrir árekstur. Gegn mótmælum stefnda þykir þó ekki nægilega sannað, að árekstur hefði ekki orðið, ef m/s Hekla hefði haldið stefnu sinni.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að nokkur áhætta hefði verið fyrir m/s Heklu að draga vélbátinn á grynnra vatn, eins og festingum bátsins var háttað, og óvíst hvort vírinn eða festingar í bátnum hefðu haldið í drætti. Þá hafi dýpið, þar sem áreksturinn varð, ekki verið svo mikið, að miklu máli hafi skipt að draga bátinn á grynnri sjó. Telja verður hins vegar, að það hafi verið vanræksla af hálfu skipstjórnarmanna m/s Heklu að sleppa vírnum án þess að festa bauju eða dufl við vírinn, en það hefði að sjálfsögðu auðveldað björgun bátsins síðar meir, ef til þess hefði komið. Það er þó álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að auðvelt hefði verið að finna bátinn og ná honum upp, ef ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess, fljótlega eftir að hann sökk.

Þegar metin er sök skipstjórnarmanna hvors um sig, þykir hæfilegt, að stefndu beri ábyrgð að ⅕ hluta á tjóni stefnenda, sem af því hlauzt, að vélbáturinn sökk.

Um a, kröfu Vátryggingar Eyjafjarðar (sic).

V/b Pálmi var vátryggður hjá Vélbátatryggingu Eyjafjarðar. Var vátryggingarverð vélbátsins metið kr. 604.000.00. Þar af voru $^9/_{10}$ hlutar, eða kr. 543.600.00, í vátryggingu, en $^1/_{10}$, eða kr. 60.400.00, voru í sjálfsábyrgð eigenda. Eftir að báturinn fórst, greiddi Vélbátatrygging Eyjafjarðar eigendum og veðhöfum bátsins kr. 407.700.00, eða 75% af kr. 543.600.00. Eins og fyrr er getið, bjargaðist gúmmíbátur vélbátsins Pálma. Hefur Vélbátatrygging Eyjafjarðar, sem fékk gúmmíbátinn, dregið nettóverð bátsins, kr. 2.465.00, frá kr. 407.700.00, og kemur þá út krafa tryggingafélagsins í málinu, kr. 405.235.00.

Nettóverð gúmmíbátsins hefur tryggingafélagið fundið þannig, að það kveðst hafa selt bátinn á kr. 5.000.00, en þá hafi verið búið að gera við hann fyrir kr. 2.535.00 og nettóverð því verið mismunur síðastgreindra talna.

Um leið og Vélbátatrygging Eyjafjarðar greiddi ofangreint tryggingarfé, fékk félagið framseldan kröfurétt á hendur stefnda. Í máli þessu krefur félagið stefnda um endurgreiðslu þess fjár, sem það hefur greitt út.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum og ósönnuðum sem raunhæfu verðmæti v/b Pálma, þegar hann sökk. Hins vegar telur stefndi, að verðmæti gúmmíbátsins hafi verið meira og ef sú virðingargerð, sem stefnendur byggja kröfur sínar á um verðmæti v/b Pálma, verði lögð til grundvallar, þá beri einnig að hafa hliðsjón af henni við ákvörðun á verðmæti gúmmíbátsins, sem metin var með vélbátnum. Í málinu liggur frammi virðingargerð, þar sem v/b Pálmi er metinn með öllum búnaði á kr. 604.000.00, þar á meðal er gúmmíbáturinn metinn á kr. 22.230.00. Virðingargerð þessari hefur ekki verið hnekkt, og verður hún því lögð til grundvallar í málinu, þar á meðal verðmæti gúmmíbátsins, enda er ósannað, að hann hafi skemmzt.

Tryggingafélagið hefur, eins og áður segir, greitt kr. 407.700.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga matsverð gúmmíbátsins, kr. 22.230.00. Mismunurinn nemur kr. 385.470.00. Af síðastgreindri fjárhæð ber stefnda að endurgreiða félaginu $^1/_5$ hluta, eða kr. 77.094.00, og verður krafa Vélbátatryggingar Eyjafjarðar því tekin til greina með þeirri fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Um kröfu eigenda v/b Pálma, EA 536.

Eins og fyrr er frá greint, var 10% af verði bátsins í sjálfsábyrgð eigenda, eða kr. 60.400.00. Tryggingafélagið greiddi að-

eins 75% af þeim hluta, sem í tryggingu var. Ógreitt vátryggingarfé í tryggingu nam því kr. 135.900.00. Þessar fjárhæðir samanlagðar, kr. 196.300.00, nema kröfu eigenda samkvæmt þessum lið.

Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa liðs á sama hátt og kröfum Vélbátatryggingar Eyjafjarðar.

Með skírskotun til þess, sem segir um verðmæti skipsins hér að framan, verður fjárhæð þessa liðs lögð til grundvallar kröfu eigenda. Ber stefnda að greiða eigendum ⅕ af kr. 196.300.00, og verður krafa þeirra því samkvæmt þessum lið tekin til greina með kr. 39.260.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnendum málskostnað. Þykir hæfilegt, að stefndi greiði Vélbátatryggingu Eyjafjarðar kr. 25.000.00 í málskostnað, en eigendum v/b Pálma kr. 15.000.00.

Stefnendur eiga sjóveðrétt í m/s Heklu, TFCA, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Í greinargerð hefur lögmaður stefnda krafizt ómerkingar á ummælum, sem sett eru fram á kvittunum á dómsskjölum nr. 8—10. Eigi þykja nægar ástæður vera til ómerkingar ummæla þessara.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni og Ingólfi Þórðarsyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði Vélbátatryggingu Eyjafjarðar kr. 77.094.00 með 7% ársvöxtum frá 6. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað.

Stefndi greiði eigendum v/b Pálma, EA 536, kr. 39.260.00 með 7% ársvöxtum frá 6. apríl 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Stefnendur eiga sjóveðrétt í m/s Heklu, TFCA, til tryggingar ofangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. febrúar 1967.

Nr. 8/1966. **Guðmundur Agnar Ásgeirsson**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Gústaf A. Sveinssyni f. h. Vittorio Gallia og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar. Skuldamál. Endurgreiðsla. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. janúar 1966 og gert þessar dómkröfur:

I. Í aðalsök í héraði, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 38.196.25 með 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. Þá krefst aðaláfrýjandi og þess, að honum verði heimilað að taka fjárnámi til lúkningar greindum fjárkröfum $ 1.000.00, er gagnáfrýjandi hinn 5. ágúst 1964 afhenti í fógetadómi Reykjavíkur sem tryggingu til að afstýra löghaldi.

II. Í gagnsök í héraði, að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 17. janúar 1966 og gert þessar dómkröfur:

I. Í aðalsök í héraði, að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og „ógild verði metin kyrrsetningargerð sú, er aðaláfrýjandi hóf á hendur" honum „5. ágúst 1964".

II. Í gagnsök í héraði, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum £ 260-0-0 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1963 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 5. ágúst 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

III. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðalsök í héraði.

Fjárkröfu sína sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1. Tvenn polaroidgleraugu	kr.	1.240.00
2. Veiðarfæri og fleira	—	195.00
3. Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit 15., 16. og 22. júlí 1963 fyrir 4 stengur á dag og 21. júlí 1963 fyrir 3 stengur, alls 15 stangardagar á kr. 2.800.00	—	42.000.00
4. Veiðileyfi í Hvannadalsá og Langadalsá 17., 18., 19. og 20. júlí 1963, 16 stangardagar á kr. 1.620.00	—	25.920.00
5. Veiðileyfi í Vatnsdalsá, 5 stangardagar á kr. 3.000.00	—	15.000.00
6. 24 flöskur rauðvín á kr. 130.00 flaskan	—	3.120.00
7. Þjónustugjald, 15% af fjárhæðum 1.—6. kröfuliða	—	13.121.25
Samtals	kr.	100.596.25
Þar frá dregst fyrirframgreiðsla gagnáfrýjanda, £ 520-0-0 á kr. 120.00	—	62.400.00
og kemur þá út krafa aðaláfrýjanda	kr.	38.196.25

Um 1., 2., 4., 6. og 7. kröfulið.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms, að því er þessa kröfuliði varðar.

Um 3. og 5. kröfulið.

Í bréfi 16. nóvember 1962 skýrði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda svo frá, að leiga fyrir veiði með einni veiðistöng í fyrsta flokks laxveiðiám hér á landi, sem honum gætu staðið til boða, næmi frá £ 12-0-0 til £ 15-0-0 á dag eftir gæðum veiðiár og árstíma. Hinn 20. nóvember 1962 ritaði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda og tjáði honum, að hann hefði

í hyggju að koma til Íslands um 15. júlí 1963 ásamt félögum sínum til veiða í fyrsta flokks veiðiá og væri þeim kunnugt, að leiga veiðiréttar væri slík, sem getið var. Með bréfi 26. nóvember 1962 tilkynnti aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda því næst, að hann gæti fengið veiðileyfi dagana 14. til 23. júlí 1963, að báðum dögum meðtöldum, fyrir 4 veiðistengur á dag í fyrsta flokks veiðiá og væri leigan fyrir veiði í á þessari £ 13-0-0 á stangardag. Gagnáfrýjandi samþykkti tilboð þetta með bréfi 11. desember 1962, og hinn 28. janúar 1963 tjáði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréflega, að gagnáfrýjandi og þrír félagar hans hefðu verið skráðir til veiða í Haukadalsá í Dölum nefnda daga í júlí 1963. En aðaláfrýjandi hafði ekki umráð veiðiréttar í á þessari, og varð ekki úr veiði gagnáfrýjanda og félaga hans þar. Í þess stað fengu þeir á vegum aðaláfrýjanda leyfi til veiði í Laxá í Leirársveit og Vatnsdalsá, samtals 20 stangardaga, svo sem í héraðsdómi greinir. Fyrir veiðileyfi þessi krefst aðaláfrýjandi gagngjalds, eins og áður getur, en gagnáfrýjandi telur sér eigi skylt að greiða meira en £ 13-0-0 fyrir veiðidag, þ. e. sömu leigu sem samið hafði verið um fyrir veiði í Haukadalsá, er aðaláfrýjandi hefði talið fyrsta flokks veiðiá.

Samkvæmt því, sem rakið var um bréfaskipti aðilja og aðdraganda að samningi þeirra, mátti gagnáfrýjandi treysta því, að leiga fyrir umrædd veiðiréttindi í Laxá í Leirársveit og Vatnsdalsá væri innan leigumarka, er aðaláfrýjandi í bréfi sínu 16. nóvember 1962 kvað gildandi um fyrsta flokks veiðiár hér á landi. Með hliðsjón af því, sem fram er komið um nefndar veiðiár, þ. á m. áliti hinna sérfróðu héraðsdómenda, þykir aðaláfrýjandi á hinn bóginn mega reikna gagnáfrýjanda hámarksleigu samkvæmt greindu bréfi sínu, þ. e. £ 15-0-0 á stangardag, og nemur þá leigugjaldið alls £ 300-0-0, en í skiptum sínum telja aðiljar sterlingspund jafngilda kr. 120.00.

Eru þá í þessum þætti málsins til greina teknir kröfuliðir aðaláfrýjanda þannig:

1. kröfuliður	kr.	844.00
2. kröfuliður	—	195.00

3. og 5. kröfuliður ..... — 36.000.00
6. kröfuliður ..... — 2.280.00

Samtals kr. 39.319.00

Gagnáfrýjandi greiddi fyrirfram í erlendum gjaldeyri kr. 62.400.00. Verður honum því dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda.

Gagnsök í héraði.

1. Samkvæmt samningi aðilja greiddi gagnáfrýjandi fyrirfram vegna umsaminna viðskipta þeirra £ 520-0-0, eins og í héraðsdómi greinir, £ 260-0-0 í desember 1962 og £ 260-0-0, er hann kom til Reykjavíkur hinn 13. júlí 1963, en af síðari fjárhæðinni var ígildi 24 sterlingspunda goldið með öðrum gjaldeyri. Eftir úrslitum aðalsakar hefur gagnáfrýjandi því ofgreitt aðaláfrýjanda sem svarar kr. 23.081.00. Að því er fjárhæð þessa varðar, hefur aðaláfrýjandi í munnlegum málflutningi hér fyrir dómi haft uppi þá vörn, að gagnáfrýjandi hafi engan fyrirvara gert í sambandi við greiðslur sínar til aðaláfrýjanda, og komi endurheimta því ekki á neinn hátt til greina. Engin efni voru til sérstaks fyrirvara um greiðslur gagnáfrýjanda, sem inntar voru af hendi fyrirfram, áður en í ljós voru leiddar vanefndir aðaláfrýjanda, og ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda hina ofgreiddu fjárhæð, kr. 23.081.00.

2. Vegna ólögmætra kyrrsetningaraðgerða sinna gegnt gagnáfrýjanda hinn 5. ágúst 1964 ber aðaláfrýjanda samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 18/1949 að greiða gagnáfrýjanda miskabætur, er ákveðast kr. 20.000.00.

Verður aðaláfrýjanda samkvæmt þessu dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 43.081.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir úrslitum málsins í heild er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 45.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, greiði gagnáfrýjanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. Vittorio Gallia,

kr. 43.081.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 23.081.00 frá 13. júlí 1963 til 5. ágúst 1964, 7% ársvöxtum frá þeim degi af kr. 43.081.00 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. nóvember s.l., hefur Guðmundur Agnar Ásgeirsson, Grenimel 30 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 25. ágúst 1964. Gerir aðalstefnandi þær kröfur, að Gústaf A. Sveinsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. V. Gallia, Excelsior Hotel Gallia, Milano, Ítalíu, verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 51.110.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. ágúst 1963 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómara. Til vara krefst stefnandi annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins.

Þá krefst aðalstefnandi þess, að honum verði með dómi í máli þessu heimilað að gera fjárnám í 1.000.00 bandaríkjadollurum, sem aðalstefndi hafi fengið í hendur fógetarétti Reykjavíkur hinn 5. ágúst 1964 til að afstýra löghaldi, og taka borgun af þessu tryggingarfé, að svo miklu leyti sem það kann að hrökkva til greiðslu á kröfum stefnanda.

Stefndi í aðalsök krefst þess, að umbjóðandi sinn verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og aðalstefnandi dæmdur til að greiða að mati bæjarþings kostnað aðalsakar.

Með stefnu, birtri 13. nóvember, höfðaði aðalstefndi gagnsök á hendur aðalstefnanda. Gerir hann þær kröfur, að ógild verði metin kyrrsetningargerð sú, er aðalstefnandi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, hóf á hendur V. Gallia 5. ágúst 1964. Gagnstefnandi krefst þess einnig, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér f. h. umbjóðanda síns ensk sterlingspund 260-0-0. Einnig að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér vegna umbjóðanda síns kr. 70.000.00. Þá krefst gagnstefnandi þess, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér vegna umbjóðanda síns 8%

vexti af £ 260-0-0 frá 13. júlí 1963 til greiðsludags og af kr. 70.000.00 frá 5. ágúst 1964 til greiðsludags. Loks krefst gagnstefnandi þess, að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða sér vegna umbjóðanda síns allan kostnað gagnsakar að mati bæjarþingsins.

Aðalstefnandi og gagnstefndi gerir þær dómkröfur í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnstefnanda og verði dæmdur málskostnaður í gagnsökinni úr hendi gagnstefnanda.

Samkvæmt framlögðum skjölum í málinu var það upphaf þess, að Ítalinn V. Gallia ritaði ferðaskrifstofunni Sunnu hér í borg í október 1962 og bað um upplýsingar varðandi laxveiði á Íslandi, en hann kvaðst hafa áhuga á því að koma hingað í júlímánuði 1963 ásamt tveimur vinum sínum og dveljast hér 10—15 daga við laxveiði.

Hinn 16. nóvember 1962 ritaði aðalstefnandi málsins, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, V. Gallia bréf, þar sem hann segir ferðaskrifstofuna hafa fengið sér bréf hans, þar eð hún hafi ekki tök á því sjálf að sjá um laxveiðiferðir. Í bréfinu býðst aðalstefnandi til þess að útvega V. Gallia og vinum hans veiðileyfi í fyrsta flokks laxveiðiám á Íslandi, þar sem meðaldagveiði sé 2—3 laxar á stöng. Hann kveður veiðileyfin munu kosta 12 til 15 sterlingspund á dag fyrir hverja stöng, en verðið sé breytilegt eftir því, um hvaða á sé að ræða og á hvaða veiðitíma leyfið sé.

Með bréfi aðalstefnanda, dags. 26. nóvember 1962 (dskj. nr. III), og svarbréfi V. Gallia, dags. 11. desember 1962 (dskj. nr. 12), komst svo á samkomulag með aðiljunum um, að V. Gallia fengi veiðileyfi fyrir 4 stengur í fyrsta flokks laxveiðiá dagana 14.—23. júlí 1963. Ekkert er minnzt á nafn árinnar, en í svarbréfi sínu biður V. Gallia aðalstefnanda að senda sér kort yfir stöðu árinnar og nánari upplýsingar.

Samkvæmt áðurnefndu samkomulagi skyldi verð veiðileyfa vera 13 sterlingspund „net" fyrir hverja veiðistöng á dag. Í svarbréfi sínu stingur V. Gallia upp á því, að greiðslum verði þannig háttað, að hann greiði 50% fjárhæðarinnar, eða 260 sterlingspund, við móttöku pro forma reiknings, en afganginn við komuna til Reykjavíkur. Í símskeyti, dags. 17. 12. 1962 (dskj. nr. 15), samþykkir aðalstefnandi svo tillögu V. Gallia um greiðsluskilmála og segist munu senda honum í bréfi frekari upplýsingar og nánari staðfestingu á samþykki sínu. Með símskeyti, dagsettu

18. 12., tilkynnir svo V. Gallia, að hann hafi látið bankasamband sitt senda 260 sterlingspund til aðalstefnanda. Dskj. nr. 17 og 18 styðja þetta einnig.

Með bréfi, dags. 16. janúar 1963, tilkynnir V. Gallia aðalstefnanda, að hann hafi ekki ennþá fengið bréf það, sem aðalstefnandi minntist á í símskeyti sínu 17. desember, og að hann hafi ekki ennþá fengið staðfestingu á móttöku fjárhæðar þeirrar, sem hann sendi aðalstefnanda. Í bréfinu ítrekar V. Gallia fyrri beiðni sína um að fá sendar allar frekari upplýsingar varðandi laxveiðiána og fleira.

Með bréfi, dagsettu 28. janúar, viðurkennir aðalstefnandi viðtöku fyrirframgreiðslunnar og staðfestir, að fjögurra manna flokkur V. Gallia sé skráður til veiði í Haukadalsá á tímabilinu 14. til 23. júlí að báðum dögum meðtöldum. („I hereby confirm that your party of 4 are booked in the Haukadalsá river for the period 14th—23rd July inclusive"). Í sama bréfi kveðst aðalstefnandi munu senda V. Gallia kort af ánni og umhverfi hennar í febrúarmánuði n. k.

Í bréfi, dags. 9. febrúar, staðfestir V. Gallia móttöku á bréfi aðalstefnanda, dags. 28. janúar, og staðfestir skráningu þeirra félaga til veiði 14. til 23. júlí. Hann þakkar í bréfinu fyrir væntanlega sendingu á korti yfir Haukadalsá og nágrenni ásamt ýmsum upplýsingum.

Í bréfi, dags. 14. apríl, ítrekar V. Gallia enn beiðni sína um kort og upplýsingar. Segir hann í bréfi sínu, að hann og félagar hans áformi að koma til landsins að kvöldi 12. júlí og að nota næsta dag, 13. júlí, til þess að ferðast að Haukadalsá, svo að þeir geti hafið veiði þann 14. júlí. Í þessu bréfi biður V. Gallia um enn frekari upplýsingar.

Í bréfi, dags. 3. júní, lýsir V. Gallia furðu sinni yfir því að hafa enn ekkert heyrt frá aðalstefnanda og kveður áríðandi fyrir sig og vini sína að fá strax þær upplýsingar varðandi dvöl þeirra við Haukadalsá, sem hann hafi beðið um.

Hinn 11. júní sendir svo aðalstefnandi V. Gallia skeyti (dskj. nr. 26), þar sem hann kveðst munu senda bréf í vikunni með öllum upplýsingum. Þann 24. júní sendir V. Gallia aðalstefnanda skeyti, þar sem hann tilkynnir, að bréf aðalstefnanda sé ekki komið og biður um upplýsingar, hvenær aðalstefnandi hafi sett bréfið í póst. Segir einnig í skeytinu, að mjög áríðandi sé að fá upplýsingarnar.

Þorsteinn Bernharðsson, stórkaupmaður í Reykjavík, var vegna viðskiptasambanda sinna kunnugur einum af félögum V. Gallia, Dr. Marelli að nafni. Höfðu gengið bréf á milli þeirra um fyrirhugaða veiðiför. Eru afrit þessara bréfa lögð fram í málinu. Einnig munu þeir Þorsteinn og Marelli hafa hitzt erlendis og rætt um veiðiferðina.

Þegar V. Gallia fékk ekki svar við áðurgreindum bréfum sínum til aðalstefnanda, ritaði Dr. Marelli bréf til Þorsteins hinn 4. júní 1963, að því er sjá má af dskj. nr. 25, og lét fylgja afrit af bréfi V. Gallia til aðalstefnanda. Þorsteinn mun þá hafa rætt við aðalstefnanda, en að því loknu ritaði hann Marelli 11. júní og tjáði honum, að aðalstefnandi mundi senda það, sem Gallia hafði beðið um, með pósti þá um daginn eða næsta dag.

Hinn 2. júlí 1963 ritar Þorsteinn Bernharðsson bréf til V. Gallia. Segir þar, að hann hafi þá um daginn fengið skeyti frá Marelli, þar sem segi, að ekkert bréf hafi borizt frá aðalstefnanda og hann hafi heldur ekki svarað skeyti V. Gallia. Biður Marelli þar ráðlegginga um, hvort ekki sé allt í lagi.

Í bréfi sínu kveðst Þorsteinn hafa svarað skeyti Marelli með öðru skeyti, en Marelli dvaldist þá í Brasilíu. Þorsteinn kveðst í bréfinu hafa rætt við aðalstefnanda og hafi aðalstefnandi þá tjáð sér, að þar sem aðstæður væru erfiðar í þeim ám, sem upphaflega var ákveðið, að þeir félagar veiddu í, hafi aðalstefnandi ákveðið, að þeir skyldu hefja veiðina í Laxá í Leirársveit morguninn 13. júlí. Bréfinu fylgdi afrit af skeyti Þorsteins til Marelli.

Málavextir hér að framan hafa að mestu verið raktir eftir gögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu og er ekki mótmælt. Það athugast, að gögnin eru rituð á ensku, en dómarinn lætur þess getið, að hann hafi fullt vald á því tungumáli.

Aðalstefnandi hefur lagt fram í málinu reikning, sem hann sundurliðar þannig:

1. Tvö stk. polaroid gleraugu	kr.	1.240.00
2. Veiðarfæri o. fl.	—	195.00
3. Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit 13., 15., 16. og 22. júlí, 4 stengur á dag, og 21. júlí 3 stengur, alls 19 stengur á kr. 2.800.00 fyrir stöngina á dag	—	53.200.00
4. Hvannadalsá (og Langadalsá) dagana 17., 18., 19. og 20. júlí, 4 stengur á dag, á kr. 1.620.00	—	25.920.00
5. Vatnsdalsá, 5 stengur á 3 dögum, á kr. 3.000.00 fyrir stöngina pr. dag	—	15.000.00

6. 24 flöskur rauðvín á kr. 130.00 flaskan .. .. .. kr. 3.120.00

Alls kr. 98.705.00
15% þjónusta — 14.805.00

Kr. 113.510.00
Fyrirfram greitt — 62.400.00

Mismunur kr. 51.110.00

sem er stefnufjárhæð í aðalsök.

Í greinargerð lýsir aðalstefnandi því, að hann hafi ætlað V. Gallia og félögum hans að veiða í Haukadalsá í Dölum, en staðið hefði til, að aðalstefnandi tæki ána á leigu. Af leigunni hafi ekki orðið, en hins vegar hafi aðalstefnandi getað fengið þar keypt næg veiðileyfi af leiguhöfum. Aðalstefnandi kveður veiði hafa verið mjög lélega í Haukadalsá framan af sumri og hafi hann fært það í tal við Þorstein Bernharðsson stórkaupmann, sem sé umboðsmaður eins af Ítölunum. Í samræmi við óskir Þorsteins hafi hann ákveðið að útvega Ítölunum veiðileyfi í Laxá í Leirársveit, og skyldu þeir hefja veiðar að morgni hins 13. júlí 1963. Hafi Þorsteinn sent stefnda bréf um þetta, dags. 2. júlí 1963, og sent skeyti þar að lútandi til umbjóðanda síns, Dr. Marelli.

Aðalstefnandi kveður Ítalina hafa átt að koma hingað til lands að kvöldi hins 12. júlí, en vegna vélarbilunar hafi þeir ekki komið fyrr en að morgni 13. júlí. Hafi þeir þá viljað hvílast og hafi ekkert orðið úr veiði þann dag. Hljóti sú töf að vera á ábyrgð aðalstefnda og beri honum því að greiða fulla leigu fyrir ána hinn 13. júlí.

Hinn 13. júlí, síðari hluta dags, átti aðalstefnandi tal við V. Gallia og félaga hans á Hótel Sögu hér í borg að viðstöddum Þorsteini Bernharðssyni. Lagði aðalstefnandi þá fram fyrir Ítalina veiðiáætlun, er hann hafði samið. Hefur veiðiáætlunin verið lögð fram í málinu, og er hún svohljóðandi:

14
15
16 Travel to Laxá in Leirársveit and fishing there.
Guide Mr. Sigmundsson (sic).

17
18
19
20 Rivers on the west coast and north coast.
Guide Mr. Ásgeirsson.

21
22 } Laxá in Leirársveit. Guide Mr. Sigmundsson (sic).
to } Departure not fixed yet.
25

Kveður aðalstefnandi Ítalina hafa samþykkt veiðiáætlunina. Hinn 14. júlí kveðst aðalstefnandi hafa orðið að fara úr borginni vegna ófyrirsjáanlegra atvika, er amerískur sendiráðsmaður hafi drukknað við veiðar í Reyðarvatni. Sé sá dagur ekki færður aðalstefnda til skuldar.

Aðalstefnandi kveður það ágreiningslaust, að dagana 15. og 16. júlí hafi aðalstefndi og félagar hans tveir haft alla Laxá í Leirársveit til veiða.

Varðandi kröfu sína til greiðslu veiðileyfa fyrir 4 stengur í Hvannadalsá dagana 17., 18., 19 og 20. júlí kveður aðalstefnandi það hafa verið ætlun sína, að Ítalirnir veiddu í Hvannadalsá og Langadalsá við Ísafjarðardjúp og hafi hann átt við þær ár í veiðiáætluninni, sem áður er minnzt á, með orðunum „rivers on the west coast". Kveðst aðalstefnandi hafa ætlað sjálfur með Ítölunum sem leiðsögumaður, enda sé hann þaulkunnugur þessum ám.

Aðalstefnandi kveður veiðina í Laxá í Leirársveit hafa verið afar trega, þrátt fyrir það að hann hafi útvegað aðalstefnda og félögum hans hinn færasta veiði- og leiðsögumann, sem völ var á, Kristján Sigurmundsson, sem ásamt syni sínum Snærbirni, er var túlkur, aðstoðaði Ítalina við veiðarnar. Aðalstefnandi kveður Ítalina hafa haft spurnir af því, að mjög góð veiði væri í Vatnsdalsá og hafi þeir viljað komast þangað, en hins vegar ekki viljað fara í ár þær, er þeir hafi átt að fara í á Vesturlandi, þ. e. Hvannadalsá og Langadalsá. Hafi verið um þetta rætt, er aðalstefnandi kom að Laxá ásamt þeim Guðbjarti Pálssyni og Braga Sigurðssyni frá bílaleigunni „Billinn" með bifreið til aðalstefnda í stað annarrar, er hann taldi hafa bilað.

Aðalstefnandi kveðst ekki hafa haft nein ráð á leyfum í Vatnsdalsá á þessum tíma, þar eð þau hafi þá verið uppseld. Hann kveður hins vegar Kristján Sigurmundsson hafa átt leyfi ásamt þeim Pétri Sigurðssyni og Ólafi Maríassyni, sem séu veiðifélagar Kristjáns. Hafi Kristján reynt að fá þá til að láta sín leyfi af hendi til Ítalanna, en þeir ekki viljað fallast á það. Aðalstefnandi segir, að þrátt fyrir þetta hafi honum tekizt að útvega aðalstefnda og félögum hans 5 leyfi alls á 3 dögum og sé aðalstefnda færð þau til skuldar á reikningnum.

Aðalstefnandi kveður í greinargerð sinni í aðalsök það ekki orka tvímælis, að aðalstefnda beri að greiða hina umstefndu skuld að fullu, þar eð horfið hafi verið frá hinni upphaflegu veiðiáætlun, þ. e. Laxá—Hvannadalsá—Langadalsá, að tilmælum hans sjálfs. Það hljóti að vera á ábyrgð aðalstefnda, hvort hann noti leyfin eða ekki.

Aðalstefndi lýsir málsatvikum á þann veg, að hann hafi í desember 1962 og janúar 1963 átt bréfa- og skeytaviðskipti við aðalstefnanda og hafi komizt á með þeim samningur um veiðileyfi fyrir 4 í Haukadalsá dagana 14. til 23. júlí 1963. Hafi verð leyfanna verið umsamið £ 13-0-0 „net" fyrir hverja stöng á dag. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir aðalstefnda og félaga hans og þrátt fyrir loforð aðalstefnanda hafi hann aldrei fengizt til að senda þeim nánari upplýsingar varðandi ána o. fl. Hafi þeir því snúið sér til Þorsteins Bernharðssonar og hafi komið í ljós, að aðalstefnandi hafi þá verið búinn að ákveða, að þeir skyldu hefja veiði að morgni 13. júlí 1963 í Laxá í Leirársveit. Ekki hafi aðalstefnandi haft neitt samráð við þá veiðifélaga um þetta. Þeir hafi ætlað að koma til landsins 12. júlí, en töf hafi orðið á flugi og hafi þeir eigi komizt til landsins fyrr en að morgni 13. júlí 1963. Hafi þeir hitt aðalstefnanda á Reykjavíkurflugvelli og aftur á Hótel Sögu þá um daginn og hafi hann fengið þeim handritaða veiðiáætlun, sem áður er minnzt á.

Aðalstefndi telur, að með orðunum „rivers on the west coast and north coast" hljóti aðalstefnandi að hafa átt við Haukadalsá, sem áður var umsamið, og Vatnsdalsá. Mundu aðalstefndi og félagar hans hafa sætt sig við áætlunina, ef við hana hefði verið staðið. Þeir hafi ekki þekkt árnar, en treyst á aðalstefnanda, sem von var, þótt treglega hafi gengið að fá frá honum umbeðnar upplýsingar. Hins vegar hafi því fjarri farið, að hin umrædda áætlun hafi staðizt.

Aðalstefnandi útvegaði leiðsögumann, Kristján Sigurmundsson, sem aðalstefndi kveður hinn færasta veiðimann, og hafi hann haft með sér son sinn, Snæbjörn Kristjánsson, sem verið hafi túlkur. Allan ferðakostnað og kaup leiðsögumanna hafi aðalstefndi goldið jafnóðum og beint til hlutaðeigandi aðilja.

Aðalstefndi kveður ekkert hafa orðið úr veiði fyrsta daginn, sem veiðiáætlunin náði yfir. Hafi það stafað af orsökum, sem aðalstefnanda vörðuðu, en hins vegar hafi aðrir menn verið að veiðum í þeirri á, sem þeim félögum var ætluð þann dag, og hafi það væntanlega verið hin raunverulega ástæða fyrir því, að

aðalstefnandi gat ekki staðið við veiðiáætlunina, hvað þennan dag varðar.

Hinn 15. og 16. júlí kveður aðalstefndi þá félaga hafa veitt í Laxá í Leirársveit á fjórar stengur og hafi ekkert borið til tíðinda.

Aðalstefndi kveðst hafa búizt við, að eftir fyrri dvölina við Laxá í Leirársveit yrði haldið að Haukadalsá, en það hafi aðalstefnandi vanefnt, enda virðist svo sem hann hafi aldrei haft vald á veiði þar á því tímabili, sem hér um ræðir. Aðalstefndi kveðst hafa samþykkt þær breytingar einar á samningi þeirra aðalstefnanda varðandi Haukadalsá að veiða í Laxá 14.—16. og 21. og 22. júlí og til mála hafi komið veiði í Vatnsdalsá.

Aðrar breytingar hafi aldrei komið til tals, enda fullnægi Hvannadalsá og Langadalsá ekki því að vera „first class rivers" og auk þess hafi aðalstefnandi engan rétt haft til ráðstöfunar á þeim vatnsföllum á þeim tíma, sem hér um ræðir. Þegar þannig hafi ekki verið til veiðileyfi í Haukadalsá og ekki heldur í Vatnsdalsá, sem áður hafi komið til tals, kveður aðalstefndi helzt hafa verið útlit fyrir, að hann og félagar hans yrðu af allri veiði næstu fjóra daga. Fylgdarmaður þeirra, Kristján Sigurmundsson, hafi hins vegar ráðið yfir nokkrum leyfum til veiði í Vatnsdalsá og hafi hann hlaupið undir bagga og léð þeim þau leyfi. Gátu þeir félagar því veitt á 2 stengur í Vatnsdalsá dagana 18. og 20. júlí, en sjálfur hafi aðalstefnandi útvegað þeim leyfi í sömu á fyrir 1 stöng 17. júlí.

Aðalstefndi kveður aðalstefnanda hafa haft alla Vatnsdalsá á leigu þetta sumar, en þá daga, sem hér um ræðir, hafi hann verið búinn að selja öðrum öll leyfi til veiða í ánni. Aðalstefndi segir, að hinn 19. júlí hafi þeir félagar ekkert fengið að veiða í ánni, enda hafi aðalstefnandi verið búinn að selja allt of mörg veiðileyfi. Aðalstefndi segir þetta allt hafa verið gagnstætt samkomulaginu milli sín og aðalstefnanda, sem hét þeim veiðifélögunum 2 stanga veiði á dag alla þessa daga.

Aðalstefndi kveður þá félaga hafa haldið suður til Laxár hinn 21. júlí og hafi þeir komið að ánni, þegar áliðið var orðið dags. Hafi þeir aðeins getað veitt í eina klukkustund þann dag og á 3 stengur í stað 4. Daginn eftir, sem var síðasti veiðidagurinn 1963, hafi þeir veitt á 4 stengur. Hafi þá veiði verið lokið og hafi þeir haldið til Reykjavíkur um kvöldið.

Aðalstefndi segir þá félaga hafa veitt, sem hér segir, á hinum umrædda tíma:

13. júlí ..... engin veiði.
14. — ..... engin veiði.
15. — ..... veitt á 4 stengur.
16. — ..... veitt á 4 stengur.
17. — ..... veitt á 1 stöng.
18. — ..... veitt á 2 stengur.
19. — ..... engin veiði.
20. — ..... veitt á 2 stengur.
21. — ..... veitt á 3 stengur.
22. — ..... veitt á 4 stengur.

Aðalstefndi segir, að samtals séu þetta 20 stangardagar í stað 40, sem um var samið.

Aðalstefndi segir það hafa orðið að samningi með sér og aðalstefnanda, að hann og félagar hans fengju 40 stangardaga fyrir 13 sterlingspund pr. stangardag. Nemi þetta samtals 520 sterlingspundum, sem hann hafi þegar greitt. Aðalstefnandi eigi upptökin að þeim frávikum, sem urðu frá upphaflegum samningi aðiljanna, og geti þau frávik sízt orðið aðalstefnda til kostnaðar eða í hag aðalstefnanda. Hljóti það að verða að öllu leyti á ábyrgð og kostnað aðalstefnanda.

Fjárkröfur sínar í gagnsök tekur gagnstefnandi saman á þann hátt, að í fyrsta lagi hafi hann greitt aðalstefnanda 520 sterlingspund fyrir 40 stangardaga. Þar eð hann hafi ekki átt kost á nema 20 stangardaga veiði, beri aðalstefnanda að endurgreiða sér hálfa leiguna, þ. e. 260 sterlingspund.

Í öðru lagi fer gagnstefnandi fram á bætur vegna ólögmætrar kyrrsetningar, sem aðalstefnandi lét framkvæma á hendur honum að Hótel Sögu 5. ágúst 1964. Kveður gagnstefnandi aðalstefnanda hafa með kyrrsetningargerðinni bakað sér miska og fjártjón, þar á meðal lánsstraustsspjöll, er telja má hann hafa liðið sakir gerðarinnar. Telur aðalstefnandi sér rétt að reikna sér kr. 100.000.00 í bætur vegna þessa, en kveðst með hliðsjón af „íhaldssemi íslenzkra dómstóla“ um hér greint efni færa kröfu sína niður í kr. 70.000.00.

Gagnstefnandi telur með tilvísun til greinargerðar sinnar í aðalsök, að kyrrsetningin sé tvímælalaust ólögmæt og beri að meta hana ógilda.

Gagnstefndi og aðalstefnandi styður sýknukröfu sína í gagnsök þeim rökum, að þótt svo megi segja, að komizt hafi á samningur um Haukadalsá, þá hafi sá samningur fallið úr gildi, um leið og breytt var um á. Er því mótmælt, að gagnstefnandi geti haldið

sig að þeim samningi, hvað verðið snertir eingöngu. Þegar samið hafi verið um aðrar ár en Haukadalsá, hafði verð það, sem við hana miðaðist, verið þar með úr sögunni.

Gagnstefndi ítrekar, að með orðunum „rivers on the west coast" hafi hann átt við Hvannadalsá og Langadalsá, en með orðunum „and north coast" hafi gagnstefnandi haft í huga Vatnsdalsá, ef einhverjir möguleikar væru þar fyrir hendi að athuguðu máli. Þeir hafi þó verið sáralitlir, því að gagnstefndi hafi verið búinn að ráðstafa þar öllum veiðileyfum og hafi varazt að gefa gagnstefnanda neitt í skyn varðandi þá á, enda hafi hún aldrei verið nefnd fyrr eða síðar.

Gagnstefndi kveðst hafa haldið samning sinn í einu og öllu, ef frá er talinn 14. júlí, er hann varð að fara úr borginni í skyndi vegna slyss á Reyðarvatni. Sé gagnstefnanda heldur ekki reiknaður sá dagur.

Gagnstefnandi hafi þvertekið fyrir að fara vestur að Djúpi, eins og veiðiáætlunin gerði ráð fyrir, og hafi við það skapazt hin mestu vandræði. Hér hafi Kristján Sigurmundsson komið til sögunnar. Hafi hann blandað sér í málið, þannig að hann hafi látið gagnstefnanda í té nokkur leyfi í Vatnsdalsá, sem hann átti sjálfur og veiðifélagar hans. Gagnstefndi mótmælir því, að nokkur samningur hafi verið gerður um veiðina í Vatnsdalsá, hvað hann snertir, enda hafi hann ekki haft þar yfir neinum leyfum að ráða. Hins vegar kveðst gagnstefndi að sjálfsögðu hafa tekið þá afstöðu gagnvart hinum erlendu gestum að hætta ekki með öllu að skipta sér af þeim, þótt svona færi, heldur hafi hann kappkostað að greiða fyrir þeim á alla lund þar nyrðra, úr því að þeir voru á annað borð komnir í Vatnsdalsá.

Segir gagnstefndi að gagnstefnandi geti sjálfum sér um kennt varðandi litla veiði, ódrjúgan tíma o. s. frv., þar eð hann hafi neitað að fylgja þeirri áætlun, sem gagnstefndi hafði upphaflega lagt fyrir hann. Gagnstefndi kveður Hvannadalsá og Langadalsá hafa verið gagnstefnanda til reiðu, en þær séu taldar góðar laxveiðiár og hafi gefið góða raun.

Gagnstefndi mótmælir útreikningi gagnstefnanda á veiðidögum sem röngum og villandi. Segir gagnstefndi það og villandi, að gagnstefnandi geti miðað við það verð, sem samið var um varðandi Haukadalsá, þar eð ár þær, sem gagnstefnandi hafi farið í eða átt að fara í, hafi allar verið miklu dýrari en Haukadalsá átti að verða, ef gagnstefndi hefði „fengið hana". Er því öllum

kröfum um endurgreiðslu af hálfu gagnstefnda hafnað sem fjarstæðu.

Þá mótmælir gagnstefndi kröfum gagnstefnanda um bætur vegna kyrrsetningarinnar. Segir gagnstefndi að búið hafi verið margítrekað eftir diplomatískum leiðum að fá gagnstefnanda til að greiða skuldina. Hafi einnig verið búið að aðvara hann um, að hann kynni að verða fyrir óþægindum, ef hann kæmi hingað til lands án þess að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Gagnstefnandi hafi komið hingað til lands og verið búinn að vera hér í ca. hálfan mánuð og hafi hann ekkert samband haft við gagnstefnda eða lögmann hans út af skuldinni. Hafi gagnstefndi komizt að því, að gagnstefnandi væri væntanlegur til Hótel Sögu úr laxveiðileiðangri að kvöldi hins 5. ágúst 1964 og jafnframt að hann mundi fljúga af landi brott næsta morgun. Hafi því engin úrræði verið, sem eitthvað máttu duga en þau, er gripið var til.

Gagnstefndi segir, að túlkur sá, er aðstoðaði við kyrrsetningargerðina, hafi tilkynnt gagnstefnanda komu fógeta úr síma í anddyri hótelsins. Hafi þá gagnstefnandi sagzt ekki geta rætt við þá fyrr en eftir um það bil klukkutíma og hafi verið farið að ósk hans.

Hafi því eins hæversklega verið farið að við kyrrsetningargerðina og frekast var unnt.

A. Um aðalsök.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að áður en V. Gallia og félagar hans komu til landsins, hafi verið kominn á samningur um 4 stanga veiði í Haukadalsá dagana 14. til 23. júlí.

Í málflutningi aðalstefnanda hefur því verið haldið fram, að með bréfi Þorsteins Bernharðssonar, dags. 2. júlí 1963, þar sem hann skýrði V. Gallia frá því, að aðalstefnandi hefði ákveðið, að þeir veiðifélagarnir skyldu hefja veiði 13. júlí og þá í Laxá í Leirársveit, og með svarbréfi V. Gallia til Þorsteins, dags. 5. júlí, þar sem hann gerir engar athugasemdir um breytinguna, hafi komizt á samningur um að færa veiðitímabil Ítalanna fram um einn dag. Á þetta verður ekki fallizt, en með bókun, sem gerð var, eftir að mál þetta hafði verið dómtekið, féll aðalstefnandi frá öllum kröfum sínum á hendur aðalstefnda varðandi veiðileyfi í Laxá í Leirársveit 13. júlí, og lækkar aðalkrafa hans í aðalsök því um kr. 11.200.00.

Aðalstefnandi heldur því fram, að með veiðiáætluninni, sem

afhent var aðalstefnda á Hótel Sögu síðari hluta dags hinn 13. júlí 1963 og hann kveður aðalstefnda hafa samþykkt, hafi aðalstefndi að fullu fallið frá samningum um Haukadalsá, en nýr samningur myndazt um veiði í Laxá í Leirársveit dagana 14., 15., 16., 21. og 22. júlí og í Hvannadalsá og hluta Langadalsár dagana 17., 18., 19. og 20. júlí.

Lögmaður aðalstefnda hefur lagt fram veiðiáætlunina, sem um er deilt, dskj. nr. 29, og er festur við hana miði, er kominn mun frá aðalstefnda, þar sem á er ritað á enskri tungu: „Þetta er áætlunin fyrir veiðiflokk okkar, sem hr. Agnar Ásgeirsson lét okkur í té að Hótel Sögu að hr. Þ. Bernharðssyni viðstöddum, áætlun, sem alls ekki hefur verið staðið við."

Samkvæmt framburði vitnisins Þorsteins Bernharðssonar mun V. Gallia hafa tekið við áætluninni athugasemdalaust.

Verður að telja, að V. Gallia hafi fallizt á að hefja laxveiðina í Laxá í Leirársveit og veiða þar, eins og áformað var í veiðiáætluninni, í stað þess að veiða í Haukadalsá á sama tíma. Aðiljana greinir á um skilning á orðunum „rivers on the west coast and north coast" í veiðiáætluninni. Eins og áður er getið, heldur aðalstefnandi því fram, að þar sé átt við Hvannadalsá og hluta Langadalsár, en aðalstefndi mótmælir þeim skilningi.

Vitnið Þorsteinn Bernharðsson, sem viðstaddur var, þegar veiðiáætlunin var lögð fram, hefur skýrt svo frá, að aðalstefnandi hafi alls ekki nefnt þær ár á nafn við V. Gallia, svo að vitnið heyrði. Vitnið fékk afrit af veiðiáætluninni til afnota fyrir áðurnefndan Dr. Marelli, sem ætlunin var, að kæmi síðar til landsins. Hefur afritið verið lagt fram í málinu, og verður ekkert frekar af því ráðið um það, við hverjar ár er átt með áðurnefndum orðum. Með hliðsjón af því, sem áður hafði farið milli vitnisins og aðalstefnanda, kveðst það hafa talið með sjálfu sér, að hér væri átt við Haukadalsá og væntanlega Vatnsdalsá, en vitnið kveður ekkert hafa verið á þetta minnzt.

Aðalstefnandi hefur fyrir dómi hinn 20. maí s.l. skýrt svo frá, að hann hafi ætlað aðalstefnda að veiða í Hvannadalsá og Langadalsá, og auk þess hafi hann haft í huga Langá á Mýrum og Vatnsdalsá með orðunum „rivers on the west coast and north coast". Aðalstefnandi hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann eftir beztu vitund telji, að hann hafi nefnt nöfn Hvannadalsár og Langadalsár við aðalstefnda og félaga hans að Hótel Sögu hinn 13. júlí 1963. Aðalstefnandi hefur einnig fyrir dómi sagzt ekki geta fullyrt um, að hann hafi gefið V. Gallia upp skrif-

lega nöfn á þeim ám, sem hann hafi átt við með orðunum „rivers on the west coast", en hann kveðst halda, að hann hafi ekki gert það. Aðspurður, hvort hann hafi sýnt V. Gallia og félögum hans árnar á korti, svaraði hann neitandi.

Vitni, sem leidd hafa verið til þess að bera um viðræður aðalstefnanda við V. Gallia kvöldið 16. júlí 1963, er aðalstefnandi kom að Laxá í Leirársveit í fylgd með 2 mönnum frá bílaleigunni „Bíllinn", hafa ekki getað staðfest það, sem aðalstefnandi heldur fram um þær viðræður.

Með tilliti til þessa og með tilliti til vitnaframburða Kristjáns Sigurmundssonar og Snæbjarnar Kristjánssonar verður að telja, að aðalstefnanda hafi ekki tekizt að færa fram líkur til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að samningur hafi komizt á um 4 stanga veiði í Hvannadalsá og þeim hluta Langadalsár, er aðalstefnandi kveðst hafa haft til ráðstöfunar dagana 17.—20. júlí 1963. Aðalstefnandi hefur þrátt fyrir úrskurð dómsins þar að lútandi ekki lagt fram nein gögn, sem sanni, að hann hafi orðið að leggja út kostnað vegna aðalstefnda í sambandi við téðar laxveiðiár. Þar við bætist, að skv. þeim gögnum, sem fyrir liggja í málinu, virðist 4 stanga veiði á dag ekki vera leyfð í þessum ám, og það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að þær fullnægi ekki skilyrðum til þess að vera kallaðar „first class rivers", og ætti því að meta samning um veiði í þeim ógildan skv. 32. gr. laga 7/1936, eins og á stóð.

Þegar aðalstefnandi hafði frumkvæði um að breyta samningnum milli sín og V. Gallia, þannig að veiða skyldi í Laxá í Leirársveit tiltekna daga í stað Haukadalsár, verður ekki séð, að hann hafi tekið það fram við Ítalina, að veiði þar væri dýrari en 13 sterlingspund „net" á dag fyrir veiðistöng, eins og um hafði verið samið varðandi Haukadalsá. Verður því að telja, að hann geti ekki krafið aðalstefnda um hærri fjárhæð fyrir veiðileyfin, enda hafði hann áður gefið aðalstefnda þær upplýsingar, að verð veiðileyfa í fyrsta flokks laxveiðiá væri 12 til 15 sterlingspund pr. stangardag.

Vitnin Kristján Sigurmundsson og Snæbjörn Kristjánsson hafa skýrt svo frá, að þegar aðalstefnandi hafi komið að Laxá í Leirársveit síðari hluta dags hins 16. júlí, hafi komizt á samkomulag milli aðalstefnanda og aðalstefnda um, að aðalstefndi og félagar hans skyldu fá veiðileyfi fyrir 1 stöng 17. júlí og 2 stöngum dagana 18., 19., 20. og 21. júlí í Vatnsdalsá. Hafði aðalstefnandi sjálfur ráð á veiðileyfinu 17. júlí, en veiðileyfi fyrir hina dagana hafði

hann áður selt vitninu Kristjáni og veiðifélögum þess. Skyldu þeir í staðinn fá veiðileyfi síðar á veiðitímanum.

Vitnin segja, að aðalstefndi og félagar hans hafi veitt á 1 stöng 17. júlí og 2 stengur 18. júlí, en um kvöldið 18. júlí hafi aðalstefnandi komið á dvalarstað þeirra á Blönduósi og tilkynnt, að þeir gætu ekki veitt næsta dag, þar eð hann hefði selt of mörg veiðileyfi í ánni þann dag. Vitnin segja, að aðalstefndi og félagar hans hafi orðið að láta sér þetta lynda, en aðalstefnandi hafi heitið því, að veiðileyfin fyrir dagana 20. og 21. júlí skyldu ekki bregðast. Vitnin segja, að Ítalirnir hafi síðan veitt á 2 stengur hinn 20. júlí, en um kvöldið hafi vitninu Kristjáni borizt símskeyti frá aðalstefnanda svohljóðandi: „Ítalirnir P og O mega ekki veiða á morgun þar sem það rekst á annað Stopp Gerum það bezta úr öllu saman. — Guðmundur Ásgeirsson." Skeyti þetta hefur verið lagt fram í málinu, og ber að skilja það svo, að aðalstefnandi hafi afturkallað veiðileyfin til aðalstefnda og félaga hans og einnig veiðileyfi til tveggja Íslendinga, sem voru samtímis við veiðar í Vatnsdalsá.

Aðalstefnandi hefur viðurkennt, að hann hafi haft Vatnsdalsá í huga ásamt Langá og ánum á Vestfjörðum, þegar hann lagði fram áætlunina við aðalstefnda um útvegun veiðileyfa dagana 17. til 20. júlí. Með tilliti til þessa og til framkomu aðalstefnanda gagnvart aðalstefnda í sambandi við veiðina í Vatnsdalsá og með hliðsjón af vætti þeirra feðganna Kristjáns og Snæbjarnar verður að telja, að á milli aðalstefnda og aðalstefnanda hafi komizt á samningur um veiði í Vatnsdalsá dagana 17.—21. júlí, sem aðalstefnandi aðeins efndi að takmörkuðu leyti. Hins vegar verður að telja með hliðsjón af framburði aðalstefnanda og vitna, að aðalstefndi hafi sótt það fast að fá veiðileyfi í Vatnsdalsá og að honum hafi mátt vera ljóst, að hann yrði að greiða venjulegt verð fyrir veiðileyfin í þeirri á, en hann hafi mátt vita, að það væri hærra en það verð, er hann hafði áður samið um varðandi Haukadalsá. Verður því krafa aðalstefnanda um kr. 3.000.00 pr. stangardag tekin til greina, enda er það álit hinna sérfróðu meðdómenda, að það geti ekki talizt óhæfilega hátt.

Aðalstefnandi hefur gert kröfu til, að aðalstefndi greiði sér 15% þjónustugjald á verð veiðileyfa og útlagðan kostnað. Samningur aðalstefnanda og aðalstefnda um veiði í Haukadalsá hljóðaði upp á 13 sterlingspund „net" pr. stangardag, og skv. álitsgerð Verzlunarráðs Íslands, sem fram er lögð í málinu, og samhljóða áliti hinna sérfróðu meðdómenda, merkir það, að aðalstefnandi

hefur ekki rétt til að krefjast aukaþóknunar fyrir veiðileyfin fram yfir 13 sterlingspund.

Þegar virt er framkoma aðalstefnanda gagnvart aðalstefnda, í fyrsta lagi það, að hann tilkynnir aðalstefnda, að hann og félagar hans séu skráðir til veiða í laxveiðiá, sem aðalstefnandi hefur engin umráð yfir, í öðru lagi það, að hann fær aðalstefnda, sem er útlendingur og ókunnugur hér á landi, til að samþykkja víðtæka breytingu á samningi þeirra án þess að gera honum nánari grein fyrir henni, í þriðja lagi, að hann lofar aðalstefnda veiði í Laxá í Leirársveit 14. júlí, þótt ljóst sé af framlögðum gögnum í málinu, að aðalstefnandi hefur engin veiðileyfi haft í ánni til ráðstöfunar þennan dag, í fjórða lagi samningsrof aðalstefnanda varðandi veiðina í Vatnsdalsá og í fimmta lagi kröfugerð hans á hendur aðalstefnda og loks önnur atriði, sem komið hafa fram við rekstur máls þessa, er það samhljóða álit dómenda, að aðalstefnandi hafi fyrirgert öllum rétti, er hann kann að hafa haft til þess að innheimta sérstaka þjónustuþóknun úr hendi aðalstefnda vegna fyrirgreiðslu sinnar við hann og félaga hans.

Hinn 22. október s.l. var á bæjarþinginu kveðinn upp úrskurður um frekari gagnaöflun í máli þessu, og var þar m. a. beint til aðilja málsins, að fram yrðu lagðar nótur og reikningar varðandi þann útlagðan kostnað, sem aðalstefnandi krefur aðalstefnda um á reikningi þeim, er hann leggur fram í málinu. Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður aðalstefnda því yfir, að aðalstefnandi hefði ekki haldið saman slíkum gögnum varðandi viðskipti sín og aðalstefnda. Með tilliti til þessa verður að taka til greina mótmæli aðalstefnda gegn 1. og 6. lið áðurnefnds reiknings.

Samkvæmt framanskráðu verður niðurstaða dómsins varðandi einstaka liði reikningsins sem hér segir:

1. Tvö stk. polaroid gleraugu.

Aðalstefndi hefur lagt fram í málinu vottorð frá verzluninni „Veiðimanninum", sem sýnir, að sumarið 1963 kostuðu slík gleraugu hjá verzluninni kr. 422.00. Aðalstefnandi hefur að vísu haldið því fram, að gleraugun hafi verið keypt hjá annarri verzlun, en þar eð hann hefur þrátt fyrir ábendingu dómsins eigi lagt fram nein gögn til stuðnings þeirri málsástæðu, að hann hafi greitt hærra verð fyrir gleraugun, þykja eigi efni til að taka þennan lið reikningsins til greina með hærri upphæð en kr. 844.00.

2. Veiðarfæri o. fl.

Þessum lið er eigi tölulega mótmælt, og verður hann því tekinn til greina að fullu, eða kr. 195.00.

3. Veiðileyfi í Laxá í Leirársveit.

Eins og að framan getur, hefur aðalstefnandi nú fallið frá kröfu sinni varðandi veiðileyfi 13. júlí 1963. Því er ómótmælt af hálfu aðalstefnda, að hann hafi notað 4 veiðileyfi í ánni dagana 15., 16. og 22. júlí og 3 veiðileyfi hinn 21. júlí, eða samtals 15 stangardaga. Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, ber að taka þennan lið til greina með 13 sterlingspundum pr. stangardag, en aðiljar eru sammála að reikna sterlingspundið á genginu kr. 120.00. Verður því niðurstaðan úr þessum lið 15 stangardagar á kr. 1.560.00 pr. stangardag, eða samtals kr. 23.400.00.

4. Veiðileyfi í Hvannadalsá (og Langadalsá).

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna aðalstefnda af þessum lið.

5. Veiðileyfi í Vatnsdalsá.

Eins og að framan greinir, ber að taka þennan lið til greina að fullu, þ. e. 5 stangardagar á kr. 3.000.00 pr. stangardag, eða samtals kr. 15.000.00.

6. Aðalstefnandi hefur á sama hátt og við 1. lið reikningsins ekki getað lagt fram nein gögn til stuðnings kröfu sinni um útlagðan kostnað vegna kaupa á rauðvíni fyrir aðalstefnda og félaga hans. Þykja því gegn mótmælum aðalstefnda eigi efni til að taka þennan lið til greina með hærri fjárhæð en kr. 95.00 pr. flösku, eða samtals kr. 2.280.00.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að sýkna aðalstefnda af kröfu aðalstefnanda um 15% þjónustugjald.

Aðalstefnda ber því að greiða aðalstefnanda kr. 844.00 + 195.00 + 23.400.00 + 15.000.00 + 2.380.00, eða samtals kr. 41.719.00. Aðalstefndi hefur greitt aðalstefnanda kr. 62.400.00, og er því eigi um neina skuld af hans hálfu að ræða.

Samkvæmt því verður að sýkna aðalstefnda af fjárkröfum aðalstefnanda í aðalsök og hafna kröfu hans um, að honum verði heimilað að gera fjárnám í fé því, er aðalstefndi setti til tryggingar í fógetarétti Reykjavíkur 5. ágúst 1964 í því skyni að afstýra aðför.

B. Um gagnsök.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið um aðalsök, hefur aðalstefndi og gagnstefnandi greitt aðalstefnanda og

gagnstefnda kr. 62.400.00, en skuld hans nam hins vegar aðeins kr. 41.719.00. Verður því gagnstefnda gert að endurgreiða gagnstefnanda kr. 20.681.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1963 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Jafnframt verður að meta ógilda kyrrsetningargerð þá, sem hafin var á hendur gagnstefnanda í fógetarétti Reykjavíkur 5. ágúst 1964, og þykja bætur til gagnstefnanda fyrir miska og fjártjón hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, sem greiðast ásamt vöxtum frá 5. ágúst 1964.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðalstefnandi og gagnstefndi greiði aðalstefnda og gagnstefnanda málskostnað í aðalsök og gagnsök, sem ákvarðast kr. 10.000.00 í aðalsök og kr. 12.000.00 í gagnsök, eða samtals kr. 22.000.00.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Bjarna Björnssyni forstjóra og Víglundi Möller ritstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Gústaf A. Sveinsson f. h. V. Gallia, vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Guðmundar Agnars Ásgeirssonar.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, gagnstefnanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. V. Gallia, kr. 20.681.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. júlí 1963 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt greiði gagnstefndi kr. 10.000.00 til gagnstefnanda með 7% ársvöxtum frá 5. ágúst 1964 til 1. janúar 1965, en 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðalstefnandi og gagnstefndi, Guðmundur Agnar Ásgeirsson, greiði aðalstefnda og gagnstefnanda, Gústaf A. Sveinssyni f. h. V. Gallia, málskostnað í aðalsök og gagnsök, kr. 22.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1967.

Nr. 249/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Gunnari Jónssyni (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur gerzt sekur við ákvæði 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. maí 1965 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í 6 mánuði fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Þar sem nú er um ítrekað brot að fjalla, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. mgr. 80. gr. sömu laga. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 30. september 1966.

Ár 1966, föstudaginn 30. september, var í sakadómi Akureyrar, sem haldinn var af Frey Ófeigssyni fulltrúa með undirrituðum

vottum í skrifstofu embættisins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1261/1966: Ákæruvaldið gegn Gunnari Jónssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Mál þetta hefur saksóknari ríkisins höfðað með ákæru, útgefinni 27. júní 1966, á hendur Gunnari Jónssyni sjómanni, Grænugötu 6, Akureyri, fyrir að aka aðfaranótt þriðjudagsins 31. maí 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 18109 frá Hótel Loftleiðum á Reykjavíkurflugvelli sem leið liggur að kaffivagninum á Grandagarði og síðan þaðan að olíustöð ESSO í Örfirisey, þar sem lögreglan handtók ákærða.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur á Akureyri 10. september 1932, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1950 20/4 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 12/12 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1951 13/4 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1952 28/2 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna færi.

1953 23/3 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 6/5 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 26/5 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 26/9 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1953 14/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1954 29/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1960 12/10 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1960 29/12 á Akureyri: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1965 21/5 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 21/5 1965. Sýknaður af ákæru um meint brot á 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

1965 3/8 á Akureyri: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málsatvik eru sem hér segir:

Þriðjudaginn 31. maí 1966 um kl. 0605 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um síma, að ökumaður R 18109 væri ölvaður að aka bifreiðinni og hefði hann ekið út á Grandann. Lögreglumenn hófu leit að nefndri bifreið og fundu hana rétt hjá ESSO-olíugeymunum.

Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, var handtekinn og fluttur í lögreglustöðina og síðan færður til blóðtöku, en við rannsókn reyndist blóðsýnishorn úr ákærða innihalda 1.24‰ af alkóhóli.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni R 18109 um kl. 0600 í greint sinn frá Hótel Loftleiðum að kaffivagninum á Grandagarði og síðan að olíustöð ESSO í Örfirisey, þar sem hann var handtekinn. Ákærði neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en viðurkenndi að hafa neytt víns daginn áður fram að kvöldverði um kl. 2030.

Samkvæmt framangreindu þykir brot ákærða nægilega sannað, eins og því er í ákæru lýst, og með hliðsjón af eðlilegri mælingarskekkju við rannsókn blóðsýnishornsins þykir það varða við þar greind lagaákvæði.

Þykir refsing ákærða samkvæmt refsiákvæðum þeim, er í ákæru greinir, hæfilega ákveðin kr. 4.500.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, greiði kr. 4.500.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. febrúar 1967.

Nr. 77/1966. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Ásmundi Sigurjónssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Angantý Elíassyni.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að höfuðstóll hinnar dæmdu fjárhæðar lækki í kr. 23.073.80. Þá hefur stefndi krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var stefndi skipstjóri á báti áfrýjanda, v/b Mugg, VE 322, á vetrarvertíðinni 1957. Í júnímánuði 1957 vann stefndi að því að búa bát áfrýjanda, v/b Helga Helgason, VE 343, á sumarsíldveiðar. Var stefndi síðan skipstjóri á v/b Helga Helgasyni á síldveiðum um sumarið, en hætti veiðum í ágústmánuði og hvarf úr þjónustu áfrýjanda 12. ágúst 1957. Eins og í héraðsdómi greinir og aðiljar eru nú sammála um, nam inneign stefnda hjá áfrýjanda hinn 1. júní 1957 kr. 17.110.78 og laun stefnda

við að búa v/b Helga Helgason á veiðar, skipstjóralaun hans á síldveiðunum svo og fé, er hann innti af höndum fyrir útgerðina, samtals kr. 11.236.22. Frá þessari fjárhæð eru aðiljar sammála um, að draga beri úttekt stefnda um sumarið, kr. 5.273.20, og kemur þannig fram krafa stefnda hér fyrir dómi, kr. 23.073.80.

Áfrýjandi telur hins vegar, að stefndi skuldi honum eftirtaldar fjárhæðir, sem hér eigi að koma til frádráttar:

1. Gjald fyrir fæði og húsnæði í júnímánuði 1957, meðan verið var að búa v/b Helga Helgason á síldveiðar .. .. kr. 1.073.88
2. Gjald fyrir fæði á v/b Helga Helgasyni á sumarsíldveiðum 1957 .. .. — 1.976.40
3. Fé, er stefndi hafi tekið út hjá Kveldúlfi h/f um sumarið 1957 og eigi gert grein fyrir .. — 24.500.00

Um 1. og 2. kröfulið.

Stefndi telur, að samkvæmt kjarasamningum þeim, sem gilt hafi á þessum tíma fyrir skipstjóra á síldveiðum, hafi honum borið ókeypis fæði og húsnæði, meðan báturinn var búinn á veiðar, og ókeypis fæði, meðan á veiðum stóð. Í málinu hafa eigi verið lagðir fram kjarasamningar þeir, er ætla má, að hafi gilt um skipti aðilja, og eigi hefur heldur verið aflað gagna um, hver almennt hafi verið háttur um þessi atriði á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þessir gagnkröfuliðir áfrýjanda eru því svo vanreifaðir, að vísa ber þeim frá héraðsdómi.

Um 3. kröfulið.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, hefur stefndi viðurkennt að hafa veitt fé þessu viðtöku, en telur sig hafa greitt það skipverjum á v/b Helga Helgasyni upp í kaup þeirra á síldveiðunum. Kvittanir hafi hann afhent syni áfrýjanda, sem hafi haft bókhald útgerðarinnar með höndum, og hafi því ekki nú gögn um ráðstöfun fjárins. Áfrýjandi, sem hefur mótmælt því, að fé þetta hafi runnið til þess að greiða kaup skipverjum á v/b Helga Helgasyni, hefur eigi þrátt fyrir áskoranir héraðsdómarans lagt fram viðskiptareikninga skip-

verjanna, sem hann kveðst þó hafa lokið skilum við að fullu. Þar sem þessi gagnkröfuliður er svo vanreifaður, ber einnig að vísa honum frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessu verða efnisúrslit máls þessa þau, að áfrýjanda verður dæmt að greiða stefnda kr. 23.073.80 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 12.000.00.

Stefndi var lögskráður sem skipstjóri á v/b Mugg 1. febrúar 1957, en virðist eigi hafa verið skráður úr skiprúmi. Af gögnum málsins og málflutningi aðilja má ráða, að stefndi hafi hætt störfum á bátnum eigi síðar en um miðjan maímánuð 1957. Héraðsdómsstefna í máli þessu var gefin út 31. maí 1958. Er því samkvæmt 252. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 fallinn niður fyrir fyrningu sjóveðréttur varðandi kaup stefnda sem skipstjóra á v/b Mugg. Hins vegar ber að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni til tryggingar kr. 5.963.02 ásamt vöxtum og kr. 4.000.00 af málskostnaði.

Dómsorð:

Framangreindum gagnkröfum er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Ásmundi Sigurjónssyni, kr. 23.073.80 með 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og samtals kr. 12.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni, VE 343, til tryggingar kr. 5.963.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4.000.00 af málskostnaði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 4. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. f. m., en endurupptekið í gær og lagt undir dóm sama dag, er höfðað fyrir sjó- og verzlun-

ardómi Vestmannaeyja af Ásmundi Sigurjónssyni skipstjóra, Hringbraut 102 í Reykjavík, með stefnu, útgefinni 31. maí 1958, birtri sama dag, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á vangoldnu kaupi, skaðabótum o. fl. að fjárhæð kr. 61.691.33 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 17.110.78 frá 1. júlí 1957 til greiðsludags og af kr. 44.580.55 frá stefnubirtingardegi til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Enn fremur krafðist stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.110.78 af stefnukröfunni auk vaxta og kostnaðar, en sjóveðrétti í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir hinum hluta kröfunnar auk vaxta og kostnaðar.

Í lok málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar niður í kr. 59.072.90, og síðan lækkaði hann þær enn um kr. 2.550.00, eða niður í kr. 56.522.90. Auk þess krafist hann 6% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 31. maí 1958 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Svo krafiðst hann og viðurkenningar sjóveðréttar í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.110.78 auk vaxta og kostnaðar og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 39.412.12 auk vaxta og kostnaðar.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur og þó ríflegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Í janúar 1957 réðist stefnandi í þjónustu stefnda og hafði með höndum skipstjórn á bát hans, Mugg, VE 323, á vetrarvertíðinni 1957. Í júní um vorið fékk hann í hendur viðskiptareikning sinn hjá stefnda, og nam inneign hans hinn 1. þess mánaðar kr. 17.110.78. Þessu næst var stefnandi skipstjóri á báti stefnda, Helga Helgasyni, VE 343, á síldveiðum með herpinót fyrir Norðurlandi. Vann hann fyrst við bátinn til undirbúnings síldveiðunum, en hélt norður hinn 18. júní. Veiðar gengu laklega, og sumir skipverjanna sögðu upp starfi og gengu úr skiprúmi. Í byrjun ágúst var svo komið, að því er virðist, að ekki var lengur unnt að halda veiðum áfram vegna mannleysis. Sigldi stefnandi þá skipinu til Vestmannaeyja. Skilaði hann þar skipinu og hvarf úr þjónustu stefnda hinn 12. ágúst. Tilskyldar greiðslur fyrir starf sitt kveðst hann ekki hafa fengið, og einnig telur hann sig eiga rétt til bóta vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á v/b Helga Helgasyni, VE 343. Í stefnu sundurliðar hann kröfur sínar á þessa leið:

a) Inneign samkvæmt viðskiptareikningi pr. 1. júní 1957 vegna skipstjórnar á v/b Mugg á vetrarvertíðinni 1957, samtals .. .. kr. 17.110.78
b) Vangoldið kaup vegna skipstjórnar á Helga Helgasyni á síldarvertíðinni 1957, 18/6—12/8 1957 .. .. — 11.403.82
c) Vangoldið kaup samkvæmt reikningi vegna vinnu við v/b Helga Helgason til undirbúnings síldarvertíð 1957 .. .. — 4.454.40
d) Útlagt fé sem skipstjóri fyrir útgerðarmann skv. nótum .. .. — 1.201.20
e) Bætur vegna fyrirvaralausrar brottvikningar úr skipstjórastarfi á v/b Helga Helgasyni, samtals — 27.521.13

Kr. 61.691.33

Stefndi lagði fram viðskiptareikning stefnanda, og sýndi hann skuld stefnanda pr. 1. jan. 1958, kr. 4.101.28. Mismunur reikningsins og kröfugerðar stefnanda nam því kr. 65.792.61. Á viðskiptareikningnum er stefnanda færð til tekna lokagreiðsla á lifur úr Mugg, kr. 215.24, en sú fjárhæð er ekki innifalin í kröfugerð hans.

Undir rekstri málsins viðurkenndi stefnandi nokkra úttektarliði, sem koma fram í viðskiptareikningnum, samtals kr. 5.062.40. Einnig lækkaði hann d-lið í kröfugerð sinni um kr. 106.03. Þegar báðar þessar upphæðir hafa verið dregnar frá stefnukröfunni, kemur út kr. 56.522.90, og var það lokakrafa stefnanda í málinu.

Um einstaka kröfuliði í kröfugerð stefnanda skal þetta tekið fram:

Um a), kr. 17.110.78. Kröfuliður þessi er byggður á viðskiptareikningi, sem stefndi hafði gengið frá og sýndi inneign stefnanda þann 1. júní 1957. Enginn ágreiningur er um þennan lið.

Um b), kr. 11.403.82. Stefnandi sundurliðar þennan kröfulið á eftirfarandi hátt:

1. Hásetatrygging 18/6—12/8 '57 .. .. kr. 6.697.80
2. Frítt fæði .. .. — 1.976.40
3. Mánaðarkaup .. .. — 2.327.76
4. Orlof .. .. — 401.80

Kr. 11.403.82

Stefnandi lagði sjálfur ekki út fé fyrir fæði sínu, og á því liður-

inn „frítt fæði, kr. 1.976.40“ ekki hér við, og lækkar því þessi krafa um þá fjárhæð, eða niður í kr. 9.427.42.

Á viðskiptareikningi hefur stefndi fært stefnanda til tekna þann 13. ágúst 1957:

Kauptryggingu	kr. 6.879.60
Orlof	— 412.80
	Kr. 7.292.40

Ekki er vel ljóst, hvernig stefnandi fær út kröfur sínar. Kjarasamningar hafa verið lagðir fram, en enginn þeirra virðist eiga hér við. Rétturinn hefur kynnt sér kjarasamning milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi, gerðan 31. janúar 1951, en samkv. honum eru kjör skipstjóra á 70 rúmlesta skipi eða þar yfir, sem stundar síldveiðar með herpinót, á þá leið, að hann skal fá 6½% af brúttóafla og kr. 200.00 í kaup á mánuði svo og frítt fæði. Svo var og leitað upplýsinga símleiðis hjá Farmanna- og fiskimannasambandinu, og var því haldið fram þar, að á því léki enginn vafi, að stefnandi hafi átt rétt á kauptryggingu, mánaðarkaupi og fríu fæði á þeim tíma, sem hann var á Helga Helgasyni. Verður gengið út frá, að þetta sé rétt. Samkv. þessu og með tilvísun til áðurgreinds kjarasamnings frá 31. jan. 1951 hefði kauptrygging og mánaðarkaup stefnanda átt að nema svipaðri upphæð og stefndi færir honum til tekna. Verður sú fjárhæð lögð til grundvallar, og lækkar því þessi kröfuliður um kr. 4.111.42, eða niður í kr. 7.292.40

Um c), kr. 4.454.40. Stefnandi hefur lagt fram reikning yfir þennan lið. Reikningurinn er dags. 12. jan. 1958 og er á þessa leið:

Vinna við v/b Helga Helgason í maí og júní 1957, samt. 200 tímar á kr. 18.56 + 20%, kr. 4.454.40.

Vinnustundalisti fylgdi ekki og engin nánari sundurliðun.

Stefndi hefur fært stefnanda til tekna fyrir vinnu við Helga Helgason kaup með orlofi, samtals kr. 2.848.65. Framvísaði hann jafnframt vinnustundalista, skrifuðum af stefnanda, yfir vinnu í júní, samt. 118 tíma. Engin sönnun hefur verið að því leidd, að stefnandi hafi unnið meira að undirbúningi úthaldsins en vinnustundalisti hans sjálfs sýnir, og verður því aðeins tekin til greina sú fjárhæð, sem stefndi viðurkennir. Lækkaði því þessi kröfuliður um kr. 1.605.75, eða niður í kr. 2.848.65.

Um d), kr. 1.201.20. Eins og áður getur, lækkaði stefnandi

þennan lið um kr. 106.03, eða niður í kr. 1.095.17, og er sú fjárhæð viðurkennd af stefnda og færð stefnanda til tekna á viðskiptareikningi.

Um e), kr. 27.521.13. Eins og áður er fram tekið, var krafa þessi í upphafi á því byggð, að stefnanda hefði verið vikið fyrirvaralaust úr skiprúmi. Undir rekstri málsins upplýstist hins vegar, að þann 12. ágúst 1957 sagði stefnandi sjálfur upp starfinu. Viðurkennir stefnandi þetta í aðiljayfirheyrslu 13. nóv. 1963, en tók jafnframt fram, að hann hefði sagt upp með 3ja mánaða fyrirvara. Sama dag og uppsögn þessi fór fram skrifaði stefndi stefnanda svohljóðandi bréf:

„Með skírskotun til samtals okkar á skrifstofu minni nú kl. 5 síðdegis, þar sem þú tilkynntir mér, að þú værir hér með hættur skipstjórn á Helga Helgasyni, vil ég hér með staðfesta, að ég samþykki þá ósk þína. Að sjálfsögðu er ekki um neinn uppsagnarfrest að ræða, þar sem skipið er hætt veiðum."

Stefnandi viðurkennir að hafa móttekið bréf þetta og hafi stefndi viljað láta hann árita það. Þessu kveðst stefnandi hafa mótmælt. Einnig kvaðst hann þá þegar á staðnum hafa mótmælt því munnlega, sem fram kemur í bréfinu.

Stefnandi hafði ekki réttindi til þess að fara með skipstjórn á Helga Helgasyni, og ekki var leitað eftir undanþágu frá ráðuneytinu, sem eins og kunnugt er, eru jafnan skilorðsbundnar og falla niður, þegar réttindamaður fæst. Telur stefnandi, að auðvelt hefði verið að fá undanþágu, þar eð hann hafði færeysk skipstjórnarréttindi allt að 250 rúmlestum. Hefði stefnda borið að sjá um, að undanþága yrði fengin, en látið það undir höfuð leggjast. En stefnanda var með öllu óheimilt að láta úr höfn, fyrr en loforð um undanþágu lá fyrir, og einnig var honum sem skipstjóra skylt að lögskrá áhöfnina. Hann ætlaði að lögskrá í Vestmannaeyjum 18. júní, en þá varð ljóst, að vélstjóra vantaði réttindi og undanþágu, svo að ekki gat orðið af skráningu þegar af þeirri ástæðu. Stefnandi lét samt úr höfn, sjálfur án réttinda og með óskráða skipshöfn og réttindalausa vélstjóra, og var aldrei úr þessu bætt, meðan stefnandi var með skipið. Af þessum sökum átti hann ekki rétt á uppsagnarfresti, og er hann sagði upp starfinu, mátti honum vera ljóst, eins og málum var háttað, að hann átti ekki heimtingu á kaupi, eftir að skipstjórnarstarfi hans lauk. Þessi kröfuliður verður því ekki tekinn til greina að neinu leyti.

Samkvæmt þessu er lokakrafa stefnanda lækkuð um kr.

4.111.42, kr. 1.605.75 og kr. 27.521.12, eða alls um kr. 33.238.30. Eftirstöðvarnar nema þar af leiðandi kr. 23.284.60.

Á viðskiptareikningi hefur stefndi fært stefnanda til skuldar eftirfarandi liði, sem stefnandi samþykkir ekki:

1. 13/8, fæði á síldarúthaldinu	kr.	1.976.40
2. Reikning frá Hótel H. B. í júní 1957 fyrir fæði og húsnæði handa stefnanda, meðan á undirbúningi undir síldveiðar stóð	—	1.073.88
3. Reikning frá Hótel H. B. fyrir molakaffi o. fl. 19. ágúst 1957	—	50.84
4. Peningaúttekt hjá Kveldúlfi h/f	—	24.500.00
	Alls kr.	27.601.12

Eins og áður er getið, átti stefnandi rétt á fríu fæði, meðan á síldarúthaldinu stóð. Fyrsti skuldaliðurinn verður því ekki tekinn til greina. Samkvæmt upplýsingum frá Farmannasambandinu áttu aðkomuskipstjórar á þessum tíma jafnan rétt á fríu fæði og húsnæði, meðan þeir unnu við undirbúning undir síldveiðar. Verður gengið út frá, að það sé rétt, og leiðir það til þess, að annar skuldaliður verður ekki heldur tekinn til greina. Þriðja skuldalið mótmælir stefnandi af sömu ástæðu, en það fær ekki staðizt, þegar litið er til dagsetningarinnar. Kemur því sú upphæð, kr. 50.84, til frádráttar kröfum hans.

Fjórði skuldaliðurinn, kr. 24.500.00, hefur stefndi látið færa á viðskiptareikning stefnanda undir 31. des. 1957. Færsla þessi byggist á reikningi á v/b Helga Helgason frá Kveldúlfi h/f, dagsettum á Hjalteyri 12. ágúst 1957. Eru skipinu þar færðar til skuldar pen. v/ Ásmund Sigurjónsson, kr. 4.000.00 þann 18/7 '57, kr. 7.500.00 þann 23/7 '57 og kr. 13.000.00 þann 9/8 '57. Stefnandi viðurkennir að hafa móttekið þessa peninga, en kveðst hafa varið þeim öllum til þess að greiða kaup skipverja. Kvaðst hann hafa móttekið kvittanir fyrir greiðslunum og afhent þær á skrifstofu stefnda, er hann kom til Vestmannaeyja, og hafi sonur stefnda veitt þeim móttöku. Kvittun fyrir afhendingu þeirra hefði hann ekki tekið, enda hafi hann álitið það óþarft. Vottorð liggja fyrir frá þremur skipverjum, og segir þar, að stefnandi hafi tekið út peninga hjá Hjalteyrarverksmiðjunni og greitt þá upp í kaup skipverja. Kváðust þeir sjálfir hafa fengið kaup greitt á þann veg. Einn þessara skipverja gaf réttarskýrslu og kvaðst halda örugglega, að hann hefði fengið kr. 1.000.00

greiddar í peningum upp í kaup sitt hjá stefnanda á Hjalteyri og eitthvað hafi verið greitt með sígarettum. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið aðra peninga greidda upp í kaup sitt en þá, er það fékk hjá stefnanda.

Með úrskurði, uppkveðnum 23. júlí 1963, var stefnanda bent á, að æskilegra væri, að hann gerði fyllri grein fyrir, hvernig hann hefði varið umræddum peningum og kæmi fram með frekari gögn. Við aðiljayfirheyrslu kvaðst hann hafa skipt þessum peningum nokkurn veginn jafnt milli mannanna, en nánari upplýsingar gaf hann ekki, og ekki liggja fyrir frekari upplýsingar frá skipverjum en þær, sem að framan eru raktar. Í áðurgreindum úrskurði var einnig bent á, að æskilegt væri, að fyrir lægju upplýsingar um, hvernig kaup skipverja var greitt og viðskiptareikningar þeirra lagðir fram, en stefndi varð ekki við þeim ábendingum.

Stefnandi hafði heimild til vegna stöðu sinnar að taka út peninga hjá Hjalteyrarverksmiðjunni, þar sem báturinn lagði upp, til afhendingar skipverjum sínum upp í kaup þeirra. Vottorð og réttarskýrsla, sem áður er minnzt á, gefa til kynna, að peninga afhenti hann skipverjum, og virðist ekki um annað fé að ræða en það, sem hér er rætt um. Viðskiptareikningar skipverja ættu að leiða í ljós, hvernig og hvenær kaup þeirra var greitt, en þar sem þeir hafa ekki verið lagðir fram, þykir verða að leggja trúnað á frásögn stefnanda. Leiðir það til þess, að þessi skuldaliður verður ekki tekinn til greina.

Auk viðskiptareiknings hefur stefndi lagt fram hótelreikning á stefnanda frá 23. maí 1957 að fjárhæð kr. 159.96. Reikningur þessi hefur ekki sætt andmælum, og verður hann því tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, lækkar krafa stefnanda enn um kr. 50.84 og kr. 159.96, eða um kr. 200.80. Eftirstöðvarnar nema kr. 23.082.80, og verður stefndi dæmdur til að greiða þá upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags, eins og krafizt er.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 6.000.00 í málskostnað.

Stefnandi hefur krafizt viðurkenningar sjóveðréttar í v/b Mugg, VE 322, og v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir dæmdum fjárhæðum. Þessi krafa verður tekin til greina, og er viðurkenndur sjóveðréttur í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.110.78 ásamt vöxtum, eins og fyrr segir, og kr. 4.000.00 af málskostnaði

og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 5.972.02 auk vaxta á sama hátt og kr. 2.000.00 í málskostnaði.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Ásmundi Sigurjónssyni, kr. 23.082.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í v/b Mugg, VE 322, fyrir kr. 17.100.78 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. maí 1958 til greiðsludags og kr. 4.000.00 í málskostnaði og í v/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir kr. 5.972.02 ásamt vöxtum á sama hátt og kr. 2.000.00 í málskostnaði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1967.

Nr. 18/1966. **Jódís Björgvinsdóttir** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigurði Jóhannssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1966. Hefur hún fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 620.046.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvarnarleyfi fyrir Hæstarétti, krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum áfrýjanda og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Hinn 17. og 18. febrúar 1967 fór fram vitnaleiðsla á bæjarþingi Reykjavíkur að tilhlutan Hæstaréttar.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, ók stjórnandi R 10402, Jóhann Jónsson, vestur Laugaveg skömmu fyrir kl. 0200 hinn 23. september 1962. Umferðarljós eru á gatnamótum Laugavegar og Skólavörðustígs og einnig á gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Skiptast ljósin rautt—gult—grænt samtímis á hvorum tveggja þessara gatnamóta. Þá er stjórnandi R 10402 nálgaðist gatnamót Laugavegar og Skólavörðustígs, breyttist, að hans sögn, gult ljós þar á vitanum í grænt. Kveðst hann því hafa haldið sömu ferð og áður, þ. e. um 30 til 35 km hraða, yfir gatnamótin og niður yfir gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis, en þá sá hann „allt í einu tvær konur, sem komu hlaupandi frá hægri, frá“ honum „séð, í stefnu þvert fram fyrir bílinn. Voru konurnar fast við bílinn, er“ hann „kom auga á þær“. Hann snarhemlaði og beygði til vinstri um leið. Áfrýjandi, sem var önnur þessara kvenna, varð undir bílnum og hlaut af fullkomin andleg örkuml, svo sem í héraðsdómi greinir. Vitnið Óskar Guðnason ók bíl sínum, R 11595, vestur Laugaveg á sama tíma sem ökumaður R 10402. Hann sá gult ljós breytast í grænt á götuvita Laugavegar og Skólavörðustígs, rétt áður en bílarnir komu að þeim. Síðan óku R 10402 og R 11595 nokkurn veginn samhliða niður undir gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis, á um 25 til 30 km hraða, að ætlan Óskars Guðnasonar. Þá er Óskar nálgaðist Ingólfsstræti var á undan honum á hægri akrein Dodge-fólksbifreið, sem ók hægt, og varð Óskar því að draga úr ferð sinni. Kveður Óskar, að R 10402 og Dodge-bíllinn hafi ekið samhliða vestur af gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Segist Óskar þá hafa horft aftan á Dodge-bílinn og telur „algerlega útilokað, að vegfarendur hafi gengið á milli bifreiðar“ hans „og Dodge-

bifreiðarinnar, áður en slysið varð". „Er Dodge-bíllinn var kominn yfir gangbrautina neðan við Ingólfsstrætið" og Óskar „var að komast að henni, sá" hann „allt í einu konu hendast upp á götuna fyrir framan" hann, „en þó á vinstri akrein". Farþegi í Dodge-bílnum, Sigurður Ingi Tómasson, bar fyrir uppsögu héraðsdóms, að hann hafi veitt athygli konu, sem komið hafi áleiðis suður yfir Bankastræti fyrir aftan Dodge-bílinn. Þessi framburður fer alveg í bága við vætti Óskars Guðnasonar. Fyrir dómi bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1967 hefur vitnið Sigurður Ingi Tómasson nú borið, að hann „hafi veitt konu athygli fyrir utan Málarann, sem það hafi talið vera aðra konuna, sem lenti í slysinu, og telur hana hafa farið aftan við bifreiðina, sem það var í, án þess það hafi séð það."

Oddný Eyleifsdóttir húsfreyja er önnur kvenna þeirra, sem varð fyrir R 10402. Hún kveður þær áfrýjanda hafa gengið út á Bankastræti gegnt grænu ljósi og hafi þær verið komnar vel yfir miðja götuna, þegar gult ljós kom á götuvitann á móti þeim. Á sömu stundu kveðst hún hafa séð bifreið koma á mikilli ferð yfir gatnamótin á syðri akrein og stefna á þær og hafi slysið orðið næstum á sömu stundu sem hún kom auga á bifreiðina.

Vitnið Ásta Björnsdóttir, sem borið hefur vætti af nýju fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 17. febrúar 1967, skýrir svo frá, að hún og vitnið Guðborg Sigurgeirsdóttir hafi staðið á horninu hjá J. Þorlákssyni & Norðmann, þegar hún varð vör við bifreið þá, sem konurnar urðu fyrir, „en þegar slysið varð, hafi þær verið, að því er vitnið minnir, komnar yfir Ingólfsstræti." Ásta sá konurnar ganga út af nyrðri gangstétt Bankastrætis sem næst frá verzluninni Regnboganum. Virtist henni þær ganga skáhallt upp á móti brekkunni á leið suður yfir Bankastræti. Þá er konurnar voru komnar á suðurhelming þess, kveðst Ásta hafa séð bifreið á leið niður Bankastræti á syðri hluta þess. Hafi bifreiðin ekki ekið hratt. Stefndu konurnar skáhallt að henni. Var bifreiðinni þá allt í einu snögghemlað. Ásta tók eftir bifreið, sem stöðvaði nokkru fyrir neðan þær Guðborgu Sigurgeirsdóttur í

Bankastræti. Kveðst vitnið Ásta álíta, „að konurnar hafi verið komnar út á miðja götuna, þegar sú bifreið fór fram hjá þeim.“ Styður vætti Ástu um þetta efni vætti Óskars Guðnasonar, það, sem áður var rakið.

Geir Sigurðsson, bifreiðarstjóri á R 6377, Dodge-bifreiðinni, skýrði svo frá við lögregluranns ókn, að hann hafi ekið niður Skólavörðustíg og hafi orðið að stöðva við götuljósin við gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis, en ekið af stað yfir þau gatnamót, þá er græna ljósið kom. Hann telur, að hann hafi ekki verið kominn niður fyrir Ingólfsstræti, er hann heyrði kvenmann hrópa: „Varaðu þig á bílnum.“ Hann sá ekki konuna, sem hrópaði, og heyrði ekki meira, hvorki óp né hemlahljóð. Hann stöðvaði bíl sinn við óp kvenmannsins, fór út úr bíl sínum og sá, að kona lá skammt aftan við bílinn, sem sýndur er á uppdrætti, og önnur kona lá undir bílnum. Honum heyrðist óp konunnar vera aftan við bíl sinn. Bendir sá framburður Geirs Sigurðssonar, að hann hafi ekið yfir Ingólfsstræti, þegar er græna ljósið kom, og ekki verið kominn yfir það, þá er hann heyrði ópið, borinn saman við vætti Ástu Björnsdóttur og Óskars Guðnasonar um, að konurnar hafi alls eigi gengið aftan við Dodge-bifreiðina, sem Geir ók, til þess, að konurnar hafi gengið út á Bankastræti gegnt grænu ljósi. Nú segir Geir Sigurðsson að vísu, að útilokað sé, að konurnar hafi gengið yfir Bankastræti framan við bíl hans, en þar sem telja má sannað, að þær hafi eigi gengið bak við bíl hans, verður að ætla, að þær hafi verið komnar suður yfir akrein Geirs, þá er hann leit niður eftir Bankastræti.

Stefndi ber samkvæmt 67. gr. laga nr. 26/1958 hlutlæga ábyrgð á ökutæki því, R 10402, sem áfrýjandi varð fyrir. Ökumaður R 10402 ók yfir gatnamót Bankastrætis og Ingólfsstrætis í myrkri, roki og rigningu og varð áfrýjanda, sem var á leið suður yfir Bankastræti, eigi var, fyrr en hún var alveg framundan bifreið hans. Var þetta mikil ógætni af hans hendi, enda mátti hann eigi vera öruggur um, að gatan væri orðin mannlaus eftir ljósaskiptin. Miða verður hins vegar við, að áfrýjandi hafi farið út á Bankastræti

gegnt grænu ljósi fyrir neðan gangbrautina og gengið skáhallt upp á móti suður yfir strætið, unz hún varð fyrir nefndri bifreið syðst á því. En þá er litið er til alls aðdraganda slyssins, ógætni ökumanns R 10402 og hinnar hlutlægu ábyrgðar bifreiðareiganda, þykir gáleysi áfrýjanda eigi vera svo mikið, að það eigi að valda niðurfærslu á bótakröfu hennar, sbr. 67. gr. i.f. laga nr. 26/1958.

Áfrýjandi er 100% varanlegur öryrki.

Verða nú kröfuliðir áfrýjanda teknir til athugunar í sömu röð sem í héraðsdómi.

1. Umboðsmaður áfrýjanda hefur lagt til grundvallar stefnukröfunni örorkutjónsreikning Þóris Bergssonar tryggingafræðings 23. apríl 1963. Samkvæmt því nemur verðmæti vinnutekjutjónsins kr. 791.271.00 á slysdegi. Þá hefur tryggingafræðingurinn reiknað verðmæti örorkulífeyris þess, sem áfrýjanda var ákveðinn frá Tryggingastofnun ríkisins hinn 23. apríl 1963. Nemur hann kr. 250.467.00 og dregst frá. En reikning örorkutjóns og örorkulífeyris verður að miða við sama dag. Þegar tekið er tillit til skattfrelsis af tjónbótum, þykja þær hæfilega ákveðnar .. .. kr. 450.000.00
2. Útreikningur örorkutjóns í héraði nemur — 1.200.00
3. Bætur fyrir þjáningar, lýti, óþægindi og röskun á stöðu og högum ákveðast .. .. .. — 250.000.00

Samtals kr. 701.200.00

Hér frá dregst greitt vátryggingarfé .. .. — 472.425.00

Niðurstaða kr. 2328.775.00

Ber að dæma stefnda til að greiða þessa fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti er látinn falla niður.

Málflutningslaun talsmanna málsaðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jódísi Björgvinsdóttur, kr. 228.775.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. september 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úr ríkissjóði greiðast málflutningslaun talsmanna aðilja, Páls S. Pálssonar og Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 45.000.00 til hvors.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. desember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. nóvember 1965, hefur stefnandi, Jódís Björgvinsdóttir, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, að fengnu gjafsóknarleyfi, höfðað hér fyrir bæjarþinginu gegn stefnda, Sigurði Jóhannssyni, Ásvallagötu 35, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.092.471.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 21. sept. 1962 til greiðsludags. Enn fremur krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst algerrar sýknu og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Til ýtrustu vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfunum og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Sátta hefur verið leitað, en árangurslaust. Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 1964, en stefndi með bréfi, dags. 2. apríl 1965. Þann 27. nóvember var málið endurupptekið og lagður fram nýr örorkuútreikningur. Málið var síðan flutt og tekið til dóms sama dag, og gera aðiljar sömu kröfur og áður.

Samkvæmt skjölum málsins eru málavextir þessir:

Sunnudaginn 23. september 1962 kl. 0200 var tilkynnt á lögreglustöðina, að skömmu áður hefði orðið slys í Bankastræti á móts við húsið nr. 10. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að leigubifreiðin R 10402 kom niður Bankastræti á vinstri akrein. Þegar hún var komin yfir gatnamót nefndrar götu og Ingólfsstrætis, höfðu þær stefnandi, Jódís Björgvinsdóttir, Bergstaða-

stræti 54, og Oddný Eyleifsdóttir, Baldursgötu 25 B hér í borg, komið yfir götuna frá á móts við verzlunina Málarann. Skipti engum togum, að þær urðu báðar fyrir bifreiðinni. Jódís, sem hafði aðeins verið á undan, lenti framan á bifreiðinni og varð undir henni. Drósť hún svo nokkra metra með bifreiðinni, unz bifreiðin nam staðar. Oddný hafði lent á hægri hlið bifreiðarinnar fremst, kastazt frá henni og fallið á götuna. Þegar lögreglan kom á staðinn, lá stefnandi föst undir bifreiðinni, en Oddný lá nokkra metra fyrir aftan bifreiðina.

Báðar voru þær stefnandi og Oddný fluttar á slysavarðstofuna. Var þar gert að meiðslum Oddnýjar, en stefnandi var flutt á Landspítalann, enda var hún alvarlega slösuð, eins og síðar mun rakið.

Samkvæmt uppdrætti er akbraut Bankastrætis, þar sem slysið varð, um 8½ metra á breidd. Liggur afmörkuð gangbraut yfir akbrautina rétt fyrir neðan gatnamótin, rúmir 2½ metri á breidd. Bifreiðin R 10402 stóð upp við gangstéttarbrún á vinstri akrein, og voru um 10 metrar frá afturenda hennar að gatnamótunum. Bifreiðin var næstum bein fyrir á götunni, en sneri þó aðeins til hægri inn á akbrautina. Um það bil einum metra fyrir framan bifreiðina var blóðpollur á götunni, og hafði stefnandi legið þar, en eins og síðar mun rakið, hafði bifreiðinni verið lyft upp að framan og ýtt aftur á bak um 1 metra ofan af henni. Um tvo metra aftur af bifreiðinni hægra megin lá stefnandi (sic) í götunni og á móts við hana upp við gangstéttarbrún slæða. Frá götubrunninum á miðjum gatnamótunum niður í Bankastræti var hemlafar um 11 metrar á lengd, er talið var, að gæti verið eftir bifreiðina. Þá var hægt að merkja ógreinileg hemlaför aftur af framhjólum bifreiðarinnar um 1 metra á lengd. Á umræddum gatnamótum eru umferðarljós.

Þegar slysið varð, var myrkur, rigning og færi því blautt. Yfirborð vegarins á slysstaðnum var malbikað. Raflýsing á götunni var góð að sögn lögreglunnar.

Bifreiðin R 10402 var Volga-fólksbifreið af árgerð 1958 með vinstri hliðar stýri og vökvahemlaútbúnaði. Bifreiðaeftirlitsmaður reyndi hana í akstri rétt eftir slysið, bæði á slysstaðnum og nálægum götum. Reyndist öryggisútbúnaður bifreiðarinnar í fullkomnu lagi. Þegar bifreiðinni var ekið á 40 km hraða og hemlað, voru hemlaförin aftur af henni 8 metrar. Í vottorði bifreiðaeftirlitsins segir og, að gatan hafi verið blaut og rúður bifreiðarinnar óhreinar.

Ökumaður stefnda hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið að aka bifreiðinni R 10402 umræddan nótt. Milli kl. 0100 og 0200 fór hann að Grænuhlíð 10 til að sækja farþega. Tók hann þarna í bifreiðina þrjár stúlkur og ók þeim niður í borgina. Fór ein stúlkan úr bifreiðinni við gatnamót Baldursgötu og Lokastígs og önnur á Veghúsastíg. Þriðja stúlkan var á leið vestur í Sörlaskjól, og var hann á leið þangað, þegar slysið varð. Hann ók af Veghúsastíg upp á Vatnsstíg og beygði svo vestur Laugaveg. Bifreiðarstjórinn var ekkert að flýta sér og ók rólega. Telur hann sig ekki hafa ekið á meira en 30—35 km hraða á leið sinni vestur Laugaveg. Þegar að Klapparstíg kom, þurfti hann að nema staðar og bíða eftir grænu ljósi, en þegar það kom, ók hann áfram. Þegar hann átti nokkra metra ófarna að gatnamótum Laugavegar, Skólavörðustígs og Bankastrætis, var gult ljós á götuvitanum á móti honum, en þegar hann kom að gatnamótunum, var grænt ljósmerki komið á götuvitann. Ók hann nú áfram rakleitt með svipuðum hraða og að framan greinir. Ökumaður stefnda heldur því fram, að hann hafi aðeins dregið úr ferðinni, á meðan gula ljósið var á götuvitanum. Þegar hann kom niður að gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis, var grænt ljós á götuvitanum á móti honum. Ók hann með svipuðum hraða yfir gatnamótin og áður greinir, enda sá hann enga hindrun framundan. Hann var kominn yfir gangbrautina hinum megin við gatnamótin, þegar hann sá allt í einu tvær konur koma hlaupandi áleiðis suður yfir götuna úr áttinni frá verzluninni Málaranum. Stefndu þær þvert fyrir bifreiðina, og gat hann ekki séð, að þær tækju eftir henni. Konurnar voru rétt fyrir framan bifreiðina, þegar hann kom auga á þær. Hann hemlaði þegar í stað og sveigði til vinstri frá konunum, en á sama andartaki urðu þær fyrir bifreiðinni. Önnur konan var aðeins á undan, og komst hún fram fyrir bifreiðina. Hvarf hún honum sjónum fyrir framan bifreiðina og lenti undir henni. Ekkert varð hann var við það, að hjól bifreiðarinnar snertu konuna. Konan, sem var aðeins á eftir, lenti fremst á hægri framaurhlíf bifreiðarinnar og kastaðist frá bifreiðinni út á götuna. Kveður hann hana raunverulega hafa hlaupið á bifreiðina.

Ökumaður stefnda ók á vinstri götuhelmingi mjög nærri gangstéttarbrúninni, og um leið og hann beygði til vinstri, lenti vinstra framhjól utan í gangstéttarbrúninni. Hann kveðst hafa beitt fullu átaki á fóthemla, sem voru í fyllsta lagi. Stöðvaðist bifreiðin

fljótt, að sögn hans, miðað við þær aðstæður, að hann ók niður brekku og gatan var blaut.

Ökumaður stefnda telur, að slysið hafi orðið, þar sem Oddný Eyleifsdóttir lá í götunni að slysinu afstöðnu, eins og að framan hefur verið skýrt frá. Kveður hann því bifreiðina hafa runnið í hemlum frá þeim stað. Strax eftir að bifreiðin hafði stöðvazt, kvaddi hann lögreglu og sjúkralið á vettvang í gegnum talstöð bifreiðarinnar. Að því búnu fór hann út úr bifreiðinni.

Hann kveður konu þá, sem kastazt hafði inn á götuna frá bifreiðinni, hafa legið um það bil á miðri götunni eða á mótum akreinanna. Hún lá langsum á grúfu með höfuðið upp á móti brekkunni. Hin konan var að mestu undir bifreiðinni nokkurn veginn miðri. Hún lá á bakinu langsum, og sneri höfuð hennar undan brekkunni. Nam höfuð konunnar á móts við miðjan framvara bifreiðarinnar.

Ökumaður stefnda fékk menn, sem komu á slysstaðinn, til að lyfta bifreiðinni upp að framan og ýta henni aftur á bak ofan af konunni. Við það breyttist afstaða bifreiðarinnar, þannig að hún færðist frá gangstéttinni að framan, en að henni að aftan. Á meðan verið var að þessu, kom lögreglan á vettvang og sjúkrabifreið rétt á eftir. Konan var meðvitundarlaus, og blæddi úr höfði hennar. Hann telur, að bifreiðin hafi að einhverju leyti hvílt ofan á konunni.

Þegar slysið varð, var myrkur, mikil rigning og skyggni því mjög slæmt. Þurrkur voru í gangi á báðum framrúðum. Hliðarrúður voru blautar, og sást illa út um þær. Móða var ekki innan á þeim, svo að teljandi væri. Rúður bifreiðarinnar voru hreinar.

Ökumaður stefnda kveðst hafa verið vel fyrirkallaður og haft óskipta athygli við aksturinn og ekkert truflað sig. Hann telur sig ekki hafa haft neina möguleika á að forða slysinu, þar sem konurnar voru svo að segja alveg við bifreiðina, þegar hann kom auga á þær.

Hann mótmælti því, er í vottorði bifreiðaeftirlitsins greinir, að rúður bifreiðarinnar R 10402 hafi verið óhreinar. Þá mótmælti hann því algerlega, að hemlafarið á gatnamótunum, er að framan er minnzt á, sé eftir bifreiðina R 10402. Benti hann á það máli sínu til stuðnings, að hemlafarið hljóti að vera annað hvort eftir hægra aftur- eða framhjól bifreiðar og væri það eftir bifreiðina R 10402, gæti ekki annað verið en förin eftir vinstri hjól væru uppi á gangstéttarbrún, en það fái engan veginn staðizt.

Hann kveðst hafa verið búinn að stilla hemla bifreiðarinnar, 1—2 dögum áður en slysið varð, og hafi þeir verið í fullkomnu lagi.

Vitnið Freyja Jónsdóttir afgreiðslustúlka, Miklubraut 86, var farþegi í bifreiðinni R 10402, þegar umrætt slys átti sér stað. Vitnið sat í aftursæti bifreiðarinnar fyrir miðju að það minnir. Vitnið hafði komið í bifreiðina við húsið Grænuhlíð 10 ásamt tveimur vinstúlkum sínum. Fóru þær í bifreiðinni niður í bæ. Fór önnur stúlkan úr bifreiðinni á Lokastíg, en hin á Veghúsastíg. Bifreiðarstjórinn ætlaði að því búnu að aka vitninu að Sörlaskjóli 6. Ók hann upp Vatnsstíg og síðan niður Laugaveg og Bankastræti. Vitninu fannst bifreiðarstjórinn aka á hóflegri ferð og með svipuðum hraða og leigubifreiðum er yfirleitt ekið á. Vitnið fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar og getur því ekki sagt um hraðann nákvæmlega. Vitnið man greinilega, að bifreiðarstjórinn þurfti að nema staðar á gatnamótum Klapparstígs og Laugavegar vegna umferðarljósanna, en hvort hann nam staðar við umferðarljósin á gatnamótum Laugavegar, Skólavörðustígs og Bankastrætis og þar á eftir við Bankastræti og Ingólfsstræti, kveðst það ekki geta sagt um fyrir víst.

Vitnið kveðst ekki hafa séð til ferða kvenna þeirra, sem urðu fyrir bifreiðinni við húsið Bankastræti 10, fyrr en þær birtust allt í einu fyrir framan hægra framhorn bifreiðarinnar. Konurnar birtust skyndilega fyrir framan bifreiðina, og fannst vitninu því líklegt, að þær hafi verið hlaupandi, enda þótt það geti ekki um það fullyrt. Snarhemlaði bifreiðarstjórinn þarna, og samtímis virtist vitninu konurnar verða fyrir framenda bifreiðarinnar. Önnur konan kastaðist frá bifreiðinni til hægri, frá vitninu séð, út fyrir hlið bifreiðarinnar, en hin hvarf því sjónum fyrir framan bifreiðina. Vitnið fann engin merki þess, að hjól bifreiðarinnar færu yfir konuna.

Vitninu fannst bifreiðin stöðvast fljótt, eftir að bifreiðarstjórinn hemlaði.

Þegar ökumaðurinn hafði kvatt lögreglu og sjúkralið á vettvang, fóru hann og vitnið út úr bifreiðinni. Vitnið skýrði frá því, að konurnar hefðu legið í götunni, eins og að framan er rakið.

Skyggni var mjög slæmt, að sögn vitnisins, vegna myrkurs og rigningar. Hliðarrúður bifreiðarinnar voru blautar. Þurrkur voru í gangi á báðum framrúðum.

Vitnið kveður bifreiðarstjórann hafa horft fram fyrir sig, og tók það ekki eftir öðru en hann hefði óskipta athygli við akstur-inn.

Vitnið Oddný Eyleifsdóttir húsfrú, Baldursgötu 25 B, hefur skýrt frá því fyrir sakadómi, að það hafi verið að koma af dansleik í Ingólfscafé ásamt stefnanda, þegar umrætt slys varð. Gengu þær eftir vestari gangstétt Ingólfsstrætis upp á gatnamót Bankastrætis. Þegar þangað kom, kveður vitnið þær hafa gáð að ljósmerkjum á götuvitanum hinum megin gatnamótanna. Vitnið kveðst hafa séð, að götuvitinn á móti þeim sunnan Bankastrætis sýndi grænt ljós. Það kveðst einnig hafa litið upp eftir Bankastræti og ekki muna betur en bifreiðar, sem voru á leið vestur götuna, biðu við gatnamótin. Vitnið kveður þær stefnanda hafa haldið út á götuna og gengið eftir gangbraut áleiðis suður yfir hana. Umrædda nótt var hvassviðri, en ekki mikil rigning. Vitnið kveður veðrið ekki hafa verið þeim neitt til trafala á leið þeirra áleiðis yfir götuna. Vitnið staðhæfir, að þær hafi hvorki gengið hratt né hlaupið. Þær gengu samhliða og leiddust. Stefnandi var vinstra megin við vitnið. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við neina bifreið, sem væri á leið niður Bankastræti yfir gatnamótin á hægri akrein, og neitar vitnið því alveg, að þær hafi verið að forða sér frá bifreið, er þar kom. Vitnið og stefnandi voru á leið heim til sín og ætluðu að fara fótgangandi. Var því ekki um það að ræða, að þær væru að reyna að ná í leigubifreið.

Vitnið kveður þær stefnanda hafa verið komnar vel yfir miðja götuna, þegar gult ljós kom á götuvitann á móti þeim. Á sömu stundu sá vitnið bifreið koma yfir gatnamótin á syðri akrein og stefna á þær. Vitninu fannst bifreiðin vera á mikilli ferð og varð ekki vart við það, að hún næmi staðar við gatnamótin. Vitnið kveðst hafa numið staðar, þegar það sá bifreiðina koma, en ekkert ráðrúm hafi verið til að hörfa frá henni, vegna þess hve hana bar skjótt að. Slysið varð eiginlega alveg á sömu stundu og vitnið kom auga á bifreiðina. Vitnið varð í þessu viðskila við stefnanda og vissi ekki um afdrif hennar fyrr en eftir slysið. Skipti nú engum togum, að það varð fyrir bifreiðinni og missti meðvitund. Vitnið getur ekki gert sér grein fyrir því, hvar það lenti á bifreiðinni. Vitnið kveður slysið hafa orðið alveg í þann mund, er gula merkið kom á götuvitann á móti þeim.

Þegar vitnið kom til sjálfs sín, lá það um það bil á miðri akbrautinni, örstuttan spöl aftur af bifreiðinni R 10402. Kveðst vitnið hafa borizt með bifreiðinni frá gangbrautinni á þann stað, þar sem það lá eftir slysið, eða um 4 til 5 metra leið. Vitnið lá langsum á götunni og sneri höfuð þess upp á móti brekkunni, eða til austurs. Vitnið sá skó stefnanda fyrir ofan gangbrautina

og taldi þess vegna, að hún hefði sloppið frá bifreiðinni, unz maður kom til þess og sagði því, að hún lægi undir bifreiðinni.

Vitnið kveðst hafa verið í köflóttri vetrarkápu, dökkleitri með skinnkraga, sem það hafði brett upp. Það var með hvíta slæðu bundna um höfuðið og hvíta hanzka á höndum. Stefnandi var í dökkblárri regnkápu með brúnleita slæðu bundna yfir höfuðið og svarta hanzka á höndum. Þegar vitnið fór yfir götuna, var það með hægri höndina í kápuvasanum, en stefnandi hélt undir handlegg þess og leiddi það.

Vitnið kveðst hafa brotnað á baugfingri vinstri handar við slysið og marizt víðs vegar um líkamann.

Vitnið Ásta Björnsdóttir, Seljavegi 17, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að það hafi verið statt, þegar umrætt slys varð, á norðaustur-horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis ásamt annarri konu. Voru þær að svipast um eftir leigubifreið. Umrædda nótt var mjög vont veður, rok og rigning. Lítil umferð var um götuna og sama og ekkert gangandi fólk á ferli.

Í þann mund, er umrætt slys varð, kveðst vitnið hafa horft niður eftir götunni, en konan, sem með því var, upp eftir. Vitnið kveðst hafa veitt tveimur konum athygli, sem gengu út akbrautina vestan gatnamótanna frá nyrðri gangstétt, sem næst frá verzluninni Regnboganum í Bankastræti, sem þá var norðan götunnar. Konurnar höfðu bundið klút yfir hárið og brett upp kápukragana. Gengu þær álútar á móti veðrinu, skáhallt yfir götuna upp á móti brekkunni. Konurnar voru að flýta sér, að því er virtist, en þær hlupu ekki. Rétt í þessu sá vitnið, hvar fólksbifreið kom niður Bankastræti. Voru konurnar þá komnar út á miðja götuna.

Konan, sem var með vitninu, tók eftir því, að farþegi var í aftursæti bifreiðarinnar, og töldu þær því þýðingarlaust að reyna að stöðva hana. Bifreiðinni var ekið frekar hægt, og telur vitnið, að henni hafi verið ekið fyrir neðan venjulegan innanborgarhraða. Vitnið hélt áfram að fylgjast með ferðum kvennanna og bifreiðarinnar og hugsaði með sér, að þarna mundu þær ná í leigubifreið. Vitninu virtist konurnar herða ferðina, þegar bifreiðin nálgaðist. Virtist því þær annað hvort ætla að ná í bifreiðina eða reyna að sleppa yfir götuna, áður en hana bæri að. Vitnið tók fram, að það hafi ekki veitt bifreiðinni nána athygli, fyrr en það sá, að hún var að sleppa yfir gatnamótin, og konurnar stefndu á móti henni.

Vitnið varð nú vart við það, að bifreiðinni var allt í einu

snarhemlað, þegar hún var komin vel yfir gangbrautina yfir Bankastræti vestan Ingólfsstrætis. Vitninu fannst konurnar eins og kastast á bifreiðina, enda var ofsarok. Strax og bifreiðinni var hemlað, hvarf önnur konan vitninu sjónum fyrir framan bifreiðina, en hin kastaðist aftur með henni í götuna. Virtist vitninu konurnar verða fyrir hægra framhorni hennar. Bifreiðin stöðvaðist, rétt í því að slysið varð. Vitnið hélt fyrst í stað að konan, sem varð undir bifreiðinni, hefði sloppið yfir götuna, en sá síðar, að svo var ekki.

Vitnið sá uppdráttinn af slysstaðnum og kvað, að hemlafarið, sem byrjar á miðjum gatnamótunum, hafi verið eftir bifreiðina.

Vitnið Óskar Guðjón Guðnason, Kirkjuteigi 11, hefur skýrt svo frá því fyrir sakadómi, að það hafi umrædda nótt verið á leið vestur Laugaveg í bifreið sinni. Vitnið varð vart við bifreiðina R 10402, þegar hún kom inn á Laugaveg nokkuð ofarlega úr þvergötu, en hvaða þvergata það var, kveðst vitnið ekki muna fyrir víst. Bifreiðinni R 10402 var ekið á undan bifreið vitnisins niður Laugaveg að gatnamótum Klapparstígs. Þegar þangað kom, var rautt ljós á götuvitunum á móti bifreiðunum. Nam bifreiðin R 10402 staðar á vinstri akrein, en vitnið nam staðar á hægri akrein.

Vitnið kveðst hafa ekið hægt og hið sama hafi ökumaður R 10402 gert. Þegar grænt ljósmerki kom á götuvitana á gatnamótunum, óku vitnið og ökumaður R 10402 áfram yfir gatnamótin. Var vitnið aðeins á undan og færði bifreið sína yfir á vinstri akrein skammt vestan gatnamótanna. Þegar vitnið kom á móts við gatnamót Bergstaðastrætis, fór það aftur yfir á hægri akrein. Vitnið ók nú áfram, og þegar það var komið á móts við Laugaveg 11, sá það, að gult ljós var á götuvitanum við gatnamót Laugavegar, Skólavörðustígs og Bankastrætis. Þegar vitnið kom að gatnamótunum, var komið grænt ljós, og ók það því yfir þau á hægri akrein.

Vitnið kveðst hafa séð, að ökumaður bifreiðarinnar R 10402 hægði á sér við gatnamótin, og gerði vitnið það einnig. Vitnið ók nú samsíða bifreiðinni R 10402 niður að gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Á þessum vegarkafla var vitnið búið að skipta niður í annan gír, og var hraðinn eitthvað á milli 25—30 km. Hefur því bifreiðinni R 10402 verið ekið með svipuðum hraða. Þegar vitnið nálgaðist Ingólfsstræti, en það var á hægri akrein, var Dodge-fólksbifreið á undan því. Bifreið þessari var ekið mjög hægt, og varð vitnið því að draga úr ferðinni. Engin

bifreið var á undan bifreiðinni R 10402, og gat ökumaður því haldið áfram með sama hraða.

Þegar bifreiðin, sem var á undan því, var að fara vestur af gatnamótunum, sá vitnið, að bifreiðin R 10402 var komin á hlið við hana. Vitnið veitti nú bifreiðinni R 10402 ekki athygli um sinn, heldur Dodge-bifreiðinni. Þegar Dodge-bifreiðin var komin yfir gangbrautina neðan við Ingólfsstræti og vitnið var að komast að gangbrautinni, sá það allt í einu konu kastast út á miðja götuna frá vinstri akrein rétt aftan við Dodge-bifreiðina. Dodge-bifreiðinni var ekið áfram niður á móts við verzlunina Regnbogann, en þar nam hún staðar. Vitnið taldi, að konan hefði dottið í götuna. Sveigði það því upp að gangstétt norðan megin götunnar og nam staðar fyrir framan verzlunina Málarann. Vitnið tók eftir því, að bifreiðin R 10402 hafði numið staðar á vinstri akrein og heyrði ökumanninn kalla á lögreglu og sjúkralið í talstöð bifreiðarinnar.

Vitnið sá, að ökumaður R 10402 fór til konunnar, þar sem hún lá næstum á miðri götu skammt fyrir aftan bifreiðina.

Rétt í þessu kallaði einhver upp, að kona lægi undir bifreiðinni, og kom vitnið þá auga á hana. Konan lá langsum undir bifreiðinni, lítið eitt á ská, þannig að hægri öxl hennar nam við innanvert vinstra framhjól. Konan lá á bakinu, og var höfuð hennar á móts við framhöggvara. Vitnið gat ekki séð, að konan væri föst undir bifreiðinni. Vitnið veitti því athygli, að blæddi úr vitum konunnar.

Vitnið kveður vinstra framhjól bifreiðarinnar R 10402 hafa verið fast upp við gangstéttarbrúnina, en afturhjólið var aðeins laust frá gangstéttarbrúninni. Virtist bifreiðin samkvæmt því hafa sveigt aðeins til vinstri, um leið og slysið varð. Þegar vitninu var sýndur uppdráttur af slysstaðnum, skýrði það frá því, að bifreiðin R 10402 og umrædd Dodge-bifreið hefðu verið allt að því samsíða yfir gatnamótin.

Vitnið sá ekki til ferða kvenna þeirra, sem urðu fyrir bifreiðinni R 10402, en gæti ímyndað sér, að þær hafi verið að flýta sér yfir götuna frá Dodge-bifreiðinni og öll athygli þeirra beinzt að henni. Hafi þær því ekki tekið eftir bifreiðinni R 10402 fyrr en um seinan.

Vitnið kveður Dodge-bifreiðinni hafa verið ekið burt af staðnum í þann mund, er lögreglan kom þangað.

Vitnið kveður það ekki útilokað, að hemlafarið á gatnamót-

unum, er að framan greinir, geti verið eftir bifreiðina R 10402, en kveðst annars ekkert geta um það staðhæft.

Vitnið Sigurður Ingi Tómasson, Álfheimum 50 hér í borg, hefur skýrt frá því fyrir sakadómi, að það hafi verið á gangi á Skólavörðustíg umrædda nótt ásamt pilti og stúlku. Rok var og rigning og frekar fátt fólk á ferli. Á móts við verzlunina Pfaff í götunni stöðvuðu þau fólksbifreið af Dodge-gerð frá bifreiðastöðinni Hreyfli. Fóru þau upp í bifreiðina. Settist vitnið í aftursæti, en pilturinn og stúlkan í framsæti. Bifreiðinni var síðan ekið á hægri akrein af Skólavörðustíg vestur Bankastræti að gatnamótum Bankastrætis og Ingólfsstrætis. Þegar þangað kom, var rautt ljós á götuvitanum, sem bannaði umferð yfir gatnamótin. Nam bifreiðarstjórinn þar staðar og beið eftir grænu ljósi. Þegar það kom, ók hann inn á gatnamótin og yfir þau. Vitnið kveðst í þessu hafa orðið vart við bifreið á vinstri akrein. Var hún næstum komin yfir gatnamótin og var 1—2 bifreiðarlengdum á eftir bifreiðinni, sem það var í.

Vitnið kveðst alveg öruggt um það, að báðum bifreiðunum á eftir var ekið yfir nefnd gatnamót á grænu ljósi. Rétt í þessu veitti vitnið athygli konu, sem kom áleiðis suður yfir Bankastræti fyrir aftan bifreið þá, sem það var í. Vitnið sá ekki nema eina konu og vissi ekki, að konurnar höfðu verið tvær, sem lentu í slysinu, fyrr en á eftir. Konan var á móts við miðja hægri hlið bifreiðarinnar, þegar vitnið kom auga á hana. Vitnið kveður ekki geta verið annað, sbr. það, sem áður greinir, en að rautt ljós hafi verið á götuvitanum, sem blasti við konunum og bannaði umferð yfir götuna.

Rétt í því að bifreið sú, sem vitnið var í, var komin fram hjá konunni, heyrði það hemlahljóð að því fannst frá bifreið þeirri, sem var á vinstri akrein rétt aftan við bifreið vitnisins. Vitnið getur ekki sagt um það, hve langt umrædd bifreið var komin, þegar það heyrði hemlahljóð frá henni. Rétt í því sá vitnið konu kastast frá bifreiðinni út á götuna. Vitnið sá ekki konu þá, sem varð undir bifreiðinni R 10402, fyrr en það kom að bifreiðinni eftir slysið. Konan lá þá undir bifreiðinni. Bifreið sú, sem vitnið var farþegi í, var stöðvuð rétt fyrir vestan bifreiðina R 10402. Ökumaðurinn fór ekki út úr bifreiðinni, heldur aðeins vitnið og fólk það, er með því var. Þegar vitnið fór að huga að bifreiðinni eftir stutta stund, var hún farin á brott.

Vitnið kveðst telja sennilegt, að bifreið sú, sem það var í, hafi skyggt á bifreiðina R 10402, þannig að ökumaðurinn hafi

ekki orðið kvennanna var og þær ekki séð til ferða bifreiðarinnar, fyrr en orðið var um seinan að forða slysinu. Vitnið kveður konu þá, er það sá, hafa komið út á götuna á milli bifreiða. Hún gekk, en hljóp ekki. Vitninu fannst konan ganga frekar hratt. Vitnið tekur fram, að það hafi ekki veitt konunni athygli, fyrr en það heyrði hemlahljóð frá bifreiðinni og sá konuna kastast frá bifreiðinni og falla í götuna.

Vitnið kveðst ekki geta fullyrt um það, hvort hemlafarið á gatnamótunum sé eftir bifreiðina R 10402.

Vitnig Magnús Gunnar Magnússon lögregluþjónn kveður ökumann stefnda og vitnið Sigurð Inga Tómasson hafa báða skýrt sér frá því, að konur þær, sem urðu fyrir bifreiðinni R 10402 í umrætt skipti, hafi báðar hlaupið fyrir bifreiðina. Vitnið man sérstaklega eftir því, að Sigurður Ingi skýrði því frá þessu niðri á lögreglustöð skömmu eftir slysið.

Suðaustan rok og rigning var nóttina, sem slysið varð, og skyggni mjög slæmt. Vitnið kveðst ekki muna um það, hvort rúður bifreiðarinnar R 10402 hafi verið óhreinar.

Vitnið kveðst ekki geta staðhæft neitt um það, hvort hemlafarið á gatnamótunum sé eftir bifreiðina R 10402.

Vitnið Þorsteinn Alfreðsson lögregluþjónn, Suðurbraut 3, Kópavogi, kveður hemlafarið á gatnamótunum geta hafa verið eftir bifreiðina R 10402, en um það sé ekkert hægt að fullyrða.

Önnur hemlaför, sem sýnd eru á uppdrættinum, voru nokkurn veginn örugglega eftir bifreiðina R 10402.

Vitnið kveður hafa verið búið að flytja konu þá, sem minna slasaðist, á brott af slysstaðnum, þegar mælingin var gerð á honum. Fólk á staðnum gaf vitninu upplýsingar um það, hvar konan hefði legið að slysinu afstöðnu, og merkti vitnið staðinn á uppdráttinn skv. tilvísun þess.

Vitnið Júlíus Bernburg bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina R 10402. Vitnið kveður rúður bifreiðarinnar hafa verið blautar, enda hafi verið úrhellisrigning. Vitnið staðhæfir, að rúðurnar hafi einnig verið óhreinar, en ekki það mikið, að það hafi birgt útsýn út úr bifreiðinni.

Hafa nú verið rakin í megindráttum þau atriði, sem fram hafa komið við rannsókn málsins.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að umrætt slys verði með engu móti rakið til óaðgæzlu hennar og beri stefnda samkv. almennum skaðabótareglum og gildandi umferðarlögum sem eigandi bifreiðarinnar, sem slysinu olli, að bæta stefnanda

að fullu það tjón, sem rekja má til slyssins og afleiðinga þess. Bifreiðarstjórinn á R 10402 hafi ekið hraðar en allar aðstæður leyfðu og ekki sýnt af sér þá aðgæzlu, sem krefjast þurfi, þegar ekið er í slæmu skyggni og náttmyrkri. Beri því bifreiðarstjórinn alla ábyrgð á slysinu, en sú ábyrgð færist yfir á eiganda bifreiðarinnar, stefnda í málinu.

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á því, að tekizt hafi að upplýsa við opinbera rannsókn málsins, að stefnandi eigi ein alla sök á slysinu og verði því samkv. almennum réttarreglum að bera tjón sitt sjálf. Ökumaður stefnda hafi ekið á löglegri ferð á móti grænu ljósi á gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis. Fullsannað sé, að stefnandi hafi ásamt konu þeirri, sem með henni var, hlaupið skáhallt suður yfir Bankastræti ca. 10—12 m neðan við gatnamótin og í veg fyrir bifreiðina. Með því hafi stefnandi sýnt það gáleysi, að hún verði sjálf að bera tjón sitt. Jafnvel þótt svo verði litið á, að skaðabótaskylda sé fyrir hendi, beri að skipta sök í málinu og þar sem stefnandi sé búin að fá greiddar hjá Vátryggingafélaginu kr. 472.425.00, hafi hún þegar hlotið fullar bætur.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, er ósannað gegn eindregnum mótmælum ökumanns stefnda, að hemlaför þau, sem merkt eru H á dskj. nr. 5, séu eftir bifreið stefnda. Hins vegar hefur rannsóknin leitt í ljós, að ökumaður stefnda ók eftir einni af aðalumferðargötum borgarinnar við mjög erfið akstursskilyrði, þ. e. í myrkri, rigningu og roki. Var því sérstök og brýn ástæða fyrir hann að sýna ýtrustu aðgæzlu.

Honum bar að stilla ökuhraðanum í fyllsta hóf og beina athygli sinni ekki einungis framundan bifreiðinni, heldur og til beggja hliða. Sýnt er, að athygli hans hefur ekki verið nógu vökul, þar sem hann sér ekki til ferða stefnanda og konu þeirrar, sem með henni var, fyrr en alveg í þann mund, er þær voru við hægra framhorn bifreiðarinnar. En þá var komið í slíkt óefni, að ekkert ráðrúm gafst til neinna þeirra viðbragða af hans hendi, er firrt gátu því, að slys yrði.

Hins vegar á stefnandi einnig sök á slysinu. Sú fullyrðing Oddnýjar Eyleifsdóttur, að hún og stefnandi hafi gengið áleiðis yfir Bankastræti milli hinnar afmörkuðu gangbrautar neðan Ingólfsstrætis, fær ekki staðizt, því að sú staðhæfing gengur ekki aðeins í berhögg við frásagnir annarra, sem um atvik hafa borið, heldur samrýmist hún engan veginn ummerkjum á slysstaðnum, eins og þau eru sýnd á uppdrætti lögreglunnar, sem fljótt kom

á vettvang, og ekki hefur verið vefengt, að uppdrátturinn sé réttur. Það verður ekki annað séð en að stefnandi hafi verið komin nokkurn spöl niður eftir Bankastræti, er hún lagði af stað áleiðis yfir það.

Hún hefur, eftir því sem bezt verður séð, hraðað sér áleiðis yfir götuna án þess að beina athygli sinni að umferðinni, sem steðjaði að niður Bankastræti. Þetta framferði hennar var mjög óvarlegt, eins og allar aðstæður voru, og má rekja orsakir slyssins að verulegu leyti til þessa gáleysis hennar.

Þegar öll atriði málsins, sem hér að framan hafa verið rakin, eru höfð í huga, þykir rétt, að stefnandi beri sjálf tjón sitt að 3/5 hlutum, en stefndi bæti henni með fébótum tjón hennar að 2/5 hlutum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Atvinnutjón vegna örorku	kr.	791.271.00
2. Útreikningur örorkutjóns	—	1.200.00
3. Þjáningar, lýti og óþægindi	—	300.000.00
	Alls kr.	1.092.471.00

Þar frá dragast áðurgreindar bætur, kr. 472.425.00.

Skulu nú hinir einstöku liðir teknir til athugunar.

Um lið 1. Strax eftir slysið var stefnandi flutt á slysavarðstofuna, en þar var ekkert við henni hreyft og hún flutt þegar í stað á Landspítalann. Um ástand hennar þá segir prófessor Snorri Hallgrímsson í vottorði, dags. 8. janúar 1963:

„Við komuna var konan meðvitundarlaus. Blóðþrýstingur sem næst eðlilegur, en öndun dálítið hryglukennd. Hún hreyfði útlimi, en hreyfði áberandi minna útlimi hægra megin, blóð vætlaði úr nefi, en engin blæðing á eyrum. Þá var merki um áverka á höfði hægra megin. Ennfremur reyndist hægra viðbein brotið. Mar var á hægra olnboga og allmikið mar á hnjám og fótleggjum. Föt konunnar voru óhrein og rifin. Röntgenskoðun af höfði leiddi í ljós meiri háttar brot á höfuðkúpu hægra megin. Þá sýndi röntgenskoðun af hægra viðbeini þverbrot á miðju beininu, og voru beinendar allmikið úr lagi færðir.

Nokkru eftir komuna kastaði sjúklingurinn upp hálfum líter af blóðlituðu magainnihaldi.

Sjúkdómsgreining deildarinnar var:

Mar á heila.
Brot á höfuðkúpu.
Brot á viðbeini.

Fyrstu dagana eftir komuna á deildina var konan þungt haldin, var djúpt meðvitundarlaus og því nærð með vökvagjöf í æð. Ástandið fór smám saman heldur skánandi, og hálfum mánuði eftir komuna var byrjað að næra hana með hjálp magaslöngu, og var það gert þar til 29/10 1962. Um það leyti var hún komin það mikið til meðvitundar, að hún var farin að fylgjast lítils háttar með því, sem gerðist í kringum hana, og var byrjuð að gera tilraunir til að tala, en gat þó ekki gert sig skiljanlega. Bati var áframhaldandi hægur. Síðast í nóvember byrjaði hún að hafa fótavist. Hún var fyrst í stað mjög reikul og gat lengi vel ekki gengið án stuðnings, en við brottförina af sjúkrahúsinu þann 21/12 1962 var gangur orðinn sæmilega eðlilegur, og gat hún orðið gengið ein síns liðs. Hún var þá farin að tala, en ruglaði oft mikið og var öðru hverju nokkuð óróleg.

Andlegt ástand hennar var enn mjög bágborið. Hún mundi ekkert eftir því, sem fyrir hana hafði komið, og mun við brottförina varla hafa gert sér grein fyrir stað og stund. Líkamlega virtist hún hins vegar vera orðin vel hress."

Í vottorði Kjartans R. Guðmundssonar læknis, dags. 29/1 1963, segir svo:

„Ég hef í dag skoðað Jódísi Björgvinsdóttur, Bergstaðastræti 54, Reykjavík, f. 21. 10. 1932, vegna afleiðinga eftir slys, sem hún varð fyrir þ. 23. 9. 1962. Hún fékk mikið höfuðhögg og höfuðkúpubrot og viðbeinsbrot. Hún fékk og heilamar, og mænuvökvi var alblóðugur, og það var strax lömun á andliti h. m. og h. útlimum. Hún lá lengi í meðvitundarleysi.

Móðir sjúklingsins segir hana næstum fullkomlega hjálparlausa sem barn. Hún er ýmist sljó og starir út í bláinn eða talar samhengislaust. Hún les ekkert. Það verður oftast að mata hana, og hún er varla hreinleg, nema hennar sé vel gætt. Hún kvartar stundum um höfuðverk. Stundum fær hún grátköst. Hún áttar sig ekki á stað né stund.

Skoðun: Hún er fremur óróleg og spyr oft um það sama. Skoðun er erfið, vegna þess hve erfitt er að komast í samband við hana. Báðar papillur eru fölar, og einkum virðist sú h. atrofisk. Pupillur eru jafnar og svara eðlilega. Aðrar heilataugar virðast eðlilegar. Það virðist létt paresa á h. efra extr. Sinaviðbrögð eru mjög lífleg, en jöfn. Það er ekki Babinski. Það er nokkur ataxia við fingurnef og hælhnépróf. Gangur er nokkuð reikandi og breiðspora.

Álit: Sjúklingur hefur post-traumatiskan demens á háu stigi,

og er sennilega um heilarýrnun að ræða. Það er líklegt, að ástand hennar muni haldast óbreytt. Það er varla hægt að álykta, að graviditas hennar muni hafa áhrif á andlegt ástand hennar til hins verra."

Með hliðsjón af ofangreindum vottorðum og eftir viðtali við Kjartan R. Guðmundsson um einstök atriði, sem ekki voru nægilega upplýst í vottorðunum, hefur Þórarinn Sveinsson læknir metið örorku stefnanda 100%, sbr. dskj. nr. 9. Samkvæmt vottorði Halldórs Hansens, dags. 20/11 1965, er andlegt og líkamlegt ástand stefnanda óbreytt. Læknirinn upplýsir, að Skúli Thoroddsen augnlæknir telji stefnanda hafa orðið blinda á hægra auga eftir slysið.

Á grundvelli örorkumats Þórarins Sveinssonar hefur Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Í útreikningi tryggingafræðingsins segir svo:

„Jódís Björvinsdóttir varð fyrir bíl 21. september 1963. Hlaut hún af því svo alvarleg meiðsli, að Þórarinn Sveinsson læknir segir í bréfi til yðar, dags. 2. 4. 1963: „... að um 100% örorku er að ræða fram að þessu, og ekki er talið, að um frekari bata hjá henni verði að ræða."

Jódís er sögð fædd 21. október 1932 og hefur því verið 29 ára, er slysið varð.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum hennar árin 1961—1963 hafa vinnutekjur hennar undanfarin ár verið:

Árið 1960	kr. 39.840.00
— 1961	— 43.026.00
— 1962	— 36.813.00 í 9 mánuði.

Þessar tekjur svara nákvæmlega til hámarkstekna kvenna samkvæmt Iðjutaxta, þegar einungis er unnin dagvinna. Hún hefur aflað þessara tekna hjá þvottahúsinu, Bergstaðastræti 52. Eigandi þvottahússins, Adolph Smith, vottar, að kaup hennar 1963, hefði hún unnið þar áfram, hefði orðið kr. 58.224.00, sem er einnig Iðjutaxtalaun án eftirvinnu. Það liggur því beint fyrir að áætla henni framtíðartekjur samkvæmt þessu.

Í næstu töflu er sýnd slík vinnutekjuáætlun, og er tekið tillit til reglna launajöfnunarnefndar um hækkun á kvennakaupi til samræmis við karlakaup.

	Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 56.724.00
2. — — —	— 60.024.00

3. árið eftir slysið	kr. 62.466.00
4. — — —	— 64.890.00
5. — — —	— 67.314.00
Síðan árlega	— 67.314.00

Þar eð hún hefur misst alla starfsorku sína, er þetta einnig vinnutekjutapið. Verðmæti þess reiknast mér nema á slysdegi *kr. 791.271.00.*

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1941—1950 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Sökum kauphækkana síðustu ár þótti rétt að tryggingafræðingurinn gerði nýjan útreikning á glötuðum vinnutekjum stefnanda. Í síðari útreikningi hans, dags. 24/11 1965, segir tryggingafræðingurinn:

„Samkvæmt beiðni yðar hef ég endurreiknað örorkutjón Jódísar Björgvinsdóttur og tekið tillit til launahækkana, vaxtalækkunar, sem varð um síðustu áramót, og nýrra upplýsinga um dánartíðni. Fyrri útreikningur minn var gerður 23. apríl 1963.

Áætlaðar vinnutekjur hennar og vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir hámarkstekjum kvenna samkvæmt Iðjutaxta án eftirvinnu, verður sem hér segir:

	Áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 57.736.00
2. — — —	— 72.275.00
3. — — —	— 83.420.00
4. — — —	— 93.735.00
5. — — —	— 97.672.00
Síðan árlega	— 98.652.00

Verðmæti þessa vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi *kr. 1.315.688.00.*

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a. frá slysdegi til 31/12 1964 og síðan 6% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Hann hefur bent á, að bætur samkvæmt lið þessum séu undanþegnar opinberum gjöldum og það hagræði, sem stefnanda sé í því að fá þær greiddar í eitt skipti fyrir öll.

Við ákvörðun bóta þessara þykir mega að meginstefnu til

leggja til grundvallar útreikninga tryggingafræðingsins miðað við tekjur kvenna samkv. Iðjutaxta.

Þegar síðari útreikningur tryggingafræðingsins og röksemdir stefnda til lækkunar eru hafðar í huga, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 791.271.00.

Um lið 2. Þessum lið hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verður hann því tekinn til greina.

Um lið 3. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum. Hér að framan hefur verið rakin sjúkrasaga stefnanda. Þegar litið er til þeirra þrauta og þjáninga, sem stefnandi hefur mátt þola af völdum slyssins, þykja bætur henni til handa samkv. þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 250.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að tjón stefnanda af völdum slyssins verður samkv. framansögðu kr. 791.271.00 + 11.200.00 + 250.000.00, eða samtals kr. 1.042.471.00. Þar af ber að dæma stefnda til að greiða ⅔ hluta, eða kr. 416.988.40. Samkvæmt stefnu ber að draga þar frá greitt vátryggingarfé, kr. 472.425.00. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 12. nóvember 1964, fékk stefnandi gjafsóknarleyfi, en stefndi með bréfi sama ráðuneytis 2. apríl 1965.

Ber því að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum talsmanni stefnanda, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 37.000.00, þar með talinn útlagður kostnaður. Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, greiðist úr ríkissjóði og þykja hæfilega ákveðin kr. 35.000.00.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jóhannsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jódísar Björgvinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður, en ríkissjóður greiði málflutningslaun talsmanns stefnanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 37.000.00, og talsmanns stefnda, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 181/1965. **Landhelgisgæzla Íslands**
gegn
Ásgrími Ásgeirssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Landhelgisgæzla Íslands, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 198/1966. **Óskar Halldórsson**
gegn
Gunnlaugi J. Ingasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Halldórsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 199/1966. **Theodóra Stefánsdóttir**
gegn
Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Theodóra Stefánsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 90/1965. **Arnoddur Gunnlaugsson** (Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Magnúsi Einarssyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson skipstjóri og Páll Þorbjörnsson skipstjóri hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1965. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru dómkvaddir tveir kunnáttumenn, sem lýsa skyldu réttum vinnubrögðum við netja-

drátt við sams konar aðstæður og voru um borð í v/b Suðurey. Hefur álitsgerð þeirra verið lögð fram hér fyrir dómi. Þá voru og dómkvaddir þrír yfirskoðunarmenn. Var verkefni þeirra þetta:

„1. Skýr og glögg lýsing, með hverjum hætti manni, sem er við rúllu við netjadrátt, ber að haga sér við netjadráttinn.

2. Skýr og glögg lýsing, hvernig manni, sem er við spilið, beri að haga starfi sínu við netjadrátt og hvert hlutverk hans sé í því sambandi.

3. Athugun og lýsing á aðstæðum um borð í m/b Suðurey, VE 20.

4. Hafði Magnús Einarsson rétt handtök sem rúllumaður, eins og lýst er í skýrslum hans, í því veðri og við þær aðstæður, sem voru umrætt sinn, einkum athugist, hvort vanalegt sé og talið forsvaranlegt, að rúllumaður haldi með vinstri hendi um netin með þeim hætti, sem þar er lýst, þannig að hætta geti verið á, að höndin fari milli teina og rúllu, ef skrikar til á spilskífu.

5. Hefði vanur maður við spilið við þær aðstæður, sem voru, haft aðstöðu til að halda við, þannig að ekki skrikaði til á spilskífu, sem er í lagi?

6. Er vanalegt, að skriki til á spilskífum á vetrarvertíðum í Vestmannaeyjum?

7. Hvaða ástæður liggja til þess, að skrikar til á spilskífu við netjadrátt?

8. Hverjar telja yfirmatsmennirnir aðalorsakir til slyssins, eftir því sem upplýst er í málinu?“

Í álitsgerð yfirskoðunarmanna, sem er dags. 13. þ. m., segir m. a. svo um 2. tl.:

„Sé gott veður og *sléttur sjór,* er tiltölulega auðvelt verk að draga net af spili. En þegar veður er vont og/eða mikill sjór eða ef festur eru (netin föst í botni), getur starf afdráttarmanns verið erfitt og þarfnast þá góðrar aðgæzlu, því að við þær aðstæður er fremur hætta á, að skriki til á spilskífunni, þótt skífan sé í lagi, en það getur verið hættulegt fyrir þá menn, sem við netjadráttinn vinna. Þessi hætta

eykst með versnandi sjóveðri, því að hún á rætur sínar m. a. að rekja til tíðra og snöggra þungabreytinga, sem stafa af veltum bátsins.

Skriki netið snögglega á spilskífu, geta grjót og kúlur slegizt í nærstadda menn og slasað þá. Enn fremur getur það verið hættulegt fyrir þann mann, sem er við rúlluna, sem hafa verður hönd á netinu, a. m. k. annað slagið og þeim mun oftar sem veðrið er verra, vegna þess að í miklum sjó kemur slaki milli alda, og er þá hætt við, að teinarnir falli niður úr spilskífunni."

3.—8. tl. álitsgerðarinnar er svohljóðandi:

„3. Athugun fór fram um borð í m/b Suðurey laugardaginn 11. febrúar s.l. að viðstöddum þeim Jóni Hjaltasyni, Jóni Hallvarðssyni og Arnoddi Gunnlaugssyni.
Ekkert af þeim sérstaka búnaði, sem notaður er við netjaveiðar, var um borð í bátnum. Auk þess hefur verið skipt um spil, síðan sá atburður gerðist, sem hér um ræðir. Sett hefur verið í bátinn olíudrifið spil í stað öxulspils, sem áður var. Nýja spilið stendur á öðrum stað en hitt spilið gerði. Jafnframt hefur verið skipt um kúplingsstöng, og er hún einnig á öðrum stað en sú eldri var á.
Hins vegar voru á þilfari greinileg verksummerki eftir eldri tækin (spons), sem gáfu greinargóðar upplýsingar um, hvernig þau höfðu verið staðsett og um innbyrðis afstöðu þeirra.
Ekki verður annað séð, að athugun okkar lokinni, en að aðstaða öll hafi verið með venjulegum hætti og óaðfinnanleg.

4. Við sjáum ekkert athugavert við vinnubrögð Magnúsar Einarssonar við rúlluna í umrætt sinn, og teljum við, að við þær aðstæður, sem um ræðir, hafi hann hagað verkum sínum í samræmi við það, sem algengast er.
Starf rúllumanns er þess eðlis, svo sem áður hefur verið lýst, að hann kemst ekki hjá því, ef vel á að vera, að hafa hönd á teinum meira og minna. Þá er alltaf fyrir

hendi sú hætta, að slys hljótist af, ef skrikar á spilskífu.

Við teljum síður en svo óeðlilegt, að notuð sé vinstri hönd á netjunum, þar sem rúllumaður snýr að jafnaði vinstri hlið að netjunum, þegar netin eru dregin inn á stjórnborðssíðu bátsins, svo sem hér átti sér stað.

5. Við treystum okkur ekki til að dæma um þetta beinum orðum. Til þess teljum við okkur nánast hafa þurft að horfa á atburðinn gerast.

Vanur og góður afdráttarmaður veit fyrirfram út frá veltum bátsins, hvenær líkur eru á að netin þyngist verulega og snögglega, þannig að hætta sé á skriki. Hann reynir þá í tíma að gera viðeigandi ráðstafanir, svo sem og aðallega að auka, eins og hægt er, þann flöt skífunnar, sem netin snerta og klemmast í.

Rétt er að hafa í huga, að hér var um að ræða reimdrifið öxulspil, en ekki olíudrifið spil.

6.—7. Ekki er hægt að segja, að alvanalegt sé, að skriki til á spilskífum á vetrarvertíðum í Vestmannaeyjum. Þetta kemur þó fyrir, en þykir ekki gott. Þetta fer í flestum tilfellum eftir því, hvort skífan er í fyllsta lagi eða ekki og hvort vanur maður dregur af spilinu eða óvanur.

Ef spilskífan er ekki í fyllsta lagi, heldur hún teinunum verr en annars, og hættara er þá við skriki.

Ef óvanur maður dregur af spilinu, er reynslan sú, að hann gerir síður en vanur maður mundi gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að mæta breytilegum átökum á netjunum, sem verða þeim mun meiri sem veðrið er verra.

8. Við teljum aðalorsök slyssins vera þá, að það skrikaði á spilskífunni á óheppilegu augnabliki."

Yfirskoðunarmennirnir komu fyrir dóm og staðfestu álitsgerð sína. Taka tveir þeirra þá fram, að þeir geti ekkert fullyrt um, hvort Valgeiri Jónassyni hefði verið unnt að koma í veg fyrir, að „skrikaði á skífunni." Slysið varð 10.

marz 1961 um kl. 1000 árdegis, er báturinn var staddur um 15 sjómílur NV af Vestmannaeyjum. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður þann dag á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kl. 0800 V 7 og kl. 1100 V 10. Á Eyrarbakka var veður á sama tíma V 5 og VSV 6. Þennan dag lönduðu 53 bátar afla í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki í ljós leidd nein vangæzla af hálfu áfrýjanda sjálfs. Að áliti yfirskoðunarmanna var umbúnaður í lagi og aðstaða góð um borð í v/b Suðurey. Ekki er sannað, að Valgeir Jónasson eigi nokkra sök á slysinu, en krafa á hendur áfrýjanda, reist á sök Valgeirs, væri auk þess fyrnd, sbr. 3. tl. 251. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Samkvæmt þessu er ekki sannað, að slysið hafi borið að með nokkrum þeim hætti, sem áfrýjandi ber ábyrgð á að lögum. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í málinu. Eftir öllum atvikum þykir rétt að láta málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Arnoddur Gunnlaugsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Magnúsar Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 10. apríl 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Magnúsi Einarssyni bifreiðarstjóra, Stóragerði 26, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 25. marz 1963, birtri sama dag, á hendur Arnoddi Gunnlaugssyni skipstjóra, Bakkastíg 9, Vestmannaeyjum, eiganda og útgerðarmanni v/b Suðureyjar, VE 20, til heimtu skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 61.981.00, ásamt 8% ársvöxtum frá 10. marz 1961 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu, þar með talin full málfærsluþóknun fyrir dóminum skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Í lok málsins lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína niður í 7% p. a., en að öðru leyti voru kröfur hans óbreyttar.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann

yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hans hendi eftir mati dómsins.

Á vetrarvertíðinni 1961 var stefnandi annar vélstjóri á v/b Suðurey, VE 20, sem er eign stefnda. Í róðri hinn 10. marz það ár, er báturinn var á netjum, varð stefnandi fyrir slysi. Vildi það til að morgni, að því er virðist um tíuleytið, er báturinn var staddur um 15 sjómílur NV af Eyjum. Vindur var hvass af vestan og mikill sjógangur. Tildrögum slyssins og slysinu sjálfu lýsir stefnandi með þeim hætti, að þegar byrjað var að draga inn fyrstu trossuna í umrætt sinn, hafi hann staðið við rúlluna, en skipverjinn Valgeir Jónasson dró af spilinu. Er fyrsta netið kom inn, kvaðst stefnandi hafa farið að eins og venja sé til, tekið kúluteininn og kúlurnar, sem voru á endanum, og vafið honum utan um steinateininn til þess að jafna teinana. Steinateinninn lá beint í spilskífunni. Nú þegar hann var að koma kúluteininum inn á spilskífuna og hélt við með vinstri hendi, reið alda undir bátinn, og skrikuðu teinarnir til á skífunni. Í sama bili varð vinstri hönd hans á milli teinanna og rúllunnar, og hlaut hann mikil meiðsli á baugfingri og löngutöng. Gerðist þetta í einni svipan, án þess að honum gæfist tími til að kippa hendinni til sín. Strax eftir slysið var hætt að draga og haldið til Vestmannaeyja. Er þangað kom, var farið með stefnanda á sjúkrahúsið, og var þar gert að sárum hans, en síðan fór hann heim. Í vottorði sjúkrahúslæknisins er meiðslunum lýst á þessa leið:

„Slasaði hefur misst framan af v. baugfingri, góminn og nöglina. Nöglin fór af löngutöng, og fremsta kjúkan er brotin. Baugfingur var rifinn yfir um miðja nögl, og var stykkið, sem hékk aðeins á smá hafti lófamegin, saumað við."

Stefnandi varð að hætta róðrum við slysið og kveðst hafa verið óvinnufær þar til 7. júlí 1961.

Hinn 29. des. 1961 framkvæmdi Snorri Hallgrímsson prófessor athugun á meiðslum stefnanda og mat örorkutap hans. Í skýrslu hans, dagsettri þann dag, segir á þessa leið:

„Magnús var að sögn óvinnufær til 7. 7. 1961, en þá byrjaði hann akstur leigubifreiðar og hefur stundað það starf síðan. Magnús hefur enn veruleg óþægindi í stúf v. löngutangar. Stúfurinn er sár viðkomu og mjög viðkvæmur fyrir kulda. Þá er dofatilfinning í gómnum á v. baugfingri. Sökum þess hve mikil kulvísi er í löngutöng, hefur Magnús enn ekki treyst sér til að stunda sjómennsku að nýju. Við skoðun í dag kemur eftirfarandi í ljós:

Meiri hluti fremstu kjúku v. löngutangar vantar ásamt góm,

nögl og naglbeði. Aftan og utan til á stúfendanum er útvaxin smá hornaðra, og er það útvöxtur frá leif af naglrótinni. Lítils háttar hreyfing er í yzta fingurliðnum. Stúfurinn er allsár viðkomu, sérstaklega innan og framan til á stúfnum. Gómur baugfingurs vinstri handar er lítið eitt rýr og aflagaður út frá öri sinn hvoru megin við góminn, en gómurinn mun hafa fletzt frá að framan og hangið á húðflipa framan til á fremstu liðamótunum.

Gómurinn er sem næst tilfinningarlaus, en ekki sár viðkomu. Hreyfing í liðum löngutangar og baugfingurs er sem næst eðlileg.

Röntgenskoðun sýnir, að brotnað hefur framan af fremstu kjúku baugfingurs, og hefur brotið ekki gróið.

Fremsta brotstykkið liggur sem smáflís um 2 mm fyrir framan kjúkuspaðann. Þá sést, að efsti hluti fremstu kjúku löngutangar er til staðar og er sæmilega vel lagaður.

Örorkutap Magnúsar vegna afleiðinga framangreinds slyss telst hæfilega metið sem hér segir:

Frá	10.	3.—	10.	5. 1961	....	100%
—	10.	5.—	7.	7. 1961	....	75%
—	7.	7.—	7.	10. 1961	....	15%
—	7.	10.—	7.	12. 1961	....	10%
—	7.	12.			....	4%

Varanlegt örorkutap telst hæfilega metið 4%."

Á grundvelli þessa örorkumats reiknaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur út örorkutjón stefnanda þann 13. marz 1962. Niðurstaðan var sú, að á slysdegi næmi verðmæti vinnutekjutaps stefnanda eftirfarandi:

	6% vextir	7% vextir
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 21.108.00	kr. 21.055.00
Vegna varanlegrar örorku	— 37.375.00	— 32.946.00
Samtals	kr. 58.483.00	kr. 54.001.00

Hinn 12. maí 1964 reiknaði Þórir Bergsson út örorkutjón stefnanda að nýju. Höfðu þá átt sér stað miklar breytingar á launakjörum verkamanna og sjómanna, frá því að fyrri útreikningurinn var gerður. Einnig voru þá fáanlegar meiri upplýsingar um breytingar á kjörum sjómanna. Svo lágu og fyrir nýjar tölur um dánarlíkur íslenzkra karla. Af þessum ástæðum reiknaði hann örorkutjón stefnanda að nýju.

Í álitsgerð hans segir á þessa leið:

„Magnús er sagður fæddur 6. des. 1932 og hefur því verið á

slysdegi 28 ára. Staðfest eftirrit af skattframtölum Magnúsar árin 1959—1961 veita eftirfarandi upplýsingar um vinnutekjur hans síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1958 ..... kr. 40.866.00
— 1959 ..... — 73.136.00
— 1960 ..... — 60.729.00

Árið 1958 hefur hann aflað tekna sinna mest megnis með vinnu í landi, einungis kr. 7.418.00 er aflað með sjómennsku, en árin 1959 og 1960 er 70% teknanna aflað á fiskibátum.

Um breytingar á kjörum kvæntra sjómanna eru til tölur frá úrtaksrannsókn Hagstofu Íslands, og munu þær notaðar við umreikning þess hluta teknanna, sem stafa frá sjómennsku. Einnig er tekið tillit til 6% hækkunar fiskverðs um síðustu áramót. Sá hluti teknanna, sem stafar frá landvinnu, er umreiknaður samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 71.286.00	kr. 25.366.00
2. — — —	— 82.136.00	— 3.285.00
3. — — —	— 91.175.00	— 3.647.00
Síðan árlega	— 98.601.00	— 3.944.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku ..... kr. 23.808.00
Vegna varanlegrar örorku ..... — 47.321.00

Kr. 71.129.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Magnús fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið 11. apríl 1961 til 6. júlí 1961 kr. 5.220.00, sem ekki hefur verið dregið frá.

Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknað hefur verið með 7% ársvöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Stefnandi telur, að stefndi sem skipstjóri í umræddri veiðiferð

og eigandi og útgerðarmaður skipsins beri fulla fébótaábyrgð á slysinu. Í fyrsta lagi vegna þess, að slysið hafi hlotizt vegna óvarkárni og vankunnáttu skipverjans, sem dró af spilinu, og í öðru lagi vegna þess, að veður var svo slæmt á miðunum, er slysið vildi til, að ekki var réttlætanlegt vegna öryggis áhafnarinnar að láta draga netin í því veðri. Svo telur stefnandi, að vélbátaútgerð sé hættulegur atvinnurekstur, þar sem ávallt sé hætta á slysum, jafnvel þótt við engan sé að sakast, og sé því eðlilegt, að atvinnurekandi beri tjón, sem af hlýzt.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

Tímabundin örorka	kr. 21.055.00
Varanleg örorka	— 32.946.00
Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 20.000.00
Kostnaður við bótareikning	— 1.200.00
Samtals	kr. 75.201.00

Þar frá dregst:

Dagpeningar frá Tryggingast. ríkisins	kr. 5.220.00	
Bætur frá Bátaábyrgðarfél. Vestm.eyja	— 8.000.00	— 13.220.00
Mismunur		kr. 61.981.00

er stefnukrafa málsins.

Eins og kröfur þessar bera með sér, er örorkutjónið byggt á fyrri útreikningi Þóris Bergssonar. Umboðsmaður stefnanda hefur hins vegar krafizt þess, að síðari útreikningur hans verði lagður til grundvallar, er bæturnar verða ákveðnar.

Stefnandi neitar því algerlega, að hann beri fébótaábyrgð á slysinu. Orsakir þess verði ekki raktar til vanbúnaðar skipsins eða óvarkárni skipverja, annarra en stefnanda sjálfs, og veður hafi ekki verið verra en svo, að vel mátti draga net, enda hafi flestir bátar verið á sjó — og net iðulega dregin í verra veðri. Slysið hafi eingöngu viljað til fyrir óvarkárni og aðgæzluleysi stefnanda sjálfs og verði hann þar af leiðandi að bera tjón sitt sjálfur.

Valgeir Jónasson var leiddur sem vitni hinn 12. júní 1964. Kvaðst hann hafa verið viðstaddur, er slysið vildi til. Dró hann af spilinu, en stefnandi var við rúlluna, og að hann minnti stóð stefnandi á upphækkuðum palli í ca. 1½ faðms fjarlægð frá vitninu. Vitnið var 16 ára, þegar þetta gerðist, og kvaðst ekki hafa verið óvant þeim starfa, sem það hafði með höndum, þ. e. a. s. að draga af spilinu. Það sagðist telja, að aðalástæðan til

þess, að slysið átti sér stað, hafi verið sú, að það var þungur sjór og vindur, sem varð þess valdandi, að teinarnir skrikuðu til á spilinu. Engum manni gæti það um kennt, að svona fór. Þá kvaðst það hafa séð, að stefnandi lét lófann vera undir teininum og hélt utanum teininn með hendinni. Sá það þetta, er slysið vildi til, og stefnandi hljóðaði upp. Vitnið bætti því við, að vanir sjómenn haldi ekki þannig um teininn. Þeir hafi ekki hendurnar á teininum og alls ekki svona. Vitnið sagði, að vélstjórinn, Jóhann Steinþórsson, hefði venjulega verið við rúlluna, en í þetta skipti var hann það ekki, en muni hafa staðið stutt fyrir aftan þá, því að hann kom svo að segja strax og stöðvaði spilið. Vitnið minnti, að slysið hefði viljað til að morgni, er þeir voru að draga fyrstu trossuna og lítið hafi verið komið inn. Vitnið sagði, að margir bátar hefðu hætt að draga þennan dag vegna veðurs og farið í land, en þó kvaðst það telja, að veðrið hafi ekki verið svo vont, að ekki hefði verið hægt að draga, en bætti við, að langt væri um liðið, svo að það mundi þetta ekki, eins og það hefði gerzt í gær. Vitnið gat þess, að v/b Suðurey væri nokkuð borðhá og væru því átök nokkru meiri undan veltingi.

Stefndi gaf aðiljaskýrslu. Hann sagði, að fyrsti vélstjóri, Jóhann Steinþórsson, hefði aðallega verið við rúlluna á þessari vertíð, en er slysið vildi til, hafði stefnandi það starf með höndum og muni hann hafa gripið í það starf einhvern tíma áður á vertíðinni eins og aðrir skipsmenn. Valgeir Jónasson hafi verið spilmaður, og var hann venjulega spilmaður á bátnum á vertíðinni, bæði áður og eftir að slysið vildi til. Hann kveðst jafnan hafa aðvarað þá, sem voru við rúlluna, að halda ekki um teininn, enda eigi allir sjómenn að vita, að það er varhugavert. Allt hafi verið í lagi um borð, að því er snertir frágang og útbúnað við spil og rúllu. Hann sagði, að stefnandi hefði verið í æstu skapi daginn, sem slysið vildi til. Var hann nýbúinn að segja upp starfinu og ætlaði að hætta með litlum fyrirvara. Hafi þetta komið sér mjög illa fyrir útgerðina, og kveðst stefndi hafa reynt að fá hann ofan af þessu, en engu tauti varð við hann komið. Hafi þetta átt að verða síðasti róður hans og varð það líka. Hafi stefnandi verið eins og fló á skinni um allt skipið í þessum róðri, áður en slysið vildi til.

Helztu atriðin í aðiljaskýrslu stefnanda eru rakin hér að framan. Hann tók auk þess fram, að hann hefði verið um 6—7 vertíðir á netjum og alls 11 vertíðir í Vestmannaeyjum, áður en slysið vildi til, en eftir það hefur hann aldrei farið á sjó. Hann kveðst

hafa farið eins að og jafnan sé gert, þegar byrjað sé að draga nýja trossu, og hafi hann aldrei séð unnið að þessu á annan hátt. Hann kvaðst álíta, að Valgeir Jónasson hefði ekki haldið nógu vel við og ekki gert ráð fyrir, að alda kynni að ríða undir bátinn og tógin kynnu að skrika til á spilskífunni. Hefði Valgeir haldið nógu vel við, mundu tógin ekki hafa skrikað og ekkert slys orðið. Þá tók hann fram, að þeir hefðu ekki verið varaðir við öldunni, sem reið undir skipið, er slysið gerðist. Í tilefni af frásögn stefnda skýrði stefnandi svo frá, að skipstjórinn á v/b Jóni Stefánssyni, Sigurður Elíasson, hefði komið að máli við hann þann 8. marz og beðið hann að koma sem stýrimann á bátinn. Um kvöldið kvaðst hann svo hafa farið til stefnda og sagt honum frá þessu og einnig, að hann vildi taka boðinu og fara úr skiprúmi hjá stefnda. Ræddu þeir um þetta nokkra stund. Meðal annars kvaðst stefnandi hafa tekið fram, að hann væri óánægður yfir, að Valgeir Jónasson væri á skipinu, bæði vegna þess, að hann væri óvanur og af fleiri ástæðum. Eftir samtalið kvað hann stefnda hafa hringt í Sigurð Elíasson og verið með skæting út af því, að hann vildi ná í mann af skipi hans. Daginn eftir, þann 9. marz, varð síðan úr með samkomulagi allra aðilja, að stefnandi yrði áfram á skipi stefnda. Vottorð liggur fyrir frá Sigurði Elíassyni, er staðfestir þessa frásögn í aðalatriðum.

Auk þess, sem þegar er getið, liggja þessar upplýsingar fyrir um veðrið á slysdegi: Samkvæmt vottorði veðurstofunnar, byggðu á athugunum á Stórhöfða, voru 10 vindstig af vestan kl. 1100 og mikill sjór og snjóél á síðustu klukkustund. Kl. 1400 var vindur V 8 og stórsjór og úrkoma í grennd. Þá segir og í tilkynningu stefnda um slysið, dags. 11. marz 1961, að veður hafi verið mjög vont, er slysið átti sér stað.

Áður er þess getið, að Valgeir Jónasson kvaðst hafa séð, að stefnandi hafi haldið þannig um teininn, að lófinn var undir. Ekki er unnt að leggja trúnað á þetta, vegna þess að þá hefði öll höndin hlotið að verða á milli, en svo var ekki, heldur aðeins fremstu hlutar löngutangar og baugfingurs. Ljóst virðist, eins og stefnandi bendir á, að aldrei hefði til slyssins komið, ef spilmaðurinn hefði haldið nógu vel við. Þykir verða að líta svo á, að þar sem veður var vont og mikill sjógangur, hafi verið skylt að láta vanan mann og öruggan vera við spilið. Þess var ekki gætt, heldur var 16 ára unglingur og óreyndur látinn vera við spilið. Svo virðist einnig sem honum hafi ekki verið gert aðvart um, að

alda væri að ríða undir skipið. Leiðir þetta til þess, að fallast verður á, að stefndi beri fébótaábyrgð á slysinu.

Um bótakröfur skal þetta tekið fram:

Örorkutjón.

Tryggingafræðingurinn reiknaði í upphafi tjónið á kr. 54.001.00 miðað við 7% ársvexti. Síðar reiknaði hann tjónið á kr. 71.129.00, og lágu þá fyrir traustari upplýsingar, eins og áður er getið. Verður því sá útreikningur hafður í huga. En með tilliti til þess, að varanleg örorka er lítil, og þegar hafður er í huga frádráttur vegna opinberra gjalda og annað það, sem hér verður talið skipta máli, þykir örorkutjónið hæfilega metið á kr. 50.000.00.

Bætur fyrir þjáningar og lýti.

Með tilliti til meiðsla stefnanda og þar sem hann hlaut varanlegt lýti, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 15.000.00.

Kostnaður við bótareikning.

Þessi liður, kr. 1.200.00, hefur ekki sætt andmælum og verður því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu eru teknar til greina kr. 50.000.00 + kr. 15.000.00 + kr. 1.200.00, eða alls kr. 66.200.00. Frá þeirri fjárhæð ber að draga greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, kr. 13.220.00. Mismunurinn nemur kr. 52.980.00, og verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 10. marz 1961 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndi, Arnoddur Gunnlaugsson, greiði stefnanda, Magnúsi Einarssyni, kr. 52.980.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 10. marz 1961 til greiðsludags og kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 1. marz 1967.

Nr. 48/1966. **Sveinbjörn Sigtrygsson** (Vilhjálmur Árnason hrl.) gegn **Byggingarfélagi verkamanna og sjómanna í Ólafsvík** (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking og frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1966. Eru kröfur hans þessar:

Í aðalsök í héraði: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 129.645.54 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 118.624.60 frá 1. desember 1964 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök í héraði: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Gerir hann þessar kröfur:

Í aðalsök í héraði: Að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök í héraði: Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 104.212.14 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í máli þessu í Hæstarétti. Þá hafa vitni og gefið skýrslur fyrir dómi eftir uppkvaðningu héraðdóms.

Með samningi 31. maí 1963 tókst aðaláfrýjandi, sem er

húsasmíðameistari, á hendur smíði íbúðarhúsa, er gagnáfrýjandi hugðist reisa á því ári, „að svo miklu leyti sem það fellur undir hans fag, þar með talið smíði glugga og innréttinga," en húsin urðu alls 4 steinsteypt hús, byggð eftir teikningum Húsnæðismálastofnunar ríkisins. Byggingu húsanna skyldi hraðað eftir föngum, og var miðað við, að þau yrðu komin undir þak um áramót 1963 og 1964, enda skyldu vinnuteikningar vera fyrir hendi, þegar byggingaframkvæmdir hæfust, en þær hófust um mánaðamót maí og júní 1963.

Af gögnum málsins sést ekki, hvort nokkur múrarameistari hafi verið ráðinn við byggingu húsanna.

Er steypa átti botnplötur húsanna, voru teikningar af hitalögnum ekki fyrir hendi. Ber og aðaláfrýjandi, að á þeim teikningum, sem byrjað hafi verið að byggja eftir, hafi ekki verið sýnt, hvernig frágangur á gólfum átti að vera, en í símtali hafi hann fengið þær upplýsingar hjá arkitekt húsanna, Halldóri Kristni Halldórssyni, framkvæmdastjóra Húsnæðismálastofnunar ríkisins, að gólfin ættu að vera einangruð og að gert væri „ráð fyrir því ílagi, þegar lofthæð húsanna var ákveðin", en ekki minnist framkvæmdastjórinn þessa símasamtals. Aðaláfrýjandi steypti svo botnplötur húsanna án raufa fyrir hitalagnir. Á teikningu, er síðar barst húsbyggjendum, er aftur á móti gert ráð fyrir steyptum raufum fyrir hitalagnir.

Í matsgerð þeirra Finns Sigurðssonar og Ágústs Bjartmarz, er í héraðsdómi getur, telja þeir, að vegna þess að raufar voru ekki steyptar í botnplöturnar, þurfi auk venjulegs ílags að steypa 10 til 12 sm lag á botnplöturnar til að hylja rör, og meta þeir kostnað af þessu við öll húsin samtals kr. 52.000.00. Einnig telja þeir í matsgerð sinni, að færa þurfi rafmagnsdósir, sem steyptar voru í veggi niður við gólf, upp um þá hæð, sem gólfin hækki vegna greinds 10 til 12 sm steypulags.

Fyrir dómi hafa nefndir matsmenn lýst því yfir, að þeir hafi ekki vitað, hvernig byggja átti upp gólfin í húsunum. Þeir hafi engar teikningar séð yfir það, en aðaláfrýjandi

hafi tjáð þeim, að fyrir orð eigendanna hafi hann hafið byggingu húsanna, áður en teikningar lágu fyrir, og þess vegna hafi hann haft lofthæð ríflega.

Á teikningu þeirri, er að framan getur og barst húsbyggjendum, eftir að botnplötur höfðu verið steyptar, segir svo m. a. um einangrun húsanna: „Gólf, moldarlaus fylling undir plötu, önnur (svo) einangrun þarf ekki.“ Þar sem eigi var ætlunin samkvæmt teikningu að setja einangrun undir botnplötur húsanna, er athugaefni, hvort ekki bar nauðsyn til að einangra þær ofan frá, en í bréfi Halldórs Kristins Halldórssonar, dags. 4. október 1965, til málflutningsmanns aðaláfrýjanda segir svo: „Nú er það allalgengt, að gengið er frá pípulögn í gólfum, án þess að í þau séu steyptar raufar, eða þegar gólf eru einangruð með frauðplasti eða annarri jafngóðri einangrun, 1″ á þykkt, og síðan sett ofan á það múrhúðunarlag, minnst 4 cm á þykkt.“

Í staðfestri yfirlýsingu Tómasar Þórhalls Guðmundssonar rafvirkjameistara, dags. 14. apríl 1966, sem lögð hefur verið fram í Hæstarétti, en hann sá um raflagnir greindra húsa, segir svo: „Engin breyting á raflögnum í veggjum ofangreindra húsa fór fram vegna einangrunar og ílags á botnplötu.

Vegg- og rofadósir voru strax í upphafi staðsettar með tilliti til væntanlegs ílags á gólf og engar lagfæringar framkvæmdar aðrar en venjuleg samræming á hæð dósa.“

Er matsmennirnir Finnur Sigurðsson og Ágúst Bjartmarz framkvæmdu mat sitt, vissu þeir ekki, hvernig byggja átti upp gólf húsanna og höfðu engar teikningar séð um þetta. Er þessa ekki getið í matsgerð þeirra og ekkert að þessu vikið í héraðsdómi, sem skipaður var auk fulltrúa sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu tveim sérfróðum samdómsmönnum.

Þá reyndist ekki þörf á að færa rafmagnsdósir ofar á veggi, eftir að aðaláfrýjandi lauk við steypu botnplatanna, eins og matsmennirnir gera ráð fyrir í matsgerð sinni.

Uppsögn ráðningarsamningsins og skaðabótakröfur gagnáfrýjanda eru m. a. reistar á byggingargöllum, en þar eð

bæði greindri matsgerð og héraðsdómi er svo áfátt, sem að framan getur, þykir málið svo vanreifað, að ómerkja ber hinn áfrýjaða dóm og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 19. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sveinbjörn Sigtryggsson byggingameistari, Ólafsvík, höfðað fyrir aukadómþingi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 21. desember 1964, gegn Byggingarfélagi verkamanna og sjómanna í Ólafsvík til greiðslu á kr. 129.640.54 auk 7% ársvaxta af kr. 11.020.94 frá 5. febrúar 1964 til greiðsludags að viðbættum 7% ársvöxtum af kr. 118.619.60 frá 1. desember 1964 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Enn fremur hefur stefndi höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 12. apríl 1965, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 104.212.14 auk 7% ársvaxta frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Í munnlegum flutningi málsins lækkaði gagnstefnandi vaxtakröfuna í 6 af hundraði.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dags. 31. maí 1963, var aðalstefnandi ráðinn til þess að byggja þau íbúðarhús, sem gagnstefnandi hugðist reisa á því ári. Verðlag á tímavinnu við smíðina skyldi vera samkvæmt almennum kauptöxtum og almennt verð á þeim hluta smíðinnar, sem seldur yrði í akkorði. Verkinu skyldi hraðað og miðazt við, að húsin yrðu komin undir þak um næstu áramót, enda skyldu vinnuteikningar liggja fyrir, um leið og verkið hæfist.

Hin umræddu hús urðu fjögur.

Byggingaframkvæmdir munu hafa hafizt um mánaðamótin

maí/júní 1963. Greiðslu vinnulauna annaðist formaður gagnstefnanda allan tímann samkvæmt vinnulistum frá aðalstefnanda. Aðalstefnandi reiknaði sér 15% meistaraálag á vinnu sína, eins smiðs og lærlings. Aðalstefnandi hætti vinnu við húsin 5. febrúar 1964. Með bréfi, dags. 8. apríl 1964, sagði gagnstefnandi upp ráðningarsamningi sínum við aðalstefnanda, sem mótmælti uppsögninni með bréfi, dags. 10. sama mánaðar. Undir rekstri málsins voru dómkvaddir þeir Ágúst Bjartmarz byggingameistari, Stykkishólmi, og Finnur Sigurðsson múrarameistari, Stykkishólmi, til þess að meta til peningaverðs smíðagalla á framangreindum húsum, sem talið var, að aðalstefnanda væri um að kenna. Mat þeirra var á þá leið, að kosta mundi kr. 65.500.00 að bæta úr göllum, sem væru á smíði húsanna. Einnig voru dómkvaddir menn til þess að meta til peningaverðs alla óunna fagvinnu í framangreindum fjórum íbúðarhúsum, er aðalstefnandi sem trésmíðameistari átti að annast smíði á, að því leyti er undir hans fag félli, þar með talin smíði glugga og innréttinga, skv. ráðningarsamningi hans við gagnstefnanda, og skyldi matið miðast við það, sem óunnið var af þessari fagvinnu, þegar aðalstefnandi hætti vinnu við húsin. Dómkvaddir voru Hörður Kristjánsson byggingameistari, Stykkishólmi, og Tómas Vigfússon byggingameistari, Reykjavík. Mat þeirra á framangreindu nam kr. 64.388.00.

Aðalsök. Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

1. Reikningur, dags. 5. febr. 1964, ...	kr.	9.583.43
2. 15% álag á þennan reikning	—	1.437.51
3. Tapaður ávinningur (17.154.90 pr. hús)	—	68.614.60
4. Bætur fyrir álitshnekki og atvinnutjón	—	50.000.00
eða samtals kr.		129.640.54

Um 1. Kröfur sínar samkvæmt þessum tölulið rökstyður aðalstefnandi þannig, að reikningur þessi sé samkvæmt síðustu kaupskrá aðalstefnanda fyrir vinnu við framangreind hús gagnstefnanda skv. ráðningarsamningi aðilja. Neitað hafi verið um greiðslu reikningsupphæðarinnar að ástæðulausu, þegar reikningurinn var sýndur. Gagnstefnandi hefur mótmælt reikningnum sem röngum. Ekki hefur hann þó sýnt fram á, að hann sé tölulega rangur og ekki heldur að vinna samkvæmt kaupskránni, sem reikningurinn byggist á, hafi ekki verið unnin. Verður þessi liður kröfu aðalstefnanda því tekinn til greina.

Um 2. Eftir að ráðningarsamningur aðilja var gerður, en áður en fyrsta greiðsla vinnulauna fór fram, kveðst aðalstefnandi hafa samið svo um munnlega við tvo stjórnarmenn gagnstefnanda, þá Ottó Árnason, formann gagnstefnanda, og Þórð Þórðarson, að sér yrði greitt 15% meistaraálag á selda vinnu sína, eins smiðs og lærlings. Álag þetta hafi síðan verið greitt athugasemdalaust allan tímann nema á síðasta reikninginn (sbr. lið 1). Það hafi verið venja í Ólafsvík, að byggingameistarar tækju 15%—20% álag á útselda vinnu og árið 1963 hafi álagið verið 18.3%.

Mótmæli sín gegn þessum lið kröfu aðalstefnanda byggir gagnstefnandi á því, að aldrei hafi verið samið við aðalstefnanda um, að hann fengi greitt meistaraálag vegna bygginga framangreindra húsa. Það hafi heldur ekki verið venja, að slíkt álag væri greitt í Ólafsvík á þeim tíma, sem húsin voru í smíðum.

Við yfirheyrslur á málinu hafa bæði Ottó Árnason, formaður gagnstefnanda, og Þórður Þórðarson meðstjórnandi mótmælt því, að samið hafi verið við aðalstefnanda um 15% meistaraálag. En vegna ókunnugleika hafi formaður gagnstefnanda greitt það, þar til hann fékk vitneskju um, hver kauptaxtinn væri í Ólafsvík.

Vigfús Vigfússon, byggingameistari í Ólafsvík, sem kom fyrir dóm í málinu, kveðst alltaf hafa tekið meistaraálag og hafi það að meðaltali verið 15%. Vitni þetta bar einnig, að formaður gagnstefnanda, Ottó Árnason, hafi sagt, að aðalstefnandi fengi 15% meistaraálag á vinnu við hús gagnstefnanda og væri það samkv. samningi málsaðilja.

Framburði þessum var mótmælt sem röngum og vilhöllum, þar sem vitnið og aðalstefnandi eru mágar.

Böðvar Bjarnason, byggingameistari í Ólafsvík, kom einnig fyrir dóminn. Hann kveðst hafa tekið 10% meistaraálag á vinnu sína frá árinu 1963.

Byggingameistarar í Ólafsvík eru fjórir. Þrír þeirra hafa komið fyrir dóm í málinu, og ber þeim öllum saman um, að venja hafi verið að taka meistaraálag á selda vinnu í Ólafsvík á þeim tíma, sem aðalstefnandi vann að byggingu húsa gagnstefnanda. Með tilliti til þess og framburðar vitnisins Vigfúsar Vigfússonar um það, hvað Ottó Árnason sagði því um samning málsaðilja varðandi 15% álagið, verður dómurinn að líta svo á, að aðalstefnanda hafi verið heimilt að reikna sér framangreint meistaraálag. Styðst það enn fremur við þá staðreynd, að álagið var greitt athugasemdalaust á alla reikninga aðalstefnanda, sem

gagnstefnandi hefur greitt. Þessi liður í kröfum aðalstefnanda verður því tekinn til greina.

Um 3. Þennan lið kröfugerðar sinnar rökstyður aðalstefnandi með því, að vegna þess að hann var rekinn frá verkinu, áður en það var fullunnið, hafi hann misst þann hagnað, sem meistaraálag á óunna fagvinnu við húsin hefði fært honum, ef hann hefði fengið að ljúka verkinu. Uppsögn gagnstefnanda á ráðningarsamningnum hafi verið algerlega óréttmæt, þar sem aðalstefnandi hafi í öllu fylgt fyrirmælum gagnstefnanda um tilhögun á verkinu og frávik frá teikningum. Það hafi ekki verið sín sök, að verkinu varð ekki lokið á tilsettum tíma, heldur hafi drátturinn, sem þó var óverulegur, stafað af því, að staðið hafi á efnisútvegun.

Gallar þeir, sem fram hafi komið á húsunum, séu heldur ekki sín sök, þar sem hann hafi byrjað á verkinu, áður en endanlegar teikningar lágu fyrir, vegna eftirrekstrar gagnstefnanda og einnig hafi hann vegna fyrirmæla gagnstefnanda notað gamalt timbur, sem gagnstefnandi átti, við einhvern hluta verksins og hafi það átt sinn þátt í þeim göllum, sem fram komu á húsunum. Uppsögnin hafi verið byggð á því, að aðalstefnandi tók meistaraálag við verkið, sem honum hafi þó verið fyllilega heimilt, og sú ástæða því ekki nægileg til að réttlæta uppsögnina. Fagleg mistök hafi löngu síðar verið tilgreind sem uppsagnarástæða, en ekki á þau minnzt sem ástæðu í upphafi. Hin faglegu mistök hafi ekki verið sér að kenna, nema þá að litlu leyti, og réttlæti alls ekki uppsögnina, þar sem gallar á verkinu, sem kynnu að vera sér að kenna, hafi verið mjög óverulegir.

Gagnstefnandi reisir mótmæli sín gegn þessum kröfulið á því, að vegna hegðunar aðalstefnanda og framkvæmda við verkið hafi samningsriftunin verið algerlega réttmæt. Byggir hann það á því, að stefnandi hafi reiknað sér of hátt endurgjald, að hann virðist hafa haft tilraunir í frammi um að láta gagnstefnanda greiða fyrir verk óviðkomandi samningum, að hann hafi ekki lokið tilskildum hluta verksins um áramótin 1963/1964, að hann hafi reynzt ósamvinnuþýður og að hann reisti bygginguna með verulegum meinbugum og frávikum frá teikningu.

Í framangreindri matsgerð þeirra Ágústs Bjartmarz og Finns Sigurðssonar, sem dags. er 1. marz 1965, segir m. a. á þessa leið:

„... *Hús I.* Ekki búið að leggja í gólfin. Lofthæð 268 cm. Raki í útvegg niður við gólf í svefnherbergjum, og tjáði eigandi, að vatn gengi inn um vegginn í rigningum. Húsið er enn ekki

múrhúðað að utan, og getur vatnið gengið inn um steypuskil á vegg og plötu og orsakað vatn á gólfi. En þar sem veður var þurrt, er við vorum á staðnum, gátum við ekki rannsakað þetta frekar.

Hús II. Búið að leggja í gólf og múrhúða að innan, og reyndist lofthæð vera 251 cm. Milliveggur, steyptur, sem gengur í gegnum húsið á lengdina, hefur á tveimur stöðum gengið úr skorðum í mótum, og steyptur þannig, að hann hallast allt að 5 cm. En sökum þess, að búið var að múrhúða loft og veggi, var erfitt að gera sér grein fyrir, hve mikið hefði þurft að brjóta og kasta á vegginn til þess að rétta hann af. Í stofu, þar sem milliveggur kemur í útvegg, hefur hann ekki verið réttur af að fullu, og hallast hann þar um 2.8 cm. Útveggur í stofu hefur bognað út um 2.2 cm, og er mesta beygjan um 2 m frá útvegg. Gluggi er í þessum vegg, og er hann 5 m á lengd og 150 cm á hæð, og hefur hann bognað með veggnum. Teljum við, að útilokað sé að setja rúður eða rétta gluggann af, nema með því móti að sett verði nýtt undirstykki í gluggann. Vegginn fyrir neðan gluggann, sem er 65 cm á hæð, var búið að rétta af með múrhúðun. Einnig verður að skipta um þverpóst í sama glugga.

Hús III. Í því var sjáanlegur rakablettur í lofti við múrpípu gangmegin. Teljum við, eftir því sem bezt verður séð, að leki þessi stafi frá frágangi við reykháf og hægt sé að komast fyrir hann með lagfæringu og endurbótum á þakjárni við skorsteininn. Þakgluggi var ekki kominn á, en járnplata sett yfir opið. Þar sem gluggaopið er 150 cm til hliðar við skorstein, teljum við útilokað, að lekinn geti stafað frá því. Hins vegar tjáði eigandi okkur, að mikill raki væri í útvegg svefnherbergja eins og í húsi númer I, og getur hann stafað að einhverju leyti frá lausri þakplötu, sem nær fyrir vegginn fram á þakbrún.

Það virðist vera sameiginlegt með öllum húsunum, að steypa í útveggjum veðrast nokkuð, sérstaklega á suðaustur hlið, og verður því að álíta, að sá raki, sem kemur þar fram, stafi frá því, að vatn komizt gegnum veggina, meðan húsin eru ekki múrhúðuð að utan. Einnig er það sameiginlegt í öllum húsunum, að engar raufar eru í neðsta gólfi fyrir miðstöðvarlögnum, og hafa því lagnir verið lagðar ofan á gólfin, eins og þau eru nú. Verður því að steypa 10—12 cm lag til að hylja rörin fyrir utan venjulegt ílag. Þessi hækkun á gólfi orsakar það, að færa verður rafmagnsdósir, sem steyptar hafa verið í veggi niður við gólf, upp um þá hæð, sem gólfið hækkar.

Eftirfarandi mat höfum við komið okkur saman um: Steypa í gólf á 4 húsum kr. 52.000.00. Aðrir gallar kr. 13.500.00. Samtals kr. 65.500.00."

Mati þessu hefur ekki verið hnekkt. Gallar þeir, sem lýst er í matsgerðinni, verða ekki gefnir öðrum að sök en aðalstefnanda sem byggingameistara og fagmanni.

Heildargreiðslur vinnulauna við framkvæmdir aðalstefnanda námu um kr. 430.000.00. Gallar á verkinu samkvæmt ofangreindu mati verða að teljast svo verulegir, að þeir réttlæti riftun ráðningarsamnings málsaðilja, þó að aðrar riftunarástæður hafi verið bornar fram í upphafi. Dómurinn lítur því svo á, að riftun ráðningarsamningsins af hálfu gagnstefnanda hafi verið réttmæt. Af þeirri niðurstöðu leiðir, að aðalstefnandi getur ekki átt kröfu um tapaðan hagnað af verki, sem réttmætt var að segja honum upp. Krafa aðalstefnanda skv. þessum lið verður því ekki tekin til greina.

Um 4. Kröfu sína skv. þessum lið rökstyður aðalstefnandi á sama veg og kröfuna skv. lið 3, að vegna hinnar óréttmætu uppsagnar á ráðingarsamningi aðilja hafi hann beðið álitshnekki og orðið fyrir atvinnutjóni. Gagnstefnandi hefur mótmælt þessum lið með sömu röksemdum og kröfuna skv. lið 3.

Aðalstefnandi hefur ekki sýnt fram á tjón sitt skv. þessum lið. Að öðru leyti með vísun til röksemda fyrir niðurstöðu skv. lið 3 verður krafa aðalstefnanda skv. þessum lið ekki tekin til greina.

Gagnsök. Kröfur sínar í gagnsök sundurliðar gagnstefnandi þannig:

1. Ágallar skv. matsgerð	kr.	65.500.00
2. Ofgreitt gagnstefnda	—	31.624.57
3. Efnisreikningur	—	2.481.57
4. Reikningur matsmanna	—	4.606.00
	Alls kr.	104.212.14

Um 1. Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að vegna galla þeirra, sem fram komu á verki aðalstefnanda, beri honum að greiða sér bætur, er svara til kostnaðar við að bæta úr göllunum. Upphæðin miðast við áðurgreinda matsgerð Ágústs Bjartmarz og Finns Sigurðssonar. Með skírskotun til rökstuðnings við lið 3 í aðalsök verður dómurinn að hallast á það með gagnstefnanda, að honum beri að fá framangreinda

galla bætta. Framangreindu mati hefur ekki verið hnekkt, og verður því matsupphæðin lögð til grundvallar við ákvörðun bóta. Ber því að taka þennan lið til greina.

Um 2. Kröfu sína samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að hann hafi ofgreitt aðalstefnanda meistaraálag, sem upphæð þessa kröfuliðar nemi.

Með skírskotun til röksemda og niðurstöðu varðandi lið 2 í aðalsök verður þessi liður ekki tekinn til greina.

Um 3. Kröfur samkvæmt þessum lið byggir gagnstefnandi á því, að aðalstefnandi hafi fengið byggingarefni hjá sér, sem þessari upphæð nemur. Aðalstefnandi hefur viðurkennt réttmæti þessa kröfuliðar, og verður hann því tekinn til greina.

Um 4. Krafa samkvæmt þessum lið fellur undir ákvörðun um málskostnað.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður niðurstaða dómsins sú, að í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, aðalstefnanda, Sveinbirni Sigtryggssyni, kr. 11.020.94 (9.583.43 + 1.437.51) ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 21. desember 1964, til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 67.981.57 (65.500.00 + 2.481.57) ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu, 12. apríl 1965, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dóminn kváðu upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og meðdómsmennirnir Bjarni Lárentsíusson og Kristján Gíslason byggingameistarar.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Byggingarfélag verkamanna og sjómanna í Ólafsvík, aðalstefnanda, Sveinbirni Sigtryggssyni, kr. 11.020.94 ásamt 7% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 21. desember 1964, til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndi gagnstefnanda kr. 67.981.57 ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu, 12. apríl 1965, til greiðsludags.

Málskostnaður í báðum sökum falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 2. marz 1967.

Nr. 70/1965. **Pétur Sigurðsson f. h. Landhelgisgæzlu Íslands og áhafnar v/s Þórs**
(Gunnar J. Möller hrl.)
gegn
Guðjóni Teitssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1965 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1.000.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá hefur áfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefnda um greiðslu bjarglauna vegna hjálpar, er v/s Þór hafi veitt m/s Skjaldbreið dagana 16. til 21. janúar 1962. Á dómþingi í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 21. janúar 1965 var af mistökum lagt fram vottorð Veðurstofu Íslands um veðrið í Stykkishólmi og Flatey á Breiðafirði dagana 17. til 19. janúar 1961. Við flutning málsins í héraði og héraðsdómi var vottorð þetta lagt til grundvallar, svo sem það ætti við um sömu daga árið

1962. Þar sem héraðsdómurinn er byggður á röngum skýrslum í málflutningi um veðrið, verður að ómerkja hann og meðferð málsins í héraði frá þinghaldi 2. október 1964.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá þinghaldi 2. október 1964 eiga að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. febrúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Pétur Sigurðsson forstjóri höfðað fyrir hönd Landhelgissjóðs og áhafnar varðskipsins Þórs fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. nóvember 1962, gegn Guðjóni Teitssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 1.000.000.00 með 8% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Samvinnutryggingum g/t hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefnda, og hann hefur engar sjálfstæðar kröfur gert.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0700 að morgni hins 16. janúar 1962 hélt m/s Skjaldbreið, sem er eign stefnda, frá Stykkishólmi áleiðis til Flateyjar á Breiðafirði. Vindur var allhvass, 8—9 stig af austnorðaustri og fjúk. Farþegar í umræddri ferð voru þrír, en skipverjar samtals 15. Um stundarfjórðungi fyrir klukkan níu þennan sama morgun tók skipið allt í einu niðri. Lét skipstjóri þá stöðva aflvél skipsins. Skipið rann áfram, eftir að það hafði tekið niðri, en tók þegar að slá undan vindi. Var þá sett á hálfa ferð áfram, en í sömu andrá steytti skipið á skeri á nýjan leik. Var þá sett á hæga fer og stýrið sett hart til stjórnborða til þess að ná skipinu upp í vindinn, en þá tók skipið að hallast til stjórnborða. Þegar skipið var að byrja að snúast, breytti skipstjóri ákvörðun sinni og setti stýrið hart til bakborða, með því að hann óttaðist, að skipið mundi að öðrum kosti lenda á skerinu aftur. Bakborðsbeygjunni var haldið áfram, en áður en tókst að ná skipinu vindréttu, var hringt á „stöðvið“, og í sama bili slokknuðu öll ljós í skipinu.

Var þá bakborðsakkeri látið falla og gefnir út að minnsta kosti 7 liðir af keðju. Meðan á þessu stóð, hafði hallinn aukizt til muna, svo að flaut upp á hádekk að aftan. Lét skipstjóri kalla út alla menn, sem voru um borð í skipinu, og lagði fyrir I. stýrimann að setja á flot gúmmíbjörgunarbát og hafa hann til taks við síðu skipsins. Enn fremur lagði hann fyrir II. stýrimann að kalla upp Reykjavíkurradíó og biðja um aðstoð. Eftir að akkerið var látið falla, kom skipið fljótlega upp í vindinn og rétti sig. Í ljós kom nú, að skipið hafði tekið niðri á svonefndum Lágaboða við Bjarnareyjar á Breiðafirði.

Eftir að m/s Skjaldbreið var orðin rétt fyrir vindi, þar sem hún lá fyrir akkeri, tók áhöfnin að kynna sér ástand skipsins. Kom þá í ljós, að enginn sjór var í skipinu framan II. lestar, en hún var aftur á móti full af sjó. Enginn sjór var hins vegar fyrir aftan skilrúm II. lestar og vélarrúms. Hins vegar kom strax í ljós leki um rör, sem lá uppi undir lofti í áðurnefndu skilrúmi. Orsök þess, að ljós slokknuðu, reyndist sú, að leki hafði komið fram um rafmagnsrör. Komst sjór í raftöflu skipsins og olli skammhlaupi. Kviknaði eldur í töflunni, sem fljótlega var slökktur, en taflan varð óvirk.

Þegar þess varð vart, að leki var kominn í II. lest, gaf skipstjóri fyrirmæli um, að austursdælur yrðu settar í gang og byrjað að dæla úr lestinni. Brátt kom þó í ljós, að lekinn var það mikill, að dælur höfðu ekki undan. Eftir að ljós slokknuðu, var gripið til neyðarsendistöðvar skipsins, og gekk greiðlega að ná sambandi við Reykjavíkurradíó. Áður en skipið var orðið vindrétt, varð gúmmíbjörgunarbátur laus frá skipinu, og voru í honum 9 menn, 8 skipverjar og 1 farþegi. Vegna lekans um fyrrnefnt rör reyndist nauðsynlegt að setja aflvél skipsins í gang til þess að dæla sjó úr vélarrúmi, og var það gert kl. 1350. Var vélin látin ganga, unz vélarrúm var þurrausið.

Skip og bátar komu fljótlega á vettvang, eftir að m/s Skjaldbreið hafði orðið fyrir framangreindu áfalli. Fyrst kom m/b Baldur, og kom hann um kl. 1100. Næst honum kom m/b Svanur, og var hafnsögumaður þar um borð. M/b Sigurfari frá Grundarfirði bjargaði mönnum þeim, sem voru í gúmmíbjörgunarbátnum, og bátnum sjálfum. Kl. 1530 þennan sama dag kom m/s Jökulfell á vettvang og loks varðskipið Þór um kl. 1750. Hafði varðskipið legið fyrir akkeri á Önundarfirði, er skeyti kom frá stefnanda um að halda á vettvang. Er varðskipið kom að m/s Skjaldbreið, var vindur níu—tíu stig af norðaustri og talsverður

sjór. Var því ekki viðlit að flytja dælur milli skipanna, eftir því sem segir í skýrslu skipherra á varðskipinu. Eigi þótti heldur ráðlegt vegna veðurs að freista þess að draga m/s Skjaldbreið í var. Var því afráðið að bíða átekta, og varpaði varðskipið akkerum í nánd við m/s Skjaldbreið.

Skipin lágu um kyrrt aðfaranótt hins 17. janúar, og bar eigi til tíðinda. Nokkur leki var í vélarrúmi Skjaldbreiðar af sömu ástæðum og áður. Var aflvél skipsins því sett í gang kl. 1900 að kvöldi hins 16. janúar og sjó dælt úr vélarrúmi. Var vélin síðan látin ganga alla nóttina, þar sem vafasamt þótti, hvort ella mundi reynast unnt að koma henni í gang aftur vegna skorts á ræsilofti og enn fremur vegna þess, hve hvasst var.

Um sexleytið að morgni hins 17. janúar var veður orðið mun skárra. Var ákveðið kl. 0800 að draga m/s Skjaldbreið til Stykkishólms. Var komið fyrir dráttartaugum milli skipanna, og um stundarfjórðungi fyrir átta var haldið af stað. Siglt var með fremur hægri ferð, í fyrstu líklega 3—4 mílum miðað við klukkustund. Var dregið úr þeirri ferð, er skipin voru stödd þar, sem suðurflóinn tekur að opnast, þar sem þá fór að gæta meiri hreyfingar og vinds og m/s Skjaldbreið að síga neðar. Nokkrum erfiðleikum olli, að m/s Skjaldbreið, sem stýrt var með handstýri, þar sem rafmagn vantaði, leitaði til bakborða við varðskipið. Tvívegis var stytt í dráttartauginni á leið til Stykkishólms, í annað skiptið eftir að taugin hafði festst í botni. Höfðu skipin, meðan svo var ástatt, rekið undan vindi og komizt allnærri grunni að sögn skipherra á varðskipinu. Kl. 1105 kom hafnsögumaður um borð í varðskipið. Var þá haldið upp undir Súgandisey, og lagðist varðskipið þar fyrir akkeri. Var m/s Skjaldbreið tekin þar að bakborðssíðu varðskipsins og bundin föst. Kl. 1224 var akkerum létt á ný og haldið að bryggju. Var lokið að binda skipin við bryggju kl. 1245.

Þegar kl. 1300 hinn 17. janúar var hafizt handa um að koma dælum varðskipsins um borð í m/s Skjaldbreið. Um kl. 1430 voru samtals 4 dælur komnar í gang til að dæla úr II. lest, en sjór virtist samt lítið minnka við það í lestinni.

Kl. 1610—1710 kafaði Þorvaldur Axelsson, III. stýrimaður á varðskipinu Þór, við Skjaldbreið til að athuga skemmdir. Kom þá í ljós m. a., að veltikjölur var rifinn frá stjórnborðsmegin að nokkru leyti. Þá var botn skipsins dældaður, bæði stjórnborðsmegin og bakborðsmegin. Tvær rifur voru í hvorri dæld, önnur um 60 cm á lengd, hin um 150 cm. Þá var vængur stjórnborðs-

megin á stýri allmikið beyglaður og þrjú skrúfublöð köguð og dálítið rifið upp í þau. Að kvöldi hins 17. janúar kafaði III. stýrimaður á ný og rak þá fleyga í rifuna stjórnborðsmegin. Eftir það tók að hríðlækka í II. lest. Dagana 18.—20. janúar var unnið samfleytt áfram að því að þétta og lagfæra m/s Skjaldbreið og búa hana undir drátt til Reykjavíkur. Að þessu starfi unnu varðskipsmenn ásamt skipverjum af m/s Skjaldbreið og múrara úr landi. Hefur verið upplýst í málinu, að eftirvinnugreiðslur til skipverja á varðskipinu vegna vinnu þeirra við þéttingu m/s Skjaldbreiðar hafi numið samtals kr. 21.619.15.

Kl. 2000 að kvöldi hins 20. janúar var undirbúningi að drætti lokið. Var þá haldið af stað, og dró varðskipið m/s Skjaldbreið til Reykjavíkur. Gekk sá dráttur vel. Á leiðinni voru tveir varðskipsmenn um borð og auk þess 4 dælur frá varðskipinu. Kl. 1420 hinn 21. janúar voru dráttartaugar leystar milli skipanna á ytrihöfninni í Reykjavík, og hélt m/s Skjaldbreið sjálf að bryggju í Reykjavík.

Fyrir sjódómi Reykjavíkur skýrði skipstjórinn á m/s Skjaldbreið, Högni Jónsson, m. a. svo frá, að erfitt hafi reynzt að stýra skipinu með handstýri, en það hafi þó stýrt þannig. Taldi hann orsakir til þess vera þær, að ferðin frá strandstaðnum til Stykkishólms hafi verið hæg og vindáhrif þar af leiðandi verið meiri en ella. Fyrir sjódóminum lýsti skipstjórinn enn fremur því áliti sínu, að undir umræddum kringumstæðum hefði verið erfitt að sigla skipinu, en kvaðst hins vegar ekki geta sagt með vissu um, hvernig sigling hefði tekizt, ef hún hefði verið reynd. Kvaðst hann aldrei mundu hafa reynt siglingu nema sem algert neyðarúrræði. Hann kvað þó engum vafa bundið, að m/s Skjaldbreið hefði komizt frá akkerisstaðnum með eigin vélarafli, þar sem vélin var í gangi, en um annað kvaðst hann ekki geta sagt.

I. vélstjóri á m/s Skjaldbreið, Lárus Jónsson Scheving, skýrði m. a. svo frá fyrir sjódómi Reykjavíkur, að erfiðleikar hafi verið á að ræsa ljósavélina sökum skorts á ræsilofti. Enn fremur kvað hann, að ógerningur hefði verið, eins og á stóð, á meðan og eftir að skipið lá við akkeri og unz það kom til Stykkishólms, að beita aðalvélinni, ef taka hefði þurft skipið á víxl aftur á bak eða áfram. Hins vegar taldi hann, að nægilegt ræsiloft myndaðist með því að láta aðalvélina ganga hraðar, en til þess verði skipið að sigla.

Stefnandi reisir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að hjálp varðskipsins Þórs hafi verið björgun í skilningi siglingalaga. Telur

stefnandi, að björgunarstarf hafi byrjað, er varðskipið hélt af stað frá Önundarfirði, og eigi verið lokið, fyrr en drætti lauk á ytrihöfninni í Reykjavík hinn 21. janúar 1962, eða ekki fyrr en bráðabirgðaviðgerð var lokið í Stykkishólmi. Stefnandi telur augljóst, að skip stefnda hafi verið í hættu statt, er varðskipið kom til hjálpar. Vísar hann í því sambandi til þess, að skipið hafi legið með fulla lest af sjó á innanverðum Breiðafirði, þar sem siglingar séu allar varasamar vegna strauma og skerja. Ekki hafi verið öruggt, að þilið milli II. lestar og vélarrúms mundi halda og alls ekki vogandi að láta skipið erfiða. Þá hafi verið rafmagnslaust um borð og stýrisvél óvirk, auk þess sem stýri og skrúfa hafi verið skemmd. Ljóslaust hafi verið um borð og ekki unnt að stöðva leka í vélarrúm, sem engan veginn hafi verið hættulaus. Vegna rafmagnsskorts hafi ekki verið unnt að nota akkerisvindur. Þá hafi aflvélar skipsins ekki notið nema að nokkru leyti, þar sem ekki hafi verið unnt að grípa til þess að láta hana ganga aftur á bak, hvað sem við hefði legið, þar sem skort hafi ræsiloft til að ræsa hana á ný. Enn fremur telur stefnandi, að ekki hafi komið til greina að freista þess að sigla til hafnar. Auk framangreindra atriða tekur hann í því sambandi fram, að erfitt mundi hafa reynzt að stýra skipinu, þar sem notast hefði orðið við handstýri og skipið hlotið að láta illa að stjórn, þar sem ekki hefði komið til greina að sigla nema með hægri ferð og skipið auk þess verið sigið að framan og vindur þá staðið í skut skipsins. Hafi skipstjórinn og sjálfur verið þeirrar skoðunar, að eigi væri hættandi á að koma skipinu fyrir eigin vélarafli til hafnar.

Um fjárhæð björgunarlauna tekur stefnandi sérstaklega fram, að björgunarstarfið hafi verið greiðlega af hendi leyst, en verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Þá telur stefnandi, að skipin hafi komizt í nokkra hættu á leiðinni til Stykkishólms, er dráttartaugin festist í botni. Telur stefnandi með hliðsjón af framangreindum atvikum og verðmæti hins bjargaða, sem metið hefur verið á kr. 4.570.000.00 af dómkvöddum matsmönnum, að stefnufjárhæðin sé hæfileg björgunarlaun sér til handa.

Stefndi reisir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að hjálp varðskipsins Þórs hafi ekki verið björgun í skilningi siglingalaga og eigi stefnandi því aðeins rétt til þóknunar fyrir aðstoð. Telur stefndi, að m/s Skjaldbreið hefði tvímælalaust getað komizt af eigin rammleik til hafnar, fyrst og fremst í Stykkishólm. Því til stuðnings vísar stefndi til þess, að aflvél skipsins hafi verið í

fullkomnu lagi og ræsiloft myndazt við siglingu. Þá hafi verið unnt að stýra skipinu með handstýri, enda láti skipið betur að stjórn, er það sigli fyrir eigin vélarafli en þegar það sé dregið. Veður og sjólag hafi verið orðið gott að morgni hins 17. janúar og haldizt svo næstu dægur. Sæta hafi mátt lagi og sigla skipinu til hafnar á þeim tíma dags, er strauma gætti lítið. Skammt hafi verið til Stykkishólms og sigling þangað tiltölulega greið. Eigi hafi skemmdir á stýri komið að sök, þar sem aðalstýrisblaðka hafi með öllu verið óskemmd. Þá telur stefndi, að ekki hafi verið nokkur hætta á því, að þil II. lestar brystu, þar sem þilin eigi að þola þunga sem þann, að lest sé full af sjó. Hafi og komið í ljós, að þilin hafi þolað þennan þunga, þar sem þau hafi ekki gefið sig á leiðinni til Stykkishólms, en sá dráttur hafi reynt meira á m/s Skjaldbreið en orðið hefði, ef skipið hefði siglt fyrir eigin vélarafli. Um þetta atriði vísar stefndi sérstaklega til matsgerðar þeirra Benedikts Gröndals og Hjálmars R. Bárðarsonar, en sérfræðingar þessir voru dómkvaddir til að láta upp skoðun á því, hvort eða hverjar líkur þeir teldu á því, að þil II. lestar hefðu þolað þá raun, að skipið hefði af eigin rammleik og í því ástandi, sem það var þá í, siglt til næstu hafnar, væntanlega Stykishólms. Í umræddri matsgerð segir m. a. orðrétt á þessa leið:

„Svo hagar til, að afturþil II. lestar er um leið fremra þil í olíugeymum skipsins, þannig að 2 vatnsþétt þil eru á milli II. lestar og vélarrúms, og eru þessi þil styrkt vegna langskiptingar. Að framan er II. lestin takmörkuð með vatnsþéttu þverskipsþili á bandi nr. 56. Framan við það þil er kælilest, og eru styrktarvinklar framan á þilinu. Ekki varð komizt að að mæla á staðnum vinklastærðina, og varð því að fara eftir teikningum skipsins og kröfum flokkunarfélagsins og þá gengið út frá vinklum L 150×75×9 mm á þili. Bil milli vinkilstífa 760 mm og plötuþykkt í þili 110 mm.

Það er álit okkar, að hægt sé að fullyrða, að þil II. lestar þoli sjófyllta lest og styðjumst þar við venjulega styrktarútreikninga svo og kröfur flokkunarfélaga til vatnsþéttra þilja í skipum."

Þá telur stefndi kröfu stefnanda allt of háa, jafnvel þótt um björgun hefði verið að ræða. Telur stefndi, að hjálp varðskipsins hafi aðeins tekið 4 klst. og ekki komi til greina að taka tillit til tíma þess, er fór í siglingu varðskipsins frá Önundarfirði til slysstaðarins, og björgun hafi undir öllum kringumstæðum verið lokið, er skipin voru komin til hafnar í Stykkishólmi. Telur stefndi, að ekki komi til greina að telja viðgerðarstarfið í Stykkis-

hólmi til björgunar eða aðstoðar á sjó. Fráleitt telur stefndi, að drátturinn frá Stykkishólmi til Reykjavíkur verði talinn björgun. Þá telur stefndi, að hætta sú, sem skipin kunni að hafa komizt í á leiðinni til Stykkishólms, hafi eingöngu verið áhöfn varðskipsins að kenna. Þá telur stefndi, að ekki komi til greina að hafa hliðsjón af meðalrekstrarkostnaði varðskipsins á dag, þar sem kostnaður hljóti að hafa verið miklum mun minni, meðan skipin lágu um kyrrt í Stykkishólmi.

Samkvæmt vottorði frá Veðurstofu Íslands var vindur orðinn 3 stig af austri og sjólítið í Stykkishólmi kl. 0800 að morgni hins 17. janúar 1962. Á sama tíma var veður svipað í Flatey á Breiðafirði. Virðist vindur hafa verið hægur þennan dag og næstu daga á Breiðafirði. Eigi liggur samkvæmt gögnum málsins neitt fyrir um það, að neinar þær skemmdir hafi verið á stýrisvængi eða skrúfu m/s Skjaldbreiðar, að þær hefðu hindrað siglingu skipsins. Hins vegar voru ekki not af rafknúinni stýrisvél vegna rafmagnsskorts, en handstýri var í lagi. Telja verður, að óhætt hafi verið að reikna með því, að þil II. lestar þyldu þunga þann, sem á þeim hvíldi. Er það stutt af gögnum málsins, m. a. matsgerð dómkvaddra manna, svo og af því, að eigi hefur komið neitt fram, er bent geti til þess, að þilin hafi gefið sig við dráttinn til Stykkishólms, en hann hefur haft í för með sér meiri áreynslu á skrokk skipsins og umrædd þil en orðið hefði, ef skipið hefði siglt af eigin rammleik til hafnar.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja, að ekki hafi verið sérstökum erfiðleikum bundið að sigla m/s Skjaldbreið fyrir afli eigin vélar til hafnar í Stykkishólmi að morgni hins 17. janúar 1962 eða síðar þann dag. Telja þeir, að vænlegast hefði verið að sigla skipinu á hálfri ferð, en óhætt að fara hraðar. Miðað við hálfa ferð hefði eigi tekið nema 4—5 klukkustundir að sigla skipinu til hafnar í Stykkishólmi, enda siglingaleið frá slysstað til Stykkishólms eigi nema 10—15 sjómílur. Hinir sérfróðu meðdómsmenn eru enn fremur sammála um, að ótti við skort á ræsilofti hafi verið ástæðulaus, þar sem nægilegt ræsiloft hefði myndazt við siglingu skipsins og sigla hefði mátt skipinu í keðjuna, áður en höggvið væri á akkerisfestar, í því skyni að afla nægilegs ræsilofts, áður en haldið yrði af stað. Þá telja þeir, að ekki hafi verið vandkvæðum bundið að hafa stjórn á skipinu með handstýri á leiðinni til hafnar, enda sé siglingaleiðin frá slysstað til Stykkishólms tiltölulega greið. Telja þeir, að miðað við ásigkomulag skipsins hefðu hvorki straumur né þrengsli torveldað

stjórn skipsins eða siglingu þess að öðru leyti á siglingaleiðinni til Stykkishólms. Mátti og velja þann tíma til siglingarinnar, er strauma gætti lítið. Samkvæmt því, er að framan hefur verið rakið, verður eigi talið, að m/s Skjaldbreið hafi á þeim tíma, sem máli skiptir, verið stödd í neyð, og samkvæmt því verður eigi litið svo á, að varðskipið Þór hafi í umrætt skipti innt af hendi björgun í merkingu siglingalaga. Ber samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda áhafnar varðskipsins Þórs, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Hins vegar á stefnandi Landhelgissjóður rétt til þóknunar fyrir margvíslega hjálp, er leyst var af hendi í þágu skips stefnda og fólgin er í drætti skipsins til Stykkishólms, viðgerðum þar og síðan drætti þaðan og til Reykjavíkur, eins og nánar hefur verið lýst hér að framan.

Stefndi hefur eigi greitt stefnanda Landhelgissjóði neitt fyrir framangreinda hjálp, en hins vegar mun stefndi hafa lagt til efni til viðgerðarinnar í Stykkishólmi og auk þess greitt múrara, er vann að viðgerðum þar, fyrir störf hans. Upplýst hefur verið, að rekstrarkostnaður v/s Þórs nam árið 1961 samtals kr. 7.796.814.04 án afskriftar, en það ár voru starfsdagar skipsins samtals 303. Með hliðsjón af málsatvikum öllum þykir þóknun til stefnanda Landhelgissjóðs fyrir framangreinda aðstoð og hjálp, er m/s Skjaldbreið var veitt dagana 16.—21. janúar 1962, hæfilega ákveðin kr. 200.000.00, og ber stefnda að greiða 7% vexti af þeirri fjárhæð frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% vexti frá þeim degi til greiðsludags og auk þess málskostnað, sem ákveðst kr. 36.000.00.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hallgrími Jónssyni vélstjóra og Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnanda Pétri Sigurðssyni f. h. Landhelgissjóðs kr. 200.000.00 með 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 36.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi á að vera sýkn af kröfum stefnanda Péturs Sigurðssonar f. h. áhafnar varðskipsins Þórs í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 7. marz 1967.

Nr. 64/1966. **Óskar Guðlaugsson**
(Matthías Á. Mathiesen hdl.)
gegn
Gunnari Guðmundssyni og
(Volter Antonsson hdl.)
borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs
(Birgir Ísl. Gunnarsson hdl.)
og gagnsakir.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Fyrning. Stjórnsýsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1966 og krafizt þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 72.430.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. febrúar 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Gunnar Guðmundsson hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. maí 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. maí 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Húsið nr. 32 við Sogaveg, Reykjavík, var tekið út sem fokhelt af Arinbirni Þorkelssyni hinn 10. október 1954. Héraðsstefna í máli þessu var útgefin 23. apríl 1965. Kröfur þær, sem aðaláfrýjandi hefur uppi í máli þessu, voru því fyrndar, þá er málið var höfðað, hvernig sem á málavexti er litið, sbr. 1. tl. 3. gr. og 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Dómsorð héraðsdóms ber því að staðfesta.

Málskostnaður í Hæstarétti á að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. febrúar 1966, hefur stefnandi, Óskar Guðlaugsson vélsmiður, Karfavogi 13 hér í borg, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 23. apríl 1965, á hendur Geir Hallgrímssyni borgarstjóra f. h. borgarsjóðs og Gunnari Guðmundssyn járnsmið, Nökkvavogi 42, til greiðslu skaðabóta in solidum að fjárhæð kr. 72.430.00 með 7% ársvöxtum frá 17. febr. 1965 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast báðir sýknu og að þeim verði dæmdur málskostnaður.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu:

Á árinu 1953 hóf stefnandi byggingu hússins að Sogavegi 32 hér í borginni. Hús þetta er tvær hæðir og geymsluris. Grunnflötur er rúmlega 57 fermetrar, en rúmtakið 366 rúmmetrar. Teikningar að húsinu voru samþykktar á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur hinn 8. janúar 1953. Skráðir byggingameistarar voru þeir Sigurður Bragi Stefánsson húsasmíðameistari og Haraldur Sigurðsson múrsmíðameistari.

Stefnandi vann mikið sjálfur að smíði hússins, eins og títt var um byggjendur í hinu svokallaða „smáíbúðahverfi", en hús stefnanda er í því hverfi.

Með afsalsbréfi, dagsettu hinn 25. júní 1955, seldi stefnandi hús sitt Árna Árnasyni bifreiðarstjóra, þá til heimilis í Mávahlíð 15. Söluverðið var kr. 230.000.00.

Eftir að Árni var orðinn eigandi hússins, hófst hann handa um að fullgera það. Hann flutti um haustið í húsið, á efri hæð þess. Þegar hér er komið sögu, verður hann þess var, að hann hafi lagt í of mikla fjárfestingu með kaupum þessum, enda höfðu margir hlutir til hússins reynzt dýrari en hann hafði upphaflega ætlað. Þetta leiddi til þess, að Árni Árnason ákvað að selja húsið. Hann fékk kaupanda að húsinu, frú Jónu G. Stefánsdóttur. Gerðu þau kaupsamning um húsið hinn 7. nóvember 1955. Söluverðið var kr. 400.000.00, en í samningnum skuldbatt Árni sig til að fullgera húsið að innan að öllu leyti á sinn kostnað, og var það, er gera skyldi, nánar tilgreint í kaupsamningnum.

Svo er að sjá, að Jóna hafi flutt á neðri hæð hússins hinn 19. nóvember 1955 með fjölskyldu sína. Ekki hafði hún búið í húsinu nema um tveggja vikna skeið, er hún kvartaði við Árna Árnason og fasteignasala þann, sem um söluna hafði séð, að mikill raki væri í húsinu. Taldi Jóna það útilokað, að þessi mikli raki ætti eingöngu rót sína að rekja til þess, að húsið væri nýtt. Á þessu stigi virðist hugur Jónu þegar hafa stefnt til riftunar á kaupunum. Við þessari kröfu hvorki vildi né gat Árni orðið.

Hófst nú Jóna G. Stefánsdóttir handa um framkvæmd á allmörgum mötum á húsinu í þeim efnum, sem hún taldi Árna hafa vanefnt kaupsamninginn. M. a. sneri hún sér til Atvinnudeildar Háskólans og óskaði þess, að framkvæmt yrði mat á byggingarsteini þeim, sem notaður var til hússins. Niðurstöður deildarinnar sýna, að meðalkólnunartala veggjar úr þessum steini er 1.29. Frávik frá þessu meðaltali eru þó mikil, eða frá 1.82 niður í 0.58. Í byggingarsamþykkt Reykjavíkur eru gerðar þær kröfur, að kólnunartala útveggja skuli eigi vera hærri en 1.0. Um burðarþol steinsins er það að segja, að sandsteinninn reyndist hafa burðarþolið 60 kg/cm^2, en gjallsteinninn aðeins 9.6 kg/cm^2.

Eftir að þrjú smærri möt höfðu farið fram auk athugunar atvinnudeildarinnar, fekk Jóna dómkvadda matsmenn til að meta, hvert hefði verið eðlilegt söluverð hússins miðað við nóvembermánuð 1955. Í mat þetta voru dómkvaddir þeir Einar Sveinsson og Tómas Vigfússon. Þeir kynntu sér fyrri matsgerðir og vottorð atvinnudeildarinnar. Niðurstaða þeirra var á þessa leið: „Með hliðsjón af byggingarmáta hússins og ástandi þess metum við eðlilegt söluverð hússins í nóvember 1955 kr. 320.000.00“. Mat þetta var miðað „við það, að möt þau, sem fram hafa farið vegna þess, sem ógert er og gallaðrar vinnuframkvæmdar, verði bætt, eins og mötin benda til“.

Hinn 19. júlí 1956 höfðaði Jóna G. Stefánsdóttir mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Árna Árnasyni og krafðist riftunar á húskaupunum, endurgreiðslu á þegar greiddu kaupverði og greiðslu skaðabóta. Inn í mál þetta stefndi hún síðar Haraldi Sigurðssyni múrarameistara, en það sakaukamál var síðar hafið eftir kröfu Jónu.

Dómur í máli þessu var kveðinn upp í héraði hinn 26. ágúst 1959 með þeim úrslitum, að krafa Jónu um riftun var til greina tekin ásamt kröfunni um endurgreiðslu á þegar greiddu kaup-

verði. Þá var Árni Árnason og dæmdur til að greiða Jónu í skaðabætur kr. 80.000.00 og í málskostnað kr. 27.000.00.

Þessi dómur er fyrst og fremst byggður þeim rökum, að húsið nr. 32 við Sogaveg hafi verið byggt úr byggingarsteini, sem ekki hafi fullnægt ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur um burðarþol og einangrunargildi. Taldi dómurinn því, að hús þetta væri þegar af þessum sökum haldið verulegum leyndum göllum.

Þessum bæjarþingsdómi áfrýjaði Árni Árnason til Hæstaréttar, og Jóna gagnáfrýjaði dóminum. Þegar málið kom fyrir Hæstarétt, mætti hvorki Árni sjálfur né lét mæta fyrir sína hönd. Var málið því skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skjölum. Hinn 24. júní 1960 staðfesti Hæstiréttur hinn áfrýjaða héraðsdóm og dæmdi Árna til að greiða Jónu G. Stefánsdóttur kr. 9.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir að héraðsdómur hafði gengið í máli þessu, lét Jóna gera fjárnám í húsinu Sogavegi 32 til tryggingar dómskuldinni. Þessari fjárnámsgerð var áfrýjað til Hæstaréttar með dóminum og var staðfest þar. Samkvæmt kröfu Jónu fór síðan fram nauðungaruppboð á húsinu. Á því uppboði var Jóna hæstbjóðandi með kr. 320.000.00, og fékk hún uppboðsafsal fyrir húsinu hinn 21. júlí 1960.

Með stefnu, útgefinni hinn 28. febrúar 1961, höfðaði Árni Árnason og fyrrverandi eiginkona hans, Sigríður Sæmundsdóttir, mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur stefnanda þessa dómsmáls, Óskari Guðlaugssyni, og Haraldi Sigurðssyni múrarameistara.

Stefnukrafan var kr. 248.997.00 auk vaxta og málskostnaðar. Krafan var þannig sundurliðuð:

1. Mismunur á söluverði hússins, kr. 400 þús., og uppboðsverðinu, kr. 320 þús. ..... kr. 80.000.00
2. Málskostnaður, er Árni var dæmdur til að greiða Jónu í héraði og fyrir Hæstarétti ..... — 30.000.00
3. Kostnaður vegna flutnings málsins fyrir héraðsdómi og Hæstarétti ..... — 11.000.00
4. Skaðabætur, er Árni var dæmdur til að greiða Jónu G. Stefánsdóttur ..... — 80.000.00
5. Kostnaður vegna fjárnáms og uppboðs ..... — 9.797.00
6. Húsaleigukostnaður ..... — 32.200.00

Úrslit máls þessa í héraði urðu þau, að liður nr. 1 var tekinn til greina, þannig að Óskar Guðlaugsson var einn dæmdur til

að greiða kr. 15.000.00. Voru það áætlaðar bætur vegna galla á miðstöðvarkerfinu. En 65 þús. krónur voru þeir Óskar og Haraldur dæmdir til að greiða in solidum. Þessi fjárhæð er bætur fyrir það, að húsið var byggt úr efni, „sem hvorki uppfyllti skilyrði byggingarsamþykktarinnar um burðarþol né einangrunarhæfi."

Þá var liður nr. 3 tekinn til greina að nokkru leyti, þannig að þeir Óskar og Haraldur voru dæmdir in solidum til greiðslu á kr. 8.000.00. Af öðrum kröfuliðum voru hinir stefndu ýmist algerlega sýknaðir eða sýknaðir að svo stöddu.

Þessum héraðsdómi var áfrýjað og gagnáfrýjað til Hæstaréttar. Dómur var þar kveðinn upp hinn 20. maí 1964 með þeim úrslitum, að Óskar einn var dæmdur til að greiða kr. 15.000.00 vegna galla á miðstöðvarkerfinu. Sameiginlega voru þeir Óskar og Haraldur dæmdir til greiðslu á kr. 50.000.00 samkvæmt kröfulið nr. 1. Af þessum fjárhæðum voru stefndu dæmdir til að greiða 7% vexti frá 24. febrúar 1961. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms voru staðfest, en málskostnaður fyrir Hæstarétti felldur niður. Af öðrum kröfuliðum voru stefndu sýknaðir í Hæstarétti.

Hinn 17. febrúar og 18. marz 1965 innti stefnandi þessa máls, Óskar Guðlaugsson, allar greiðslur samkvæmt þessum hæstaréttardómi af hendi. Greiðslur þessar sundurliðuðust þannig:

1.	Höfuðstóll	kr. 65.000.00
2.	Vextir	— 18.110.00
3.	Fjárnámskostnaður	— 1.430.00
4.	Málskostnaður	— 8.500.00
		Kr. 93.040.00

Ljóst er, að meginhlutinn af þessum greiðslum á rót sína að rekja til hins gallaða ARCO-holsteins, eða:

1.	Höfuðstóll	kr. 50.000.00
2.	Hlutfallslegir vextir	— 13.930.00
3.	Málskostnaður	— 8.500.00
		eða kr. 72.430.00

en sú fjárhæð er einmitt stefnukrafan í þessu máli.

Við munnlegan málflutning lagði stefnandi fram yfirlýsingu frá Haraldi Sigurðssyni, þar sem hann lýsir því yfir, að hann muni engar kröfur gera á hendur stefndu í máli þessu, enda

ábyrgist stefnandi honum, að hann hafi greitt að fullu solidariska dómskuld þeirra við Árna Árnason og lýst því yfir, að hann endurkrefji sig ekki um hana að neinu leyti. Undir þessa yfirlýsingu ritar stefnandi sem samþykkur.

Eftir að málið hafði verið dómtekið, kom í ljós, að þörf var á að endurupptaka það. Var málið endurupptekið 3. þ. m., og komu þá stefnandi og stefndi Gunnar fyrir dóm. Lögð voru einnig fram nokkur skjöl. Málið var síðan flutt munnlega sama dag og tekið til dóms. Eru kröfur aðilja þær sömu og hér að framan er lýst.

Stefndi Gunnar hefur skýrt svo frá, að hann hafi unnið við gerð ARCO-holsteina í Svíþjóð í 4 ár. Eftir að hann kom heim, sýndi hann Jóhanni Fr. Kristjánssyni byggingameistara byggingarsteininn og leitaði álits hans á því að hefja byggingar hér heima úr þessum steini, sem reynzt hafði mjög vel í Svíþjóð. Leizt honum vel á steininn. Þegar stefndi svo fékk leyfi til húsbyggingar úr steini þessum á lóðinni Nökkvavogur 42 á árinu 1950, fór hann með 2 steina, sem hann sjálfur hafði mótað, til Haralds Ásgeirssonar verkfræðings. Þá hafði hann fyrir nokkru fengið mót frá Svíþjóð til þess að hefja framleiðslu á þessum steini. Haraldur taldi sig ekki hafa haft tæki til þess að prófa steininn, en eftir að hafa skoðað hann án tækniprófana, lét hann það álit sitt í ljós, að hann sæi engin vandkvæði á því að byggja úr þessum steini.

Stefndi hefur lagt fram sem dskj. nr. 23 vottorð Atvinnudeildar Háskólans. Þar segir svo: „... Ytra útlit og gerð sýnishornanna virðist vera í góðu lagi, en sandsteininn mætti þó fá þéttari með betri kornastærðaskiptingu á sandinum.

Sökum skorts á aðbúnaði getum vér ekki mælt einangrunarhæfni né burðarþol sýnishornanna.

Reykjavík, 29. 6. 1960,
Har. Ásgeirsson."

Stefndi hlóð svo íbúðarhæð úr steininum. Kallaði því næst á byggingarfulltrúa. Tók hann sér frest til að athuga málið. Að þeirri athugun lokinni lét hann stefnda vita, að hann mætti halda byggingunni áfram. Sér hafi ekki þá verið ljóst, að byggingin var leyfð í tilraunaskyni.

Ásmundur Ólason, starfsmaður byggingarfulltrúa, hafi sagt við hann, að hann skyldi láta gera nákvæma teikningu af steininum, áður en hann steypti meira af honum. Hörður Björnsson byggingafræðingur gerði svo teikningar, og hafa þær verið lagðar

fram sem dskj. nr. 24. Síðan voru þær afhentar Ásmundi Ólasyni og óskað umsagnar um þær. Síðar kveðst stefndi hafa haft samband við Ásmund og fengið þau svör, að byggingarnefnd vildi hvorki leyfa steininn né banna hann.

Eftir að þessar upplýsigar bárust, byrjuðu nokkrir menn að byggja úr steininum, og framleiddi hann þá nokkuð eftir pöntun. Þegar stefnandi byrjaði að byggja úr steininum, vissi stefndi ekki, að hann ætlaði að byggja 2 hæðir. Þó ráðlagði hann honum að hafa súlur við dyr og glugga. Þeirri ábendingu sinnti hann ekki. Þá kvaðst hann hafa bent honum á, að fylla þyrfti holrúm í steininum með bruna. Einhvern tíma meðan stefnandi var að hlaða húsið, varð honum gengið fram hjá húsinu. Sá hann þá, að stefnandi hafði snúið steininum öfugt, þ. e., að það, sem snúa átti upp, sneri niður. Múrlagið var sett á lausan stein og honum síðan hvolft upp í hleðsluna. Þetta gat valdið því, að steinlímið dytti af, þegar steininum var snúið við, og göt mynduðust í vegginn. Þetta geti haft nokkuð að segja, ef holrúm steinsins er ekki fyllt.

Á þetta kveðst hann hafa bent stefnanda og sýnt honum, hvernig hann ætti að hlaða úr steininum. Þá kveðst stefndi Gunnar hafa fundið að því við stefnanda, að hann fyllti ekki holrúm steinsins með einangrunarefni. Stefndi Gunnar fullyrðir, að hann hafi sagt stefnanda þegar í upphafi, að byggingaryfirvöldin hafi hvorki leyft né bannað að byggja úr steini þessum hér í Reykjavík.

Stefnandi, Óskar Guðlaugsson, hefur borið fyrir dómi, að hann hafi sjálfur hlaðið veggi hússins úr holsteininum. Hann minnir, að steypt hafi verið yfir gluggaop og steypan styrkt með járnum að utan, en að innan hlaðið með vikri. Engar súlur séu steyptar í útveggjum, en veggur milli gangs og þvottahúss 1. hæðar sé steyptur úr venjulegri veggjasteypu, en ekki man hann, hvort veggur þvottahússins, sem er á milli þess og anddyrisins, sé steyptur, hlaðinn eða forskalaður. Veggurinn milli eldhúss og anddyrisins sé steyptur svo og áframhald hans, en yfir þeim þrem hurðum, sem á vegg þessum eru, séu steyptir bitar, styrktir með járnum, á milli eldhúss og stofu sé steyptur loftbiti, en veggurinn hlaðinn. Veggurinn milli gangs og stofu sé steyptur svo og stigi. Bitinn milli eldhúss og stofu sé steyptur á útveggjinn, án þess að steypt hafi verið sérstök burðarsúla.

Ekki kveðst hann minnast þess, að þegar hann keypti hina umdeildu steina, hafi stefndi Gunnar minnzt á, að byggingar-

yfirvöldin hafi hvorki leyft né bannað þá. Sjálfur kveðst hann ekkert hafa gert til að afla sér upplýsinga um afstöðu byggingaryfirvaldanna til þess máls. Er hann var spurður að, á hverju hann hefði byggt traust sitt á steininum, sagðist hann ekki hafa byggt það á neinu sérstöku, því að hann hefði séð, að menn voru að byggja hús úr steini, sem þeir höfðu sjálfir gert þarna í kring í hverfinu. Hann hafi einnig vitað um hús, sem verið var að byggja úr sama steini, og farið sjálfur og skoðað það til að sjá, hvernig hlaða átti úr steininum.

Þá segir hann, að stefndi Gunnar hafi haft orð á því við sig, að sumir einangruðu steinana, en hann hafi skilið Gunnar þannig, að það væri ekki neitt sérstakt atriði, enda ekki tekið fram sérstaklega. Ekki kveðst hann heldur muna til þess, að Gunnar hafi brýnt fyrir sér að fylla holsteininn.

Stefnandi kveðst minnast þess, að stefndi Gunnar hafi fundið að því við sig, að steinninn sneri ekki rétt, en hann hafi þá verið stutt kominn að hlaða neðri hæðina. Annars telur hann sig hafa farið eftir leiðbeiningum stefnda Gunnars í flestum atriðum varðandi hleðsluna.

Við samprófun náðist ekki frekara samræmi í framburði þeirra.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar þannig:

Þegar hann ákvað að byggja hús sitt að Sogavegi 32 úr ARCO-eða L-holsteini, hafi hann enga hugmynd haft um þá verulegu galla, sem síðar komu í ljós, að hann hafði og nú hefur verið slegið föstu með tveimur dómsmálum. Þvert á móti hafi hann haft fyllstu ástæðu í upphafi til að ætla, að hér væri um að ræða gott byggingarefni, eða a. m. k. byggingarefni, sem fullnægði kröfum byggingarsamþykktar Reykjavíkur, þar sem byggingarfulltrúi hafði þá þegar leyft að nota umræddan stein til byggingar í húsin nr. 42 við Nökkvavog og sennilega einnig í húsið að Melgerði 12. Í rauninni hafði seljandi steinsins, stefndi Gunnar Guðmundsson, sagt sér, að steinninn hefði þegar verið notaður á mörgum stöðum í Reykjavík, Kópavogi og úti á landi. En enda þótt aðeins sé haldið sér við hið óumdeilda leyfi byggingarfulltrúans til notkunar ARCO-steinsins í húsið að Nökkvavogi 42, þá gefi það eitt honum fulla ástæðu til að ætla, að hér væri um að ræða fullkomlega nothæft og lögmætt byggingarefni.

Hin jákvæða afstaða byggingaryfirvalda Reykjavíkur hafi ekki einungis komið fram í leyfinu varðandi húsið Nökkvavogur 42.

Ekki sjaldnar en átta sinnum komu fulltrúar byggingaryfirvalda til að taka húsið Sogavegur 32 út, á meðan það var í eigu stefnanda. Þessir umboðsmenn vissu gjörla, úr hvaða steini húsið var hlaðið, en gerðu engar athugasemdir við þennan byggingarmáta. Meira að segja er upplýst, að þáverandi byggingarfulltrúi, Sigurður heitinn Pétursson, kom á staðinn og ræddi við Harald Sigurðsson, múrarameistara hússins, um steininn og gerði engar athugasemdir við það, að húsið væri hlaðið úr þessum steini. Fyrir dómi hinn 6. marz 1962 viðurkenndi Arinbjörn Þorkelsson, sem hafði á hendi eftirlitsstörf á vegum byggingarfulltrúa í „smáíbúðahverfinu", *að hafa leyft,* að húsið yrði hlaðið úr ARCO-holsteini.

Af þessum ástæðum er ljóst, að stefnandi hafði algerlega hreinan skjöld gagnvart byggingaryfirvöldunum varðandi húsbyggingu sína að þessu leyti, þótt síðari rannsóknir hafi leitt í ljós ákveðna annmarka og vissulega mikla galla á byggingarsteini þeim, sem notaður var í húsið, enda er hann nú talinn ólöglegt byggingarefni samkvæmt ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur.

Nú hefur framvinda mála orðið þann veg, að stefnandi hefur orðið að greiða viðsemjanda sínum í húskaupunum verulega fjárhæð samkvæmt dómi í skaðabætur, sem byggðar eru á þeirri málsástæðu, að notkun ARCO-holsteinsins hafi valdið því, að húsið verði talið haldið leyndum göllum.

Stefnandi telur einsýnt, að hann eigi ekki að bera þetta tjón endanlega. Ljóst sé, að hann eigi endurkröfurétt á hendur borgarstjóra f. h. borgarsjóðs vegna þess, að starfsmenn hans við byggingarfulltrúaembættið hafi leyft notkun hins gallaða byggingarsteins í hið oftnefnda hús að Sogavegi 32.

Þá telur stefnandi, að seljandi steinsins, stefndi Gunnar Guðmundsson, eigi að bera hér fébótaábyrgð eftir reglum laga nr. 39 frá 1922 um lausafjárkaup varðandi ábyrgð seljanda á gallaðri vöru.

Stefndi Gunnar Guðmundsson rökstyður sýknukröfu sína með því, að hann hafi aldrei tekið ábyrgð á gæðum steinsins eða tjáð sig um þá hluti. Stefnandi hafi vitað, að steinaframleiðslan átti sér stutta sögu að baki.

Stefndi kveðst hafa unnið um fjögurra ára skeið í Svíþjóð við gerð umræddra holsteina. Þar hafi þessir holsteinar reynzt vel, ef viðhöfð var rétt byggingaraðferð.

Árið 1950 kveðst hann hafa fengið leyfi til að byggja íbúðar-

hús á lóðinni Nökkvavogi 42. Það hús hafi reynzt gallalaust, enda hafi hann gætt þess að fylla holrúm steinsins með einangrunarefni. Byggingarnefnd hafi leyft byggingu þessa húss gegn því, að útveggir væru einangraðir. Sama hafi einnig gilt um hús Þórðar Benediktssonar að Melgerði 12 í Reykjavík. Það hafi einnig verið byggt úr ARCO-holsteini, en einangrað á sama hátt og Nökkvavogur 42.

Aldrei kveðst stefndi hafa auglýst stein þennan, heldur aðeins afgreitt eftir pöntun. Þá bendir hann á, að ókannað sé, hvernig farið hefði, ef stefnandi hefði einangrað útveggi, svo sem hann ráðlagði honum og hann gerði sjálfur við sitt hús. Ekki hafi heldur verið kannað, hvort steinarnir hafi réttilega verið hlaðnir, en stefnandi, sem er ófaglærður maður, hlóð húsið sjálfur.

Stefndi heldur því fram, að sér hafi verið heimilt að framleiða steinana og selja eftir pöntun og óviðkomandi, til hvers kaupandi notaði þá. Enn þann dag í dag sé byggt úr þessum steinum, þar sem byggingarsamþykktir leyfa það og í sveitum landsins.

Þá bendir stefndi á, að í málinu nr. 1118/1956, en það mál reis út af meintum göllum á umræddu húsi, hafi stefnandi mætt sem vitni og verið þá innan handar að beina brandi sínum að sér, en það gerði hann ekki. Í dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 7. janúar 1962 er eftir honum haft til rökstuðnings kröfum sínum, að hann hafi ekki dulið Árna Árnason neins um ástand hússins og m. a. skýrt honum frá, hvernig margumræddur steinn var byggður. Árni hafi því getað leitað sér upplýsinga um steininn og gæði hans, en það hafi hann ekki gert og með því tekið á sig áhættuna á því, hvernig steinninn reyndist.

Að lokum heldur hann því fram, að stefnukrafan sé fyrnd. Vísar hann þar til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Hér sé ótvírætt um sölu á lausafé að ræða, sem fyrnist á 4 árum, en 12 ár séu liðin, frá því að stefndi seldi steininn.

Stefndi borgarsjóður reisir sýknukröfur sínar á því, að sú tegund byggingarsteins, sem hér um ræðir, hafi aldrei verið leyfð til húsbygginga nema í tilraunaskyni, og var þá um að ræða hús, sem framleiðandi steinsins, meðstefndi Gunnar Guðmundsson, átti. Stefndi viðurkennir, að út af fyrir sig hafi eftirlitsmaður byggingarfulltrúa, Arinbjörn Þorkelsson, ef til vill ekki rækt eftirlitsskyldu sína af þeirri kostgæfni, sem honum bar. En bendir þó á, að vitnisburður hans á dskj. nr. 16 sé allur á reiki, m. a. vegna sjúkdómsáfalls, sem þar er greint frá. Af

þessu þurfi þó engan veginn að leiða fébótaábyrgð borgarsjóðs. Um slíkt séu engar lagareglur til og verði þar að styðjast við eðli málsins og áðurgengna hæstaréttardóma um svipað efni.

Eins og atvikum hefur nú verið lýst, snýst mál þetta um það tvennt, hvort stefndi Gunnar Guðmundsson beri fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á L-steini þeim, er hann seldi honum til byggingar hússins Sogavegi 32 og ekki reyndist uppfylla kröfur byggingarsamþykktar Reykjavíkur, að því er stefnandi telur, hvað einangrunargildi og burðarþol snerti, og hvort borgarsjóður beri fébótaábyrgð á því, að starfsmaður hans leyfði eða lét óátalið, að húsið væri byggt úr þessum steini.

Skal þá fyrst vikið að þætti stefnda borgarsjóðs í máli þessu.

Á byggingartíma hússins Sogavegi 32 var í gildi fyrir Reykjavík byggingarsamþykkt frá 22. okt. 1945. Því hefur verið haldið fram, að allvíðtækar undanþágur hafi verið veittar frá byggingarsamþykktinni varðandi hús í hinu svokallaða „smáíbúðahverfi" í þeim tilgangi að gera eigendum kleift að vinna sem mest að byggingunni, svo að hún yrði þeim sem ódýrust.

Samkvæmt dskj. nr. 9 voru eftirfarandi undanþágur veittar: „... Veggþykktir í útveggjum steyptra húsa var leyfð 18 cm í stað 21 cm, og miðstöð og þvottahús voru leyfð í einu herbergi. Auk þess leyfði byggingarnefnd, að tveggja hæða hús væru hlaðin með steyptu lofti milli hæða. Í öllum aðalatriðum átti húsið þó að vera byggt samkvæmt byggingarsamþykkt Reykjavíkur, enda settur sérstakur eftirlitsmaður frá byggingarfulltrúa í hverfið til þess að sjá um það og vera byggjendum til leiðbeiningar."

Aðrar undanþágur virðast ekki hafa verið gefnar af réttum aðiljum.

Það er upplýst, að byggingarfulltrúi eða byggingarnefnd veittu ekki leyfi fyrir byggingu hússins úr því efni, sem notað var. Þá er upplýst í málinu, að eftirlitsmaður byggingarfulltrúa, Arinbjörn Þorkelsson, tók húsið út sem fokhelt athugasemdalaust, sbr. dskj. nr. 12, en hann og Kjartan Ólafsson tóku húsið út á hinum ýmsu áföngum, sbr. dskj. 11. Í vitnaleiðslu á dskj. nr. 16 segir Arinbjörn, „... að hann hljóti að hafa leyft Haraldi Sigurðssyni að byggja úr steininum ...". Þetta vitni tók fram, að það hefði fengið lömunarveiki á árinu 1956 og tapað verulega minni við þau veikindi.

Kemur þá hér til athugunar, hvort stefndi borgarsjóður beri ábyrgð á gerðum eftirlitsmanns byggingarfulltrúa, Arinbjarnar Þorkelssonar.

Tilgangur byggingareftirlitsins er að vernda opinbera hagsmuni, almenna reglu og öryggi vegna brunahættu, skipulagsaðgerða og nauðsyn þess, að húsbyggingar séu traustar og varanlegar o. fl. Byggingareftirlitið getur ekki talizt almennt gæðamat, sem ætlað er að vera almennur mælikvarði á fjármunalegum viðskiptum einstaklinga varðandi fasteignir.

Húsbyggjendur geta því ekki í skjóli slævðs eftirlits slakað á eigin aðgæzlu og vandvirkni. Upplýst er, að byggingameistari hússins varaði stefnanda við að nota steininn. Þeim bar því sérstaklega að athuga, svo sem framast var hægt, hvort steinninn uppfyllti kröfur byggingarsamþykktar Reykjavíkur og viðhafa fyllstu aðgæzlu og vandvirkni við hleðslu hússins. Byggingameistaranum mátti vera ljóst, að hlutverk eftirlitsmannsins var einungis að líta eftir byggingunni, en engan veginn á hans valdi að veita neinar undanþágur.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykja samskipti stefnanda og eftirlitsmanns byggingarfulltrúa, eins og þau hafa hér verið rakin, ekki leiða til fébótaábyrgðar stefnda borgarsjóðs, enda þótt starfsmaður hans hafi ekki rækt starf sitt með þeirri kostgæfni sem skyldi. Ber því að sýkna stefnda borgarsjóð af kröfum stefnanda í máli þessu.

Skal þá vikið að þætti stefnda Gunnars Guðmundssonar í máli þessu. Hann kynnir sér gerð ARCO-holsteins í Svíþjóð í 4 ár. Eftir heimkomuna, er hann hyggst sjálfur hefja framleiðslu á steini þessum, snýr hann sér til viðurkennds byggingameistara og leitar álits hans á steininum. Þegar byggingameistaranum leizt vel á steininn, leitar hann álits Atvinnudeildar Háskólas um tækniprófun hans, en til þess skorti deildina tæki. Ekki verður séð, að atvinnudeildin hafi hreyft neinum andmælum gegn notagildi steinsins. Síðan lætur hann gera teikningar af steininum og leggur þær fyrir byggingaryfirvöldin. Jafnframt ritar hann byggingarnefnd bréf, þar sem hann óskar eftir að fá steininn viðurkenndan sem byggingarefni í smáhús. Við þessu bréfi fær hann ekki skriflegt svar, heldur þær munnlegu upplýsingar, að byggingaryfirvöldin hvorki leyfi að byggja úr steininum né banni það. Sjálfur fær hann leyfi til að byggja fyrir sig hús úr þessum steini í tilraunaskyni, en það kveður hann sér ekki hafa verið ljóst fyrr en seinna.

Eins og nú hefur verið lýst, reynir stefndi eftir tiltækilegum leiðum að sannreyna gæði steinsins og staðhæfir að hafa skýrt stefnanda frá, að beint leyfi frá byggingaryfirvöldum lægi ekki

fyrir um notkun hans. Þessu neitar stefnandi, og stendur þar staðhæfing gegn staðhæfingu. Hin óákveðna afstaða byggingarnefndar Reykjavíkur til notkunar hins umdeilda steins bendir til þess, að hún hafi ekki talið steininn svo ákjósanlegt byggingarefni, að hún hafi viljað veita honum viðurkenningu með beinu samþykki, en hins vegar ekki talið hann óhæfan til byggingar, því að ella hefði hún algerlega synjað beiðninni.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda, sem skoðað hafa hið umdeilda hús, stafa gallar þeir, sem fram hafa komið, fyrst og fremst af því, að húsið er ekki nægilega einangrað, og ef til vill að einhverju leyti vegna rangrar hleðslu. Aftur á móti er ekki í ljós leitt, að burðarþol steinanna hafi komið að sök, enda þarf ekki svo að vera, sé burðarþol veggjanna tryggt á annan hátt, en um hina ófullnægjandi einangrun verður seljandi steinanna ekki sakaður.

Þegar litið er til þess, sem stefndi Gunnar gerði til þess að kanna gæði steinanna, svo og þess, að stefnandi fór ekki að öllu leyti eftir ráðum hans varðandi hleðsluna, og hin óákveðna afstaða byggingarnefndar Reykjavíkur er höfð í huga, þykir ekki unnt að finna efnisrök fyrir fébótaábyrgð stefnda Gunnars gagnvart stefnanda. Leiðir þetta til þess, að þegar af þessum ástæðum ber að sýkna stefnda Gunnar af kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Ólafi Jenssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Geir Hallgrímsson f. h. borgarsjóðs og Gunnar Guðmundsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Óskars Guðlaugssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 7. marz 1967.

Nr. 15/1966. **Guðmann Skæringsson** (Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Skipaviðgerðum h/f og til réttargæzlu Brunabótafélagi Íslands
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að stefnda, Skipaviðgerðum h/f, verði dæmt að greiða honum kr. 204.271.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, Skipaviðgerðir h/f, krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara krefst stefndi lækkunar á kröfum áfrýjanda og falli þá málskostnaður niður.

Á hendur réttargæzlustefnda, Brunabótafélagi Íslands, eru engar kröfur gerðar, og hefur réttargæzlustefndi ekki uppi kröfur í málinu.

Áfrýjandi hefur hækkað kröfur sínar frá því, er greinir í héraðsdómsstefnu, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands sé fullnægt. Er heimildarlaust að sinna þeirri hækkun.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra málsgagna, þ. á m. umsagnar öryggismálastjóra og álitsgerðar tveggja dómkvaddra manna. Fyrir dóm hafa komið m. a. rafveitustjórinn í Vestmannaeyjum og rafmagnseftirlitsmaður í sama kaupstað, og auk þess hafa áfrýjandi og framkvæmdastjóri stefnda gefið dómskýrslur. Þessi gögn

hefðu að réttu lagi átt að koma fyrir héraðsdómendur til úrlausnar. Málið var því vanreifað í héraði, og ber að ómerkja héraðsdóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1964 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjandi hafði gjafsókn fyrir Hæstarétti samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 11. nóvember 1966. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þ. á m. málflutningslaun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði héraðsdómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1964 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. október s. l., hefur Guðmann Skæringsson verkamaður, Vesturhúsum, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu samkvæmt heimild í 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936 með stefnu, útgefinni 21. maí 1964, gegn Skipaviðgerðum h/f, Vestmannaeyjum, til heimtu skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 126.093.80, ásamt 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1963 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu, þar með talin full málfærsluþóknun samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans. Til *vara* krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, enda verði málskostnaður látinn niður falla.

Brunabótafélagi Íslands hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hann, sem hafi verið starfsmaður stefnda, hafi slasazt að morgni 4. janúar 1963 við vinnu sína hjá stefnda í skipasmíðastöð hans við Friðarhöfn í Vestmannaeyjum. Nánari tildrög að slysinu hafi verið þau, að hann hafi verið að vinna með rafmagnsbor við að bora inn úr byrðingi á báti, sem hafi verið í smíðum hjá stefnda. Stefnandi kvaðst hafa staðið á vinnupalli, sem reistur hafi verið utan á bátnum. Frost hafi verið þennan dag og vinnupallurinn hélaður og sleipur, þar sem ekkert hafi verið á hann borið til að draga úr hálkunni. Þegar stefnandi hafði unnið skamma hríð með rafmagnsbornum, eða um kl. 0730, kveður hann svo hafa viljað til, að hann hafi runnið til á pallinum og hafi þá borinn lent á litla fingri vinstri handar. Skaddaðist fingurinn svo við þetta, að taka varð hann af í grunnlið. Kveðst stefnandi hafa hlotið af þessu varanlega örorku, sem metin hafi verið 7%, auk þess sem hann hafi orðið óvinnufær í langan tíma eftir slysið.

Orsök slyssins telur stefnandi bæði vera þá, að vegna hálkunnar á vinnupallinum hafi hann runnið til með þeim afleiðingum, sem að framan greinir, svo og að umræddur rafmagnsbor hafi leitt út rafmagn. Kveður stefnandi stefnda sem atvinnurekanda bera fulla fébótaábyrgð á slysinu. Forsvarsmönnum stefnda, — en allir stjórnarmennirnir vinni í skipasmíðastöðinni —, hafi borið að sjá um, að gerðar væru ráðstafanir til varnar hálkunni á vinnupallinum og einnig hafi þeim borið að hlutast til um, að hinn gallaði rafmagnsbor væri ekki notaður. Þá kveður stefnandi skipasmíðar í eðli sínu vera hættulegan atvinnurekstur, þar sem ávallt sé hætta á slysum, jafnvel þótt engan væri um að saka, og því eðlilegt, að atvinnurekandi beri tjón það, sem af kann að hljótast.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Tímabundin örorka	kr.	22.920.00
Varanleg örorka	—	91.226.00
Bætur fyrir þjáningar og lýti	—	20.000.00
Kostnaður við bótaútreikning og örorkumat ..	—	2.550.00
	Samtals kr.	136.696.00

Þar frá dragast dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins ..... kr. 5.273.50
og kaup frá stefnda í 14 daga eftir slysið .... — 5.328.70

Eftir verða kr. 126.093.80

sem er stefnukrafan.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu örorkumat Páls Sigurðssonar læknis og útreikning Þóris Bergssonar tryggingafræðings á örorkutjóni, og eru þessi gögn ásamt fleirum lögð til grundvallar stefnukröfunum.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilviljun og ógætni stefnanda sjálfs. Stefnandi sé þaulvanur að vinna við skipasmíðar og vinna með rafmagnsborum. Því sé mótmælt, að vinnupallurinn hafi verið hélaður eða sleipur, enda sé ljóst, að frost hafi verið það lítið um þetta leyti, að naumast sé líklegt, að pallurinn hafi verið hélaður. Það, sem virðist hafa gerzt, sé það, að stefnandi hafi fyrir einhver mistök misstigið sig og hrasað þannig, að hann hafi gripið með vinstri hendinni fram á borinn. Ekkert sé fram komið um það, að umræddur bor hafi leitt út rafmagn í umrætt sinn, enda haldi stefnandi því ekki fram í raun og veru, að slíkt hafi verið orsök slyssins. Þegar til þessa sé litið, þá verði ekki séð, að um nokkra sök sé að ræða hjá fyrirsvarsmönnum stefnda, þannig að lögð verði á fyrirtækið fébótaábyrgð. Þá sé því algerlega mótmælt, að skipasmíðar séu í eðli sínu hættulegur atvinnurekstur.

Verði ekki á þetta fallizt, kveðst stefndi telja, að ljóst sé, að stefnandi verði sjálfur að teljast bera ábyrgð á tjóni sínu að mjög verulegu leyti. Kveðst stefndi í því sambandi vilja benda á, að ef stefnanda hafi verið ljóst, að pallurinn væri hélaður, þá hafi honum sem þaulvönum starfsmanni borið að tilkynna verkstjóra það og sjá til þess, að úr væri bætt. Sama máli gegni, ef hann vissi, að umræddur rafmagnsbor leiddi út, þá hafi honum borið sem manni, sem vann við skipasmíðastöð og hafði unnið þar árum saman, að benda yfirmönnum sínum á það. Með hliðsjón af þessu öllu kveðst stefndi telja, að leggja beri aðeins óverulegan hluta sakar á stefnda.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í málinu, og skal nú rakið það helzta, sem þar kemur fram. Stefnandi hefur lýst gerð vinnupallsins, sem um ræðir í máli þessu, þannig, að 5

plankar hafi legið samsíða langsum með síðu bátsins á uppistöðum með þverbindingum. Vinnupallurinn hafi verið um 90 cm á breidd og víða handrið, en ekki á slysstaðnum. Á slysstaðnum hafi hæð vinnupallsins verið rúm mannhæð. Kveður stefnandi sér ekkert hafa þótt athugavert við umbúnað vinnupallsins og hafi hann oft áður unnið við sömu skilyrði og hafi þau verið svo sem tíðkazt hafi í skipasmíðastöð stefnda. Stefnandi kveðst ekki hafa athugað nógu vel, hvort hálka hafi verið á vinnupallinum, áður en hann hóf vinnu umræddan morgun. Enn fremur kveður hann það hafa verið venju að henda sandi á vinnupallinn, væri hált á honum, en stundum hefði þeim verið sagt af verkstjóranum að bera sand á pallinn, en oftast hefðu starfsmennirnir tekið þetta upp hjá sjálfum sér, þegar þeim þótti þess þurfa. Stefnandi kveðst hafa verið á vinnupallinum 10 mínútur, áður en slysið varð. Stefnandi kveður aðspurður, að starfsmönnum hafi verið bent á það af forráðamönnum stefnda, að hættulegt væri að vinna á vinnupöllunum í hálku, og hefðu verið áminntir um að fara varlega, en ekki hafi það verið gert í þetta sinn. Enn fremur hafi þeim verið bent á að bera sand á planka vinnupallsins, ef hálka væri og þeim þætti þess þurfa við.

Stefnandi kveðst aðspurður ekki þora að fullyrða, að útleiðsla í bornum hafi átt þátt í, að slysið varð, en telur það þó koma til greina. Kveðst stefnandi áður hafa unnið með sama bor og hafi það þá komið fyrir, þegar unnið var í bleytu, að borinn leiddi út. Stefnandi kveðst ekki muna, hvort hann hafi látið forráðamenn stefnda vita, að borinn leiddi út, en þeir hafi vitað það og það hafi almennt verið kunnugt á vinnustaðnum, að borinn leiddi út í vætu. Útleiðslan hafi lýst sér þannig, að meðan verið var að bora í vætu, þá hafi borinn leitt út nokkuð sterkan straum annað veifið, en útleiðslan hafi ekki verið stöðug.

Í lögregluskýrslu, sem stefnandi hefur staðfest fyrir dómi, segir hann m. a. svo um atvik að slysinu, að hann eigi ekki gott með að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig það atvikaðist, vegna þess hve snögglega það hafi borið að. Þó kveðst hann telja, að hann hafi eitthvað verið að færa sig til á vinnupallinum, en þar sem sleipt hafi verið á honum, hafi hann runnið eitthvað til og ósjálfrátt gripið um borinn. Í nefndri lögregluskýrslu kveður stefnandi þess lítið hafa gætt, að borinn leiddi út, en þó hafi hann aðeins orðið þess var, er borinn var blautur og unnið var úti. Hann segir, að borinn hafi verið þurr, er slysið varð, en þó muni kannske hafa verið á honum einhver héla, þar sem eins

stigs frost var. Stefnandi kveðst hafa unnið hjá fyrirtæki stefnda á fjórða ár og oft unnið með þessum rafmagnsbor.

Vitnið Ragnar Jóhannsson kveðst hafa verið á sama vinnupalli og stefnandi, svo sem hálfan metra frá honum, þegar slysið varð, en hafa snúið að honum baki. Ekki kveðst vitnið vita til þess, að borinn hafi verið í ólagi eða að hann hafi leitt út straum, og kveðst vitnið hafa borað nokkuð með honum án þess að verða þess var.

Vitnið kveðst ekki muna til þess, að hált hafi verið á vinnupallinum umræddan morgun, en héla eða bleyta hafi verið á honum eins og oft að morgni, en ekki það mikil, að til skaða væri, að því er vitnið minnir. Vitnið kveðst lítið hafa unnið á vinnupöllum úti við og aldrei hafi verið hálka, þegar það var að vinna á pöllunum. Ekki man vitnið eftir, að starfsmönnum hafi verið sagt að bera sand á vinnupallana til að koma í veg fyrir hálku, hvorki í umrætt skipti né endranær. Þá kveðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir því, að það hafi verið beðið af forráðamönnum stefnda að fara varlega á vinnupöllunum við vinnu sína, en telur þó, að það geti vel hafa átt sér stað.

Vitnið Ólafur Jónsson, verkstjóri stefnda, skýrir svo frá, að morgun þann, sem slysið varð, hafi nokkur héla verið á vinnupöllunum, þar sem frost var og hreinviðri og þar af leiðandi dálítið skreipt á pöllunum. Vitnið kveðst álíta, að slysið hafi ekki orðið vegna hálku á vinnupöllunum, heldur vegna þess að tækið var í ólagi, svo sem síðar hafi komið í ljós. Vitnið segir, að umræddan morgun hafi starfsmönnum skipasmíðastöðvarinnar verið sagt að fara varlega á pöllunum vegna hálkunnar og það sé venja hans að benda þeim á að fara varlega við vinnu sína, þegar ástæða sé til þess. Ekki hafi sérstaklega verið getið um, að settur yrði sandur á vinnupallana. Þá segir vitnið, að því hafi alls ekki verið kunnugt um, að borvélin, sem stefndi notaði, er slysið varð, hafi leitt út og ekki hafi verið kvartað yfir þessari borvél frekar en öðrum og ekki hafi orðið kunnugt um, að borvélin væri biluð fyrr en við notkun hennar eftir slysið. Vitnið kveðst ekki vita, hvort borvélin var jarðtengd. Borvélin hafi verið sett í samband með tengli í húsi skipasmíðastöðvarinnar. Spenna borvélarinar sé 220 volt. Segir vitnið, að hættulaust hafi verið talið að nota borvélina úti við, þar sem bjart veður var og þurrt. Þá kveður vitnið umbúnað vinnupalla hafa verið svo sem tíðkast hafi í skipasmíðastöðinni.

Vitnið Bárður Auðunsson, framkvæmdastjóri stefnda, kveðst

ekki hafa verið á vinnupallinum, þegar stefnandi varð fyrir umræddu slysi. Vitnið kveðst ekki hafa vitað til þess, að rafmagnsborinn, sem stefnandi notaði, er slysið varð, væri í ólagi. Kveðst vitnið sjálft hafa borað með þessum sama bor, nokkrum dögum eftir að stefnandi slasaðist, og þá hafa orðið þess vart, að borinn leiddi út rafmagn. Vitnið kveður borinn hafa verið þurran, þegar það varð þessa vart. Kveðst vitnið hafa fengið dálítinn rafstraum, en þó með varúð getað notað borinn, en um hafi verið að ræða hálftommubor, líklega af gerðinni „Miller Fals". Ekki veit vitnið, hvort borinn var jarðtengdur. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort héla hafi verið á vinnupallinum eða hálka, er slysið varð, enda ekki stjórna verkum á vinnustað, en vinna að staðaldri við skipasmíðarnar og vera hluthafi í skipasmíðastöðinni. Vitnið kveður það hafa verið venju að bera sand eða salt á vinnupallana, ef frost hafi verið eða snjór, en kveður sér ekki vera kunnugt um, hvort það var gert umræddan morgun.

Að áliti hinna sérfróðu dómenda verður ekki talið, að um vanbúnað á vinnustað hafi verið að ræða, að því er tekur til vinnupalla, enda hefur stefnandi ekki haldið því fram, að umbúnaður þeirra hafi verið athugaverður.

Stefnandi greinir sjálfur svo frá, að stafsmönnum stefnda hafi verið bent á það af forráðamönnum stefnda, að hættulegt væri að vinna á vinnupöllunum í hálku, og hefðu þeir verið áminntir um að fara varlega og enn fremur hafi þeim verið bent á að bera sand á vinnupallana, ef hálka væri og þeim þætti þess þurfa við. Þá hefur og verkstjóri stefnda, Ólafur Jónsson, skýrt svo frá fyrir dómi, að það sé venja hans að benda starfsmönnum skipasmíðastöðvarinnar, þ. e. stefnda, á að fara varlega við vinnu sína, þegar ástæða sé til þess, og kveðst hann umræddan morgun einmitt hafa bent þeim á að fara varlega á pöllunum vegna hálkunnar. Framkvæmdastjóri stefnda, Bárður Auðunsson, hefur og borið það fyrir dómi, að venja hafi verið að bera sand eða salt á vinnupallana, ef frost var eða snjór, en kveður sér ekki kunnugt um, hvort það hafi verið gert þennan morgun.

Þegar litið er til þessa og með hliðsjón af því, að stefnandi hafði starfað hjá stefnda á fjórða ár, líta dómendur svo á, að honum hefði mátt vera ljóst, að vinnupallarnir gátu orðið hálir í frosti og hafi hann því mátt samkvæmt reynslu sinni og öllum aðstæðum vera á verði gegn hálku á vinnupöllunum og eiga að því frumkvæði að bera á þá sand eða salt, ef honum þætti ástæða til.

Að þessu athuguðu þykja eigi vera efni til að leggja á stefnda ábyrgð á slysi stefnanda af þessum sökum, enda ekki sannað, að stefnandi hafi hrasað vegna hálku.

Þá heldur stefnandi því fram, að rafmagnsborvél, sem hann var að vinna með, er slysið varð, hafi leitt út rafstraum. Ekki kveðst stefnandi þora að fullyrða, að útleiðsla í bornum hafi átt þátt í, að slysið varð, en telur það koma til greina. Þeir starfsmenn stefnda, sem komið hafa fyrir dóm til vitnisburðar vegna umrædds slyss, þ. e. Bárður Auðunsson framkvæmdastjóri, Ólafur Jónsson verkstjóri og Ragnar Jóhannsson verkamaður, segja sér ekki hafa verið kunnugt um, er slysið varð, að borinn leiddi út rafstraum. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort hann hafi látið forráðamenn stefnda vita, að borinn leiddi út, en telur, að þeir hafi vitað það og það hafi almennt verið kunnugt á vinnustaðnum, að borinn leiddi út í vætu.

Þrátt fyrir staðhæfingu stefnanda þykja ekki fram komnar í málinu nægar sannanir fyrir því, að borvélin hafi leitt út rafstraum, er slysið átti sér stað.

Þykir því þessi málsástæða stefnanda eigi heldur veita næg efni til að leggja á stefnda fébótaábyrgð vegna umrædds slyss.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og gögnum málsins í heild verða því úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hjálmari Árnasyni skipasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaviðgerðir h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmanns Skæringssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. marz 1967.

Nr. 182/1965. **Helga Hafsteinsdóttir**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bernhard Petersen
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 26. október 1965.

Fram er komið í Hæstarétti bréf yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 7. marz 1967, þar sem frá því er greint, að Bernhard Petersen hafi andazt 8. apríl 1962. Af þessu leiðir, að ómerkja ber hinn áfrýjaða héraðsdóm og alla meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 12. apríl 1962, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Kröfum um málskostnað hér fyrir dómi verður ekki sinnt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði héraðsdómur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 12. apríl 1962 eiga að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. september 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hefur Hafsteinn Ólafsson f. h. ólögráða dóttur sinnar, Helgu Hafsteinsdóttur, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 2. marz 1962, gegn Bernhard Petersen stórkaupmanni, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 100.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. marz 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til

29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxtakröfu sinnar í 6% ársvexti frá 1. janúar 1965.

Trolle & Rothe h/f í Reykjavík hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar sjálfstæðar kröfur gerðar á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans. *Til vara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum hans og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að klukkan rúmlega 1200 mánudaginn 3. marz 1952 ók Friðrik Jónsson vörubifreiðinni R 1880, eign stefnda, austur Hringbraut. Með honum í bifreiðinni voru þrír menn. Sat einn þeirra við hlið hans í bifreiðinni, en hinir tveir stóðu á palli hennar. Er hann nálgaðist gatnamót Hofsvallagötu, hljóp telpan Helga, þá 7 ára, á bifreiðina og slasaðist töluvert.

Ökumaðurinn hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið á miðri akbrautinni nyrðri, þar eð klakahryggur hafi verið við gangstéttina vinstra megin við bifreiðina. Hafi hann alls ekki ekið yfir 20 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Er hann hafi verið rétt kominn að gatnamótunum, hafi mennirnir uppi á palli bifreiðarinnar barið í þak stýrishússins. Kvaðst hann þá strax hafa hemlað og beygt til vinstri og stöðvað bifreiðina. Hann hafi farið strax út úr bifreiðinni og hafi hann þá séð telpuna liggja á götunni fyrir aftan bifreiðina. Hann kvaðst ekki hafa séð telpuna, fyrr en eftir að hann kom út úr bifreiðinni. Ekki kvaðst hann hafa orðið þess var, að bifreiðin eða hjól hennar færu yfir neitt, og því taldi hann ósennilegt, að telpan hefði orðið fyrir hjólum bifreiðarinnar. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa verið vel á sig kominn og beint allri athygli sinni að akstrinum.

Vitnið Kjartan Einarsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa staðið hægra megin á palli bifreiðarinnar fram við stýrishúsið. Er bifreiðinni hafi verið ekið austur Hringbraut, hafi henni verið ekið nálægt miðju akbrautarinnar á ca. 15 km hraða. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við húsið nr. 74, hafi svo hagað til í götunni, að þrjár bifreiðar stóðu á hægri vegjaðri brautarinnar við stykkið, sem skiptir akbrautunum. Hafi bifreiðar þessar staðið þannig, að á milli þeirra myndaðist sund. Er R 1880 var komin með framenda á móts við sundið á milli bifreiðanna, hafi hann séð barn koma hlaupandi frá stykkinu milli brautanna og

út á götuna í gegnum sundið á milli bifreiðanna. Hafi barnið hlaupið hratt og stefnt beint út á götuna. Hafi það engum togum skipt, að hann hafi heyrt og séð, að barnið lenti með höfuðið á vörupallinum hægra megin og hafi barnið lent á pallinum rétt aftan við stýrishúsið. Hann kvaðst ekki hafa séð, hvernig barnið féll í götuna, en hann hafi séð það falla niður með bifreiðinni. Hann kvaðst hafa barið í þak stýrishússins, um leið og þetta hafi skeð. Hann kvaðst ekki geta um það fullyrt, hvort hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir einhverja mishæð á veginum, um leið og hann sá barnið falla í götuna, en hann kvað sér hafa fundizt sem bifreiðin hafi lyfzt aðeins hægra megin að aftan. Hann kvað stjórnanda R 1880 hafa ekið eðlilega í alla staði, er atvik þetta skeði, og að það hafi verið útilokað fyrir hann að sjá til ferða barnsins, þar sem stýrishúsið hafi verið komið fram hjá sundi því, er barnið kom úr.

Vitnið Sumarliði Kristmann Ólason, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa setið við hlið ökumannsins, hægra megin í stýrishúsinu. Hann kvað bifreiðinni hafa verið ekið eftir miðri akbrautinni með alls ekki meiri hraða en 15 km. Hann kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort klaki hafi legið við vinstri gangstéttina út á götuna. Er bifreiðin hafi verið að nálgast húsið nr. 74, hafi svo hagað til, að nokkrar bifreiðar hafi staðið á hægri hluta akbrautarinnar, norðan við stykkið, sem skiptir akbrautunum, og hafi nokkurt bil verið á milli þeirra. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við sundið á milli bifreiðanna og framendi hennar hafi verið að fara fram hjá sundinu, þá hafi hann séð út um rúðuna í hægri framhurðinni, að hönd, sem á var vettlingur, kom að hægri hlið bifreiðarinnar og hafi verið eins og hönd væri teygð fram að bifreiðinni. Hann kvaðst hafa séð höndina aðeins augnablik, því að hún hafi verið fyrir aftan sæti hans, en rétt um leið og hann hafi séð höndina, þá hafi hann heyrt, að eitthvað skall utan í hægri hlið vörupallsins, rétt aftan við stýrishúsið. Um leið og hann hafi heyrt þetta, hafi hann rekið upp óp og í sömu andrá hafi verið barið í þak stýrishússins. Ökumanninum hafi auðsjáanlega komið þetta mjög á óvart, en hann hafi hemlað og beygt til vinstri og stöðvað bifreiðina við vinstri gangstéttarbrún. Er bifreiðin var stöðvuð, hafi hann farið út úr henni og séð, að ung telpa lá á bakinu á götunni, ca. 6—10 metra fyrir aftan bifreiðina. Hann kvaðst ekki hafa orðið þess var, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir neina ójöfnu á götunni, eftir að hann sá höndina né eftir að hann heyrði höggið. Vitnið kvaðst

oft hafa ekið með umræddum ökumanni og hafi sér virzt hann gætinn og góður ökumaður.

Vitnið Gunnar Jónsson, starfsmaður stefnda, kvaðst hafa staðið á vörupallinum við stýrishúsið vinstra megin. Hafi bifreiðinni verið ekið eftir miðri akbrautinni, svo sem venja sé á einstefnuakstursgötum, og hafi hraðinn verið ca. 15—20 km. Á hægri vegjaðri akbrautarinnar við stykkið, sem skilur akbrautirnar, hafi staðið nokkrar bifreiðar og á móts við húsið nr. 74 hafi tvær þeirra staðið þannig, að á milli þeirra hafi verið nokkurt bil. Er framendi bifreiðarinnar hafi verið kominn á hlið við sundið, þá hafi það engum togum skipt, að hann hafi séð veru í rauðri flík koma að hægri hlið bifreiðarinnar og um leið hafi hann heyrt, að eitthvað skall utan í hægri hlið vörupallsins. Hafi hann þá þótzt vita, að hér væri um barn að ræða. Hann kvaðst ekki geta um það sagt, hvar barnið hafi lent á pallinum, eða hvort það hafi verið fyrir framan eða aftan hægra afturhjólið. Um leið og hann hafi séð barnið hverfa niður með pallinum, hafi hann barið í þak stýrishússins. Stjórnandi bifreiðarinnar hafi þá beygt til vinstri og stöðvað við vinstri gangstéttina. Hann kvað telpuna hafa legið á götunni ca. 6 metra aftan við bifreiðina og að því er honum virtist, mjög nálægt hægri hjólförum bifreiðarinnar. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að hjól bifreiðarinnar hefðu farið yfir neina ójöfnu á götunni, eftir að hann heyrði höggið, er telpan lenti á bifreiðinni. Þó að hann hafi ekki séð það, þá taldi hann engan vafa vera á því, að telpan hafi komið hlaupandi út á götuna á milli bifreiðanna.

Níu dögum eftir slysið var tekin skýrsla af telpunni. Hún kvaðst hafa verið að koma frá húsinu nr. 81 við Hringbraut, en í því húsi hafi hún verið í skóla. Hún kvaðst hafa hlaupið yfir syðri akbrautina og yfir stykkið á milli akbrautanna. Er hún hafi hlaupið út á nyrðri akbrautina, hafi hún ekki séð til ferða R 1880. Hún kvaðst hafa hlaupið út á þá akbraut á milli tveggja bifreiða, sem staðið hafi kyrrar við syðri vegjaðarinn. Hún kvaðst hafa hlaupið á vörupall bifreiðarinnar og fallið aftur yfir sig á götuna, en bifreiðin hafi hvergi lent á henni. Bifreiðin hafi síðan stöðvazt, rétt um leið og þetta hafi skeð.

Stefnandi byggir kröfu sína í málinu á því, að ökumaður bifreiðarinnar hefði getað forðað slysinu, ef hann hefði sýnt fyllstu aðgæzlu og bifreið hans hefði verið í fullkomnu lagi. Samkvæmt uppdrætti af vettvangi, sem gerður var af lögreglunni og hefur ekki sætt andmælum ökumanns eða vitna, hefur bifreiðin stöðvazt um

10 metra frá slysstaðnum. Bifreiðaeftirlitsmenn reyndu bifreiðina, og samkvæmt prófunum þeirra stöðvaðist bifreiðin á 5 metra vegalengd, ef henni var ekið með 25 km hraða. Megi því af þessu tvennu ætla, að hraði bifreiðarinnar hafi í umrætt sinn verið allnokkru meiri en ökumaður og vitni hafa skýrt frá. Þá bendi og allt til þess, að telpan hafi lent á bifreiðinni framan við stýrishúsið. Vitni það, sem sat í bifreiðinni, sá hönd hennar út um hliðarrúðu bifreiðarinnar. Eitt vitnanna telur bifreiðina hafa farið yfir einhverja ójöfnu með hægra afturhjól. Með það í huga svo og hin miklu meiðsl telpunnar benda allar líkur til þess, að telpan hafi orðið undir hjólinu. Því hefði ökumaðurinn átt að geta forðað, ef hann hefði hemlað, strax og telpan lenti á bifreiðinni. Einnig komi í ljós við prófun á bifreiðinni, að sá galli hafi verið á henni, að hemilsfetillinn gekk alveg niður að gólfi, þegar fullu átaki var beitt, en það bendi til þess, að hemlun verði minni en ella. Hins vegar viðurkenni stefnandi, að telpan hafi sýnt verulega óvarkárni í umrætt sinn og eigi af þeim sökum að bera hluta af tjóninu. Telur stefnandi hæfilegt að skipta sök á tjóninu þannig, að stefndi beri ⅓ hluta þess. Er fjárkrafa hans í málinu við það miðuð.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að orsök slyssins eigi að öllu leyti rætur að rekja til óaðgæzlu telpunnar. Ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt fyllstu aðgæzlu og varkárni við akstur hennar. Hann hafi ekið á hægri ferð og beint allri athygli sinni að akstrinum. Ekki hafi verið aðfinnsluvert að aka á miðri akbrautinni, en hún er einstefnu-akstursbraut. Bifreiðin hafi verið komin með stýrishúsið fram fyrir sundið milli hinna kyrrstæðu bifreiða, er telpan hljóp þar í milli og á vörubifreiðina. Ökumaðurinn hafi því ekki getað séð til ferða hennar. Hann hafi og beitt hemlum þegar í stað, er slysið skeði, og þeir hafi verið í fullkomnu lagi, svo sem prófun beri með sér. Engin líkindi séu og til þess, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir telpuna.

Í málinu liggur fyrir vottorð frá Bifreiðaeftirlitinu, en það lét prófa bifreiðina sama daginn og slysið skeði. Þar segir m. a., að hún hafi verið „reynd í akstri á ca. 25 km hraða (hraðamælir ekki virkur) á láréttri malborinni götu, þar sem snjólaust var, og stöðvaðist bifreiðin á 5 metra færi, þegar fóthemlum var beitt. Greinileg hemlaför sáust eftir öll hjólin, enda verkuðu hemlarnir jafnt og vel. En þar sem hemilsfetillinn gekk alveg að gólfi, þegar fullu átaki var beitt á fóthemla, var fyrirskipuð lagfæring á því. Að öðru leyti virtist bifreiðin vera í lagi".

Af skýrslum þeim, sem hér að framan hafa verið raktar, er ljóst, að telpan hefur í umrætt skipti hlaupið út á milli hinna kyrrstæðu bifreiða og lent á hlið R 1880. Enn fremur er ljóst, að bifreiðinni hefur verið ekið fremur hægt og hemlar og annar útbúnaður hennar hefur verið í lagi. Þá er og ósannað, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir telpuna. Að þessu athuguðu svo og atvikum að öðru leyti þykir verða talið í ljós leitt, að ökumaður bifreiðarinnar hefði eigi getað afstýrt slysinu, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og bifreiðin hefði verið í lagi, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bernhard Petersen, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hafsteins Ólafssonar f. h. Helgu Hafsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 9. marz 1967.

Nr. 151/1966. **Landgræðsla ríkisins og Vátryggingafélagið h/f** (Jón Magnússon hdl.)
gegn
Landnámi ríkisins (Jón L. Arnalds hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. ágúst 1966 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Landgræðsla ríkisins og Vátryggingafélagið h/f, greiði stefnda, Landnámi ríkisins, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í 1. gr. laga nr. 18/1941 segir, að landbúnaðarráðherra hafi yfirumsjón sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skuli falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skuli þó skipa sandgræðslustjóra, sem hafa skuli framkvæmd sandgræðslumála með höndum. Á fjárlögum ár hvert var veitt fé til starfsemi þessarar, sem mun hafa verið nefnd Sandgræðsla ríkisins. Lög nr. 18/1941 voru felld úr gildi með lögum nr. 17/1965. Með þeim lögum var starfsemi sú, sem um ræddi í lögum nr. 18/1941, falin nýrri stofnun, Landgræðslu ríkisins. Í 1. mgr. 3. gr. laga þessara segir, að landbúnaðarráðherra fari með yfirstjórn landgræðslumála og skipi landgræðslustjóra.

Í 24. og 26. gr. laga nr. 75/1962 segir, að sameinað Alþingi skuli kjósa nýbýlastjórn, er síðan skuli ráða framkvæmdastjóra, er nefnist landnámsstjóri, og að stofnun sú og starfsemi, sem nýbýlastjórn og landnámsstjóri veiti forstöðu, skulu nefnast Landnám ríkisins. Þá segir í 2. mgr. 1. gr. laga þessara, að landbúnaðarráðherra hafi á hendi yfirstjórn allra þeirra mála, er lögin fjalla um. Síðan lög þessi voru sett, hefur á fjárlögum ár hvert verið veitt fé til starfsemi þessarar.

Áfrýjandi Vátryggingafélagið h/f hafði selt „Sandgræðslu Íslands" vátryggingu vegna dráttarvélarinnar L.d. 92. Segir í vátryggingarskírteininu, að tryggt sé „gegn sérhverri einkaréttar-skaðabótakröfu, sem vátryggingartaka samkvæmt núgildandi íslenzkum umferðarlögum er skylt að tryggja gegn

sem eiganda hinnar vátryggðu bifreiðar vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun hennar". Samkvæmt málflutningi aðilja er „Sandgræðsla Íslands" sama stofnunin og Sandgræðsla ríkisins, sem um er rætt í málinu. Fram hefur komið í málinu, að ríkissjóður og stofnanir hans greiða lægra vátryggingariðgjald vegna vélknúinna ökutækja en einstaklingar.

Hinn 15. maí 1965 varð það óhapp, er verið var að aka dráttarvélinni L.d. 92, að dreifari, sem við hana var tengdur, rakst í bifreiðina R 7394, sem talin er eign stefnda, og skemmdi hana nokkuð. Stefndi krefur áfrýjendur um bætur vegna tjóns þessa samkvæmt 1. mgr. 69. gr., sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958.

Þegar litið er til verkefna þeirra, sem stofnunum þeim, er hér um ræðir, eru falin og lagaákvæða þeirra, sem að framan eru rakin, er ljóst, að hér er aðeins um þætti framkvæmdarvaldsins að ræða, sem gefin hafa verið ákveðin nöfn. Verðmæti þau, sem stofnanir þessar hafa undir höndum, eru eign ríkissjóðs, og á ríkissjóði hvíla óskorað þær skuldbindingar, sem stofnanir þessar kunna að stofna til. Hin vélknúnu ökutæki, sem um er fjallað í máli þessu, voru því bæði eign ríkissjóðs, er óhapp það varð, sem mál þetta er risið af. Ökutækin voru að vísu undanskilin vátryggingarskyldu samkvæmt 5. mgr. 70. gr. laga nr. 26/1958, en með vátryggingarsamningi áfrýjenda, sem áður var rakinn, tók Vátryggingafélagið h/f að sér vátryggingu á dráttarvélinni L.d. 92 samkvæmt þeim reglum, sem giltu um skylduvátryggingu vélknúinna ökutækja. Þegar virt eru ákvæði 3. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 26/1958, er ljóst, að vátrygging sú, sem um ræðir í 70. gr. sömu laga, er í eðli sínu trygging til hagsbóta fyrir þriðja mann, en ekki skaðatrygging fyrir vátryggingartaka. Samkvæmt þessari vátryggingu bætist því eigi tjón á eignum vátryggingartaka sjálfs af völdum tryggðs vélknúins ökutækis hans.

Samkvæmt þessu og þegar þess er gætt, að ríkissjóður og stofnanir hans greiða lægra vátryggingargjald en einstaklingar, er áfrýjanda Vátryggingafélaginu h/f ekki skylt að

greiða stefnda bætur vegna tjóns þess, er varð á bifreiðinni R 7394 hinn 15. maí 1965, og ber því að sýkna félagið af kröfum stefnda. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er þessa aðilja varðar.

Að því er varðar kröfur stefnda á hendur áfrýjanda Landgræðslu ríkisins vegna Sandgræðslu ríkisins, þá er í málinu ekkert fram komið um fjárskipti Sandgræðslu ríkisins og Landgræðslu ríkisins, er fyrrnefnda stofnunin var lögð niður. Er sá þáttur málsins því svo vanreifaður, að eigi verður hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn, að því er þennan þátt málsins varðar, og vísa málinu frá héraðsdómi. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli einnig niður, að því er þessa aðilja varðar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi, að því er varðar kröfu stefnda Landnáms ríkisins á hendur áfrýjanda Landgræðslu ríkisins vegna Sandgræðslu ríkisins.

Áfrýjandi Vátryggingafélagið h/f skal vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., hefur Pálmi Einarsson landnámsstjóri höfðað fyrir hönd Landnáms ríkisins gegn Páli Sveinssyni landgræðslustjóra f. h. Landgræðslu ríkisins, Gunnarsholti á Rangárvöllum, vegna Sandgræðslu ríkisins og Vátryggingafélaginu h/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 5.236.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. maí 1965 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað að mati dómarans.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 15. maí 1965 var dráttarvélinni L.d. 92, eign Sandgræðslu ríkisins, ekið utan í bifreiðina R 7394, eign Landnáms ríkisins, þar sem bifreiðin stóð kyrr á

hlaðinu í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Við áreksturinn varð tjón á bifreið þessari. Ágreiningslaust er í málinu, að ökumaður dráttarvélarinnar eigi alla sök á tjóninu og að fjárhæð tjónsins nemi kr. 5.236.00.

Dráttarvélin L.d. 92 var vátryggð hjá stefnda Vátryggingarfélaginu h/f venjulegri ábyrgðartryggingu fyrir slík tæki skv. 1. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Að viðgerð lokinni á R 7394 krafði Landnám ríkisins Vátryggingafélagið h/f um greiðslu á viðgerðarkostnaðinum, kr. 5.236.00. Vátryggingafélagið h/f neitaði að greiða og rökstuddi þá neitun í bréfi til stefnanda, dagsettu 18. ágúst 1965, en þar segir m. a.: „Eins og undirritaður greindi fulltrúa yðar frá í munnlegu viðtali, teljum vér tjón þetta ekki bótaskylt. Ástæðan til þessa er einfaldlega sú, að hér er um að ræða svokallaða 3ja manns tryggingu, en hún bætir ekki tjón, er kunna að verða á ökutækjum sama eiganda. Í þessu tilviki er ríkissjóður eigandi beggja þessara stofnana og þá um leið tækja þeirra, og er því af þeim sökum eigi hægt að verða við kröfu yðar um bætur úr vorri hendi".

Stefnandi vildi ekki una þessu og höfðaði mál þetta gegn Landgræðslu ríkisins, sem með lögum nr. 17/1965 yfirtók allan rekstur Sandgræðslu ríkisins, svo og gegn Vátryggingafélaginu h/f.

Telur stefnandi, að hvorki lagarök né eðli tryggingarinnar komi í veg fyrir ótvíræðan rétt stefnanda til að krefja bóta þessara. Röksemd Vátryggingafélagsins h/f um eignarrétt ríkisins sé hæpin og geti á engan hátt réttlætt synjun félagsins um greiðslu umræddra bóta. Landnám ríkisins hafi algerlega sjálfstæðan fjárhag, beri sjálft ábyrgð á sínum skuldum og sé að öllu leyti óháð og óviðkomandi Landgræðslu ríkisins, áður Sandgræðslu ríkisins í Gunnarsholti. Landgræðsla ríkisins beri á hinn bóginn sérstaka ábyrgð á sínum skuldum og eigi sínar eignir og hafi alveg sjálfstæðan fjárhag. Að vísu megi segja, að ríkið sé í ábyrgð fyrir þessar stofnanir, en þær séu hvor annarri algerlega óháðar, t. d. beri Landnám ríkisins ekki ábyrgð á fjárhag Landgræðslunnar og vice versa. Megi í þessu sambandi einnig benda á, að einstaklingar geti átt fyrirtæki í ýmsum formum, allt frá einkafyrirtæki eða sameignarfyrirtæki til almennings hlutafélags. Eignarrétturinn sem slíkur geti aldrei ráðið úrslitum í þeim. Bæði Landnám ríkisins og Landgræðsla ríkisins séu „persona að lögum", enda sé algengt, að eitt ríkisfyrirtæki fari í mál við annað ríkisfyrirtæki. Þá sé rétt að líta nánar á þá röksemd Vá-

tryggingafélagsins h/f, að hér sé um að ræða svokallaða „þriðja manns tryggingu“ og geti félagið því ekki bætt umrætt tjón. Þessi röksemdafærsla Vátryggingafélagsins h/f hafi við lítil rök að styðjast, þegar þess sé gætt, að af vátryggingarskírteininu og umferðarlögunum megi ráða, að litið sé svo á sem bifreiðin sem slík sé tryggð frekar en eigandinn. Tryggingin sé bundin við farartækið og beri að bæta það tjón, sem það veldur, t. d. án tillits til þess, hver aki farartækinu. Sitji þetta sjónarmið í fyrirrúmi, enda sé hér verið að gæta hagsmuna þess, er fyrir tjóni verður, frekar en þess, sem tjóni veldur. Ekki verði séð, að eðlilegt sé, að um fimm hundruð bifreiðar, sem nú eru í eigu ríkisfyrirtækja, eigi að vera undirorpnar mun meiri áhættu en aðrar bifreiðar landsmanna, en þessi ríkisfyrirtæki greiði vátryggingafélögunum sama iðgjald fyrir tryggingu sinna bifreiða og aðrir einstaklingar og félög þeirra gera. Ef synjun Vátryggingafélagsins h/f um greiðslu eigi við rök að styðjast, yrði að taka allar tryggingar ríkisins á bifreiðum, vélum og tækjum til endurskoðunar.

Stefndu styðja kröfur sínar um sýknu þeim rökum fyrst og fremst, að umrædd vátrygging sé svonefnd skyldutrygging 70. gr., 1. mgr., umferðarlaganna, sem lögboðin sé til verndar hagsmunum 3ja manns gegn þeirri tjónáhættu, sem talin sé stafa af notkun vélknúinna ökutækja. Samkvæmt eðli tryggingarinnar gildi hún ekki gagnvart tryggingartakanum sjálfum eða eignum hans. Sé eiganda vélknúinna ökutækja og í lófa lagið að tryggja sig gegn tjóni, er hann kann að verða fyrir af eigin ökutækjum, t. d. með því að kaskótryggja tækin. Ökutækin, sem hér eigi hlut að máli, hafi bæði verið eign eins og sama aðilja, þ. e. ríkissjóðs. Leiði af því og með skírskotun til framanskráðs, að tjón það, sem annað farartækið olli á hinu, falli utan sviðs skylduvátryggingar þess og sé ekki bótaskylt gagnvart vátryggjanda þess, Vátryggingafélaginu h/f. Sú viðbára stefnanda, að sitt hvort ríkisfyrirtækið eigi hér hlut að, fái eigi breytt þessari niðurstöðu, þar sem bæði fyrirtækin séu óskoruð eign ríkissjóðs og lúti sameiginlegri yfirstjórn ríkisins bæði um fjárreiður og rekstur. Þannig mundi fjármálaráðherra fær um að vera fyrirsvarsaðili bæði Landnáms ríkisins og Landgræðslu ríkisins í skaðabótamálum, er þau kynnu að eiga sameiginlega aðild að fyrir dómstólum.

Lagt hefur verið fram vottorð ríkisendurskoðandans, dagsett 12. apríl 1966. Þar er m. a. svo frá greint:

„Eftir beiðni ... vottast, að Landnám ríkisins og Sandgræðsla

ríkisins (nú Landgræðsla ríkisins, sbr. l. nr. 17 24. apríl 1965) hafa algerlega aðskilinn fjárhag. Því er ekki um það að ræða að jafna skuldir milli þessara stofnana. Ríkisendurskoðunin lítur svo á, að fjármálakröfur geti stofnazt milli Landnáms ríkisins og Landgræðslu ríkisins og að þær verði ekki útjafnaðar á þeim forsendum, að hér sé endanlega um sama aðila að ræða".

Í 26. gr. laga nr. 75/1962 um stofnlánadeild landbúnaðarins, ræktun og byggingar í sveitum er ákvæði um sérstaka stofnun, er nefnist Landnám ríkisins, er nýbýlastjórn, sem skipuð er 5 mönnum, kosnum af Alþingi, og landnámsstjóri veita forstöðu. Samkvæmt 27. gr. laganna lætur landnámsstjóri eftir tillögum nýbýlastjórnar undirbúa ræktun lands, þar sem stofna skal byggðahverfi í sveitum, nýbýli einstaklinga utan byggðahverfa eða hefja meiri háttar ræktunarframkvæmdir við kauptún og kaupstaði, og til framkvæmda þessara greiðir ríkissjóður ákveðna fjárhæð á ári hverju. Eru fjárframlög þessi tekin sem sérstakir liðir inn á fjárlög ár hvert. Til þessara framkvæmda hefur stofnunin keypt og starfrækt ýmis tæki, svo sem skurðgröfur, dráttarvélar og bifreiðar.

Er umræddur árekstur varð, voru í gildi lög nr. 18/1941 um sandgræðslu og heftingu sandfoks. Í 1. gr. þeirra laga segir m. a.: „Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn sandgræðslumála, en forstjórn þeirra skal falin Búnaðarfélagi Íslands. Ráðherra skipar sandgræðslustjóra ...". Sandgræðslustjóri hefur undanfarin ár setið í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Auk þess að stjórna sandgræðslumálum almennt hefur sandgræðslustjóri f. h. Sandgræðslunnar haft með höndum ýmiss konar ræktun og búskap í sambandi við heftingu foksands og græðslu landsins í Gunnarsholti og nærliggjandi jörðum. Hefur Sandgræðslan því keypt á sitt nafn og haft til sinna afnota ýmiss konar tæki, svo sem dráttarvélar og bifreiðar. Með lögum nr. 17/1965 um landgræðslu var sett á stofn sjálfstæð stofnun, Landgræðsla ríkisins, sem fer með landgræðslumál. Jafnframt því sem Sandgræðsla ríkisins var lögð niður með lögum þessum yfirtók Landgræðsla ríkisins eignir og skuldir og annað, er henni við kom. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta á hendur Landgræðslu ríkisins fyrir hönd Sandgræðslunnar.

Það er að vísu rétt, að landbúnaðarráðherra hafði lögum samkvæmt yfirstjórn Landnáms ríkisins og Sandgræðslunnar, og báðar heyrðu stofnanir þessar undir landbúnaðarráðuneytið og voru ríkiseign. Hér eru hins vegar tvær sjálfstæðar ríkisstofnanir, sem

starfa samkvæmt sérstökum lögum og eru alveg óháðar hvor annarri, bæði hvað snertir rekstur og reikningsskil. Dráttarvélin L.d. 92 var skrásett eign Sandgræðslunnar og rekin á kostnað og áhættu þeirrar stofnunar. Það tjón, sem dráttarvélin olli á bifreið Landnáms ríkisins, á að bætast af fé Sandgræðslunnar, og er það eigi á valdi framkvæmdarvalds ríkisins að gera þar aðra skipan á án sérstakrar lagaheimildar. Á grundvelli þess ber að fallast á það með stefnanda, að umræddar stofnanir komi fram sem sjálfstæðir aðiljar í lögskiptum þeim, sem hér um fjallar. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af 68. gr., 1. mgr. 69. gr. og 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber stefndu að bæta stefnanda tjón það, sem hann varð fyrir, þegar dráttarvélin ók á bifreið stefnanda. Með því að ekki er deilt um sök né bótafjárhæð, ber að dæma stefndu in solidum til að greiða hina umstefndu skuld, kr. 5.236.00.

Stefndu hafa mótmælt vaxtakröfu stefnanda. Rétt þykir að dæma stefndu til að greiða 6% ársvexti frá 15. maí 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 2.500.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Landgræðsla ríkisins og Vátryggingafélagið h/f, greiði in solidum stefnanda, Landnámi ríkisins, kr. 5.236.00 með 6% ársvöxtum frá 15. maí 1965 til 10. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 2.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. marz 1967.

Nr. 34/1967. **Lárus Ottesen**
gegn
Sindra h/f og Ólafi Péturssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Hlutafélag. Endurskoðandi. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. febrúar 1967, sem barst Hæstarétti 20. s. m., og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, varnaraðilja Ólafi Péturssyni verði dæmt skylt að svara vitnaspurningum þeim, er í úrskurðinum getur, og að varnaraðiljum, Sindra h/f og Ólafi Péturssyni, verði dæmt að greiða óskipt kærumálskostnað.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða hvorum þeirra kærumálskostnað.

Sóknaraðili kann að eiga kröfu á hendur stjórn Sindra h/f um fullnægjandi greinargerð um atriði í rekstri og starfsemi Sindra h/f, þau, er hann krefur Ólaf Pétursson endurskoðanda vættis um, en varhugavert þykir, eins og sakir standa, að veita sóknaraðilja rétt til að krefja endurskoðandann opinberra vitnaskýrslna í dómsmáli um þessi málefni hlutafélagsins, sbr. 6. gr. laga nr. 89/1953 og 4. tl. 126. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu ber að staðfesta úrskurð borgarfógeta.

Kærumálskostnaður á að falla niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 30. janúar 1967.

Í máli þessu eru þær réttarkröfur gerðar af hálfu gerðarbeiðanda, Lárusar Ottesen, Hagamel 40, *að* honum verði með beinni fógetagerð veittur aðgangur að bókhaldsbókum og bókhaldsgögnum Sindra h/f hér í borg og *að* honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarþola.

Af hálfu gerðarþola er framgangi innsetningargerðar mótmælt, og er málskostnaðar krafizt úr hendi gerðarbeiðanda.

Í réttarhaldi í máli þessu hinn 25. þ. mán. var mættur sem vitni Ólafur Pétursson, löggiltur endurskoðandi, Heiðargerði 30, en hann er endurskoðandi Sindra h/f og hafði gefið vottorð í málinu. Umboðsmaður gerðarbeiðanda bar upp fyrir Ólafi nokkrar spurningar, lútandi að atriðum í reikningum Sindra h/f. Vitnið neitar að svara 3 spurningum, og hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda krafizt þess, að því yrði með úrskurði gert að svara þeim.

Umboðsmenn aðilja óskuðu ekki eftir því, að fram færi munnlegur flutningur um atriði þetta, og var það þegar í stað tekið til úrskurðar.

Krafa gerðarbeiðanda um, að sér verði veittur aðgangur að bókhaldi Sindra h/f virðist vera byggð á því, að forstjóri hlutafélags þessa hafi brotið gegn ýmsum stjórnandaskyldum sínum. Eru borin fram nokkur atriði í þessa átt í málsútlistun gerðarbeiðanda, og þykir ekki ástæða til að rekja þau á þessu stigi máls.

Gerðarbeiðandi kveðst vera einn af stofnendum Sindra h/f og eiga 20% hlutafjár. Hann var í stjórn Sindra h/f allt til síðasta aðalfundar, 29. október 1966. Kveðst hann hafa komið á skrifstofu hlutafélagsins, Hverfisgötu 42, hinn 20. október 1966 ásamt Þorsteini Bjarnasyni endurskoðanda til þess ásamt honum að fara yfir bókhald félagsins, en þeir hafi ekki náð að kynna sér þessi gögn fyrir ofríki forstjóra þess.

Af hálfu gerðarþola er tekið fram, að gerðarbeiðandi hafi í 17 ár verið í stjórn hlutafélagsins og aldrei gert athugasemdir við ársreikninga. Hann sé fullfær um að gera sér grein fyrir bókhaldi félagsins einn síns liðs, enda sé honum það heimilt. Hitt sé annað mál, að engin skylda beri til að sýna Þorsteini Bjarnasyni þessi gögn.

Á fyrrnefndum aðalfundi, 29. október 1966, var mætt af hálfu gerðarbeiðanda og lögð fram yfirlýsing hans. Þykir rétt, að hún verði tekin orðrétt upp í úrskurð þennan, en hún er á þessa leið:

„Lárus Ottesen,
Hagamel 40, Reykjavík.

Ársreikningar Sindra h/f hinn 31/12 1965:

Ég mótmæli ársreikningum Sindra h/f pr. 31/12 1965 og ber fram nokkrar athugasemdir til bókunar, þar sem ég hef ekki fengið umbeðnar sundurliðanir né fengið aðgang að bókhaldi fyrirtækisins fyrir aðstoðarmann minn:

1. Á rekstrarreikningi 1965 er bruttóhagnaður af seldu brotajárni tilfærður með ..... kr. 117.897.00
   Á rekstrarreikningi 1964 er sams konar upphæð tilfærð með ..... — 1.155.087.00

   Mismunur til lækkunar 1965 ..... kr. 1.037.190.00
   Þessa lækkun tel ég óeðlilega.
2. Umboðslaun á rekstrarreikningi 1965 eru tilfærð með *kr. 68.724.20.*
   Þessi upphæð finnst mér óeðlilega lág miðað við heildarinnkaup á árinu, *kr. 54.528.768.97.*
3. Einnig vil ég gera athugasemd við eftirgreinda liði, sem ekki eru nægilega sundurliðaðir í ársreikningunum, og ég hef ekki fengið að yfirfara:

Vörubirgðir pr. 31/12 1965	kr.	6.214.115.00
Kostnaður við port	—	382.848.63
Ýmislegt vegna afgreiðslu o. fl.	—	1.831.389.92
Húsaleiga, ljós, hiti og ræstivörur	—	548.971.31
Viðhald	—	314.710.15
Viðhald bifreiða	—	523.954.54
Vaxtatekjur	—	317.915.43
Skuldunautar „Ýmsir“	—	2.208.941.72
Víxileign	—	3.248.588.70

Lárus Ottesen,
Hagamel 40, Reykjavík.

Lóðarúthlutun til Sindra h/f 1965:

Með vísun í bókun á fundargerð stjórnar Sindra h/f þann 29. nóv. 1965, þar sem hafnað er lóðarúthlutun til Sindra h/f á lóð við Borgartún, Reykjavík, vil ég að bókuð verði mótmæli mín við ákvörðun meirihluta stjórnarinnar.

Samkvæmt efnahagsreikningi Sindra h/f hinn 31/12 1965 nemur:

Skuld Sindrasmiðjunnar h/f ..... kr. 1.672.672.74
Skuld húseignin Hverfisgötu 42 s/f ..... — 271.646.00

Kr. 1.944.318.74

Heildar skuld þessara aðilja er því sem næst jafnhá og gatnagerðargjald hinnar úthlutuðu lóðar. Þar að auki bauð ég að greiða minn hluta, þ. e. 20%, af heildar gatnagerðargjaldinu.

Móttekið á aðalfundi Sindra h/f þ. 29/10 1966, sem fylgiskjal við bókun á aðalfundi í fundargerðarbók.

Ólafur Pjetursson fundarstjóri (sign)".

Ólafur Pétursson hefur með áritun sinni á endurrit þessarar yfirlýsingar gerðarbeiðanda viðurkennt móttöku hennar á aðalfundinum. Er endurritið við svo búið lagt fram í málinu sem rskj. 5.

Í vottorði, sem lagt hefur verið fram á rskj. 12 og er samið af Ólafi Péturssyni, getur þess, að gerðarbeiðandi hafi öll starfsár Sindra h/f verið þar prókúruhafi og hafi á hverju ári fengið afrit af skattframtölum hlutafélagsins. Á árinu 1965 hafi umboðsmaður Lárusar gert fyrirvara um uppgjör fyrirtækisins, en í fyrsta skipti á s. l. ári hafi hann persónulega borið fram kvartanir þar að lútandi svo og í seinni tíð ýmsar aðdróttanir. En hann hafi aldrei rökstutt athugasemdir sínar við uppgjör og rekstur fyrirtækisins. Kveðst Ólafur hafa látið gerðarbeiðanda vita, að hann væri reiðubúinn til að yfirfara með honum ýmsa liði í reikningshaldinu og raunar gefið honum munnlegar upplýsingar um ýmis atriði. En nú sé svo komið, að gerðarbeiðandi sé ekki lengur í félagsstjórninni og sé því í aðstöðu almenns hluthafa. Kveðst Ólafur Pétursson því engar skyldur hafa við hann sem endurskoðandi hlutafélagsins til svara við athugasemdum við uppgjör félagsins, en þau svör séu til reiðu með leyfi félagsstjórnar.

Þá er Ólafur Pétursson var skv. framansögðu mættur sem vitni í máli þessu og hafði viðurkennt rskj. 12 sem rétta frásögn, bar umboðsmaður gerðarbeiðanda svolátandi spurningu fyrir hann: „Hvaða skýringu getur vitnið gefið á þeirri lækkun, sem getur á lið 1 á rskj. 5 og umbjóðandi minn telur óeðlilega?"

Ólafur Pétursson neitaði að svara þessari spurningu, enda teldi hann mál þetta ekki snúast um þetta atriði og hann að auki trúnaðarmaður Sindra h/f. (Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að vitninu yrði gert með úrskurði fógeta að veita svör við spurningunni).

Þá spurði umboðsmaður gerðarbeiðanda, hverja skýringu vitnið gæti gefið á lið 2 á rskj. 5, en gerðarbeiðandi hafi einnig talið þann lið of lágt tilfærðan. Vitnið brást á sama hátt við þessari spurningu og með sama rökstuðningi.

Enn óskaði umboðsmaður gerðarbeiðanda þess, að vitnið Ólafur Pétursson léti í té sundurliðun á liðum þeim, sem taldir eru undir 3 á rskj. 5. Vitnið kvaðst ekki verða við þeirri ósk, nema til kæmi leyfi forráðamanna Sindra h/f.

Þannig krefst umboðsmaður gerðarbeiðanda, að Ólafi Péturssyni verði sem vitni gert skylt að svara nefndum tveim spurningum og að veita hinar umbeðnu upplýsingar og sundurliðun.

Lög nr. 89/1953 gilda um löggilta endurskoðendur. Þar segir í 6. grein: „Löggiltir endurskoðendur hafa réttindi og skyldur opinberra sýslunarmanna, þ. á m. þagnarskyldu um það, sem þeir fá vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara". Hér virðist koma fram sú meginregla, að löggiltir endurskoðendur skuli almennt gæta þagnarskyldu um hag þeirra, sem þeir starfa fyrir, og hafi hvorki rétt né skyldu til að bregða út af þeirri reglu, nema mjög brýnar ástæður krefjist, svo sem til meginupplýsinga í dómsmáli.

Í máli þessu stendur þannig á, að gerðarbeiðandi á skv. eigin sögusögn 20% hlutafjár Sindra h/f. Hann getur því, sbr. 30. grein laga nr. 77/1921, krafizt þess, að aukafundur verði haldinn í þessu hlutafélagi og þar leitað eftir svörum við þeim atriðum, sem hann krefst nú, að Ólafur Pétursson upplýsi.

Í öðru lagi er á það að líta, að réttarkröfur gerðarbeiðanda ganga út á það, að hann fái fógetaaðstoð til þess að kynna sér bókhald gerðarþola. Ef sú krafa hans nær framgangi, getur hann væntanlega gengið úr skugga um þau atriði, sem hann hefur spurt Ólaf Pétursson um.

Að þessu athuguðu þykir engin ástæða til að úrskurða, að Ólafi Péturssyni sé skylt sem endurskoðanda og sem vitni í máli þessu að svara spurningum um fjárhag og reikninga gerðarþola. Verður kröfum umboðsmanns gerðarbeiðanda, sem hér eru til úrskurðar, því vísað á bug.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Vitninu, Ólafi Péturssyni, er óskylt að veita svör og upplýsingar við framangreindum spurningum umboðsmanns gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 15. marz 1967.

Nr. 35/1966. **Einar Bragi Sigurðsson**
Kristján Jóhannesson
Sigurjón Þorbergsson
Stefán Pálsson og
Haraldur Henrysson (Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Lárusi Jóhannessyni
og gagnsök (sjálfur).

Ærumeiðingar. Fébætur. Ábyrgð samkvæmt lögum um prentrétt.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. marz 1966 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. maí 1966. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla.

2. Að refsing aðaláfrýjanda Einars Braga Sigurðssonar fyrir ummæli þau, sem hann var sakfelldur fyrir í héraðsdómi, verði þyngd.

3. Að aðaláfrýjanda Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að greiða honum kr. 15.000.00 til birtingar dóms þessa í opinberum blöðum.

4. Að aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur „til að sjá um, að „Dómsorð“ héraðsdómsins og allur væntanlegur hæstaréttardómur verði birt á áberandi stað í 1. eða 2. tbl. Frjálsrar þjóðar, sem kemur út eftir birtingu hans“.

5. Að aðaláfrýjanda Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að greiða honum miskabætur allt að kr. 500.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

6. Að aðaláfrýjanda Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að greiða málskostnað í héraði.

7. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um óskipta skyldu aðaláfrýjenda Kristjáns Jóhannessonar, Sigurjóns Þorbergssonar, Stefáns Pálssonar og Haralds Henryssonar til að þola fjárnám í eignum sínum til innheimtu sekta og dæmdra fjárhæða, að svo miklu leyti sem greiðslugeta aðaláfrýjanda Einars Braga Sigurðssonar hrekkur ekki til, og þeim gert að greiða málskostnað í héraði í þessum þætti málsins.

8. Að „allir aðaláfrýjendur verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til þess að greiða" málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er risið af ummælum, sem birtust í 34., 35., 36., 37. og 38. tölublaði 12. árgangs vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kom dagana 7., 14., 21. og 28. september og 5. október 1963. Greinar þessar eru ýmist ritaðar undir dulnefni eða höfundar ekki getið. Aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson var á þessum tíma ábyrgðarmaður blaðsins og ber því samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 ábyrgð á þeim. Huginn h/f var í greindum blöðum talinn útgefandi. Hlutafélagið var eigi skráð, en samkvæmt gögnum málsins áttu aðaláfrýjendur sæti í stjórn félagsins, þegar blöð þessi komu út. Mál það á hendur aðaláfrýjanda Einari Braga Sigurðssyni, sem greint er frá í héraðsdómi, var dæmt í Hæstarétti 20. júní 1966.

I.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi. Verður hér á eftir um þau ummæli fjallað, sem aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson var sakfelldur fyrir í héraðsdómi og ummælin auðkennd með sama hætti og þar.

Um I. b., II. d., II. e. og III. f.

Ummæli þau, sem hér um ræðir, beinast eigi að gagn-

áfrýjanda, og ber því að sýkna aðaláfrýjanda Einar Braga Sigurðsson af kröfum gagnáfrýjanda, að því er þau varðar.

Um III. b.

Ummæli þessi eru meiðandi fyrir gagnáfrýjanda. Varða þau aðaláfrýjanda Einar Braga Sigurðsson refsingu samkvæmt 235. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Um V. d.

Ummæli þau, er hér um ræðir, virðast ekki vera slík, að ástæða sé til að ómerkja þau. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda Einar Braga Sigurðsson af kröfu gagnáfrýjanda um ómerkingu þessara ummæla.

Að öðru leyti en að framan er rakið, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um ómerkingu ummæla og um refsiákvæði þau, sem ummælin þykja varða við.

II.

Svo sem getið er í héraðsdómi, rak gagnáfrýjandi um áratuga skeið umfangsmikla lögmannsskrifstofu hér í borginni. Hann hefur skýrt svo frá, að um langt skeið hafi hann haft fjármálaviðskipti við Búnaðarbanka Íslands og hafi bankinn keypt af honum víxla og önnur viðskiptabréf og hann ábyrgzt bankanum skilvísa greiðslu þeirra. Kveðst gagnáfrýjandi hafa hætt öllum viðskiptum, er hann var skipaður hæstaréttardómari 1. maí 1960, en það hafi tekið um hálft annað ár að ljúka þeim viðskiptum að mestu, sem þegar hafði verið stofnað til.

Gagnáfrýjandi hefur í málflutningi lýst því, að hann hafi, eftir að hann varð hæstaréttardómari, selt Búnaðarbanka Íslands víxla fyrir nafngreindan son sinn, sem rekur lögmannsskrifstofu hér í borg. Víxlana seldi gagnáfrýjandi í skjóli „kvóta“ sins í bankanum og í því skyni, að lögmaðurinn fengi venjulega þóknun af miðlarastarfsemi. Þannig hafi þetta verið með víxil að fjárhæð kr. 150.000.00, samþykktan af Ágústi Sigurðssyni, sem seldur hafi verið bankanum hinn 23. febrúar 1961.

Við úrlausn krafna um refsingu og fébætur ber að hafa í huga þessa forsögu blaðaskrifa þeirra, sem mál þetta er

risið af, og að ekki var viðeigandi, eins og á stóð, að gagnáfrýjandi stofnaði til síðastgreindu bankaviðskipta. Hins vegar ber að gæta þess, að veitzt var harkalega að gagnáfrýjanda með margendurteknum stóryrðum í nefndum blaðagreinum. Þegar þetta er virt, þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu aðaláfrýjanda Einars Braga Sigurðssonar, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga er rétt að dæma aðaláfrýjanda Einar Braga Sigurðsson til að greiða gagnáfrýjanda fébætur, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00, með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

III.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga ber að dæma aðaláfrýjanda Einar Braga Sigurðsson til að greiða gagnáfrýjanda kostnað við að birta forsendur og dómsorð Hæstaréttar í opinberum blöðum. Þykir sá birtingarkostnaður hæfilega ákveðinn kr. 7.000.00.

IV.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 ber að dæma aðaláfrýjanda Einar Braga Sigurðsson til þess að sjá um, að birt verði dómsorð héraðsdóms og svo forsendur og dómsorð Hæstaréttar í málinu, og skal birting fara fram í fyrsta eða öðru tölublaði vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

V.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms, að því er varðar aðaláfrýjendur Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson og Harald Henrysson. Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er þá varðar.

VI.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda Einar

Braga Sigurðsson til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

VII.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lagt fram allmörg skjöl, sem eigi eru sönnunargögn í máli þessu og eru því óviðkomandi. Ber að víta slíkan málflutning.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson greiði kr. 7.500.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson greiði gagnáfrýjanda, Lárusi Jóhannessyni, fébætur, kr. 40.000.00, með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson greiði gagnáfrýjanda kr. 7.000.00 til að standast kostnað af birtingu dómsforsendna og dómsorðs Hæstaréttar í opinberum blöðum.

Aðaláfrýjanda Einari Braga Sigurðssyni er skylt að sjá um, að dómsorð héraðsdóms og dómsforsendur og dómsorð Hæstaréttar verði birt í fyrsta eða öðru tölublaði vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi Einar Bragi Sigurðsson greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Staðfest er ákvæði héraðsdóms um aðaláfrýjendur Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson og Harald Henrysson.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er þá varðar.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Lárus Jóhannesson, fyrrverandi hæstaréttardómari hér í borg, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 6. marz 1964 og birtri sama dag, á hendur Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Bjarnarstíg 4 hér í borg, sem ábyrgðarmanni blaðsins Frjálsrar þjóðar út af síðar tilgreindum ummælum í 34., 35., 36., 37. og 38. tbl. 12. árgangs blaðsins, sem út komu dagana 7., 14., 21. og 28. september 1963 (svo). Eru greinar þessar ýmist ritaðar undir dulnefni, eða höfundar er á engan hátt getið. Stefnandi telur hin umstefndu ummæli ærumeiðandi fyrir sig og telur Einar Braga Sigurðsson bera refsi- og fébótaábyrgð á birtingu þeirra sem ábyrgðarmann blaðsins á þeim tíma, er ummælin birtust.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

I. Í 34. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 7. september 1963:

a) 1. Í greininni „Hæstaréttardómari seldi — Hilmar keypti affallavíxil verkamannsins", fyrirsögn greinarinnar og síðargreind ummæli.

2. *„Búnaðarbankinn tapar á víxilkaupunum.* Við athugun á reikningum Búnaðarbankans kemur í ljós, að hann hefur beinlínis tapað á því að kaupa víxil Ágústs Sigurðssonar og konu hans". ...

„En þó að hag Sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans sé þannig komið, að hún sé í raun jafn gjaldþrota og aðrir sjóðir bankans voru gerðir með gengisfellingum, þar sem sparisjóðsdeildin fleytir sér á okurlánum frá Seðlabankanum, er samt viðstöðulaust haldið áfram að kaupa jafn vafasama pappíra og víxil Ágústs Sigurðssonar og konu hans, án athugasemda, sem vissulega var algjörlega óverjandi frá bankans sjónarmiði. Auk þess heldur bankinn áfram að kaupa skuldabréf með 6—7% vöxtum milljónum saman. Hér hlýtur því að vera um að ræða aðra skýringu en þá, sem venjuleg bankaviðskipti byggjast á í siðuðu þjóðfélagi."

3. Undir millifyrirsögninni:

„Verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar."

„Viðskipti Jóhannesar Lárussonar, hrl., eru nefnilega framhald á viðskiptum verðbréfasölu Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann. Sér þá hver heilvitamaður, hverju hér er blátt áfram boðið heim ..."

4. Undir millifyrirsögninni:

„Við rætur meinsins."

„Eins og þessi frásögn ber með sér hefur lausleg könnun blaðsins, sem væntanlega verður umfangsmeiri fyrir Sakadómi, á máli Ágústs Sigurðssonar og sögusviði þess, leitt okkur beint að rótum þess meins, sem grafið hefur um sig í þjóðfélagi okkar á verðbólgutímunum. Banki, sem á að vera lyftistöng fyrir bændastéttina, lendir að því er virðist í klóm verðbólgubraskara verðbréfakaupmanna og skuggalegra fjáraflamanna, þó að betur verði greint frá því síðar.

Dæmið mætti setja þannig upp: Fátækur verkamaður í vandræðum, veit af fyrri reynslu í banka, að hann fær þar ekki það lán, sem hann þarf, vegna þess, að bankinn hefur ekkert fé til að lána, nema með tapi. Í nauð sinni lendir hann hjá verðbréfasala, sem segist verða að taka 65.000.00 kr. afföll af 150.000.00 kr. víxli. Verðbréfasalinn fer með víxilinn upp á kvóta sinn eða sinna í bankanum og fær 150.000.00 kr., þó að bankinn tapi stórfé í vöxtum á viðskiptunum. Og sparisjóðsdeild bændabankans, sem hefði átt að geta styrkt lánasjóði bænda hefði hún grætt, svo ekki þyrfti að taka þangað gengisfellingarlán, getur ekki gert það, þar sem verðbréfasalar og fleiri hafa ráð hennar í hendi sér, að því er virðist.

Hin botnlausa fjármálaspilling hefur fundið sér neðanjarðarfarveg, eykst og útnar út og streymir fram kolmórauð eins og stórfljót í leysingum.

Í þessu fljóti er íslenzka þjóðin að drukkna, siðgæði hennar og manndómur að kafna. Því heitum við á yfirsakadómara að taka nú á öllu því, sem honum er bezt gefið.

Leggist hinir beztu menn allir á eitt mætti svo fara, að þjóðin ætti sér enn von, þótt dökkt sé í álinn."

b) Í greininni „Lagaverðir á leið til stjarnanna", fyrirsögnin og greinin sjálf, sem er svohljóðandi:

„Lárus Jóhannesson, hæstaréttardómari, hefur verið kosinn forseti Hæstaréttar frá og með 1. september sl. og er þessa dagana ásamt forsætisráðherra handhafi forsetavalds á Íslandi. Í nýútkomnu BLAÐI LÖGMANNA er frá því skýrt, að Jóhannes Lár-

ursson hafi hinn 13. júlí sl. öðlazt réttindi hæstaréttarlögmanns. Er ekki örvænt, að hans bíði er stundir renna æðsti frami á sviði réttargæzlu og dómsmála, svo staðfastlega sem hann virðist ætla að feta í spor föður síns."

c) Í greininni „Otur skrifar: Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?", ummælin: ...

„Jafnvel dómurum er engan veginn treystandi í þjóðfélagi okkar í dag. Í dómarasætum geta setið hinir verstu bógar, sem aðrir sekir lögfræðingar vita allt um og geta því með hótunum um uppljóstranir neytt til rangdæmis, eða eyðileggingar á upplögðu máli gegn lögfræðingi."

d) Í greininni „Banki bænda", ummælin: ...

„Þann gróða, sem sparisjóðsdeild Búnaðarbankans hefði getað haft, hafa verðbréfabraskarar og affallavíxlasalar hirt eins og reikningar bankans bera með sér. Hefði sparisjóðsdeildin sjálf fengið þennan mikla gróða verðbólguáranna, hefði hún e. t. v. verið þess umkomin að lána sjálf sjóðnum, þannig að komast hefði mátt hjá hinum erlendu lántökum og þar með gjaldþroti þessara sjóða."

II. Í 35. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 14. september 1963:

a) Í greininni „Víxlakaup Jóhannesar. Kaupmaður missti aleiguna. Úr viðtali við Magnús Jónsson, bankastjóra". Undirfyrirsögnin „Mál Guðmundar Óskarssonar" og ummælin: ...

„Nú var þess óskað af hálfu blaðsins að mega leggja fyrir bankastjórann eitt nýtt mál, sem blaðið hafði upplýsingar um. Ungur kaupmaður hér í bæ, Guðmundur Óskarsson, átti sumarið 1960 fokhelt verzlunar- og íbúðarhús, skuldlaust. Vantaði hann nú peninga til að geta haldið áfram með bygginguna. Leitaði hann til Búnaðarbankans um, þó ekki væri nema 50 þús. kr. lán, út á 1. veðrétt í eigninni, en fékk neitun. Loks neyddist Guðmundur til þess að fara til Jóhannesar Lárussonar hdl. í júnímánuði 1960. Keypti Jóhannes af honum 250.000.00 kr. víxil. Afföll voru 100.000.00, 2% greiðsla til Jóhannesar fyrir að útvega lánið og auk þess greiddi Guðmundur vexti og þóknun í sex mánuði. Víxillinn var tryggður með 1. veðrétti í húseign Guðmundar. Samþykkjandi víxilsins var Guðmundur Óskarsson, en kona hans útgefandi. Samið var um að greiða víxilinn niður á ákveðnu árabili. Þegar Guðmundur ætlaði að greiða af víxlinum í desember 1960, tjáði Jóhannes Lárusson honum, að víxillinn væri eign Búnaðarbankans, og kannaðist ekki við að hafa lofað því,

að víxillinn skyldi framlengdur. Guðmundur skýrði nú bankastjóra Búnaðarbankans frá málinu, en hann kannaðist ekki heldur við nein loforð um framlengingu. Gat Guðmundur að sjálfsögðu ekki greitt víxilinn og sat nú við svo búið. Síðar fær Guðmundur boð um að mæta hjá Hilmari Stefánssyni bankastjóra til að ganga frá framlengingu á víxlinum. Tjáði Hilmar þá Guðmundi, að Lárus Jóhannesson hefði samið við bankann um framlengingu og greiðslutíma á víxlinum, en við hann hafði Guðmundur aldrei rætt um það mál. Of langt er að rekja framhald þessa máls að þessu sinni, sem endaði með því, að Guðmundur Óskarsson stóð uppi eignalaus maður. Með tilvísun til greinargerðar bankastjóra Búnaðarbankans liggur fyrir, að Búnaðarbankinn hefur aldrei átt víxla eða verðbréfaviðskipti við Jóhannes Lárusson hrl. Augljóst virðist því, að Búnaðarbankinn hafi keypt víxil Guðmundar Óskarssonar og konu hans af Lárusi Jóhannessyni, þó að bankinn gæti ekki keypt 50 þús. kr. víxil af Guðmundi sjálfum. Magnús kvað þessi viðskipti til komin fyrir sína tíð í bankanum og gæti hann því ekki svarað til um þau. Var hann þá að því spurður, hvort skilríki varðandi þennan víxil ættu ekki að vera til í bankanum. Kvað hann svo vera. Ýmislegt fleira bar á góma, sem ekki er rúm til að rekja nú."

b) Í greininni „Blaðsjá. Fjárhagsvandræði leyst", ummælin: ...

„Athugasemdinni fylgir mynd af kvittun, sem gæti — þótt ófölsuð væri — ekkert leitt í ljós nema það hvernig okurlánastarfsemi fer fram: lántakandi telst hafa tekið við einni upphæð og skuldbindur sig til að greiða hana, en fær í hendur aðra og langtum lægri fjárhæð. Blaðið flytur þessa „leiðréttingu" athugasemdalaust og setur henni fyrirsögn: „Sök er fyrnd, ef nokkur hefði verið"."

c) Í greininni „Ekki okurmál", fyrirsögnin og ummælin: ...

„Vegna blaðaskrifa um mál Ágústs Sigurðssonar, þar sem það er kallað okurmál, vill Frjáls þjóð taka ýtarlega fram, að hér er ekki um okurmál að ræða í þeirri merkingu, sem almennt er lagt í það orð. Hér er um miklu alvarlegra mál að ræða en hin svonefndu okurmál, einnig frá lagalegu sjónarmiði."

d) Í greininni „Athugasemd við skýrslu bankastjóra Búnaðarbankans", ummælin: ...

„Vissulega varð ekki hjá því komizt að draga fjárhagsástand bankans á árunum 1959 og 1960, þegar hin miklu verðbréfakaup áttu sér stað, inn í þau skrif. Sannar greinargerð bankastjóra Búnaðarbankans og yfirlýsing Seðlabanka Íslands, sem með

fylgir, afar greinilega, að hagur sparisjóðsdeildar Búnaðarbankans var vægast sagt heldur bágborinn þessi ár, þó að haldið væri áfram að kaupa víxla og verðbréf af Lárusi Jóhannessyni í mjög stórum stíl eins og skilríki bankans bera með sér. ...

Við álítum, að hinn stórbætti hagur bankans frá því, sem áður var, geti byggzt á því, að nú er lokið kaupum bankans á verðbréfum og víxlum frá Lárusi Jóhannessyni, sem hann kemur með sem þriðji maður, og fleirum slíkum, eins og blaðið hefur fengið upplýst."

e) Í greininni „Ágúst kannast ekki við kvittunina sem Þjóðviljinn birti mynd af", ummælin: ...

„Ágúst fullyrti, að hann hefði aldrei undirritað neina kvittun til Jóhannesar Lárussonar varðandi víxilupphæðina, og aldrei undirritað nein plögg varðandi þetta lánamál nema víxla og tryggingarbréfið. ...

Síðastliðinn þriðjudag gerist það aftur á móti, að dómsforseti Hæstaréttar, hr. Lárus Jóhannesson, biður um einkaviðtal við einn af ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar og sýnir honum þá kvittunarseðil þennan. Jóhannes Lárusson, hrl., hefur verið erlendis og er enn. Nú má því enn hér við bæta, að enda þótt Ágúst Sigurðsson hefði undirritað kvittun eins og þá, sem Þjóðviljinn birtir mynd af, var slík kvittun engin sönnun fyrir því að Jóhannes Lárusson hefði ekki tekið 65.000.00 króna afföll af víxlinum, eða ekki fremur en tryggingarbréfið og víxilinn, sem hann undirritaði og hljóðuðu upp á allt aðra upphæð en hann fékk greidda, sbr. það sem um þetta segir í kæru Ágústs og áður er birt. Þá skal sérstök athygli á því vakin, að í því, sem Þjóðviljinn segir sjálfur um mál Ágústs, þar sem birt er yfirlýsingin frá Sigurþóri B. Gunnarssyni stendur: „Kvaðst Ágúst hafa kvittað fyrir 150.000.00 kr. láni". — Þetta stendur hvergi í kæru Ágústs og þetta hefur Ágúst aldrei sagt. Þá skal einnig vakin sérstök athygli á því að fyrirsögnin, sem Þjóðviljinn velur sjálfur á umrædda grein hljóðar svo: „Sök er fyrnd, ef nokkur hefði verið". Þetta er marklaust bull og alrangt, en engu að síður athyglisvert, að Þjóðviljinn skuli draga það fram í fyrirsögn á yfirlýsingu frá Sigurþóri B. Gunnarssyni, sem EKKI er lögfræðingur, og því dálítið óvenjulegur fulltrúi hæstaréttarlögmanns, svo ekki sé meira sagt".

III. Í 36. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 21. september 1963:

a) Í greininni „Nýtt milljónadæmi um viðskipti Búnaðar-

bankans og verðbréfasölu Lárusar", fyrirsögnin og greinin í heild, en hún er svohljóðandi:

„Bankastjórar Búnaðarbankans hafa fyrir skemmstu gert digurbarkalega grein fyrir því, hversu vel hag Búnaðarbankans sé nú komið. Það mun vissulega vera fagnaðarefni þeim fátækum bændum, sem fram til þessa hafa gengið þar bónleiðir til búðar, er þeir hafa þurft á að halda fjármagni til bygginga og annarra búnaðarframkvæmda. En þótt hagur bankans hafi á undanförnum árum ekki verið svo beysinn ávallt, að unnt væri að sinna kvabbi peningalítilla bænda að neinu marki, þá mun það mála sannast — og vitnast æ betur — að ekki hafi skort þar fé, þegar Lárus Jóhannesson, núverandi forseti Hæstaréttar, þurfti að selja mönnum fasteignir. Undanfarin ár hefur Fasteigna- og verðbréfasala Lárusar annazt sölu á nýbyggðum húsum fyrir athafnasama og alþekkta húsameistara hér í borg. Í sambandi við þau viðskipti hefur komið fram, að Búnaðarbankinn hefur verið fús, að lána íbúðarkaupendum svo skipti tugum þúsunda króna hverjum einstökum, ef hinir sömu kusu að kaupa af téðri fasteignasölu. Frjáls þjóð veit sönnur á því, að fasteigna- og verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar gat þannig t. d. á árinu 1958 útvegað til eins og sama stigahússins, í Álfheimum 32—36, hart nær 1 milljón króna víxillán hjá Búnaðarbankanum, og með þeim þægilegu skilmálum að greiða það niður á 5 árum. Hús þetta byggðu svonefndir Hólakotsbræður, Ingólfur Guðmundsson o. fl. Hefur fasteignasalan raunar ekki farið að öllu dult með lánastarfsemi sína: hefur bæði auglýst hana og sagt frá lánaskilmálum hverjum sem vildi. Er vart unnt að draga af þessu aðra ályktun en þá, að verðbréfa- og fasteignasala Lárusar Jóhannessonar hafi verið rekin sem eins konar deild úr Búnaðarbankanum, enda bera skilríki bankans það glöggt með sér."

b) Í greininni „Rannsókn í Búnaðarbankanum. Hilmar og Lárus kallaðir fyrir", fyrirsögnin og ummælin: ...

„Síðastliðinn föstudag var uppi fótur og fit innan bankans, því þá mættu þar dómsforseti Hæstaréttar, Lárus Jóhannesson og fyrrverandi bankastjóri Búnaðarbankans, Hilmar Stefánsson, til að standa þar reikningsskap gerða sinna hjá bankastjórunum, Stefáni Hilmarssyni og Magnúsi Jónssyni. Það verður því miður að segjast, að hér er um ákaflega lítið traustvekjandi málsmeðferð að ræða, þar sem Stefán bankastjóri er sonur Hilmars, fyrrv. bankastjóra, og þó að margt gott sé um Magnús bankastjóra þá er hann þó flokksbróðir Lárusar og Lárus fyrrv. þingbróðir

Magnúsar. Hér skal því meira en venjulegan heiðarleika og réttlætisást til, miðað við aldarandann eins og hann nú er, ef allt á að fara að sköpum."

c) Í greininni „Hvað gerir saksóknari?", fyrirsögnin og greinin í heild, sem er svohljóðandi:

„Fljáls þjóð hefur í síðustu blöðum og þessu lagt á borðið staðreyndir um viðskipti Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann, þess eðlis, að fullkomin ástæða virðist til þess fyrir saksóknara að fyrirskipa víðtækari rannsókn á þessum málum öllum en kæra Ágústs Sigurðssonar ein gefur tilefni til. En hvað gerir saksóknari? Almenningur mun fylgjast með því með mikilli athygli."

d) Í greininni „Otur skrifar: Réttarríki — eða hvað?", en hún er svohljóðandi:

„Þegar lesin er kæra Ágústs Sigurðssonar, sem birt var hér í blaðinu nýlega, blasir við heldur nöturleg mynd: Fátækur verkamaður þarf á nokkurri fjárhæð að halda til lagfæringar á lítilli íbúð sinni. Verkamaðurinn þekkir af reynslu, að viðhlítandi úrlausnar er ekki að vænta á heiðarlegum viðskiptagrundvelli í bönkum. Þá les hann í Morgunblaðinu sakleysislega auglýsingu um 150.000.00 þús. kr., sem fáanlegar séu að láni. Auglýsandinn er Jóhannes Lárusson, hdl. En Jóhannes á ekki peningana, heldur einhver huldumaður, sem krefst 65 þús. króna af fjárhæðinni fyrir góðmennskuna eina, því að þar að auki tekur hann af upphæðinni allri venjulega útlánsvexti Búnaðarbanka Íslands, og loks tekur Jóhannes 2% fyrir að útvega lánið. Eftir eru handa verkamanninum 76 þús. krónur, eða ríflega helmingur þeirrar fjárhæðar, sem hann er skuldbundinn til að greiða með vöxtum á næstu fimm árum. Allt bendir til, að Jóhannes segi það satt, að hann eigi ekki lánsfé: annars hefði honum tæplega verið neitt að vanbúnaði að greiða þessar 76 þúsundir, strax þegar gengið hafði verið frá víxli og tryggingarbréfi. En víxillinn er samþykktur 21. febrúar, seldur í Búnaðarbankanum 22. febrúar og næsta dag fær verkamaðurinn sinn skarða hlut greiddan. Þar með er orðið ljóst, að það var fé Búnaðarbanka Íslands, sem þriðji aðili bauð til láns í auglýsingunni. Bankastjórar Búnaðarbankans hafa lýst yfir, að þeir hafi aldrei og hefðu aldrei keypt víxla eða verðbréf af Jóhannesi Lárussyni. Hann hefði því ekki getað komið þessum viðskiptum fram aðstoðarlaust í viðkomandi lánastofnun. En þá kemur sá til skjalanna, sem máttugri er, og hjálpar upp á sakirnar: Lárus Jóhannesson núverandi dómsforseti

Hæstaréttar, tekur að sér að selja víxilinn inn á kvóta sinn í Búnaðarbankanum, og Hilmar Stefánsson kaupir hann umsvifa- og athugasemdalaust án þess að kynna sér, hvernig pappírinn sé undir kominn, án þess að tala við lántakandann til að kanna lánsfjárþörf hans og möguleika á að standa í skilum. Nú vakna ýmsar spurningar: Vissi Hilmar, að Jóhannes hafði annazt þessi viðskipti, og keypti hann fyrir milligöngu Lárusar þau bréf, sem hann hefði aldrei keypt af Jóhannesi sjálfum? Eða keypti Hilmar víxilinn í þeirri góðu trú, að Lárus hefði hér einn um fjallað og mundi standa bankanum skil á upphæðinni, ef verkamaðurinn reyndist ófær um að standa í skilum? Ef svo hefði verið, hvers vegna gekk hann þá ekki strax að Lárusi, þegar verkamaðurinn hafði sagt honum alla sögu málsins, í stað þess að bjóða honum að greiða víxilinn á tíu árum? Og þá kemur röðin að Lárusi: vissi hann ekki, að bankinn væri ófús á að kaupa víxla og verðbréf af Jóhannesi, eða hélt hann því af ráðnum hug leyndu fyrir bankastjóranum, að víxillinn væri frá Jóhannesi runninn? Getur hvótahafi í Búnaðarbanka Íslands refsilaust af stofnunarinnar hálfu skotið inn á kvóta sinn víxlum eða verðbréfum frá þriðja aðila, sem bankinn vill ekki eiga viðskipti við? Og seinast en ekki síst: ef ákæruatriðið um afföllin er rétt, eins og verkamaðurinn mun nú hafa eiðsvarið fyrir sakadómi, hver sló þá eign sinni á þessar 65 þúsundir eða hverjir, ef fleiri voru en einn?

Hlýtur ekki grunur að falla á þá menn alla, sem að þessum viðskiptum stóðu, og þó mestur á þá tvo, sem yfir fénu réðu, þar sem þeir höfðu ráð Jóhannesar í hendi sér, en hann ekki ráð þeirra? Frjáls þjóð mun ekki taka fram fyrir hendur rannsóknardómarans með því að svara þessum spurningum af eða á. Blaðið vill ekki heldur fullyrða neitt um sekt eða sakleysi neins, sem við þetta mál er riðinn, meðan rannsókn þess er ekki að fullu lokið. En segja verður sem er, að of lítill virðuleikablær er þá orðinn yfir æðsta dómstóli þúsund ára réttarríkis, þegar maður, sem sjálfur hefur neglt sig jafn rækilega við óglæsilegt mál og Lárus Jóhannesson hefur gert með því að selja margnefndan víxil og ganga milli manna með kvittanaseðil, sem kærandinn kannast ekki við og almenningur getur ekki skilið hvaða hlutverki á að gegna, telur það samboðið dómaraheiðri sínum og sæmd Hæstaréttar að sitja þar í dómsforsæti, meðan rannsókn málsins fer fram fyrir sakadómi. Og finnst dómsmálaráðherra ekkert við þetta að athuga? Kapítuli fyrir sig er svo framkoma blaðanna.

Morgunblaðið, Vísir, Alþýðublaðið og Tíminn hafa látið hjá líða að skýra lesendum sínum frá, hvernig mál verkamannsins sé vaxið og tengslum þess við Búnaðarbankann, en þrjú hin fyrrnefndu brugðið Frjálsri þjóð um tilefnislaus rógskrif um stofnunina og ábyrgðarmenn hennar. Þjóðviljinn rekur gang málsins fyrir harða áeggjan þekkts lögmanns í Sósíalistaflokknum, en gín strax á eftir við næsta undarlegri athugasemd frá fulltrúa eins sakbornings og greinargerð frá syni annars, og síðan hefur Þjóðviljinn ekki á málið minnzt, þegar þetta er ritað. Í Mánudagsblaðinu stígur fram sannleikspostuli prímsigndur í tveimur flokkum og flytur varnarræðu fyrir sakborningana frá Grísafelli réttlætisins. Ritstjóri Nýrra vikutíðinda lýsir í dauðans ofboði allri ábyrgð af fyrri skrifum blaðs síns á hendur Frjálsri þjóð og segir frá því blygðunarlaust, að fyrrverandi starfsmaður Búnaðarbankans, Ragnar Ingólfsson, hafi á sinni tíð hrætt sig til að innkalla blaðið og brenna því!

Manni verður að spyrja: hvað er hér á seyði? Trúa öll þessi málgögn því, að Ágúst Sigurðsson og aðrir, sem svipaða sögu hafa að segja, séu að ljúga sök á hendur mönnum? Eða eru öll þessi blöð múlbundin? Trúa þau því, að ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar sé það sérstakt áhugamál að ófrægja vammlausa menn? Hyggjast þau hafa einhvern ábata af því að siga dómstólunum á Frjálsa þjóð fyrir að hafa þorað að segja frá athæfi, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, ef satt reynist? Því er að þessu spurt, að blöðin gætu veitt veigamikla aðstoð við rannsókn slíkra mála utan réttar, ef þau vildu og þyrðu. En þau virðast annað hvort ekki vilja það eða þora, og er hörmulegt til þess að vita."

e) Í greininni „Hvað lásu skattayfirvöldin út úr skattskýrslu Ágústs?", ummælin: ...

„Hverjum eru svo þessar 65 þúsund krónur færðar til tekna til skatts? Milligöngumaðurinn Jóhannes hrl. telur sig hafa aðeins 2%, eða kr. 3.000.00, svo ekki hefur hann farið að telja sér alla þóknunina til tekna. Hefur „Maðurinn", sem lagði peningana til, og flest bendir til að sé sá, sem seldi víxilinn í bankann, talið fram eftirstöðvarnar, kr. 62 þúsund? Og fær hann að skipta þeim tekjum niður á 5 ár eða á jafnmörg ár og fórnarlambið fær að skipta gjöldum sínum? ..."

f) Í greininni „Þrístirni" í þeim hluta blaðsins, er nefnist „Lítið fréttablað", ummælin: ...

„Hefur úr mörgu horni heyrzt, að óhörð væri að þessu sinni barátta Þjóðviljans fyrir rétti hins fátæka gegn „botndreggjum auðvaldsins“.“

IV. Í 37. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 28. september 1963:

a) Greinin „Nýtt tugmilljónamál: Prentarablokkirnar hafðar að féþúfu“, en hún er svohljóðandi:

„Byggingasamvinnufélag Prentara hefur á undanförnum árum byggt fjölda íbúða hér í bæ, m. a. hefur félagið byggt íbúðarblokkir við Nesveg, Hjarðarhaga, Kleppsveg og Sólheima. Íbúðirnar voru seldar ýmsum. Sameiginlegt er með öllum þessum íbúðum, að skuldabréf með ríkisábyrgð voru gefin út vegna þeirra allra, mismunandi há, frá kr. 75 þús. til 200 þús., eða meira í einstökum tilfellum.

Bréfin seld með 30% afföllum.

Stjórnendur byggingafélagsins gáfu húsbyggjendum kost á því að selja þessi bréf fyrir þeirra hönd og voru söluskilmálar bréfanna þeir, að afföll voru 30% og 2% þóknun fyrir að selja bréfin að auki. Allir íbúðakaupendur, sem Frjáls þjóð hefur átt tal við, urðu að sæta þessum kostum. Íbúðarkaupendum við Hjarðarhaga a. m. k. var beinlínis tjáð, að verðbréfasala Lárusar Jóhannessonar hefði tekið að sér sölu á bréfunum fyrir félagið. Auk þess mun sama verðbréfasala hafa selt einhvern hluta af skuldabréfunum vegna íbúða félagsins við Kleppsveg, en skuldabréf útgefin vegna íbúðanna við Kleppsveg námu alls rúmlega 7 milljónum kr., að því er blaðinu er tjáð. Verðbréfasala vegna allra íbúða félagsins nemur sennilega milljónatugum. Nú hafa a. m. k. allmargir skuldarar sýnt það gáleysi að greiða af þessum skuldabréfum á skrifstofu félagsins, án þess að afborgun væri færð á skuldabréfið sjálft, samtímis, en það ber mönnum einmitt að fullvissa sig um að gert sé, og hafa bankar meira að segja birt aðvaranir til manna í þessu efni.

Sönnunrgögn fengin.

Nú hefur blaðið fengið staðfest, að Búnaðarbanki Íslands hafi keypt á nafnverði þau skuldabréf, sem Lárus annaðist sölu á. Bera þá skilríki bankans með sér, hver selur honum og á hvaða gengi, en bókhald Byggingarsamvinnufélags prentara ber hins vegar með sér, hvað kom í sjóð þess, vegna sölu hvers og eins skuldabréfs, og er það bókhald lögum samkvæmt endurskoðað af trúnaðarmönnum fjármálaráðuneytisins.

Sönnunargögn fengin.

Hér ættu því að vera fengin óræk sönnunargögn um þessi viðskipti frá báðum hliðum og sömuleiðis staðfest dæmi, að það stærsta, sem blaðið hefur greint frá til þessa, um það, hvers eðlis viðskipti þeirra Lárusar Jóhannessonar og Hilmars Stefánssonar hafa verið. Þessu til viðbótar getur blaðið bætt því við, að engin fyrirstaða mun á því af hálfu stjórnar Byggingarsamvinnufélags prentara, að hún léti sakadómara í té allar upplýsingar um þessi mál, væri þess óskað af hálfu ákæruvaldsins, ef dæma má af þeim greinargóðu svörum, sem Frjáls þjóð fékk þar, er blaðið leitaði upplýsinga um þetta mál. Og vissulega er það óhjákvæmilegt, að rannsökuð verði öll verðbréfaviðskipti Lárusar Jóhannessonar við Búnaðarbankann, þar sem naumast er við því að búast, að eitt blað geti birt um þau tæmandi upplýsingar."

b) Greinin „Otur skrifar: Til athugunar fyrir ákæruvaldið", en hún er svohljóðandi:

„Óhætt er að fullyrða, að skrif Frjálsrar þjóðar um víxla- og verðbréfaviðskipti Lárusar Jóhannessonar og Búnaðarbankans hafa vakið meiri athygli almennings en venjulegt er. Hefur þakklæti frá lesendum blaðsins blátt áfram rignt yfir það, samfara almennum kröfum um, að blaðið skildist ekki við málið fyrr en réttlætið hefði náð fram að ganga. Almenningur hefur litið svo á, að þessi mál gætu beinlínis ráðið úrslitum um það, hvort sú almenna siðspilling, sem hér hefur grafið um sig í opinberu lífi að undanförnu, skyldi móta þjóðfélagið næstu ár og áratugi, eða hvort við getum vænzt þess að búa í raun í siðmenntuðu réttarríki.

Blöðin þegja.

Þá hefur almenningur verið sem þrumu lostinn yfir því, hvernig þau blöð, sem almennt hafa notið trausts sem málsvarar velsæmis og réttlætis, hafa þagað um þessi mál og þær bláköldu staðreyndir, sem Frjáls þjóð hefur lagt fram.

Enginn vefengir.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum, að enginn þeirra, sem Frjáls þjóð hefur nafngreint sem viðriðna þessi mál með einu eða öðru móti, hefur reynt að mótmæla, hvað þá hrekja skrif blaðsins. Það eru aðeins bankastjórar Búnaðarbankans, sem senda öllum blöðum mótmælaorðsendingu, þegar þeir skilja skrif Frjálsrar þjóðar á þann veg, að blaðið sé að halda því fram, að hagur bankans nú sé slæmur. Hefði blaðið haldið þessu fram

var það vissulega vefengjanlegt, og þess vegna mótmæla bankastjórarnir. Það er svo annað mál, að þessi túlkun bankastjóranna á skrifum blaðsins var röng.

Viðskiptin stöðvuð.

Blaðið hefur sagt, að Búnaðarbankinn kaupi ekki lengur víxla og verðbréf frá Lárusi Jóhannessyni. Því hefur enginn mótmælt. Hvernig stendur á því, að Magnús Jónsson lokar fyrir viðskipti Lárusar um leið og hann fær aðstöðu til, ef ekkert var við þau að athuga; ef þau voru eðlileg og hagkvæm fyrir bankann og frá sjónarmiði bankastjórnarinnar? Blaðið hefur skýrt frá því, að bankastjórnin hafi talið „ekki óeðlilegt", að Lárus kæmi heim frá útlöndum, þegar eftir að það birti kæru Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyi og Búnaðarbankanum. Þetta þýðir á máli almennings, að bankinn hafi gert ráðstafanir til þess, að Lárus yrði kallaður heim frá útlöndum, og talið það jafnvel nauðsynlegra, en að láta kalla Jóhannes heim, sem þó var kærður í málinu. Þessu hefur enginn mótmælt, en bankastjórarnir lýst því yfir, að bankinn hafi engin viðskipti átt við Jóhannes Lárusson hrl.

Mál Guðmundar.

Blaðið hefur skýrt frá því, að Guðmundur Óskarsson, fyrrv. kaupmaður, hafi selt Jóhannesi Lárussyni 250 þús. kr. víxil árið 1960 með 100 þús. kr. afföllum, að Búnaðarbankinn hafi keypt þennan víxil og munu skilríki bankans bera það með sér, að Lárus Jóhannesson hafi selt bankanum þennan víxil. Þessu hefur enginn mótmælt, hvorki bankastjórn Búnaðarbankans, Lárus Jóhannesson né Sigurþór Breiðfjörð Gunnarsson, sem kallar sig fulltrúa Jóhannesar Lárussonar, hrl.

Ákæruvaldið.

Og saksóknari hreyfir sig ekki út af þessu máli, svo vitað sé. Þó veit að sjálfsögðu enginn betur en saksóknari, að embætti hans var stofnað í því skyni fyrst og fremst að gæta réttlætisins og uppræta spillingu betur en áður var, og því fremur, ef hátt settir trúnaðarmenn ríkisins eiga í hlut. Og nú er spurt: Hversu lengi á þessi þögn hinna „ábyrgu" blaða og aðgerðarleysi saksóknara til að ganga? Þó að Frjáls þjóð geti að sjálfsögðu aflað sér upplýsinga utan réttar og birt þær, hefur hún þó ekki vald til að dæma. Ætlar ákæru- og dómsvaldið að nota sér það, til að hafast ekkert að í þessum ömurlegu málum?

Og loks mætti spyrja: Hvenær telur Hæstiréttur traust sitt og álit í hættu í hugum almennings?"

c) Greinin „Hver hirti 100 þúsund fyrir víxilsöluna?", en hún er svohljóðandi:

„Í marzmánuði árið 1961 leitaði maður nokkur hér í bæ eftir láni hjá Jóhannesi Lárussyni, héraðsdómslögmanni, og var honum veitt lán að upphæð 250 þúsund krónur með 100 þúsund króna afföllum, auk 2% þóknunar til Jóhannesar fyrir að útvega lánið. Maðurinn var látinn samþykkja tvo víxla fyrir láninu, annan að upphæð 150 þúsund krónur, hinn 100 þúsud krónur, og var sonur hans útgefandi beggja víxlanna. Til tryggingar skilvísri greiðslu varð hann að veita veð í íbúðarhúsi sínu. Vextir voru venjulegir útlánsvextir Búnaðarbanka Íslands, og skyldi lánið greitt á 5 árum með jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti.

Engin kvittun.

Ekki er eigenda lánsfjárins getið fremur en endranær, en vert er að geta þess, að engin kvittun var tekin fyrir greiðslu víxilfjárins, og verður nú kvittunin fræga frá Ágústi Sigurðssyni enn sérstæðari, þegar uppvíst er, að slík kvittun hefur ekki verið tekin af öðrum lántakendum, sem átt hafa við Jóhannes sams konar viðskipti um sömu mundir.

Annar víxillinn í Búnaðarbankanum.

Þegar greiða skyldi fyrstu afborgun, kom á daginn, að 150 þúsund króna víxillinn var orðinn eign Búnaðarbanka Íslands, keyptur þar á fyrsta degi án þess að könnuð hefði verið lánsfjárþörf samþykkjanda og greiðslumöguleikar eða yfirleitt við hann rætt um víxilinn. Aftur á móti hafði 100 þúsund króna víxillinn verið skráður til innheimtu í Verzlunarbankanum.

Mátti aðeins ræða við Hilmar.

Hér er um nokkuð breytta viðskiptahætti að ræða, frá því er víxill Ágústs Sigurðssonar var seldur mánuði áður. Hvers vegna kaupa bankastjórarnir ekki af Lárusi 250 þúsund króna víxil í þetta sinn, eins og áður hafði verið gert (sbr. víxil Guðm. Óskarssonar), ef þeim var ókunnugt um affallaupphæðina? Ekki er blaðinu kunnugt, hvort Hilmar Stefánsson hefur hér einn um vélt af bankans hálfu, þó að Magnús Jónsson væri þá heima, en geta má þess, að þegar fyrsta afborgun nálgaðist í september 1961, kom lántakandi að máli við Jóhannes og kvað sér óhægt að greiða af víxlunum báðum á sama tíma. Spurðist hann fyrir

um, hvort ekki mundi auðið að fá afborgunardag Búnaðarbankavíxilsins færðan fram, þannig, að þrír mánuðir yrðu á milli afborgana af víxlunum. Taldi Jóhannes ekki ólíklegt, að það mætti takast, en lagði ríkt á við manninn, að um þennan víxil mætti hann ekki ræða við aðra en Hilmar Stefánsson.

Hver var seljandinn?

Þá er að skyggnast eftir seljanda 150 þúsund króna víxilsins. Núverandi bankastjórar hafa lýst yfir í greinargerð sinni, að bankinn hafi aldrei keypt víxla né verðbréf af Jóhannesi Láruss. Og af hverjum mundi bankinn þá hafa keypt þennan stóra víxil umsvifa- og athugasemdalaust nema Lárusi Jóhannessyni inn á hinn víða kvóta hans? Spyr sá sem ekki veit. En óþarft er að velkjast í vafa um það, því að samkvæmt upplýsingum Magnúsar Jónssonar um varðveizlu gagna í stofnuninni, á svunta fyrsta víxilsins að vera til í bankanum og bera með sér nafn seljanda. Vegna tilmæla lántakanda verður sú undantekning gerð að birta ekki nafn hans að sinni, en hann hefur tjáð sig reiðubúinn að staðfesta frásögn þessa fyrir rétti, og mun blaðið gefa ákæruvaldinu vitneskju um nafn hans, ef óskað verður. Einnig eru fleiri til vitnis um frásögn þessa, ef þörf krefði.

Er bankinn saklaus.

Í þessum mánuði hefur viðkomandi lántakandi verið að greiða af öðrum hvorum víxlinum 10 eða 15 þúsund krónur auk vaxta, og eflaust er fjöldi fólks að reita sig inn að skinninu til að greiða af víxlum og verðbréfum, sem eins eru til orðin og hér hefur verið lýst. Því verður sú spurning æ áleitnari, hve lengi þessi ósómi eigi svo til að ganga, hvort ekki sé rétt af fólki að neita að greiða af svona pappírum fyrr en úr því hefur fengizt skorið fyrir dómstólum, hvort lánastofnanir séu ekki skaðabótaskyldar gagnvart fólki, sem jafn grálega hefur verið leikið vegna misnotkunar á fjármunum, sem víxlarar áttu of greiðan aðgang að í bönkum. Hver maður sér, að Lárus hefði ekki getað vaðið í bankann svo sem hann hefur gert nema með vilja og vitund bankastjóra. Og getur bankinn komizt undan ábyrgð af gerðum forráðamanna sinna?

Vissu bankaráðsmenn hvers kyns var?

Af viðtali við Benedikt Guttormsson í seinasta blaði mætti ráða, að hann hefði rætt viðskipti Hilmars og Lárusar við bankaráðsformenn, þótt hann fáist ekki til að játa það beinlínis „á

þessum vettvangi". Hafi bankaráðsmenn vitað um hin stórfelldu víxla- og verðbréfaviðskipti Lárusar við bankann — viðskipti, sem í mörgum tilfellum hafa verið bankanum mjög í óhag — hafa þeir þá ekki gerzt sekir um sinnuleysi um hag bankans með því að láta undir höfuð leggjast að rannsaka, hvernig á hinum bróðurlegu samskiptum bankastjórans og verðbréfasalans stæði og stöðva leikinn? Og hvað um bankaráðsmenn? Hafi formenn bankaráðs haft grun eða vitneskju um, að ekki væri allt með felldu, hafa þeir þá ekki skýrt bankaráðsmönnum frá því? Við þessu eiga allir viðskiptamenn bankans skýlausan rétt á vöflulausum svörum. Forráðamenn bankans geta ekki verið þekktir fyrir að skýla sér bak við hljóðheldan múr óskilgreindrar þagnarskyldu eftir það, sem á undan er farið, eða leyfist manni að spyrja, hversu langt „þagnarskylda" geti gengið án þess að breytast í yfirhilmingu?

Hver auðgaðist á afföllunum?

Af viðtalinu við Benedikt er alveg ljóst, að meðan hann og Haukur Þorleifsson stjórnuðu bankanum, hefur Hilmar Stefánsson haldið viðskiptunum við Lárus Jóhannesson gangandi á bak við þá. Lítill væri þá embættismetnaður Benedikts og Hauks, hafi þeir ekki kvartað yfir þessu heimabruggi Hilmars við bankaráð eða að minnsta kosti skýrt formanni bankaráðs frá því til að firra sig ábyrgð. Hafi bæði bankaráði og bankastjórum verið um þetta kunnugt, má undarlegt telja, ef þeirri hugsun hefur ekki skotið upp hjá þeim, að með þessum tveimur heiðursmönnum væru meiri dáleikar en vanalegt og æskilegt er, þegar um bankastjóra og stóran viðskiptamann bankans er að ræða. Hvarflaði aldrei að forráðamönnum bankans, að ekki væri fyrir það synjandi, að þeir Hilmar og Lárus gætu verið tengdir hagsmunaböndum? Og hafa þeir gert ráðstafanir til að ganga úr skugga um, hvort svo hafi verið eða ekki? Rannsökuðu þeir til dæmis, hvort ríkmannlegt líferni bankastjórans benti til, að hann hefði öðru og meira fé úr að spila en launum sínum hjá bankanum? Og hver varð niðurstaðan? Einnig þessu á almenningur kröfu á, að forráðamenn bankans svari. Og meira en það; ef ákæruvaldið tekur sig ekki sjálft fram um að hefja opinbera rannsókn þeirra mála, sem skýrt hefur verið frá í Frjálsri þjóð að undanförnu, ber ráðamönnum bankans siðferðileg skylda til að krefjast rannsóknar umsvifalaust.

Hvers vegna var Stefán kosinn eftirmaður föður síns?

Hafi nú svo verið komið, sem ekki virðist fráleit ályktun, að bankaráðsmönnum hafi verið fullljóst um það leyti, sem Hilmar var að láta af störfum, að stjórn hans á bankanum hafi ekki í öllum efnum verið sem farsællegust, hvað olli því þá, að þeir fólu syni hans stjórn bankans við brottför hans? Þó að Stefán Hilmarsson kunni að vera hinn gegnasti maður og hæfur bankastjóri, er þó augljóst, að hann getur ekki verið óhlutdrægt vitni í neinu, sem föður hans varðar. Meðal annars þess vegna er það öldungis fráleitt, að þau alvarlegu efni, sem hér eru á döfinni, geti verið nokkurt innanhúsmál Búnaðarbanka Íslands. Það ætti Magnús Jónsson að skilja, ef ekki sem bankastjóri, þá sem lögfræðingur, og það ætti Hermann Jónasson að skilja, ef ekki sem bankaráðsmaður og fyrrverandi formaður bankaráðsins, þá sem hæstaréttarlögmaður".

V. Í 38. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 5. október 1963:

a) Greinin „Er verið að fjarlægja sönnunargögnin? Víxillinn horfinn úr bankanum", í heild ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

„Eftir viðtal Frjálsrar þjóðar við bankastjórn Búnaðarbankans, höfðu þeir, sem viðtalið áttu af hálfu blaðsins, rökstudda ástæðu til að ætla, að víxill Ágústs Sigurðssonar, verkamanns, mundi ekki verða í eigu bankans mjög lengi. Voru því af hálfu blaðsins gerðar ráðstafanir til þess, að Ágúst Sigurðsson fylgdist með víxlinum. Fyrir skömmu lagði Ágúst leið sína í Búnaðarbankann og spurðist fyrir um víxilinn. Var honum þá tjáð, að þar skuldaði hann engan víxil lengur og neitaði Tryggvi Pétursson að gefa honum upplýsingar um, hvar víxillinn væri nú. Hér hefur gerzt mjög alvarlegur hlutur, ekki aðeins fyrir Lárus Jóhannesson, dómsforseta Hæstaréttar og Ágúst Sigurðsson, heldur einnig stjórn Búnaðarbankans og saksóknara. Ef tómlæti þeirra og seinagangur á að taka þessi mál viðeigandi tökum, verður til þess, að tíminn verður notaður til að skjóta undan sönnunargögnum, er ábyrgð þeirra vissulega mikil. Væri það t. d. djarft að láta sér detta í hug, að ýmis sönnunargögn e. t. v. mikilvægari fyrir rannsókn þessara mála en víxill Ágústs, yrðu fjarlægð úr bankanum, fyrst víxill Ágústs er horfinn þaðan? Og skyldi Stefán Hilmarsson teljast alveg hlutlaus um það? Ekki verður hjá því komizt að krefja bankastjóra Búnaðarbankans skýlausra svara við nokkrum spurningum af þessu tilefni. Hverjum var víxill

Ágústs framseldur og hvar er hann til innheimtu nú? Var fyrirvari í framsalinu? Ágúst hafði fengið það loforð hjá Hilmari Stefánssyni, að mega greiða víxilinn á 10 árum, og kynni það að skipta meira en litlu máli fyrir Ágúst, hvort það loforð var ritað sem kvöð á víxilinn og verður haldið eða ekki. Hefur Lárus Jóhannesson, dómsforseti Hæstaréttar, eða einhver fyrir hans hönd keypt fleiri víxla eða verðbréf af Búnaðarbankanum síðustu vikurnar? Eru víxlar og verðbréf yfirleitt til sölu hjá Búnaðarbankanum og þá e. t. v. hæstbjóðanda? Væri þá ekki brotinn trúnaður á viðskiptamönnum bankans? Innheimtir ekki lögfræðingur Búnaðarbankans vanskilavíxla? Tekur lögfræðingur bankans full laun samkvæmt gjaldskrá lögmannafélagsins fyrir slíka innheimtu? Er mál Ágústs til rannsóknar, og hver rannsakar það? Þórður Björnsson, Lárus Jóhannesson eða Stefán Hilmarsson? Í greinargerð bankastjóra Búnaðarbankans vegna skrifa um víxil Ágústs Sigurðssonar, segja bankastjórarnir orðrétt: „Það er að sjálfsögðu ekki síður áhugamál Búnaðarbankans en Frjálsrar þjóðar, að það mál upplýsist til hlítar —". En þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hafa þeir látið fjarlægja víxilinn, sem málið reis út af, úr Búnaðarbankanum, og verður það að teljast allvafasöm aðstoð af þeirra hálfu við að upplýsa þetta skuggalega mál, en getur vissulega ýtt undir enn meiri tortryggni en áður, ekki sízt þegar þess er gætt, að dómsforseti Hæstaréttar er sannanlega viðriðinn málið, og sönnunargagn um það í höndum sakadómara. Í viðtali við Frjálsa þjóð lýsti Magnús Jónsson bankastjóri yfir því, að Búnaðarbankinn mundi engu leyna í sambandi við mál Ágústs Sigurðssonar. En nú verður að ætla, að það gagnið, sem sjálft málið stendur um, sé með hans vitund horfið. Hér eru sýnilega svo alvarlegir hlutir að gerast, að athygli almennings hlýtur að beinast í æ ríkari mæli að gerðum eða aðgerðarleysi rannsóknardómara og ríkisins, og menn hljóta að spyrja: Er vitandi vits verið að koma málum þessum fyrir? Er ekki tími til kominn, að bankastjórarnir báðir víki úr störfum og bankinn verði settur undir opinbert eftirlit meðan á rannsókn þessara mála stendur? Hvar í veröldinni gæti það gerzt, að maður, sem er viðriðinn sakamál á rannsóknarstigi, gæti gengið inn í ríkisbanka og keypt af syni annars málsaðila sönnunargögn, sem niðurstaða rannsóknarinnar getur oltið á?"

b) Í greininni „Verra en okur. Þjóðhættulegt trúnaðarbrot — sem varðar mjög þungri refsingu", fyrirsögn greinarinnar og ummælin:

„... Sök sú, sem fjallað er um í kæru Ágústs Sigurðssonar, er allt annars eðlis. Þar er vakinn sterkur grunur um, að eiðsvarnir embættismenn hafi framið sviksamlegan fjárdrátt í einum ríkisbankanum. Samkv. kærunni er bankinn lánveitandinn og fé hans (almennings) notað til að fremja hinn meinta fjárdrátt, en eigin fjármunir ekki settir í neina hættu. En okur er hins vegar það, ef maður lánar sitt eigið fé til lengri eða skemmri tíma og tekur fyrir þá fjárfestingu og áhættuna af verðfalli peninganna, hærri vexti en lögin um okur heimila. Ef hlutaðeigandi embættismenn yrðu sannir að sök í máli Ágústar Sigurðssonar og öðrum fjárdráttarmálum, sem Frj. þjóð hefur skrifað um að undanförnu, þá væri hér á ferðinni ein háskalegasta starfsemi, sem átt getur sér stað í þjóðfélaginu, og varðar mjög þungri refsingu. Er þá ekki sízt refsað fyrir þjóðhættulegt trúnaðarbrot eiðsvarinna háttlaunaðra embættismanna. Við rannsókn þessa máls má því ekki sýna neina vægð. Haft er fyrir satt, að formaður bankaráðs Búnaðarbankans, Jón Pálmason, hafi að áeggjan Hermanns Jónassonar, skorað á Hilmar Stefánsson, er skrif Nýrra vikutíðinda um bankann voru á ferðinni, að hreinsa sig og bankann af ásökunum þess blaðs, en Hilmar hafði þá talið það undir virðingu sinni að taka mark á slíku blaði."

c) Greinin „Lárus játar afföllin", ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

„Lárus Jóhannesson, dómsforseti Hæstaréttar, hefur sent dagblöðunum yfirlýsingu, þar sem hann játar á sig að hafa tekið afföll af ríkistryggðum skuldabréfum, allt að 32%. Sömuleiðis lýsir hann því yfir, að hann hafi ekki selt Búnaðarbankanum RÍKISTRYGGÐ skuldabréf síðan 1954. Víst vissum við það, að Lárus hafði fundið annan farveg fyrir ríkistryggðu bréfin eftir 1954, en Búnaðarbankinn keypti af honum eftir þann tíma bæði skuldabréf, sem ekki voru ríkistryggð og víxla, sem tekin höfðu verið af 40% afföll, t. d. í marz 1961, eins og skýrt var frá í síðasta tbl. Frjálsrar þjóðar. Þetta bera skilríki bankans með sér. E. t. v. vill Lárus Jóhannesson gefa yfirlýsingu um þau viðskipti einnig í dagblöðunum. Þögn hans um þau atriði er nefnilega næsta skýrmælt, úr því hann á annað borð fer að gefa yfirlýsingu um þessi mál í blöðum."

d) Í greininni „Kvóti í banka", ummælin:

„... Frjáls þjóð hefur því aflað sér upplýsinga um það mál. Sú athugun leiddi til þess, að í ljós kom, að þau plögg, sem Lárus seldi Búnaðarbankanum og blaðaskrif hafa orðið um, geta

EKKI gengið inn á svonefnd kvótaviðskipti í neinum banka ...".

e) Í greininni „Otur skrifar: Ljót fingraför", ummælin: ...

„Frá því hefur verið skýrt opinberlega, að Þórður Björnsson sakadómari hafi með höndum rannsókn í máli Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni hrl. og Búnaðarbankanum. Frá því hefur einnig verið skýrt opinberlega, að Búnaðarbankinn hafi selt Þórði Björnssyni í hendur sönnunargagn í málinu, sem beini meintum verknaði að dómsforseta Hæstaréttar, Lárusi Jóhannessyni öðrum fremur, og hefur þær afleiðingar ÓHJÁKVÆMILEGA í för með sér, að Þórður Björnsson verður að kalla Lárus fyrir rétt, sem grunaðan um aðild að þessu ókræsilega máli. Þetta sönnunargagn er svuntan af víxli Ágústs, áritað af Lárusi sjálfum, sem seljanda víxilsins á útgáfudegi, jafnframt því að gera sér ómak þann dag með víxilin í bankann. ...

Það er augljóst hverjir hafa fjallað um tilnefningu Þórðar Björnssonar í þetta dómþing öðrum fremur, hvað sem fyrir þeim herrum hefur vakað."

f) Í greininni „Fjárdráttarmál", ummælin:

„... En þessi mál bæði eru veigalítil samanborið við þau mál, sem Frjáls þjóð hefur verið að upplýsa að undanförnu."

g) Greinin „Lárus verður að víkja úr Hæstarétti", í heild ásamt fyrirsögn, en greinin er svohljóðandi:

„Sú spurning gerist nú æ áleitnari í hugum manna, hvenær Lárus Jóhannesson muni víkja úr Hæstarétti vegna rannsóknar þeirra mála, sem Frjáls þjóð hefur skýrt frá síðustu vikurnar. Almenningur undrast stórlega, hver dráttur hefur orðið á þessari sjálfgerðu ráðstöfun, og þykir að vonum sem ákæruvaldið og Hæstiréttur muni bíða þeim mun meiri álitshnekki, sem þetta dregst lengur. Frjáls þjóð hefur að sjálfsögðu reynt að grafast fyrir um það, hvernig þessi mál stæðu á „hæstu stöðum". Niðurstöður þeirra athugana eru þær, að ákæruvaldið telji sig hafa einhverja möguleika til að draga það að láta Lárus víkja meðan ekki er lengra komið rannsókn í máli Ágústs Sigurðssonar en raun ber vitni. Sú rannsókn hefur í raun stöðvazt vegna þess að Jóhannes Lárusson hrl. hefur verið erlendis og er enn, og ákæruvaldið hefur EKKERT gert til að kalla hann heim, þó að útivist hans sé orðin að athlægi meðal almennings, ekki sízt þar sem Lárusi var beint heim af skyndingu. Talið er að þessi frestur sé ekki að öllu illa séður af ákæruvaldinu, þar sem Lárus Jóhannesson verður 65 ára í þessum mánuði. En svo mun mælt fyrir í lögum, að hæstaréttardómarar geti látið af embætti 65

ára og haldið þó fullum eftirlaunum. En ef hér er rétt til getið, verður að segjast, að þó að ákæruvaldið eigi vissulega að grunda mál fast og djúpt, væri hér þó einum of langt seilzt, og á þann hátt að ekki er sérlega traustvekjandi."

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa, fyrir greinar þessar og fyrir að leggja sig opinberlega í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum samkvæmt ákvæði 2. liðs 232. gr., 234. gr., 235. gr., 236. gr. og 237. gr. almennra hegningarlaga. Þá krefst stefnandi þess samkvæmt ákvæði 241. gr. sömu laga, að hin tilgreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk. Þá krefst stefnandi þess samkvæmt ákvæði 2. tl. 241. gr. almennra hegningarlaga, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða sér kr. 15.000.00 til þess að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í þeim blöðum, sem að einhverju eða öllu leyti birtu greinar um hann eftir Frjálsri þjóð, en þau blöð kveður stefnandi vera Þjóðviljann, Tímann, Alþýðublaðið, Ný vikutíðindi og Mánudagsblaðið hér í Reykjavík og „sjálfsagt mörg blöð úti á landi, sem ég veit ekki um enn", eins og segir í kröfugerð stefnanda. Þá gerir stefnandi og þá dómkröfu, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57 frá 1956 dæmdur til þess að birta dóm í máli þessu „með jafnstórri fyrirsögn og höfð hefur verið stærst í svívirðingargreinunum um mig", eins og segir í kröfugerð stefnanda. Þá gerir stefnandi þá dómkröfu, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur vegna hinna umstefndu ummæla bæði fyrir beint fjártjón eftir almennum reglum svo og bætur samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga fyrir þjáningar, hneisu og óþægindi og fyrir röskun á stöðu og högum, allt að kr. 500.000.00 með 7% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu, 6. marz 1964, til greiðsludags. Að lokum hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi Einar Bragi Sigurðsson verði dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá kröfu sinni um bætur fyrir fjárhagslegt tjón, en hann heldur fast við kröfu sína um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga og fjárkröfu sína, kr. 500.000.00, sem bætur fyrir það tjón.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þá varakröfu varðandi ummælin undir kröfuliðnum IV c og V c, fari svo, að dómarinn telji ummælin ekki refsiverð eftir ákvæði 236. gr.

almennra hegningarlaga, þá verði stefnda Einari Braga Sigurðssyni gerð refsing eftir ákvæðum 234. gr. eða 235. gr. sömu laga. Þá gerði stefnandi og þá kröfu til vara, að dómarinn ómerki að eigin mati hin umstefndu ummæli innan þeirra marka sem kröfur í stefnu eru gerðar, en til þrautavara, að ómerkt verði ummæli þau, sem fram koma á dskj. nr. 54. Að öðru leyti heldur stefnandi fast við refsi- og ómerkingarkröfur þær, sem hann hefur gert í stefnu. Kröfur þær til þrautavara um ómerkingu, sem stefnandi hefur gert á dskj. nr. 54, eru innan marka ómerkingarkrafna þeirra, sem hann hefur gert í stefnu, og þykja því ekki efni til að tilgreina þær sérstaklega.

Í framangreindum eintökum Frjálsrar þjóðar er Hugins h/f getið sem útgefanda blaðsins. Hefur stefnandi einnig stefnt stjórnendum félagsins, en þá kveður hann vera auk stefnda Einars Braga Sigurðssonar þá Kristján Jóhannesson, Dalbraut 1, Sigurjón Þorbergsson, Lokastíg 4, Stefán Pálsson, Stýrimannastíg 14, og Harald Henrysson, Kambsvegi 12 hér í borg. Einnig hefur stefnandi stefnt varastjórnendunum Ingimari Jónassyni, Grettisgötu 77 hér í borg, og Sigmari Ingasyni, Ytri-Njarðvík. Á hendur öllum þessum stefndu gerir stefnandi þær dómkröfur, að þeir verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að þola það, að fjárnám verði gert í eignum þeirra fyrir sekta-, skaðabóta- og málskostnaðargreiðslum svo og fyrir greiðslu kostnaðar við birtingu dóms, sem aðalstefndi, Einar Bragi Sigurðsson, kann að verða dæmdur til að greiða í máli þessu, að svo miklu leyti sem greiðslugeta Einars Braga Sigurðssonar hrekkur ekki til fyrir greiðslum þessum. Þá krefst stefnandi og þess, að þessir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér málskostnað að skaðlausu eftir gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Stefnandi hefur áskilið sér rétt til að stefna síðar þeim stofnendum Hugins h/f, sem ekki eru einnig í stjórn félagsins, og gera á hendur þeim sams konar kröfur og á hendur félagsstjórninni. Einnig hefur hann áskilið sér rétt til að framkvæma kyrrsetningu á eignum aðalstefnda eða varastefndu undir rekstri málsins. Ekki hefur stefnandi aukið við kröfur sínar með sakaukastefnu eða framhaldsstefnu í samræmi við þennan áskilnað sinn.

Kröfur sínar á hendur stefndu Kristjáni Jóhannessyni, Sigurjóni Þorbergssyni, Stefáni Pálssyni, Haraldi Henryssyni, Ingimari Jónssyni og Sigmari Ingasyni byggir stefnandi á því, að samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt megi innheimta með fjárnámi hjá útgefanda rits greiðslur sekta, fébóta, málskostn-

aðar og greiðslu kostnaðar við birtingu dóms, sem ritstjóri blaðs sé dæmdur til að greiða, sé hann ekki jafnframt útgefandi blaðsins. Í blöðum þeim, sem hafi að geyma hin umstefndu ummæli í máli þessu, sé Hugins h/f getið sem útgefanda blaðsins Frjálsrar þjóðar, en fram sé komið, að félagið hafi ekki verið löglega skráð fyrr en hinn 26. febrúar 1964. Af þessu leiði, að stjórnendur félagsins beri þá varaábyrgð, sem á sé lögð samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði.

Af hálfu stefnda Einars Braga Sigurðssonar og svonefndra varastefndu, þeirra Kristjáns Jóhannessonar, Sigurjóns Þorbergssonar, Stefáns Pálssonar, Haralds Henryssonar, Ingimars Jónassonar og Sigmars Ingasonar, eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafizt, að bótakrafa stefnanda verði stórlega lækkuð að mati dómarans og að stefndi Einar Bragi verði aðeins dæmdur til að greiða lága fjársekt. Til þrautavara er þess krafizt, að ábyrgð varastefndu verði miðuð við mest kr. 77.000.00 og henni skipt niður að tiltölu við hlutafjárloforð hvers þeirra um sig. Stefndu krefjast málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að staðhæfing stefnanda um það, að hin umstefndu ummæli séu meiðandi og móðgandi fyrir hann, fái ekki staðizt. Langmestur hluti greina þeirra, sem fjalla um mál Ágústs Sigurðssonar og önnur kærumál í sambandi við það, sé almenn pólitísk gagnrýni á fjármálaástandið í landinu og meðferð bankanna á fé landsmanna, tregðu þeirra til að lána einstaklingum almennt fé til nauðsynlegra framkvæmda, en jafnframt örlæti þeirra á fé, er vissir einstaklingar eða hagsmunahópar eigi hlut að máli. Verði öll ummæli þessi að skoðast í því ljósi, að hér sé um að ræða róttækt stjórnarandstöðublað, sem sé að túlka skoðanir sínar á þjóðmálum. Blaðið trúir á málstað verkamannsins Ágústs Sigurðssonar og gerir hann að sínum. Er því haldið fram, að í mörgum þessara greina sé ekki minnzt á stefnanda, en í öðrum sé hann nefndur á nafn í sambandi við víxilkaup Búnaðarbankans og kærur, sem fram hafi komið á son stefnanda. Sannað sé, að stefnandi hafi átt hlut að sölu tiltekinna víxla í Búnaðarbankanum og að sú sala hafi farið fram, eftir að stefnandi tók við embætti hæstaréttardómara. Með hjálpsemi sinni við son sinn hafi stefnandi tekið á sig mikla áhættu, því að enda þótt stefnandi mætti persónulega bera það traust til sonar síns, að viðskipti

hans og viðskiptamanna hans færu fram á fullkomlega löglegum grundvelli, hafi hann vegna Hæstaréttar þó ekki mátt taka neina áhættu. Jafnvel það að taka 2% af lánsfjárhæðinni í þóknun, eins og sonur stefnanda hafi gert, hafi getað verið tilefni til óánægju viðskiptamanna hans, er hann vissi, að víxillinn var orðinn eign Búnaðarbankans. Sú hafi líka orðið raunin á, að óánægður viðskiptamaður sonar stefnanda hafi komið af stað blaðaskrifum þeim, sem mál þetta er risið af og stefnandi kveður hafa valdið því, að hann hafi séð sig tilneyddan til að segja af sér embætti hæstaréttardómara. Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að í umræddum blaðagreinum sé farið með sönn ummæli og eigi því ekki að refsa fyrir þau samkvæmt þeirri almennu reglu íslenzks réttar, að sannindi ummæla leysi undan refsingu, þótt þau annars teldust varða við meiðyrðalöggjöfina. Af hálfu stefndu er því sérstaklega mótmælt, að 236. gr. almennra hegningarlaga taki til hinna umstefndu ummæla.

Sýknukrafa svonefndra varastefndu er studd þeim rökum, að þeir verði ekki sóttir persónulega í máli þessu, heldur Huginn h/f, sem sé útgefandi blaðsins Frjálsrar þjóðar. Félagið, sem stofnað hafi verið hinn 4. maí 1963, hafi að vísu ekki verið skráð fyrr en hinn 26. febrúar 1964, en stefnanda hafi þá þegar verið kunnugt um skráninguna og gildi hún því gagnvart honum frá þeim degi. Stefna í máli þessu hafi hins vegar ekki verið gefin út fyrr en hinn 6. marz 1964 til þingfestingar hinn 31. s. m. Af þessu sé ljóst, að á þeim tíma, sem stefnandi hafi byrjað málssókn sína, sé Huginn h/f hinn rétti aðili að máli þessu, en ekki stjórnendurnir persónulega. Er því haldið fram í þessu sambandi, að ekki skipti neinu máli, hvenær skrif þau birtust, sem mál þetta er risið af, þar sem félagið hafi þá verið löglega stofnað og hafi félagsins verið getið í blaðinu sem útgefanda þess. Þá er því mótmælt af hálfu varastefndu, að þeir beri einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð gagnvart stefnanda. Þótt svo yrði talið, að honum hafi verið rétt að sækja þá til persónulegrar ábyrgðar, þá geti ábyrgð þeirra aðeins orðið að tiltölu við hlutafjárloforð hvers þeirra, en þau skiptist þannig: Ingimar Jónasson kr. 2.000.00, Kristján Jóhannesson kr. 5.000.00, Sigurjón Þorbergsson kr. 60.000.00, Haraldur Henrysson kr. 1.000.00, Stefán Pálsson kr. 8.000.00 og Sigmar Ingason kr. 1.000.00. Framangreindar kröfur varastefndu, sem byggðar eru á aðildarskorti, eru reistar á ákvæði 45. gr. laga nr. 85/1936 svo og á almennum reglum um ábyrgð. Þá er því haldið fram, að þótt ákvæði 10. gr. laga nr. 77/1921

leggi skyldu um tilkynningu hlutafélags á stjórn þess, þá leiði eigi af því, verði misbrestur á, að stjórnin ein beri þá ábyrgð, sem félagið mundi bera, ef skráð væri. Er á það bent í þessu sambandi, að ábyrgð sú, sem fjallað er um í máli þessu samkvæmt 17. gr. laga nr. 57/1956, sé alveg sérstaks eðlis, ábyrgð, sem leiði af meintum refsiverðum verknaði, sem hún hafi engan þátt átt að. Þá er því og haldið fram, að samkvæmt 23. gr. samþykkta Hugins h/f taki varamenn ekki þátt í stjórn félagsins, nema aðalmaður megi ekki sinna stjórnarstörfum, en af hálfu varastefndu Ingimars og Sigmars hafi því verið lýst yfir, að þeir hafi engin stjórnarstörf unnið fram að þeim tíma, sem greinargerð stefnda í málinu er rituð.

Verður nú að nokkru rakinn undanfari blaðaskrifa þeirra, sem hér hafa verið rakin, svo og annað það, sem fram er komið í málinu af því tilefni. Með kæru, dagsettri hinn 24. ágúst 1963, kærði Ágúst Sigurðsson, Drápuhlíð 48 hér í borg, til yfirsakadómarans í Reykjavík út af meintu okri. Kæra Ágústs var birt í 33. tbl. 12. árgangs Frjálsrar þjóðar, er út kom hinn 31. ágúst 1963, að ósk Ágústs, eins og segir í blaðinu. Ekki var stefnanda máls þessa getið í kærunni eða ummælum blaðsins varðandi hana þann dag. Í næstu fimm tölublöðum blaðsins var enn um mál þetta ritað, og birtust þá meðal annars ummæli þau, sem rakin hafa verið. Á tímabilinu 7. september til 23. október 1963 fór fram fyrir sakadómi Reykjavíkur rannsókn út af greindri kæru Ágústs Sigurðssonar, og verður nú rakið það, sem þar kom fram.

Við rannsókn þessa skýrði Ágúst Sigurðsson svo frá, að í íbúð þeirri, sem hann hafi átt, hafi komið fram miklir leyndir gallar, svo að nær óbúandi hafi verið í henni. Hann hafi þó orðið að búa við þetta lengi, þar sem hann hafi alveg skort fé til aðgerða og nægilegt bankalán hafi hvergi verið að fá. Í desembermánuði 1960 kveðst hann hafa séð auglýsingu í Morgunblaðinu frá manni, sem kvaðst geta veitt peningalán. Hafi þetta reynzt vera Jóhannes Lárusson héraðsdómslögmaður, en hann er sonur stefnanda í máli þessu. Ágúst kveður Jóhannes hafa sagzt geta útvegað 150 þúsund króna lán hjá manni, sem ekki léti nafns síns getið. Hafi Jóhannes sagzt láta Ágúst vita síðar, hvort hann kæmi til greina í þessu sambandi. Ágúst kveðst nú ekkert hafa heyrt frá Jóhannesi fyrr en hinn 20. febrúar 1961, er hann hafi hringt í sig og boðað sig til samtals á skrifstofu hans, þ. e. Jóhannesar,

þann dag. Þar kveður Ágúst Jóhannes hafa tjáð sér, að hann gæti fengið lánið gegn víxli, sem hann, Ágúst, samþykkti og kona hans gæfi út, og yrði víxillinn tryggður með veði í íbúð þeirra hjónanna. Skyldi víxillinn greiðast á fimm árum með kr. 15.000.00 á sex mánaða fresti auk vaxta og kostnaðar. Afföll af láninu til lánveitanda skyldu vera kr. 65.000.00, en sjálfur fengi Jóhannes aðeins 2% af láninu, eða kr. 3.000.00, fyrir milligöngu sína. Ágúst kveðst hafa talið sig neyddan til að ganga að þessum kostum vegna óhjákvæmilegra aðgerða á íbúðinni.

Daginn eftir, hinn 21. febrúar 1961, kveður Ágúst Jóhannes hafa komið til þeirra hjónanna með víxil og tryggingarbréf, tilbúið til undirskriftar, og hafi þau þá ritað nöfn sín á þessi skjöl. Samkvæmt tryggingarbréfinu var víxillinn tryggður með 4. veðrétti á eftir skuldum samtals að fjárhæð kr. 57.500.00, sem þá hvíldu á 1., 2. og 3. veðrétti. Ekki kveður Ágúst neina votta hafa undirritað tryggingarbréfið þarna á staðnum, en í veðmálabókum sjáist, að Jóhannes Lárusson og Erla Hannesdóttir, sem ekki hafi þó verið viðstödd, hafi vottað undirskrift þeirra hjónanna.

Ágúst kveður nú Jóhannes hafa sagt sér að koma og vitja peninganna næsta dag og hafi hann gert það. Kveður hann Jóhannes þá hafa greitt sér kr. 76.000.00 af andvirði víxilsins, en mismuninn, kr. 74.000.00, hafi Jóhannes tekið í afföll, forvexti til sex mánaða og fleira. Ágúst kveður Jóhannes aldrei hafa minnzt á Búnaðarbankann, er þetta gerðist, en í tryggingarbréfinu sé tekið fram, að af víxlinum eigi að greiða venjulega vexti Búnaðarbankans, en ekki kveður hann talað hafa verið um, hvar greiða ætti vexti og afborganir af víxlinum. Ekki kveður Ágúst aðra hafa verið viðstadda en þá tvo, er þetta gerðist. Þegar gjalddagi víxilsins nálgaðist, kveðst Ágúst hafa hringt til Jóhannesar varðandi það, hvort hann skyldi greiða hjá honum vexti og afborganir og hafi þá Jóhannes sagt, að Búnaðarbankinn væri orðinn eigandi víxilsins og bæri honum að snúa sér þangað. Litlu síðar kveðst Ágúst hafa fengið greiðslutilkynningu frá bankanum. Kveðst hann nú hafa átt tal við Hilmar Stefánsson bankastjóra og skýrt honum frá viðskiptunum við Jóhannes. Kveður hann bankastjórann hafa orðið mjög undrandi yfir þessu og lofað, að hann mætti greiða víxilinn á tíu árum í stað fimm. Kveðst Ágúst nú hafa greitt af víxlinum kr. 10.000.00, en með vöxtum og kostnaði alls kr. 16.991.00. Eftir þetta kveðst Ágúst

hafa átt við Tryggva Pétursson um framlengingar og greiðslur á víxlinum og hafi afborganir eftir þetta ýmist verið litlar eða engar.

Í kæru sinni kveður Ágúst eftirstöðvar víxilsins nema kr. 129.000.00 og víxilinn í vanskilum frá 3. júní s. á. Kveður Ágúst víxilinn vera til innheimtu hjá Benedikt Guttormssyni, starfsmanni Búnaðarbankans. Kveðst hann hafa tjáð Benedikt alla forsögu víxilsins á sama hátt og Hilmari Stefánssyni bankastjóra og hafi Benedikt sagt að lokum, að bankinn yrði að láta selja íbúð þeirra hjónanna þá um haustið, ef ekki yrðu gerð skil á víxlinum. Í ágústmánuði 1962 kveðst Ágúst hafa talað við Ágúst Fjeldsted, formann Lögmannafélags Íslands, og skýrt honum frá lánveitingunni og lánskjörum og jafnframt beðið hann um að rétta hlut sinn. Kveður hann Ágúst Fjeldsted hafa tekið málaleituninni vel og sagzt ætla að hafa tal af Jóhannesi Lárussyni. Nokkru síðar kveðst Ágúst hafa komið í skrifstofu Ágústs Fjeldsted. Hafi hann þá sagzt hafa talað við Jóhannes og hefði hann ekki beint borið á móti frásögninni og mundi Jóhannes vilja tala við Ágúst. Sama dag eða stuttu síðar kveðst Ágúst Sigurðsson hafa talað við Jóhannes í skrifstofu hans. Hafi Jóhannes í fyrstu verið mjög gramur yfir því, að hann hefði snúið sér til formanns Lögmannafélags Íslands, en að lokum hafi hann boðizt til að endurgreiða kr. 6.000.00, og kveðst Ágúst hafa tekið við þeirri fjárhæð. Hann kveðst þó hafa sagt Jóhannesi, að hann mundi kæra málið, því að þetta væru engar bætur. Hafi Jóhannes þá sagzt ætla að tala við lánveitandann. Daginn eftir kveður Ágúst Jóhannes hafa hringt í sig og beðið sig um að koma á skrifstofuna til hans. Kveður Ágúst Jóhannes hafa greitt sér kr. 1.000.00 í viðbót og hafi hann jafnframt sagt, að maðurinn, lánveitandinn, hefði samþykkt þetta með því skilyrði, að málið færi þá ekki lengra. Ekki kveðst Ágúst hafa lofað neinu um það. Ágúst kveðst nú hafa komizt að því, að Búnaðarbanki Íslands hafi keypt umræddan 150 þúsund króna víxil strax á útgáfudegi hans, 22. febrúar 1961, og án nokkurra affalla til bankans sjálfs.

Við rannsókn málsins kvaðst Ágúst Sigurðsson hafa talið víxilafföllin fram á skattframtölum sínum árin 1962 og 1963. Jóhannes skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur, að það muni hafa verið í nóvember eða desembermánuði 1960, að einn viðskiptavina hans hafi skýrt honum frá því, að hann hefði hug á að kaupa skuldabréf til fimm ára að nafnverði kr. 100.000.00 til kr. 150.000.00, tryggt með veði í fasteign. Kvað hann manninn hafa

spurt að því, hvort hann hefði nokkur slík bréf á hendinni eða hvort hann gæti auglýst eftir slíkum bréfum fyrir hann. Jóhannes kveðst hafa skýrt manni þessum frá því, að hann hefði engin slík bréf sjálfur, en að hann væri fús til að auglýsa eftir þeim. Varð það síðan úr, að hann setti auglýsingu um þetta í Morgunblaðið. Jóhannes kvaðst hafa fengið nokkur tilboð, en ekki kvaðst hann hafa svarað þeim þá þegar, vegna þess að einhver afturkippur hefði komið í málið af hendi viðskiptavinarins. Nokkru síðar kvað hann svo viðskiptamanninn hafa skýrt sér frá því, að hann hefði áhuga á bréfakaupunum. Nokkru síðar kvaðst Jóhannes hafa hringt til eins þeirra, sem sent höfðu tilboð og honum leizt einna bezt á, og var það Ágúst Sigurðsson. Kvaðst Jóhannes nú hafa beðið Ágúst um að koma til sín á skrifstofuna þann sama dag eða næsta dag. Hann kvað Ágúst hafa komið á tilsettum tíma og hafi hann þá spurt Ágúst að því, hve hátt lán hann þyrfti og hverjar tryggingar hann hefði. Hafi Ágúst sagzt þurfa 150 þúsund króna lán og að því er Jóhannes kveður sér hafa skilizt, vegna íbúðar, er hann hafði þá keypt nýlega og standsetja þyrfti.

Jóhannes kvað tryggingu þá, sem Ágúst hafi getað sett, hafa verið umrædda íbúð. Ekki kvað Jóhannes frekari viðræður hafa farið fram milli þeirra í þetta skipti. Jóhannes kvað nú nokkra daga hafa liðið. Kvaðst hann þá hafa talað við greindan viðskiptavin sinn og skýrt honum frá samtali þeirra Ágústs. Kvað hann viðskiptavininn hafa skýrt sér frá því, að hann gæti ekki að svo stöddu veitt lánið og hafi þetta orðið til þess, að hann, Jóhannes, sneri sér til föður síns, Lárusar Jóhannessonar, og spurði hann að því, hvort hann gæti komið 150 þúsund króna vel tryggðum víxli inn í ónotaðan „kvóta" sinn í Búnaðarbankanum, sem Jóhannes kvað sér kunnugt um, að hann, Lárus, hafði þar. Taldi Jóhannes, að nú hefðu liðið einn eða tveir dagar, en þá hefði faðir hans skýrt honum frá því, að hann mundi geta gert þetta fyrir hann. Kvaðst Jóhannes þá hafa verið búinn að segja föður sínum frá því, að hér væri um að ræða víxil til fimm ára með misserislegum afborgunum. Jóhannes kvaðst nú hafa hringt í Ágúst og skýrt honum frá því, að hann mundi geta veitt honum umrætt lán. Kveður hann það hafa orðið að samkomulagi með þeim, að hann, Jóhannes, gengi frá víxli og tryggingarbréfi og kæmi svo með þau heim til Ágústs til undirskriftar. Kvaðst Jóhannes nú hafa útbúið víxil að fjárhæð kr. 150.000.00 til 6 mánaða, sem Ágúst skyldi samþykkja og eiginkona hans gefa út.

Kvaðst hann síðan hafa farið með skjölin heim til þeirra hjónanna og hafi þau þar ritað undir skjölin. Er Jóhannes kom heim til sín með skjölin, kvaðst hann hafa fengið eiginkonu sína til að rita á skjölin. Ekki kvað Jóhannes neitt annað hafa gerzt þarna en að Ágúst og eiginkona hans rituðu undir skjölin og ekki hafi verið minnzt á lánskjörin. Kvaðst hann síðan hafa sagt Ágústi að koma til sín einum eða tveimur dögum seinna og sækja lánsupphæðina. Jóhannes kvaðst nú hafa farið með víxilinn og tryggingarbréfið til stimplunar og þinglýsingar og hafi hann síðan afhent föður sínum skjölin. Minnir Jóhannes, að daginn eftir hafi faðir hans afhent honum andvirði víxilsins að frádregnum venjulegum bankaforvöxtum í sex mánuði. Jóhannes kvað nú Ágúst hafa komið í skrifstofuna til sín og hafi hann þá greitt honum lánsfjárhæðina í reiðufé. Nánar tiltekið kvaðst Jóhannes hafa látið Ágúst hafa kr. 150.000.00 að frádregnum: 1) sex mánaða forvöxtum bankans, 2) stimpilgjaldi víxilsins og þinglýsingarkostnaði tryggingarbréfsins, 3) 2% af kr. 150.000.00 í þóknun til hans sjálfs fyrir útvegun lánsins. Kvaðst Jóhannes halda, að hann hefði afhent Ágústi nálægt kr. 138.000.00. Kvað hann Ágúst hafa undirritað að sinni ósk viðurkenningu fyrir því að hafa fengið að fullu greitt andvirði 150.000.00 króna víxilsins. Viðurkenningu þessa kvaðst Jóhannes hafa afhent föður sínum. Ekki kvaðst Jóhannes hafa sagt Ágústi, að víxillinn hefði verið keyptur af Búnaðarbankanum, og ekki kvað hann neitt hafa verið um það talað milli þeirra, hvar víxilinn ætti að greiða. Jóhannes kvað Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmann hafa hringt til sín um sumarið 1962 og skýrt sér frá því, að hjá honum væri maður að nafni Ágúst Sigurðsson, er segði, að hann, Jóhannes, hefði útvegað sér lán, og vildi hann eitthvað tala við hann um það. Kvað Jóhannes það hafa orðið úr, að Ágúst Sigurðsson hefði komið til sín og hefði erindið verið það að skýra sér frá því, að komið væri að gjalddaga víxilsins og að hann væri peningalítill og að biðja um gjaldfrest. Jóhannes kvaðst hafa verið vant við látinn og beðið Ágúst um að koma aftur síðar, en það hafi Ágúst ekki gert.

Fyrir sakadómi Reykjavíkur neitaði Jóhannes Lárusson að hafa áskilið sér kr. 65.000.00 í afföll af 150 þúsund króna láninu. Einnig neitaði hann að hafa aðeins greitt Ágústi Sigurðssyni kr. 76.000.00 af lánsfjárhæðinni. Loks neitaði Jóhannes að hafa greitt Ágústi sumarið 1962 fyrst krónur 6.000.00 og síðar kr. 1.000.00 eða nokkra aðra fjárhæð til viðbótar.

Stefnandi máls þessa, Lárus Jóhannesson, kom einnig fyrir sakadóm Reykjavíkur í sambandi við rannsókn út af kæru Ágústs Sigurðssonar. Skýrði hann þar svo frá, að hann hefði rekið umfangsmikla málafærsluskrifstofu hér í borg frá því á árinu 1924 og þar til er hann var skipaður hæstaréttardómari hinn 1. maí 1960. Hann kvað ekki hafa verið hægt að leysa upp slíka skrifstofu í einu vetfangi og hafi það tekið sig um hálft annað ár að ljúka viðskiptum sínum að mestu. Hann kvað Búnaðarbanka Íslands hafa verið aðalviðskiptabanka sinn frá því á árinu 1936 og kvaðst hafa beint til hans eftir getu sparisjóðsinnstæðum og öðrum innstæðum frá viðskiptavinum sínum, vinum og kunningjum og hafi þær numið mjög verulegum fjárhæðum. Kvað Lárus sér hafa gengið greiðlega að selja bankanum víxla sína og viðskiptamanna sinna, enda hafi verið gengið út frá því sem gefnu milli sín og bankastjóra bankans, Hilmars Stefánssonar, að hann, Lárus, sæi um, að bankinn tapaði ekki á víxlum þessum eða hefði veruleg óþægindi af þeim, þótt ekki hafi verið neitt skriflegt um það gert. Lárus kvað Jóhannes son sinn hafa vitað, að hann hafi átt ónotaðan „kvóta" í bankanum og hafi hann nokkrum sinnum beðið sig um að lofa sér að nota hann. Á þennan hátt kvaðst Lárus hafa selt bankanum víxil Ágústs Sigurðssonar 22. febrúar 1961 og afhent Jóhannesi andvirðið. Kvað hann Jóhannes svo daginn eftir hafa afhent sér, eins og venja hafi verið milli þeirra, kvittun Ágústs fyrir því, að hann hefði fengið andvirði víxilsins greitt að fullu. Lárus kvaðst eftir þetta ekki hafa heyrt neitt um þetta víxilmál, þar til er hann hafi lesið kæruna í Frjálsri þjóð. Lárus kvað Búnaðarbankann nú hafa óskað þess, að hann yfirtæki víxil Ágústs Sigurðssonar og hafi hann að sjálfsögðu samþykkt það.

Hilmar Stefánsson, fyrrverandi bankastjóri, skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur við rannsóknina út af kæru Ágústs Sigurðssonar, að hann hefði á liðnum árum keypt fyrir hönd Búnaðarbanka Íslands marga víxla af Lárusi Jóhannessyni. Hefði hann keypt víxlana samkvæmt gildandi munnlegu samkomulagi við Lárus um, að hann hefði sjálfur eða réði yfir tilsvarandi fjárhæð í sparisjóði bankans, enda væri Lárus ábyrgur fyrir greiðslu víxlanna gagnvart bankanum, ef víxilskuldararnir gætu ekki staðið skil á víxlunum, og hefði þetta gilt, þó að Lárus hefði ekki sjálfur ritað nafn sitt á víxlana. Kvað Hilmar Lárus hafa greitt bankanum fjárhæðir víxlanna, er hann var krafinn um þær, í þau fáu skipti, sem á þetta samkomulag hafi reynt. Hilmar kvað

Lárus þó ekki ávallt hafa þurft að greiða alla víxilfjárhæðina í það skipti, heldur kunni hann að hafa greitt aðeins afborgun af víxlinum, en víxillinn hafi verið framlengdur að öðru leyti. Hilmar kvað samkomulag þetta hafa verið í gildi áfram, eftir að Lárus varð hæstaréttardómari, þó að hins vegar hafi verið um tiltölulega fáa víxla að ræða, sem hann hafi keypt af Lárusi, eftir að hann var orðinn dómari. Kvaðst Hilmar hafa litið svo á, að þeir víxlar væru nánast eftirstöðvar frá lögmannstíð Lárusar. Ekki kvað Hilmar hafa verið rætt um það milli þeirra Lárusar, hvort Lárus ætti sjálfur víxla þá, er hann seldi bankanum hverju sinni. Ekki kvaðst Hilmar heldur hafa verið að forvitnast um það, enda hefði það ekki komið honum við. Ekki kvaðst Hilmar muna sérstaklega eftir víxli Ágústs Sigurðssonar, sem fjallað er um í kæru hans, en kannaðist við að hafa samþykkt kaup hans, eins og fram kæmi á kaupbeiðni víxilsins. Ekki kvaðst Hilmar geta sagt um, hvort Lárus hefði sjálfur komið með víxilinn í bankann, en samkvæmt gestabók bankans hefði Lárus ritað nafn sitt í hana hinn 23. febrúar 1961, þ. e. sama dag og víxillinn var keyptur, og bentu líkur til, að Lárus hefði sjálfur komið með víxilinn og talað við sig og hefðu kaup víxilsins verið samþykkt í sama skiptið. Ekki kvaðst Hilmar muna eftir, að Ágúst Sigurðsson hefði rætt við hann um víxilinn eða í nokkru öðru skyni, en ekki vildi hann þó rengja frásögn Ágústs um það. Hilmar kvaðst hafa látið af bankastjórn í ársbyrjun 1962 og kvað sér ekki kunnugt um, hvort Lárus Jóhannesson hefði verið krafinn um greiðslu 150 þúsund króna víxilsins. Hann kvað þetta þó hafa átt að gera samkvæmt samkomulagi þeirra. Hefði Tryggvi Pétursson, aðalfulltrúi víxladeildar bankans, átt að vita um þetta samkomulag.

Hilmar kvaðst aldrei hafa keypt víxil af Jóhannesi, syni Lárusar, og kvað sig og Jóhannes ekki hafa átt nein viðskipti saman.

Ágúst Fjeldsted, formaður Lögmannafélags Íslands, skýrði svo frá fyrir sakadómi Reykjavíkur, að einhvern tíma á árinu 1962 hefði komið til sín roskinn maður og skýrt sér frá, að hann hefði átt í fasteignakaupum og lent í fjárhagsörðugleikum út af þeim. Hefði hann orðið að taka lán, sem hann hefði fengið hjá eða fyrir milligöngu Jóhannesar Lárussonar, og minnti Ágúst, að maðurinn hefði sagt, að lánsfjárhæðin hefði verið kr. 150.000.00. Kvað Ágúst manninn hafa sagt, að stór afföll hefðu verið tekin af láninu og hafi hann ef til vill nefnt kr. 65.000.00 í því sambandi. Kvað Ágúst manninn hafa beðið sig um aðstoð til að fá

þetta leiðrétt. Ekki kvað Ágúst þetta hafa verið neina kæru, heldur ósk um, að þessu yrði kippt í lag. Kvað Ágúst sig minna, að hann hefði innt manninn eftir gögnum í málinu, en hann muni engin hafa haft. Ágúst kvaðst nú skömmu síðar hafa átt tal við Jóhannes Lárusson og skýrt honum frá erindi mannsins og innt hann eftir því, hvort frásögn mannsins væri rétt. Kvað Ágúst Jóhannes ekki hafa kannazt við, að þetta væri rétt. Kvað hann Jóhannes hafa sagt það rétt vera, að hann hefði haft milligöngu um að útvega manninum lán að fjárhæð kr. 150.000.00 og að aðeins hefði verið tekinn venjulegur kostnaður í sambandi við lántökuna og hafi Jóhannes í þessu sambandi talið upp einhverja liði, sem Ágúst mundi ekki nánar frá að greina, en sem hann kvað hafa verið eðlileg gjöld af slíku láni. Ágúst kvað sér hafa virzt Jóhannes vera sár út af sögusögn mannsins og hafi hann óskað eftir því að fá að tala við hann. Ágúst kveður nú manninn hafa talað við sig skömmu síðar. Kvaðst hann hafa sagt honum, að Jóhannes hefði ekki viðurkennt að hafa tekið afföllin af láninu. Jafnframt kvaðst Ágúst hafa sagt manninum, að Jóhannes óskaði eftir að tala við hann. Kvaðst Ágúst síðan ekki hafa heyrt frá manninum aftur og kvaðst ekki hafa heyrt það, fyrr en hann hafi lesið það í blaði, að Jóhannes hefði greitt manninum kr. 6.000.00 og síðar kr. 1.000.00.

Við rannsókn þá, sem fram fór fyrir sakadómi Reykjavíkur, kom fram kvittun, þar sem Ágúst Sigurðsson viðurkenndi að hafa fengið andvirði umrædds 150.000.00 kr. víxils greitt að fullu. Ekki mundi Ágúst sérstaklega eftir að hafa undirritað kvittun þessa, en vildi þó ekki rengja, að svo hefði verið og hefði það þá verið, er hann tók við 76.000.00 krónunum. Hins vegar tók Ágúst það fram, að þó að hann hafi undirritað kvittun þessa, sé sannleikurinn sá, að hann hafi aðeins fengið kr. 76.000.00 af víxilfjárhæðinni.

Af hálfu ákæruvaldsins var ekki höfðað mál út af kæru Ágústs Sigurðssonar.

Verður nú afstaða tekin til hinna umstefndu ummæla.

Um I.

a. 1. Stefnandi telur ummæli þau, sem fram koma í fyrirsögn greinarinnar varða við ákvæði 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að ummæli þessi verði ekki talin refsiverð móðgun gagnvart stefnanda. Viðurkennt sé, að stefnandi hafi selt umræddan víxil í Búnaðarbank-

anum og eigi orðið „affallavíxill“ fullan rétt á sér, því að fyrir hafi legið kæra til opinberrar rannsóknar út af víxlinum sem slíkum.

Ummæli þessi verður að meta með hliðsjón af efni greinarinnar í heild, þar á meðal með hliðsjón af kæru Ágústs Sigurðssonar, sem vitnað er til í greininni, og rannsókn þeirri, sem fram fór af því tilefni. Það er ágreiningslaust, að átt sé við stefnanda með orðinu „hæstaréttardómari“. Það er ósannað, að tekin hafi verið afföll af víxli þeim, sem Jóhannes Lárusson keypti af Ágústi Sigurðssyni og stefnandi síðar seldi Búnaðarbanka Íslands. Í ummælum þessum felst aðdróttun um það, að stefnandi hafi átt þátt í hinum kærða verknaði Jóhannesar sonar síns. Ummælin eru meiðandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Rétt þykir að ómerkja ummælin í heild samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga.

2. Stefnandi telur millifyrirsögnina og ummæli þessi varða við 234. gr. eða 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að hin tilvitnuðu ummæli séu gagnrýni á Búnaðarbankann, en beinist ekki að stefnanda. Eigi stefnandi því ekki aðild að kröfum út af þeim. Er og mótmælt, að ummælin séu refsiverð.

Millifyrirsögnin og ummælin „Við athugun á reikningum Búnaðarbankans kemur í ljós að hann hefur beinlínis tapað á því að kaupa víxil Ágústs Sigurðssonar“ og „... er samt haldið áfram að kaupa jafn vafasama pappíra og víxil Ágústs Sigurðssonar og konu hans, án athugasemda, sem vissulega var algjörlega óverjandi frá bankans sjónarmiði. ... Hér hlýtur því að vera um að ræða aðra skýringu en þá, sem venjuleg bankaviðskipti byggjast á í siðuðu þjóðfélagi“ beinast að stefnanda. Felst í þeim aðdróttun á hendur stefnanda um það að hafa náð óeðlilegum viðskiptum við Búnaðarbankann. Ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerk.

3. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 234. gr. eða 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að stefnandi sé ærumeiddur með ummælum þessum, enda hafi ekkert það sannazt á Jóhannes son hans, sem réttlæti, að það sé aðdróttun, að stefnandi hafi áður stundað sams konar verðbréfasölu.

Þegar ummæli þessi eru virt með hliðsjón af öðrum ummælum

greinarinnar, m. a. vísan greinarinnar til kærunnar á hendur Jóhannesi Lárussyni fyrir meint okur, þá verður að telja, að í ummælum þessum felist aðdróttun á hendur stefnanda. Ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

4. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að hér sé átt við stefnanda eða yfirleitt nokkurn ákveðinn aðilja, heldur sé hér verið að ræða almennt um okurstarfsemi, sem sannazt hafi á nokkra aðilja á undanförnum árum.

Með ummælunum í greinarkaflanum „Eins og þessi frásögn ... að því er virðist" er gefið í skyn, að hið meinta atferli, sem Ágúst Sigurðsson kærði út af, hafi farið fram á þann hátt, sem þar er lýst. Eru ummælin meiðandi fyrir stefnanda. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

b. Stefnandi telur grein þessa ritaða í meiðandi og móðgandi tilgangi og telur greinina í heild og fyrirsögnina varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að nokkuð það sé í grein þessari, sem sé meiðandi eða móðgandi fyrir stefnanda.

Þegar virða skal efni greinar þessarar, verður að hafa hliðsjón af því, sem fjallað er um mál Ágústs Sigurðssonar í blaðinu og meint afskipti stefnanda og sonar hans, Jóhannesar Lárussonar, af því. Fyrirsögn greinarinnar og ummælin „Er ekki örvænt ... í spor föður síns" þykja móðgandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

c. Stefnandi heldur því fram, að hinum umstefndu ummælum sé beint til sín. Telur hann ummælin varða við 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga og 236. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að stefnandi geti ekki tekið hin umstefndu ummæli til sín frekar en aðrir starfandi dómarar.

Grein sú, sem hin umstefndu ummæli birtust í, hefur að geyma bréf frá ónafngreindum lesanda blaðsins, þar sem m. a. er rætt um fjármálaspillingu, sem talin er vera innan lögfræðingastétt-

arinnar, og mál Ágústs Sigurðssonar. Er síðan frekar um efni bréfsins fjallað í greininni og einnig vikið að ágreiningsmáli, sem ekki varðar stefnanda. Þegar hin umstefndu ummæli eru virt með hliðsjón af öðru efni greinarinnar, þá þykir hér vera um svo almennar bollaleggingar að ræða, að stefnandi eigi ekki aðild að kröfum út af þeim. Verður stefndi Einar Bragi því sýknaður af kröfum út af þeim.

d. Stefnandi heldur því fram, að ljóst sé af öllum skrifum blaðsins, að orðunum „verðbréfabraskarar og affallavíxlasalar" sé beint til sín. Telur hann ummælin varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að ummælin og bollaleggingar greinarhöfundar séu allt of víðtæk til þess, að ummælin geti átt við stefnanda og hafi stefnandi því ekki nokkra skynsamlega ástæðu til að taka ummælin til sín.

Grein sú, sem hefur að geyma hin umstefndu ummæli, felur í sér gagnrýni á stjórn Búnaðarbanka Íslands. Efni greinarinnar þykir svo almenns eðlis, að vart verði talið, að hin umstefndu ummæli beinist að stefnanda. Þykir hann því ekki eiga aðild að kröfum út af þeim. Verður stefndi Einar Bragi því sýknaður af kröfum út af þeim.

Höfundar greina þeirra í þessu tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem hafa að geyma hin refsiverðu ummæli, eru ekki nafngreindir. Ber stefndi Einar Bragi sem ábyrgðarmaður blaðsins því ábyrgð á ummælunum samkvæmt 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Um II.

a. Stefnandi hefur ekki sett fram refsikröfu varðandi þessi ummæli, en hefur krafizt þess, að þau verði ómerkt. Stefnandi kveður greinina ósanna og birta sér til vansa.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að stefnandi eigi rétt á að fá grein þessa ómerkta. Ekki sé dróttað neinu misferli að stefnanda í grein þessari, þótt hann sé nefndur þar á nafn. Stefnandi hafi sjálfur kannazt við að hafa selt Búnaðarbankanum greindan víxil og frá því sé skýrt með almennum, hógværum orðum.

Í greinargerð sinni hefur stefnandi skýrt svo frá, að vorið 1960 hafi Jóhannes sonur sinn beðið sig um að aðstoða hann við að selja Búnaðarbankanum víxil að fjárhæð kr. 250.000.00 til fimm ára, samþykktan af Guðmundi Óskarssyni, tryggðan með 1. veðrétti í eignarhluta Guðmundar í nýbyggingunni nr. 20—24 við

Ásgarð og með 3. veðrétti í eigninni nr. 5 við Sogamýrarblett. Stefnandi kveðst hafa vitað þá, að hann mundi verða skipaður hæstaréttardómari og að hann yrði að draga sig út úr viðskiptum, en Jóhannesi hafi verið í mun, að víxillánið fengist, því að hann mundi þá fá einkaumboð til sölu eignarinnar við Ásgarð og fá sölulaun fyrir það. Stefnandi kveðst hafa gert þetta fyrir Jóhannes og kveðst hafa í höndum kvittun Guðmundar fyrir fullri greiðslu andvirðis víxilsins, sem dagsett sé hinn 24. maí 1960.

Að þessu athuguðu þykir ekki efni greinar kaflans eða framsetning slík, að því er varðar stefnanda, að efni séu til að ómerkja hann eða einstök ummæli. Verður stefndi Einar Bragi Sigurðsson því sýknaður af kröfum varðandi þennan kröfulið.

b. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 234. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að nokkuð það sé í grein þessari, sem sé meiðandi eða móðgandi fyrir stefnanda.

Umrædd kvittun var til orðin vegna viðskipta Jóhannesar Lárussonar og Ágústs Sigurðssonar. Það er fram komið, að stefnandi hafði frumrit kvittunarinnar undir höndum og átti þátt í, að hún birtist opinberlega. Í orðunum „... þótt ófölsuð væri ...“ felst aðdróttun um það, að kvittunin kunni að vera fölsuð. Ósannað er, að svo sé. Þykja þessi tilgreindu ummæli vera meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda. Að kröfu stefnanda þykir mega telja þessi ummæli varða við 234. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða þessi ummæli ómerkt.

c. Stefnandi telur greinina í heild með fyrirsögn varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að hér sé um nokkur þau svigurmæli að ræða, sem stefnandi geti tekið til sín.

Kæra Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni var fyrir meint okur, og hafa skrif blaðsins um þátt Jóhannesar Lárussonar við það miðazt.

Grein þessi verður því vart skilin á annan veg en þann, að þáttur stefnanda í máli þessu, sem það oftlega hefur verið vikið að, sé miklu alvarlegra eðlis. Verður því að telja, að grein þessi með fyrirsögn feli í sér aðdróttun á hendur stefnanda, er þykir varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða hin umstefndu ummæli ómerkt.

d. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 234. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að hér sé einungis verið að gagnrýna viðskiptahætti Búnaðarbankans og felist engin gagnrýni á stefnanda í ummælunum.

Ummælin „... þó að haldið væri áfram að kaupa víxla og verðbréf af Lárusi Jóhannessyni í mjög stórum stíl eins og skilríki bankans bera með sér". „Við álítum, að hinn stórbætti hagur bankans frá því, sem áður var, geti byggzt á því, að nú er lokið kaupum bankans á verðbréfum og víxlum frá Lárusi Jóhannessyni, sem hann kemur með sem þriðji maður, og fleirum slíkum, eins og blaðið hefur fengið upplýst" gefa í skyn, að Búnaðarbankinn hafi tapað á viðskiptum við stefnanda. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummælin meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda. Að kröfu stefnanda þykir mega telja ummælin varða við 234. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

e. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Bendir stefnandi á í þessu sambandi, að tveimur dögum áður en blað það kom út, sem hefur að geyma hin umstefndu ummæli, hafi Ágúst Sigurðsson, er hann kom fyrir sakadóm Reykjavíkur, ekki viljað rengja, að hann hefði undirritað kvittunina. Er einnig á það bent, að nokkrum dögum áður en blað þetta kom út, hafi stefnandi átt tal við einn af ritnefndarmönnum Frjálsrar þjóðar, Gils Guðmundsson, sýnt honum frumrit kvittunarinnar og lýst sig fúsan til að gefa allar þær upplýsingar, sem óskað væri eftir til að fyrirbyggja misskilning.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að grein þessi sé aðeins hlutlaus frásögn af staðreyndum, eins og stefnandi hafi sjálfur kannazt við, og sé hún á engan hátt meiðandi eða móðgandi fyrir hann. Er því mótmælt, að stefndi Einar Bragi hafi vitað um framburð Ágústs Sigurðssonar fyrir sakadómi Reykjavíkur, er greinin var rituð.

Eins og áður er fram komið, vildi Ágúst Sigurðsson, er hann kom fyrir sakadóm Reykjavíkur, ekki rengja að hafa undirritað umrædda kvittun. Ummælin í greinarkaflanum „Ágúst fullyrti ... nema víxla og tryggingarbréf" verða því að teljast meiðandi fyrir stefnanda, sem hafði átt frumkvæði að birtingu kvittunarinnar opinberlega. Þykja ummæli þessi varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

Ekki þykir viðtal stefnanda við Gils Guðmundsson valda því, að brot stefnda Einars Braga verði heimfært undir ákvæði 236.

gr. almennra hegningarlaga. Þykja ummælin varða við 235. gr. laganna. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

Höfundar greina þeirra í þessu tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem hafa að geyma hin refsiverðu ummæli, eru eigi nafngreindir. Ber stefndi Einar Bragi sem ábyrgðarmaður blaðsins því ábyrgð á ummælunum samkvæmt 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Um III.

a. Stefnandi telur hin umstefndu ummæli varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að í grein þessari felist móðganir eða aðdróttanir á hendur stefnanda. Stefnandi hafi sjálfur upplýst, að hann hafi selt Búnaðarbankanum víxla í sambandi við umræddar húsasölur. Hafi stefnandi engin rök fært fyrir því, að hin tilgreindu ummæli séu ekki sönn og réttmæt gagnrýni á Búnaðarbankann.

Í greinargerð sinni kveður stefnandi það rangt, að hann hafi selt húseignina nr. 32 við Álfheima, en hins vegar hafi hann á sínum tíma haft einkasölu á íbúðunum í húsinu nr. 34—36 við Álfheima. Kveðst hann hafa auglýst, að víxillán að fjárhæð kr. 50.000.00 til fimm ára gæti fylgt hverri íbúð. Ekki kveður stefnandi auglýst hafa verið í sambandi við hús þessi eða önnur, að þessi lán fengjust í Búnaðarbankanum, enda hafi hann haft ýmsa, sem hafi viljað festa fé sitt í slíkum lánum. Hins vegar hafi svo verið, eftir að hann hafi flutt aðalviðskipti sín í Búnaðarbankann, að hann hafi tekið fram í tryggingarbréfum, að greiða skyldi af víxlunum sömu útlánsvexti og Búnaðarbankinn tæki. Hafi ákvæði þetta verið sett í tryggingarbréfin alveg án tillits til þess, hvort víxlarnir hafi verið seldir Búnaðarbankanum eða öðrum. Stefnandi kveður lán þau, sem veitt hafi verið út á 12 íbúðir í húsunum nr. 34—36 við Álfheima samtals hafa numið kr. 620.000.00 og hafi víxlasalan dreifzt yfir tvö ár. Kveðst stefnandi telja víst, að hann hafi ekki selt alla þessa víxla í Búnaðarbankanum, en hafi hann selt bankanum eitthvað af víxlunum, hafi hann áreiðanlega útvegað bankanum meira starfsfé en sem nam andvirði þeirra víxla, sem bankinn kann að hafa keypt af honum í sambandi við þessi fasteignakaup.

Telja verður, að ummælin í greinarköflunum „þá mun það mála sannast ... að selja mönnum fasteignir", „Í sambandi við

þau viðskipti ... að greiða það niður á 5 árum“ og „Hefur fasteignasalan raunar ekki farið dult með lánastarfsemi sína ... enda bera skilríki bankans það glöggt með sér“ feli í sér aðdróttun á hendur stefnanda um það að hafa náð óeðlilegu viðskiptasambandi við Búnaðarbanka Íslands. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Eru þau og fyrirsögn greinarinnar meiðandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin og fyrirsögnin ómerkt.

b. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að fyrirsögn greinarinnar eða greinin sjálf sé meiðandi eða móðgandi fyrir stefnanda. Er því haldið fram, að hér sé skýrt frá staðreyndum og hafi stefnandi sjálfur staðfest, að rétt sé frá skýrt.

Í greinargerð sinni skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi komið heim frá útlöndum hinn 5. september 1963, en hinn 15. september hafi bankastjórn Búnaðarbankans óskað eftir viðtali við hann. Hafi hann síðan komið á fund hennar hinn 17. september. Ekki kveðst stefnandi hafa hitt Hilmar Stefánsson í bankanum, síðan hann lét af störfum sem bankastjóri.

Þótt fram sé komið, að stefnandi hafi komið í Búnaðarbankann til viðtals við bankastjórnina um það leyti, sem tiltekið er í greininni, þá þykir fyrirsögn greinarinnar og ummælin í greinarkaflanum „Síðastliðinn föstudag ... og Magnúsi Jónssyni“ móðgandi fyrir stefnanda. Þykja ummælin og fyrirsögn greinarinnar varða við 234. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. verða þau ómerkt.

c. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að grein þessi fari í bága við lög. Blaðið sé hér að ræða málefni, sem það hafi látið til sín taka og það telji sig hafa ástæðu til að ætla, að tekið verði til nánari rannsóknar að fyrirlagi saksóknara ríkisins, enda hafi bankastjórar Búnaðarbankans eindregið lýst sig fylgjandi því.

Grein þessi felur í sér aðdróttun á hendur stefnanda um refsivert atferli. Hefur efni greinarinnar ekki verið réttlætt. Er greinin því í heild með fyrirsögn meiðandi fyrir stefnanda og þykir varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1.

mgr. 241. gr. sömu laga verður greinin með fyrirsögn ómerkt.

d. Stefnandi telur greinina í heild varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að fyrri hluti greinarinnar varði ekki stefnanda, heldur sé þar fjallað um samskipti Ágústs Sigurðssonar og Jóhannesar Lárussonar og þar skýrt frá málavöxtum á sama hátt og Ágúst skýrði frá fyrir dómi. Í síðari hluta greinarinnar sé sagt frá því, sem einnig hafi komið fram við dómsrannsóknina, þ. e., að stefnandi hafi selt víxil Ágústs Sigurðssonar í Búnaðarbankanum. Spurningar þær, sem blaðið varpi fram, séu í mjög eðlilegu samhengi við efni greinarinnar og sé þar gagnrýnd sú framkoma stefnanda að eiga hlut að sölu víxilsins í Búnaðarbankanum á sama tíma og hann gegndi embætti hæstaréttardómara. Er því mótmælt, að þessi gagnrýni sé óþarflega særandi eða móðgandi fyrir stefnanda. Er því einnig mótmælt, að farið sé með vísvitandi ósannindi í greininni.

Ummælin í greinarkaflanum „Nú vakna ýmsar spurningar ... en hann ekki ráð þeirra?“ þykja fela í sér aðdróttanir um misferli í sambandi við sölu umræddsvíxils Ágústs Sigurðssonar í Búnaðarbankanum. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt. Ummælin í greinarkaflanum „En segja verður sem er, ... Og finnst dómsmálaráðherra ekkert við þetta að athuga“ þykja móðgandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga, og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

e. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að vegið sé að æru og virðingu stefnanda með ummælum þessum. Hér sé um að ræða gagnrýni á skattstofuna, þar sem upplýst sé, að Ágúst Sigurðsson hafi á skattframtali sínu talið fram kr. 65.000.00 í afföll af víxli þeim, sem hann seldi Jóhannesi Lárussyni, og ekki geti gengið, að Ágúst fái afföllin viðurkennd sem frádrátt, nema Jóhannes hafi jafnframt viðurkennt fjárhæðina sem tekjur hjá sér.

Telja verður, að í ummælunum „Hefur „maðurinn“, sem ... að skipta gjöldum sínum?“ felist aðdróttun á hendur stefnanda um það, að til hans hafi runnið kr. 62.000.00 af fjárhæð víxils

Ágústs Sigurðssonar. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummælin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

f. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 234. gr. eða 235. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að stefnandi hafi réttmæta ástæðu til að telja ummælum þessum beint að sér og eigi hann því ekki aðild að kröfum út af þeim.

Þegar hin umstefndu ummæli eru lesin í samhengi með öðrum ummælum greinarinnar, þá verður að fallast á það með stefnanda, að þau beinist að honum. Eru ummælin móðgandi fyrir stefnanda. Þykja þau varða við 234. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

Höfundar greina þeirra í þessu tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem hafa að geyma hin refsiverðu ummæli, eru eigi nafngreindir. Ber Einar Bragi sem ábyrgðarmaður blaðsins því ábyrgð á ummælunum samkvæmt 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Um IV.

a. Stefnandi telur greinina alla með millifyrirsögnum varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að með grein þessari sé verið að gagnrýna viðskiptahætti Búnaðarbankans. Hins vegar sé stefnandi ekki áfelldur.

Í greinargerð stefnanda kemur fram svohljóðandi yfirlýsing Guðbjarnar Guðmundssonar, formanns Byggingarsamvinnufélags prentara:

„Að gefnu tilefni vottast, að Byggingarsamvinnufélag prentara, sem ég hef verið formaður fyrir frá upphafi og er enn, hafði á árunum 1947—1959 allmikil viðskipti við Lárus Jóhannesson, hrm. (sic). Í því sambandi keypti Lárus af okkur allmikið af ríkistryggðum skuldabréfum á þessum árum. Skuldabréfaflokkarnir voru með misjöfnum vaxtakjörum og til mislangs tíma, og var kaupverðið því eðlilega mismunandi, hæst 98%, en lægst 68% netto, og seldum við Lárusi auðvitað ekki bréf án þess áður að hafa gengið úr skugga um, að ekki var fáanlegt hærra verð annars staðar.

Hér var um hrein kaup að ræða af hendi Lárusar gegn staðgreiðslu, og var Byggingarfélaginu að sjálfsögðu með öllu óvið-

komandi, hvað Lárus seldi bréfin fyrir og á engar kröfur á hendur honum.

Viðskipti þessi voru ánægjuleg fyrir félagið og meðvaldandi að því, að margir eiga nú íbúðir, sem nú teljast ódýrar.

Að lokum vil ég geta þess, að stjórn Byggingarsamvinnufélags prentara á engan þátt í skrifum Frjálsrar þjóðar um þetta mál."

Þykja því ekki efni til að refsa fyrir eða ómerkja ummælin í fyrri hluta greinarinnar. Hins vegar verður að telja, að í tveimur síðustu köflum greinarinnar „Nú hefur blaðið fengið staðfest ... að eitt blað geti birt um þetta tæmandi upplýsingar" felist aðdróttanir á hendur stefnanda um refsiverðan verknað og hagnýtingu hagsmunasambands. Ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummæli þessi í heild með millifyrirsögnum svo og fyrirsögn greinarinnar „Nýtt tugmilljónamál: Prentarablokkirnar hafðar að féþúfu" varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

b. Stefnandi telur grein þessa með millifyrirsögnum varða við 234.—236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að í grein þessari felist gagnrýni á Búnaðarbankann í sambandi við verðbréfakaup hans, sem viðurkennt sé, að fram hafi farið. Er því haldið fram, að ekki sé neinum ásökunum beint að stefnanda, en spurningar blaðsins beinist að Jóhannesi Lárussyni og Guðmundi Óskarssyni.

Telja verður, að ummælin í greinarköflunum „Blaðið hefur sagt ... sem þó var kærður í málinu." „Og saksóknari hreyfir sig ekki ... ef hátt settir trúnaðarmenn ríkisins eiga í hlut ..." feli í sér aðdróttanir á hendur stefnanda um afbrot og fjármálaspillingu. Þykja ummælin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

c. Stefnandi telur greinina í heild með aðalfyrirsögn og millifyrirsögnum varða við 236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefndu er á það bent, að fyrri hluti greinarinnar út að undirfyrirsögninni „Hver var seljandinn?" snerti stefnanda á engan hátt og eigi hann því enga aðild að kröfum varðandi hann. Þá er því haldið fram, að í kaflanum „Hver var seljandinn?" sé aðeins verið að fjalla um staðreyndir, sem fram hafi komið við rannsókn út af kæru Ágústs Sigurðssonar og fram hafi komið í viðtali blaðsins við Magnús Jónsson, þ. e., að Bún-

aðarbankinn hafi aldrei keypt neina víxla eða verðbréf af Jóhannesi Lárussyni.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að grein þessi feli fyrst og fremst í sér gagnrýni á stjórn Búnaðarbankans út af því, að á sama tíma og ýmsum hafi verið neitað um smálán í bankanum hafi stefnandi haft svo að segja ótakmarkaðan aðgang að lánum í formi víxilsölu eða verðbréfasölu og hafi einkum verðbréfakaupin verið bankanum óhagstæð.

Telja verður, að ummælin í greinarköflunum „Hvers vegna kaupa bankastjórarnir ekki af Lárusi ... ef þeim var ókunnugt um affallaupphæðina?“, „Og af hverjum mundi bankinn þá hafa keypt ... inn á hinn víða kvóta hans“, „Hver maður sér, að Lárus hefði ekki getað vaðið í bankann svo sem hann hefur gert nema með vilja og vitund bankastjóra.“, „Hafi bankaráðsmenn vitað um ... hafa þeir þá ekki skýrt bankaráðsmönnum frá því?“, millifyrirsögnin „Hver auðgast á afföllunum?“, ummælin í greinarköflunum „Hafi bæði bankaráði og bankastjórum ... hvort svo hafi verið eða ekki?“ og „Og meira en það, ... að krefjast rannsóknar umsvifalaust“ feli í sér aðdróttanir á hendur stefnanda um að hagnýta sér hagsmunasamband í viðskiptum sínum við Búnaðarbankann og aðra fjármálaspillingu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummælin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

Höfundar greina þeirra í þessu tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem hafa að geyma hin refsiverðu ummæli, eru eigi nafngreindir. Ber stefndi Einar Bragi sem ábyrgðarmaður blaðsins því ábyrgð á ummælunum samkvæmt 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt.

Um V.

a. Stefnandi telur ummæli greinarinnar í heild svo og fyrirsögn hennar varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara 234. gr. og 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að þótt stefnandi sé að vísu nefndur í greininni í sambandi við þá spurningu, hver hafi keypt víxil Ágústs Sigurðssonar af Búnaðarbankanum, þá eigi hann þó ekki aðild að kröfum varðandi greinina. Á þessum tíma hafi staðið yfir rannsókn út af viðskiptum varðandi umræddan víxil og hafi því víxillinn verið sönnunargagn í málinu. Það sé staðreynd, að víxillinn hafi á þeim tíma verið horfinn úr Búnaðarbankanum. Er því mótmælt af hálfu

stefnda Einars Braga, að honum hafi verið um það kunnugt, að stefnandi hefði leyst til sín víxilinn hinn 17. september.

Eins og fram kom við rannsókn þá, sem fram fór fyrir sakadómi Reykjavíkur, hafði Ágúst Sigurðsson framlengt frumvíxilinn, eftir að hann kom í Búnaðarbankann, og var víxilfjárhæðin komin í kr. 129.000.00, en Ágúst kvað frumvíxilinn glataðan. Stefnandi lýsti því yfir við rannsóknina hinn 18. september, að bankinn hefði óskað eftir því, að hann yfirtæki víxil Ágústs Sigurðssonar, og hefði hann samþykkt það.

Á frumstigi rannsóknarinnar hafði rannsóknardómarinn aflað ljósrits af víxli þeim, sem var í Búnaðarbankanum, svo og annarra gagna um víxilviðskipti Ágústs Sigurðssonar við bankann.

Telja verður, að í fyrirsögn greinarinnar og í ummælunum í greinarköflunum „Hér hefur gerzt mjög alvarlegur hlutur ... fyrst víxill Ágústs er horfinn þaðan?“, „Hefur Lárus Jóhannesson ... síðustu vikurnar?“, „... en getur vissulega ýtt undir ... um það í höndum sakadómara“ felist aðdróttun á hendur stefnanda um að eiga þátt í að torvelda rannsókn opinbers máls með því að fjarlægja sönnunargögn. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummæli þessi varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða fyrirsögnin og ummælin ómerkt.

b. Stefnandi telur hin umstefndu ummæli varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er á það bent, að stefnandi sé ekki nefndur á nafn í grein þessari. Er því mótmælt, að við hann sé átt með ummælum þessum og því haldið fram, að hann eigi ekki aðild að kröfum út af þeim.

Það er að vísu rétt, að stefnandi er ekki nefndur með nafni í grein þessari. Hins vegar er á það að líta, að kæruefni Ágústs Sigurðssonar á hendur Jóhannesi Lárussyni er meint okur. Verður því að telja, að hinum umstefndu ummælum sé m. a. beint að stefnanda. Er það þessari niðurstöðu til styrktar, að í sama tölublaði Frjálsrar þjóðar eru nokkrar greinar til viðbótar, þar sem fjallað er um kæru Ágústs Sigurðssonar og rannsókn þá, sem fram fór út af henni. Eru það m. a. á 1. bls. greinarnar „Er verið að fjarlægja sönnunargögnin? Víxillinn horfinn úr bankanum.“, „Lárus játar afföllin“, og er þar vikið að stefnanda mjög á sama hátt og þeim, sem í þessum umstefndu ummælum eru nefndir „eiðsvarnir embættismenn.“

Það verður að telja, að í fyrirsögn greinarinnar og greinarköflunum „Sök sú, sem fjallað er um ... en eigin fjármunir ekki settir í neina hættu“ og „Ef hlutaðeigandi embættismenn ... háttlaunaðra embættismanna“ felist aðdróttun á hendur stefnanda um fjármálaspillingu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummælin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða fyrirsögnin og ummælin ómerkt.

c. Stefnandi telur efni greinarinnar í heild með fyrirsögn varða við 236. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að í grein þessari felist engar aðdróttanir eða móðganir á hendur stefnanda.

Með vísan til þess, sem segir um kröfulið IV a, þykja ekki efni til að refsa fyrir eða ómerkja fyrirsögn greinarinnar eða ummælin í greinarkaflanum „Lárus Jóhannesson, ... skuldabréf síðan 1954.“ Önnur ummæli greinarinnar þykja fela í sér aðdróttun á hendur stefnanda um fjármálaspillingu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Þykja ummælin varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

d. Stefnandi hefur ekki krafizt refsingar út af þessum ummælum, en krefst þess, að þau verði ómerkt.

Af hálfu stefnda Einars Braga er ómerkingarkröfunni mótmælt.

Af hálfu stefnda Einars Braga hefur verið aflað umsagnar Seðlabanka Íslands um það, hvað felist í hugtakinu „víxilkvóti“ í banka. Segir svo í umsögn bankans:

„Umrætt hugtak hefur verið notað í viðskiptabönkum um árabil. Almennt má segja, að hugtakið feli í sér, að banki hafi veitt viðskiptavini ádrátt um, að hann hafi aðgang að bankanum um sölu víxla að vissri hámarksupphæð á hverjum tíma. Yfirleitt er áskilið, að seljandi sé útgefandi eða ábekjandi víxlanna, að þeir séu til takmarkaðs tíma og sem liður í ákveðnum viðskiptum, t. d. vörusala heildsala til smásala. Það er yfirleitt forsenda banka fyrir veitingu víxlakvóta, að víxlar séu ekki framlengdir, og upphæð þeirra er oftast skuldað á reikning seljanda, séu vanskil sýnd af hálfu samþykkjanda. Veiting víxlakvóta er yfirleitt alltaf munnleg, og bankarnir afturkalla þá einhliða, oft með litlum eða engum fyrirvara. Um það er oft að ræða, að seljandi víxla láti bankanum í té svokallað allsherjarveð (t. d. veð í fasteign) til tryggingar víxlakvóta.

Ofanskráð er almenn skilgreining nefnds hugtaks. Frávik frá henni og sérreglur geta verið í einstökum bönkum, og þróun framkvæmda þarf ekki að vera eins við þá alla. Verður að vísa til einstakra banka um upplýsingar varðandi slík frávik."

Hin umstefndu ummæli beinast að stefnanda og eru meiðandi fyrir hann. Eftir því sem fram kemur í umsögn Seðlabanka Íslands, þykja ummælin ekki vera réttlætt. Verður ómerkingarkrafa stefnanda því tekin til greina.

e. Stefnandi telur hin umstefndu ummæli í grein þessari varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því mótmælt, að gefið sé í skyn með ummælum þessum, að stefnandi hafi haft hagnað í sambandi við umrætt víxillán Ágústs Sigurðssonar. Er því mótmælt, að í grein þessari felist dylgjur eða aðdróttanir í garð stefnanda.

Ummælin „sem beini meintum verknaði að dómsforseta Hæstaréttar, Lárusi Jóhannessyni, öðrum fremur, ... sem grunaðan um aðild að þessu ókræsilega máli" beinast að stefnanda. Í þeim felst aðdróttun um aðild stefnanda að afbroti því, sem kæra Ágústs Sigurðssonar fjallaði um. Ummæli þessi, sem ekki hafa verið réttlætt, þykja varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

Þegar ummælin „Það er augljóst hverjir hafa fjallað um tilnefningu Þórðar Björnssonar í þetta dómþing öðrum fremur; hvað sem fyrir þeim herrum hefur vakað" eru lesin í samhengi við önnur ummæli greinarinnar, þá verður að telja, að í þeim felist aðdróttun um það, að stefnandi hafi ætlað að hafa áhrif á dómsrannsókna, sem fram fór út af kæru Ágústs Sigurðssonar, og Þórður Björnsson sakadómari stjórnaði, með því að eiga þátt í því, að Þórður tók sæti sem varadómari í Hæstarétti undir forsæti stefnanda á sama tíma og framangreind rannsókn stóð yfir. Þykja ummælin, sem ekki hafa verið réttlætt, varða við 235. gr. almennra hegingarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

f. Stefnandi telur ummæli þessi varða við 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að í grein þessari felist hugleiðingar almenns eðlis og geti stefnandi ekki átt aðild út af ummælum greinarinnar. Er því mótmælt, að í ummælunum felist dylgjur eða ærumeiðingar.

Eins og rakið hefur verið undir lið V b, eru í þessu eintaki af Frjálsri þjóð nokkrar greinar um kæru Ágústs Sigurðssonar og dómsrannsóknina út af henni og þar vikið að stefnanda á ýmsan hátt. Meðal annars er greinin „Lárus verður að víkja úr Hæstarétti" á sömu blaðsíðu og grein sú, sem hefur að geyma ummælin undir þessum lið. Að þessu athuguðu verður að telja, að ummælin undir þessum lið beinist að stefnanda. Ummæli þessi fela í sér aðdróttun á hendur stefnanda um fjármálaspillingu. Eru ummælin ekki réttlætt. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verða ummælin ómerkt.

g. Stefnandi telur greinina í heild með fyrirsögn varða við 236. gr. almennra hegingarlaga, en til vara við 234. gr. eða 235. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Einars Braga er því haldið fram, að efni greinar þessarar verði að skoðast með hliðsjón af máli því, sem blaðið hafði verið að ræða að undanförnu. Bollaleggingar þær, sem komi fram í grein þessari, séu almenns eðlis og lúti að mestu að því, að blaðinu finnist seinagangur á rannsókn á máli Jóhannesar Lárussonar.

Í grein þessari og fyrirsögn hennar er gefið í skyn, að stefnandi hafi verið svo riðinn við meintan refsiverðan verknað og ýmsa fjármálaspillingu, að handhafa ákæruvalds hafi borið að hlutast til um, að stefnandi viki úr sæti sínu sem dómari í Hæstarétti. Fyrirsögnin og ummæli greinarinnar eru meiðandi fyrir stefnanda og eru ekki réttlætt. Þykja þau varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga verður greinin í heild með fyrirsögn ómerkt.

Höfundar greina þeirra, sem birtust í þessu tölublaði Frjálsrar þjóðar, sem hafa að geyma hin refsiverðu ummæli, eru eigi nafngreindir. Ber stefndi Einar Bragi sem ábyrgðarmaður blaðsins því ábyrgð á ummælunum samkv. 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1965 um prentrétt.

Við ákvörðun refsingar á hendur stefnda Einari Braga ber að taka tillit til þess, að með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 2. desember 1964, var honum gerð refsing fyrir ummæli, sem birtust í Frjálsri þjóð hinn 7. september 1963, sbr. ákvæði 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing stefnda Einars Braga í máli þessu hæfilega ákveðin 7.500.00 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti hann varðhaldi í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Einar Bragi Sigurðsson er nú ekki lengur ábyrgðarmaður Frjálsrar þjóðar. Er því ekki unnt að taka til greina kröfu stefnanda um það, að hann verði samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1956 skyldaður til að birta dóm í máli þessu í Frjálsri þjóð. Verður stefndi Einar Bragi Sigurðsson því sýknaður af þeirri kröfu.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga verður stefndi Einar Bragi Sigurðsson dæmdur til að greiða stefnanda kostnað af birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu. Þykir kostnaður þessi hæfilega ákveðinn kr. 7.000.00.

Samkvæmt ákvæði 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga verður stefnda Einari Braga Sigurðssyni gert að greiða stefnanda miskabætur, er ákveðast kr. 75.000.00. Með hliðsjón af hinum dæmdu ummælum ber honum og að greiða 7% ársvexti af þeirri fjárhæð frá 21. marz 1963 til 1. janúar 1964 (svo), 6% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi Einar Bragi Sigursson dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Stefnandi hefur krafizt þess, að svonefndir varastefndu, þeir Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson, Haraldur Henrysson, Ingimar Jónasson og Sigmar Ingason, verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að þola það, að fjárnám verði gert í eignum þeirra fyrir sekta-, skaðabóta- og málskostnaðargreiðslum svo og fyrir greiðslu kostnaðar við birtingu dóms, sem stefndi Einar Bragi kann að verða dæmdur til að greiða í máli þessu, að svo miklu leyti sem greiðslugeta hans hrekkur ekki til fyrir greiðslum þessum.

Hinn 9. desember 1962 komu saman á fund 14 menn í þeim tilgangi að stofna hlutafélag um rekstur blaðsins Frjálsrar þjóðar. Var þar samþykktur stofnsamningur Hugins h/f. Samkvæmt honum var félagið stofnað í þeim tilgangi að eignast blaðið og taka við rekstri þess „skv. efnahagsreikningi blaðsins pr. 9. 12. 1962." Er samningurinn undirritaður þennan sama dag. Samkvæmt samningnum lofuðu þessir 14 menn að greiða samtals kr. 76.000.00 sem hlutafjárframlag, en afgangur hlutafjárins skyldi fenginn hjá mönnum, sem stofnendur ákvæðu að bjóða hluti í félaginu. Öll hlutafjárloforðin skyldu greidd fyrir 1. janúar 1964. Stofnfundur var síðan haldinn hinn 4. maí 1963. Á fundinum var gerð kunn samþykkt miðstjórnar Þjóðvarnar-

flokks Íslands frá 14. janúar 1963, þar sem samþykkt var að afhenda hlutafélagi, sem stofnað var hinn 9. desember 1962, blaðið Frjálsa þjóð til fullrar eignar samkvæmt samþykkt 5. landsfundar flokksins. Skyldi hlutafélagið skráð sem útgefandi blaðsins, þegar er það hefði verið tilkynnt til firmaskrárritara. Á stofnfundi félagsins var kosin stjórn fyrir félagið. Voru í aðalstjórn kosnir þeir stefndu Kristján Jóhannesson, formaður, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson, Haraldur Henrysson og Einar Bragi Sigurðsson, en í varastjórn þeir stefndu Sigmar Ingason og Ingimar Jónasson. Fram er komið, að nokkrir af stofnendunum hafa aukið hlutafjárloforð sín, en auk þess hafa nýir hluthafar lofað hlutafjárframlögum, þannig að hlutafjárloforð nema samtals kr. 188.000.00. Dráttur varð á, að félagið væri skrásett skv. lögum nr. 77/1921. Hinn 21. janúar 1964 kærði stefnandi til sakadómaraembættisins í Reykjavík út af þeirri vanrækslu. Hinn 26. febrúar 1964 var félagið síðan skrásett hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík, og birtist auglýsing um skrásetninguna í Lögbirtingarblaðinu, er út kom hinn 4. marz 1964. Það er ljóst af framansögðu, að félagið Huginn, sem stofnað hafði verið sem hlutafélag til að taka við rekstri Frjálsrar þjóðar, hafði ekki verið skrásett samkvæmt ákvæði 10. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög, er greinar þær birtust í Frjálsri þjóð, er liggja til grundvallar málshöfðun þessari. Tilkynningarskylda þessi hvíldi á stjórn félagsins. Samkvæmt stofnsamningi félagsins skyldi stjórn félagsins ráða ritstjóra að fengnum tillögum ritstjórnar. Það þykir verða að telja, að vegna þeirrar vanrækslu að láta skrásetja félagið verði stjórnarmeðlimir sjálfir að bera ábyrgð á greiðslum þeim, sem ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins, stefndi Einar Bragi Sigurðsson, hefur bakað sér og raktar hafa verið hér að framan. Það er ekkert komið fram um það, að varastjórnendurnir, þeir stefndu Sigmar Ingason og Ingimar Jónasson, hafi tekið þátt í stjórnarstörfum fram að þeim tíma, að félagið var skrásett. Þykir því verða að fella á meðlimi aðalstjórnar eina, þá Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson og Harald Henrysson, ábyrgð þessa, sem þeir þykja eiga að bera einn fyrir alla og allir fyrir einn. Samkvæmt þessu og í samræmi við kröfugerð stefnanda verða því stefndu Kristján Jóhannesson, Sigurjón Þorbergsson, Stefán Pálsson og Haraldur Henrysson einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að þola það, að fjárnám verði gert í eignum þeirra fyrir sekt, skaðabóta- og málskostnaðargreiðslum svo og fyrir greiðslu kostn-

aðar fyrir birtingu dóms, sem lagðar eru á stefnda Einar Braga Sigurðsson í máli þessu, að því leyti sem greiðslugeta hans hrekkur ekki til fyrir greiðslum þessum.

Ekki þykja efni til að dæma stefnanda sjálfstæðan málskostnað úr hendi þessara stefndu, og verður hann látinn falla niður.

Samkvæmt þessu verða stefndu Sigmar Ingason og Ingimar Jónasson sýknaðir af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart þeim falli niður.

Við munnlegan flutning málsins viðhafði stefnandi eftirfarandi óviðurkvæmileg ummæli um aðilja, sem ekki eru málsaðiljar: „hefndarstarf", „metorðastrit", „vitgrannur", „ærulaus aumingi" og „vinna undanskotseið". Ber að átelja ummæli þessi.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi Einar Bragi Sigurðsson greiði 7.500.00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti ella varðhaldi í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi Einar Bragi Sigurðsson greiði stefnanda, Lárusi Jóhannessyni, kr. 75.000.00 í miskabætur með 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til 1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi Einar Bragi Sigurðsson greiði stefnanda kr. 7.000.00 í birtingarkostnað og kr. 20.000.00 í málskostnað.

Stefndi Einar Bragi Sigurðsson skal vera sýkn af kröfu stefnanda um birtingu dóms í máli þessu í Frjálsri þjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndu Kristjáni Jóhannessyni, Sigurjóni Þorbergssyni, Stefáni Pálssyni og Haraldi Henryssyni er skylt að þola það einum fyrir alla og öllum fyrir einn, að fjárnám verði gert í eignum þeirra til innheimtu framangreindra fjárhæða, að svo miklu leyti sem greiðslugeta stefnda Einars Braga Sigurðssonar hrekkur ekki til, en málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Stefndu Ingimar Jónasson og Sigmar Ingason skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 96/1966. **Ákæruvaldið**
(saksóknari ríkisins Valdimar Stefánsson)
gegn
Jósafat Arngrímssyni (Áki Jakobsson hrl.)
og
Þórði Einari Halldórssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Skjalafals. Fjársvik. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur einungis verið áfrýjað, að því er varðar ákærðu Jósafat Arngrímsson og Þórð Einar Halldórsson.

A.

Ákæra á hendur Jósafat Arngrímssyni fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliðir, sem fjallað er um í héraðsdómi í I. þætti III., IV. og V. kafla.

Sannað er í málinu, án tillits til skýrslna rithandarathuganda þess, sem getið er í héraðsdómi, að skjöl þau, sem ákærði er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, eru fölsuð, svo sem verksamningar og reikningar fyrir unnin verk, og svo greiðsluávísanir, að því er framsöl varðar. Hefur ákærði samkvæmt játningu sinni staðið að fölsun mikils hluta þessara skjala, og hann hefur notað öll þau skjöl, sem hann er sakfelldur fyrir í héraðsdómi, meira og minna í lögskiptum í blekkingarskyni með vitneskju um fölsun þeirra. Er atferli ákærða réttilega heimfært undir 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940.

Staðfesta ber sýknu ákærða af ákæruatriði því, sem greinir í VI. kafla I. þáttar héraðsdóms.

B.

Ákæra á hendur Jósafat Arngrímssyni og Þórði Einari Halldórssyni, er greinir í II. þætti héraðsdóms.

Ákærði Jósafat hefur með sviksamlegu atferli, sem rakið er í héraðsdómi, gerzt brotlegur við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Þórður Einar hefur með því að senda, svo sem lýst er í héraðsdómi, á vegum ákærða Jósafats símapóstávísanir til Reykjavíkur gegn viðtöku á tékkum, sem hann lét liggja óhæfilega lengi í sjóði sínum án þess að gera ráðstafanir um innheimtu þeirra, misnotað stöðu sína ákærða Jósafat og öðrum aðiljum til ávinnings, þannig að það varðar ákærða Þórð Einar refsingu samkvæmt 139. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961, sbr. og 26. gr. póstlaga nr. 31/1940 og 5. tl. 37. gr. reglugerðar nr. 170/1963. Sending ákærða Þórðar Einars á símapóstávísunum í febrúarmánuði 1964, eftir að honum var ljóst, að engin bankainnstæða var til fyrir þeim, varðar hann refsingu samkvæmt 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga.

C.

Refsing ákærða Jósafats þykir með hliðsjón af 77. og 78. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 2 ár, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 31. janúar til 14. marz 1964 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni, sbr. 76. gr. sömu laga.

Refsing ákærða Þórðar Einars þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi fangelsi 8 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 27. febrúar til 7. marz 1964 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. greindra laga.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 65.000.00.

Ákærði Þórður Einar greiði verjanda sínum fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun, kr. 55.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, greiði ákærði Jósafat einn að hálfu, en báðir ákærðu, Jósafat og Þórður Einar, óskipt að hálfu.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Jósafats Arngrímssonar á að vera óraskað.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Þórðar Einars Halldórssonar á að vera óraskað.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 65.000.00.

Ákærði Þórður Einar Halldórsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 55.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 80.000.00, greiði ákærði Jósafat Arngrímsson einn að hálfu, en báðir ákærðu, Jósafat Arngrímsson og Þórður Einar Halldórsson, greiði hinn helminginn óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1966.

Ár 1966, laugardaginn 29. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni, dómara samkvæmt sérstökum umboðsskrám, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 24–28/1966: Ákæruvaldið gegn Jósafat Arngrímssyni, Þórði Einari Halldórssyni, Eyþóri Þórðarsyni, Áka Guðna Gränz og Albert Karli Sanders, sem tekið var til dóms hinn 18. desember s.l.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1965, höfðað á hendur:

1. Jósafat Arngrímssyni verzlunarmanni, Holtsgötu 37, Ytri-Njarðvík, fæddum 12. maí 1933 að Mýrum í Dýrafirði.
2. Þórði Einari Halldórssyni verzlunarmanni, Sólheimum 27, Reykjavík, fæddum 11. janúar 1917 að Skálmardal í Barðastrandarsýslu.
3. Eyþóri Þórðarsyni vélvirkja, Holtsgötu 17, Ytri-Njarðvík, fæddum 4. nóvember 1925 í Vestmannaeyjum.
4. Áka Guðna Gränz málarameistara, Heimakletti, Ytri-Njarðvík, fæddum 26. júní 1925 í Vestmannaeyjum.
5. Albert Karli Sanders rafvirkja, Holtsgötu 27, Ytri-Njarðvík, fæddum 20. marz 1929 á Ísafirði.

I. þáttur.
Skjalafals.

Ákærða Jósafat er gefið að sök að hafa á árunum 1960 og 1961 gerzt sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 í sambandi við ýmiss konar verktakastarfsemi á Keflavíkurflugvelli fyrir Keflavík Civilian Open Mess, hér á eftir skammstafað K.C.O.M., None Commissioned Officers Open Mess, skammstafað N.C.O.O.M., og Armed Forces Open Mess, skammstafað A.F.O.M., með því að framvísa til fyrrgreindra aðilja tilboðum, reikningum, samningum og öðrum þess háttar gögnum til hagnýtingar samkvæmt efni þeirra með fölsuðum undirskriftum, svo sem rakið verður í I. kafla þessa þáttar, og síðan, eftir að hafa fengið í hendur ávísanir til greiðslu á verkum, sem um er fjallað í I. kafla, framvísað þeim til innlausnar, tíðast í Sparisjóði Keflavíkur, eftir að hafa falsað nafnritanir á bakhliðar tékkanna sem framsöl og síðan framselt þá með eigin nafni, svo sem rakið verður í II. kafla þessa þáttar. Ákærða Eyþóri er gefið að sök að hafa tekið þátt í þeim fölsunarbrotum meðákærða Jósafats, sem rakin eru í 1., 7., 11., 12. og 15. lið II. kafla A og 18. lið II. kafla B, og á þann hátt, er þar greinir, en á þeim tíma, sem hér um ræðir, vann ákærði Jósafat m. a. að bókhaldsstörfum o. fl. fyrir K.C.O.M. og N.C.O.O.M. og um skeið fyrir A.F.O.M., en ákærði Eyþór aðstoðaði meðákærða Jósafat við ýmis verkleg störf, er sá síðarnefndi tók að sér, m. a. fyrir fyrrgreinda aðilja.

Varðar fyrrgreint atferli ákærða Eyþórs við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna, sbr. 22. gr. sömu laga.

I. kafli.

Reikningar, tilboð, samningar og önnur slík gögn.

1. Áætlun og tilboð um ýmsa innréttingarvinnu og efni í samkvæmissal K.C.O.M. fyrir kr. 125.392.87, eða $ 2.929.74, af hálfu Guðmundar Jónssonar, dags. 16. júlí 1961, til stjórnar K.C.O.M. með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 40 og nr. 7.

2. Samningur milli K.C.O.M. og Guðmundar Jónssonar, dags. 25. ágúst 1961, um endurbyggingu samkvæmissalar K.C.O.M, heildarsamningsupphæð $ 8.514.84 ($ 8.518.84), undirritaður af Stanley Roff f. h. K.C.O.M., en með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 8, ljósrit.

3. Samningur milli Stanley Roff, ritara og gjaldkera K.C.O.M., og Ólafs Önundssonar um lagningu parket-dansgólfs í samkomusal K.C.O.M., dags. 4. ágúst 1961, samningsupphæð $ 1.580.00, með undirskriftinni Ólafur Önundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 32 og nr. 9, með áletrun um, að greiðsla hafi farið fram 4. ágúst 1961 með ávísun nr. 613, sbr. dskj. nr. 15 og ákærulið nr. 6 í A þætti II. kafla ákærunnar.

4. Tilboð til K.C.O.M. um útvegun eldtraustra gluggatjalda í húsakynni klúbbsins fyrir $ 2.380.00, eða kr. 90.202.00, dags. 17. júlí 1961, með undirskriftinni „Gardínubúðin, Ragnar Svavarsson", falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 30, með áritun S. Roff til staðfestingar og um fyrirframgreiðslu 19. júlí með ávísun nr. 591, sbr. dskj. nr. 73, sbr. ákærulið nr. 14 í A þætti II. kafla, sbr. færslufylgiskjal „voucher" nr. 239 á dskj. nr. 72.

5. Beiðni til K.C.O.M. um greiðslu eftirstöðva að fjárhæð kr. 67.985.23, eða $ 1.588.44, vegna útvegunar og uppsetningar á gluggatjöldum fyrir húsakynni klúbbsins, dags. 24. september 1961, með undirskriftinni Ragnar Svavarsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 31, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 22. september 1961 með ávísun nr. 666, sbr. dskj. nr. 20, sbr. ákærulið nr. 11 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 320 á dskj. nr. 72.

6. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Önundssyni, dags. 13. september 1961, fyrir lagningu parketgólfs í K.C.O.M., lokagreiðsla, kr. 23.685.52, eða $ 553.40, með undirskriftinni Ólafur Önundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 33, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 12. september 1961 með ávísun nr. 647, sbr. dskj. nr. 16, sbr. ákærulið nr. 7 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 303 á dskj. nr. 76.

7. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Önundssyni, dags. 15. september 1961, vegna viðgerðar á senu K.C.O.M. fyrir kr. 7.361.60, eða $ 172.00, með undirrituninni Ólafur Önundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 34, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 14. september 1961 með ávísun nr. 653, sbr. dskj. nr. 17, sbr. ákærulið nr. 8 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 303 á dskj. nr. 76.

8. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni til K.C.O.M., dags. 23. september 1961, um endanlega greiðslu vegna samkvæmissalar K.C.O.M., að eftirstöðvum kr. 107.635.15, eða $ 2.514.84, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 35, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 25. september 1961 með ávísun nr. 673, sbr. dskj. nr. 79, sbr. ákærulið nr. 15 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

9. Beiðni til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, dags. 7. ágúst 1961, um hlutagreiðslu vegna endurnýjunar samkvæmissalar K.C.O.M., að fjárhæð kr. 42.800.00, eða $ 1.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 36, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 7. september 1961 með ávísun nr. 644, sbr. dskj. nr. 11, sbr. ákærulið nr. 2 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

10. Reikningur eða kvittun til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, dags. 22. september 1961, vegna hlutagreiðslu fyrir húsgögn í samkvæmissal K.C.O.M. samkvæmt samningi, fyrir kr. 42.800.00, eða $ 1.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 37, með áritun S. Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 24. september 1961 með ávísun nr. 668, sbr. dskj. nr. 14, sbr. ákærulið nr. 5 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

11. Beiðni til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, dags. 19. september 1961, um hlutagreiðslu, að fjárhæð kr. 42.800.00, eða $ 1.000.00, vegna húsgagna fyrir samkvæmissal K.C.O.M., með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 38, með áritun S. Roff til staðfestingar um, að greiðsla hafi farið fram 19. september 1961 með ávísun nr. 656, sbr. dskj. nr. 13, sbr. ákærulið nr. 4 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

12. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni til K.C.O.M., dags. 14. september 1961, um hlutagreiðslu vegna byggingar samkvæmis-

salar K.C.O.M., að fjárhæð kr. 42.800.00, eða $ 1.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 39, með áritun Stanley Roff til staðfestingar um, að greiðsla hafi farið fram 14. september 1961 með ávísun nr. 654, sbr. dskj. nr. 12, sbr. ákærulið nr. 3 í II. kafla A, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

13. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni til K.C.O.M. um hlutagreiðslu vegna vinnu og efnis fyrir samkomusal K.C.O.M. samkvæmt 6. gr. samnings, að fjárhæð kr. 85.600.00, eða $ 2.000.00, með undirskriftinni Guðmundur Jónsson, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 41, og með áritun Stanley Roff til staðfestingar og um að greiðsla hafi farið fram 31. ágúst 1961 með ávísun nr. 632, sbr. dskj. nr. 10, sbr. ákærulið nr. 1 í II. kafla A.

14. Reikningur frá Guðmundi Halldórssyni til K.C.O.M., ódags., fyrir bólstrun og lagfæringu sófa samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir kr. 6.000.00, eða $ 158.31, með undirskriftinni Guðmundur Halldórsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 46, sbr. dskj. nr. 68, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 14. febrúar 1961 með ávísun nr. 428 (sic), 429, sbr. dskj. nr. 69, sbr. ákærulið nr. 12 í II. kafla A.

15. Eftirtaldir sex reikningar, samtals að fjárhæð kr. 20.983.38, eða $ 526.10, til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson undir þeim öllum, falsaðri af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 70:

a) Reikningur fyrir viðgerð á uppþvottavél, að fjárhæð kr. 1.705.50, eða $ 45.00, ódags., fylgjandi „voucher" nr. 111, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 21. apríl 1961 með ávísun nr. 487, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

b) Reikningur fyrir kælivélaþjónustu í júlí 1961 fyrir kr. 2.842.50, eða $ 75.00, dags. 28. júlí 1961, fylgjandi „voucher" nr. 252, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 26. júlí 1961 með ávísun nr. 596, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

c) Reikningur fyrir kælivélaþjónustu í septembermánuði 1961 o. fl. fyrir kr. 3.616.60, eða $ 84.50, dags. 25. september 1961, fylgjandi „voucher" nr. 318, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi

farið fram 22. september 1961 með ávísun nr. 665, sbr. dskj. nr. 19, sbr. ákærulið 10 í II. kafla A.

d) Reikningur fyrir viðgerð á uppþvottavél í eldhúsi K.C.O.M., ódags., að fjárhæð kr. 1.038.46, eða $ 27.40, fylgjandi „voucher" nr. 89, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 28. marz 1961 með ávísun nr. 468, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

e) Reikningur yfir efni og vinnu vegna viðgerðar á bingoblásara, ódags., að fjárhæð kr. 6.276.24, eða $ 165.60, fylgjandi „voucher" nr. 89, með þeim áritunum, er í d-lið greinir, og um að greiðsla hafi farið fram 15. marz 1961 með ávísun nr. 458, sbr. dskj. nr. 71, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla A.

f) Reikningur fyrir kælivélaþjónustu o. fl. í ágúst 1961, dags. 30. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 5.504.80, eða $ 128.60, fylgjandi „voucher" nr. 631, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 31. ágúst 1961 með ávísun nr. 631, sbr. dskj. nr. 18, sbr. ákærulið nr. 9 í II. kafla A.

16. Reikningur til K.C.O.M. í 6 liðum frá Eyþóri Þórðarsyni, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir öllum 6 liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 15, sbr. dskj. nr. 84, samtals að fjárhæð kr. 55.694.17, eða $ 1.470.31, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram í janúar 1961 með eftirgreindum ávísunum:

a) Fyrsti liður vegna staðsetningar rafmagnsstæðis, útvegun trésmiða frá Keflavík o. fl., að fjárhæð kr. 1.603.17, eða $ 42.30, og annar liður vegna hlutagreiðslu fyrir að mála K.C.O.M., að fjárhæð kr. 3.600.00, eða $ 94.99, ódags. báðir og báðir greiddir með ávísun nr. 413, að fjárhæð kr. 5.203.17, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

b) Þriðji liður vegna málningarvinnu við K.C.O.M. klúbbinn, að fjárhæð kr. 21.000.00, eða $ 554.90, dags. 18. janúar 1961, greiddur með ávísun nr. 339, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

c) Fjórði liður vegna málningarvinnu við K.C.O.M. klúbbinn, að fjárhæð kr. 10.000.00, eða $ 263.85, dags. 17. janúar 1961, greiddur með ávísun nr. 398, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

d) Fimmti liður vegna byggingar hengis við inngang K.C.O.M., dags. í janúar 1961, að fjárhæð kr. 10.991.00, eða $ 290.00, greiddur með ávísun nr. 395, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

e) Sjötti liður vegna málningarvinnu við danssal o. fl., dags. 17. janúar 1961, að fjárhæð kr. 8.500.00, eða $ 224.27, greiddur 19. janúar 1961 með ávísun nr. 400.

17. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni, dags. 27. febrúar 1961, vegna útvegunar efnis, flutnings trésmiða, bólstrunar á sófum o. fl., að fjárhæð kr. 909.60, eða $ 24.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 64, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 85, og um að greiðsla hafi farið fram 8. febrúar 1961 með ávísun nr. 437, sbr. dskj. nr. 90.

18. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni, dags. 28. apríl 1961, vegna kælivélaþjónustu í apríl 1961, að fjárhæð kr. 1.790.00, eða $ 47.23, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 139, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 86, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 28. apríl 1961 með ávísun nr. 500, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

19. Reikningur í 2 liðum frá Eyþóri Þórðarsyni til K.C.O.M., með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 171, með áritunum um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 87, og um að greiðsla hafi farið fram í maí 1961 með eftirgreindum ávísunum:

a) Fyrri liður, dags. 19. maí 1961, vegna ýmiss konar efnisútvegunar og vinnu í þágu klúbbsins, að fjárhæð kr. 1.751.60, eða $ 46.22, greiddur með ávísun nr. 526, sbr. dskj. nr. 90.

b) Seinni liður, dags. 26. maí 1961, vegna kælivélaþjónustu í maímánuði 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, eða $ 75.00, greiddur með ávísun nr. 529, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

20. Reikningur í 2 liðum frá Eyþóri Þórðarsyni til K.C.O.M., með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir fyrri lið reikningsins, sem lýtur að kælivélaþjónustu í júní, fyrir kr. 2.842.50, eða $ 75.00, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 205, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslu-

samþykki S. Roff, sbr. dskj. nr. 88, og um að greiðsla hafi farið fram í júní 1961 með ávísun nr. 559, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

21. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni, dags. 27. júlí 1961, fyrir uppsetningu steikarpönnu, að fjárhæð kr. 3.411.00, eða $ 90.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 253, sbr. dskj. nr. 89, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 26. júlí 1961 með ávísun nr. 593, sbr. dskj. nr. 90, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla A.

22. Reikningur í 2 liðum til K.C.O.M. frá Áka Gränz vegna málningarvinnu við K.C.O.M., ódags., sá fyrri að fjárhæð kr. 10.000.00, en sá síðari kr. 23.000.00, með undirskriftinni Áki Gränz undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 12, sbr. dskj. nr. 91, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 23. og 31. janúar með ávísunum nr. 402 og nr. 415, sbr. dskj. nr. 94.

23. Reikningur í 3 liðum til K.C.O.M. frá Áka Gränz vegna mynda og málningar í K.C.O.M. klúbbnum, 1. liður ódags., en síðari liðirnir dags. 7. febrúar 1961, með undirskriftinni Áki Gränz undir öllum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 45, sbr. dskj. nr. 92, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 7. og 17. febrúar 1961 með ávísunum nr. 424 og nr. 435, sbr. dskj. nr. 94.

24. Reikningur til K.C.O.M. frá Áka Gränz, dags. 25. september 1961, fyrir málningarvinnu í innri forstofu K.C.O.M., að fjárhæð kr. 8.560.00, eða $ 200.00, með undirskriftinni Áki Gränz, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 331, sbr. dskj. nr. 93, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki S. Roff og um að greiðsla hafi farið fram 25. september 1961 með ávísun nr. 672, sbr. dskj. nr. 94.

25. Reikningur í 3 liðum, dags. í janúar 1961, til K.C.O.M. klúbbsins frá Eyþóri Þórðarsyni, með undirskrift Eyþórs undir öllum 3 liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 497, með áritun um athugun af hálfu M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer, sbr. dskj. nr. 99, og um að greiðsla hafi farið fram í janúar 1961 með eftirgreindum ávísunum:

a) Fyrsti liður vegna frystivélaþjónustu í janúar fyrir kr. 2.842.50, eða $ 75.00, dags. 27. janúar, greiddur með ávísun nr. 899, sbr. dskj. nr. 101, sbr. ákærulið nr. 2 í II. kafla B.

b) Annar liður vegna uppsetningar 2 kæliskápa í N.C.O. eldhúsi, dags. 12. janúar, fyrir kr. 2.804.60, eða $ 74.00, og þriðji liður vegna viðgerðar á hitara í N.C.O. klúbbnum, dags. 12. janúar, fyrir kr. 758.00, eða $ 20.00, báðir greiddir með ávísun nr. 880, sbr. dskj. nr. 100, sbr. ákærulið nr. 2 í II. kafla B.

26. Reikningur frá Eyþóri Þórðarsyni til N.C.O., dagsettur 28. febrúar 1961, fyrir uppsetningu ljósa, að upphæð kr. 1.137.00, eða $ 30.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 563, sbr. dskj. nr. 102, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer og um að greiðsla hafi farið fram 28. febrúar 1961 með ávísun nr. 958, sbr. dskj. nr. 103, sbr. ákærulið nr. 3 í II. kafla B.

27. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni, dagsettur 14. marz 1961, fyrir ýmsa vinnu og efni samkvæmt beiðni gæzlumanns fyrir kr. 1.591.80, eða $ 42.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 589, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr., sbr. dskj. nr. 104, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 16. marz 1961 með ávísun nr. 984, sbr. dskj. nr. 105, sbr. ákærulið nr. 4 í II. kafla B.

28. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni, dagsettur 31. marz 1961, vegna kælivélaþjónustu í marzmánuði 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, eða $ 75.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 595, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr., sbr. dskj. nr. 106, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 24. maí 1961 með ávísun nr. 998, sbr. dskj. nr. 107, sbr. ákærulið nr. 5 í II. kafla B.

29. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni, ódagsettur, fyrir ýmsa vinnu og viðgerðarþjónustu fyrir kr. 1.478.10, eða $ 39.00, að viðbættum kr. 2.842.50, eða $ 75.00, fyrir kælivélaþjónustu í apríl, alls kr. 4.320.60, eða $ 114.00, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 636, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr., sbr. dskj. nr. 108, og með áritun um, að greiðsla hafi farið

fram 21. apríl 1961 með ávísun nr. 1037, sbr. dskj. nr. 109, sbr. ákærulið nr. 6 í II. kafla B.

30. Reikningur til K.N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni vegna kælivélaþjónustu í septembermánuði 1961, dagsettur 25. september 1961, fyrir kr. 2.675.00, eða $ 62.50, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 848, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki William Mull, sbr. dskj. nr. 110, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 23. september 1961 með ávísun nr. 1261.

31. Reikningur í tveim liðum frá Eyþóri Þórðarsyni til A.F.O.M., fyrri liður vegna vinnu við gólfskilrúm, að upphæð kr. 1.445.08, eða $ 36.40, dagsettur 13. janúar 1961, en seinni liður, dagsettur 22. janúar 1961, vegna rörlagningarvinnu við salerni, að upphæð kr. 3.550.00, eða $ 93.67, með undirskriftinni Eyþór Þórðarson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 306, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki C. G. Wourl, sbr. dskj. nr. 114, og með áritun um, að fyrri liður hafi verið greiddur 17. janúar 1961 með ávísun nr. 564, sbr. dskj. nr. 115, sbr. ákærulið nr. 8 í II. kafla B, en síðari liður 26. janúar 1961 með ávísun nr. 573.

32. Tilboð A.F.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni og Þórarni Eyjólfssyni, dagsett 3. maí 1961, um vinnu við að þekja veggi danssalar A.F.O.M., tilboðsupphæð kr. 99.298.00, eða $ 2.620.00, með undirskriftunum Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson undir tilboðinu, fölsuðum af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 116, sbr. næstu tvo ákæruliði.

33. Samningur í tvíriti milli Graham Keesee, ritara og gæzlumanns A.F.O.M., annars vegar og Eyþórs Þórðarsonar og Þórarins Eyjólfssonar hins vegar um breytingar í danssal A.F.O.M., dagsettur 3. ágúst 1961, samningsupphæð $ 2.620.00, með undirskriftunum Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson undir samningnum, fölsuðum af ákærða Jósafat, sbr. dskj. nr. 117, sbr. ákæruliði nr. 32 og 34 í þessum kafla.

34. Greiðslubeiðni í þrem liðum til A.F.O.M. vegna endurnýjunar veggja í danssal samkvæmt samningi. Fyrsti liður, dagsettur 16. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, eða $ 1.000.00, annar liður 15. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, eða $ 1.000.00, og þriðji liður 31. ágúst 1965, að fjárhæð kr. 41.836.10, eða $ 977.48, með undirskriftunum Eyþór Þórðarson undir tveim

fyrri liðunum og Þórarinn Eyjólfsson undir þriðja lið, öllum fölsuðum af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 477, með áritun um athugun Gunnars Ingvarssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 118, og með áritun á hinum einstöku liðum greiðslubeiðnanna um greiðslu, fyrsti og annar liður 15. ágúst 1961 með ávísun nr. 211, sbr. dskj. nr. 120, sbr. ákærulið nr. 9 í II. kafla B, og þriðji liður 31. ágúst 1961 með ávísun nr. 238, sbr. dskj. nr. 119.

35. Reikningur frá Þórarni Eyjólfssyni til A.F.O.M., dagsettur 20. febrúar 1961, fyrir flísar í snyrtiklefa kvenna fyrir samtals kr. 3.650.00, eða $ 96.31, með undirskriftinni Þórarinn Eyjólfsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 348, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 121, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 22. febrúar 1961 með ávísun nr. 11.

36. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni, ódagsettur, fyrir viðgerð á margföldunarvél, að fjárhæð kr. 910.00, eða $ 24.01, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 594, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki C. B. Owens jr. og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 24. marz 1961 með ávísun nr. 996, sbr. dskj. nr. 122, sbr. ákærulið nr. 10 í II. kafla B.

37. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til N.C.O., dagsettur 25. apríl 1961, fyrir ýmsa trésmíðavinnu og efni samkvæmt beiðni gæzlumanns fyrir samtals kr. 12.601.75, eða $ 332.50, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 641, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer, sbr. dskj. nr. 124, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 25. apríl 1961 með ávísun nr. 1040, sbr. dskj. nr. 125, sbr. ákærulið nr. 11 í II. kafla B.

38. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til N.C.O., dagsettur 28. apríl 1961, vegna viðgerðar á húsgögnum samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir samtals kr. 10.915.20, eða $ 288.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher“ nr. 648, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki Charles W. Kramer, sbr. dskj. nr. 126, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 30. apríl 1961 með ávísun nr. 1050, sbr. dskj. nr. 127, sbr. ákærulið nr. 12 í II. kafla B.

39. Ódagsettur reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til N.C.O. fyrir peningakassaskúffur fyrir bandaríska mynt, fyrir kr. 1.284.00, eða $ 30.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 847, með áritun um athugun M. T. Cusulski og greiðslusamþykki William Mull, sbr. dskj. nr. 128, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 23. september 1961 með ávísun nr. 1260.

40. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., dagsettur 24. febrúar 1961, vegna viðgerðar á vegg í snyrtiklefa A.F.O.M. og fyrir málningu snyrtiklefans samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir kr. 3.411.00, eða $ 90.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 354, með áritun um athugun Jóns Arngrímssonar, sbr. dskj. nr. 129, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 27. febrúar 1961 með ávísun nr. 20, sbr. dskj. nr. 130, sbr. ákærulið nr. 13 í II. kafla B.

41. Ódagsettur reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. fyrir málningarvinnu samkvæmt beiðni gæzlumanns í A.F.O.M., fyrir kr. 4.358.50, eða $ 115.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 404, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 131, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 27. apríl 1961 með ávísun nr. 88, sbr. dskj. nr. 132, sbr. ákærulið nr. 14 í II. kafla B.

42. Ódagsettur reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. fyrir ýmsar viðgerðir og viðhaldsvinnu samkvæmt beiðni ritarans, fyrir kr. 1.648.65, eða $ 43.50, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 421, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 133, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 19. maí 1961 með ávísun nr. 109, sbr. dskj. nr. 134, sbr. ákærulið nr. 15 í II. kafla B.

43. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., dagsettur 25. maí 1961, vegna frystivélaþjónustu í maímánuði 1961, fyrir kr. 2.842.50, eða $ 75.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 425, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 135, og með

áritun um, að greiðsla hafi farið fram 30. maí 1961 með ávísun nr. 120, sbr. dskj. nr. 136, sbr. ákærulið nr. 16 í II. kafla B.

44. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M. vegna frystivélaþjónustu í júnímánuði 1961 o. fl., dagsettur 26. júní 1961, að fjárhæð kr. 3.649.77, eða $ 96.30, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 447, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 137, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 27. júní 1961 með ávísun nr. 149, sbr. dskj. nr. 138, sbr. ákærulið nr. 17 í II. kafla B.

45. Reikningur í tveim liðum frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson undir báðum liðum reikningsins, falsaðri af ákærða Jósafat, fyrri liður vegna byggingar girðingar um áfengisgeymslu A.F.O.M. samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir kr. 3.032.00, eða $ 80.00, dagsettur 30. júní 1961, og síðari liður fyrir ýmsa vinnu og þjónustu samkvæmt beiðni gæzlumanns, fyrir alls kr. 6.026.10, eða $ 159.00, dagsettur 28. júlí 1961, báðir fylgjandi „voucher" nr. 461, með áritun um athugun af hálfu Jóns Arngrímssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 139, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram, fyrri liður hinn 13. júlí 1961 með ávísun nr. 166, sbr. dskj. nr. 140, og síðari liður 26. júlí með ávísun nr. 181, sbr. dskj. nr. 141, sbr. ákæruliði nr. 18 og 19 í II. kafla B.

46. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M., dagsettur 28. ágúst 1961, fyrir frystivélaþjónustu í ágústmánuði 1961 o. fl., fyrir alls kr. 9.501.60, eða $ 222.00, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 497, með athugun af hálfu Gunnars Ingvarssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 142, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 28. ágúst 1961 með ávísun nr. 230, sbr. dskj. nr. 143, sbr. ákærulið nr. 20 í II. kafla B.

47. Reikningur frá Ragnari Guðmundssyni til A.F.O.M vegna frystivélaþjónustu í septembermánuði 1961 og fyrir útvegun á peningakassaskúffum fyrir bandaríska mynt, fyrir alls kr. 3.616.60, eða $ 84.50, dagsettur 25. september 1961, með undirskriftinni Ragnar Guðmundsson, falsaðri af ákærða Jósafat, fylgjandi „voucher" nr. 527, með áritun um athugun af hálfu Gunnars Ingvarssonar og greiðslusamþykki Graham Keesee, sbr. dskj. nr. 144, og með áritun um, að greiðsla hafi farið fram 23. september 1961 með ávísun nr. 271.

II. kafli.

Ávísanir með fölsuðum nafnritunum á bakhliðum þeirra sem framsöl og framvísað síðan, tíðast í Sparisjóði Keflavíkur, eftir að ákærðu höfðu sjálfir framselt tékkana með eigin nöfnum og þannig fengið fjárhæðir þeirra greiddar, svo sem rakið verður.

A.

Eftirgreindar ávísanir, útgefnar af Keflavík Civilian Open Mess á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., Keflavíkurflugvelli:

1. Nr. 632, dagsett 31. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 85.600.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni eða áeggjan Jósafats, sem síðan framseldi ávísunina í eigin nafni, en þannig var ávísuninni framvísað í sparisjóðnum 1. september 1961 og greidd, sbr. dskj. nr. 10, sbr. ákærulið nr. 13 í I. kafla.

2. Nr. 644, dagsett 7. september 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina í eigin nafni og framvísaði ávísuninni í sparisjóðnum 7. september 1961, þar sem hún var greidd, sbr. dskj. nr. 11, sbr. ákærulið nr. 9 í I. kafla, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

3. Nr. 654, dagsett 14. september 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson, falsaðri á bakhlið tékkans af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann í eigin nafni, en ávísunin var þannig greidd í sparisjóðnum 14. september 1961, sbr. dskj. nr. 12, sbr. ákærulið nr. 12 í I. kafla, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

4. Nr. 656, dagsett 19. september, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina pr. pr. Kyndill, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 19. september 1961, sbr. dskj. nr. 13, sbr. ákærulið nr. 11 í I. kafla, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

5. Nr. 668, dagsett 24. september 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, til Guðmundar Jónssonar, með nafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni og framvísaði honum í sparisjóðnum 23. september 1961, þar sem hann var greiddur, sbr.

dskj. nr. 14, sbr. ákærulið nr. 10 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 302 á dskj. nr. 78.

6. Nr. 613, dagsett 4. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 20.287.20, til Ólafs Önundssonar, með nafnrituninni Ólafur Önundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með framsalinu pr. pr. Kyndill h/f, Jósafat Arngrímsson, og var ávísunin þannig greidd í sparisjóðnum (5.) ágúst 1961, sbr. dskj. nr. 15, sbr. ákærulið nr. 3 í I. kafla.

7. Nr. 647, dagsett 12. september 1961, til Ólafs Önundssonar, að fjárhæð kr. 23.685.52, með nafnrituninni Ólafur Önundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 12. september 1961, sbr. dskj. nr. 16, sbr. ákærulið nr. 6 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 303 á dskj. nr. 76.

8. Nr. 653, dagsett 14. september 1961, að fjárhæð kr. 7.361.60, til Ólafs Önundssonar, með nafnrituninni Ólafur Önundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 14. september 1961, sbr. dskj. nr. 17, sbr. ákærulið nr. 7 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 303 á dskj. nr. 76.

9. Nr. 631, dagsett 31. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 5.504.08, til Ragnars Guðmundssonar, með árituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd 31. ágúst 1961, sbr. dskj. nr. 18, sbr. ákærulið nr. 15 í I. kafla, staflið f.

10. Nr. 665, dagsett 22. september 1961, á reikning nr. K-14, að fjárhæð kr. 3.616.00, til Ragnars Guðmundssonar, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann í eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 23. september 1961, sbr. dskj. nr. 19, sbr. ákærulið nr. 15 í I. kafla, staflið c.

11. Nr. 666, dagsett 24. september 1961, að fjárhæð kr. 67.985.23, til Ragnars Svavarssonar, með framsalsárituninni Ragnar Svavarsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 23. september 1961, sbr. dskj. nr. 20, sbr. ákærulið nr. 5 í I. kafla, sbr. „voucher“ nr. 320 á dskj. nr. 72.

12. Nr. 429, dagsett 14. febrúar 1961, að fjárhæð kr. 6.000.00,

til Guðmundar Halldórssonar, með framsalsárituninni Guðmundur Halldórsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 14. febrúar 1961, sbr. dskj. nr. 69, sbr. ákærulið nr. 14 í I. kafla.

13. Fjórar ávísanir til Ragnars Guðmundssonar, þ. e. nr. 458, dagsett 15. marz 1961, að fjárhæð kr. 6.276.24, nr. 468, dagsett 28. marz 1961, að fjárhæð kr. 1.038.46, nr. 487, dagsett 21. apríl 1961, að fjárhæð kr. 1.705.50, og nr. 596, dagsett 26. júlí 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, með framsalsnafnrituninni Ragnar Guðmundsson á bakhliðum allra tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi 3 tékkana, þ. e. nr. 458, 487 og 596, með eigin nafni, og þannig voru tékkarnir greiddir í sparisjóðnum, nr. 458 16. marz 1961, nr. 487 21. apríl 1961 og nr. 596 27. júlí 1961. Ávísun nr. 468 var framseld af Stapafelli h/f og greidd í sparisjóðnum 4. apríl 1964, sbr. dskj. nr. 71, sbr. dskj. nr. 70, sbr. ákærulið nr. 16 í I. kafla, stafliði a, b, d og e.

14. Nr. 591, dagsett 19. júlí 1961, að fjárhæð kr. 30.000.00, til Ragnars Svavarssonar, með nafnrituninni Ragnar Svavarsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann í eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 19. júlí 1961, sbr. dskj. nr. 73, sbr. „voucher" nr. 239 á dskj. nr. 72, sbr. ákærulið nr. 4 í I. kafla.

15. Nr. 673, dagsett 25. september 1961, að fjárhæð kr. 107.635.15, til Guðmundar Jónssonar, með framsalsnafnrituninni Guðmundur Jónsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat með vitneskju meðákærða Eyþórs, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 28. september 1961, sbr. dskj. nr. 79, sbr. ákærulið nr. 8 í I. kafla, sbr. „voucher" nr. 302 á dskj. nr. 78.

16. Eftirgreindar 9 ávísanir á dskj. nr. 90, samtals að fjárhæð kr. 58.686.57, til Eyþórs Þórðarsonar: Nr. 374, dagsett 28. desember 1960, að fjárhæð kr. 606.40, nr. 395, dagsett 12. janúar 1961, að fjárhæð kr. 10.991.00, nr. 398, dagsett 17. janúar 1961, að fjárhæð kr. 10.000.00, nr. 399, dagsett 19. janúar 1961, að fjárhæð kr. 21.000.00, nr. 413, dagsett 31. janúar 1961, að fjárhæð kr. 5.203.17, nr. 500, dagsett 28. apríl 1961, að fjárhæð kr. 1.790.00, nr. 529, dagsett 26. marz 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, nr. 559, dagsett 26. júní 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, og nr. 593, dagsett 26. júlí 1961, að fjárhæð kr. 3.411.00, allar með framsals-

nafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhliðum tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi þær í eigin nafni, og þannig voru þær greiddar í sparisjóðnum á eftirgreindum dögum: Nr. 374 28. desember 1960, nr. 395 13. janúar 1961, nr. 398 18. janúar 1961, nr. 399 19. janúar 1961, nr. 413 3. febrúar 1961, nr. 500 greidd í Verzlunarbankanum 4. maí 1961, nr. 529 greidd í sparisjóðnum 26. maí 1961, nr. 559 26. júní 1961 og nr. 593 27. júlí 1961, sbr. eftirgreinda ákæruliði í I. kafla nr. 16, stafliði a, b, c og d, nr. 18, 19, 20 og 21.

B.

Ávísanir, útgefnar af Custodian N.C.O. Open Mess á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., Keflavíkurflugvelli:

1. Nr. 793, dagsett 28. desember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 10.917.95, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 28. desember 1960, sbr. dskj. nr. 98.

2. Nr. 880, dagsett 12. janúar 1961, að fjárhæð kr. 3.562.60, og nr. 899, dagsett 27. janúar 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, báðar til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhliðum tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, en tékkarnir voru greiddir í sparisjóðnum 13. janúar 1961, nr. 880, og 27. janúar 1961, nr. 899, eftir að ákærði Jósafat hafði framselt þá báða í eigin nafni, sbr. dskj. nr. 99, 100 og 101, sbr. ákærulið nr. 25 í I. kafla.

3. Nr. 958, dagsett 28. febrúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 1.137.00, með framsalsnafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 2. marz 1961, sbr. dskj. nr. 103, sbr. dskj. nr. 102, sbr. ákærulið nr. 26 í I. kafla.

4. Nr. 984, dagsett 16. marz 1961, að fjárhæð kr. 1.591.80, til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsnafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 17. marz 1961, sbr. dskj. nr. 105, sbr. dskj. nr. 104, sbr. ákærulið nr. 27 í I. kafla.

5. Nr. 998, dagsett 24. marz 1961, að fjárhæð kr. 2.842.50, til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsnafnrituninni Eyþór Þórðarson

á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 24. marz 1961, sbr. dskj. nr. 107, sbr. dskj. nr. 106, sbr. ákærulið nr. 28 í I. kafla.

6. Nr. 1037, dagsett 21. apríl 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 4.320.60, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 21. apríl 1961, sbr. dskj. nr. 109, sbr. dskj. nr. 108, sbr. ákærulið nr. 29 í I. kafla.

7. Nr. 695, dagsett 28. nóvember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 2.842.50, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi sjálfur tékkann, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 28. nóvember 1960, sbr. dskj. nr. 111.

8. Nr. 564, dagsett 11. janúar, til Eyþórs Þórðarsonar, að fjárhæð kr. 1.445.08, með nafnrituninni Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans sem framsal, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 16. janúar 1961, sbr. dskj. nr. 115, sbr. dskj. nr. 114, sbr. ákærulið nr. 31 í I. kafla.

9. Nr. 194, dagsett 3. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 27.500.00, og nr. 211, dagsett 15. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 42.800.00, báðar til Eyþórs Þórðarsonar, með framsalsárituninni Eyþór Þórðarson á bakhliðum beggja tékkanna, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi þá báða með eigin nafni, og þannig voru tékkarnir greiddir í sparisjóðnum, nr. 194 3. ágúst 1961 og nr. 211 16. júlí (sic) 1961, sbr. dskj. nr. 120, sbr. dskj. nr. 118, sbr. ákærulið nr. 34 í I. kafla.

10. Nr. 996, dagsett 24. marz 1961, að fjárhæð kr. 910.00, til Ragnars Guðmundssonar, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum á útgáfudegi hennar, sbr. dskj. nr. 123, sbr. dskj. nr. 122, sbr. ákærulið nr. 36 í I. kafla.

11. Nr. 1040, dagsett 25. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 12.601.75, með framsalsnafnrituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 25. apríl 1961, sbr. dskj. nr. 125, sbr. dskj. nr. 124, sbr. ákærulið nr. 37 í I. kafla.

12. Nr. 1050, dagsett 30. apríl 1961, til Ragnars Guðmunds-

sonar, að fjárhæð kr. 10.915.20, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 2. maí 1961, sbr. dskj. nr. 127, sbr. dskj. nr. 126, sbr. ákærulið nr. 38 í I. kafla.

13. Nr. 20, dagsett 27. febrúar 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 3.411.00, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 2. marz 1961, sbr. dskj. nr. 130, sbr. dskj. nr. 129, sbr. ákærulið nr. 40 í I. kafla.

14. Nr. 88, dagsett 27. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 4.358.50, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 27. apríl 1961, sbr. dskj. nr. 132, sbr. dskj. nr. 131, sbr. ákærulið nr. 41 í I. kafla.

15. Nr. 109, dagsett 19. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 1.648.65, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 20. maí 1961, með stimplun Kaupfélags Suðurnesja í Keflavík einnig á tékkanum, sbr. dskj. nr. 134, sbr. dskj. nr. 133, sbr. ákærulið nr. 42 í I. kafla.

16. Nr. 120, dagsett 30. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 2.842.50, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 7. júní 1961, sbr. dskj. nr. 136, sbr. dskj. nr. 135, sbr. ákærulið nr. 43 í I. kafla.

17. Nr. 149, dagsett 27. júní 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 3.649.77, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 28. júní 1961, sbr. dskj. nr. 138, sbr. dskj. nr. 137, sbr. ákærulið nr. 44 í I. kafla.

18. Nr. 166, dagsett 13. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.032.00, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Eyþóri að beiðni og áeggjan meðákærða Jósafats, en ákærði Eyþór framseldi síðan tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í spari-

sjóðnum 14. júlí 1961, sbr. dskj. nr. 140, sbr. dskj. nr. 139, sbr. ákærulið nr. 45 í I. kafla.

19. Nr. 181, dagsett 26. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 6.026.10, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi ávísunina pr. pr. Kyndill h/f, og þannig var ávísunin greidd í sparisjóðnum 31. júlí 1961, sbr. dskj. nr. 141, sbr. dskj. nr. 139, sbr. ákærulið nr. 45 í I. kafla.

20. Nr. 230, dagsett 28. ágúst 1961, að fjárhæð kr. 9.501.60, til Ragnars Guðmundssonar, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem þannig fékk fjárhæð tékkans greidda við framvísun hans í The American Express Co., Inc., 29. ágúst 1961, sbr. dskj. nr. 143, sbr. dskj. nr. 142, sbr. ákærulið nr. 46 í I. kafla.

21. Nr. 51, dagsett 24. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 720.10, með framsalsárituninni Ragnar Guðmundsson á bakhlið tékkans, falsaðri af ákærða Jósafat, sem síðan framseldi tékkann með eigin nafni, og þannig var tékkinn greiddur í sparisjóðnum 24. marz 1961, sbr. dskj. nr. 145.

III. kafli.

Ákærða Jósafat er og gefið að sök að hafa síðari hluta febrúarmánaðar 1962 sent tilkynningu til firmaskrár Keflavíkur um stofnun fyrirtækis í Keflavík, er bera skyldi heitið Guðmundur Jónsson, með undirritun Björgvins Guðmundssonar og dagsetningu 27. febrúar 1962, eftir að hafa breytt ártalinu í tilkynningunni í 1961 án vitundar og heimildar Björgvins, en þannig var tilkynningin móttekin á skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík 8. maí 1962 og firmaskráningin auglýst í 59. tbl. Lögbirtingablaðsins 26. maí 1962, auglýsing nr. 1189.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

II. þáttur.

Brot í sambandi við sendingu símapóstávísana um pósthúsið á Keflavíkurflugvelli.

I. kafli.

Ákærða Jósafat er gefið að sök að hafa á árunum 1962, 1963 og í ársbyrjun 1964 með sviksamlegri útgáfu og notkun tékka af hálfu Ísfélags Keflavíkur h/f, Kyndils h/f og Kassagerð Suðurnesja h/f, en á þeim árum var ákærði Jósafat lengst af í stjórn fyrrgreindra fyrirtækja, stjórnarformaður og framkvæmdastjóri

Ísfélagsins og framkvæmdastjóri Kyndils h/f, náð að svíkja út úr sjóðum póstmálastjórnarinnar á Keflavíkurflugvelli fé, er nam í febrúarbyrjun 1964 kr. 2.667.245.42, á þann hátt að senda iðulega á fyrrgreindu tímabili símapóstávísanir í nafni fyrrnefndra fyrirtækja eða annarra félaga sinna pro forma um pósthúsið á Keflavíkurflugvelli til ýmissa aðilja í Reykjavík, sem til þess eins voru kvaddir að veita þar fénu viðtöku fyrir ákærða, þar til hann sækti það sjálfur eða léti sækja það eða féð skyldi leggjast beint inn á bankareikning fyrirtækjanna í Reykjavík, og með því móti hyggjast skapa sér og fyrirtækjum sínum skammvinn rekstrarlán, vitandi það og í trausti þess, að tékkauppgjör fór aðeins fram einu sinni í mánuði af hálfu póstsofunnar á Keflavíkurflugvelli, en bankainnstæðu brast fyrir hinum ávísuðu tékkafjárhæðum, sem símapóstávísanirnar voru greiddar með.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra heglingarlaga nr. 19/1940.

II. kafli.

Ákærða Þórði Einari er gefið að sök aðallega að hafa gerzt sekur um þátttöku í svikum meðákærða Jósafats, sem greinir í I. kafla þessa þáttar, og jafnframt um brot í opinberu starfi, en til vara að hafa:

A. Gerzt sekur um brot í opinberu starfi og misnotkun á fjárvörzlu póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli á öndverðu ári 1964 með því að hafa sem póstvarðstjóri þar í heimildarleysi og gegnt fyrirmælum póstmálastjórnarinnar um kaup á tékkum tekið við sem greiðslum eftirgreindum 11 tékkum, útgefnum af meðákærða Albert Karli Sanders pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f á hlaupareikning nr. 40 við Sparisjóð Keflavíkur, samtals að fjárhæð kr. 2.667.245.42, öllum til greiðslu á símapóstávísunum, sem sendar voru af hálfu forsvarsmanna félagsins, meðákærða Jósafat, sbr. tékka þá, er greinir í 1.—3. tölul. incl., og meðákærðu Áka Guðna og Albert Karli, sbr. tékka í 4.—11. tölul. incl., pro forma til ýmissa aðilja í Reykjavík, sbr. efnislýsingu I. kafla þessa þáttar, án þess að grennslast um innstæðu fyrir tékkunum, og það enda þótt ákærði Þórður Einar vissi eða hlaut að vera ljóst, að innstæðu brysti að meira eða minna leyti fyrir hinum ávísuðu tékkafjárhæðum né heldur senda tékkana til aðalgjaldkera pósts og síma í Reykjavík með fyrstu póstferðum eftir móttöku þeirra:

1. A, nr. 69407, dags. 9. janúar, .. kr. 198.756.36
2. A, nr. 69411, dags. 13. janúar, .. — 268.519.53

3. A, nr. 69427, dags. 30. janúar, kr. 40.000.00
4. A, nr. 69419, dags. 3. febrúar, .. — 291.098.00
5. A, nr. 69420, dags. 3. febrúar, .. — 467.500.00
6. A, nr. 69421, dags. 3. febrúar, .. — 383.651.00
7. A, nr. 69422, dags. 5. febrúar, .. — 368.361.44
8. A, nr. 69423, dags. 6. febrúar, .. — 187.710.50
9. A, nr. 69424, dags. 6. febrúar, .. — 122.000.00
10. A, nr. 69425, dags. 6. febrúar, .. — 78.342.52
11. A, nr. 69426, dags. 6. febrúar, .. — 261.306.10

Telst þetta aðallega varða við 248. gr., sbr. 22. gr. almennra heglingarlaga nr. 19/1940, sbr. 138. gr. sömu laga, en til vara við 139. gr. og 261. gr., sbr. 249. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna, sbr. 37. gr., 5. tölul., sbr. 82. gr. reglugerðar um notkun pósts nr. 170/1963, sbr. 26. gr. póstlaga nr. 31/1940.

B. Veitt meðákærðu Áka Guðna og Albert Karli aðstoð sína til þessa atferlis þeirra, sem rakið er í A-lið III. kafla, að því er varðar hagnýtingu þeirra á tékkum þeim, sem gefnir voru út af þeirra hálfu í febrúarmánuði 1964, með því að vekja athygli þeirra á innstæðuleysi tékka frá Ísfélaginu, sem þá voru í hans vörzlum í póstafgreiðslunni, og gera þeim þannig jafnframt kleift að halda áfram símapóstávísanasendingum félagsins, sem hafnar voru af meðákærða Jósafat, svo sem rakið er í I. kafla, og fólgnar voru í pro forma símapóstávísanasendingum af hálfu fyrirtækja meðákærðu til ýmissa aðilja í Reykjavík, sem til þess eins voru kvaddir af meðákærðu að veita fénu þar viðtöku, þar til þeir sæktu það sjálfir eða féð skyldi leggjast beint inn á bankareikninga, og þannig halda í horfi peningaveltu félagsins í gegnum póstafgreiðsluna. Telst þetta varða við 254. gr., sbr. 138. gr. hegningarlaganna.

III. kafli.

Ákærðu Áka Guðna og Albert Karli er gefið að sök að hafa:

A. Í febrúarmánuði 1964 gefið út tékka þá, er greinir í 4.—11. tölulið incl., A-liðs II. kafla, samtals að fjárhæð kr. 2.159.969.53, og hagnýtt þá með þeim hætti, er þar greinir í B-lið sama kafla, til að halda við ávinningum af því broti meðákærða Jósafats, sem rakið var í I. kafla, og í því skyni að blekkja póstmálastjórnina um viðskipti Ísfélags Keflavíkur h/f við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli til þess að geta greitt sams konar tékka frá fyrri tíð, er stöfuðu frá meðákærða Jósafat og lágu í vörzlum meðákærða Þórðar Einars á póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli vegna væntanlegs uppgjörs þeirrar póstafgreiðslu við póst-

húsið í Reykjavík, enda þótt bankainnstæðu brysti fyrir hinum ávísuðu tékkafjárhæðum.

Telst þetta varða við 248. gr. og 254. gr. hegningarlaganna.

B. Gerzt sekir um hlutdeild í brotum meðákærða Þórðar Einars sem opinbers starfsmanns, sem rakin eru í A-lið II. kafla, að því er tekur til hagnýtingar tékka þeirra, sem raktir eru í 4.—11. tölulið incl., með því að hafa í febrúarmánuði 1964 gefið út umrædda tékka í samráði við meðákærða Þórð Einar til þeirra nota, sem rakin eru hér að framan í A-lið þessa kafla, sbr. B-lið II. kafla.

Telst þetta varða við 139. gr., 261. gr., sbr. 249. gr., sbr. 138. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaganna.

Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl voru á þessum tíma báðir í stjórn Ísfélags Keflavíkur h/f og ákærði Albert Karl framkvæmdastjóri þess.

Dómkröfur.

Þess er krafizt, að ákærðu, Jósafat Arngrímsson, Þórður Einar Halldórsson, Eyþór Þórðarson, Áki Guðni Gränz og Albert Karl Sanders, verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum refsiákvæðum og til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 141. gr. og 142. gr. laga nr. 82/1961.

Dæma skal í málinu um fjárkröfur, sem uppi kunna að verða hafðar samkvæmt 145. gr. laga nr. 82/1961.

I. þáttur.

I.

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dagsettri 14. janúar 1964, var dómari máls þessa skipaður til að fara með rannsókn á verktakastarfsemi Jósafats Arngrímssonar á Keflavíkurflugvelli og nafnritanafölsunum í því sambandi svo og til þess að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kæmi. Skipun dómarans var gerð samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961 um meðferð opinberra mála. Til framkvæmdar starfinu var dómara heimilt að heyja dómþing innan sérhvers lögsagnarumdæmis landsins.

Skipunarbréfinu fylgdi skýrsla bandarískra rannsóknarmanna, skýrsla rannsóknarlögreglunnar í New York um rithandarathuganir, enn fremur ljósrit af tékkum og skjölum. Niðurstaða hinnar bandarísku rannsókar var á eftirfarandi hátt:

„Óregla á úthlutun og greiðslu samninga vegna endurnýjunar

í gildaskála borgaralegra starfsmanna (Keflavík Civilian Open Mess) í ágúst og september 1961.

Aðalatriði: Við endurskoðun, sem framkvæmd var í ofangreindri stofnun, K.C.O.M., til að ljúka ábyrgð flughersins á henni í september 1961, kom í ljós, að 11 ávísanir að upphæð $ 9.094, sem greiddar höfðu verið 4 verktökum, höfðu verið framseldar af Jósafat Arngrímssyni, bókara K.C.O.M. Athugun leiddi í ljós, að ávísanir til Ólafs Önundssonar, framseldar af Jósafat Arngrímssyni, voru raunar ekki undirritaðar af Önundssyni. Þrátt fyrir rannsókn var ekki unnt að finna, að til væru Ragnar Guðmundsson eða Ragnar Svavarsson, sem fengu K.C.O.M. ávísanir, er síðar voru framseldar af Arngrímssyni. Rithandarsérfræðingar lögreglunnar í New York létu vita, að Eyþór Þórðarson, frystivélvirki í Njarðvíkum, falsaði framsal á þrjár K.C.O.M. ávísanir til Guðmundar Jónssonar, Ólafs Önundssonar og Ragnars Svavarssonar, og að tvö önnur K.C.O.M. skjöl, undirrituð af Ragnari Guðmundssyni og Ragnari Svavarssyni, líkjast rithönd Jósafats Arngrímssonar".

Dómsrannsókn í málinu hófst 24. janúar 1964. Í fyrstu beindist rannsóknin að athugun gagna þeirra, er þegar lágu fyrir, eða gagna varðandi K.C.O.M. veitingastaðinn. Á síðara stigi rannsóknarinnar voru og lögð fram gögn, er stöfuðu frá None Commissioned Officiers Club eða N.C.O. veitingastaðnum og Air Forces Open Mess eða A.F.O.M. veitingastaðnum.

Rannsókn þessi var send saksóknara ríkisins til ákvörðunar 14. desember 1964. Að loknum framhaldsrannsóknum, er fram fóru snemma árs 1965, höfaði saksóknari mál með ákæruskjali, dagsettu 27. apríl 1965, á hendur ákærða Jósafat Arngrímssyni og ákærða Eyþóri Þórðarsyni á grundvelli framangreindra rannsókna fyrir skjalafals skv. 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. I. þátt áðurnefndrar ákæru. Framhaldsrannsókn var háð í málinu síðari hluta árs 1965.

Til glöggvunar þykir nauðsyn til bera að lýsa nokkuð starfsháttum áðurnefndra veitingastaða. Á grundvelli Norður-Atlandshafssamningsins gerðu Ísland og Bandaríkin með sér varnarsamning hinn 5. maí 1951, en sá samningur hlaut lagagildi með lögum nr. 110 19. desember 1951. Frá gildistöku samnings þessa hefur bandarískt herlið haft aðsetur á Keflavíkurflugvelli. Á árunum 1960—1961 sá flugher Bandaríkjanna um framkvæmd samningsins, en í september 1961 tók sjólið Bandaríkjanna við

störfum flugliðsins á Keflavíkurflugvelli. Á áðurnefndum árum störfuðu á Keflavíkurflugvelli skemmtistaðir þeir, er áður hafa verið nefndir, eða K.C.O.M. veitingastaðurinn, N.C.O. veitingastaðurinn og A.F.O.M. veitingastaðurinn. Hinn fyrstnefndi veitingastaður er veitingastaður borgaralegra starfsmanna og stjórnað af þeim með heimild herstjórnarinnar. Hinir tveir síðastnefndu eru stofnaðir af liðsmönnum Badaríkjahers og stjórn þeirra kosin af þeim. Veitingastaðir þessir allir hafa sjálfstæðan fjárhag og eru reknir með það fyrir augum, að þeir beri sig fjárhagslega. Stjórn Bandaríkjanna leggur ekki fram fé til veitingastaðanna, en þeir njóta hins vegar styrks úr einkasjóðum. Herstjóri hefur eftirlit með rekstri veitingastaðanna. Sérstakir endurskoðendur starfa við veitingastaðina og framkvæma þar endurskoðun eftir því sem þörf er á. Endurskoðendur þessir eru eigi starfsmenn veitingastaðanna, heldur undir herstjóra seldir. Herstjóri eða herstjórn getur hvenær sem er skipað nefnd manna til að rannsaka og athuga starfrækslu veitingastaðanna, ef ástæða þykir til. Á flugvellinum starfar bókhaldsmiðstöð, sem hefur það verkefni með höndum að annast um bókhald veitingastaðanna eða bókhald vegna ýmiss konar sérþjónustu, er veitingastaðirnir þurfa á að halda, svo sem viðhald, viðgerðir, endurbætur o. s. frv. Bókhaldsmiðstöðin er óháð veitingastöðunum í starfsrekstri og kemur fram gagnvart veitingastöðunum sem endurskoðandi auk þess að annast um bókhaldsþátt. Er ákvörðun hefur verið tekin af stjórn viðkomandi veitingastaða um að ráðast í ákveðna fjárfestingu, þá er framkvæmdastjóra falið að annast um framkvæmdir á sem hagkvæmastan hátt, og fær framkvæmdastjóri afrit fundargerðar stjórnar viðkomandi veitingastaðar til afnota við framkvæmdir, og er það umboð hans til að annast umrætt verk. Sé um að ræða verk, sem eigi fer fram úr $ 250.00, er framkvæmdastjóra hins vegar heimilt að sjá um, að unnið verði án umboðs stjórnar veitingastaðar. Framkvæmdastjóra er falið að leita tilboða í verk eða gera um það innkaupaheimild eða skriflegan samning, ef um meiri háttar verk er að ræða. Að verki loknu fer greiðsla fram á þann hátt, að verktaki gefur út reikning, sem gengur til bókhaldsmiðstöðvarinnar, eftir að framkvæmdastjóri hefur áritað reikninginn til staðfestingar. Bókhaldsmiðstöðin sér um útgáfu greiðslutékka, eftir að hafa athugað um heimild fyrir fjárfestingunni. Sem áður getur um, er greiðslutékki útfylltur í bókhaldsmiðstöðinni og sendur viðkomandi framkvæmdastjóra til undirskriftar og

afhendingar. Endurskoðun bókhaldsmiðstöðvarinnar fer fram á þann hátt, að borinn er saman reikningur og greiðsluheimild, en án þess að skoðun á verkinu sem slíku fari fram, en um þá hlið sér viðkomandi framkvæmdastjóri hvers veitingastaðar.

II.

Starfsferill ákærðu Jósafats og Eyþórs á Keflavíkurflugvelli verður nú rakinn. Ákærði Jósafat hóf störf á Keflavíkurflugvelli í októbermánuði 1952. Þá vann hann við fyrirtækið Metcalf Mamilton-Smith Beck & Co. sem yfirverkstjóri. Á árunum 1956—1958 vann ákærði við fyrirtækið Hedric Grove á flugvellinum við sömu störf. Á árinu 1958 fram í marzmánuð 1959 vann ákærði við fyrirtækið Central Boarding and Supply. Ákærði vann þar sem verkstjóri, en gegndi þó nokkrum öðrum störfum. Á árinu 1959 gerðist ákærði undirverktaki hjá Íslenzkum Aðalverktökum og sá um hreingerningar í skrifstofum verkfræðingadeildar varnarliðsins. Auk þess sá ákærði um viðhald á húsum verkfræðingadeildarinnar og íbúðarhúsum starfsmanna verkfræðingadeildar varnarliðsins. Fyrir þessi verk fekk ákærði ákveðnar mánaðargreiðslur í íslenzkum krónum. Ákærði hafði nokkurt starfsfólk við hreingerningarnar og auk þess meðákærða Eyþór Þórðarson, er sá um viðhaldssamninginn. Verktakasamningur þessi var í gildi til ársloka 1962, og sá ákærði Jósafat um framkvæmd samningsins fram að þeim tíma. Í apríl eða maímánuði 1959 hóf ákærði Jósafat störf í K.C.O.M. veitingastaðnum sem bókhaldari og tók þar að sér svokallað undirbókhald. Ákærði sá þar einnig um vörutalningu og samanburð og endurskoðun á almennum söluskýrslum. Ákærði tók einnig að sér bókhaldsstörf í N.C.O. veitingastaðnum snemma árs 1959. Starfið var sams konar og lýst hefur verið í K.C.O.M. veitingastaðnum. Um sumarið eða haustið 1960 sagði ákærði starfi sínu lausu sem bókhaldari við N.C.O. veitingastaðinn. Við yfirtöku flotans á Keflavíkurflugvelli í septembermánuði 1961 var ákærði ráðinn aðstoðarframkvæmdastjóri deildar úr Navy Exchange. Deild þessi sá um rekstur veitingastaða og annarra greiðasölustaða á flugvellinum. Starf ákærða sem aðstoðarframkvæmdastjóra var fólgið í skýrslugerð, er nauðsynleg var vegna deildarinnar, eftirlit með rekstrarkostnaði og rekstrarafkomu hvers veitingastaðar fyrir sig. Á hinn bóginn sá aðalframkvæmdastjóri um daglegt eftirlit. Hann annaðist einnig innkaup. Í aprílmánuði 1963 sagði ákærði upp starfi sínu og lét af störfum á flugvellinum hinn 1. ágúst sama ár.

Ákærði Eyþór gerðist starfsmaður meðákærða Jósafats í árslok 1959. Ákærði Eyþór hóf þá störf samkvæmt viðhaldssamningi, er meðákærði Jósafat hafði gert sem undirverktaki Íslenzkra Aðalverktaka við varnarliðið. Ákærði Eyþór var starfsmaður meðákærða Jósafats, meðan sá síðarnefndi framkvæmdi samning, eða þar til um áramótin 1962—1963. Sem aukastarf sá ákærði Eyþór um viðhald frystivéla í K.C.O.M. veitingastaðnum frá því fyrri hluta árs 1960 og fram á síðari hluta árs 1961.

Svo sem þegar hefur fram komið, annaðist ákærði Eyþór viðhaldssamning fyrir ákærða Jósafat, er hann hafði tekið að sér sem undirverktaki Íslenzkra Aðalverktaka. Viðhaldssamning þennan framkvæmdi ákærði Eyþór að mestu einn, en keypti þó í nokkrum tilvikum aðstoð. Vegna viðhaldssamningsins þáði ákærði Eyþór ákveðin mánaðarlaun af ákærða Jósafat. Fyrir milligöngu ákærða Jósafats tók Eyþór að sér störf í ríkari mæli, meðal annars tók hann að sér frystivélaeftirlit í K.C.O.M. veitingastaðnum, eins og áður er getið um. Samstarf ákærðu þróaðist brátt og náði til fleiri veitingastaða á flugvellinum. Ákærðu hafa skýrt frá samstarfi þessu nokkuð á mismunandi hátt, og verða nú framburðir þeirra raktir um þetta atriði til skýringar á málinu.

Ákærði Eyþór hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að vegna viðgerðarstarfsemi sinnar við viðhaldssamninginn hafi oft komið fram beiðnir frá ýmsum aðiljum á flugvellinum um minni háttar viðhalds- og viðgerðarstörf. Hann hafi unnið að störfum þessum fyrir meðalgöngu meðákærða Jósafats, en í stað þess fékk meðákærði Jósafat hálft andvirði endurgjaldsins. Verk þessi hafi að langmestu leyti verið unnin í hinum ýmsu skemmtistöðum Bandaríkjanna á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi því oft verið kvaddur út utan reglulegs vinnutíma og hafi afkoma sín verið góð, þar eð meðákærði Jósafat hafi greitt honum vel fyrir störfin, en meðákærði Jósafat hafi útvegað honum störf þessi. Meðákærði Jósafat hafi þá auk helmingagreiðslna fyrir ýmis smærri störf, er hann átti að fá, einnig fengið helming af mánaðarlaunum sínum vegna frystivélaeftirlitsins í K.C.O.M. veitingastaðnum. Meðákærði Jósafat hafi gert upp við sig mánaðarlega. Honum hafi líkað greiðslurnar, enda þótt vinnudagur hafi oft verið mjög langur. Hann hafi ekki brotið heilann um það, hvernig meðákærði Jósafat skipti greiðslum milli þeirra vegna verkanna, er hann vann. Þá hafi honum skilizt það á meðákærða Jósafat, er hann hafði verkumsjón fyrir meðákærða Jósafat vegna stærri

verka, að þeir meðákærði Jósafat skiptu hagnaði af verkunum, ef einhver yrði, sín á milli. Hann hafi aldrei haft veg né vanda af bókhaldi né skjalagerð vegna verka sinna fyrir meðákærða Jósafat. Við verklok hafi hann gefið meðákærða Jósafat upp tímafjölda og efnisnotkun, yfirleitt skrifað á blað, en meðákærði Jósafat hafi útbúið öll skjöl. Við mánaðaruppgjörið hafi meðákærði Jósafat útskýrt uppgjörið í stórum dráttum, ýmist munnlega eða skriflega. Sökum lags vinnudags síns hafi laun sín verið mjög bærileg, enda þótt skipting launanna færi fram á milli þeirra meðákærða Jósafats, eins og greint hefur verið frá. Hann hafi ekki gert af þeim sökum athugasemdir við uppgjörin. Ákærði Eyþór hefur þá tekið fram fyrir dómi, að hann hafi ekki vitað um það fyrr en snemma árs 1962, er hin bandaríska rannsókn hófst og þeir meðákærði Jósafat fóru fyrir alvöru að ræða um launagreiðslur til hans, að hann vissi til þess, að meðákærði Jósafat taldi honum andvirði $ 2.00 á klukkustund vegna hinna ýmissu starfa sinna fyrir bandaríska aðilja.

Ákærði Jósafat hefur skýrt svo frá samstarfi þeirra meðákærða Eyþórs, að hann hafi í fyrsta lagi greitt meðákærða Eyþóri útlagðan kostnað vegna verkanna, bæði aðkeypta vinnu og efni, í öðru lagi hafi hann greitt meðákærða vinnu hans, er hann eyddi í verkið, og í þriðja lagi deilt með meðákærða hagnaði af verkunum, en hagnaður var jafnan af þeim. Tímakaup, er framkvæmdastjórar veitingahúsanna féllust á að greiða fyrir slíka vinnu, er meðákærði Eyþór framkvæmdi, var talsvert miklu hærra en tímakaup íslenzkra iðnaðarmanna, eða $ 2.00 pr. klukkustund, en hann og meðákærði Eyþór greiddu aðkeypta vinnu samkvæmt íslenzkum töxtum. Meðákærði Eyþór hafi einnig unnið samkvæmt íslenzkum taxta, þannig að hagnaður hafi jafnan komið af verkunum. Uppgjör þeirra í millum hafi jafnan farið fram að minnsta kosti mánaðarlega. Hann hafi þá sýnt meðákærða afrit af öllum reikningum, er hann útbjó vegna þeirra verka, er Eyþór sá um. Hann hafi gert meðákærða Eyþóri skil á fé því, er hann hafði tekið á móti fyrir meðákærða. Hagnaði hafi þá verið skipt af verkunum til helminga. Hann hafi aldrei krafið Eyþór um helming launa hans vegna starfa Eyþórs fyrir K. C. O. M. veitingastaðinn eða aðra aðilja. Undantekning hafi þó verið á þessu, hann hafi fengið helming mánaðarlauna meðákærða Eyþórs vegna frystivélasamningsins við K.C.O.M. veitingastaðinn. Í því tilviki hafi þeir meðákærðu Eyþór skipt greiðslum fyrir verkið án þess að reikna meðákærða

Eyþóri vinnuna áður. Hann hafi annazt um skjalagerð vegna hinna ýmissu verka, er Eyþór sá um framkvæmd á.

Svo sem séð verður af framburðum ákærðu Eyþórs og Jósafats, ber nokkuð á milli um samstarf eða samskipti þeirra vegna hinna ýmissu verka, er unnin voru á þeirra vegum. Þrátt fyrir ítarlegar samprófanir hefur ekki náðst að samræma framburðina. Þannig hefur ákærði Eyþór haldið því fram, að uppgjör þeirra meðákærða Jósafats í millum hafi farið fram mánaðarlega, þannig að meðákærði Jósafat hafi lagt fram skrá um tekjur hans við hvert verk yfir mánuðinn. Hins vegar muni hann ekki til þess, að afrit reikninga vegna verkanna hefðu fylgt skránni. Ákærði Jósafat hefur á hinn bóginn haldið því fram, að auk skrár um verkin, er ákærði Eyþór hefur getið um, hafi fylgt afrit reikninga allra, er hann útbjó vegna vinnu meðákærða Eyþórs. Undirskriftir hafi og komið fram á reikningunum.

Svo sem rakið verður hér á eftir, hefur það upplýstst við rannsókn máls þessa, að reikningar, er gerðir hafa verið vegna hinna ýmissu verka ákærða Eyþórs, hafa verið ritaðir tilbúnum nöfnum og þannig framvísað við bandaríska aðilja. Greiðslutékkar í samræmi við reikningana hafa þá verið framseldir tilbúnum nöfnum. Ákærði Eyþór hefur jafnan haldið því fram, að hann hafi ekki vitað um þennan hátt mála. Hann hafi ekki séð um skjalagerð vegna verka sinna, um það hafi meðákærði Jósafat séð. Gögn vegna verkanna hafi hann ekki séð, samanber lýsingar á uppgjörum, sem drepið hefur verið á hér að framan. Ákærði Jósafat hefur á hinn bóginn haldið því fram, að meðákærði Eyþór hafi fyllilega vitað um þennan hátt á gerð skjala, en samræmi hefur ekki náðst í þessa framburði þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ákærði Jósafat hefur skýrt frá tildrögum að því, að hann sendi inn reikninga vegna vinnu meðákærða Eyþórs tilbúnum nöfnum, svo, að um áramótin 1960 og 1961 hafi verið farið að fylgjast vel með því af Bandaríkjamönnum, að starfsmenn Bandaríkjanna, bæði íslenzkir og erlendir, gerðust ekki verktakar hjá þeim fyrirtækjum, sem aðiljar unnu við eða voru í óbeinum tengslum við. Hann hafi oft verið beðinn að sjá til, að minni háttar viðgerðarstörf yrðu unnin í hinum ýmsu veitingastöðum á flugvellinum, en hann hafi verið kunnugur framkvæmdastjórum veitingastaðanna, eða K.C.O.M., N.C.O. og A.F.O.M. Hann hafi ekki viljað, að nafn meðákærða Eyþórs kæmi of oft fram í reikningum til veitingastaðanna vegna tengsla hans

við meðákærða. Sjálfur hafi hann ekki viljað, að nafn sitt kæmi fram vegna atvinnu sinnar og því hafi hann útbúið reikninga, oft með tilbúnu nafni. Þá hafi ein höfuðástæðan til þess, að nöfn þeirra meðákærða Eyþórs voru ekki skráð fyrir verkunum, verið sú, að framkvæmdastjórar veitingastaðanna óskuðu þess sérstaklega, að nafn hans kæmi alls ekki fram á reikningum til þeirra og nafn meðákærða Eyþórs ekki of oft. Framkvæmdastjórum veitingastaðanna hafi verið um það kunnugt, að hann sjálfur og meðákærði Eyþór stóðu að baki verkum, er skráðir voru fyrir aðrir aðiljar, enda hafi honum jafnan verið afhentir greiðslutékkar af framkvæmdastjórunum, er stílaðir voru þannig.

Þegar dómsrannsókn þessa máls hófst, athugaði dómarinn um bandarískа aðilja, er nefndir voru í gögnum málsins, hvort unnt væri að fá þá fyrir dóm. Í öllum tilvikum höfðu Bandaríkjamennirnir þegar farið af landi brott og komu ekki til landsins undir rannsókn málsins. Ein undantekning var þó á, og er þá átt við framkvæmdastjóra K.C.O.M. veitingastaðarins, Stanley Roff. Ákærði Jósafat hefur borið fyrir dómi, að Roff hafi sérstaklega óskað þess við hann, að hann sæi til þess, að nafn meðákærða Eyþórs kæmi ekki of oft fyrir í reikningum veitingastaðarins. Roff hafi þá verið kunnugt um, að verk voru unnin í tilbúnu nafni, er engin ákveðin persóna stóð í sambandi við, og er þá átt við verk þau, er Eyþór Þórðarson sá um, að unnin væru.

Roff framkvæmdastjóri hefur komið fyrir dóm og borið um þetta atriði. Hann hefur tekið skýrt fram, að hann hafi ekki beðið einn eða neinn að rita undir nokkur gögn vegna veitingastaðarins í öðru en eigin nafni. Sjálfum hafi honum ekki verið kunnugt um, að ekki væri allt með felldu um nafnritanir vegna ýmissa verka fyrir veitingastaðinn, fyrr en hin bandaríska rannsókn hófst snemma árs 1962. Roff framkvæmdastjóri heldur fast við það, að hann hafi ekki vitað um nokkrar nafnritafalsanir í sambandi við rekstur K.C.O.M. veitingastaðarins. Ákærði Jósafat hefur á hinn bóginn haldið fast við framburð sinn um hið gagnstæða, en samræmi hefur ekki náðst í framburði þeirra.

III.

Nú verður rakin verktakastarfsemi við K.C.O.M. veitingastaðinn, er ákærðu störfuðu þar. Veitingastað þessum stjórnuðu 8 borgaralegir starfsmenn. Framkvæmdastjóri veitingastaðarins var á þessum tíma Stanley Roff. Framkvæmdastjórinn hafði unnið

við veitingastaðinn allt frá 1955 og þar til 25. september 1961, er floti Bandaríkjanna yfirtók störf flughersins á Keflavíkurflugvelli. Hinn 26. september 1961 réðst Stanley Roff til flotans við sams konar störf og fyrir flugherinn, þó þannig, að Roff stjórnaði nú 5 veitingastöðum og 3 matsölustöðum og hefur starfað að framkvæmdastjórninni fram á þetta ár. Auk framkvæmdastjórans og ákærða Jósafats sem bókhaldara starfaði í veitingastaðnum gjaldkeri hverju sinni. Voru það að jafnaði eiginkonur bandarískra hermanna, er dvöldust hverju sinni á Keflavíkurflugvelli. Í veitingastaðnum var þá fastráðinn matsveinn og 2 þjónar, en auk þessa starfsliðs, sem nú hefur verið talið, störfuðu oft lausráðnir menn, er hjálpðu til við þjónustu og aðdrætti. Menn þessir störfuðu aldrei við skrifstofustörf. Menn þessir voru allir úr herliði Bandaríkjanna.

A. *Verktakastarfsemi í nafninu Guðmundur Jónsson.*

Samkvæmt framburði framkvæmdastjóra K.C.O.M. veitinga staðarins, Stanley Roff, frá 30. janúar 1964, var ákveðið á árinu 1961 að endurnýja sal veitingastaðarins. Í því tilefni hafi verið leitað til verktaka bæði á Keflavíkurflugvelli, í Keflavík og í Reykjavík. Tvö tilboð hafi borizt í verkið, annað úr Reykjavík, hitt undirritað Guðmundur Jónsson. Ákveðið hafi verið af stjórn veitingastaðarins að taka tilboði Guðmundar Jónssonar. Í fundargerðum stjórnar veitingastaðarins frá 11. janúar 1961 og 15. ágúst sama ár sést, að stjórn veitingastaðarins samþykkir, að verkið yrði unnið fyrir upphæð $ 8.514.84, eða samkvæmt skráðu gengi þá ísl. kr. 364.435.15. Verk þetta var unnið haustið 1961, og hafa eftirtalin gögn vegna verksins orðið liðir ákæru:

1. Áætlun og tilboð í húsgögn fyrir samkvæmissal K.C.O.M. í 4 liðum, samtals að upphæð $ 2.929.74, eða ísl. kr. 125.392.87, dagsett á Keflavíkurflugvelli 16. júlí 1961, ritað Guðmundur Jónsson, sbr. lið 1 í I. kafla I. þætti ákæru.

2. Samningur milli Stanley Roff fyrir hönd K.C.O.M. og Guðmundar Jónssonar í 6 liðum, þar sem Roff kemur fram fyrir hönd verksala, en Guðmundur Jónsson fyrir hönd verktaka. Samningurinn ber með sér, að greiðsla alls verksins skuli vera $ 8.518.84. Samningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. ágúst 1961, undirritaður Stanley Roff, Guðmundur Jónsson. Samningur þessi er ljósrit, ekki frumrit, sbr. 2. lið I. kafla I. þáttar ákæruskjals.

3. Beiðni um hlutagreiðslu vegna verksins, að upphæð kr.

42.800.00, eða $ 1.000.00, dagsett í Keflavík 7. ágúst 1961, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, enn fremur árituð um greiðslu 7. september 1961 með tékka nr. 644, sbr. 9. tölulið I. kafla I. þáttar ákæruskjals.

4. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 644, dagsettur 7. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður af Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 2. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

5. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. til hlutagreiðslu vinnu og efnis vegna verksins, að upphæð kr. 85.600.00, eða $ 2.000.00, ódagsett, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð Stanley Roff, enn fremur árituð greidd 31. ágúst 1961, tékki nr. 632, sbr. 13. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 632, dagsettur 31. ágúst 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 85.600.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 1. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

7. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. frá Guðmundi Jónssyni, þar sem farið er fram á hlutagreiðslu vegna byggingar samkvæmissalar K.C.O.M., samkvæmt samningi $ 1.000.00, eða kr. 42.800.00. Beiðnin er dagsett á Keflavíkurflugvelli 14. september 1961, undirrituð Guðmundur Jónsson. Árituð er beiðnin nafninu Stanley Roff, enn fremur árituð greidd 19. september 1961 með tékka nr. 654, sbr. 12. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 654, dagsettur 14. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 3. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

9. Beiðni um hlutagreiðslu til K.C.O.M vegna húsgagna fyrir samkvæmissal K.C.O.M., samkvæmt reikningi $ 1.000.00, ísl. kr. 42.800.00, dagsett Keflavíkurflugvelli 19. september 1961, undirrituð nafninu Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, enn fremur árituð greiðsla 19. september 1961, tékki nr. 656, sbr. 11. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

10. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 656, dagsettur 19. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, framseldur pr. pr.

Kyndill, Jósafat Arngrímsson, sbr. 4. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

11. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. vegna hlutagreiðslu fyrir húsgögn í samkvæmissal K.C.O.M., samkvæmt samningi $ 1.000.00, ísl. kr. 42.800.00, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, enn fremur árituð greidd 24. september 1961, tékki nr. 668, sbr. 10. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

12. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 668, dagsettur 24. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Guðmundur Jónsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 5. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

13. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. Beiðni um endanlega greiðslu vegna samkvæmissalar K.C.O.M., að upphæð $ 2.514.84, eða ísl. kr. 107.635.15, dagsett Keflavíkurflugvelli 23. september 1961, undirrituð Guðmundur Jónsson, árituð S. Roff, árituð greidd 25. september 1961, tékki nr. 673, sbr. 8. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

14. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 673, dagsettur 25. september 1961, til Guðmundar Jónssonar, að upphæð kr. 107.635.15, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Jónsson, Eyþór Þórðarson, sbr. 15. tölulið II. kafla A I. þáttar ákæru.

Svo sem að framan getur, var verkið unnið haustið 1961. Að verkinu unnu ýmsir iðnaðarmenn frá Keflavík og nágrenni. Verkumsjón hafði með höndum ákærði Eyþór. Hann sá einnig að einhverju leyti um efnisútvegun og um aðra aðdrætti. Ákærði Jósafat sá um allar greiðslur vegna verksins. Greiðslurnar innti hann af hendi með útgáfu tékka af hlaupareikningi sínum við Sparisjóðinn í Keflavík, nr. 520. Flestir voru greiðslutékkarnir ritaðir til meðákærða Eyþórs, er greiddi iðnaðarmönnunum og öðrum þeim, er unnu að verkinu.

Greiðslutékkar þeir frá bandarískum aðiljum vegna verksins, sem raktir eru hér að framan í stafliðum 4, 6, 8, 10 og 12, hafa allir verið framseldir af ákærða Jósafat, síðara framsali, og hafa tékkarnir allir verið seldir í Sparisjóðnum í Keflavík, en andvirði þeirra í mörgum tilvikum lagt inn á nefndan reikning ákærða Jósafats.

Tékkinn í staflið 14 hefur verið framseldur þar síðara framsali af ákærða Eyþóri. Sá tékki hefur og verið innleystur í Sparisjóðnum í Keflavík.

Svo sem fram kemur í gögnum þeim, er rakin hafa verið hér að framan, var verkið unnið í nafninu Guðmundur Jónsson. Upplýst er, að nafnið á ekki við ákveðna persónu, er séð hafi um verkið eða unnið að því.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson jafnan skýrt á sama hátt frá verkinu um endurnýjun samkvæmissalarins. Hann hafi að beiðni meðákærða Jósafats fengið iðnaðarmenn til að vinna að verkinu og séð um greiðslur til þeirra, svo sem getið er um að framan. Meðákærði Jósafat hafi ávallt tjáð sér, að verkið væri unnið á vegum veitingastaðarins samkvæmt reikningi. Hann hafi ekkert vitað um, að tilbúið nafn væri notað í skjalagerð vegna verks þessa né annarra verka, fyrr en um það leyti sem hin bandaríska rannsókn byrjaði snemma árs 1962 og þá sérstaklega, eftir að hann sá gögn varðandi verk, er hann hafði haft umsjón með að beiðni meðákærða Jósafats.

Framburður ákærða Jósafats um verkið hefur verið mjög á reiki. Ákærði Jósafat hefur þrásinnis breytt framburðum sínum um veigamikil atriði vegna framkvæmda verksins og skjalagerðar í því sambandi eftir því sem rannsókn málsins miðaði áfram. Við upphaf rannsóknarinnar skýrði ákærði Jósafat frá því, að Björgvin Einar Guðmundsson málari, Hringbraut 64 í Keflavík, hefði staðið fyrir verkinu, en sjálfur hefði hann þar hvergi komið nærri.

Hinn 31. janúar 1964 kom nefndur Björgvin fyrir dóm og taldi sig þá hafa staðið fyrir verkinu og notað í lögskiptum vegna þess nafnið Guðmundur Jónsson. Taldi Björgvin sig þá þekkja framsöl sín á nafninu Guðmundur Jónsson á þrem af tékkum þeim, er raktir hafa verið hér að framan. Þegar næsta dag gekk nefndur Björgvin frá framburði sínum og skýrði nú frá því, að hann hefði ekki séð um verkið að nokkru leyti og ekki hafa séð skjöl um verkið, fyrr en löngu eftir að verkið var unnið, eða fyrir bandarískum rannsóknarmönnum og fyrir dómi. Tildrög að því, að hann hafi í upphafi skýrt rangt frá fyrir dómi, hafi verið þau, að ákærði Jósafat hafi beðið hann að kannast við að hafa haft verkið með höndum og unnið að því í nafninu Guðmundur Jónsson sem fyrirtækisnafni.

Nánar hafi atvik verið svo, að í febrúarmánuði 1962 hafi hann ráðizt til starfa í Kassagerð Suðurnesja. Fyrirtæki þetta var þá í eigu ákærða Jósafats að ⅓ hluta. Þá var í ráði, að hann tæki við verkstjórn í maímánuði 1962. Úr því varð, að hann tók við verkstjórastarfinu á tilsettum tíma. Nokkru áður en hann hafi tekið við verkstjórastarfinu, hafi Jósafat Arngrímsson komið

að máli við sig og skýrt sér svo frá, að svo væri málum háttað, að hann, Jósafat, hefði tekið að sér að framkvæma verk fyrir K.C.O.M. veitingastaðinn á Keflavíkurflugvelli, en undir alla pappíra í sambandi við verkið hefði hann, Jósafat, undirritað nafnið Guðmundur Jónsson. Jósafat hafi nú beint því til hans, hvort hann vildi kannast við að hafa framkvæmt verk þetta, ef hann yrði spurður af endurskoðun Bandaríkjamanna. Jósafat hafi þá sagt honum að kannast við að hafa stofnað fyrirtæki með nafninu Guðmundur Jónsson, ef hann yrði að því spurður. Jósafat hafi sagt honum, að hann, Jósafat, mundi ganga löglega frá öllum pappírum í því sambandi. Nokkrum mánuðum síðar hafi hann verið kallaður á skrifstofu lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli og spurður þar af fulltrúa, hvort hann vildi svara nokkrum spurningum, er einhver Bandaríkjamaður vildi fyrir hann leggja. Úr því hafi orðið, að hann svaraði spurningum og kvaðst þá hafa viðurkennt að hafa framselt 2 tékka nafninu Guðmundur Jónsson. Nokkru fyrir dómsrannsókn málsins hafi hann átt tal við ákærða Jósafat, er ráðlagði honum að skýra frá á sömu lund og fyrir Bandaríkjamönnum, því að ella hlyti hann verri útkomu úr málinu. Þannig hafi skipazt, að hann skýrði rangt frá fyrir dómi í upphafi.

Framburð þann, er nú hefur verið rakinn, hefur nefndur Björgvin jafnan haldið fast við fyrir dómi, og hefur hann staðfest hann réttan sem vitni eftir útgáfu ákæru. Björgvin hefur þá skýrt frá því, að eftir viðtal þeirra ákærða Jósafats í Kassagerðinni hafi Stanley Roff framkvæmdastjóri K.C.O.M. hvatt sig til að liðsinna ákærða Jósafat í þessu efni.

Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., hefur ávallt skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki um það vitað fyrr en undir hinni bandarísku rannsókn snemma árs 1962, að allt væri ekki með felldu um nafnritanir í sambandi við verktökur við K.C.O.M. á árinu 1961. Þá hafi ákærði Jósafat skýrt sér frá því, að vegna tilrauna til skattsvika hefðu aðrir aðiljar verið skráðir fyrir verkum við K.C.O.M heldur en unnu að þeim eða sáu um þau. Í fyrsta framburði sínum fyrir dómi skýrði Roff framkvæmdastjóri frá því, að Björgvin Guðmundsson hefði séð um verkið við endurnýjun samkvæmissalarins. Hann hefði borið þannig fyrir þrábeiðni ákærða Jósafats, er sagt hafi Björgvin mundu gangast við verkinu. Í síðari framburðum kvaðst Roff hafa talið einhvern iðnaðarmannanna, er að verkinu unnu, hafa borið nafnið Guðmundur Jónsson og væri sá aðili þá skrifaður fyrir verkinu.

Ákærði Jósafat féll frá þeim framburði sínum, að margnefndur Björgvin hefði unnið að verkinu, og skýrði frá því í síðari framburðum, að verkið hefði verið unnið samkvæmt reikningi (sic) fyrir K.C.O.M., en fyrir verkinu hefði verið ritaður Guðmundur Jónsson, „pro forma". Sá háttur hefði verið á samkvæmt beiðni Roff. Roff hefði stungið upp á hinu tilbúna nafni.

Í síðari framburðum kvaðst ákærði Jósafat hafa sjálfur stungið upp á nafninu, en í lokaframburði sínum taldi hann meðákærða Eyþór hafa átt uppástunguna að hinu tilbúna nafni. Hann hafi haft fjárreiður vegna verksins, en gert upp við Roff framkvæmdastjóra.

Samræmi hefur ekki náðst um framburði þeirra Björgvins, Roff og ákærða Jósafats.

Iðnaðarmenn og aðrir þeir, er unnu að verkinu, hafa lýst fyrir dómi ákærða Eyþór hafa haft með höndum verkumsjón, enn fremur, að ákærði Jósafat hafi virzt standa fyrir verkinu, er um getur hér að framan, og þykir ekki ástæða að rekja frekar framburði um þetta atriði.

Svo sem vikið er að hér að framan, fylgdi hinni bandarísku rannsókn rithandarathugun á nokkrum þeim gögnum, er talin hafa verið hér að framan, enn fremur á gögnum vegna verka í B, C og D hér á eftir. Rithandarathugun þessa framkvæmdi rannsóknarlögregla New York borgar. Þá hefur dómurinn skipað Pál Kr. Pálsson, Norðurbraut 29, Hafnarfirði, til að athuga um rithandir á gögnum þeim, er orðið hafa efni ákæru í máli þessu. Páll hefur ritað skýrslu um athugun sína, er lögð hefur verið fram í málinu. Hefur Páll staðfest skýrsluna fyrir dómi og jafnframt upplýst dóminn um það, að hann hafi lagt stund á rithandarathuganir (grafologie) í Svíþjóð á árinu 1946.

Nú hefur þegar verið rakið í stórum dráttum, hvað fram kom við rannsóknina um það, hver staðið hafi fyrir verkinu við endurbyggingu samkvæmissalarins. Verður nú vikið að hverju dómsskjali fyrir sig í liðum 1 til 14 hér að framan.

Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., hefur jafnan fyrir dómi skýrt frá á sömu lund um dómsskjölin.

Um áætlun og tilboð í húsgögn fyrir samkvæmissal K.C.O.M., sbr. staflið 1 hér að framan, hefur Roff skýrt svo frá, að dómsskjalið sé einungis hluti tilboðs, er barst í verkið, undirritað Guðmundur Jónsson. Tilboðið hafi verið lagt fram í skrifstofu sinni. Hann hafi ekki vitað um, hver kom tilboðinu þangað. Um ljósrit samningsins, sbr. staflið 2 hér að framan, hefur Roff

skýrt svo frá, að er hann kom til Íslands frá Bandaríkjunum eftir 10 daga dvöl þar, einhvern tíma um mánaðamótin júlí—ágúst 1961, þá hafi frumrit samningsins legið á skrifborði hans. Samningurinn hafi þá þegar verið undirritaður nafninu Guðmundur Jónsson. Verkið við endurbyggingu samkvæmissalarins hafi þá verið hafið. Gjaldkeri sinn, bandarísk kona, hafi sagt sér, að verktakinn Guðmundur Jónsson hefði lagt inn samning þennan á skrifstofuna og óskað eftir undirritun hans á samninginn. Þar sem samningurinn hafi verið í samræmi við tilboð, undirritað Guðmundur Jónsson, hafi hann undirritað samninginn. Um greiðslubeiðni, sbr. staflið 3 hér að framan, hefur Roff skýrt svo frá, að beiðnin hafi legið fyrir í skrifstofu sinni um svipað leyti og hún er dagsett. Hann hafi ekki vitað, hver lagði inn beiðnina. Hann hafi, áður en hann varð við beiðninni, athugað um, hvernig verkinu miðaði áfram, og er hann sá, að verkið gekk eftir áætlun, hafi hann ritað nafn sitt á beiðnina til staðfestingar. Beiðni þessa hafi hann síðan sent bókhaldsmiðstöðinni. Þar hafi verið skrifaður út tékki í samræmi við beiðnina, eða tékki í staflið 4. Tékkann hafi hann síðan fengið sendan frá bókhaldsmiðstöðinni. Hann hafi undirritað tékkann og afhent gjaldkera sínum, til að gjaldkeri afhenti verktakanum greiðsluna. Um greiðslubeiðnir og tékka í stafliðum 5—14 hér að framan sé sömu sögu að segja og um stafliði 3 og 4. Greiðslubeiðnirnar hafi verið lagðar inn í skrifstofu sína. Hann hafi hverju sinni athugað um, hvernig verkinu miðaði áfram, áður en hann staðfesti beiðnirnar. Eftir staðfestingar þeirra hafi hann fengið greiðslutékka frá bókhaldsmiðstöðinni, undirritað tékkana og afhent þá síðan gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat til framhaldsafhendingar til verktaka. Hann hafi, eins og áður er fram komið, ekki vitað, hver hinn raunverulegi verktaki var. Hann hafi aldrei vitað, hver lagði fram beiðirnar í skrifstofunni, en talið eðlilegt að staðfesta þær hverju sinni.

Svo sem áður getur um, taldi Björgvin Einar Guðmundsson sig þekkja sum gögnin í stafliðum 1—14 hér að framan, bæði fyrir hinum bandarísku rannsóknarmönnum og eins fyrir dómi hinn 31. janúar 1964. Hins vegar hvarf Björgvin frá þeim framburði í síðari framburðum sínum í málinu og taldi sig ekki hafa séð nokkuð af gögnum þessum utan rannsóknarinnar. Þykir sá framburður Björgvins styðjast við framburði annarra aðilja, er borið hafa um verkið og gögnin, og verður framburður hans ekki rakinn frekar.

Ákærði Eyþór Þórðarson hefur jafnan fyrir dómi borið á sama veg um gögnin í staðliðum 1–14. Svo sem þegar hefur fram komið, hefur ákærði Eyþór skýrt frá þátttöku sinni í framkvæmd verksins við endurbyggingu samkvæmissalarins. Hann hafi á hinn bóginn engan þátt átt í skjalagerð vegna verksins og ekki vitað um þann þátt. Ekkert af gögnunum í stafliðum 1–14 hafi hann séð utan dómsins utan tékkans í staflið 6 og tékkans í staflið 14.

Um tékkann, staflið 6. Þegar við fyrstu yfirheyrslu ákærða Eyþórs viðurkenndi hann að hafa framselt tékkann nafninu Guðmundur Jónsson. Ákærði Eyþór hefur síðan haldið við þá viðurkenningu sína fyrir dómi. Nánar hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ritað framsalið Guðmundur Jónsson á tékkann að beiðni meðákærða Jósafats. Þá hafi hann ekki sett tékkann í samband við endurnýjun samkvæmissalarins, enda hafi meðákærði Jósafat sagt honum, að hann, Jósafat, hefði í greiðaskyni við Guðmund Jónsson greitt Guðmundi andvirði tékkans nokkru áður til þess að spara Guðmundi þessum aukaferð á flugvöllinn. Guðmundur hafi átt einhver viðskipti við veitingastaðinn að sögn Jósafats. Hann hafi ekki rennt grun í það, að allt væri ekki með felldu með gögn vegna verksins við samkvæmissalinn fyrr en í febrúar eða marzmánuði 1962, sem áður greinir. Meðákærði Jósafat hafi fullvissað hann um, að ekkert ólöglegt né óvanalegt væri á ferðinni. Hér væri aðeins um hagræðingu að ræða til að einfalda bókhald, þar sem greiðslur í sumum tilvikum ættu að fara til fleiri manna. Tékkinn væri góður og fengist greiddur. Tékkinn yrði síðar fylgiskjal í bókhaldi, ef hann yrði ekki eyðilagður sem óþarfaplagg. Ákærði Eyþór kvaðst hafa treyst Jósafat og kvaðst meðal annars hafa byggt traust sitt á því, að meðákærði Jósafat hefði um mörg ár verið bókhaldari á flugvellinum við góðan orðstír. Ákærði Eyþór hefur skýrt frá tékkanum í staflið 14 hér að framan á þá lund, að meðákærði Jósafat hafi lagt fyrir sig tékkann í skrifstofu hins síðarnefnda í K.C.O.M. veitingastaðnum. Tékkinn hafi þá verið óframseldur. Meðákærði Jósafat hafi óskað við sig, að hann framseldi tékkann nafninu Guðmundur Jónsson, þar sem ekkert væri við slíkt framsal að athuga, heldur einungis um hagræðingu að ræða. Hann hafi þá sagt við meðákærða Jósafat eitthvað í þá áttina, hvort hann, Jósafat, vildi ekki framselja tékkann sjálfur með nafinu Guðmundur Jónsson fyrst ekkert væri við slíkt framsal að athuga. Viðbrögð Jósafats hefðu orðið þau, að hann, ákærði Jósafat, framseldi tékkann í staflið 14 nafninu

Guðmundur Jónsson og afhenti síðan tékkann til hans. Hann hafi síðan framselt tékkann eigin nafni, en lagt tékkaupphæðina inn á hlaupareikning meðákærða Jósafats við Sparisjóðinn í Keflavík að beiðni hans.

Þá verða raktir að nokkru framburðir ákærða Jósafats um gögn þau, er talin voru í stafliðum 1—14 hér að framan. Svo sem rakið hefur verið þegar hér að framan, hafa framburðir ákærða Jósafats verið mjög á reiki um verkið við endurnýjun samkvæmissalarins, og af þeim ástæðum hafa framburðir hans um framangreind gögn verið mjög ósamhljóða. Í fyrstu taldi ákærði sig ekki þekkja undirritanir á gögnunum, Guðmundur Jónsson, né framsöl tékka með því nafni. Við framvindu rannsóknarinnar breyttist framburður ákærða Jósafats. Fyrir dómi 11. marz 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði frá 15. febrúar skýrt frá sannleika máls þessa, þó hafi ekki verið gætt nákvæmni í framburðum um undirritun skjala og framsöl tékka. Hann hafi örugglega undirritað meira af gögnum þessum en þegar er fram komið í málinu, meðal annars að hafa skrifað nafnið Guðmundur Jónsson sem framsal á tékka. Ákærði kvaðst þá hafa útbúið margar greiðslubeiðnir vegna verksins að beiðni Stanley Roff og kvaðst þekkja undirskrift sína á nafninu Guðmundur Jónsson á greiðslubeiðni í staflið 3 hér að framan. Honum finnist mjög sennilegt, að hann hafi undirritað fleiri greiðslubeiðnir, enda þótt hann gæti ekki sagt það með vissu. Ákærði kvaðst þá þekkja rithönd sína á framsalinu Guðmundur Jónsson á tékkum samkvæmt stafliðum 4, 8, 10 og 12 hér að framan. Enn fremur taldi ákærði mjög sennilegt, að hann mundi hafa ritað framsalið Guðmundur Jónsson á tékka í staflið 14. Hann hafi síðan framselt tékkana, þá er nú hafa verið taldir, eigin nafni og fengið tékkana innleysta í Sparisjóðnum í Keflavík og ýmist lagt andvirði þeirra inn á einkareikning sinn, vegna þess að hann hafi greitt úr reikningi sínum kostnað vegna verksins, eða breytt tékkunum í reiðufé til að afhenda Roff mismun tékkafjárhæðanna og útlagðs kostnaðar vegna verksins. Framburð meðákærða Eyþórs um tékka, sbr. staflið 14, kvað ákærði mjög sennilegan og vildi ekki vefengja hann. Varðandi tékkann samkvæmt staflið 6 greindi ákærði Jósafat svo frá fyrir dómi 17. febrúar 1964, að Eyþór hefði ritað þar framsalið Guðmundur Jónsson að beiðni hans, Fyrir dómi 15. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá um gögnin í stafliðum 1—14 hér að framan. Um staflið 1 og 2 skýrði hann svo frá, að hann myndi ekki til þess að hafa ritað undir þau

gögn og taldi, að svo hefði ekki verið. Um greiðslubeiðirnar í stafliðum 3, 5, 7, 9, 11 og 13 skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann teldi mjög sennilegt, að hann hefði undirritað skjölin. Ákærði taldi sig þá hafa framselt tékkana í stafliðum 4, 8, 10, 12 og 14 nafninu Guðmundur Jónsson. Hins vegar hafi Eyþór Þórðarson framselt tékkann nafninu Guðmundur Jónsson, tékkann í staflið 6.

Að beiðni verjanda ákærða Jósafats voru gögnin í liðum 1—14 hér að framan borin undir ákærða Jósafat í október s.l. Þá gekk ákærði Jósafat frá fyrri játningum sínum um undirritanir varðandi gögnin. Ákærði Jósafat kvaðst þannig ekki hafa framselt tékkana í stafliðum 4, 8, 12 og 14 nafninu Guðmundur Jónsson né að hafa beðið meðákærða Eyþór að framselja tékkann í staflið 6 því nafni. Þá hafi hann ekki undirritað áætlunina né samninginn í stafliðum 1 og 2 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson né hafa undirritað greiðslubeiðnirnar í stafliðum 3, 5, 7, 9, 11 og 13 því nafni.

Í hinni bandarísku rithandarkönnun segir um nafnritanirnar Guðmundur Jónsson í gögnunum í 1—13 hér að framan (14. liður ekki kannaður), að talið sé, að ákærði Eyþór hafi ritað framsalið á tékka í staflið 6. Þá er óskað viðbótarsýnishorna af skrift ákærða Jósafats varðandi gögnin í stafliðum 1—3, 5, 7 og 8 ásamt rithandarsýnishorni ákærða Eyþórs, 9, 11 og 12 ásamt sýnishorni ákærða Eyþórs og 13. Viðbótarsýnishorns ákærða Eyþórs er óskað varðandi staflið 4.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar segir svo um gögnin í stafliðum 1—14:

„1. Ég tel Jósafat hafa undirritað skjalið nafninu Guðmundur Jónsson. Við athugun á stafagerð undirskriftarinnar kemur í ljós:

G: Stefna breytingar í upphafi stafs og lykkjan mjög áþekk rithendi Jósafats. Stafurinn nær rétt aðeins niður fyrir línu svo sem í rithandarsýnishornum Jósafats. Upphaf stafsins er hreyfing til vinstri, sem er mjög ráðandi einkenni hjá Jósafat.

u: Er svipað og u í Guðmundur í sýnishorni rithandar Jósafats, dskj. XXXVII, fyrri leggur þó þyngri og stafurinn þyngri að neðan. U-ið er eins og u í (Ragnar) Guðmundsson í sýnishorni, dskj. XXXVII, að frádregnum halla, sem er allur annar, en hallinn skiptir ekki máli.

ð: Skrifað eins og á rithandarsýnishorni Jósafats, dskj. 50, (Jóhann) Guðmundsson, aðeins svolítið lengra dreginn.

m, n: Svipuð hans eigin, aðeins annar halli og hægar skrifað.
d: Er sama og í sýnishornum, aðeins mismunandi gleitt.
r: Greinilega teiknað, enda óeiginlegt Jósafat.
J: Typiskt fyrir Jósafat. Víð lykkja að ofan og ýkt vinstri hreyfing að neðan.
o: Hans eigið, sbr. sýnishorn, sama form, alltaf lokað með legg úr miðju eða að neðan.
s: Opin, hin sömu og í Önundsson, sýnishorn, dskj. XXXVII.
Loka-n: Sama og sýnishorn, dskj. 50, Örn Ólafsson."

Rithandarathugandinn telur, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Guðmundur Jónsson undir samninginn í staflið 2 og undir allar greiðslubeiðnirnar og framsöl sérhvers tékka utan tékkans í staflið 6, er hann telur ákærða Eyþór hafa ritað óbreyttri hendi. Um röksemdir sínar fyrir ritun ákærða Jósafats á nafninu Guðmundur Jónsson hefur athugandinn vísað í umsögn sína um skjalið í staflið 1 og um ritun ákærða Eyþórs á framsalinu Guðmundur Jónsson á tékka í staflið 6 á rithandarsýnishornum ákærða Eyþórs, er gefin voru fyrir dómi, er athugandinn telur rituð með sömu hendi.

Þegar litið er til þess, á hvern hátt greiðslum vegna verks þessa var háttað og greint hefur verið frá hér að framan, með vísan í framburði ákærða Jósafats um gögnin í stafliðum 1—14 fyrir dómi á árinu 1964, er raktir hafa verið samkvæmt framburðum meðákærða Eyþórs og annarra, er um gögnin og verkið á bak við það hafa borið, og samkvæmt niðurstöðu rithandarannsókna, þykir vera fram komin sönnun þess, enda þótt viðurkenningar ákærða Jósafats liggi ekki fyrir um undirritun gagna samkv. stafliðum 1 og 2 hér að framan, að ákærði Jósafat hafi undirritað síðarnefnd gögn nafninu Guðmundur Jónsson. Enn fremur að hafa undirritað sama nafni greiðslubeiðnir í stafliðum 3, 5, 7, 9, 11 og 13 hér að framan og framselt tékkana í stafliðum 4, 8, 10, 12 og 14 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson. Með vísan til sömu röksemda og með sérstakri hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs þykir ákærði Jósafat sannur að því að hafa talið meðákærða Eyþór á að framselja tékkann í staflið 6 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson. Þykir afturhvarf ákærða frá fyrri viðurkenningu um gögnin ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Ósannað er gegn andmælum Stanley Roff framkvæmdastjóra, að hann hafi verið í vitorði með ákærða Jósafat um fölsun gagnanna eða stuðlað að fölsun þeirra. Á hinn bóginn telst sannað, að ákærði Jósafat hafi notað öll

gögnin í stafliðum 1—14 í lögskiptum með hinu falsaða nafni, Guðmundur Jónsson. Tilboðinu, samningnum og greiðslubeiðnunum hefur öllum verið komið á framfæri við bandaríska aðilja, er vegna þeirra gagna gáfu út tékkana, sem innleystir voru síðan í Sparisjóðnum í Keflavík. Með háttsemi þeirri, sem nú hefur verið rakin, þykir ákærði Jósafat hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með játningu ákærða Eyþórs, sem studd þykir framburðum meðákærða Jósafats og niðurstöðu rithandarathugana, telst ákærði Eyþór hafa framselt tékkann í staflið 6 hér að framan nafninu Guðmundur Jónsson fyrir hvatningar meðákærða Jósafats. Þykir ákærði Eyþór með þeirri háttsemi hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlag, sbr. 22. gr. sömu laga.

Kröfur ákæruvaldsins vegna gagnanna í 1—14 varðandi ákærða verða því að öllu leyti teknar til greina.

B. *Verktakastarfsemi í nafni Ólafs Önundssonar.*

Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., hefur lýst atvikum að því, að nýtt dansgólf var lagt í K.C.O.M. veitingastaðinn, á eftirfarandi hátt. Einhvern tíma sumars 1961 hafi stjórn veitingastaðarins óskað þess við sig, að hann leitaði tilboða í að endurnýja dansgólf í veitingasalnum. Hann, Roff, hafi fengið upplýsingar um það, að Ólafur Önundsson, Kársnesbraut 75 í Kópavogi, væri eini aðilinn hér á landi, sem fengist til að leggja parket, en ætlunin var að parketleggja dansgólfið. Hann hafi síðan farið þess á leit við ákærða Eyþór eða ákærða Jósafat að hafa samband við Ólaf og leita eftir tilboði hans í verkið. Ólafur Önundsson hafi komið nokkru síðar í veitingastaðinn til að kanna aðstæður þar. Nokkru síðar hafi hann fengið í hendur tilboð, undirritað af Ólafi Önundssyni. Tilboðið hafi legið einn morguninn á skrifborði sínu. Tilboðinu hafi fylgt efnisprufa. Tilboðið hafi síðan verið sent til stjórnar veitingastaðarins og fengið þar samþykki.

Samkvæmt fundargerð stjórnar K.C.O.M. frá 13. júlí 1961 hefur Roff lagt fram áætlun og sundurliðun um væntanlega lagningu nýs dansgólfs. Áætlunin hlaut samþykki allra fundarmanna, og var samþykkt, að dansgólfið yrði lagt samkvæmt henni fyrir samtals $ 1.580.00.

Roff kveður nú, að nokkrar vikur hafi liðið, áður en verkið var hafið.

Vegna verksins hafa 6 gögn orðið liðir í ákæru máls þessa. Verður nú gögnum þessum lýst að nokkru.

1. Samningur milli Stanley Roff, ritara og gjaldkera K.C.O.M., og Ólafs Önundssonar í 6 liðum, þar sem Ólafur Önundsson tekur að sér að leggja parket á dansgólf, eins og lýst er í verktilboði, dagsettu 28. júní 1961. Fram er tekið, að Ólafur leggi til efni, tæki, vinnu, tryggingu, máltíðir, flutning og allt annað, er vera kynni í sambandi við verkið. Ólafur ábyrgist vinnugæði á gólfinu um eins árs skeið. Ákvæði eru um greiðslur til handa Ólafi fyrir verkið að upphæð $ 1.580.00. Þá eru ákvæði í samningnum um vinnudaga, hvenær verkið yrði unnið og loks ákvæði um það, að verktaki eigi rétt á 30% samningsupphæðarinnar vegna efnis, sem þegar hefur verið keypt, þ. e. a. s. við undirritun samningsins. Samningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 4. ágúst 1961, undirritaður Stanley Roff, ritari og gjaldkeri, og undirritaður Ólafur Önundsson, verktaki. Áritun er á samningnum neðst, greitt 4. ágúst 1961, tékki nr. 613, sbr. 3. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Campany, Inc., nr. 613, dagsettur 4. ágúst 1961, til handa Ólafi Önundssyni, að upphæð kr. 20.287.20, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ólafur Önundsson, framseldur að nýju pr. pr. Kyndill, Jósafat Arngrímsson, sbr. 6. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

3. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Önundssyni fyrir lagningu parketsgólfs í K.C.O.M. Endanleg greiðsla kr. 23.685.52, $ 553.40. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 13. september 1961, undirritaður Ólafur Önundsson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 12. september 1961, tékki nr. 647, sbr. 6. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 647, dagsettur 12. september 1961, til handa Ólafi Önundssyni, að upphæð kr. 23.685.52, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ólafur Önundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 7. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

5. Reikningur til K.C.O.M. frá Ólafi Önundssyni fyrir slípun og viðgerð á sviði K.C.O.M., $ 172.00, ísl. kr. 7.361.60, dagsettur 15. september 1961 á Keflavíkurflugvelli, undirritaður Ólafur Önundsson, áritaður S. Roff, áritaður greiddur 14. september 1961, tékki nr. 653, sbr. 7. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 653, dagsettur 14. september 1961, til

handa Ólafi Önundssyni, að upphæð kr. 7.361.60, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ólafur Önundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 8. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

Stanley Roff hefur skýrt frá því fyrir dómi, að samningurinn í staflið 1 hér að framan hafi borizt til hans í pósti, litlu áður en Ólafur hóf verk sitt. Samningurinn hafi þá þegar verið undirritaður Ólafur Önundsson. Þar eð samningurinn hafi verið í samræmi við fyrri áætlun Ólafs, hafi hann undirritað samninginn. Tékkann undir staflið 2 hér að framan kvaðst Roff hafa áritað og afhent gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat. Reikning undir staflið 3 kvað Roff hafa legið fyrir í skrifstofu sinni, daginn eftir að Ólafur lauk verkinu. Hann hafi áritað reikninginn til greiðslu. Tékkann undir staflið 4 kvaðst Roff hafa áritað og afhent gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat. Reikning undir staflið 5 kvaðst Roff hafa áritað til staðfestingar. Reikningurinn hafi verið fyrir verk, er Ólafur framkvæmdi utan samningsins að beiðni hans. Tékkann undir staflið 6 hafi hann undirritað í samræmi við reikninginn í staflið 5 og afhent tékkann gjaldkera sínum eða ákærða Jósafat.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt frá verkinu við lagningu dansgólfsins á þá lund, að meðákærði Jósafat hafi beðið hann fyrir hönd veitingastaðarins um kostnaðaráætlun á verki þessu. Hann hafi sett sig í samband við Ólaf Önundsson parketlagningarmann, er féllst á að leggja parketið. Ólafur hafi gefið honum upp kostnað sinn við vinnuna. Þá hafi hann og athugað um efniskostnað, en efnið var keypt í heildverzlun Egils Árnasonar, Reykjavík. Upplýsingar þessar hafi hann síðan látið meðákærða Jósafat í té. Nokkru síðar hafi meðákærði Jósafat komið að máli við hann og beðið hann að tala að nýju við Ólaf Önundsson, því að ákveðið væri nú, að hann framkvæmdi parketlagninguna. Áður hafi hann annazt um beiðni meðákærða Jósafats að láta undirbúa gólfið undir parketlagninguna. Hann hafi ráðið til þess verkamenn fyrir milligöngu Guðna Bjarnasonar, fyrrverandi verkstjóra Keflavíkurbæjar. Ólafur hafi síðan komið og lagt parketið á dansgólfið. Hann hafi lokið verki sínu að kvöldlagi. Þá hafi Roff óskað eftir því við hann, að hann, Eyþór, fengi Ólaf til að slípa senu dansgólfsins. Úr varð, að Ólafur vann þetta verk. Ákærði Eyþór kveðst hafa greitt Ólafi í reiðufé vegna slípunar senunnar.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Ólafur Önundsson parketlagningarmaður, til heimilis að Kársnesbraut 75 í Kópavogi. Vitnið

hefur greint frá því, að fyrir milligöngu ákærða Eyþórs Þórðarsonar hafi það lagt parketgólf í danssal K.C.O.M. veitingastaðarins í septembermánuði 1961. Gólfið hafi verið 60 m², en þóknun til þess vegna verksins hafi verið um kr. 100.00 á m². Auk þess hafi það gert sér reikning fyrir límí. Sá reikningur hefur verið lagður fram í málinu, og hefur vitnið þekkt reikninginn. Enn fremur hefur verið lagður fram í málinu bandarískur greiðslutékki vegna límreikningsins, og hefur vitnið þekkt þann tékka og framsal sitt á honum. Tékkinn og reikningurinn eru að sömu upphæð, kr. 4.966.00. Þá hefur vitnið greint frá því, að vegna beiðni hafi það til viðbótar við lagningu dansgólfsins slípað senu í sama sal. Fyrir það verk hafi það fengið greiddar tæpar kr. 1.000.00. Eyþór hafi greitt því vegna þess verks þegar að verkinu loknu. Ákærði Eyþór hefur staðfest þann framburð vitnisins. Vitnið hefur séð í dóminum gögn þau, er greind eru í 1—6 hér að framan. Vitnið kannast ekki við gögnin né nafnritunina Ólafur Önundsson á þeim. Vitnið tók fram, að enginn skriflegur samningur hefði verið gerður vegna verks þessa við það.

Ákærði Jósafat hefur skýrt svo frá verki þessu fyrir dómi, að meðákærði Eyþór hafi fyrir hönd Stanley Roff framkvæmdastjóra leitað tilboðs Ólafs Önundssonar parketlagningarmanns í verkið um dansgólfið. Hann hafi vitað til þess, að meðákærði náði til Ólafs. Nokkru eftir það hafi Stanley Roff framkvæmdastjóri og Josef Miolla, stjórnarformaður K.C.O.M. veitingastaðarins, komið á sinn fund með samninginn í staflið 1 hér að framan. Þeir höfðu skýrt sér frá því, að nauðsynlegt væri að bera samninginn fyrir stjórnarfund til samþykkis eða synjunar. Stanley Roff hafi undirritað samninginn nafni sínu, en hann sjálfur hafi fyrir tilmæli þeirra Roff og Miolla undirritað samninginn nafninu Ólafur Önundsson. Fyrir dómi sama dag, eða 31. janúar 1964, taldi ákærði Jósafat ekki ósennilegt, að hann hefði ritað framsalið Ólafur Önundsson á tékka í staflið 2 hér að framan. Andvirði tékkans hefði hann þó afhent Ólafi Önundssyni. Síðar fyrir dómi, eða 11. marz 1964 og 15. maí 1964, viðurkenndi ákærði Jósafat tvímælalaust að hafa ritað framsalið Ólafur Önundsson á tékkann. Um reikninginn í staflið 3 bar ákærði Jósafat fyrir dómi 31. janúar 1964, að vera kynni, að hann hefði undir reikninginn ritað nafn Ólafs Önundssonar. Fyrir dómi hinn 11. marz 1964 viðurkenndi ákærði bæði að hafa útbúið reikninginn í staflið 3 og undirritað hann nafninu Ólafur Önundsson. Hinn 15. maí 1964 bar ákærði Jósafat enn um reikning þennan og

viðurkenndi þá að hafa undirritað hann nafninu Ólafur Önundsson.

Um tékkann í staflið 4 hér að framan bar ákærði Eyþór þegar í upphafi rannsóknar það, að hann hefði ritað nafnið Ólafur Önundsson aftan á tékka þennan. Tildrög til þess hafi verið þau, að meðákærði Jósafat kom til fundar við hann, einhvern tíma eftir að Ólafur parketlagningarmaður hafði lokið verki sínu og var farinn af flugvellinum. Meðákærði Jósafat hafi sagt sér, að hann hefði greitt Ólafi í reiðufé strax að verki loknu, en greiðslan til Ólafs samkvæmt tékka þessum væri fyrir allt verkið auk efnis og hefði Ólafi því ekki borið að fá allan tékkann, þar eð hann lagði ekki til efni né undirbúningsvinnu. Meðákærði Jósafat hafi nú beðið sig að framselja tékkann með nafni Ólafs Önundssonar til að spara Ólafi ferð á flugvöllinn. Hann hafi látið tilleiðast að rita framsalið Ólafur Önundsson, enda hafi hann treyst Jósafat til að láta sig ekki skapa sér ábyrgð með framsalinu. Framburð þennan hefur ákærði Eyþór jafnan haldið fast við. Fyrir dómi hinn 18. febrúar var framangreindur framburður ákærða Eyþórs borinn undir ákærða Jósafat, og vildi ákærði Jósafat ekki mótmæla því, að orð hefðu fallið á þann veg, sem í umræddum framburði greinir, við framsal á tékkann í lið 4. Síðar, er ákærði Jósafat var inntur eftir tékka þessum fyrir dómi, eða 11. marz 1964 og 15. maí sama ár, breytti hann ekki fyrri framburði sínum um tékkann.

Um reikning í staflið 5 bar ákærði Jósafat svo fyrir dómi 31. janúar 1964, að hann myndi ekki til að hafa ritað nafn Ólafs Önundssonar á reikninginn, en ef til vill hefði hann þó gert það. Fyrir dómi 11. marz 1964 viðurkenndi ákærði Jósafat bæði að hafa útbúið reikninginn í staflið 5 og undirritað hann nafninu Ólafur Önundsson. Þann framburð staðfesti ákærði aftur 15. maí 1964. Um tékkan í staflið 6 skýrði ákærði Jósafat svo frá hinn 31. janúar 1964, að hann myndi ekki, hvort hann hefði ritað framsalið á tékkann. Síðar fyrir dómi, bæði 11. marz 1964 og 15. maí 1964, viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað nafnið Ólafur Önundsson sem framsal á tékka þennan.

Ákærði Jósafat hefur greint frá því, svo sem áður hefur komið fram, að fyrir beiðni Roff framkvæmdastjóra og Miolla stjórnarformanns hafi hann látið tilleiðast að undirrita samninginn í lið 1 og reikningana, er nefndir hafa verið hér að framan að beiðni þeirra. Greiðslutékkana vegna verksins hafi hann tekið við úr hendi Roff. Andvirði tékkanna hafi hann notað til þess

í fyrsta lagi að greiða laun verkamanna, er undirbjuggu parketlagninguna, í öðru lagi greiðslur til Ólafs Önundssonar og í þriðja lagi efni vegna verksins, þar á meðal lakk, sement og fleira. Hann hafi síðan afhent Roff mismun greiðslutékkanna vegna verksins og reikninga þá, er hann galt vegna þess. Framkvæmdastjórinn Stanley Roff hefur mótmælt framburði ákærða Jósafats í þessu efni og hefur haldið fast við það, að hann hafi talið verkið vera framkvæmt samkvæmt tilboði frá Ólafi og því hafi hann í góðri trú samþykkt reikninga og gefið út tékka vegna verksins. Samræmi náðist ekki í þessa framburði.

Auk reikningsins fyrir límið, er Ólafur Önundsson lagði fram vegna verksins og getið er um hér að framan og greiðslutékkans í því sambandi stílaðan á Ólaf, er Ólafur hefur þekkt, hefur verið lagður fram í málinu reikningur frá heildverzlun Egils Árnasonar í Reykjavík, dagsettur 4/9 1961, um 2.275.5 fet af beykigólfborðum, samtals að upphæð kr. 18.683.70. Reikningur þessi er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu með stimpli fyrirtækisins. Þá hefur og verið lagður fram í málinu tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., til handa fyrirtækinu Egill Árnason & Co., dagsettur 31. ágúst 1961, að upphæð kr. 18.683.70 í samræmi við nefndan reikning. Dómurinn hefur þá aflað úr hlaupareikningi ákærða Jósafats nr. 520 við Sparisjóðinn í Keflavík ljósrit tékka, dagsetts 1. ágúst 1961, að upphæð kr. 3.150.00 til Eyþórs Þórðarsonar. Tékkinn er útgefinn af ákærða Jósafat. Tékkinn er framseldur af Eyþóri Þórðarsyni og framseldur að nýju af Guðna Bjarnasyni verkstjóra, til heimilis að Tjarnarstíg 4, Seltjarnarnesi. Guðni hefur komið fyrir dóm sem vitni og greint frá því að hafa séð um að rífa upp plastgólfplötur í K.C.O.M. veitingastaðnum haustið 1961. Verk þetta hafi hann unnið að beiðni ákærða Eyþórs. Vitnið hefur þekkt ljósrit tékkans, er lýst var sem greiðsla til þess vegna verksins fyrir það sjálft og menn þess. Frekari greiðslur hafi það ekki fengið fyrir verkið og önnur verk hafi það ekki unnið fyrir ákærða um svipað leyti.

Þá hefur verið rakið það helzta, er fram kom við rannsókn á umræddu verki.

Í októbermánuði s.l. voru gögnin í stafliðum 1—6 hér að framan enn borin undir ákærða Jósafat að beiðni verjanda hans. Ákærði Jósafat breytti þá fyrri framburðum sínum vegna gagnanna. Ákærði Jósafat skýrði þá svo frá, að hann hefði ekki undirritað samninginn í staflið 1 nafninu Ólafur Önundsson og

ekki framselt tékkann í staflið 2 því nafni. Mjög ósennilegt væri, að hann hefði undirrtað reikninginn í staflið 3. Ekki hefði hann beðið meðákærða Eyþór að rita framsalið Ólafur Önundsson á tékkann í staflið 4. Nær útilokað væri, að hann hefði undirritað reikninginn í staflið 5. Hins vegar kvaðst ákærði Jósafat ekki vilja útiloka þann möguleika að hafa framselt tékkann í staflið 6 nafninu Ólafur Önundsson.

Í hinni bandarísku skýrslu um rithandarathuganir segir svo um nafnritunina Ólafur Önundsson á gögnunum í stafliðum 1—6 hér að framan, að Ólafur Önundsson, er lét Bandaríkjamönnum sýnishorn af rithönd sinni í té, hafi ekki ritað nafn sitt á nokkurt gagnanna. Ákærði Eyþór hafi ritað fyrra framsalið, eða framsalið Ólafur Önundsson, á tékka í staflið 4. Síðan er óskað viðbótarsýnishorna af rithönd ákærða Jósafats varðandi stafliði 1, 2 ásamt sýnishorni meðákærða Eyþórs, 3, 5 og 6 ásamt sýnishorni meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar segir svo um gögnin:

„Stafliður 1.

Tel Jósafat hafa undirritað skjalið nafninu Ólafur Önundsson.

O: Eins dregið og O í Ólafur Önundsson, dskj. XXXVII (efri lína).

l: Typiskt fyrir Jósafat. Víð lykkja, sama stefna í upphafi og endi stafsins.

a, f: Hin sömu og í sýnishorni, dskj. XXXVII, aðeins annar halli.

u: Sama og í Guðmundar, sbr. dskj. 40, sbr. 7.

r: Stafurinn teiknaður, fyrri hluti sami og í Guðmundur, dskj. 40, en þar er hægar skrifað.

n, u: Eins og sýnishorn, aðeins annar halli.

d: Þekkt af sýnishornum.

s: Sama og um dskj. 40, sbr. 7.

o: Sama og um dskj. 40, sbr. 7.

n: Sama og um dskj. 40, sbr. 7.

Nafnritun Stanley Roff þekkt sem hans eigin, sbr. sýnishorn.“

Stafliður 2.

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa ritað fyrra framsal tékkans og vísar í umsögn stafliðs 1. Síðara framsal eigið framsal Jósafats.

Stafliður 3.

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa undirritað skjalið og vísar í umsögn um staflið 1.

Stafliður 4.

Athugandinn telur ákærða Eyþór hafa ritað fyrra framsal, sbr. rithandarsýnishorn hans. Síðara framsal eigið framsal Jósafats.

Stafliður 5.

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa undirritað skjalið og vísar í umsögn um staflið 1.

Stafliður 6.

Athugandinn telur ákærða Jósafat hafa ritað bæði framsöl tékkans og vísar í umsögn um tékka í staflið 2.

Með viðurkenningu ákærða Jósafats fyrir dómi, framburði meðákærða Eyþórs, að öðru leyti með vísan í framkvæmd umgetins verks í heild og með stuðningi í rithandarathugunum þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi undirritað samning í staflið 1 og reikninga í stafliðum 3 og 5 til nota í blekkingarskyni, en vegna gagnanna voru gefnir út greiðslutékkar, og jafnframt að hafa framselt tékkana í stafliðum 2 og 6 nafni Ólafs Önundssonar og talið meðákærða Eyþór á að rita það framsal á tékkann í staflið 4 í sama skyni undan eigin framsali, áður en ákærði síðar innleysti tékkana alla í Sparisjóðnum í Keflavík. Afturhvarf ákærða Jósafats frá fyrri framburðum í októbermánuði s.l. þykir ekki í þessu efni geta breytt mati dómsins. Verður fallizt á kröfur ákæruvaldsins um framangreinda liði og ákærði Jósafat talinn hafa með framanlýstu atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en ósannað er talið gegn andmælum Roff framkvæmdastjóra, að hann hafi vitað um falsanir á gögnunum, er þau voru notuð.

Með játningu ákærða Eyþórs, framburði meðákærða Jósafats, niðurstöðu rithandarathugana og samkvæmt öðru því, sem rakið hefur verið, telst sannað, að ákærði Eyþór hafi ritað nafnið Ólafur Önundsson sem framsal á tékka í staflið 4 fyrir áeggjan meðákærða Jósafats og með því gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, samanber 22. gr. sömu laga, og verður því fallizt á kröfur ákæruvaldsins um tékka þennan, er lýtur að ákærða Eyþóri.

C. *Verktakastarfsemi í nafninu Ragnar Svavarsson.*

Samkvæmt fundargerðum stjórnar K.C.O.M. veitingastaðarins á Keflavíkurflugvelli heimilaði stjórn veitingastaðarins Stanley Roff framkvæmdastjóra að kaupa fyrir veitingastaðinn gluggatjöld, enda færi kostnaður ekki fram úr $ 2.500.00.

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós, að gluggatjöld voru keypt fyrir veitingastaðinn í Gardínubúðinni í Reykjavík, og annaðist eigandi Gardínubúðarinnar, Karólína Karlsdóttir kaupkona, uppsetningu gluggatjaldanna, en uppsetning þeirra fór fram síðast í september 1961.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Karólína Sigríður Karlsdóttir kaupkona og hefur skýrt frá kaupum og uppsetningu gluggatjaldanna á eftirfarandi hátt: Einhvern tíma um vorið 1961 hafi ákærði Jósafat og einhver óþekktur Bandaríkjamaður komið í verzlun vitnisins í Reykjavík. Erindi mannanna var að sjá prufur af gardínuefnum, en ákærði Jósafat tjáði vitninu, að í ráði væri að setja upp ný gluggatjöld í K.C.O.M. veitingastaðnum. Vitnið lét ákærða og Bandaríkjamanninum í té efnisprufur, er þeir höfðu með sér úr verzluninni. Einhvern tíma um sumarið 1961 hafi ákærði Jósafat síðan hringt í vitnið og skýrt því frá, að gardínuprufurnar hefðu hlotið samþykki og óskaði eftir því, að vitnið seldi veitingastaðnum efni í gluggatjöld, saumaði þau og setti upp. Vitnið ákvað að taka verk þetta. Vitnið athugaði um staðhætti í K.C.O.M. veitingastaðnum eftir það. Vitnið greindi frá því, að að minnsta kosti tvisvar sinnum hefði því borizt skilaboð um að hraða verkinu og hafi það talað í síma bæði við ákærða Jósafat og meðákærða Eyþór, en hinn síðarnefndi hafði aðstoðað vitnið, er það leit á veitingastaðinn. Vitnið kveður gardínuuppsetninguna hafa farið fram um haustið 1961, aðeins örfáum dögum áður en bandarískí flotinn tók við störfum bandaríska flughersins á flugvellinum. Strax að uppsetningu lokinni hafi ákærði Jósafat móttekið sundurliðaðan reikning frá vitninu fyrir verkið. Þar var tilgreint efni auk vinnu. Vitnið kveður ákærða Jósafat hafa afhent því litlu síðar tékka sömu upphæðar og reikningurinn var. Vitnið kvað ákærða Jósafat hafa gersamlega séð um verkið fyrir hönd verksalans.

Úr hlaupareikningi ákærða Jósafats nr. 520 við Sparisjóðinn í Keflavík hefur dómurinn aflað ljósrits tékka til Gardínubúðarinnar, dags. 23. september 1961, að upphæð kr. 55.487.05, útgefins af ákærða Jósafats, framselds f. h. Gardínubúðarinnar, Karólína Karlsdóttir. Vitnið hefur fyrir dómi þekkt ljósrit tékkans sem ljósrit greiðslutékkans, er það fékk frá ákærða Jósafat fyrir umrætt verk í heild.

Vegna verks þessa hafa verið lögð fram í málinu 4 gögn, er orðið hafa liðir ákærunnar. Gögnin eru þessi:

1. Tilboð K.C.O.M. veitingastaðarins um útvegun eldtraustra

gluggatjalda í danssal, forstofu, vínstúku og á senu veitingastaðarins. Sýnishorn eru sögð fylgja tilboðinu. Þess er getið í tilboðinu, að efnið sé framleitt í Bandaríkjunum. Heildarupphæð tilboðsins er kr. 90.202.00, eða $ 2.380.00. Loks stendur, að óskað sé eftir kr. 30.000.00 fyrirframgreiðslu til staðfestingar á tilboðinu, þegar samþykkt verður. Undirskrift Gardínubúðin, Ragnar Svavarsson. Tilboðið er dagsett 17. júlí 1961. Áritun á tilboðið er S. Roff, greitt með tékka nr. 591 19. júlí 1961, sbr 4. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 591, dagsettur 19. júlí 1961, stílaður á Ragnar Svavarsson, að upphæð kr. 30.000.00, framseldur Ragnar Svavarsson, aftur framseldur Jósafat Arngrímsson, sbr. 14. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

3. Greiðslubeiðni til K.C.O.M. frá Ragnari Svavarssyni vegna uppsetningar og útvegunar gluggatjalda. Fyrirframgreiðsla $ 791.56, eftirstöðvar $ 1.588.44, ísl. kr. 67.985.23. Beiðnin er dagsett á Keflavíkurflugvelli 24. september 1961, undirrituð Ragnar Svavarsson. Beiðnin er árituð S. Roff, enn fremur árituð um greiðslu 22. september 1961 með tékka nr. 666, sbr. 5. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 666, dagsettur 24. september 1961, ritaður til handa Ragnari Svavarssyni, að upphæð kr. 67.985.23, undirritaður af Stanley Roff, framseldur nafninu Ragnar Svavarsson, aftur framseldur Jósafat Arngrímsson, sbr. 11. tl. II. kafla A I. þáttar ákæru.

Hinn 30. janúar 1964 skýrði Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M. veitingastaðarins, frá gardínuuppsetningunni á þennan veg, að eftir að stjórn veitingastaðarins hafði ákveðið að endurnýja gluggatjöldin, þá hafi borizt 3 tilboð í verkið. Ákveðið hafi verið af stjórninni að taka tilboði Gardínubúðarinnar. Í lið 1 hér að framan, tilboði, þekkti Roff framkvæmdastjóri tilboð Gardínubúðarinnar. Tilboðið hafi verið sent til stjórnar K.C.O.M. veitingastaðarins, er hafi tilkynnt honum að taka tilboðinu. Staðfestingu sína þekkti framkvæmdastjórinn á tilboðinu undir lið 1. Varðandi lið 2, tékkann, hefur framkvæmdastjórin Roff þekkt undirskrift sína í samræmi við tilboðið. Varðandi lið 3 hefur framkvæmdastjórinn þekkt áritun sína á greiðslubeiðnina. Greiðslubeiðnin hafi verið lögð inn á skrifborð hans. Varðandi lið 4, tékka, hefur framkvæmdastjórinn þekkt undirskrift sína

undir tékkann, sem ritaður hafði verið í bókhaldsmiðstöðinni að öðru leyti vegna staðfestingar greiðslubeiðni, sbr. lið 3.

Ákærði Jósafat hefur borið um gögn þessi fyrir dómi. Í fyrstu, hinn 14. febrúar 1964, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ekkert séð um að afla tilboða í verkið. Við Karólínu í Gardínubúðinni hafi hann ekki talað öðruvísi en sem túlkur fyrir Stanley Roff. Ekki kannaðist ákærði þá við að hafa undirritað tilboðið samkvæmt staflið 1 né greiðslubeiðni, staflið 3, eða að hafa framselt tékkann, staflið 4, nafninu Ragnar Svavarsson. Hinn 24. febrúar 1964 var ákærði Jósafat að nýju inntur eftir verkinu við gluggatjöldin. Ákærði viðurkenndi þá án tvímæla, að undirskrift hans væri undir tilboðinu samkvæmt staflið 1. Ekki gæti hann svarað því til, hver samið hefði tilboðið, en taldi þó líklegt, að hann hefði gert það sjálfur eða fjórir tilgreindir bandarískir aðiljar, þar á meðal Stanley Roff framkvæmdastjóri. Tilboðið kvaðst ákærði á hinn bóginn hafa undirritað nafninu Ragnar Svavarsson að beiðni Roff framkvæmdastjóra. Roff hafi átt hugmyndina að hinu tilbúna nafni. Ákærði Jósafat viðurkenndi við það tækifæri að hafa greitt vitninu Karólínu Karlsdóttur vegna verksins með tékka þeim úr hlaupareikningi sínum að upphæð kr. 55.487.05, sem getið er um hér að framan, en við það tækifæri var honum sýnt ljósrit tékkans. Meðákærði Eyþór hafi þó afhent tékkann. Hann hafi móttekið andvirði tékkanna í stafliðum 2 og 4 hér að framan, að upphæð kr. 97.985.23. Hann hafi framselt báða tékkana síðara framsali og fengið þá innleysta í Sparisjóðnum í Keflavík. Mismuninn á upphæðum þessum hafi hann komið til Stanley Roff. Ákærði taldi sig þá hafa fengið tékkann í staflið 2 framseldan fyrra framsali úr hendi Roff. Undirritun greiðslubeiðnar í staflið 3 kvaðst hann ekki þekkja, og um fyrra framsalið á tékka í staflið 4 skýrði hann svo frá, að annað hvort hafi tékkinn verið framseldur fyrra framsali, er hann tók við honum, eða að meðákærði Eyþór hafi síðar ritað fyrra framsal hans. Ákærði Jósafat breytti verulega framburðum sínum á síðara rannsóknarstigi málsins. Tilboð í staflið 1 ítrekaði ákærði í framburðum 11/3 1964 og 15/5 sama ár að hafa án tvímæla undirritað. Tékkann í staflið 2 taldi ákærði sig hafa framselt fyrra framsali í framburði 11/3 1964 og viðurkenndi án vafa hinn 15/5 sama ár að hafa framselt tékkann nafninu Ragnar Svavarsson. Greiðslubeiðni í staflið 3 vildi ákærði ekki útiloka að hafa undirritað fyrir dómi 11/3 1964, og fyrir dómi 15/5 sama ár viðurkenndi ákærði án vafa

að hafa undirritað beiðnina. Um tékkann í staflið 4 greindi ákærði svo frá hinn 11/3 1964, að meðákærði Eyþór hefði ritað fyrra framsal tékkans að beiðni hans á undan eigin framsali. Fyrir dómi 15/5 sama ár breytti ákærði Jósafat ekki þeim framburði. Ákærði Jósafat hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa haft samband við vitnið Karólínu Karlsdóttur vegna verksins. Hann hafi þar komið fram sem milligöngumaður Stanley Roff, er hafi ákveðið að útbúa skjöl vegna verksins tilbúnu nafni.

Stanley Roff hefur fyrir dómi eindregið mótmælt framburði ákærða Jósafats í þessu efni. Hann hafi jafnan talið Ragnar Svavarsson vera aðilja frá Gardínubúðinni, en hann hafi ekkert vitað um, að tilbúin nöfn væru notuð í skiptum við veitingastaðinn fyrr en á árinu 1962 við hina bandarísku rannsókn.

Samræmi hefur ekki náðst í framburði ákærða Jósafats og Stanley Roff.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um verk þetta, að samkvæmt beiðni meðákærða Jósafats hafi hann athugað um það um mitt ár 1961, hvaða fyrirtæki í Reykjavík gæti tekið að sér gardínuuppsetningu við K.C.O.M. veitingastaðinn. Hann hafi komizt að því, að Gardínubúðin í Reykjavík væri líklegasti staðurinn. Úr hafi orðið, að Karólína kaupkona þar hafi tekið að sér verkið. Hann hafi í tvö skipti tekið að sér að aðstoða Karólínu í sambandi við verkið, er hún hafi komið á flugvöllinn. Að öðru leyti hafi hann ekki haft skipti af verkinu. Ákærði Eyþór kvaðst ekkert af gögnum þeim í stafliðum 1—3 hafa séð utan dóms. Um tékkann í staflið 4 hefur ákærði Eyþór jafnan haldið fast við þann framburð, að hann hafi framselt tékkann nafninu Ragnar Svavarsson að beiðni meðákærða Jósafats. Hann hafi treyst meðákærða Jósafat og sögu hans um, að framsal hans á tékkann væri gert í hagræðingarskyni til að spara þeim aðilja, er tékkann átti að fá, aukaferð á flugvöllinn til að ná í greiðslu sína. Því hefði hann, Jósafat, greitt manninum í verklok í greiðaskyni, en þá hefði tékkinn ekki verið tilbúinn. Ákærði Eyþór hefur haldið fast við það að hafa ekki um það vitað, að tékkinn stæði í sambandi við gardínuuppsetninguna.

Að beiðni verjanda ákærða Jósafats voru gögnin í stafliðum 1—4 hér að framan enn borin undir ákærða Jósafat í októbermánuði s.l. Ákærði Jósafat breytti þá mjög framburði sínum. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa undirritað tilboðið í staflið 1. Hann hafi ekki framselt tékkann í staflið 2 fyrra framsali. Hann hafi ekki undirritað greiðslubeiðnina í staflið 3 og

hann hafi ekki beðið meðákærða Eyþór að framselja tékkann í staflið 4.

Í hinni bandarísku skýrslu um rithandarathuganir segir svo um nafnritunina Ragnar Svavarsson:

Stafliður 1.

„Rithöndin líkist skrift Jósafats Arngrímssonar. (Tékki í staflið 2 var ekki í þessu (efni?) kannaður).

Greiðslubeiðni, stafliður 3.

Óskað viðbótarsýnishorna rithandar Jósafats Arngrímssonar.

Tékki, stafliður 4.

Framsalið Ragnar Svavarsson ritað af Eyþóri Þórðarsyni." Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar segir svo um gögnin:

Tilboð, stafliður 1.

„Ég tel eigin óbreytta rithönd Jósafats vera á nafninu Ragnar Svavarsson".

Tékki, stafliður 2.

„Tel Jósafat hafa ritað bæði framsölin. Óbreytt stafagerð hans á fyrra framsali. Síðara framsal eigið".

Greiðslubeiðni, stafliður 3.

Telur athugandinn ákærða Jósafat hafa undirritað með sömu stafagerð og í tilboðinu staflið 1.

Tékki, stafliður 4.

„Fyrra framsalið tel ég Eyþór hafa ritað og vísa í rithandarsýnishorn hans, dskj. 48, þar sem fram kemur sams konar rithönd á nafninu. Síðara framsal eigið framsal Jósafats".

Með játningu ákærða Jósafats fyrir dómi og samkvæmt niðurstöðu rithandarathugana og samkvæmt öðru því, sem rakið hefur verið hér að framan úr framburðum þeirra aðilja, er borið hafa um verk þetta, og með hliðsjón af greiðsluháttum vegna verksins þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi undirritað tilboðið, staflið 1, framselt tékkann, staflið 2, og undirritað greiðslubeiðnina, staflið 3, nafninu Ragnar Svavarsson. Með sömu röksemdafærslu og sérstaklega með hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs þykir ákærði Jósafat hafa talið meðákærða Eyþór á að framselja tékkann í staflið 4 nafninu Ragnar Svavarsson. Síðara afturhvarf ákærða Jósafats frá framburðum sínum í málinu þykja ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Ósannað þykir gegn andmælum Stanley Roff, að hann hafi um fölsun skjalanna vitað. Skjölin í stafliðum 1 og 3 bárust bókhaldsmiðstöðinni með falsaðri nafnritun, en þar voru útbúnir tékkar í samræmi við þau, er ákærði Jósafat framseldi annars vegar (tékki, stafliður 2) og

sá um, að framseldur var hins vegar (tékki í staflið 4) fölsuðu nafni, áður en hann framseldi tékkana og innleysti síðar við Sparisjóðinn í Keflavík. Teljast því gögnin öll hafa verið notuð í blekkingarskyni í lögskiptum. Fallizt verður því á kröfu ákæruvaldsins vegna ákæruliða um gögn þessi varðandi ákærða Jósafat, er telst hafa brotið gegn 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga með framferði sínu.

Með játningu Eyþórs, með vísan til framburðar meðákærða Jósafats og með tilliti til rithandarathugananna þykir sannað, að ákærði Eyþór hafi fyrir áeggjan meðákærða Jósafats framselt tékkann í staflið 4 hér að framan, og telst hann með því hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr., sbr. 22. gr., almennra hegningarlaga. Fallizt er á kröfur ákæruvaldsins varðandi framangreindan þátt Eyþórs.

D. *Um verktöku við K.C.O.M. veitingastaðinn í nafninu Ragnar Guðmundsson.*

Á árinu 1961 var vísað fram reikningum við K.C.O.M. veitingastaðinn í nafninu Ragnar Guðmundsson fyrir ýmsa viðgerðar- og viðhaldsþjónustu. Greiðslutékkar voru gefnir út vegna reikninganna á áðurnefnt nafn. Gögn þessi, reikningar og tékkar, hafa orðið liðir í ákæru, og verða nú gögnin rakin:

1. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á uppþvottavél, fjárhættuvélaborði og íslenzkri ritvél auk efnis, samtals að upphæð kr. 1.705.50 ($ 45.00), undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er án dagsetningar. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 21. apríl 1961, tékki nr. 487.

2. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir kælivélaþjónustu í júlímánuði 1961 samkvæmt samningi, að upphæð kr. 2.842.50 ($ 75.00). Dagsettur er reikningurinn á Keflavíkurflugvelli 28. júlí 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 26. júlí 1961, tékki nr. 596.

3. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir kælivélaþjónustu í septembermánuði 1961 og fyrir útvegun á skúffum í búðarkassa fyrir bandaríska mynt, samtals að upphæð kr. 3.616.60 ($ 84.50). Dagsettur er reikningurinn á Keflavíkurflugvelli 25. september 1961 og undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 23. september 1961, ekkert tékkanúmer.

4. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á uppþvottavél í eldhúsi auk efnis. Samtals að upphæð kr. 1.038.46 ($ 27.40), undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu, tékki nr. 468, 28. marz 1961.

5. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á bingó-blásara, auglýsingakassa, uppsetningu matarhitara, uppsetningu rafmagns- og flórskinsljósa auk efnis, samtals að upphæð kr. 6.276.24 ($ 165.60). Reikningurinn er ódagsettur, en undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 15. marz 1961, tékki nr. 458.

6. Reikningur til K.C.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir kælivélaþjónustu í ágústmánuði 1961, viðgerð á eldavél og „buffer" auk varahluta, samtals að upphæð kr. 5.504.08 ($ 128.60). Dagsettur er reikningurinn 30. ágúst 1961 á Keflavíkurflugvelli. Undirritaður er reikningurinn Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður S. Roff, greitt 31. ágúst 1961, tékki nr. 631.

Sjá ákæru I. þátt I. kafla 15. tölulið frá a—f.

Vegna reikninga þeirra, er raktir eru í 1—6 hér að framan, hafa verið gefnir út greiðslutékkar í samræmi við reikningana. Tékkar þessir hafa allir orðið efni ákæru, og verða þeir nú raktir.

7. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 631, dagsettur 31. ágúst 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 5.504.08, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 9. tölulið A II. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. K 14 við The American Express Company, Inc., nr. 665, dagsettur 22. september 1961, ritaður til handa Ragnari Guðmundssyni, að upphæð kr. 3.616.60, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 10. tölulið A í II. kafla I. þáttar ákæru.

9. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 458, dagsettur 15. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 6.276.24, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 468, dagsettur 28. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 1.038.46, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson. Tékki K.C.O.M. á

reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 487, dagsettur 21. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 1.705.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 596, dagsettur 26. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 13. tölulið A II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur framkvæmdastjórinn Stanley Roff kannazt við áritun sína á sérhvern reikning, er raktir eru í 1—6 hér að framan. Eftir staðfestingarnar hafi reikningarnir verið afhentir bókhaldsmiðstöðinni, til að tékkar yrðu gefnir út samkvæmt þeim. Roff hefur þá þekkt undirskrift sína undir sérhvern tékka, rakta í liðum 7—9 hér að framan.

Ákærði Eyþór hefur skýrt svo frá fyrir dómi um reikningana í 1—6 hér að framan, að hann hafi séð um verk þau öll, er reikningarnir hljóða um, utan viðgerðar á íslenzkri ritvél, sbr. staflið 1. Hann hafi á hinn bóginn aldrei séð reikningana fyrr og viti ekki, hver ritaði undir reikningana. Hins vegar hafi enginn maður að nafni Ragnar Guðmundsson unnið að verkunum, en í mörgum tilfellum hafi hann þó kvatt sér til aðstoðarmenn vegna starfanna. Fyrir dómi hefur ákærði séð tékkana, er raktir eru í stafliðum 7—9 hér að framan. Ákærði kvaðst ekki hafa séð tékka þessa fyrr utan dómsins og ekki þekkja framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkunum. Hann þekki framsalið Jósafat Arngrímsson á tékkunum, þar sem það framsal kom fram sem eigið framsal meðákærða Jósafats.

Fyrir dómi (12. marz 1964) viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa útbúið sérhvern reikning í stafliðum 1—6 hér að framan, enn fremur að hafa undirritað sérhvern reikning nafninu Ragnar Guðmundsson. Þá hefur ákærði fyrir dómi viðurkennt að hafa ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á sérhvern tékka, er raktir hafa verið í 7—9 hér að framan. Þá hafi hann ritað eigið framsal á eftir því framsali á tékka í stafliðum 7 og 8 og tékka nr. 458, 487 og 596 í staflið 9. Tékkarnir hafa allir verið innleystir í Sparisjóðnum í Keflavík. Ákærði Jósafat hefur viðurkennt fyrir dómi, að nafnið Ragnar Guðmundsson í skjölunum hafi ekki átt við ákveðna persónu, heldur sé um tilbúið nafn að ræða. Nánar vísast til framburðar ákærða Jósafats í kafla II hér að framan varðandi það atriði.

Tékkarnir í stafliðum 7 og 8 hér að framan voru skoðaðir af rithandarsérfræðingum lögreglunnar í New York vegna framsalsins Ragnar Guðmundsson á tékkunum. Varðandi tékka í staflið 7 var óskað eftir viðbótarsýnishornum af rithönd ákærða Jósafats. Varðandi tékkann í staflið 8 var enn fremur óskað eftir viðbótarsýnishornum rithandar ákærða Jósafats og fram tekið, að skriftin líktist hans skrift. Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar um rithandarskoðun segir um framantalin gögn: „Tel Jósafat hafa undirritað alla reikningana (liðir 1—6) nafninu Ragnar Guðmundsson. Stafagerðin öll hin sama og á rithandarsýnishornum hans, aðeins annar halli". Um tékkana í stafliðum 7—9 segir í skýrslunni, að hann telji Jósafat hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á framsölum sérhvers tékka. Stafagerðin sé öll hin sama og á rithandarsýnishornum hans, aðeins með breyttum halla, sem ekki hafi þýðingu.

Með viðurkenningu ákærða Jósafats fyrir dómi um undirritun reikninga í stafliðum 1—6 nafninu Ragnar Guðmundsson og enn fremur með viðurkenningu hans um framsöl tékkanna í stafliðum 7—9 sama nafni samkvæmt niðurstöðu rithandarskoðunar og samkvæmt framburði ákærða sjálfs að öðru leyti um tilhögun á gerð skjala þykir sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, enda þykir í ljós leitt, að ákærði Jósafat hafi notað framangreind gögn öll með hinu falsaða nafni í lögskiptum. Kröfur ákæruvaldsins vegna gagnanna verða því að fullu teknar til greina. Að ósk verjanda ákærða Jósafats var hann inntur eftir framantöldum gögnum fyrir dómi 8. október 1965, og gekk þá ákærði frá fyrri viðurkenningum sínum um að hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á reikningana, er taldir hafa verið upp í stafliðum 1—6 hér að framan. Hann myndi ekki hvort hann hefði útbúið reikningana. Um tékkana í stafliðum 7—9 skýrði ákærði frá við sama tækifæri, að hann teldi útilokað, að hann hefði framselt tékkann í lið 7, nær útilokað, að hann hefði framselt tékkann í lið 8 nafninu Ragnar Guðmundsson og að hann hefði ekki framselt tékkana því nafni, er raktir eru í lið 9. Afturhvarf ákærða frá fyrri játningum þykir hins vegar ekki geta breytt sönnunarmati dómsins í þessu tilviki.

E. *Verktaka Guðmundar Halldórssonar.*

Guðmundur Halldórsson húsgagnabólstrari, Faxabraut 32 A í Keflavík, fóðraði púða í bekkjum í forstofu K.C.O.M. veitinga-

staðarins snemma árs 1961. Vegna verks þessa hafa tvö gögn orðið liðir ákæru. Gögnin eru þessi:

1. Reikningur til K.C.O.M. fyrir blóstrun og lagfæringu þriggja sófa skv. beiðni gæzlumanns, kr. 6.000.00 ($ 158.31), undirritaður Guðmundur Halldórsson. Reikningurinn er án dagsetningar. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu, tékki nr. 428, 14. febrúar 1961, sbr. 14. tölulið I. kafla I. þáttar ákæruskjals.

2. Tékki K.C.O.M. á reikning við The American Express Company, Inc., nr. 429, dagsettur 14. febrúar 1961, til Guðmundar Halldórssonar, að upphæð kr. 6.000.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Guðmundur Halldórsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 12. tölulið A II. kafla I. þáttar ákæru.

Stanley Roff framkvæmdastjóri hefur fyrir dómi þekkt áritun sína á reikningnum í staflið 1 hér að framan sem greiðslusamþykki vegna umgetinna starfa Guðmundar Halldórssonar. Þá hefur hann einnig þekkt undirritun sína á tékka í staflið 2. Framkvæmdastjórinn hefur tekið fram, að mistök hafi orðið á í bókhaldsmiðstöðinni með áritun á reikninginn í staflið 1, þar sem talið er, að reikningurinn hafi verið greiddur með tékka nr. 428. Reikningurinn hafi verið greiddur með tékka nr. 429, svo sem tékkinn í staflið 2 beri með sér.

Um verkið hefur borið sem vitni Guðmundur Halldórsson húsgagnabólstrari. Svo sem áður hefur komið fram, kvaðst vitnið hafa unnið að verki þessu og lagt auk þess til efni. Greiðslu fyrir verkið hafi það fengið 10. febrúar 1961 frá Eyþóri Þórðarsyni, alls kr. 3.976.00. Vitnið hefur tekið fram, að það haldi bókhald um störf sín og séu tölurnar og dagsetningar úr því bókhaldi. Er vitninu voru sýnd gögnin í lið 1 og 2 hér að framan, reikningurinn og tékkinn, kannaðist það við hvorugt plaggið. Ekki kannaðist vitnið við rithöndina undir reikningnum né framsalinu á tékkanum.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá hinn 12. marz 1964, að hann hafi útbúið reikninginn og udirritað reikninginn Guðmundur Halldórsson. Um tékkann í tölulið 2 skýrði ákærði Jósafat svo frá fyrir dómi samdægurs, að hann teldi sig þekkja rithönd meðákærða Eyþórs Þórðarsonar á nafninu Guðmundur Halldórsson sem framsali. Hann telji víst, að hann, Jósafat, hafi óskað þess við meðákærða Eyþór, að hann framseldi tékkann með nafinu Guðmundur Halldórsson. Hann telji líklegt, að tékkaupphæðin hafi verið lögð inn á hlaupareikning sinn við Spari-

sjóðinn í Keflavík. Hann hafi greitt Eyþóri fyrir vinnu hans og útlagðan kostnað, þannig að meðákærði Eyþór hafi greitt Guðmundi Halldórssyni. Er framburður vitnisins Guðmundar Halldórssonar var borinn undir ákærða Jósafat, vildi hann ekki hreyfa andmælum við þeim framburði.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að Guðmundur Halldórsson húsgagnabólstrari hafi að beiðni sinni unnið að verki því, er um getur í reikningi, staflið 1. Er ákærða var lesinn framburður vitnisins Guðmundar Halldórssonar um verk þetta og greiðslur, vildi hann ekki mótmæla þeim framburði. Ákærði Eyþór kvaðst fyrir dómi ekki þekkja reikninginn í staflið 1 hér að framan og ekki vita, hver hefði undirritað hann. Um tékkann í dómsskjali 2 skýrði ákærði Eyþór svo frá, að framsalið á tékkanum, Guðmundur Halldórsson, væri tvímælalaust með rithönd sinni. Síðara framsalið væri framsal Jósafats Arngrímssonar. Um tékkann hefur ákærði Eyþór að öðru leyti borið svo fyrir dómi, að hann myndi ekki eftir því að hafa framselt hann. Hann myndi hins vegar til þess, að í skiptum þeirra meðákærða Jósafats á flugvellinum hafi það í eitt skipti komið fyrir, að greiðslutékki, stílaður á iðnaðarmann, er unnið hafði á vegum þeirra meðákærða Jósafats, barst þeim í hendur. Meðákærði Jósafat hafi óskað þess við hann, að hann framseldi tékkann til iðnaðarmannsins nafni hans. Hann hafi orðið við því, en áður hafi hann gert upp við iðnaðarmanninn. Hann telji vafalaust, að um Guðmund Halldórsson og tékkann í staflið 1 hér að framan hafi verið um að ræða, enda þótt hann muni nú ekki eftir því.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar um rithandarathugun segir um nafnritunina Guðmundur Halldórsson á reikningnum í staflið 1: „Tel Jósafat hafa ritað nafnið Guðmundur Halldórsson á dómsskjalið óbreyttri rithendi, þó með teiknuðu H“. Um framsalið á tékkanum í staflið 2 segir í sömu skýrslu: „Fyrra framsalið tel ég Eyþór hafa ritað og vísa í rithandarsýnishorn hans, dskj. 48, þar sem fram kemur sams konar rithönd. Síðara framsalið tel ég Jósafat hafa ritað“.

Er ákærði Jósafat kom fyrir dóm 8. október 1965 að beiðni verjanda síns, kvaðst hann ekki hafa undirritað reikninginn í tölulið 1 hér að framan, þó væri ekki útilokað, að hann hefði útbúið reikninginn og þá að beiðni Stanley Roff. Fyrir dómi 11. október 1965 bar ákærði um tékkann í tölulið 2 og skýrði þá svo frá, að hann minntist þess ekki að hafa beðið meðákærða Eyþór að framselja tékkann nafninu Guðmundur Halldórsson. Fyrir dómi

13. október 1965 þvertók ákærði fyrir að hafa eggjað meðákærða Eyþór til að framselja tékkann fyrra framsali.

Með játningu ákærða Jósafats, sem rakin hefur verið hér að framan um ritun nafnsins Guðmundur Halldórsson undir reikninginn tölulið 1 hér að framan og með vísan að öðru leyti í framburð ákærða um hátt á útbúnaði gagna samkvæmt framburði vitnisins Guðmundar Halldórssonar og með vísan í rithandarskoðunarskýrsluna, telur dómurinn, að þrátt fyrir afturhvarf játningar ákærða Jósafats fullsannað, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn nafninu Guðmundur Halldórsson, notað reikninginn í lögskiptum og með því gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga. Samkvæmt framburði ákærða Jósafats og framburði ákærða Eyþórs þykir sannað, að ákærði Jósafat þrátt fyrir síðar fram komin andmæli hafi talið ákærða Eyþór á að rita framsalið Guðmundur Halldórsson á tékkann í staflið 2, og þykir ákærði Jósafat með því athæfi hafa gerzt sekur um brot á 155. gr., 1. mgr., hegningarlaga, en tékkinn er framseldur af ákærða Jósafat síðara framsali og innleystur í Sparisjóðnum í Keflavík.

Með játningu ákærða Eyþórs, sem studd er framburði meðákærða Jósafats og skýrslu um rithandarskoðun, þykir sannað, að ákærði Eyþór hafi ritað framsalið Guðmundur Halldórsson á tékka í staflið 2 hér að framan, og með því telst hann hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga, sbr. 22. gr. sömu laga.

F. *Verktaka í nafni Eyþórs Þórðarsonar við K.C.O.M. veitingastaðinn.*

Gögn, undirrituð nafni ákærða Eyþórs Þórðarsonar, hafa orðið liðir í ákæru, og verða nú þau gögn rakin, er fram hafa komið við K.C.O.M. veitingastaðinn.

1. Reikningur í 6 liðum til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni. 1. liður fyrir að staðsetja rafmagnsstæði í anddyri K.C.O.M. og fyrir aðstoð við útvegun efnis og önnur vinna, samtals að upphæð kr. 1.603.17 ($ 42.30). Reikningurinn er ódagsettur, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 31. janúar 1961 með tékka nr. 413. Liður 2 er reikningur vegna hlutagreiðslu fyrir að mála K.C.O.M., að upphæð kr. 3.600.00. Reikningurinn er ódagsettur, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 31. janúar 1961, tékki nr. 413. Liður 3 er reikningur vegna hlutagreiðslu fyrir

að mála K.C.O.M. veitingastaðinn, kr. 21.000.00 ($ 554.90). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 18. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður enn fremur um greiðslu 19. janúar 1961, tékki nr. 399. Liður 4, reikningur vegna hlutagreiðslu fyrir að mála K.C.O.M. veitingastaðinn, kr. 10.000.00, dagsettur á Keflavíkurflugvelli 17. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 17. janúar 1961, tékki nr. 398. Liður 5, lokareikningur fyrir byggingu hengis í inngang K.C.O.M. veitingastaðarins, að upphæð kr. 10.991.00 ($ 290.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli í janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 12. janúar 1961, tékki nr. 395. Liður 6, reikningur fyrir málningu, samtals að upphæð kr. 8.500.00 ($ 224.27). Reikningurinn er dagsettur 17. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 19. janúar 1961, tékki nr. 400. Reikningur þessi er í samræmi við 16. tölulið a–e I. kafla I. þáttar ákæru.

Vegna nokkurrar sérstöðu reiknings þessa verða framburðir ákærðu og annarra, er borið hafa um reikninginn og verk að baki honum, raktir, áður en önnur gögn verða upp talin, er undirrituð hafa verið nafninu Eyþór Þórðarson og komið var á framfæri í K.C.O.M. veitingastaðnum.

Fyrir dómi hefur Stanley Roff, framkvæmdastjóri K.C.O.M., þekkt staðfestingar sínar á liðum 1—5 í reikningnum tölulið 1. Liðir 2—4 séu reikningar ákærða Eyþórs fyrir umsjón á málningarvinnu, er fram fór í veitigastaðnum vegna eldsvoða, er þar hafi orðið. Málningarvinnuna sjálfa hafi Áki Gränz málarameistari eða menn frá honum unnið, en ákærði Eyþór hafi hlotið að hafa haft umsjón með verkinu og gert upp við málarana. Sjálfur hafi ákærði Eyþór tæpast unnið að málningarstörfunum. Framangreindir liðir séu hluti af málningarkostnaði, er varð vegna áðurnefnds eldsvoða.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson borið um reikninginn og talið útilokað, að hann hafi ritað undir reikningsliðina. Hann muni til þess hins vegar að hafa séð um að láta koma fyrir rafmagnstenglum í anddyri veitingastaðarins. Á hinn bóginn hafi hann aldrei unnið við málningarstörf í veitingastaðnum. Áki Gränz hafi hins vegar unnið að málningarstörfum í veitingastaðnum í janúar- og febrúarmánuðum 1961. Hann hafi engin laun þegið fyrir málningarstörf og engar svipaðar upphæðir fengið greiddar frá veitingastaðnum um þetta leyti. Hann hafi

ekki á nokkurn hátt séð um greiðslur til Áka Gränz eða manna hans vegna verksins, hvorki vegna efnis né vinnu. Sem starfsmaður veitingastaðarins kvaðst hann eitthvað hafa liðkað fyrir málurunum, en endurgjald fyrir þau störf hafi ef til vill getað hlaupið á hundruðum króna, en hvorki á þúsundum né tugþúsundum króna. Hann telji útilokað, að hann hafi fengið í hendur frá meðákærða Jósafat í janúarmánuði 1961 eða þar um kring kr. 30—40.000.00 eða meira fé sem greiðslu til sín eða sem greiðslu, sem hann ætti að afhenda öðrum vegna starfa við veitingastaðinn.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat borið um reikninginn á þann hátt, að hann hafi útbúið alla liði reikningsins og undirritað sérhvern lið í nafni Eyþórs Þórðarsonar, þó að frátöldum lið 6. Fyrsti liðurinn hafi verið fyrir viðhaldsstörf, 2., 3. og 4 liður fyrir að sjá um málningarvinnu og undirbúning hennar, 5. liður hafi verið vegna greiðslu fyrir verk, er hann sá um við innganginn í veitingasalinn, 6. liður sé reikningur fyrir málningu. Hann sé ekki viss um að hafa undirritað þann lið.

Fyrir dóminn hefur komið vegna reiknings þessa Áki Guðni Gränz málarameistari, er ákærður hefur verið fyrir annan þátt í máli þessu. Varðandi 2., 3. og 4. lið reikningsins hefur ákærði Áki skýrt frá því, að ákærði Eyþór hafi aldrei unnið með flokki hans við málningu. Hann hafi hvorki né menn hans fengið greiðslur frá ákærða Eyþóri vegna málningarvinnu í K.C.O.M. veitigastaðnum, en hann og menn hans hafi einir séð um málningarvinnu við veitingastaðinn um þetta leyti. Síðastnefndur framburður ákærða Áka var borinn undir ákærða Jósafat, er ekki vildi andmæla framburðinum. Ákærða Jósafat var þá og kynntur framburður ákærða Eyþórs um reikninginn, og hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá fyrir dómi, að framburður meðákærða Eyþórs gæti verið réttur að því leyti, að meðákærði Eyþór hafi ekki fengið greiðslurnar fyrir málningarstörf eða málningarumsjón. Hins vegar hafi hann hlotið að hafa fegið uppgjör eftir janúarmánuð sem endanær og þá séð janúarreikningana. Reikningarnir kunni að vera efnislega rangir, þannig að meðákærði Eyþór hafi ekki unnið að þar tilgreindum störfum. Hafi hins vegar svo verið, hljóti reikningsupphæðir að vera fyrir eldri störf Eyþórs, jafnvel óskyld störf, þar sem aðiljar, er unnu fyrir veitingastaðinn, hafi oft verið beðnir um að bíða með reikninga.

Um ritanir sínar á nafninu Eyþór Þórðarson hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá fyrir dómi, að nokkurs konar venja hafi

orðið á, að hann undirritaði reikninga og framseldi tékka, er svo stóð á, nafni meðákærða Eyþórs, þar eð hann sjálfur sá um alla skjalagerð vegna verka. Hann hafi litið á þessar nafnritanir sem hagræðingu í samskiptum þeirra meðákærða Eyþórs við veitingastaði. Meðákærði Eyþór hafi falið sér fjármálin í upphafi vegna starfa sinna og því hafi hann stundum framselt tékka í nafni meðákærða Eyþórs, ef svo stóð á, að meðákærði Eyþór var ekki viðlátinn, er hann fór með tékka þessa í Sparisjóðinn í Keflavík.

Ákærði Eyþór hefur á hinn bóginn fyrir dómi þvertekið fyrir það að hafa gefið nokkrum aðilja heimild til að rita nafn sitt undir reikninga eða önnur gögn. Hann hafi ekki haft hugmynd um, að reikningar væru útbúnir vegna verka, er hann sá um, tilbúnum nöfnum og undirritaðir með þeim eða undirritaðir nafni hans sjálfs af öðrum aðilja. Þannig hafi meðákærði Jósafat ekki haft slíkt umboð. Umboð honum til handa í þá átt hafi algerlega verið óþarft, þar sem þeir meðákærði Jósafat hittust daglega, um það bil þrisvar á dag. Meðákærða Jósafat hafi jafnan verið kunnugt um, hvar hann var hverju sinni. Hann hafi aldrei forfallazt vegna veikinda við störf sín eða verið fjarvista vegna leyfa, enda hafi aldrei borið á góma á millum þeirra meðákærða Jósafats, að hann fengi umboð hjá honum til að rita nafn hans.

Ekkert samræmi hefur náðst í framburði ákærðu Jósafats og Eyþórs um síðastnefnt atriði, og hefur hvor aðili haldið fast við framburði sína.

2. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir útvegun efnis og flutning trésmiða, útvegun bólstrunar á sófum og flutning þeirra, samtals að upphæð kr. 909.60 ($ 24.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 27. febrúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu með tékka nr. 437, sbr. 17. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

3. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir kælivélaþjónustu hluta aprílmánaðar 1961, fyrir viðgerðir og kaup á tveim hitamælum, samtals kr. 1.790.00 ($ 47.23). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. apríl 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 28. apríl 1961 með tékka nr. 500, sbr. 18. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni í 2 liðum. Liður 1 fyrir ýmis viðgerðarstörf og efni, samtals kr. 1.751.60

($ 46.22). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 19. maí 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, áritaður um greiðslu 19. maí 1961, tékki nr. 526. Liður 2 er reikningur fyrir kælivélaþjónustu fyrir maímánuð 1961, að upphæð kr. 2.842.50 ($ 75.00). Reikningurinn er dagsettur í Keflavík 26. maí 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 24. maí 1961 með tékka nr. 529, sbr. 19. tölulið a og b I. kafla I. þáttar ákæru.

5. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni. Liður 1 vegna kælivélaþjónustu fyrir júnímánuð, kr. 2.842.50 ($ 75.00), undirritaður Eyþór Þórðarson. Dagsetning er ekki á reikningnum. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 26. júní 1961 með tékka nr. 559. Þar sem liður 2 reikningsins er ekki ákæruatriði í máli þessu, verður honum ekki lýst að öðru leyti en að hann er sagður fyrir viðgerðarstörf, að upphæð kr. 2.986.52, sbr. 20. tölulið ákæru I. kafla I. þáttar.

6. Reikningur til K.C.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir viðgerðarstörf og efni, samtals að upphæð kr. 3.411.00 ($ 90.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 27. júlí 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður greiddur 26. júlí 1961, tékki nr. 593, sbr. 21. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

Þá verða raktir greiðslutékkar, er orðið hafa liðir ákæru.

7. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 374, dagsettur 28. desember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 606.40, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

8. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 395, dagsettur 12. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 10.991.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

9. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 398, dagsettur 17. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 10.000.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

10. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 399, dagsettur 19. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 21.000.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

11. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 413, dagsettur 31. janúar 1961, til

Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 5.203.17, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

12. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 500, dagsettur 28. apríl 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 1.790.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

13. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 529, dagsettur 26. maí 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

14. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 559, dagsettur 26. júní 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

15. Tékki K.C.O.M. á reikning nr. 108 við The American Express Company, Inc., nr. 593, dagsettur 26. júlí 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 3.411.00, undirritaður Stanley Roff, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson.

Varðandi tékkana, töluliði 7—15, vísast til 16. töluliðar II. kafla A I. þáttar ákæru. Allir bera framangreindir tékkar með sér að hafa verið innleystir í Sparisjóðnum í Keflavík utan tékka í staflið 12, er ber með sér að hafa verið innleystur af fyrirtækinu Háaleiti s/f, Keflavík.

Svo sem reikningarnir í töluliðum 1—6 bera með sér, eru allir tékkarnir greiðslur á framangreindum reikningum utan tékka nr. 374 í staflið 7.

Fyrir dómi hefur Stanley Roff framkvæmdastjóri þekkt staðfestingu sína á reikningum í töluliðum 2—6 hér að framan til greiðslu á öllum liðum. Þá hefur framkvæmdastjórinn enn fremur þekkt undirritun sína undir sérhvern tékka í töluliðum 7—15.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um skjölin í stafliðum 2—15 hér að framan: Reikninginn í staflið 2 hafi hann ekki séð fyrr og ekki þar af leiðandi undirritað hann. Hann muni á hinn bóginn eftir verkinu, er reikningurinn hljóði um. Hann hafi unnið að verkinu. Reikninginn í staflið 3 þvertók ákærði fyrir að hafa séð fyrr eða undirritað. Hann hafi á hinn bóginn unnið að þar tilgreindu verki. Reikninginn í lið 3 kvaðst ákærði aldrei hafa séð fyrr og ekki vita, hver undirritaði reikninginn. Hann hafi unnið að verkinu, tilgreindu í lið 1, liður 2 sé endurgjald fyrir frystivélaþjónustu. Reikninginn í lið 5 kvaðst ákærði ekki hafa séð fyrr, og er þá átt við lið 1 reikningsins. Ákærði

vann að þar tilgreindum störfum. Reikninginn í lið 6 kvaðst ákærði ekki hafa séð fyrr og ekki þekkja rithönd á nafni sínu þar undir. Hann hafi hins vegar unnið að þar tilgreindu verki. Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór fullyrt, að hann hafi ekki framselt tékka þá, er lýst hefur verið í stafliðum 7—15 hér að framan, nafni sínu. Hann hafi ekki séð tékkann utan dóms.

Ákærði Jósafat hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa útbúið reikningana í stafliðum 2, 3 og 4 (báða liði) og undirritað reikningana nafninu Eyþór Þórðarson, þar á meðal báða liði skv. staflið 4. Þá hafi hann undirritað reikning í staflið 5 nafni Eyþórs Þórðarsonar, en hann muni ekki til þess að hafa útbúið reikninginn. Reikninginn í staflið 6 kvaðst ákærði Jósafat hafa útbúið og undirritað nafni meðákærða Eyþórs. Reikningana kvaðst ákærði Jósafat hafa útbúið alla vegna starfa, er meðákærði Eyþór vann, og samkvæmt upplýsingum, er meðákærði gaf honum um verkin, upprituðum á blað. Ákærði Jósafat hefur þá fyrir dómi viðurkennt að hafa framselt sérhvern tékka í töluliðum 7—15 hér að framan nafni Eyþórs Þórðarsonar á undan eigin framsali. Er ákærði Jósafat kom fyrir dóm hinn 8. október 1965, tók hann aftur ótvíræðar játningar sínar um undirritanir skjala þeirra, er rakin hafa verið í stafliðum 1—15 hér að framan. Hins vegar bar hann þá svo fyrir dómi, að vera kynni, að hann hefði undirritað öll skjölin í nafni Eyþórs, þá samkvæmt munnlegu umboði meðákærða Eyþórs, en hins vegar gæti hann ekki með vissu greint frá því atriði.

Í skýrslu Páls Kr. Pálssonar um rithandarathuganir segir svo um reikning í staflið 1: „Tel Jósafat hafa undirritað alla liði reikningsins Eyþór Þórðarson. Nafnið er með sömu stafagerð og á sýnishorni, dskj. XXXVII, þó annar halli og annað Þ, sem er teiknað í sýnishorninu. ð er og breytt. Orðið Eyþór slitið í tvennt, sömuleiðis Þórðarson, slitið eða veikt tengt á þennan hátt. Allir stafir þekktir sem Jósafats. Sama skrift á öllum liðum". Þá segir enn fremur í rithandarathuguninni, að sömu sögu sé að segja um reikningana, staðliði 2, 3 og 4, lið 1 í staflið 5 og staflið 6. Samkvæmt rithandarathuguninni er það álit skoðunarmanns, að ákærði Jósafat hafi ritað bæði framsölin á sérhvern tékka í stafliðum 7—15 hér að framan, og er vísað í umsögn um undirritun reiknings, sbr. staflið 1 hér að framan, því til stuðnings.

Með játningu ákærða Jósafats, sem studd er og öðrum framburðum hans í málinu og með hliðsjón af framburði meðákærða

Eyþórs Þórðarsonar og með vísan til niðurstöðu rithandarskoðunar, þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi falsað nafn meðákærða Eyþórs á gögn þau í stafliðum 1—15, er rakin hafa verið hér að framan, enda ósannað talið, að ákærði Jósafat hafi haft umboð til að rita nafn meðákærða Eyþórs á gögnin.

Sannað telst, að ákærði Jósafat hafi notað öll framangreind gögn með falsaðri nafnritun meðákærða Eyþórs á, þannig að hann hafi með því gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

G. *Verktaka Áka Gränz við K.C.O.M.*

Vegna verktöku Áka Gränz málarameistara við K.C.O.M. veitingastaðinn hafa 3 reikningar orðið liðir í ákæru í máli þessu. Reikningarnir eru sem hér segir:

1. Reikningur til K.C.O.M frá Áka Gränz vegna hlutagreiðslu fyrir málningu K.C.O.M., að upphæð kr. 10.000.00, undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er ódagsettur. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 23. janúar 1961, tékki nr. 402. Reikningur þessi er í 2 liðum. Síðari liður er til K.C.O.M. frá Áka Gränz. Reikningur fyrir hlutagreiðslu vegna málningar K.C.O.M. veitingastaðarins, að upphæð kr. 23.000.00, undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er ódagsettur. Reikningurinn er áritaður S. Roff. Reikningurinn er enn fremur áritaður um greiðslu 31. janúar 1961 með tékka nr. 415, sbr. 22. tölulið ákæruskjals I. kafla I. þáttar.

2. Reikningur til K.C.O.M. vegna vinnu og efnis við málningu, að upphæð kr. 4.400.00. Á reikningnum stendur lokagreiðsla, undirskrift, greitt Áki Gränz. Reikningurinn er áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 17. febrúar 1961 með tékka nr. 435. Reikningur þessi er í 3 liðum. Annar liður, reikningur til K.C.O.M. frá Ákra Gränz fyrir að mála 12 myndir samkvæmt beiðni gæzlumanns, samtals kr. 9.600.00. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 9. febrúar 1961, undirritaður Áki Gränz, áritaður S. Roff, enn fremur áritaður um greiðslu 7. febrúar 1961 með tékka nr. 424. Liður 3 reikningsins til K.C.O.M. frá Áka Gränz er reikingskrafa vegna hlutagreiðslu fyrir málningu í K.C.O.M., kr. 6.000.00. Ritað við það Áki Gränz, eftirstöðvar kr. 4.000.00. Við það ritað Áki Gränz. Síðan er reikningurinn dagsettur í Keflavík 7. febrúar 1961, undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er áritaður S. Roff. Reikningurinn er áritaður um

greiðslu 7. febrúar 1961 með tékka nr. 424, sbr. 23. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

3. Reikningur til K.C.O.M. fyrir málningu á innri forstofu K.C.O.M. samkvæmt munnlegu tilboði til herra Roff, kr. 8.560.00 ($ 200.00), undirritaður Áki Gränz. Reikningurinn er dagsettur 25. september 1961. Reikningurinn er áritaður S. Roff, sbr. 24. tl. I. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur Stanley Roff framkvæmdastjóri skýrt frá því, að reikninginn í staflið 1 telji hann vera vegna vinnu Áka Gränz og manna hans fyrir málningarstörf vegna brunans í veitingastaðnum, er áður hefur verið getið um. Roff hefur þekkt staðfestingar sínar á liðum reikningsins til greiðslu. Reikninginn í staflið 2 hefur Roff talið sumpart eiga rót sína að rekja til málningarvinnu Áka Gränz vegna brunans og sumpart vegna innanhússskreytinga Áka sjálfs. Roff hefur þekkt staðfestingar sínar undir liðum reikningsins. Um reikning í staflið 3 hefur Roff sagt vera vegna málningarvinnu við aðalinngang veitingastaðarins. Hann hefur staðfest nafnritanir sínar til greiðslusamþykkis einnig á þennan reikning.

Fyrir dómi hefur Áki Guðni Gränz málarameistari skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikning í staflið 1 hér að framan utan dóms, hvorugan liðinn. Reikning, staflið 2, hafi hann ekki séð utan dóms, eða liði 2 og 3 reikningsins. Þá hafi hann ekki séð utan dóms reikning í staflið 3. Áki hefur talið reikningana efnislega rétta í liðum 1—3. Hann muni ekki eftir að hafa undirritað reikningana utan liðar 1 reiknings í staflið 2 hér að framan. Hann hafi á hinn bóginn engum gefið leyfi til þess að undirrita skjöl með nafni sínu. Fram hafa verið lagðir í málinu 4 greiðslutékkar, allir ritaðir til handa Áka Gränz, og eru tékkar þessir í samræmi við reikninga í stafliðum 1 og 2 hér að framan. Áki Gränz hefur þekkt framsöl sín á hverjum tékka fyrir sig, og hafa tékkar þessir ekki orðið efnisatriði ákæru. Áki hefur tekið fram, að andvirði tékka þeirra, er nefndir hafa verið, hafi verið endurgjald fyrir sig og menn sína, bæði efni og vinnu vegna málningarinnar eftir skemmdirnar í K.C.O.M. veitingastaðnum, sem áður hefur verið getið um, vegna brunans. Hann hafi athugað með greiðslur vegna verks þessa í bókhaldi sínu og telur útilokað, að nokkrir aðrir en hans menn hafi unnið að verkinu. Hann telji útilokað, að greiðsla til hans eða manna hans vegna verksins hafi komið frá öðrum aðiljum en veitingastaðnum sjálfum, og t. d. sé útilokað, að greiðslur hafi borizt beint frá ákærða Eyþóri

Þórðarsyni eða ákærða Jósafat Arngrímssyni. Ákærði Jósafat hefur ekki gert athugasemdir við framburð Áka málarameistara, er nú var rakinn.

Ákærði Jósafat hefur greint frá reikningum í liðum 1—3 hér að framan fyrir dómi á þá leið, að hann telji sig hafa undirritað lið 1 reiknings í staflið 1 og hann vilji ekki útiloka að hafa ritað undir lið 2 reiknings í staflið 1. Um reikninginn í staflið 2 hefur ákærði talið sig þekkja rithönd Áka málarameistara á lið 1. Hann þekki með vissu skrift sína á nafninu Áki Gränz í lið 3, eða tveim efri nafnritununum. Hann vilji þó ekki útiloka þann möguleika, að hann hafi einnig ritað þriðju nafnritunina, Áki Gränz, í lið 3 og enn fremur að hafa ritað nafnið Áki Gränz á lið 2 reikningsins. Um reikninginn í staflið 3 hefur ákærði Jósafat borið, að hann telji víst, að Áki Gränz hafi ekki undirritað reikninginn, og hefur ákærði Jósafat ekki viljað útiloka, að hann hafi ritað nafnið Áki Gränz undir reikninginn.

Í skýrslu rithandarathugandans segir svo um reikning í staflið 1: „Tel Jósafat hafa undirritað báða liði reikningsins. Greinileg stafagerð hans. Mismunandi halli, er ekki hefur þýðingu". Um lið 2, reikning, segir í sömu skýrslu: „Liður 1, óþekkt rithönd. Liður 2, greinileg stafagerð Jósafats. Liður 3, greinileg stafagerð Jósafats. Tel því Jósafat hafa undirritað lið 2 Áki Gränz og lið 3, einnig með sama nafni á þrem stöðum". Um nafnritunina Áki Gränz undir reikninginn í lið 3 segir í rithandarathuguninni sömu sögu að segja og í lið 1. Því talin rithönd ákærða Jósafats.

Fyrir dómi 8. október 1965 breytti ákærði Jósafat nokkuð framburði sínum. Taldi hann sig þá ef til vill hafa ritað nafnið Áki Gränz undir lið 1 reiknings í tölulið 1 hér að framan, en taldi sig hins vegar ekki hafa undirritað reikningana í stafliðum 1—3 að öðru leyti nafninu Áki Gränz,

Þrátt fyrir afturhvarf ákærða Jósafats frá fyrri framburðum um reikninga þessa þykir sannað með frumframburðum hans í málinu um undirritanir reikninganna og með hliðsjón af rithandarathuguninni, að ákærði Jósafat hafi undirritað báða liði reiknings í tölulið 1, liði 2 og 3 reiknings í tölulið 2 og enn fremur reikning í tölulið 3 nafninu Áki Gränz. Ósannað þykir, að ákærði hafi undirritað lið 1 reiknings í staflið 2 nafninu Áki Gränz, og ber því að sýkna ákærða Jósafat af kröfum ákæruvaldsins varðandi þann lið. Sannað þykir, að ákærði Jósafat hafi notað gögnin með hinni fölsuðu undirskrift í lögskiptum við

bandaríska aðilja, en með því atferli telst ákærði hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

IV.

Um verktöku við N.C.O. veitingastaðinn.

Nú verður fjallað um gögn, er orðið hafa liðir ákæru, er framvísað hefur verið við N.C.O. veitingastaðinn, reikninga annars vegar og hins vegar greiðslutékka, er gefnir hafa verið út af nefndum veitingastað.

A. *Gögn, er eiga við Eyþór Þórðarson.*

1. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., dagsettur 28. desember 1960, til handa Eyþóri Þórðarsyni, að upphæð kr. 10.917.95, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson. Tékkinn er nr. 793, sbr. staflið 1 í B í II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson fullyrt, að framsal sitt sé ekki aftan á tékkanum. Hann þekki ekki rithöndina á nafni sínu þar. Hann þekki hins vegar rithöndina á síðara framsalinu sem framsal meðákærða Jósafats Arngrímssonar. Hann hafi unnið fyrir N.C.O. veitingastaðinn um það leyti, er tékkinn er gefinn út. Hann hafi unnið þar sem starfsmaður meðákærða Jósafats. Hins vegar fullyrði hann að hafa ekki tekið við tékkaupphæðinni frá veitingastaðnum eða Jósafat vegna starfa við veitingastaðinn á umræddum tíma.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat ekki getað borið um það, fyrir hvað tékkinn sé greiðsla, en tékkinn sé eflaust fyrir vinnu, er meðákærði Eyþór hafi framkvæmt á vegum veitingastaðarins. Hann, ákærði Jósafat, hafi ritað bæði framsölin aftan á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson, á því sé enginn vafi. Meðákærði Eyþór hafi ekki verið nærstaddur, er hann fór með tékkann í banka. Því hafi hann framselt tékkann nafni Eyþórs, en við uppgjör þeirra meðákærða Eyþórs hafi Eyþór hlotið að hafa fengið helming hagnaðarins af verki því, er tékkinn er greiðsla á.

Í skýrslunni um rithandarathugun telur skoðunarmaður ákærða Jósafat hafa ritað bæði framsölin á tékkann og hefur í því sambandi vísað til undirritunar reiknings nafninu Eyþór Þórðarson, sbr. staflið 1 hér að framan um reikninga við K.C.O.M. veitingastaðinn.

Ákærði Jósafat bar aftur um tékka þennan fyrir dómi 11. október 1965 og dró þá nokkuð af fyrri játningu um framsöi á tékkanum. Ákærði Jósafat skýrði þá svo frá, að rithönd meðákærða Eyþórs væri ekki á fyrra framsali tékkans og hann vilji ekki útiloka þann möguleika að hafa framselt tékkann nafni meðákærða Eyþórs samkvæmt munnlegri heimild hans.

2. Reikningur í 3 liðum til N.C.O. veitingastaðarins frá Eyþóri Þórðarsyni. 1. liður til N.C.O. frá Eyþóri Þóraðrsyni. Reikningur vegna frystivélaþjónustu fyrir janúarmánuð, að upphæð $ 75.00, kr. 2.842.50. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 27. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Áritun á reikningnum um greiðslu 27. janúar 1961 með tékka nr. 899. Reikningurinn er áritaður nafninu Charles W. Kramer. 2. liður, reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir uppsetningu tveggja kæliskápa í N.C.O. eldhúsi. Reikningurinn er fyrir vinnu auk efnis, flutnings og útvegun varahluta. Reikningurinn er að upphæð kr. 2.804.60 ($ 74.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 12. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 12. janúar 1961 með tékka nr. 880. Reikningurinn er og áritaður nafninu Charles W. Kramer. 3. liður til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni. Reikningur fyrir viðgerð á hitara í N.C.O. veitingastaðnum 10. janúar 1961, samtals að upphæð kr. 753.00, eða $ 20.00. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 12. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 12. janúar 1961 með tékka nr. 880. Reikningurinn er áritaður nafninu Charles W. Kramer, sbr. 25. tölulið a og b I kafla I. þáttar ákæru.

3. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 880, dagsettur 12. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 3.562.60, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 2. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 899, dagsettur 27. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 2. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson borið um reikninginn í staflið 2 á þann hátt, að hann hafi ekki undirritað reikninginn. Hann hafi framkvæmt verk þau, sem reikningurinn greinir

frá, sum þeirra með aðstoð. Efnisnotkun sé rétt tilgreind í lið 2 reikningsins. Hann þekki hins vegar ekki rithönd undirskriftanna þriggja á reikningnum. Um tékkana í 3—4, sem eru greiðslutékkar reiknings í staflið 2, hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann þekki ekki rithöndina á framsalinu Eyþór Þórðarson aftan á hvorum tékka fyrir sig og hann fullyrði, að hann hafi ekki ritað framsölin. Síðari framsölin á tékkunum þekki hann sem framsöl meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki tekið við tékkaupphæðunum sér tilgreindum úr hendi meðákærða Jósafats.

Í frumframburði ákærða Jósafats fyrir dómi skýrir hann svo frá um reikninginn í lið 2, að hann hafi útbúið alla liði reikningsins samkvæmt skriflegum upplýsingum frá meðákærða Eyþóri um vinnustundafjölda og efnisútreikninga. Hann hafi undirritað sérhvern lið reikningsins í nafni meðákærða Eyþórs. Þrátt fyrir undirritanir sínar með nafni meðákærða Eyþórs þá hafi þeir meðákærði Eyþór deilt með sér hagnaði sérhvers verks, svo sem hann hafi oft bent á. Um tékkana í 3—4 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi ritað bæði framsölin á bakhlið hvors tékka fyrir sig, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Síðar fyrir dómi dró ákærði nokkuð af játningum sínum varðandi gögnin í 2—4 um reikninginn í dskj. 2. Skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann teldi mjög sennilegt, að hann hefði útbúið hina 3 liði reikningsins og hafi hann undirritað einhvern liðinn, hafi hann gert það samkvæmt munnlegri heimild meðákærða Eyþórs. Um tékkana hefur ákærði skýrt svo frá í síðari framburði, að rithönd meðákærða Eyþórs sé ekki á framsölunum með því nafni á tékkunum og hann geti ekki útilokað þann möguleika að hafa framselt tékkana með nafni meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu rithandarathugandans um nafnritanir á skjölum í 2—4 hér að framan kemur fram það álit athugandans, að ákærði Jósafat hafi ritað nafn Eyþórs Þórðarsonar á alla hina 3 liði reikningsins í staflið 2 og einnig framsal hins sama á hvorn tékka fyrir sig. Athugandinn vísar í fyrri greinargerð um nafnritunina Eyþór Þórðarson á skjölin eða greinargerð samkvæmt reikningi í staflið 1, er fram kom við K.C.O.M. veitingastaðinn.

5. Reikningur til N.C.O. fyrir uppsetningu ljósa samkvæmt tilboði, að upphæð kr. 1.137.00 ($ 30.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. febrúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 28. febrúar

1961 með tékka nr. 958. Reikningurinn er áritaður með nafninu Charles W. Kramer, sbr. 26. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 958, dagsettur 28. febrúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 1.137.00, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur nafninu Eyþór Þórðarson, framseldur Jósafat Arngrímsson, sbr. 3. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 5, að hann fullyrði, að hann hafi ekki undirritað reikninginn. Hann muni til þess, að hann hafi séð um framkvæmd verks þess, er reikningurinn greinir frá. Verkið hafi hann unnið að beiðni meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki séð tilboð vegna verksins. Um tékkann í staflið 6, sem er greiðsla reiknings í staflið 5, hefur ákærði Eyþór fyrir dómi fullyrt, að hann hafi ekki ritað framsalið Eyþór Þórðarson aftan á tékkann. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki móttekið andvirði tékkans sérstaklega.

Í frumframburði sínum fyrir dómi kvaðst ákærði Jósafat hafa ritað meginmál reikningsins í staflið 5, en reikningurinn er handritaður. Hann hafi einnig undirritað reikninginn nafninu Eyþór Þórðarson. Verkið, er reikningurinn greini frá, hafi verið unnið samkvæmt tilboði, vafalaust munnlegu. Um tékkann greindi ákærði Jósafat svo frá við sama tækifæri, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Síðar fyrir dómi greindi ákærði Jósafat frá því, að hann teldi sig hafa útbúið reikninginn og ef til vill undirritað hann og að ekki væri útilokað, að hann hefði framselt tékkann nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans telur athugandinn ákærða Jósafat hafa undirritað reikninginn nafninu Eyþór Þórðarson og framselt tékkann því nafni á undan eigin framsali og vísar í fyrri röksemdir varðandi nafnritanirnar.

7. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir að búa til og setja upp stálkanta á ofn, fyrir viðgerð á hljóðnemum, púðum, rafmagni og læsingu, samtals að upphæð kr. 1.591.80 ($ 42.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 14. marz 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður C. B. Owens jr., áritaður um greiðslu 16. marz 1961 með tékka nr. 984, sbr. 27. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 984, dagsettur 16. maí 1961, til Eyþórs Þórðar-

sonar, að upphæð kr. 1.591.80, undirritaður C. B. Owens jr., framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 4. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt frá því varðandi reikninginn, að hann hafi ekki séð hann fyrr. Hann þekki ekki rithöndina undir reikningnum. Hann muni til þess að hafa séð um verk þau, er reikningurinn greini frá. Tékkann í staflið 8, sem er í samræmi við reikninginn í staflið 7, kvaðst ákærði Eyþór fyrir dómi ekki hafa séð fyrr. Hann þekki ekki rithödina á fyrra framsalinu, Eyþór Þórðarson. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats. Hann hafi ekki sérstaklega tekið við andvirði tékkans.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um reikninginn, að hann sé yfir störf, er meðákærði Eyþór sá um, að unnin væru fyrir veitingastaðinn. Hann hafi undirritað reikninginn með nafni Eyþórs. Ákærði Jósafat viðurkenndi þá fyrir dómi að hafa ritað bæði framsölin, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson, á tékkann í staflið 8. Ákærði Jósafat dró nokkuð úr skýlausum játningum sínum í frumframburði í framburði fyrir dómi síðar. Hann viðurkenndi þó að hafa útbúið reikninginn í staflið 7 og ef til vill undirritað hann. Enn fremur, að ef til vill hefði hann framselt tékkann í staflið 8 nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram sú skoðun hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 7 nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkann í staflið 8 nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali og vísar í rökstuðning því til stuðnings um sams konar nafnritanir, er greint hefur verið frá hér að framan.

9. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni vegna kælivélaþjónustu fyrir marzmánuð 1961, en verðið er samkvæmt munnlegum samningi segir í reikningnum. Reikningsupphæð kr. 2.842.50 ($ 75.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 31. marz 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður um greiðslu 24. marz 1961 með tékka nr. 998. Reikningurinn er áritaður nafninu C. B. Owens jr., sbr. 28. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

10. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 998, dagsettur 24. marz 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður C. B. Owens jr., framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 5. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 9, að hann þekki ekki reikning þann. Hann hafi ekki undirritað reikninginn. Á hinn bóginn hafi hann unnið að störfum þeim, er reikningurinn greini frá. Hann kannist ekki við samning vegna starfsins utan þess, að hann hafi unnið starfið að beiðni meðákærða Jósafats. Um tékkann í staflið 10, sem er greiðsla reiknings í staflið 9, hefur ákærði Eyþór greint frá fyrir dómi, að hann þekki ekki tékkann. Hann þekki ekki rithöndina á framsalinu Eyþór Þórðarson á tékkanum. Síðara framsalið á tékkanum þekki hann hins vegar sem framsal meðákærða Jósafats.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá í frumframburði sínum, að hann hafi útbúið reikninginn í staflið 9 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið fyrir frystivélaeftirlit meðákærða Eyþórs fyrir veitingastaðinn. Ákærði Jósafat hefur þá greint frá því, að þeir meðákærði Eyþór hafi skipt til helminga launum vegna frystivélaeftirlitsins í N.C.O. veitingastaðnum eins og í K.C.O.M. veitingastaðnum. Um tékkann í staflið 10 hefur ákærði Jósafat skýrt frá því, að hann hafi ritað bæði framsölin á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Í síðari framburði fyrir dómi hefur ákærði Jósafat nokkuð dregið til baka skýlausar játningar sínar um nafnritunina Eyþór Þórðarson á skjölin í stafliðum 9 og 10. Hins vegar hefur hann viðurkennt að hafa útbúið reikninginn í staflið 9 og ef til vill undirritað hann nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur hefur ákærði Jósafat ekki viljað útiloka þann möguleika, að hann hafi framselt tékkann í staflið 10 nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans hefur athugandinn talið það álit sitt, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 9 nafninu Eyþór Þórðarson, enn fremur, að ákærði Jósafat hafi einnig framselt tékkann í staflið 10 nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali.

11. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni fyrir viðgerð á gosdrykkjatæki, viðgerð á púða, varahluti og fleira, samtals að upphæð kr. 1.478.10 ($ 39.00), undirritaður Eyþór Þórðarson. Þá er handritað á reikninginn fyrir neðan framangreinda nafnritun: Þjónusta í apríl kr. 2.842.50 ($ 75.00), undirritað Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er þá áritaður um greiðslu hinn 21. apríl 1961, tékki nr. 1037. Enn fremur er áritun á reikningnum C. B. Owens jr., sbr. 29. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

12. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express

Company, Inc., nr. 1037, dagsettur 21. apríl 1961 til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 4.320.60, undirritaður C. B. Owens jr., framseldur Eyþór Þórðarson, sbr 6. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann þekki ekki rithönd á nafni sínu á reikningnum á þeim 2 stöðum, er sú nafnritun kemur fram. Hann muni til þess að hafa framkvæmt störf þau, er reikningurinn getur um. Um tékkan í staflið 12, sem er greiðsla reiknings í staflið 11, hefur ákærði Eyþór fullyrt, að hann hafi ekki ritað framsalið aftan á tékkann. Hann hafi ekki tekið sérstaklega við tékkaupphæðinni.

Ákærði Jósafat hefur í framburði sínum fyrir dómi skýrt svo frá um reikninginn í staflið 11, að hann hafi útbúið reikninginn og undirritað hann bæði fyrri og síðari nafnrituninni. Hann þekki rithönd sína á meginmáli síðari þáttar reikningsins, sem er handritaður. Reikningurinn hafi verið fyrir viðhaldsstörf annars vegar og frystivélaeftirlit hins vegar. Við sama tækifæri viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað framsalið Eyþór Þórðarson á bakhlið tékkans í staflið 12. Í síðari framburðum sínum fyrir dómi dró ákærði Jósafat nokkuð úr skýlausum viðurkenningum sínum um nafnritunina Eyþór Þórðarson á gögnunum í stafliðum 11 og 12. Ákærði taldi sig þó hafa útbúið reikninginn í staflið 11 og ef til vill undirritað hann og ekki væri útilokað, að hann hefði framselt tékkann í staflið 12.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Eyþór Þórðarson tvívegis á reikninginn í staflið 11. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Eyþór Þórðarson á tékkann í staflið 12. Um rökstuðning fyrir því áliti vísar athugandinn til umsagnar um nafnritunina Eyþór Þórðarson undir reikning, sem um getur í staflið 1, er framvísað var við K.C.O.M. veitingastaðinn.

13. Reikningur til N.C.O. frá Eyþóri Þórðarsyni vegna kælivélaþjónustu fyrir septembermánuð 1961, að upphæð kr. 2.675.00 ($ 62.50). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. september 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 23. september 1961 með tékka nr. 1261. Reikningurinn er þá áritaður nafninu William Mull, sbr. 30. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

14. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 695, dagsettur 28. nóvember 1960, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður C. W. Kramer,

framseldur Eyþór Þórðarson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 7. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Um reikninginn í staflið 13 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi aldrei fyrr séð reikninginn. Hann þekki ekki rithöndina á nafni sínu undir reikningnum. Hins vegar kannist hann við að hafa framkvæmt þjónustu þá, er reikningurinn kveði um. Hann muni ekki til þess að hafa séð tékka í samræmi við reikninginn. Um tékkann í staflið 14 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekki fyrr séð tékkann. Hann þekki ekki framsalið Eyþór Þórðarson á tékkanum. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats. Er tékkinn hafi verið gefinn út, hafi hann starfað við frystivélaeftirlit fyrir N.C.O. veitingastaðinn sem starfsmaður meðákærða Jósafats.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá í frumframburði sínum, að hann hafi útbúið reikninginn í staflið 13 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið fyrir frystivélaeftirlit í veitingastaðnum í septembermánuði 1961. Varðandi tékkann í staflið 14 hefur ákærði við sama tækifæri skýrt svo frá, að hann hafi ritað bæði framsölin á tékkann, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Síðar fyrir dómi hefur ákærði Jósafat nokkuð dregið úr skýlausum játningum sínum um nafnritun meðákærða Eyþórs Þórðarsonar á reikning í staflið 13 og tékka í staflið 14. Varðandi reikninginn hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann telji sig hafa útbúið reikninginn og ef til vill undirritað hann nafni meðákærða Eyþórs. Varðandi tékkann hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að rithönd meðákærða Eyþórs Þórðarsonar sé ekki á fyrra framsali tékkans og geti hann ekki útilokað þann möguleika, að hann hafi framselt tékkann nafni meðákærða Eyþórs þar samkvæmt munnlegri heimild hans.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 13 nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkann í staflið 14 nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali. Athugandinn hefur vísað til sömu röksemda og um dskj. í stafliðum 11 og 12 hér að framan.

Sannað þykir með skýlausum játningum ákærða Jósafats í frumframburðum fyrir dómi, sem eru og í samræmi við framburði hans um skipti þeirra meðákærða Eyþórs vegna ýmissa verka, er meðákærði Eyþór framkvæmdi, og með vísan í framburði ákærða Eyþórs og með hliðsjón af niðurstöðu rithandar-

athugana, að ákærði Jósafat hafi án heimildar framselt tékkana í stafliðum 1, 3, 4, 6, 8, 10, 12 og 14 hér að framan nafninu Eyþór Þórðarson, alla á undan eigin framsali, utan tékkans í staflið 12, sem einungis er framseldur nafninu Eyþór Þórðarson, áður en ákærði fékk alla tékkana innleysta í Sparisjóðnum í Keflavík, en sérhver tékki ber með sér að hafa verið innleystur þar. Með sömu röksemdum þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi án heimildar undirritað reikningana í stafliðum 2, 5, 7, 9, 11 og 13 hér að framan með nafninu Eyþór Þórðarson og komið reikningunum þannig gerðum á framfæri við bandaríska aðilja, er samkvæmt efni reikninganna gáfu út greiðslutékka vegna þeirra. Þykir ákærði Jósafat með framferði þessu hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

B. *Verktaka við N.C.O. veitingastaðinn í nafninu Ragnar Guðmundsson.*

Nokkur gögn með nafnrituninni Ragnar Guðmundsson varðandi N.C.O. veitingastaðinn hafa orðið ákæruatriði, og verða nú þessi gögn rakin.

1. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerðir á Friden-reikningsvélum í tveim tilvikum og fyrir aðra viðgerð á skrifstofuvélum, samtals kr. 910.00 ($ 24.01). Reikningurinn er ódagsettur, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 24. marz 1961 með tékka nr. 996. Reikningurinn er áritaður C. B. Owens jr., sbr. 36. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 996, dagsettur 24. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 910.00, undirritaðlr C. B. Owens jr., framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 10. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikninginn í staflið 1 fyrr. Hann þekki ekki rithöndina á nafninu Ragnar Guðmundsson. Hann hafi vitað til þess, að viðgerðir fóru fram á margföldunarvélum fyrir N.C.O. veitingastaðinn. Meðákærði Jósafat hafi fengið Hannes Arnórsson skriftvélavirkja frá Reykjavík til að annast um slíkar viðgerðir. Hann hafi ekki séð tékkann í staflið 2 fyrr. Síðara framsal tékkans þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi 6. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá varðandi reikninginn í staflið 1, að hann hefði

útbúið þann reikning. Hann hafi og undirritað reikninginn nafninu Ragnar Guðmundsson. Nafnið hafi verið tilbúið. Tilgreind vinna hafi verið á reikningnum framkvæmd af Hannesi Arnórssyni skriftvélavirkja. Í sama framburði viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans í staflið 2, eða framsölin Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson. Hann hafi fengið andvirði tékkans í hendur, en andvirðið hafi runnið til Hannesar skriftvélavirkja við uppgjör þeirra.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Hannes Arnórsson skriftvélavirki, Klapparstíg 44 hér í borg, og skýrt frá því, að reikningurinn í tölulið 1 hafi ekki stafað frá því. Það hafi jafnan, er það vann fyrir veitingastaði á flugvellinum, stílað reikninga sína beint til veitingastaðanna eða verkfræðingadeildarinnar. Hins vegar aldrei persónulega á ákærða Jósafat eða Eyþór. Ákærði Jósafat hafi hins vegar séð um að greiða því. Greiðsla til þess hafi jafnan farið fram í tékkum, og minnir vitnið fastlega, að tékkarnir hafi verið útgefnir af bandarískum aðiljum og stílaðir á vitnið. Vitnið hefur ekki getað um það borið, hvort það hafi unnið að tilgreindum viðgerðum í reikningnum í staflið 1.

Að beiðni verjanda síns kom ákærði Jósafat að nýju fyrir dóm hinn 8. október s.l. vegna gagna þessara. Þá taldi ákærði Jósafat sennilegt, að hann hefði útbúið reikninginn, en taldi útilokað, að hann hefði udirritað hann. Nafnið Ragnar Guðmundsson væri tilbúið nafn. Ekki kvaðst ákærði Jósafat geta greint frá því, hver undirritaði reikninginn því nafni. Hinn 11. október s.l. bar ákærði um tékkann í tölulið 2 fyrir dómi og þekkti þar síðara framsal á tékkanum sem eigið framsal, en taldi útilokað, að hann hefði ritað fyrra framsalið, eða framsalið Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans segir meðal annars svo um nafnritunina Ragnar Guðmundsson á reikningnum: „Tel Jósafat tvímælalaust hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á dskj. Hér er um að ræða ófrábrugðna stafagerð með mismunandi halla". „Stafagerðin öll hin sama og á rithandarsýnishornum hans, aðeins annar halli". Um framsölin á tékkanum telur athugandinn ákærða Jósafat hafa ritað bæði framsölin og vísar í sama rökstuðning og um nafnritunina undir reikningnum staflið 1.

3. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni vegna viðgerða á húsgögnum, vinnulaun 5 trésmiða 21. og 22. apríl, vinnulaun 2 trésmiða 23. apríl og vinnulaun 6 trésmiða 24. apríl, samtals 141 klukkustund. Vinna $ 2.00 á klst., 141 klst.,

samtals $ 282.00, kr. 10.687.80. Þá er tilgreint efni, timbur, vírnet, skrúfur, lím og annað efni auk flutnings. Heildarupphæð reikningsins er kr. 12.601.75 ($ 332.50). Eftirfarandi áritun er á reikningnum: „Ofangreindur reikningur er fyrir að gera við og herða öll húsgögn í danssal og matsal, skipta um skrúfur og líma saman, einnig fyrir að setja vírvegg ofan á vegginn í bingo-herberginu og annað smávegis". Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. apríl 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 25. apríl með tékka nr. 1040. Reikningurinn er enn fremur áritaður C. B. Owens jr., sbr. 37. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 1040, dagsettur 25. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 12.601.75, undirritaður C. B. Owens jr. Tékkinn er framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 11. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

5. Reikningur til N.C.O. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir viðgerð á húsgögnum samkvæmt beiðni gæzlumanns. Laun 5 trésmiða dagana 25., 26., 27. og 28. apríl, samtals 126 klst. á $ 2.00 pr. klst. Þá er tilgreint efni, flutningur, samtals að upphæð kr. 10.915.20 ($ 288.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. apríl 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 30. apríl 1961 með tékka nr. 1050. Reikningurinn er áritaður C. W. Kramer, sbr. 38. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki N.C.O. á reikning nr. 102 við The American Express Company, Inc., nr. 1050, dagsettur 30. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 10.915.20, undirritaður Charles W. Kramer, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 12. tl. B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson borið um skjölin í stafliðum 3—6. Um reikningana í stafliðum 3 og 5 hefur ákærði Eyþór borið á þann hátt, að hann hafi ekki séð reikningana utan dóms. Hann viti ekki, hver undirritað hafi reikningana. Hann muni hins vegar eftir tilgreindu verki í reikningunum. Aðalverkið hafi verið viðgerð á borðum og stólum. Einnig hafi verið þiljuð geymsluherbergi. Að beiðni meðákærða Jósafats hafi hann útvegað trésmiði til að vinna að verki þessu. Hann hafi haft verkumsjón og séð um efnisútvegun. Fyrir trésmiðunum hafi verið maður að nafni Ingólfur Guðbjörnsson. Ákærði Eyþór fullyrti, að enginn af trésmiðunum hefði borið nafnið Ragnar

Guðmundsson. Hann telji mjög líklegt, að hann hafi séð um greiðslur til trésmiðanna vegna verksins, en smiðunum hafi verið greitt í kringum kr. 40.00 á klst. Ákærði Eyþór kvaðst ekki hafa séð tékkana í stafliðum 4 og 6 utan dómsins. Rithöndina á framsölunum Ragnar Guðmundsson kvaðst hann ekki þekkja. Síðari framsölin kvaðst hann þekkja sem framsöl meðákærða Jósafats.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni vegna gagna þessara Ingólfur Tryggvi Guðbjörnsson, til heimilis að Vesturgötu 36 B í Reykjavík. Vitnið hefur skýrt svo frá, að samkvæmt beiðni ákærða Eyþórs hafi það ásamt nokkrum félögum þess snemma árs 1961 unnið að viðhaldsstörfum fyrir N.C.O. veitingastaðinn, endurbótum á borðum og stólum. Ákærði Eyþór hafi haft verkumsjón með höndum og útvegað efni. Umsamið tímakaup vegna verksins hafi verið kr. 35.00 eða kr. 40.00 á klst. Endurgjald fyrir vinnuna hafi verið greitt í reiðufé við verklok. Vitnið minnir, að ákærði Eyþór hafi greitt þeim kaupið. Reikningar voru ekki skrifaðir, heldur einungis uppgefinn vinnustundafjöldi hvers aðilja fyrir sig. Vitnið hefur rakið, hvaða aðiljar unnu að störfunum með því og hefur skýrt frá því, að það myndi ekki til þess, að nokkur að nafni Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkinu. Er vitnið sá í dóminum reikningana í stafliðum 3 og 5, taldi það þá vera tvímælalaust yfir viðhaldsstörfin í N.C.O. veitingastaðnum, er það vann að á árinu 1961, enda hafi ekki verið um önnur viðhaldsstörf á húsgögnum að ræða en þau við veitingastaðinn. Vitnið kvaðst ekki vita, hver útbúið hefði reikningana né vita hver hefði undirritað þá.

Í frumframburði sínum fyrir dómi skýrði ákærði Jósafat svo frá hinn 5. maí 1964 vegna reikninganna í stafliðum 3 og 5: Hann hafi útbúið báða reikningana og undirritað þá nafninu Ragnar Guðmundsson. Nafnið hafi verið tilbúið. Verkið, sem reikningarnir hljóða um, viðgerð á húsgögnum og fleira, hafi verið unnið. Meðákærði Eyþór hafi séð um framkvæmd verksins og ráðið menn til að starfa að því. Han hafi útbúið reikningana samkvæmt skriflegum upplýsingum Eyþórs um vinnustundafjölda og tölu verkamanna auk efnis. Hann hafi útvegað verk þetta. Töluverður hagnaður hafi orðið af verkinu, enda að verulegustu leyti um selda vinnu að ræða. Hagnaðinum hafi verið skipt á milli þeirra meðákærða Eyþórs, svo sem áður hefur verið rætt um. Varðandi tékkann í staflið 4 kvaðst ákærði við sama tækifæri hafa ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin

Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Varðandi tékkann í staflið 6 skýrði ákærði Jósafat svo frá við sama tækifæri, að hann hefði ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi hinn 8. október s.l. bar ákærði Jósafat svo um reikningana í stafliðum 3 og 5, að hann teldi mjög sennilegt, að hann hefði útbúið þá, en kvaðst hins vegar ekki hafa undirritað þá og gat ekki greint frá því, hver undirritað hefði hið tilbúna nafn á reikningana. Fyrir dómi hinn 11. október s.l. taldi ákærði útilokað, að hann hefði ritað fyrri framsölin, eða framsölin Ragnar Guðmundsson á tékkana í stafliðum 4 og 6 hér að framan. Síðari framsölin þekkti hann sem eigin framsöl.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram sú skoðun hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikningana í stafliðum 3 og 5 nafninu Ragnar Guðmundsson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsölin Ragnar Guðmundsson á tékkana í stafliðum 4 og 6. Um rökstuðning fyrir því áliti athugandans vísast til rökstuðnings um sömu nafnritanir í stafliðum 1 og 2 hér að framan.

7. Reikningur til N.C.O., með textanum peningaskúffur fyrir bandaríska mynt, kr. 1.284.00 ($ 30.00), undirritaður Ragnar Guðmundsson, áritaður um greiðslu 23. september 1961, tékki nr. 1260, áritaður nafninu William Mull. Reikningur þessi er handritaður, sbr. 39. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki áður séð reikninginn og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hins vegar muni hann til þess að hafa séð um það verk, er reikningurinn fjallar um, að beiðni meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi um reikning þennan hefur ákærði Jósafat viðurkennt hinn 5. maí 1964 að hafa ritað meginmál reikningsins og einnig að hafa undirritað hann. Meðákærði Eyþór hafi séð um það, að verk það, er reikningurinn fjallar um, hafi verið unnið. Fyrir dómi hinn 8. október s.l. dró ákærði Jósafat nokkuð af skýlausri játningu sinni um nafnritunina Ragnar Guðmundsson á reikninginn. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn. Hins vegar vilji hann ekki útiloka þann möguleika, að hann hafi undirritað reikninginn Ragnar Guðmundsson. Um það geti hann ekki fullyrt.

Í skýrslu um rithandarskoðun er það álit athugandans, að ákærði Jósafat hafi tvímælalaust undirritað reikninginn Ragnar

Guðmundsson, og vísast til fyrri röksemda athugandans varðandi það álit.

Með skýlausum játningum ákærða um nafnritanirnar Ragnar Guðmundsson undir reikningana í stafliðum 1, 3, 5 og 7 hér að framan og um sömu nafnritun sem framsöl tékka í stafliðum 2, 4 og 6 hér að framan, sem studdar eru framburðum ákærða Jósafats um skjalagerð vegna ýmissa smáverka við N.C.O. veitingastaðinn, og með hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs, framburðum vitnanna Hannesar Arnórssonar og Ingólfs Guðbjörnssonar og samkvæmt niðurstöðu rithandarathugandans þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Ragnar Guðmundsson undir framangreinda reikninga og komið þeim þannig á framfæri við bandaríska aðilja, en reikningarnir bera allir með sér að hafa verið notaðir í viðskiptum. Enn fremur þykir sanað, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Ragnar Guðmundsson sem framsal á tékka þá, er raktir hafa verið, á undan eigin framsali og þannig framvísað tékkunum til greiðslu í Sparisjóðnum í Keflavík, en tékkarnir bera allir með sér að hafa verið innleystir þar, enda þykir afturhvarf ákærða frá fyrri játningum ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Með framangreindu atferli þykir ákærði Jósafat hafa gerzt sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

V.

Verktökur við A.F.O.M. veitingastaðinn á Keflavíkurflugvelli.

A. Nokkur gögn hafa orðið efni ákæru vegna verktöku við nefndan veitingastað. Fyrst verður vikið að verktöku í nafni Eyþórs Þórðarsonar og Þórarins Eyjólfssonar.

Gögn þau, er orðið hafa liðir ákæru vegna síðastnefndrar verktöku, verða nú rakin:

1. Reikningur til A.F.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni í tveim liðum. Fyrri liður fyrir að festa niður gólfskilrúm auk efnis og minni háttar viðgerðarstarfa, samtals að upphæð kr. 1.445.08 ($ 36.40), dagsettur á Keflavíkurflugvelli 13. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson. Áritaður um greiðslu 17. janúar 1961 með tékka nr. 564. Áritaður um samþykki C. Wourl. Síðari liður fyrir vinnu rörlagningamanna auk ferðakostnaðar, að upphæð kr. 3.550.00 ($ 93.67), dagsettur 22. janúar 1961, undirritaður Eyþór Þórðarson, áritaður um greiðslu 26. janúar 1961 með tékka nr. 573, sbr. 31. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 564, dagsettur 17. janúar 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 1.445.08, undirritaður Graham Keesee, framseldur Eyþór Þórðarson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 8. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hafi ekki séð hann utan dóms og hvorugan liðinn undirritað. Hann muni hins vegar til þess að hafa unnið verk þau, er reikningurinn greinir frá. Um tékkann í staflið 2, sem er greiðsla á staflið 1 reikningsins, hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms og þekki ekki rithöndina á fyrra framsali tékkans. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum hinn 5. maí 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hafi útbúið lið 1 reikningsins og að hann hafi undirritað liðinn. Hins vegar hafi hann ekki séð lið 2 reikningsins utan dómsins. Hann telji útilokað, að meðákærði Eyþór hafi ritað lið 2 reikningsins. Hann viti ekki, hver hafi ritað liðinn. Hann telji sennilegt, að reikningsliðurinn sé gerður í bókhaldsmiðstöðinni að beiðni þess aðilja, er samþykkt hefur reikninginn fyrir hönd A.F.O.M.

Bókhaldsmiðstöðin hafi því útbúið liðinn sem nauðsynlegt fylgiskjal reikningsins, er þegar var samþykktur. Við sama tækifæri viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans í staflið 2, eða framsölin Eyþór Þórðarson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í október s.l. dró ákærði Jósafat nokkuð af skýlausum játningum sínum um nafnritunina Eyþór Þórðarson á skjölunum í 1 og 2 hér að framan. Ákærði skýrði þá svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn í staflið 1 og ef til vill undirritað hann, og ekki vildi ákærði útiloka þann möguleika, að hann hefði framselt tékkann í staflið 2 nafninu Eyþór Þórðarson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað lið 1 reikningsins nafninu Eyþór Þórðarson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkann í staflið 2 sama nafni. Um röksemdir athugandans vísast til fyrri athugasemda um nafnritunina Eyþór Þórðarson. Um lið 2 í reikningnum í staflið 1 segir svo í skýrslu athugandans: „Nokkrir drættir líkir og í rithönd Jósafats. Gæti verið stæling og rituð af óþekktum aðilja". Tékki í staflið 2 sem og aðrir tékkar, er um verður fjallað í þessum kafla, eru sagðir í ákæru útgefnir af

Custodian N.C.O. Open Mess, eða N.C.O. veitingastaðnum, á reikningi 102 við The American Express Company, Inc. Það er rangt. Tékkarnir í kafla þessum eru allir gefnir út af Custodian Armed Forces Open Mess, eða A.F.O.M. veitingastaðnum, á reikning nr. 122 við nefndan banka. Að öðru leyti er tékkunum rétt lýst í ákæru, svo sem um dagsetningar, hverjum þeir eiga að greiðast, upphæðir, undirritanir og framsöl. Dómurinn telur framangreinda skekkju í ákæru eigi geta orðið til þess að vísa frá þeim ákæruliðum, er umgetin skekkja kemur fram í, samkvæmt því, sem greint hefur verið frá um gögnin. Verjendur reifuðu ekki málið með tilliti til frávísunar af þessum sökum.

Með játningu ákærða Jósafats í frumframburði hans fyrir dómi um gögn í 1 og 2 hér að framan, er studd þykir og almennum framburði ákærða um hátt skjalagerðar við A.F.O.M. veitingastaðinn, og með hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs og niðurstöðu rithandarathugunar þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Eyþór Þórðarson undir lið 1 reiknings í staflið 1 hér að framan og framvísað reikningunum þannig við bandaríska aðilja og enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsal á tékkann í staflið 2, eða framsalið Eyþór Þórðarson, á undan eigin framsali og þannig fengið tékkann greiddan í Sparisjóði Keflavíkur, svo sem tékkinn ber með sér. Þykir ákærði með því atferli hafa gerzt segur um brot á 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Á hinn bóginn, svo sem rakið hefur verið hér að framan, þykir ekki komin fram sönnun þess, að ákærði Jósafat hafi ritað nafnið Eyþór Þórðarson undir lið 2 reikningsins í staflið 1 hér að framan né komið þeim reikningslið á framfæri, og ber að sýkna ákærða Jósafat af því ákæruatriði.

3. Vinnutilboð til A.F.O.M. frá Eyþóri Þórðarsyni og Þórarni Eyjólfssyni. Tilboðið hljóðar svo: „Við gerum hér með eftirfarandi tilboð í að þekja veggi danssalar A.F.O.M., eins og hér segir: Öll tjöld fjarlægð úr danssal. 2. Sett upp grind, aðallega úr 2×4 þuml. timbri á allan vegginn frá gólfi til lofts. 3. Masonitplötur settar á grind frá gólfi til lofts. 4. Harðviðarplötur settar á masonitplöturnar í allt að fjögurra feta hæð. Velja má um harðviðartegundir: Mahogny, teak og birki. Timburspjöld (um 5 fet á hæð) sett á efri helming og málað skraut samkvæmt hjálagðri teikningu. 6. Allar rafleiðslur framlengdar, eins og á þarf að halda. Lengd eins veggjar um 67 fet og hins um 25 fet. Hæð um 10 fet. Tilboð í alla vinnuna samtals kr. 99.298.00 ($ 2.620.00).

Allar ofangreindar greinar má ræða nánar. Keflavíkurflugvelli 3. maí 1961. Virðingarfyllt", undirskrift Eyþór Þórðarson, Þórarinn Eyjólfsson, sbr. 32. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Samningur í tvíriti, sem hér segir: „Við undirritaðir Graham Keesee, ritari og gæzlumaður A.F.O.M., og Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson gerum með okkur svofelldan

samning:

1. Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson munu framkvæma allar breytingar í danssal A.F.O.M., eins og lýst er í fyrra vinnutilboði og samkvæmt teikningu 101 A 211, dagsett 25. júlí 1961, frá verkfræðingadeildinni A.I.O.
2. Vinnutilboð þetta og samningur fela í sér öll atriði í sambandi við vinnuna: Vinnu, efni, tæki, tryggingar, flutning, máltíðir og hvað annað, sem er og vera kann í sambandi við vinnuna.
3. Verki þessu ber að ljúka eigi síðar en 31. ágúst 1961.
4. Upphæð sú, er báðir aðiljar fallast á fyrir ofangreinda vinnu, er $ 2.620.00 — Tvö þúsund sex hundruð og tuttugu dollarar 00/100 —.
5. Við undirskrift samnings þessa öðlast verktaki rétt til 25% hinnar samanlögðu upphæðar sem hlutagreiðslu fyrir efni, sem þegar hefur verið keypt.
6. Afgangurinn greiðist eftir því sem verki miðar áfram á hverjum tíma.

Keflavíkurflugvelli, 3. ágúst 1961.
Graham Keesee, ritari og gæzlumaður.
Eyþór Þórðarson.
Þórarinn Eyjólfsson."

Áritun er á öðru eintaki samningsins um greiðslu með tékka nr. 194, 3. ágúst 1961, sbr. 33. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

5. Reikningur í 3 liðum, 1. liður til A.F.O.M. Greiðslubeiðni um hlutagreiðslu fyrir endurnýjun veggja í danssal, kr. 42.800.00 ($ 1.000.00), dagsett á Keflavíkurflugvelli 16. ágúst 1961, undirrituð Eyþór Þórðarson, árituð um greiðslu 15. ágúst 1961 með tékka nr. 211, enn fremur árituð nafninu Graham Keesee. Liður 2, greiðslubeiðni til A.F.O.M. vegna byggingar veggja í danssal, kr. 42.800.00 ($ 1.000.00), dagsett á Keflavíkurflugvelli 15. ágúst 1961, undirrituð Eyþór Þórðarson, árituð um greiðslu 15. ágúst 1961, tékki nr. 211. 3. liður, reikningur til A.F.O.M. frá Þórarni Eyjólfssyni. Beiðni um endanlega greiðslu vegna byggingar veggja í danssal samkvæmt fyrri samningi. Fyrri greiðslur $ 1.642.52,

samningur $ 2.620.00, eftirstöðvar kr. 41.836.00 ($ 977.48), dagsettur á Keflavíkurflugvelli 31. ágúst 1961, undirritaður Þórarinn Eyjólfsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 31. ágúst 1961 með tékka nr. 238, sbr. 34. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. 2 Tékkar. Fyrri tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 194, dagsettur 3. ágúst 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 27.500.00, undirritaður Graham Keesee, framseldur Eyþór Þórðarson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 211, dagsettur 15. ágúst 1961, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 42.800.00, undirritaður Graham Keesee, framseldur nafninu Eyþór Þórðarson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 9. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

7. Reikningur til A.F.O.M. frá Þórarni Eyjólfssyni. Efnisreikningur um 40 fet af flísum í snyrtiklefa kvenna auk flutningskostnaðar, samtals kr. 3.650.00 ($ 96.31). Reikningurinn er undirritaður Þórarinn Eyjólfsson. Reikningurinn er dagsettur 20. febrúar 1961. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 22. febrúar 1961 með tékka nr. 11. Reikningurinn er handritaður, sbr. 35. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

Svo sem gögnin í staflið 3—6 bera með sér, eru þau öll gerð vegna endurbóta á danssal A.F.O.M. Um verk þetta verða nú raktir framburðir ákærðu og vitnis.

Ákærði Eyþór skýrði svo frá verki þessu fyrir dómi hinn 18. febrúar 1964, að meðákærði Jósafat hefði tjáð sér á sínum tíma, að hann hafi verið beðinn um að annast um endurbætur í A.F.O.M. veitingastaðnum. Meðákærði Jósafat hefði beðið sig að útvega iðnaðarmenn til að vinna að endurbótunum. Hann hafi ráðið til starfans Þórarinn Eyjólfsson, trésmíðameistara í Keflavík. Þórarinn hafi unnið að verkinu ásamt aðstoðarmönnum sínum. Verkið hafi verið í því fólgið að þilja útveggi samkomusalar veitingastaðarins. Hann hafi haft með efnisútvegun vegna verksins að gera og litið til með iðnaðarmönnunum, en meðákærði Jósafat hafi séð um fjármálahliðina á allan hátt. Meðákærði Jósafat hafi greitt honum vinnulaun vegna verksins og enn fremur ágóðahluta. Hann hafi fengið sennilega kr. 5—10.000.00 vegna verksins.

Ákærði Jósafat skýrði svo frá verki þessu hinn sama dag fyrir dómi, að meðákærði Eyþór hefði unnið að verkinu fyrir veitingastaðinn vegna ábendinga hans. Hann muni með vissu, að hann hafi útbúið skjöl vegna verksins, en telji ósennilegt, að hann hafi

annazt um fjármálin þar. Hann vilji þó ekki útiloka, að svo hafi verið.

Fyrir dómi hinn 28. apríl 1964 var ákærða Eyþóri sýnd gögnin í stafliðum 3—6 hér að framan. Um gögnin skýrði ákærði Eyþór svo frá, að hann hefði þá aldrei séð tilboðið í staflið 3 og því ekki undirritað það. Samninginn í staflið 4 hafi hann þá aldrei fyrr séð, en samningurinn sé þó í samræmi við verk það, er unnið var í A.F.O.M. veitingastaðnum og hann sá um fyrir meðákærða Jósafat. Hann viti ekki, hver ritað hafi nafnið Eyþór Þórðarson undir samninginn. Hann hafi ekki haft vitneskju um það, að hann væri skráður fyrir verki þessu fyrr en í ársbyrjun 1962, er meðákærði Jósafat hefði skýrt honum frá, að hann væri skráður fyrir einhverjum hluta verksins í sambandi við skattframtöl, er meðákærði Jósafat sá um fyrir hann. Engan lið reikningsins í staflið 5 kvaðst ákærði Eyþór þá hafa séð áður. Hann þekkti ekki rithöndina á eigin nafni í liðum 1—2 né rithöndina undir lið 3. Um tékkana í staflið 6 skýrði ákærði Eyþór svo frá, að hann þekkti ekki framsalið Eyþór Þórðarson aftan á tékkunum. Síðari framsölin á hvorum tékka fyrir sig þekkti hann sem framsöl meðákærða Jósafats. Hann telji útilokað, að hann hafi tekið við andvirði tékkanna úr hendi meðákærða Jósafats. Hann hafi ekkert greitt vegna verksins utan greiðslu til Þórarins Eyjólfssonar nema smáræði eitt. En fram hefur komið í málinu tékki A.F.O.M. á sama reikning, dagsettur 31. ágúst, til Eyþórs Þórðarsonar, að upphæð kr. 41.836.14, undirritaður Graham Keesee, framseldur Eyþór Þórðarson, framseldur að nýju Þórarinn Eyjólfsson. Ákærði Eyþór hefur þekkt framsal sitt aftan á tékkanum og hefur talið, að hann hafi afhent Þórarni Eyjólfssyni tékkann sem greiðslu vegna verksins í A.F.O.M. veitingastaðnum.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Þórarinn Eyjólfsson, húsgagna- og húsasmiður, til heimilis að Hringbraut 71 í Keflavík, og bar vitnið fyrst um áðurnefnt verk hinn 4. febrúar 1964. Vitnið kvaðst þá muna eftir því að hafa klætt vegg með gipsonit og mahogny í veitingastað á flugvellinum, er það kunni þá ekki að nefna. Verkið hefði það unnið við annan mann og fengið í kringum kr. 30.000.00 greiðslu fyrir það. Fyrir dómi 29. apríl 1964 bar vitnið að nýju um verk þetta og skýrði þá svo frá, að það hefði gert munnlegt tilboð í verkið, það er að segja allt tréverk, við þá ákærðu Eyþór og Jósafat. Tilboðið hafi verið sett fram á þann hátt, að það legði til allt efni, sem og varð. Vitnið

fullyrti, að það hefði hvorki ritað tilboð í verkið né ritað undir samning vegna þess. Um skjölin í 3—6 hefur vitnið skýrt svo frá, að það hafi aldrei sé tilboðið í staflið 3 og þekki ekki rithandirnar á undirritunum þar. Við athugun á tilboðinu skýrði vitnið svo frá, að það fjallaði að mestu um verk það, er það vann fyrir A.F.O.M. veitingastaðinn, við að þilja þar veggi og fleira. Vitnið kvaðst þá aldrei fyrr hafa séð samninginn í staflið 4 hér að framan og að það þekki ekki undirritanir undir samningnum. Vitnið kvaðst þá aldrei hafa séð hina 3 liði reikningsins samkvæmt staflið 5 hér að framan, hvorki þann lið, er undirritaður er nafni vitnisins, né liðina, undirritaða með nafninu Eyþór Þórðarson. Það hafi ekki orðið vart við neina skjalagerð vegna verksins við veitingastaðinn. Varðandi tékka þann, er um getur í framburði ákærða Eyþórs hér að framan, að upphæð kr. 41.836.14, hefur vitnið þekkt síðara framsalið á tékkanum sem eigið framsal þess. Vitnið telur, að það hafi fengið tékkann sem greiðslu vegna verksins, enda þótt því finnist tékkaupphæðin full há miðað við verkið, en innifalið í tékkaupphæðinni gæti þá verið endurgjald vegna smáverka, er það hafði þá unnið fyrir þá ákærða Jósafat og ákærða Eyþór annars staðar.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um gögnin í stafliðum 3—5 hinn 5. maí 1964: Hann hafi samið tilboðið í staflið 3. Hann hafi einnig undirritað tilboðið nöfnunum Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson. Tildrög að því hafi verið þau, að einhvern tíma, nokkru áður en tilboðið er dagsett, hafi framkvæmdastjóri A.F.O.M. veitingastaðarins, Keesee að nafni, komið að máli við sig og óskað þess, að hann sæi um allverulegar endurbætur á veitingastaðnum. Hann hafi sett sig í samband við meðákærða Eyþór og hafi meðákærði Eyþór gert athuganir á því, hve dýrt yrði að endurbæta veitingastaðinn, eins og óskað var eftir. Þeir meðákærði Eyþór hafi síðan gert í sameiningu kostnaðaráætlun verksins í heild, byggða að mestu á athugunum Eyþórs. Samkomulag hafi orðið á milli þeirra meðákærða Eyþórs að leggja inn tilboð í verkið á tæpar kr. 100.000.00, og reiknuðu þeir þá meðákærði Eyþór með því að hafa nokkurn hagnað af verkinu. Hann hafi séð um að útbúa tilboðið, eins og fram er komið, en meðákærða Eyþóri hafi verið kunnugt um upphæð tilboðsins og verklýsingu. Meðákærði Eyþór hafi þó ekki vitað, í hvers konar formi hann hafi gert tilboðið. Hann hafi sjálfur komið því á framfæri. Meðákærða Eyþóri hafi verið um það kunnugt, að tilboðið yrði sett fram að einhverju leyti í

nafni Þórarins Eyjólfssonar trésmíðameistara, en meðákærði Eyþór hafi fengið Þórarin til að vinna að verkinu. Þórarinn sjálfur hafi hins vegar ekkert vitað um tilboðsgjöfina til A.F.O.M. Hann hafi útbúið samninginn í staflið 4 og undirritað bæði eintökin nöfnunum Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson. Hins vegar hafi Graham Keesee framkvæmdastjóri sjálfur undirritað bæði eintökin eigin nafni. Tildrög að því, að samningurinn hafi verið gerður, hafi verið þau, að eftir viðhlítandi leyfi hafi stjórn A.F.O.M. veitingastaðarins samþykkt að ganga að tilboðinu í staflið 3. Ákveðið hafi verið að gera samning um verkið. Hann hafi útbúið samninginn í samræmi við tilboðið, vafalaust án þess að hafa aðra með í ráðum. Hann hafi undirritað samninginn fyrir hönd Íslendinganna. Hann kunni nú ekki að greina frá því, hvar sú undirritun fór fram eða hvort Keesee framkvæmdastjóri var viðstaddur eða ekki. Hann muni ekki að greina frá því, hvort Keesee ritaði undir samninginn á undan eða eftir honum. Þórarinn Eyjólfsson hafi ekkert vitað um gerð samningsins frekar en aðra skjalagerð vegna verksins. Hann muni, að hann hafi skýrt meðákærða Eyþóri frá því um þetta leyti, að tilboð vegna verksins hefði verið samþykkt og samningar þar um hefðu þegar verið undirritaðir. Um reikninginn í staflið 3 skýrði ákærði Jósafat frá við sama tækifæri, að hann hefði útbúið alla liði reikningsins og undirritað þá nöfnum Eyþórs og Þórarins. Reikningurinn hafi verið í samræmi við tilboðið og samninginn, en þó orðið gengisbreyting, frá því að þau gögn voru gerð og þar til reikningurinn var ritaður. Ákærði Jósafat taldi þá mjög sennilegt, að meðákærði Eyþór hefði greitt Þórarni með tékka þeim, er um getur hér að framan, að upphæð kr. 41.836.14 bæði fyrir störf Þórarins vegna verksins eða tréverksins og efnis í því sambandi. Um tékkana í staflið 6 viðurkenndi ákærði að hafa framselt hvorn tékka fyrir sig með nafninu Eyþór Þórðarson á undan eigin framsali.

Fyrir dómi hefur Áki Guðni Gränz málarameistari, sem er ákærður í máli þessu, skýrt svo frá, að hann hafi annazt um málningarstörf vegna endurbóta þeirra, er gerðar voru í A.F.O.M. veitingastaðnum og dskj. 3—6 greina frá. Hann hafi þar unnið sjálfur að verkinu ásamt mönnum sínum og fengið sem endurgjald fyrir vinnuna kr. 15.000.00. Hann haldi bókhald um starfsemi sína og sé upphæðin samkvæmt því bókhaldi. Ákærði Jósafat hefur ekki viljað mótmæla þessum framburði Áka. Ákærði Jósafat hefur skýrt frá því, að nokkur hagnaður hafi verið vegna verks-

ins um endurbæturnar, eða allt að því um 25—30% af samningsupphæðinni.

Fyrir dómi í október 1965 breytti ákærði Jósafat nokkuð framburðum sínum varðandi gögnin, er rakin hafa verið í stafliðum 3—6 hér að framan. Um tilboðið í staflið 3 taldi ákærði útilokað, að hann hefði ritað nafn meðákærða Eyþórs undir það. Hann taldi stafagerð á nafni Þórarins Eyjólfssonar þar líka eigin stafagerð. Ekki kvaðst hann þó muna til þess að hafa undirritað skjalið með nafni Þórarins. Um samninginn í staflið 4 kvaðst ákærði Jósafat ekki kannast við undirritanirnar þar, en vildi ekki útiloka, að hann hefði útbúið samninginn. Varðandi reikninginn í staflið 5 kvaðst ákærði Jósafat ekki hafa ritað undir lið 3 reikningsins. Hins vegar kunni hann að hafa ritað undir liði 1 og 2 án þess að þekkja það nú. Um tékkana í staflið 6 skýrði ákærði Jósafat þá frá, að rithönd meðákærða Eyþórs væri ekki á framsölum tékkanna, og ekki gæti hann útilokað þann möguleika, að hann hefði framselt tékkana nafni Eyþórs, þá samkvæmt munnlegri heimild meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu um rithandarathugun segir svo um tilboðið staflið 3: „Tel Jósafat hafa undirritað dskj. báðum nöfnum". Um nafnið Eyþór Þórðarson vísar athugandinn til eldri umsagnar. Svo segir orðrétt í skýrslunni: „Nafnið Þórarinn Eyjólfsson tel ég vera með óbreyttri rithendi Jósafats". Um samninginn í tölulið 4 segir svo í sömu skýrslu: „Sama að segja og um dskj. 116 (tilboðið í staflið 3) varðandi nafnritanirnar Eyþór Þórðarson og Þórarinn Eyjólfsson. Rithönd á nafninu Graham Keesee óþekkt". Um reikninginn í staflið 5 segir svo í skýrslunni: „Tel Jósafat hafa ritað lið 1 og lið 2 nafninu Eyþór Þórðarson og vísa í umsögn um dskj. 84 (umsögn þessi er þegar fram komin). Undirskrift Graham Keesee í lið 1 með óþekktri rithendi. Lið 3 tel ég Jósafat hafa undirritað Þórarinn Eyjólfsson. Tvímælalaust um stafagerð hans að ræða með breyttum halla".

Með játningum ákærða Jósafats í frumframburðum hans, sem eru í samræmi við aðra framburði hans í málinu um framkvæmd verka, og með hliðsjón af framburði meðákærða Eyþórs og vitnisins Þórarins Eyjólfssonar og með vísan til niðurstöðu rithandarathugana þykir vera komin fram sönnun þess, að ákærði Jósafat hafi undirritað tilboðið í staflið 3 nöfnunum Eyþór Þórðarson, Þórarinn Eyjólfsson, samninginn í staflið 4 nöfnunum Eyþór Þórarinsson og Þórarinn Eyjólfsson á báðum samningum, að hann hafi ritað nafnið Eyþór Þórðarson á liði 1 og 2 reiknings í staf-

lið 5 og nafn Þórarins Eyjólfssonar undir lið 3 sama reiknings og að hann hafi komið framangreindum gögnum öllum á framfæri við bandaríska aðilja til nota í viðskiptum. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsölin Eyþór Þórðarson á hvorn tékka fyrir sig í staflið 6 hér að framan á undan eigin framsali, áður en hann fékk tékkana greidda í Sparisjóðnum í Keflavík, svo sem tékkarnir bera með sér. Afturhvarf ákærða Jósafats að nokkru frá játningum í frumframburði fyrir dómi í október s.l. þykir ekki geta breytt sönnunarmati dómsins. Ákærði Jósafat þykir með framannefndri háttsemi sinni hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Fyrir dómi hefur vitnið Þórarinn Eyjólfsson trésmíðameistari skýrt svo frá um reikninginn í staflið 7, að það hafi aldrei fyrr séð reikninginn. Það viti ekki, hver hafi undirritað reikninginn nafni þess. Það hafi hvorki lagt til efni né unnið við að plötuleggja snyrtiherbergi kvenna í A.F.O.M. veitingastaðnum á Keflavíkurflugvelli.

Ákærði Eyþór hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi aldrei séð reikninginn í staflið 7 utan dóms. Hann hafi á hinn bóginn séð um verk það, er reikningurinn hljóðar um.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikning þennan utan dóms. Hann telji, að reikningurinn hafi verið gerður í bókhaldsmiðstöðinni í þeim tilgangi að útbúa fylgiskjal með staðfestum reikningi, sbr. bandarískt færslufylgiskjal með reikningnum. Hann telji sennilegt, að Þórarinn Eyjólfsson hafi unnið tilgreint verk fyrir milligöngu þeirra meðákærða Eyþórs.

Í skýrslu rithandarathugandans segir svo um reikninginn og undirskrift hans: „Nokkrir drættir líkir og í Jósafats. Gæti verið ritað af óþekktum aðilja". Dómurinn telur óupplýst, hver hafi útbúið reikning þennan, undirritað og komið á framfæri, og ber því að sýkna ákærða Jósafat af þeim ákærulið, er um getur við staflið 7.

B. *Um verktöku í nafninu Ragnar Guðmundsson við A.F.O.M. veitingastaðinn.*

Nú verður getið gagna, er orðið hafa efni ákæru vegna verktöku í nafninu Ragnar Guðmundsson við A.F.O.M. veitingastaðinn.

1. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir

viðgerð á vegg ofar skála í karlmannasnyrtiklefa í A.F.O.M. og fyrir að mála allan snyrtiklefann samkvæmt beiðni gæzlumanns. Verð samkvæmt vinnutilboði kr. 3.411.00 ($ 90.00). Reikningurinn er dagsettur í Keflavík 24. febrúar 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 27. febrúar 1961 með tékka nr. 20, sbr. 40. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

2. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 20, dagsettur 27. febrúar 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.411.00, undirritaður Graham Keesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur á ný Jósafat Arngrímsson, sbr. 13. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru. Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hafi ekki séð reikning þann fyrr og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hann muni hins vegar eftir því að hafa séð um verk það að nokkru, er reikningurinn fjallar um. Verkið hafi hann séð um að beiðni meðákærða Jósafats. Hann fullyrði, að enginn maður með nafninu Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkinu. Um tékkann í staflið 2 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi aldrei séð tékkann utan dóms. Hann þekki ekki fyrra framsalið á tékkanum, en síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá um reikninginn í staflið 1, að hann hefði útbúið reikninginn og undirritað hann. Reikningurinn sé yfir störf, er þeir meðákærði Eyþór sáu um, að framkvæmd voru fyrir veitingastaðinn. Nær fullvíst sé, að Áki Gränz hafi séð um málningarvinnuna, sem tilgreind sé í reikningnum, og vel geti verið, að hann hafi beðið Áka um að framkvæma það verk, en meðákærði Eyþór hafi séð um viðgerðina á veggnum. Við sama tækifæri skýrði ákærði Jósafat svo og frá um tékkann í staflið 2, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann, eða nöfnin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Tékkann hafi afhent honum Keesee framkvæmdastjóri sem og aðra tékka, stílaða á Ragnar Guðmundsson. Ákærði hefur tekið fram, að hann hafi verið persónulega kunnugur framkvæmdastjórum í A.F.O.M. veitingastaðnum, en þar hafi hann unnið við bókhald um 2 mánaða skeið á árinu 1960. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. dró ákærði nokkuð úr skýlausum játningum sínum, sem raktar hafa verið nú. Um reikninginn í staflið 1 skýrði hann þá svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn, og ekki vildi ákærði útiloka þann möguleika, að hann hefði undirritað hann einnig.

Varðandi tékkann skýrði ákærði þá svo frá, að hann teldi útilokað, að hann hefði ritað fyrra framsalið á tékkann.

Í skýrslu rithandarathugandans segir svo um reikninginn í staflið 1 eða udirritun reikningsins: „Tel Jósafat tvímælalaust hafa ritað nafnið Ragnar Guðmundsson á dskj. Hér er um að ræða ófrábrugðna stafagerð með mismunandi halla". Síðan vísar athugandinn í umsögn um annan reikning með sama nafni, er þegar hefur verið getið um. Um tékkann í staflið 2 telur athugandinn, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali og vísar í það, sem áður er sagt um ritunina á nafninu Ragnar Guðmundsson.

3. Reikningur, handritaður, til A.F.O.M frá Ragnari Guðmundssyni fyrir málningarvinnu samkvæmt beiðni gæzlumanns í A.F.O.M., að upphæð kr. 4.358.50 ($ 115.00). Undirritaður er reikningurinn Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 27. apríl 1961 með tékka nr. 88, sbr. 41. lið I. kafla I. þáttar ákæru.

4. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 88, dagsettur 27. apríl 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 4.358.50, undirritaður Graham Keesee, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 14. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 3, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms og geti ekki borið um, hver hafi undirritað hann. Hann muni ekki eftir verkinu, er reikningurinn fjallar um. Um tékkann í staflið 4 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms. Hann viti ekki, hver hafi ritað fyrra framsal tékkans. Hann telji sig þekkja síðara framsalið sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi skýrði ákærði Jósafat svo frá 8. maí 1964, að hann hefði útbúið reikninginn í staflið 3, bæði ritað meginmál hans og undirritað hann. Nær fullvíst sé, að Áki Gränz hafi séð um störf þau, er tilgreind eru á reikningnum, og vera kunni, að hann hafi fengið Áka til að vinna starfið. Við sama tækifæri skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann í staflið 4, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Í framburðum sínum í október s.l. dró ákærði úr skýlausum játningum sínum um ritun nafnsins Ragnar Guðmundsson. Svo sem rakið hefur verið varðandi reikninginn í staflið 3, viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa

útbúið hann, en taldi nærri útilokað að hafa undirritað hann. Þá taldi ákærði útilokað, að hann hefði ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 4.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 3 nafninu Ragnar Guðmundsson og enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 4. Vísast til fyrri umsagnar úr skýrslu athugandans, sbr. stafliði 1 og 2 hér að framan.

5. Reikningur til A.F.O.M. fyrir ýmsar viðgerðir og viðhaldsvinnu samkvæmt beiðni ritarans, að upphæð kr. 1.648.65 ($ 43.50). Reikningurinn er udirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er ekki dagsettur. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 19. maí 1961 með tékka nr. 109. Reikningurinn er áritaður Graham Keesee, sbr. 42. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

6. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 109, dagsettur 19. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 1.648.65, undirritaður Graham Kesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, Jósafat Arngrímsson, sbr. 15. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 5, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hann geti ekki borið um reikninginn. Um tékkann í staflið 5 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms. Hann viti ekki, hver framselt hafi tékkann fyrra framsali. Síðara framsal telji hann vera meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi 8. maí 1964 varðandi gögn þessi hefur ákærði Jósafat viðurkennt að hafa útbúið reikninginn í staflið 5 og undirritað hann. Reikningurinn hafi verið fyrir ýmis smáverk, er meðákærði Eyþór sá um, að unnin væru fyrir veitingastaðinn. Um tékkann í staflið 5 skýrði ákærði Jósafat svo frá við sama tækifæri, að hann hefði ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa útbúið reikninginn og ekki væri útilokað, að hann hefði undirritað hann. Ákærði taldi þá hins vegar útilokað, að hann hefði framselt tékkann í staflið 6 nafninu Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 5 og einnig

framselt tékkann í staflið 6 nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali.

7. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir frystivélaþjónustu fyrir maímánuð 1961, kr. 2.842.50 ($ 75.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. maí 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 31. maí 1961 með tékka nr. 120. Reikningurinn er áritaður nafninu G. Keesee, sbr. 43. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

8. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 120, dagsettur 30. maí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 2.842.50, undirritaður Graham Keesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 16. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 7, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Hin tilgreindu störf á reikningnum hafi hann sjálfur unnið. Enginn maður með nafninu Ragnar Guðmundsson hafi unnið við frystivélaeftirlit fyrir A.F.O.M. á tilgreindum tíma. Þá hafi hann heldur ekki séð tékkann í staflið 8 utan dóms og viti ekki, hver hafi ritað fyrra framsal tékkans. Síðara framsalið telji hann sig þekkja sem framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði útbúið reikninginn í staflið 7 og undirritað hann. Meðákærði Eyþór hafi séð um frystivélaeftirlitið í A.F.O.M. veitingastaðnum, er reikningurinn var gerður. Í sama skipti viðurkenndi ákærði Jósafat að hafa ritað bæði framsölin á tékkann í staflið 8, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. skýrði ákærði Jósafat nokkuð á annan veg frá um gögnin. Hann hafi sennilega útbúið reikninginn í staflið 7, en taldi nær útilokað, að hann hefði undirritað reikninginn. Um tékkann í staflið 8 taldi ákærði Jósafat þá útilokað, að hann hefði framselt tékkann nafninu Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 7 og einnig framselt tékkann í staflið 8 nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali.

9. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni vegna frystivélaþjónustu fyrir júnímánuð 1961, kr. 2.842.50 ($ 75.00), einnig fyrir viðgerð á púða auk varahluta, kr. 807.27 ($ 21.30),

samtals að upphæð kr. 3.649.77. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 26. júní 1961 og undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 27. júní 1961 með tékka nr. 149. Þá er reikningurinn áritaður G. Keesee, sbr. 44. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

10. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 149, dagsettur 27. júní 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.649.77, undirritaður af Graham Keesee, framseldur Ragnar Guðmundsson, framseldur á ný Jósafat Arngrímsson, sbr. 17. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikninginn í staflið 9 utan dóms og viti ekki, hver hafi undirritað hann. Á hinn bóginn hafi hann sjálfur unnið að fyrrnefndu verki í reikningnum og annað hvort unnið sjálfur að síðarnefnda verkinu þar tilgreindu eða séð um, að það var unnið. Varðandi tékkann í staflið 9 kvaðst ákærði ekki hafa séð tékkann áður utan dóms. Hann þekki ekki fyrra framsal tékkans. Síðara framsalið telji hann framsal meðákærða Jósafats.

Í frumframburði sínum um skjöl þessi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá fyrir dómi hinn 8. maí 1964, að hann hafi útbúið eða látið útbúa reikninginn í staflið 9. Hann hafi þá undirritað reikninginn. Hann telji líklegt, að meðákærði Eyþór hafi séð um framkvæmd verka þeirra, er reikningurinn tilgreinir. Í sama skipti skýrði ákærði Jósafat svo frá, að hann hefði ritað bæði framsölin á tékkann í staflið 10, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. skýrði ákærði Jósafat svo frá, að sennilega hefði hann útbúið reikninginn í staflið 9, en taldi nær útilokað, að hann hefði undirritað hann. Ákærði taldi þá, að hann hefði ekki ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 10.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 9 og einnig framselt tékkann í staflið 10 nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali.

11. Reikningur í tveim liðum til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni. Fyrri liður, reikningur fyrir byggingu girðingar um áfengisgeymslu A.F.O.M. samkvæmt beiðni gæzlumanns, að upphæð kr. 3.032.00 ($ 80.00). Í reikningnum er þess getið, að verð sé samkvæmt verðtilboði. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 30. júní 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson.

Áritun er á reikningnum svohljóðandi: Lokið 1. júlí, greiðsla fyrir júlí, þar undir nafnið Keesee. Þá er áritun á reikningnum um greiðslu 13. júlí 1961 með tékka nr. 166. Síðari liður, reikningur fyrir frystivélaþjónustu fyrir júnímánuð 1961, að upphæð kr. 2.842.50 ($ 75.00). Fyrir viðgerð á þjappara o. fl., kr. 2.274.00 ($ 60.00). Fyrir uppsetningu ljóss o. fl., kr. 909.60 ($ 24.00), samtals kr. 6.026.10 ($ 159.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. júlí 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 26. júlí 1961 með tékka nr. 181, sbr. 45. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

12. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 166, dagsettur 13. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 3.032.00, undirritaður Graham Keesee, framseldur nöfnunum Ragnar Guðmundsson, Eyþór Þórðarson, sbr. 18. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

13. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 181, dagsettur 26. júlí 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 6.026.10, framseldur að nýju pr. pr. Kyndill h/f Jósafat Arngrímsson, sbr. 19. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi hvorugan lið reikningsins í staflið 11 séð utan dóms. Hann þekki ekki undirritanir reikningsliðanna. Um verkið í lið 1 hafi hann séð um, að framkvæmt yrði að beiðni meðákærða Jósafats. Verkið hafi unnið Björgúlfur Stefánsson, Háholti 13, Keflavík. Hann muni ekki eftir sérstöku tilboði vegna verksins. Enginn aðili að nafni Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkinu. Um lið 2 reikningsins hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi sjálfur unnið verkin, tilgreind í tveim fyrstu þáttum liðarins. Þriðja þáttinn sá hann um, að unninn væri af rafvirkja. Nafn hans var ekki Ragnar Guðmundsson.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Björgúlfur Stefánsson slökkviliðsmaður, Háholti 13, Keflavík, og skýrt frá því, að það hafi unnið við að smíða grindverk við áfengis- og matvælabirgðaskemmur A.F.O.M. veitingastaðarins um mitt sumar 1961. Verkið hafi það unnið að beiðni ákærða Eyþórs. Það hafi unnið að verkinu í 3 daga eða 2×10 klukkustundir og einu sinni 8 klst. og myndi það fastlega, að það hafi fengið kr. 30.00 á klst. vegna verksins. Ákærði Eyþór hafi séð um greiðslur til þess strax að verki loknu. Það hafi unnið að verkinu án undanfarandi til-

boðs í tímavinnu, eins og áður greinir. Það hafi lagt fram skriflegan reikning fyrir vinnu sína við verklok. Vitnið kveðst ekki hafa séð reikninginn í staflið 11 utan dóms.

Í frumframburði sínum fyrir dómi skýrði ákærði Jósafat svo frá hinn 8. maí 1964, að hann hefði útbúið eða látið útbúa báða liði reikningsins í staflið 11. Hann hafi undirritað hvorn lið fyrir sig. Reikningurinn hafi verið yfir störf, er meðákærði Eyþór sá um, að framkvæmd voru. Fyrir dómi í október s.l. breytti ákærði Jósafat nokkuð fyrri framburði sínum vegna reikningsins. Taldi hann ekki ósennilegt, að hann hefði útbúið reikninginn og taldi nær útilokað, að hann hefði undirritað lið 1 reikningsins, en vildi ekki útiloka þann möguleika að hafa undirritað lið 2.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi ritað undir reikninginn nafnið Ragnar Guðmundsson, og vísast í rökstuðning athugandans um reikning í staflið 1 hér að framan.

Um tékkann í staflið 12 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi ritað bæði framsölin aftan á tékkann, eða framsalið Ragnar Guðmundsson og framsalið Eyþór Þórðarson. Atvik að því, að hann framseldi tékkann þannig, hafi verið þau, að um það leyti bar honum að greiða nokkurt fé vegna starfa, er hann sá um, að unnin væru fyrir meðákærða Jósafat á flugvellinum. Hann hafi viljað fá frá meðákærða Jósafat greiðslu kostnaðarins. Meðákærði Jósafat hafi þá sagt sér, að hann hefði ekki handbært fé til að greiða honum, annað en tékkann í staflið 12. Meðákærði Jósafat hafi skýrt svo frá, að Ragnar Guðmundsson, er tékkinn er stílaður til, hefði átt viðskipti við A.F.O.M. veitingastaðinn. Greiðslutékki til Ragnars frá veitingastaðnum hefði ekki verið tilbúinn við lok viðskiptanna og hefði því meðákærði Jósafat í greiðaskyni við Ragnar, sem meðákærði sagði Reykvíking, greitt Ragnari tékkaupphæðina við lok viðskiptanna til að spara Ragnari ferð suður á Keflavíkurflugvöll síðar. Hann hafi trúað þessari sögu meðákærða Jósafats og frekar en að svíkja menn þá um greiðslu, er unnið höfðu að beiðni hans fyrir meðákærða, hefði hann tekið við tékkanum í staflið 12 og framselt hann á þann hátt, sem fyrr getur um, og ynnt greiðslu af hendi til réttra aðilja.

Áður hafi meðákærði Jósafat fullvissað hann um, að ekkert væri að óttast fyrir hann að framselja tékkann nafninu Ragnar Guðmundsson, þar sem Ragnar hefði þegar fengið greiðslu sína.

Hann hafi ekkert vitað um það, að nafnið Ragnar Guðmundsson hafi verið notað til undirritunar reikninga „pro forma" eða annarra gagna, er aðrir aðiljar stæðu að.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um tékkann í staflið 12, að hann telji sig þar þekkja rithönd meðákærða Eyþórs á báðum framsölunum, eða framsölunum Ragnar Guðmundsson og Eyþór Þórðarson. Hann muni ekki sérstaklega eftir því að hafa séð tékkann utan dóms. Hann telji líklegt, að Keesee framkvæmdastjóri hafi afhent meðákærða Eyþóri tékkann. Hann telji útilokað, að hann hafi beðið meðákærða Eyþór að framselja tékkann nafninu Ragnar Guðmundsson.

Þrátt fyrir samprófanir ákærðu Jósafats og Eyþórs um tékkann í staflið 12 hefur ekkert samræmi náðst í framburði þeirra og hvor um sig haldið fast við framburði þá, er raktir hafa verið að nokkru hér að framan.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit athugandans, að ákærði Eyþór Þórðarson hafi ritað bæði framsölin á tékkann, og vísar athugandinn til rithandarsýnishorna ákærða Eyþórs, er lögð hafa verið fram í dóminum.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um tékkann í staflið 13, að hann hafi ekki séð tékkann utan dóms. Hann þekki ekki fyrra framsal tékkans. Síðara framsalið þekki hann sem framsal meðákærða Jósafats pr. pr. Kyndill h/f.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá hinn 8. maí 1964, að hann hafi ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans í staflið 13, eða framsalið Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali pr. pr. Kyndill h/f. Fyrir dómi hinn 11. október s.l. breytti ákærði Jósafat framburði sínum varðandi tékkann í staflið 13 á þann veg, að hann teldi útilokað, að hann hefði ritað fyrra framsal tékkans, eða framsalið Ragnar Guðmundsson.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit athugandans, að ákærði Jósafat hafi ritað bæði framsölin á tékkann í staflið 13, og vísar athugandinn til fyrri umsagnar um tékka, framselda sama nafni, eða nafninu Ragnar Guðmundsson.

14. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni fyrir frystivélaþjónustu í ágústmánuði 1961 ($ 75.00), fyrir athugun á loftþjöppu, efni og vinna ($ 42.00), viðgerð á púða ($ 23.00), uppsetning á ofni, vinna og efni ($ 14.20), viðgerð á ljósum í blómamilligerðum, vinna og efni ($ 21.00), festingu á blóma-

milligerðum í gólf, vinna og efni ($ 12.80), málningu og viðgerð á vegg í danssal ($ 34.00), samtals kr. 9.501.60 ($ 222.00). Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 28. ágúst 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 28. ágúst 1961 með tékka nr. 230. Reikningurinn er enn fremur áritaður nafninu Keesee, sbr. 46. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru.

15. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 230, dagsettur 28. ágúst 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 9.501.60, undirritaður Graham Keesee, framseldur nafninu Ragnar Guðmundsson, sbr. 20. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um reikninginn í staflið 14, að hann hafi ekki séð reikninginn utan dóms. Hann viti ekki, hver hafi undirritað reikninginn. Hann hafi ýmist sjálfur unnið eða látið vinna hin tilgreindu verk á reikningnum utan málningarvinnunnar. Hann ætli, að Áki Gränz eða menn frá honum hafi unnið það verk. Hann sé viss um það, að enginn maður að nafni Ragnar Guðmundsson hafi unnið að verkunum. Um tékkann í staflið 15 hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð tékka þennan utan dóms. Hann þekki ekki framsalið aftan á tékkanum.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um reikninginn í staflið 14, að hann hafi útbúið reikninginn og undirritað hann. Reikningurinn sé yfir störf, er þeir meðákærði Eyþór sáu um, að unnin væru fyrir veitingastaðinn. Í sama skipti viðurkenndi ákærði að hafa ritað framsalið Ragnar Guðmundsson aftan á tékkann í staflið 15. Hann kunni ekki skýringu á því, af hvaða sökum hann hafi ekki framselt tékkann síðar eigin nafni. Hann sé þess viss að hafa móttekið andvirði tékkans. Fyrir dómi í októbermánuði s.l. breytti ákærði nokkuð framburðum sínum um gögnin í stafliðum 14—15. Varðandi reikninginn taldi ákærði Jósafat þá sennilegt, að hann hefði útbúið hann, en nær útilokað, að hann hefði undirritað reikninginn. Ákærði skýrði þá frá því, að hann þekkti ekki framsalið á tékkanum í staflið 15.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í tölulið 14 nafninu Ragnar Guðmundsson. Enn fremur, að ákærði Jósafat hafi ritað framsalið Ragnar Guðmundsson á tékkann í staflið 15. Athugandinn vísaði til fyrri röksemda um álit sitt.

16. Reikningur til A.F.O.M. frá Ragnari Guðmundssyni vegna frystivélaþjónustu fyrir septembermánuð til hins 25. (sic) 1961 og fyrir útvegun á peningaskúffum fyrir bandaríska mynt, samtals að upphæð ($ 84.50) kr. 3.616.60. Reikningurinn er dagsettur á Keflavíkurflugvelli 25. sept. 1961, undirritaður Ragnar Guðmundsson. Reikningurinn er áritaður um greiðslu 23. september 1961 með tékka nr. 271. Reikningurinn er áritaður O.K. Keesee, sbr. 47. tölulið I. kafla I. þáttar ákæru. Greiðslutékki vegna reiknings þessa hefur ekki komið fram í málinu.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór Þórðarson skýrt svo frá, að hann hafi ekki séð reikninginn í staflið 16 utan dóms og þekki ekki undirskrift reikningsins. Hann hafi hins vegar unnið eða séð um, að unnin væru hin tilgreindu störf reikningsins. Þar hafi ekki unnið nokkur Ragnar Guðmundsson. Hann muni ekki til þess að hafa séð tékka, er gæti verið greiðsla reikningsins.

Í frumframburði sínum fyrir dómi hinn 8. maí 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi útbúið reikninginn í staflið 16 og undirritað hann. Reikingurinn hafi verið yfir störf, er meðákærði Eyþór sá um framkvæmd á. Hinn 8. október s.l. skýrði ákærði Jósafat á hinn bóginn svo frá, að hann hefði sennilega útbúið reikninginn, en taldi nær átilokað, að hann hefði udirritað hann.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi undirritað reikninginn í staflið 16, og vísar í fyrri röksemdir því til styrktar.

17. Tékki A.F.O.M. á reikning nr. 122 við The American Express Company, Inc., nr. 51, dagsettur 24. marz 1961, til Ragnars Guðmundssonar, að upphæð kr. 720.10, undirritaður Graham Keesee. Tékkinn er framseldur Ragnar Guðmundsson og framseldur að nýju Jósafat Arngrímsson, sbr. 21. tölulið B II. kafla I. þáttar ákæru.

Fyrir dómi hefur ákærði Eyþór skýrt svo frá um tékkann í staflið 17, að hann hafi ekki séð hann utan dóms. Hann þekki einungis síðara framsal tékkans sem framsal meðákærða Jósafats. Hann geti ekki borið um, fyrir hvað greitt hafi verið með tékkanum.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá um tékkann í staflið 17, að hann hafi ritað bæði framsölin á bakhlið tékkans, eða framsölin Ragnar Guðmundsson og Jósafat Arngrímsson. Hann geti ekki rakið, fyrir hvað tékkinn hafi verið greiðsla, en

telji mjög sennilegt, að það hafi verið vegna einhverra viðgerðarstarfa, er meðákærði Eyþór eða jafnvel einhver annar aðili sá um.

Í skýrslu rithandarathugandans kemur fram það álit hans, að ákærði Jósafat hafi ritað bæði framsölin á tékkann í staflið 17, og vísar athugandinn til fyrri umsagnar um nafnritunina áliti sínu til styrktar.

Samkvæmt játningum ákærða Jósafats í frumframburðum fyrir dómi og að öðru leyti með vísan til framburða hans í málinu um skjalagerð, með vísan til framburðar meðákærða Eyþórs og samkvæmt niðurstöðu rithandarathugana þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi útbúið og undirritað reikningana í stafliðum 1, 3, 5, 7, 9, 11, 14 og 16 hér að framan nafninu Ragnar Guðmundsson og notað reikningana þannig í skiptum við bandaríska aðilja, er sáu um útgáfu greiðslutékka í samræmi við þá og lagðir hafa verið fram í málinu, að reikningi í staflið 16 frátöldum, sem dómurinn lítur á, að og hafi verið notaður í sama skyni. Afturhvarf ákærða að nokkru frá fyrri framburðum á lokastigi rannsóknarinnar telst ekki geta breytt sönnunarmati dómsins.

Með sömu röksemdum og hér að framan greinir þykir sannað, að ákærði Jósafat hafi framselt tékkana í stafliðum 2, 4, 6, 8, 10, 13, 15 og 17 hér að framan nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali utan tékkans í staflið 15, er ákærði framseldi eigi að nýju, og síðar fengið tékkana greidda í Sparisjóði Keflavíkur, svo sem tékkarnir bera með sér í stafliðum 2, 4, 8, 10, 13 og 17, í Kaupfélagi Suðurnesja, Keflavík, svo sem tékki í staflið 6 ber með sér, og á óþekktum stað, sbr. tékkann í staflið 15.

Á hinn bóginn þykir ósannað gegn andmælum ákærða Jósafats, að hann hafi eggjað meðákærða Eyþór til að rita framsalið Ragnar Guðmundsson á tékka í staflið 12 hér að framan til framvísunar þannig. Ber að sýkna ákærða Jósafat af þeim ákærulið.

Ákærði Jósafat telst með framferði því, sem lýst hefur verið að framan og sannað talið, gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með játningum ákærða Eyþórs, sem eru í samræmi við niðurstöðu rithandarathugana, telst sannað, að ákærði hafi framselt tékkann í staflið 12 hér að framan nafninu Ragnar Guðmundsson á undan eigin framsali og áður en ákærði fékk tékkann innleystan í Sparisjóði Keflavíkur, svo sem tékkinn ber með sér. Ósannað telst, að ákærði Jósafat hafi eggjað ákærða Eyþór á að fram-

kvæma framangreinda fölsun þrátt fyrir það, sem er að öðru leyti upplýst í málinu.

Með framantalinni háttsemi þykir ákærði Eyþór hafa gerzt sekur um brot á 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Samkvæmt upplýsingum bæjarfógetans í Keflavík barst á skrifstofu bæjarfógetans hinn 8. maí 1962 tilkynning til A-deildar verzlunarskrárinnar, þar sem Björgvin Guðmundsson, Hringbraut 64, Keflavík, tilkynnir, að hann reki fyrirtæki undir nafninu Guðmundur Jónsson með þeim tilgangi að hafa með höndum verklegar framkvæmdir. Firmað reki hann sem sérstakur skattaðili og firmað riti hann þannig: Guðmundur Jónsson, Björgvin Guðmundsson. Dagsetning firmatilkynningarinnar er 27. febrúar 1961, og er tilkynningin undirrituð Björgvin Guðmundsson, en frumrit tilkynningarinnar er eitt af gögnum dómsins.

Firmaskráningin er auglýst í 59. tölublaði Lögbirtingablaðsins, 26. maí 1962.

Samkvæmt III. kafla ákæru, I. þáttar, er ákærða Jósafat Arngrímssyni gefið að sök að hafa breytt ártalinu í tilkynningunni úr 1962 í 1961 án vitundar og heimildar Björgvins Guðmundssonar. Verður nú rakið það, sem upplýstist um það atriði við rannsókn málsins.

Svo sem getið hefur verið, er frumrit tilkynningarinnar eitt af gögnum dómsins. Ragnar Vignir, aðalvarðstjóri tæknideildar rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík, hefur að beiðni dómsins athugað frumrit tilkynningarinnar. Í athugasemd hans um það atriði segir svo: „Ekkert virðist athugavert við hinn vélritaða texta á tilkynningareyðublaðinu, fyrr en komið er að dagsetningu hennar, en þá sést greinilega með berum augum, að strokað hefur verið út af blaðinu á þeim kafla, sem nú stendur febrúar 1961 (en tilkynningin er dags. 27. febrúar 1961). Þetta sést ennþá greinilegar í skoðunarsmásjá. Ekki er hægt að segja, hvað þarna hefur áður staðið, svo rækilega hefur það verið strokað út. Allur hinn vélritaði texti er skrifaður á ritvél, sem hefur minni stafagerðina, Elite, þar sem 12 stafir taka yfir hvern lengdarþumlung".

Framburðir ákærða Jósafats, ákærða Alberts Karls Sanders og vitna verða nú raktir um þennan lið ákærunnar.

Vitnið Guðmundur Jónsson skósmiður, til heimilis Kirkjuvegi

11, Selfossi, hefur borið svo fyrir dómi, eftir að því hafði verið sýnt ljósrit af nefndri firmatilkynningu, að sig hafi rámað í það, að sonur sinn Björgvin Einar Guðmundsson málari, til heimilis að Hringbraut 64 í Keflavík, hafi eitthvað verið að tala um það við sig í síma, að því er vitnið minnir, vorið 1962, að fá að nota nafn vitnisins í sambandi við stofnun fyrirtækis, er Björgvin tjáði vitninu, að hann væri að stofna í Keflavík. Vitnið man ekki að greina hverjar ástæður Björgvin nefndi í sambandi við stofnun væntanlegs fyrirtækis né hver tilgangur þess mundi verða, en Björgvin hefði talað um það, að stofnunin mundi verða til hagræðis fyrir hann.

Um tilkynninguna hefur Björgvin Einar Guðmundsson skýrt svo frá fyrir dómi, að litlu eftir að hann hóf störf í Kassagerð Suðurnesja, svo sem fyrr er rakið, snemma árs 1962, og eftir að hann, að beiðni ákærða Jósafats, lofaði að kannast við fyrirtækið Guðmundur Jónsson, hafi hann undirritað tilkynninguna til verzlunarskrárinnar nafni sínu. Hann hafi engan veg né vanda haft af því að útbúa tilkynninguna né koma henni á framfæri. Tilkynningin hafi verið dagsett einhvern tíma í febrúar 1962, er hann undirritaði hana. Því hafi tilkynningunni verið breytt eftir undirritun hans.

Kyrir dómi hinn 17. febrúar 1964 skýrði ákærði Jósafat svo frá um tilkynninguna, að hann teldi mjög sennilegt og rámaði reyndar í það að hafa beðið skrifstofumann sinn við Fasteignasölu Suðurnesja, Albert Karl Sanders, að útbúa tilkynninguna snemma árs 1962. Hann muni það, að hann hafi beðið Albert Karl Sanders að dagsetja tilkynninguna 1961 og koma henni til skrifstofu bæjarfógeta. Hann muni ekki til þess að hafa séð tilkynninguna. Stanley Roff hafi óskað eftir því við sig, að firmað Guðmundur Jónsson yrði skráð og tilkynning um skráningu dagsett 1961 fyrir framkvæmd verksins við endurnýjun samkvæmissalar K.C.O.M.

Fyrir dómi hinn 10. apríl 1965 skýrði ákærði Albert Karl Sanders svo frá, að það hefði sennilega verið um vorið 1962, sem ákærði Jósafat lagði inn á skrifstofu Kassagerðar Suðurnesja, þar sem hann starfaði þá, skjal um stofnun hlutafélags, að því er hann minnir, með heitinu Guðmundur Jónsson. Björgvin Guðmundsson, verkstjóri í Kassagerðinni, hafi átt að undirrita skjalið að beiðni ákærða Jósafats. Björgvin hafi undirritað skjalið, en hann hafi farið með skjalið í skrifstofu bæjarfógetans í Keflavík. Hann hafi engan þátt átt í því að útbúa skjal þetta og efni þess

sé eigi skýrt í minni sínu. Hann muni ekki um dagsetningar á skjalinu. Í samprófun ákærða Jósafats og Alberts Sanders sama dag héldu báðir aðiljar við fyrri framburði sína. Ákærði Jósafat taldi þannig, að Sanders hefði útbúið skjalið að beiðni sinni, en Sanders sjálfur taldi útilokað, að hann hefði útbúið slíkt skjal.

Hinn 11. október s.l. bar ákærði Jósafat á sama veg um tilkynninguna, eða að hann hafi beðið Albert Karl Sanders að útbúa hana til verzlunarskrárinnar og fá síðan Björgvin Guðmundsson til að undirrita tilkynninguna. Tilkynninguna hafi hann hins vegar ekki séð utan dóms. Hann hafi beðið Sanders að annast þetta annað hvort seint á árinu 1961 eða snemma árs 1962. Ákærði Jósafat hefur þá skýrt frá, að ekki fari á milli mála, að tilkynningin sé dagsett mjög miklu fyrr en hún er rituð.

Fyrir dómi hinn 13. október s.l. skýrði Albert Karl Sanders svo frá um firmatilkynninguna, að hann væri viss um það að hafa ekki útbúið tilkyninguna. Hins vegar hafi Björgvin Guðmundsson undirritað tilkynninguna í skrifstofu Kassagerðarinnar og skilið hana eftir þar. Björgvin hafi undirritað tilkynninguna í marz eða apríl 1962. Hann hafi ekki sjálfur athugað um dagsetningu tilkynningarinnar. Hann hafi síðan farið með tilkynninguna til bæjarfógeta, annað hvort sama daginn og Björgvin undirritaði hana eða næsta dag eða þegar er ákærði Jósafat bað hann að fara með tilkynninguna. Þá hafi þeir meðákærði Jósafat verið staddir í skrifstofu Kasssagerðarinnar. Meðákærði Jósafat hafi þá litið á tilkynninguna og beðið hann að því búnu að koma henni til bæjarfógetans. Ákærði Jósafat hafi haft lykla að skrifstofu Kassagerðarinnar, er skjalið var undirritað, en hins vegar telji hann útilokað, að Jósafat hafi getað breytt dagsetningu skjalsins, eftir að ákærði Jósafat leit á skjalið í viðurvist hans. Sama dag skýrði vitnið Björgvin Guðmundsson svo frá fyrir dómi, að það hafi undirritað tilkynninguna að beiðni ákærða Jósafats og undirritunin hafi farið fram í skrifstofu Kassagerðarinnar. Albert Karl Sanders hafi verið viðstaddur undirritunina, en undirritunin hafi farið fram í febrúar 1962, eða að minnsta kosti snemma árs 1962. Það muni það glöggt, að tilkynningin hafi verið dagsett um svipað leyti og það undirritaði hana á árinu 1962. Það fullyrði, að ártalið á tilkynningunni hafi að minnsta kosti verið breytt eftir undirritun þess.

Svo sem rakið hefur nú verið hér að framan, má telja fullvíst, að tilkynningin til verzlunarskrárinnar hafi verið útbúin fyrir tilstilli ákærða Jósafats Arngrímssonar í því skyni, að vitnið

Björgvin Einar Guðmundsson undirritaði hana og tilkynningunni yrði síðar komið á framfæri til skráningar, sem og varð úr. Á hinn bóginn, enda þótt gjalda megi nokkrum varhug við framburðum ákærða Jósafats um það, að hann hafi ekki séð tilkynninguna utan dóms, sbr. það, sem rakið er eftir Albert Karli Sanders hér að framan, þá þykir ekki komin fram sönnun þess, að ákærði Jósafat hafi breytt dagsetningu tilkynningarinnar, frá því að hún var rituð, sem telja verður, að hafi farið fram snemma árs 1962, og ber því að sýkna ákærða Jósafat af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt III. kafla ákæru.

II. þáttur.

I.

Með bréfi Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns til saksóknara ríkisins, dags. 18. febrúar 1964, fer lögmaðurinn þess á leit við saksóknara fyrir hönd póst- og símamálastjórnarinnar, að látin verði fara fram opinber rannsókn vegna ætlaðs tékkamisferlis við pósthúsið á Keflavíkurflugvelli. Bréfi hæstaréttarlögmannsins fylgdi svohljóðandi greinargerð póst- og símamálastjórnarinnar:

„Laugardaginn 8. febrúar 1964 gerði Þórður Halldórsson skil til pósthússins á Keflavíkurflugvelli fyrir janúarmánuð við póststofuna í Reykjavík, sem það heyrir undir. Það vakti þá athygli, að þeim fylgdi óvenju mikið magn af lausum peningum auk 3 tékka, útg. af Ísfélaginu í Keflavík á Sparisjóðinn í Keflavík, samtals að upphæð kr. 507.275.89. Hinn elzti tékkanna reyndist vera útgefinn 9. janúar. Þessir tékkar voru strax eftir helgina, eða 10. febrúar, sendir Landsbanka Íslands til innheimtu.

Vegna áðurnefndrar athygli á óvenjulegum skilum fyrir janúarmánuð var Sveini Þórðarsyni aðalendurskoðanda pósts og síma falið að gera athugun á pósthúsinu í Keflavík, og var hún gerð 11. febrúar. Upplýstist þá, að þar lágu 8 tékkar, samtals að upphæð kr. 2.159.969.53, allir útgefnir 3., 5. og 6. febrúar af Ísfélagi Keflavíkur h/f á Sparisjóðinn í Keflavík. Aðalendurskoðandinn kveður sig þá hafa spurt Þórð, hvort hann hefði kynnt sér, að innstæða væri fyrir þessum tékkum og hefði Þórður játað því. Næsta morgun (12. febrúar) hringdi Matthías Guðmundsson, póstmeistari í Reykjavík, til Sparisjóðsins í Keflavík og spurði um innstæðu fyrir tékkunum og var svarað, að innstæða væri ekki fyrir hendi. Sama dag (12. febrúar) fóru þeir Sveinn Þórðar-

son aðalendurskoðandi og Matthías Guðmundsson, póstmeistari í Reykjavík, til pósthússins á Keflavíkurflugvelli til þess að gera úttekt þar og setja annan mann sem forstöðumann pósthússins þar til bráðabirgða í stað Þórðar Halldórssonar, sem þá átti að víkja frá um stundarsakir.

Þegar þeir komu þangað, var upplýst, að Þórður Halldórsson hefði sama morgun farið til Akureyrar, og var því ekki hægt að framkvæma úttektina þá, þar sem Þórður var með lyklana að skjala- og peningavörzlu pósthússins. Var þórður væntanlegur aftur um hádegi daginn eftir (13. febrúar), en vegna vélbilunar flugvélar komst Þórður ekki til Reykjavíkur fyrr en þá um kvöldið og var þá boðaður á fund póst- og símamálastjóra næsta morgun (14. febrúar). Á þeim fundi voru auk póst- og símamálastjóra og Þórðar Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi, Matthías Guðmundsson póstmeistari og Sveinn Þórðarson, aðalendurskoðandi stofnunarinnar. Þar lagði Þórður fram beiðni um, að uppsögn sín, sem hann hafði lagt fram í október s.l., tæki gildi þegar í stað. Þórður viðurkenndi þá, að hann hefði ekki kynnt sér, hvort innstæða væri fyrir hendi fyrir tékkunum, er hann keypti þá, svo sem honum hefði borið samkvæmt gildandi reglum. Á fundinum var ákveðið, að fulltrúi frá ríkisendurskoðuninni ásamt póstmeistaranum í Reykjavík og aðalendurskoðanda stofnunarinnar o. fl. færu strax suður á Keflavíkurflugvöll til þess að gera endurskoðun og úttekt á pósthúsinu þar og afhenda forstöðu þess til Reynis Ásmundssonar póstvarðstjóra í Reykjavík.

Þessu starfi lauk samdægurs (14. febrúar) um miðnætti, og staðfestist fyrri uthugun um hina misnotuðu tékka. Var farið með þá 8 tékka, sem voru útgefnir af Ísfélagi Keflavíkur h/f á Sparisjóðinn í Keflavík, til sparisjóðsins, sem staðfesti með stimplun, að innstæða væri ekki fyrir hendi til að innleysa þá.

Póst- og símamálastjóri ræddi síðan málið við póst- og símamálaráðherra og ríkisendurskoðanda, og var ákveðið að óska eftir opinberri rannsókn á því.

Landsbankinn var inntur eftir þeim 3 tékkum frá janúarmánuði, sem höfðu (10. febrúar) verið afhentir bankanum til innheimtu, og hafði ekki reynzt innstæða fyrir þeim, og voru þeir afhentir aftur póstmeistaranum í Reykjavík.

Hinir 11 misnotuðu tékkar eru allir útgefnir af Albert H. Sanders fyrir hönd Ísfélags Keflavíkur á reikning nr. 40 í Sparisjóðnum í Keflavík. Nánari sundurliðun þeirra er sem hér segir:

Tékki nr.	69407,	útgefinn	9.	jan.	1964,	upphæð kr.	198.756.36
— -	69411,	—	13.	—	—	— —	268.519.53
— -	69427,	—	30.	—	—	— —	40.000.00
— -	69419,	—	3.	febr.	—	— —	291.098.00
— -	69420,	—	3.	—	—	— —	467.500.00
— -	69421,	—	3.	—	—	— —	383.651.00
— -	69422,	—	5.	—	—	— —	368.361.41
— -	69423,	—	6.	—	—	— —	187.710.50
— -	69424,	—	6.	—	—	— —	122.000.00
— -	69425,	—	6.	—	—	— —	78.342.52
— -	69426,	—	6.	—	—	— —	261.306.10

Samtals kr. 2.667.045.42

Tékkarnir eru nú í vörzlu póstmeistarans í Reykjavík.

Hér með fylgja reglur um kaup pósthúsa á ávísunum og tékkum frá 13. desember 1956, birtar í Póst- og símatíðindum nr. 11.—12., nóvember—desember 1956, og ítrekað í Póst og símatíðindum nr. 5.—7., maí—júní 1960.

Virðingarfyllst,
G. Briem".

Fram skal tekið, að samlagningarskekkja er á heildarupphæð hinna 11 tékka í greinargerðinni, svo sem fram kemur í ákæru. Heildarupphæðin er kr. 2.667.245.42.

II.

Með umboðsskrá dómsmálaráðherra, dags. 24. febrúar 1964, var dómari máls þessa skipaður samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála „til að fara með rannsókn vegna meints misferlis í starfrækslu pósthússins á Keflavíkurflugvelli svo og vegna fjármálaviðskipta þeirra aðilja, sem þar áttu innstæðulausa tékka," og enn fremur „til þess að kveða upp dóm í málinu, ef til málshöfðunar kemur".

Dómsrannsókn þessa þáttar málsins hófst hinn 26. febrúar 1964. Endurrit þeirrar rannsóknar var sent saksóknara ríkisins til ákvörðunar 8. júní 1964. Að framhaldsrannsóknum loknum höfðaði saksóknari mál þetta með ákæru, útgefinni 27. apríl s.l. Framhaldsrannsóknir hafa verið háðar í málinu eftir útgáfu ákæru.

Meðal gagna, er dómurinn fékk til afnota, var endurrit úr sakadómsbók Keflavíkurkaupstaðar. Í endurritinu kemur fram, að hinn 14. febrúar s.l. hafi ákærðu Albert Karl Sanders og Áki Guðni Gränz komið ótilkvaddir til bæjarfógetans í Keflavík og

gefið þar skýrslu fyrir dómi, þar sem þeir meðal annars greina frá útgáfu og hagnýtingu innstæðulausra tékka, er þeir höfðu staðið að í þeim mánuði vegna Ísfélags Keflavíkur h/f til að halda við keðju innstæðulausra tékka, er seldir höfðu verið í pósthúsinu á Keflavíkurflugvelli, en framburðir þeirra verða nánar raktir hér á eftir.

Við rannsókn málsins hefur komið fram, að bréfhirðingu hafi verið komið á fót á Keflavíkurflugvelli á stríðsárunum síðari. Vegna kringumstæðna þróaðist sú bréfhirðing upp í það að verða póstafgreiðsla, sem hefur séð um allar venjulegar póstafgreiðslur, líkt og önnur pósthús í landinu. Póstafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli hefur ætíð heyrt undir póstmeistarann í Reykjavík og hefur starfað sem nokkurs konar útibú pósthússins í Reykjavík. Fjármálaviðskipti hafa verið gerð upp mánaðarlega að minnsta kosti, þannig að póstafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli hefur skilað gjaldkera pósthússins í Reykjavík uppgjöri samkvæmt sérstökum reikningi tólf sinnum á ári, og hefur hvert uppgjör um sig verið fullkomin skilagrein hvers mánaðar. Er rannsókn máls þessa hófst, hafði ákærði Þórður Einar Halldórsson verið í fyrirsvari fyrir póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli í um 14 ár. Í fyrstu sem póstfulltrúi, en hin síðari ár sem póstvarðstjóri.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Matthías Guðmundsson, póstmeistari í Reykjavík, 50 ára að aldri. Vitnið hefur skýrt svo frá, að mánaðaruppgjör Þórðar hafi jafnan verið sett inn í uppgjör pósthússins í Reykjavík, sem einnig gerir upp fjármálaviðskipti mánaðarlega. Vitnið fylgdist með mánaðaruppgjörum Þórðar hjá aðalgjaldkera. Uppgjörið reyndist jafnan rétt, og ávísanir, er Þórður sendi, komu aldrei til pósthússins í Reykjavík til baka vegna innstæðuleysis.

Að morgni mánudagsins 10. febrúar 1964 sá vitnið uppgjör Þórðar hjá aðalgjaldkera. Vitnið rak strax augun í það, að í uppgjörinu virtist óvenjulega mikið af seðlum. Vitnið athugaði nú skýrslur, er fylgdu uppgjörinu. Í skýrslunum sá vitnið, að mest af viðskiptunum í janúarmánuði höfðu farið fram fyrri part þess mánaðar, og þótti vitninu athugavert, að ákærði Þórður hafði ekki gert skil fyrr til bráðabirgða, en vitnið kveður, að ákærða Þórði hafi verið bent á það bæði af endurskoðendum og aðalgjaldkera pósthússins í Reykjavík að gera slík bráðabirgðauppgjör utan hinna föstu mánaðaruppgjöra, ef mikið fé bærist að. Vitninu fannst einnig óvenjulegt, að engin bráðabirgðaskil voru gerð vegna hinna 8 daga, er liðnir voru af febrúarmánuði, er

uppgjörið fór fram, en ef viðskiptin í febrúar hefðu verið í samræmi við janúarviðskiptin, hefði þegar átt að liggja í kassa póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli töluvert fé, eða nokkur hundruð þúsund krónur. Við þessar athuganir vitnisins vöknuðu grunsemdir þess um, að allt væri ekki með felldu í fjármálarekstri pósthússins á Keflavíkurflugvelli. Vitnið setti sig þegar í samband við aðalendurskoðanda póst- og símamálastjórnarinnar, Svein Þórðarson, og bað hann að fylgjast með uppgjöri aðalgjaldkera vitnisins á janúarviðskiptum pósthússins á Keflavíkurflugvelli. Sama dag bað vitnið aðalendurskoðandann að framkvæma endurskoðun í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, og fór sú endurskoðun fram 11. sama mánaðar, svo sem um getur í greinargerð póst- og símamálastjóra. Endurskoðunina framkvæmdu vitnið Sveinn Þórðarson og vitnið Engilbert Sigurðsson fulltrúi. Við endurskoðunina kom í ljós, að í kassa póstafgreiðslunnar lágu 8 tékkar, samtals að upphæð kr. 2.159.969.53, allir útgefnir 3., 5. og 6. febrúar 1964 af Albert K. Sanders pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f á Sparisjóðinn í Keflavík. Vitnið setti sig í samband við sparisjóðsstjórann í Keflavík hinn 12. febrúar 1964, Guðmund Guðmundsson, eftir að hafa fengið uppgefna tékkaupphæðina hjá aðalendurskoðandanum, og spurðist vitnið fyrir um innstæðu tékkanna. Innstæða reyndist ekki vera fyrir tékkunum 8. Enn fremur reyndust tékkar þeir, útgefnir af sama aðilja 9., 13. og 30. janúar 1964, en þeir tékkar fylgdu janúaruppgjöri póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli, innstæðulausir og voru endursendir pósthúsinu í Reykjavík. Framhald aðgerða í málinu kveður vitnið koma fram í greinargerð um tékkamál hjá póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, sem tekin eru upp í dóm þennan, en vitnið stóð að samningu greinargerðarinnar með póst- og símamálastjóra og hefur staðfest greinargerðina rétta eftir því sem það hefur getað borið um.

Svo sem fram kemur í greinargerðinni, var fundur haldinn hinn 14. febrúar 1964 með ákærða Þórði Einari, og hafa allir þeir, er fundinn sátu, komið fyrir dóm til skýrslugerðar.

Hinn 5. marz 1964 kom fyrir dóm sem vitni Gunnlaugur Briem, póst- og símamálastjóri, til heimilis að Ægissíðu 60 hér í borg. Vitnið hefur greint svo frá, að ákærði Þórður Einar hafi á fundi þeim, er haldinn var 14. febrúar 1964 viðurkennt að hafa um nokkurt skeið keypt tékka vegna póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli án þess að athuga um innstæður þeirra. Vitnið kveður, að Þórður hafi viðurkennt á fundinum að hafa brotið reglur

pósthúsa um kaup á tékkum með þessu framferði. Vitnið kveður Þórð hafa greint frá því á fundinum, að hann, Þórður, hafi komizt að því haustið 1963, að keðjuaðferð eða keðjustarfsemi ætti sér stað í sambandi við tékka, er póstafgreiðslan keypti. Ákærði Þórður hafi skýrt frá því, að hann, Þórður, hefði talið, er hann komst að þessu, að keðjustarfsemi þessi væri komin á það stig, að hann væri of seinn með það að snúa sér til yfirboðara sinna í Reykjavík. Vitnið kveður, að ekki hafi komið fram á fundinum, að ákærði Þórður Einar teldi sig ekki vita um reglur um tékkakaupin, heldur þvert á móti hafi Þórður viðurkennt að hafa brotið reglur pósthúsanna með því að kaupa tékkana án þess að athuga um innstæður fyrir þeim. Vitnið hefur staðfest áðurnefnda greinargerð rétta, en vitnið stóð að samningu hennar.

Hinn 5. marz 1964 kom fyrir dóm sem vitni Matthías Guðmundsson póstmeistari. Vitnið hefur skýrt svo frá fundinum hinn 14. febrúar 1964, að þar hafi Þórður Einar óskað þess, að uppsögn, er hann hafði lagt fram í október 1963, tæki strax gildi. Vitnið heyrði Þórð viðurkenna, að hann, Þórður, hefði ekki kynnt sér, hvort innstæður væru fyrir tékkum, er hann hafði keypt í janúar- og febrúarmánuðum 1964. Þórður viðurkenndi við þetta tækifæri, að með þessu hefði hann brotið gildandi reglur um kaup tékka á pósthúsinu.

Hinn 5. marz 1964 kom einnig fyrir dóm vitnið Einar Bjarnason ríkisendurskoðandi, til heimilis að Glaðheimum 8 hér í borg. Um fundinn með ákærða Þórði Einari 14. febrúar 1964 hefur vitni þetta skýrt svo frá: Á fundinum viðurkenndi Þórður póstvarðstjóri að hafa keypt um nokkurt skeið nokkra tékka án þess að athuga um innstæður þeirra. Með þessu viðurkenndi Þórður berum orðum að hafa brotið reglur pósthússins. Þórður póstvarðstjóri skýrði frá því meðal annars, að haustið 1963 hefði hann keypt tékka án þess að athuga um innstæðu tékkans. Síðar hefði hann komizt að því, að tékkinn reyndist innstæðulaus, en eftir þetta kvaðst Þórður hafa keypt í nokkur skipti tékka, án þess að athuga nokkuð um innstæður, af sama aðilja. Vitnið hefur tekið fram, að samtalið hafi gengið út á það að ræða tékkaviðskipti Ísfélags Keflavíkur eingöngu við pósthúsið á Keflavíkurflugvelli.

Hinn 6. marz 1964 kom fyrir dóm sem vitni Sveinn Helgi Þórðarson aðalendurskoðandi, til heimilis að Öldugötu 9, Hafnarfirði. Vitnið kom inn á fundinn með ákærða Þórði Einari hinn 14. febrúar 1964. Vitnið hefur greint svo frá, að við það tækifæri

hafi ákærði Þórður Einar óskað þess, að fyrri uppsögn sín tæki þegar gildi. Vitnið kveður, að ákærði Þórður Einar hafi sagt við þetta tækifæri eitthvað í þá áttina, að hann, Þórður, hefði vitað, hvernig komið hefði verið á s.l. ári (1963), að ekki var til fyrir tékkunum í póstafgreiðslunni. Vitnið kveður Þórð hafa borið eitthvað fyrir sig um það, af hverjum ástæðum hann tilkynnti ekki yfirboðurum sínum það þá. Minnir vitnið, að Þórður hafi gert sér vonir um, að málið leystist. Vitnið Sveinn Helgi Þórðarson framkvæmdi sjóðskoðun í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli hinn 11. febrúar 1964. Vitnið kom fyrir dóm hinn 4. marz 1964 og gaf skýrslu um þá skoðun. Fyrir dóminum skýrði vitnið meðal annars svo frá, að við skoðunina hafi komið í ljós, að tékkar, útgefnir af Albert K. Sanders fyrir hönd Ísfélags Keflavkur h/f, samtals að upphæð röskar kr. 2.100.000.00, hafi legið í kassa póstafgreiðslunnar. Vitnið man það, að það spurði Þórð póstvarðstjóra þá, hvort hann, Þórður, hefði athugað, hvort innstæður væru fyrir tékkunum. Vitnið kveður, að Þórður hafi svarað því svo til, að hann hefði gert það. Vitnið kveður, að Þórður hafi bætt því við, að forráðamenn fyrirtækisins hefðu átt löng og mikil viðskipti við póstafgreiðsluna, án þess að nokkuð hefði komið fyrir. Vitnið hefur og greint svo frá, að það hafi gert sjóðtalningu í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli í marzmánuði 1963, þá var óvenju mikið fé í sjóðnum, meira en almennt gerist á pósthúsum. Vitnið man það ljóst, að við þetta tækifæri benti það Þórði póstvarðstjóra á það að láta ekki svo mikið fé liggja í kassa póstafgreiðslunnar. Vitnið lagði fyrir Þórð að sjá til þess að senda til Reykjavíkur fé utan hinna mánaðarlegu uppgjöra, ef mikið fé bærist póstafgreiðslunni. Vitnið kveður ákærða Þórð hafa tekið vel í þetta.

Hinn 4. marz 1964 kom einnig fyrir dóm vitnið Engilbert Sigurðsson fulltrúi, Eskihlíð 18 hér í borg. Vitnið vann að sjóðtalningu í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli 11. febrúar 1964 undir stjórn vitnisins Sveins Þórðarsonar. Vitnið man til þess, að Sveinn aðalendurskoðandi spurði Þórð Halldórsson póstvarðstjóra um tékka þá, er lágu í kassa póstafgreiðslunnar við það tækifæri. Vitnið hefur ekki getað greint frá því, hvernig orð féllu, en minnir, að Sveinn endurskoðandi hafi spurt ákærða Þórð eitthvað í þá áttina, hvort tékkarnir væru ekki góðir. Vitnið man til þess, að Þórður svaraði eitthvað í þá áttina, að ástæðulaust væri að ætla, að tékkarnir væru innstæðulausir, þar sem tékkar frá þessum fyrirtækjum hefðu ekki brugðizt.

III.

Í desembermánuði 1960 keyptu þeir ákærðu Jósafat og Áki ásamt Ólafi Thordersen, þá fríhafnarstjóra á Keflavíkurflugvelli, til heimilis að Grænási 1, Keflavíkurflugvelli, Verzlunarfélagið Kyndil h/f. Stjórnarformaður fyrirtækisins var skráður ákærði Áki Guðni, en prókúruhafi ákærði Jósafat. Fjármálin voru í höndum ákærða Jósafats, sem einnig var framkvæmdastjóri. Þó sá ákærði Áki Guðni um fjármál í undantekningartilfellum, er Jósafat var ekki viðlátinn. Fyrirtækið starfaði í Keflavík og rak þar smásöluverzlun. Í desembermánuði 1961 keyptu sömu aðiljar fyrirtækin Prentsmiðju Suðurnesja h/f og Kassagerð Suðurnesja h/f. Eignaskipting var hin sama og um verzlunarfyrirtækið Kyndil, hver aðilja átti ⅓ hluta fyrirtækjanna. Hin tvö síðastnefndu fyrirtæki störfuðu lítið í upphafi, og sýndu þau taprekstur. Um mitt ár 1962 óskaði Ólafur Thordersen eftir því að selja hluta sína í framangreindum fyrirtækjum. Frá sölunni var formlega gengið um áramót 1962—1963. Ákærði Jósafat keypti einn eignarhluta Ólafs í fyrirtækjunum. Um mitt ár 1962 keyptu ákærði Jósafat og ákærði Áki Guðni fyrirtækið Ísfélag Keflavíkur h/f. Ákærði Jósafat var í upphafi formaður stjórnar og framkvæmdastjóri með prókúruumboði. Fram hafði komið hugmynd fyrri eiganda síðastnefnds fyrirtækis um að breyta fasteign fyrirtækisins í nýtízku frystihús. Hinir nýju eigendur ákváðu að hrinda hugmynd þessari í framkvæmd. Ákærði Áki Guðni sá að mestu um verklegar framkvæmdir, en ákærði Jósafat um fjármál. Á miðju ári 1963 réðist til fyrirtækisins ákæri Albert Karl. Í ráði var, að ákærði Albert tæki við rekstri frystihússins, er það tæki síðar til starfa. Úr varð, að ákærði Albert Karl tók við prókúruumboði í októbermánuði 1963 fyrir Ísfélag Keflavíkur h/f. Ákærði Albert Karl vann samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar hverju sinni. Framangreindur háttur var á um fyrirtæki þetta, þar til rannsókn máls þessa hófst.

Upplýst er í máli þessu, að framangreind fyrirtæki sendu peningasendingar í gegnum póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, svo sem nánar verður rakið.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat lýst upphafi á útgáfu tékka, er ekki höfðu innstæðu, á þann hátt, að við athugun á reikningsyfirliti viðskiptareiknings Kyndils h/f við Sparisjóðinn í Keflavík hafi sézt, að tékkar fyrirtækisins, er seldir höfðu verið í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli sem greiðslur í símapóstávísunum, er fyrirtækið hafði greitt með skuldir, komu ekki í

sparisjóðinn til innlausnar fyrr en fyrstu daga í næsta mánuði eftir útgáfudag þeirra. Athugun þessi hafi farið fram í janúarmánuði 1962. Honum og Ólafi Thordersen hafi komið saman um, að með því að selja tékka í póstafgreiðslunni á flugvellinum, án þess að innstæður væru fyrir tékkunum, væri mjög sennilegt, að takast mætti að afla stuttra lána vegna tímans, er leið frá söludegi til innlausnardags tékkanna. Hann, meðákærði Áki Guðni, og Ólafur hafi orðið ásáttir um að reyna að afla Kyndli rekstrarfjár á þennan hátt.

Fyrir dómi hefur nefndur Ólafur neitað því, að hann hafi tekið þátt í bollaleggingum um að afla Kyndli lána, svo sem lýst hefur verið. Á hinn bóginn hafi ákærði Jósafat skýrt honum frá því, að hann, Jósafat, gæfi stundum út tékka vegna Kyndils h/f án innstæðu í því trausti, að tékkarnir kæmu ekki fyrr en eftir ákveðinn tíma í sparisjóðinn. Þar sem um óverulegar upphæðir hafi verið að ræða, er hægt hefði verið að greiða í reiðufé, kvaðst Ólafur ekki hafa gert athugasemdir um þetta. Framburð Ólafs, er rakið hefur verið úr, hefur ákærði Jósafat við samprófun talið réttan.

Ákærði Jósafat hefur greint frá því, að í febrúarmánuði 1962 hafi hann fyrir alvöru byrjað á útgáfu innstæðulausra tékka pr. pr. Kyndill h/f á hlaupareikning félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík. Hann hafi greitt með tékkum þessum í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli símapóstávísanir, en féð raunverulega runnið til sendanda, og þannig hafi verið komið á fót „keðjutékkafyrirkomulagi". Í fyrstu hafi hann jafnan gefið út tékkana pr. pr. Kyndill h/f. Þá hafi einnig verið gripið til þess ráðs að gefa út tékka pr. pr. Kassagerð Suðurnesja h/f. Þá tékka hafi meðákærði Albert Karl, er var prókúruhafi við fyrirtækið, gefið út. Meðákærði Albert Karl hafi á hinn bóginn ekki verið settur inn í það, í hverjum tilgangi tékkarnir voru útgefnir. Hann hafi útbúið skrá yfir sendendur og móttakendur og í fyrstu sent skrifstofustúlku sína með skrárnar og greiðslutékkana í póstafgreiðsluna. Upphæðir hinna innstæðulausu tékka hefðu farið vaxandi, sérstaklega eftir kaup Ísfélagsins, en þá hafi hann gefið út tékkana sem prókúruhafi í fyrstu. Er meðákærði Albert Karl hafi tekið við prókúruumboði sínu haustið 1963, hafi hann undirritað tékkana. Sjálfur hafi hann útfyllt tékkana og komið þeim í veltuna ásamt meðákærða Áka Guðna, en meðákærða Albert Karli hafi ekki verið ljóst, hvernig í málum lá.

Eftir að símapóstávísanirnar höfðu verið sendar, hefði hann,

ákærði Jósafat, sótt þær nærri undantekningarlaust til aðiljans í Reykjavík, er sendingin hljóðaði á, nema um beinar greiðslur hefði þá verið að ræða. Þeir aðiljar, sem tekið höfðu á móti peningunum í Reykjavík, hefðu fengið þær skýringar, að þar sem hann, ákærði Jósafat, væri staddur í Reykjavík og vantaði reiðufé í sambandi við viðskipti, en hefði enga fasta addressu og ekki væri hægt að senda í rútu, væri þessi leið farin að senda til þeirra. Aðiljarnir, er veittu fénu móttöku, hafi ekki um það vitað, að nokkuð væri athugavert við sendingarnar. Um hver mánaðamót, er uppgjör hafi farið fram í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, hafi sömu veltunni verið haldið gangandi. Þá daga, sem liðu til að koma sendingu upp í sömu upphæð og voru mánuðina á undan, hafi hann, ákærði Jósafat, alltaf átt innskot hjá einstaklingum og bankastofnunum frá 7—20 dögum. Hann telji, að um mánaðamótin janúar og febrúar 1964 hafi tékkaupphæðin í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli verið ca. kr. 2.000.000.00 og enda þótt sú upphæð kunni að hafa aukizt, skoði hann sig persónulega ábyrgan á þeim tékkum Ísfélagsins h/f, er þar reyndust vera innstæðulausir við athugun, enda hafi það aldrei verið ætlun sín, að einn eða neinn skaðaðist persónulega á honum eða fyrirtækjum þeim, er hann á í.

Fyrir dómi hinn 3. marz 1964 skýrði ákærði Áki Guðni meðal annars svo frá, að starfskipting þeirra eigenda Ísfélags Keflavíkur hafi verið mjög skýr. Hann hafi séð um verklegar framkvæmdir við fasteign félagsins, en meðákærði Jósafat hafi séð um fjármálin. Eftir að meðákærði Albert Karl hafi fengið prókúruumboð sitt, hafi hann að einhverju leyti séð um fjármálin. Í fyrstu hafi starfsemi félagsins gengið vel að mati hans og hafi hann ekki rennt grun í það, að allt væri ekki með felldu um fjármálin fyrr en síðari hluta árs 1963. Þá hafi grunsemdir hans vaknað um, að fjárhagur Ísfélagsins væri ekki sem beztur. Síðustu mánuði ársins 1963 hafi meðákærði Jósafat oft sent hann upp í póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli til að senda símapóstávísanir til ýmissa aðilja í Reykjavík. Símapóstávísanir þessar hafi verið greiddar með tékkum, annað hvort frá Ísfélaginu eða öðrum fyrirtækjum, er meðákærði Jósafat átti í og stjórnaði. Ákærði Jósafat hafi sagt honum, að sending símapóstávísananna stæði í sambandi við, að meira fé vantaði í fyrirtækin. Meðákærði Jósafat hafi útskýrt það fyrir honum, að tékkarnir, sem voru endurgjald fyrir símapóstávísanirnar, væru ekki innleystir í póstafgreiðslunni utan einu sinni í mánuði og þannig hefði hann

hugsað sér að ná inn í fyrirtækin rekstrarfé með því að senda slíkar símapóstávísanir, sækja andvirði símapóstávísananna til móttakanda og nota féð í reksturinn. Sending á símapóstávísunum hafi farið fram um hver mánaðamót síðustu þrjá mánuði ársins 1963, þannig að síðustu sendingarnar, er meðákærði Jósafat hafi séð um, hafi farið fram í janúar 1964. Meðákærði Jósafat hafi frá fyrstu tíð séð um fjármálahlið fyrirtækisins. Hann hafi treyst Jósafat til þess að sjá um fjármálin. Hann hafi því ekki fylgzt með viðskiptunum við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli með nákvæmni. Þannig hafi hann ekki vitað um samanlagðar upphæðir tékka, er lágu innstæðulausir frá fyrirtækjum þeirra meðákærða Jósafats í póstafgreiðslunni hverju sinni. Hann telji, að meðákærði Jósafat hafi yfirleitt gefið tékkana út sjálfur á árinu 1963, en þá tékka, er meðákærði Jósafat seldi í janúar 1964 í póstafgreiðslunni, hafi hann vitað til, að meðákærði Albert Karl hafi gefið út fyrir Ísfélagið. Meðákærði Jósafat hafi þó ritað meginmál tékkanna, en skýringin sé sú, að meðákærði Albert Karl hafi undirritað tékkana óútfyllta og afhent þá meðákærða Jósafat þannig, er meðákærði Albert Karl fór til útlanda, sem nánar verður rakið síðar. Fyrir dómi hinn 7. marz 1964 skýrði ákærði Áki Guðni meðal annars svo frá, að hann hefði ekki vitað um keðjutékkafyrirkomulagið í póstafgreiðslunni fyrr en sennilega í október 1963. Þá hafi hann fengið fulla vitneskju um það, hvernig fyrirtækin fengu rekstrarfé með keðjutékkunum. Hann kvaðst þó hafa haft grunsemdir um það, að meðákærði Jósafat væri að reyna að bjarga fjárhag fyrirtækjanna fyrir milligöngu póstafgreiðslunnar. Á þeim tíma, er áður getur um, hafi meðákærði Jósafat skýrt sér frá því, hvernig háttur inn væri á því að afla fjár gegnum póstafgreiðsluna. Sýndi meðákærði Jósafat honum fram á það, hvernig slíkt væri hægt, þar eð ákærði Þórður póstvarðstjóri gerði einungis upp einu sinni í mánuði. Meðákærði Jósafat hafi sagt sér að hafa engar áhyggjur út af fjármálum fyrirtækjanna, um þau gæti hann, ákærði Jósafat, séð sjálfur án aðstoðar. Meðákærði Jósafat hafi fullvissað hann um það, að hætta væri ekki á ferðum.

Við samprófun ákærðu Áka Guðna og Jósafats sama dag hélt ákærði Áki Guðni fast við það, að hann hefði ekki komizt að útgáfu keðjutékka fyrr en um haustið 1963, er meðákærði Jósafat hafi upplýst hann um það atriði. Hann hafi þá fengið að vita, að innstæðulausir tékkar voru þá í umferð vegna fyrirtækjanna, er hann og meðákærði Jósafat áttu í, að upphæð kr.

1—2.000.000.00. Ákærði Jósafat hélt fast við það, að ákærða Áka Guðna hefði verið um það kunnugt, að keðjutékkar svokallaðir voru settir í umferð í janúarmánuði 1962 vegna Kyndils h/f, enda þótt meðákærði Áki Guðni hefði ekki átt hugmyndina að þeirri framkvæmd. Meðákærða Áka Guðna hafi þá verið kunnugt um upphæðir tékkanna, er lágu fyrir í póstafgreiðslunni, enda hafi hann fengið upplýsingar um það frá Þórði póstvarðstjóra við uppgjör Þórðar og einnig frá honum. Hann telji meðákærða Áka Guðna hafa að öllu leyti séð um þá hlið viðskiptanna, er laut að póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli frá miðju ári 1963. Hann hafi hins vegar sjálfur séð um að ná í féð til Reykjavíkur.

Fyrir dómi hefur ákærði Albert Karl skýrt svo frá hinn 3. marz 1964, að hann hafi starfað fyrir ýmis fyrirtæki á Ísafirði sem skrifstofumaður allt fram til febrúarmánaðar 1962, en þá hafi hann ráðizt til fyrirtækisins Kassagerðar Suðurnesja h/f. Hann hafi að mestu séð um rekstur þess fyrirtækis. Hann hafði prókúruumboð fyrir fyrirtækið. Í marzmánuði 1963 hafi hann ráðizt til annarra fyrirtækja, er ekki lúta að máli þessu. Hinn 15. ágúst 1963 hafi hann ráðizt til Ísfélags Keflavíkur h/f. Aðaleigendur hafi þá verið þeir meðákærði Jósafat og meðákærði Áki. Honum hafi verið afhent eitt hlutabréf í fyrirtækinu að upphæð kr. 50.00. Hann hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins og hafi starf hans verið fólgið í því að sjá um verklegar framkvæmdir við endurbætur á fasteign félagsins. Framkvæmdirnar hafi miðað að því að reka frystihús. Ætlun stjórnarinnar hafi verið að fela honum rekstur frystihússins, er það tæki til starfa. Stjórnarformaður félagsins, meðákærði Jósafat, hafi óskað þess við hann, að hann tæki við prókúruumboði fyrir félagið. Úr hafi orðið, að hann hafi tekið við prókúruumboði í nóvemberlok 1963. Jósafat stjórnarformaður hafi haft prókúruumboð ætíð. Enn fremur hafi meðákærði Áki fengið prókúruumboð á sama tíma og hann. Í starfi sínu hafi hann meðal annars samþykkt víxla vegna félagsins og jafnvel gefið út tékka fyrir ýmsum minni greiðslum. Hins vegar hafi hann ekki haft með meiri háttar fjármálaviðskipti að gera. Hinn 8. desember hafi hann farið til útlanda á vegum félagsins. Hann hafi komið aftur til landsins 23. desember 1963. Hann hafi farið utan að nýju 27. sama mánaðar og komið að utan aftur 9. eða 10. janúar 1964. Áður en hann hafi farið utan í byrjun desember, hafi meðákærði Jósafat óskað þess við hann, að hann undirritaði tékka fyrir hönd Ís-

félagsins, en slíkt hafi meðákærði Jósafat talið nauðsynlegt vegna greiðslna, er til kynnu að falla í fjarveru hans. Hann hafi þannig undirritað 20—30 tékka fyrir hönd Ísfélagsins, án þess að meginmál þeirra væri ritað, og afhent Jósafat. Hann hafi í einu eða tveim tilvikum öðrum en þessum undirritað tékka fyrir hönd Ísfélagsins og afhent þá meðákærða Jósafat óútfyllta og þá hafi verið um eitt eða tvö tékkablöð að ræða hvort sinn. Störf hans erlendis vegna Ísfélagsins h/f hafi verið þau að ganga frá afurðaláni ensku að upphæð £ 18.000. Lánið hafi fengizt og verið lagt inn á hlaupareikning Ísfélagsins h/f við Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Hann hafi annazt um að greiða af láni þessu nauðsynlegar skuldir félagsins. Frekari afskipti af málum félagsins hafi hann ekki haft allt fram yfir mánaðamótin janúar og febrúar 1964. Fyrir dómi hinn 9. apríl 1964 hefur ákærði Albert Karl skýrt svo frá, að í 2 eða 3 skipti seinni part árs 1963 hafi hann farið með lokuð umslög að beiðni meðákærða Jósafats upp í póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi ekki spurt meðákærða Jósafat um það, hvers eðlis þessi viðskipti væru við póstafgreiðsluna, en hann hafi reiknað með því, að meðákærði Jósafat væri að símsenda peninga gegnum póstafgreiðsluna, en hann hafi orðið var við það í bókhaldi Kyndils, að meðákærði Jósafat hefði iðulega símsent peninga í gegnum póstafgreiðsluna. Hann hafi ekki verið viðriðinn sendingar póstávísana, hvorki vegna fyrirtækja né persónulega, allt fram í febrúarmánuð 1964.

Fyrir dómi hinn 27. febrúar 1964 hefur ákærði Þórður Einar skýrt svo frá, að Ísfélag Keflavíkur h/f hafi í um það bil hálft annað síðastliðið ár haft viðskipti við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, þannig að senda símapóstávísanir frá póstafgreiðslunni. Enn fremur hafi fyrirtæki sömu eigenda haft sams konar viðskipti. Í upphafi viðskiptanna við fyrirtæki þessi hafi hann stundum athugað um það, hvort innstæður væru fyrir hendi á greiðslutékkum frá framangreindum fyrirtækjum. Það hafi reynzt vera í þeim tilvikum, er hann athugaði um það. Hann hafi sjálfur miklu oftar tekið við greiðslutékkum vegna símapóstávísana heldur en afgreiðslustúlkan. Hann setti afgreiðslustúlkunni engar reglur um það, hvernig hún ætti að bera sig að við að kaupa tékka í sambandi við starfrækslu póstafgreiðslunnar. Hann hafi orðið var við, að stúlkan tók á móti greiðslutékkum til póstafgreiðslunnar að allháum upphæðum. Hann hafi engar athugasemdir um það gert. Fjárhagslegt uppgjör hafi jafnan farið fram einu sinni í mánuði við pósthúsið í Reykjavík. Þá

hafi hann afhent fé það, er borizt hafði póstafgreiðslunni viðkomandi mánuð. Hann hafi ekki verið beðinn um annars konar uppgjör. Hann kannist ekki við að hafa fengið óskir um að skila fé utan mánaðaruppgjöra, ef mikið fé bærist. Hann hafi því haft það fyrir fasta reglu öll árin að gera upp fjármálin við pósthúsið í Reykjavík einu sinni í mánuði einungis, þó í 2—3 tilvikum hafi aðalgjaldkeri pósthússins í Reykjavík haft samband við hann í síma og óskað þess, að hann sendi fé utan hinna föstu mánaðargreiðslna. Fyrir dómi hinn 6. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar meðal annars svo frá, að sú aukning, er sýnilega verður í febrúarmánuði 1962 á heildarupphæð tékka og stígandi, er þar verður á eftir, á heildarupphæðinni, megi að mestu rekja til fyrirtækja ákærða Jósafats og ákærða Áka Guðna. Hann ítreki, að í upphafi viðskiptanna hafi verið innstæða fyrir tékkum fyrirtækjanna. Hann hafi ekki athugað um tékka frá Ísfélagi Keflavíkur h/f, er það fyrirtæki hóf að senda símapóstávísanir frá póstafgreiðslunni og að greiða þær þar með tékkum. Hann ætli, að ástæðan fyrir því, að hann athugaði ekki með tékkana, að eigendur Ísfélagsins hafi átt sams konar viðskipti við póstafgreiðsluna í marga undangengna mánuði, án þess að nokkuð væri athugavert við viðskiptin.

Til glöggvunar fer hér á eftir heildarskrá um upphæðir sendra símapóstávísana frá póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli yfir hvern mánuð frá 1/1 1961 til 14/2 1964, enn fremur frá 15/2 1964 út marzmánuð 1965:

	1961	1962	1963	1964
Janúar	22.391.70	51.381.80	1.072.899.57	2.585.572.45
Febrúar . . .	29.584.41	295.013.97	1.350.045.92	2.167.384.23
Marz	22.329.36	429.201.94	1.453.633.59	til 14/2 1964
Apríl	34.478.57	463.476.95	1.954.091.35	
Maí	32.529.75	681.851.20	320.807.10	
Júní	17.536.21	566.149.40	1.085.927.72	
Júlí	42.318.20	822.183.38	2.575.287.33	
Ágúst	56.717.85	860.258.37	1.872.751.00	
September .	59.328.67	778.641.95	1.888.296.08	
Október . . .	3.761.50	736.308.81	1.787.732.00	
Nóvember .	26.602.19	867.536.30	2.439.872.45	
Desember . .	37.839.50	842.287.74	3.590.324.17	
Kr.	385.417.91	7.394.291.81	21.391.668.28	4.752.956.68

1964		1965	
Febrúar (15/2—5/3) ..	9.797.00	Janúar	20.476.05
Marz	6.668.00	Febrúar	10.787.00
Apríl	25.921.80	Marz	22.520.15
Maí	13.191.00		
Júní	34.614.00		
Júlí	37.454.70		
Ágúst	25.603.88		
September	57.132.95		
Október	10.356.80		
Nóvember	11.859.30		
Desember	36.944.60		
	Kr. 269.544.03		Kr. 53.783.20

IV.

Fyrir dómi hinn 6. marz 1964 hefur ákærði Jósafat skýrt svo frá, að hann hafi frá fyrstu dulið meðákærða Þórð Einar póstvarðstjóra, hvernig háttaði um símapóstávísanirnar og það hafi ekki verið fyrr en meðákærði Áki tók að sér að skýra fyrir meðákærða Þórði Einari, hvernig málin stæðu, að hann vissi, að allt væri ekki með felldu með tékkana. Atvik að því hafi verið þau, að meðákærði Áki Guðni og hann hafi rætt um það um haustið 1963, í ágúst eða september, að gott væri að vita, hvenær póstafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli sendi frá sér tékka, til þess að skapa meira öryggi í viðskiptunum. Úr hafi orðið, að meðákærði Áki Guðni hafi gengið á fund meðákærða Þórðar Einars póstvarðstjóra til þess að óska þess við hann, að hann léti þá meðákærða Áka Guðna vita um, hvenær hann sendi frá sér tékka frá fyrirtækjum hans og meðákærða Áka Guðna, er lágu í póstafgreiðslunni sem greiðslur á símapóstávísunum. Meðákærða Áka Guðna hafi verið gert að skýra meðákærða Þórði Einari frá því, að fyrirtækin ættu von á góðum lánum, sem mundu notuð til þess að greiða pósthúsinu. Eftir fund meðákærðu Áka Guðna og Þórðar Einars hafi meðákærði Áki Guðni skýrt honum frá því, að meðákærði Þórður Einar hefði lofað að láta þá vita, þegar hann sendi tékka vegna mánaðaruppgjöra póstafgreiðslunnar. Sá háttur hafi orðið á, að meðákærði Þórður Einar póstvarðstjóri hafi yfirleitt alltaf látið ákærða Áka Guðna vita, hvenær mánaðaruppgjör yrðu send. Mánaðaruppgjörin hafi venjulega verið send fyrstu viku hvers mánaðar fyrir mánuðinn á undan. Þá viku

hafði póstafgreiðslan á Keflavíkurflugvelli keypt nýja tékka af fyrirtækjunum vegna sendinga á símapóstávísunum. Andvirði þeirra símapóstávísana var þá annað hvort notað til þess að leggja inn fyrir tékkunum fyrir mánuðina á undan eða beinlínis til þess að kaupa að nýju þá tékka af póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli. Meðákærði Áki Guðni hafi séð um kaup tékkanna. Áður en ákærði Þórður Einar hafi verið beðinn um að láta þá vita um tékka fyrirtækjanna, hvenær þeir færu úr póstafgreiðslunni, hafi það oft komið fyrir, að tékkar kæmu inn á hlaupareikning fyrirtækjanna um mánaðamót, er ekki reyndist innstæða fyrir í augnablikinu. Hann hafi jafnan getað bjargað tékkum þessum með stuttum skyndilánum.

Hinn 7. marz 1964 komu ákærðu Áki Guðni og Jósafat fyrir dóm. Ákærði Áki Guðni mótmælti þá því að hafa séð um endurkaup tékka, er lágu innstæðulausir vegna fyrirtækja þeirra meðákærða Jósafats í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, eða að hafa séð um að öðru leyti þá hlið viðskiptanna, er lutu að því að koma tékkum þar á framfæri. Í þau skipti, er hann hafi farið í póstafgreiðsluna vegna fyrirtækjanna, hafi hann komið fram sem sendimaður fyrirtækjanna og farið þar að að öllu leyti að beiðni meðákærða Jósafats. Hann hafi afhent lokuð umslög í afgreiðsluna og þá tekið til baka önnur umslög til fyrirtækjanna. Hann hafi engan veg né vanda haft af sendingu símapóstávísana. Ákærði Áki Guðni ítrekaði þá, að hann hefði ekki komizt að því, hvernig komið var í póstafgreiðslunni, fyrr en um haustið 1963. Vel geti verið, að á þeim tíma hafi hann rætt um mál þessi við meðákærða Þórð Einar og þá jafnvel fengið upplýsingar hjá meðákærða Þórði Einari um einstök uppgjör hans, en hefur talið útilokað, að hann hafi gefið honum mánaðarlegar skýrslur um uppgjör við pósthúsið í Reykjavík.

Hinn sama dag kom ákærði Þórður Einar fyrir dóm og skýrði meðal annars svo frá, að um haustið 1963 hefði meðákærði Áki Guðni komið til hans, ef til vill í septembermánuði, til að spyrjast fyrir um, hvenær hann sendi frá sér tékka fyrirtækja þeirra, er hann og meðákærði Jósafat áttu í, þ. e. tékka þeirra, er voru greiðslur símapóstávísana. Hann hafi skýrt meðákærða Áka Guðna frá því, að hann sendi tékkana 5.—10. hvers mánaðar og hafi hann þá átt við þá tékka, er gefnir voru út mánuðinn á undan. Þá hafi hann tvo til þrjá mánuði ársins 1963, í nokkur skipti, leyft meðákærða Áka Guðna vegna áðurgreindra fyrirtækja að kaupa tékka að nýju, er lagðir höfðu verið inn í póstafgreiðsluna

sem greiðsla símapóstávísana. Meðákærði Áki Guðni hafi þannig keypt hverju sinni tékka fyrir kr. 200—300.000.00. Sama dag skýrði ákærði Áki svo frá um endurkaup tékka, er ákærði Þórður hefur nú greint frá, að endurkaupin hafi farið fram, en hann hafi þar verið sendur af meðákærða Jósafat. Hann hafi verið sendur með peninga í lokuðum umslögum. Hann hafi afhent umslögin í afgreiðslu pósthússins. Þar hafi honum verið fengin önnur umslög til baka, lokuð umslög að hann minni, en í þeim umslögum hafi hann vitað, að hafi verið eldri tékkar frá fyrirtækjum þeirra meðákærða Jósafats. Ákærði Þórður Einar hefur talið lýsingu meðákærða Áka Guðna rétta um endurkaup tékkanna. Samræmi hefur á hinn bóginn ekki náðst í framburði ákærðu Jósafats og Áka Guðna varðandi þá fullyrðingu ákærða Jósafats, að meðákærði Áki Guðni hafi jafnan látið hann vita, er ákærði Þórður sendi mánaðaruppgjör til pósthússins í Reykjavík einhvern tíma haustsins 1963. Ákærði Áki Guðni hefur haldið fast við það, að meðákærði Þórður Einar hafi í eitt sinn gefið sér almennar upplýsingar um sendingu slíkra uppgjöra frá póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Þórður hefur skýrt frá um þetta atriði á sömu lund og ákærði Áki Guðni.

Vegna rannsókna á verktakastarfsemi ákærða Jósafats, er leitt hefur til ákæru í máli þessu, var ákærði Jósafat úrskurðaður í gæzluvarðhald hinn 31. janúar 1964. Í gæzluvarðhaldinu sat ákærði Jósafat í 45 daga.

V.

Vegna skipta ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls fyrir hönd Ísfélags Keflavíkur h/f við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli eftir 31. janúar 1964 þykir nauðsyn bera til upplýsinga í málinu að rekja nokkuð framburði ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls og enn fremur ákærða Þórðar Einars.

Fyrir dómi hefur ákærði Áki Guðni skýrt svo frá, að einum til tveim dögum eftir að meðákærði Jósafat var úrskurðaður í gæzluvarðhald, svo sem rakið hefur verið, hafi meðákærði Þórður Einar komið að máli við sig. Meðákærði Þórður Einar hafi þá skýrt honum svo frá, að innstæðulausir tékkar vegna Ísfélags Keflavíkur h/f lægju í kassa póstafgreiðslunnar og yrði annað tveggja að gera, að greiða tékkana eða þá að gefa út nýja tékka, þannig að hægt yrði að eyðileggja tékkana í kassanum, til þess að uppgjör við pósthúsið í Reykjavík gæti farið fram fyrir janúarmánuð 1964. Honum hafi ekki komið þetta erindi meðákærða Þórðar Einars á óvart, hins vegar, er meðákærði Þórður Einar

hafi nefnt upphæð hinna innstæðulausu tékka, en upphæðina hafi hann verið með á strimli og reyndist vera rösklega kr. 2.500.000.00, þá hafi honum brugðið mjög við upplýsingarnar. Hann hafi sagt meðákærða Þórði Einari, að hann mundi athuga málið. Hann hafi sett sig þegar í samband við meðákærða Albert Karl og skýrt honum frá samtali þeirra meðákærða Þórðar Einars. Meðákærða Albert Karli hafi sýnilega brugðið mjög mikið við tíðindi þessi, ekki sízt, er hann skýrði honum frá því, að hann, Albert Karl, væri útgefandi allra tékkanna vegna Ísfélagsins, en það hafði meðákærði Þórður Einar upplýst hann um. Litlu síðar hafi þeir meðákærði Albert Karl átt annan fund um málið, en þá hafi hann verið búinn að afla sér gagna varðandi Ísfélagið, er eiginkona meðákærða Jósafats hafði afhent honum. Meðal gagnanna hafi hann talið sig finna áætlun meðákærða Jósafats um það, hvernig fleyta skyldi tékkunum í póstafgreiðslunni áfram. Gagn þetta, er ákærði Áki Guðni greinir frá í framburði sínum, hefur verið lagt fram í dóminum, og hefur meðákærði Jósafat viðurkennt, að þar sé um áætlun sína að ræða til að framfleyta innstæðulausum tékkum, er þá voru í vörzlu póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Áki Guðni skýrði þá svo frá, að þá hafi orðið að ráði með þeim meðákærða Albert Karli að reyna að fleyta tékkunum í póstafgreiðslunni áfram í samræmi við áætlunina í þeirri von, að meðákærði Jósafat yrði fljótt frjáls ferða sinna og gæti sjálfur komið fram til þess að ráða fram úr málinu. Að samkomulagi hafi orðið, að meðákærði Albert Karl gæfi út tékka vegna Ísfélagsins til greiðslu á símapóstávísunum, næði síðan í andvirði símapóstávísana og leysti síðan út eldri tékka. Í gögnum málsins hefur ákærði Áki séð ljósrit tékka þeirra, er lágu í kassa póstdeildarinnar á Keflavíkurflugvelli við endurskoðun þar, eða tékka þá, er raktir eru í stafliðum 4—11 í II. kafla A II. þáttar ákæru. Allir eru tékkarnir útgefnir í Keflavík á hlaupareikning Ísfélags Keflavíkur h/f við Sparisjóðinn í Keflavík, nr. 40, og allir undirritaðir pr. pr. Ísfélag Keflavíkur h/f, Albert K. Sanders. Tékkarnir í stafliðum 4, 5 og 6 í ákæru eru allir gefnir út 3. febrúar 1964 og eru samtals að upphæð kr. 1.142.249.00. Tékki í staflið 7, útgefinn 5. febrúar 1964, að upphæð kr. 368.361.41. Tékkarnir í stafliðum 8—11 eru allir gefnir út 6. febrúar 1964 og eru samtals að upphæð kr. 649.359.12, eða samtals allir tékkarnir að upphæð kr. 2.159.969.53. Hann hafi séð um að fara með tékkana í pósthúsið. Hann hafi lagt tékkana þar inn í lokuðum umslögum.

Móttakendur símapóstávísananna í Reykjavík hafi verið Arngrímur og Kristján Arngrímssynir, bræður meðákærða Jósafats, og Pétur Einarsson, Austurstræti 12, viðskiptafélagi meðákærða Jósafats. Sumpart hafi símapóstávísanirnar átt að leggjast inn á reikninga við Verzlunarbankann og Útvegsbankann í Reykjavík. Hann og meðákærði Albert Karl hafi persónulega talað við viðtakendurna þrjá, er fallizt höfðu á að taka við peningunum og afhenda þá að nýju honum og meðákærða Albert Karli. Ákærða Þórði Einari hafi tvisvar sinnum verið afhentir peningar í febrúarmánuði 1964 til kaupa á innstæðulausum tékkum Ísfélagsins, útgefnum í janúarmánuði sama ár. Í fyrra sinn hafi hann afhent meðákærða Þórði Einari peninga í pósthúsinu að þeirri upphæð, er framangreindir greiðslutékkar, útgefnir 3. febrúar 1964, hljóða um, eða kr. 1.142.249.00, en á útgáfudegi tékkanna fór fram sending peninga í gegnum póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, og var greitt fyrir þá sendingu með nefndum tékkum. Þá hafi þeir meðákærði Albert Karl sent símapóstávísanir hinn 5. og 6. febrúar 1964 og greitt þær með tékkunum, er dagsettir eru þá daga. Síðari peningaafhendingin til meðákærða Þórðar Einars hafi farið fram á heimili sínu að kvöldi 6. eða 7. febrúar 1964. Meðákærði Þórður Einar hafi þá við móttöku fjárins frá honum og meðákærða Albert Karli afhent janúartékka sömu upphæðar.

Ákærði Albert Karl hefur skýrt frá málavöxtum í febrúarmánuði 1964 á viðlíka hátt og ákærði Áki. Hann hafi orðið forviða, er hann frétti um hina innstæðulausu tékka við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli að upphæð um kr. 2.500.000.00. Hann hafi ekki vitað um tékka þessa og þá ekki, að hann væri útgefandi þeirra fyrir hönd Ísfélags Keflavíkur h/f. Að ráði hafi orðið með þeim meðákærða Áka Guðna að framfleyta tékkakeðjunni og þannig hafi skipazt, að hann hafi gefið út hinn 3. febrúar tékka, samtals að upphæð kr. 1.142.249.00, svo sem rakið hefur verið. Meðákærði Áki Guðni hafi komið tékkunum upp í póstafgreiðslu og greitt með þeim símapóstávísanir sömu upphæða. Móttakendur fjárins í Reykjavík hafi verið þeir aðiljar, er greint hefur verið frá. Móttakendurnir hafi allir fallizt á að taka við fénu, án þess að þeim hafi verið gefnar skýringar á. Hinn 4. febrúar 1964 höfðu þeir meðákærði Áki Guðni farið til Reykjavíkur og sótt féð til móttakenda þess. Næsta dag hafi meðákærði Áki Guðni tekið peningana og farið með þá í póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli. Meðákærði Áki Guðni hafi sagt sér strax á eftir, að hann hefði fengið tékka, útgefna í janúar,

sömu upphæða og fé því nam, er hann afhenti í póstafgreiðslunni hjá meðákærða Þórði Einari. Hann hafi ekki séð janúartékka þessa. Meðákærði Áki Guðni hafi sagt sér, að hann hefði rifið þá tékka. Hinn 5. febrúar hafi hann gefið út í sama tilgangi tékka að upphæð kr. 368.361.41, sbr. 7. tölulið II. kafla A II. þáttar ákæru. Meðákærði Áki Guðni hafi komið tékkanum í póstafgreiðsluna og upphæð hans hafi verið lögð inn á reikning, er Ísfélag Keflavíkur átti við Útvegsbankann í Reykjavík. Hinn 6. febrúar hafi hann síðan ritað enn í sama skyni fyrir hönd Ísfélagsins 4 tékka, samtals að upphæð kr. 649.359.12. Peningarnir hafi verið lagðir inn í Útvegsbankann í Reykjavík og enn fremur Verzlunarbankann, þó hafi nefndir Pétur Einarsson og Arngrímur Arngrímsson tekið við nokkru af andvirði tékkanna. Eftir peningasendinguna 6. febrúar hafi meðákærði Áki Guðni farið til Reykjavíkur til að ná í andvirði símapóstávísananna til Péturs og Arngríms. Hann muni það með vissu, að meðákærði Áki Guðni hafi komið með peningana úr Reykjavík föstudaginn 7. febrúar 1964. Að kvöldi þess dags hafi hann farið heim til meðákærða Áka Guðna og þangað hafi einnig komið meðákærði Þórður Einar. Þar hafi ákærða Þórði Einari verið afhent mikið reiðufé, örugglega nokkur hundruð þúsund krónur, og minni hann fastlega, að meðákærði Þórður Einar hafi ekki í það sinn afhent tékka í staðinn, heldur hafi hann afhent meðákærða Áka Guðna janúartékkana daginn eftir. Hann muni til þess í umrætt skipti að hafa minnzt á það við meðákærða Þórð Einar, hvort hægt yrði fyrir hann að geyma tékka þannig fyrir þá. Hann minni, að meðákærði Þórður Einar hafi svarað því til, að það væri allt í lagi að geyma tékkana einhvern tíma.

Við samprófun ákærðu Alberts Karls og Þórðar Einars taldi Þórður Einar meðákærða Albert Karl skýra rétt frá um fund þeirra 7. febrúar 1964 ásamt meðákærða Áka Guðna. Ákærði Þórður Einar mótmælti því þá að hafa lofað þeim ákærðu Áka Guðna og Albert Karli að geyma fyrir þá tékka í póstafgreiðslunni eða að hafa haft orð á því, að slík geymsla væri möguleg í stuttan tíma. Ákærði Albert Karl hefur á hinn bóginn haldið fast við fyrri framburð um þetta, en samræmi hefur ekki náðst í framburðina.

Í samprófun þeirra ákærðu Áka Guðna og Þórðar Einars hefur Áki Guðni haldið fast við það, að meðákærði Þórður Einar hafi komið að máli við hann einum til tveim dögum eftir að meðákærði Jósafat fór í gæzluvarðhald og skýrt sér þá frá innstæðulausum

tékkum Ísfélagsins. Ákærði Áki Guðni hefur talið víst, að samtalið hafi farið fram, áður en febrúartékkarnir voru gefnir út, eða í síðasta lagi 3. febrúar 1964. Ákærði Þórður Einar hefur mótmælt því að hafa rætt við meðákærða Áka Guðna á þessum tíma. Meðákærði Áki Guðni hafi farið rangt með dagsetningar, hann eigi við 11. febrúar 1964, er endurskoðun hafði farið fram í póstafgreiðslunni. Samræmi náðist ekki í framburði ákærðu varðandi þetta atriði. Ákærði Þórður Einar hefur þá mótmælt því, að peningaafhendingar frá meðákærðu Áka Guðna og Albert Karli hafi farið fram tvívegis í febrúarmánuði 1964. Afhendingin hafi einungis farið fram einu sinni, og það 7. febrúar á heimili meðákærða Áka Guðna. Þá hafi hann tekið við fé fyrir eldri tékkum að fjárhæð kr. 1—1.500.000.00. Ákærði Áki Guðni hefur á hinn bóginn haldið fast við það að hafa í tvö skipti afhent meðákærða Þórði Einari peninga, eins og rakið hefur verið í framburði hans hér að framan. Samræmi í framburði ákærðu um þetta atriði náðist ekki.

Upplýst þykir í málinu, að ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafi ekki staðið að útgáfu fleiri tékka en þegar hefur verið greint frá, í febrúarmánuði 1964, en í framhaldi af því gáfu ákærðu sig fram við bæjarfógetann í Keflavík hinn 14. febrúar 1964 og gáfu þar frumskýrslur fyrir dómi í málinu. Jafnframt afhentu þeir gögn, er ákærði Áki Guðni hafði fengið varðandi Ísfélag Keflavíkur h/f.

Fyrir dómi hafa framburðir ákærða Þórðar Einars verið mjög á reiki um veigamikil atriði rannsóknarinnar, og þykir nauðsyn til bera að rekja nokkru frekar framburði hans í málinu. Hinn 6. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar svo frá, að hann teldi ekki, að hann hefði athugað um greiðslutékka frá Ísfélagi Keflavíkur h/f, er það hóf að senda símapóstávísanir frá póstafgreiðslunni og greiða þær með tékkum. Hann telji, að ástæðan fyrir því, að hann hafi ekki athugað um þá tékka, hafði verið sú, að eigendur Ísfélagsins hafi átt sams konar viðskipti við póstafgreiðsluna í marga undangengna mánuði, án þess að nokkuð væri athugavert við þau. Hann hafi fyrst fengið grun um það, að greiðslutékkarnir væru ekki góðir, nokkru áður en hann skilaði af sér uppgjöri fyrir janúarmánuð 1964 til pósthússins í Reykjavík. Það hafi verið einhverja fyrstu dagana í febrúarmánuði 1964. Þá hafi meðákærði Áki Guðni komið í póstafgreiðsluna með mikið reiðufé, um það bil kr. 1.500.000.00. Meðákærði Áki Guðni hafi með fé þessu viljað kaupa tékka, útgefna í janúar-

mánuði 1964 af Albert K. Sanders vegna Ísfélags Keflavíkur h/f, en tékkarnir hafi verið greiðsla á símapóstávísunum, sendum í janúarmánuði 1964. Hann hafi leyft, að tékkarnir væru keyptir aftur. Meðákærði Áki Guðni hafi afhent honum féð, en meðákærði Áki Guðni hafi fengið tékka til baka, sömu upphæðar. Við þessa framkomu meðákærða Áka Guðna hafi hann fengið grun um, að tékkarnir hafi ekki verið góðir við útgáfu þeirra. Atburð þennan telji hann, að farið hafi fram eftir 3. febrúar 1964, en fyrir 6. febrúar sama ár. Hann telji fullvíst, að hann hafi ekki sent símapóstávísanir vegna fyrirtækjanna, eftir að meðákærði Áki Guðni kom með fúlguna í póstafgreiðsluna. Síðar sama dag skýrði ákærði svo frá fyrir dómi, að hann myndi nú, að um áramótin 1963 og 1964 hefði meðákærði Áki Guðni komið í póstafgreiðsluna með reiðufé og óskað eftir því við hann að fá að kaupa tékka frá Ísfélaginu, er þá lágu í kassa póstafgreiðslunnar. Hann hafi leyft þetta. Meðákærði Áki Guðni hafi keypt tékka fyrir kr. 100—200.000.00 við þetta tækifæri. Þetta hafi skeð, áður en desemberuppgjörið 1963 fór fram. Honum hafi ekki fundizt nein ástæða til að sýna tortryggni í viðskiptum við Ísfélagið, enda þótt þessi háttur hafi verið um kaup tékkanna. Eftir að ákærða Þórði hafði sama dag verið kynntir fyrir dómi framburðir meðákærðu Áka Guðna og Alberts Karls um kaup þeirra á tékkum af meðákærða Þórði Einari á heimili Áka Guðna, þá breytti ákærði Þórður Einar framburði sínum og kvað framburð sinn frá sama degi um ferðir meðákærða Áka Guðna í póstafgreiðsluna með fúlguna til kaupa janúartékkanna ekki réttan. En sama dag skýrði ákærði Þórður Einar svo frá, að uppgjörið við pósthúsið í Reykjavík hefði getað þurft að framkvæma hvenær sem var utan hinna mánaðarlegu uppgjöra, en það hafi farið eftir ástæðum pósthússins í Reykjavík. Fyrri framburð sinn, er hnígi í aðra átt, teldi hann ónákvæman og byggðan á misskilningi. Fyrir dómi hinn 7. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar svo frá um endurkaup tékka, að 2—3 síðustu mánuði ársins 1963 hafi hann í nokkur skipti leyft meðákærða Áka Guðna vegna áðurgreindra fyrirtækja að kaupa að nýju tékka, er lagðir höfðu verið inn í póstafgreiðsluna sem greiðsla símapóstávísana. Hann telji, að meðákærði Áki Guðni hafi þannig keypt hverju sinni tékka fyrir kr. 200—300.000.00.

Ákærði Þórður Einar hefur þá jafnan fyrir dómi mótmælt þeim framburði vitnisins Sveins Þórðarsonar aðalendurskoðanda, að hann hafi sagt vitninu við endurskoðun þess í pósthúsinu á

Keflavíkurflugvelli, að hann hefði athugað um innstæður tékka Ísfélagsins, er voru í kassa póstafgreiðslunnar við endurskoðun vitnisins. Hann hafi sagt eitthvað í þá áttina, að ástæðulaust væri að athuga um tékkana vegna fyrri viðskipta þess fyrirtækis. Vitnið Sveinn Þórðarson hefur á hinn bóginn haldið fast við fyrri framburð sinn um umsögn Þórðar um tékkana við endurskoðun þess, svo sem rakið hefur verið hér að framan. Samræmi hefur ekki náðst í þessa framburði.

Fyrir dómi hinn 6. marz 1964 skýrði ákærði Þórður Einar svo frá um fundinn 14. febrúar 1964 með póst- og símamálastjóra og fleirum, að hann hafi við það tækifæri skýrt fundarmönnum ranglega frá um það, að honum hafi verið um það kunnugt, að svokallaðir keðjutékkar færu í gegnum póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli. Hann hafi engar grumsemdir haft um það, að tékkar, er þar færu í gegn, væru ekki góðir. Hins vegar hafi hann skýrt póst- og símamálastjóra svo frá til þess að beina athyglinni að sjálfum sér. Frekari skýringar fékkst ákærði ekki til að gefa á þeirri ósannsögli, er hann þar greinir frá. Á fundinum hafi hann viðurkennt að hafa keypt tékka fyrir hönd póstafgreiðslunnar án þess að athuga um innstæður þeirra. Honum hafi þá verið kynntar gildandi reglur um kaup tékka á pósthúsum. Hann hafi þegar viðurkennt að hafa brotið reglurnar. Hann hafi hins vegar ekki vitað um reglur þessar fyrir fundinn. Er ákærða Þórði var hinn 6. marz kynntur framburður vitna þeirra, er sátu fund með honum 14. febrúar 1964, en vitnaframburðirnir eru raktir hér að framan, gerði ákærði Þórður þær athugasemdir við framburðina, að hann hefði skýrt fundarmönnum svo frá, að hann hefði nýlega orðið var við það, að keðjutékkar færu í gegnum póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli. Hann hefði ekki greint svo frá, að honum hefði verið um það kunnugt haustið 1963.

Hinn 7. marz sama ár skýrði ákærði Þórður Einar svo frá um fundinn 14. febrúar 1964 hjá póst- og símamálastjóra, að hann hefði við það tækifæri skýrt fundarmönnum þar frá því, að honum hefði verið kunnugt um, að tékkar, er innstæður reyndust ekki fyrir, komu í póstafgreiðsluna. Hann hafi þá átt við tékka Ísfélagsins. Hann hefði skýrt fundinum frá því, að hann hefði orðið þess var um mánaðamótin nóvember—desember 1963. Hann hefði skýrt fundinum ranglega frá um þetta til að leiða athyglina að sér persónulega, en frá forráðamönnum Ísfélagsins til að gefa þeim forráðamönnum kost á að greiða andvirði tékkanna.

VI.

Að tilhlutan dómsins ritaði Sparisjóðurinn í Keflavík hinn 7. apríl 1964 dóminum um það, að eigendur fyrirtækisins Kyndils h/f í Keflavík hefðu fengið á árinu 1962 kr. 300.000.00 yfirdrátt á hlaupareikning fyrirtækisins nr. 626 við sparisjóðinn. Sparisjóðurinn hafði þá fengið veð, tryggingarbréf, útgefið 1. febrúar 1962, í íbúðarhúsi eins af eigendum, eða ákærða Áka Guðna, í Ytri-Njarðvík, til tryggingar yfirdrættinum. Í bréfi sparisjóðsins segir svo enn fremur: „Á öðrum reikningum fyrirtækja Jósafats Arngrímssonar var ekki yfirdráttarheimild, en þeir fengu sömu aðstöðu og aðrir viðskiptamenn vorir, að ef innstæða væri ekki næg fyrir innsendum ávísunum, þá fengu þeir 3 daga frest til að kippa því í lag. Tækist það ekki, voru þær endursendar".

Í bréfi verjanda ákærða Jósafats, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, til dómsins, dagsettu 25. febrúar 1965, segir m. a. svo: „Það skal fram tekið, að skjólstæðingur minn, Jósafat, heldur því fram, að ekki hafi verið gefnir út neinir tékkar af hálfu Ísfélags Keflavíkur h/f eða annarra fyrirtækja, er hann var meðeigandi í, til greiðslu á peningasendingum í póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli, sem ekki var fyrirfram búið að semja um við Sparisjóð Keflavíkur, að hann innleysti".

Dómurinn tók atriði þetta til rannsóknar.

Fyrir dómi hefur ákærði Jósafat lýst tilvitnuð ummæli verjanda síns úr bréfi hans 25. febrúar 1965 rétt. Þannig hafi verið háttur á, að tékkar vegna Ísfélagsins hafi í langflestum tilvikum verið án innstæðu, er þeir komu í Sparisjóðinn í Keflavík. Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi tjáð þeim meðákærða Áka Guðna, að hann mundi ekki endursenda tékka Ísfélags Keflavíkur h/f gegn því, að þeim yrði fljótt kippt í lag. Lagt hafi verið inn á viðkomandi hlaupareikning í áföngum, þannig að tékkarnir hafi orðið venjulega góðir eftir nokkra daga, eða í síðasta lagi, er þeir voru orðnir viku til 10 daga gamlir í sparisjóðnum. Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi tekið þeim meðákærða Áka Guðna jafnan vel og haft á orði, að hann mundi gefa þeim kost á því að selja Ísfélagið, ef nauðsyn krefði, til að koma hlaupareikningi félagsins í lag.

Fyrir dómi hefur ákærði Áki Guðni skýrt svo frá, að hann myndi ekki til þess, að fastir samningar hefðu komizt á milli Ísfélags Keflavíkur h/f annars vegar og Sparisjóðsins í Keflavík hins vegar, þannig að sparisjóðurinn greiddi tékka Ísfélagsins, enda þótt innstæða væri ekki fyrir hendi. Hann hafi á hinn

bóginn oft talað við Guðmund sparisjóðsstjóra, m. a. að sparisjóðsstjórinn sýndi biðlund vegna tékka frá Ísfélagi Keflavíkur, er eigi höfðu innstæðu, en brátt mundi vera kippt í lag. Meðákærði Jósafat hafi haft mestan veg og vanda af fjármálunum og hafi hann talað við sparisjóðsstjórann að ósk meðákærða Jósafats. Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi jafnan sýnt biðlund.

Ákærði Albert Karl hefur skýrt svo frá fyrir dómi um atriði þetta, að hann hafi aldrei heyrt talað um nokkurt samkomulag eða samning á milli forráðamanna Ísfélags Keflavíkur annars vegar og Sparisjóðs Keflavíkur hins vegar um, að sparisjóðurinn greiddi út tékka pr. pr. Ísfélag Keflavíkur, enda þótt ekki væri næg innstæða fyrir slíkum tékkum.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Guðmundur Guðmundsson sparisjóðsstjóri Sparisjóðsins í Keflavík, til heimilis Suðurgötu 6 í Keflavík. Vitnið, er undirritaði bréf sparisjóðsins, sem rakið er hér að framan, hefur staðfest efni þess rétt.

Vitnið hefur þá greint frá því, að það hafi ekki gefið þeim ákærðu Jósafat eða Áka Guðna loforð um að geyma innstæðulausa tékka vegna Ísfélagsins. Hins vegar hafi Ísfélagið notið þeirrar þjónustu sem aðrir viðskiptamenn, að innstæðulausir tékkar voru ekki endursendir fyrstu 3 dagana, eftir að tékkarnir komu í sparisjóðinn. Vitnið hefur greint frá því, að ákærði Áki Guðni og Jósafat hafi jafnan haft samband við það, er innstæðulausir tékkar komu í sparisjóðinn og lofað að kippa slíkum tékkum fljótt í lag, sem og varð þar til í febrúarmánuði 1964. Í stöku tilfellum hafi komið fyrir, að tékkar frá Ísfélagi Keflavíkur voru án innstæðu í sparisjóðnum í allt að viku til 10 daga. Var þá jafnan um smáupphæðir að ræða. Hinir stærri tékkar voru allir greiddir innan 3 daga frestsins. Vitnið hefur ítrekað, að ekkert almennt samkomulag hafi komizt á milli forráðamanna Ísfélags Keflavíkur h/f annars vegar og Sparisjóðs Keflavíkur hins vegar um, að sparisjóðurinn geymdi ákveðinn tíma tékka félagsins, er eigi höfðu innstæðu.

Við samprófun vitnisins Guðmundar Guðmundssonar sparisjóðsstjóra og ákærða Jósafats skýrði vitnið meðal annars svo frá, að það hefði aldrei heimilað ákærða Jósafat né öðrum forráðamönnum Ísfélags Keflavíkur h/f að gefa út tékka á hlaupareikning félagsins við Sparisjóðinn í Keflavík, án þess að tékkinn hefði næga innstæðu. Hins vegar hafi það látið fyrirsvarsmennina njóta sömu aðstöðu og aðra viðskiptamenn sparisjóðsins að endursenda eigi tékka félagsins, er eigi höfðu næga innstæðu,

fyrr en að 3 dögum liðnum. Við sama tækifæri skýrði ákærði Jósafat svo frá, að þar sem Guðmundur sparisjóðsstjóri hafi látið kyrrt liggja að endursenda tékka Ísfélagsins, enda þótt þeir jafnvel hefðu eigi innstæðu, eftir þriggja daga frestinn, þá hafi hann litið svo á, að Guðmundur mundi veita þeim forsvarsmönnum Ísfélagsins jafnan tækifæri til að kippa tékkum í lag, enda þótt það þyrfti að vera með sölu fyrirtækisins. Við lok samprófunar skýrði vitnið Guðmundur Guðmundsson svo frá, að ekkert loforð hefði verið milli sparisjóðsins og Ísfélags Keflavíkur h/f um geymslu á tékkum, er eigi höfðu innstæðu fram yfir það, sem það hafði áður skýrt frá (3 daga fresturinn). Ákærði Jósafat vildi engar athugasedir gera við þann framburð vitnisins Guðmundar og óskaði ekkert sérstakt fram tekið. Með þessu lauk samprófuninni.

VII.

Nú hefur þegar verið rakið það helzta, sem fram kom við rannsókn málsins og máli hefur þótt skipta. Verður nú síðari þáttur ákæru virtur varðandi hvern ákærða fyrir sig:

Ákærði Jósafat.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, hóf ákærði Jósafat í febrúarmánuði 1962 að selja tékka, er ekki höfðu innstæðu, í póstafgreiðslunni á Keflavíkurflugvelli, er hann gaf út vegna fyrirtækja, er hann átti í og stýrði. Upphæð slíkra tékka fór hækkandi og nam í byrjun febrúarmánaðar 1964 kr. 2.667.245.42. Af ástæðum, er greindar hafa verið, seldi ákærði Jósafat eigi slíka tékka eftir janúarmánuð 1964. Heildarupphæð innstæðulausra tékka, er ákærði Jósafat hagnýtti á þann hátt, verður ekki ákveðin með fullri nákvæmni. Orsökin er sú, að meðákærðu Áki Guðni og Albert Karl förguðu nokkru af janúartékkum þeim, er þeir endurkeyptu af póstafgreiðslunni og greint hefur verið frá. Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafa talið, að upphæð janúartékkanna hafi verið 2.5 milljónir króna. Fram í málinu hefur verið lagt plagg, er ákærði Jósafat hefur talið vera áætlun sína um að framfleyta tékkum þeim, er voru í póstafgreiðslunni án innstæðu. Hann hefur talið plaggið hafa verið útbúið fyrir 25. janúar 1964. Samkvæmt plagginu kemur fram áætlun um að senda til ýmissa aðilja í Reykjavík „fyrir mánaðamót" kr. 800.000.00, „eftir mánaðamót" kr. 1.700.000.00, eða samtals kr. 2.500.000.00.

Ef litið er til skrár endurskoðunardeildar pósts og síma um

innborgaðar póstkröfur og póstávísanir til póstdeildarinnar á Keflavíkurflugvelli, kemur fram heildarupphæð slíkra innborgana í janúarmánuði 1964 kr. 2.585.572.45. Frá 15. febrúar 1964 og út marzmánuð 1965 fer heildarupphæð slíkra innborgana pr. mánuð hvergi yfir kr. 58 þúsund og er tíðast mun lægri. Dómurinn er þeirrar skoðunar, að heildarupphæð þeirra innstæðulausu tékka, er ákærði seldi við póstdeildina, hafi numið um kr. 2.500.000.00 við janúarlok 1964. Dómurinn telur ákærða Jósafat hafa hagnýtt sér andvirði tékka þeirrar upphæðar, enda þótt meðákærði Albert Karl hafi staðið að útgáfu tékkanna, og er vísað í það, sem áður hefur verið rakið varðandi það atriði.

Ákærði Jósafat hefur greint frá því, að meðákærði Þórður Einar hafi frá upphafi verið leyndur því, að innstæður brysti fyrir tékkunum, er seldir voru póstafgreiðslunni. Seint á árinu 1963 hafi meðákærði Áki Guðni látið meðákærða Þórð Einar vita, hvernig ástatt var um tékkana. Ósannað er samkvæmt framburðum ákærðu Áka Guðna og Þórðar Einars, að annað hafi farið á milli þeirra en að ákærði Þórður Einar upplýsti ákærða Áka Guðna um það, hvenær uppgjör póstafgreiðslunnar færi almennt fram við pósthúsið í Reykjavík. Að öðru leyti lítur dómurinn svo á með vísan til rannsóknar þessa þáttar málsins, að erfitt sé að ákvarða, á hvaða tíma ákærði Þórður fékk vitneskju um innstæðuleysi tékka Ísfélags Keflavíkur h/f, er seldir höfðu verið póstafgreiðslunni. Því verður svo litið á, að ákærði Jósafat hafi notfært sér ranga hugmynd meðákærða Þórðar Einars um tékka þá, er hann seldi við póstafgreiðsluna, og með því haft fé af póstinum að þeirri upphæð, er áður greinir. I. kafli II. þáttar ákæru verður tekinn til greina, og telst því ákærði Jósafat með framferði sínu hafa brotið 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Þórður Einar.

Svo sem úrlausn í þætti ákærða Jósafats ber með sér, telur dómurinn ósannað, að ákærði Þórður Einar hafi vitað um innstæðuleysi tékka þeirra, er meðákærði Jósafat seldi í póstafgreiðslunni. Á hinn bóginn þykir rannsókn málsins hafa leitt það óyggjandi í ljós, að Þórður Einar hafi vitað um innstæðuleysi tékka Ísfélags Keflavíkur h/f, er lágu í kassa póstafgreiðslunnar um mánaðamót janúar—febrúar 1964, fyrstu dagana í febrúarmánuði það ár. Margt bendir þó til þess, að vitneskja ákærða Þórðar Einars um ástand tékkanna hafi skapazt fyrr.

Sannað telst, að ákærði Þórður Einar hafi látið þá meðákærðu

Áka Guðna og Albert Karl vita um ástand tékkanna og síðan fyrri hluta febrúarmánaðar 1964 tekið við innstæðulausum tékkum, er meðákærðu Áki Guðni og Albert Karl seldu við póstafgreiðsluna, til að viðhalda ávinningi meðákærða Jósafats af broti hans. Þykir brot ákærða Þórðar Einars, svo sem því hefur verið lýst, vera rétt fært til refsiákvæða í B lið II. kafla II. þáttar ákæru. Hann telst með háttsemi sinni hafa gerzt brotlegur við 254. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga, en á þeim tíma, er ákærði Þórður Einar framdi brot sitt, var hann fastur starfsmaður póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli, skipaður þar póstvarðstjóri, og því án tvímæla opinber starfsmaður í skilningi hegningarlaga.

Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl.

Rannsókn málsins þykir hafa leitt í ljós, að ákærði Áki Guðni hafi komizt að því síðla árs 1963, að innstæðulausir tékkar vegna Ísfélags Keflavíkur h/f væru í kassa póstafgreiðslunnar á Keflavíkurflugvelli. Frá þeim tíma hafi hann hjálpað til að viðhalda þeim ávinningi, er skapazt hafði vegna tékkanna, en ósannað verður að telja, að hann hafi þá, svo að hann hafi vitað, verið þátttakandi í öflun frekara fjár með sölu innstæðulausra tékka til póstafgreiðslunnar. Í byrjun febrúar 1964 hafi hann með vissu fengið upplýsingar um tékkafjárhæðina í póstafgreiðslunni, en um sama leyti hafi ákærði Albert Karl fengið vitneskju um tékkana. Ákærðu Albert Karl og Áki Guðni hafi þá í sameiningu stuðlað að útgáfu og sölu innstæðulausra tékka við póstafgreiðsluna á Keflavíkurflugvelli til að viðhalda ávinningi af broti meðákærða Jósafats, þannig að kaupa með fé því, er fékkst fyrir síðastnefnda tékka, eldri tékka, er raktir verða til meðákærða Jósafats og lágu innstæðulausir við póstafgreiðsluna. Hækkun sú, er verður á heildarupphæð innstæðulausra tékka, eftir að ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hófu að greiða með slíkum tékkum í póstafgreiðslunni, þykir ekki geta skoðazt sem auðgun, en upplýst er, að ákærðu lögðu m. a. fé inn á hlaupareikninga, er Ísfélag Keflavíkur h/f hafði aðgang að í Reykjavík, en ákærðu gáfu sig fram, áður en þeim hafði tekizt að endurkaupa eldri tékka, eða janúartékka Ísfélagsins. Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl þykja með þessu hafa gerzt sekir um atferli það, sem rakið er í III. kafla II. þáttar ákæru, staflið A. Þykir brot þeirra varða við 254. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir brotið ekki falla undir 248. gr. sömu laga, þegar af þeirri ástæðu að

verknaðarlýsing stafliðs A er ekki í samræmi við nefnda grein. Ber því að sýkna ákærðu Áka Guðna og Albert Karl af broti gegn 248. gr. hegningarlaga.

Í B lið III. kafla II. þáttar ákæru eru ákærðu Áki Guðni og Albert Karl ákærðir fyrir hlutdeild í brotum meðákærða Þórðar Einars sem opinbers starfsmanns, svo sem rakið er nánar í A lið II. kafla II. þáttar ákæru. Brot ákærða Þórðar var eigi talið falla undir nefndan lið, og ber þar af leiðandi að sýkna ákærðu af broti, sbr. B lið III. kafla II. þáttar ákæru. Svo sem ákæru er háttað, verður ekki leyst úr því, hvort ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafi verið hlutdeildarmenn í broti meðákærða Þórðar samkvæmt 254., sbr. 138. gr. hegningarlaga.

VIII.

Vegna verktakaþáttar málsins hefur bandarískum aðiljum á Keflavíkurflugvelli verið gefinn kostur á að koma fram bótakröfu í málinu. Engin slík krafa hefur komið fram.

Vegna póstþáttarins var póst- og símamálastjórninni gefinn kostur á því að hafa uppi bótakröfu í máli þessu. Með bréfi hæstaréttarlögmanns Sveinbjörns Jónssonar, lögmanns póst- og símamálastjórnarinnar, til dómsins, dagsettu 14. desember s.l., segir svo m. a.:

„Ég vísa til bréfs yðar, herra sakadómari, dags. 13. 4. þ. á., til póst- og símamálastjórnarinnar, þar sem þér veitið henni kost á því að koma að bótakröfu vegna rannsóknar á ætluðu misferli í starfsemi pósthússins á Keflavíkurflugvelli, ef framangreind rannsókn leiði til málshöfðunar.

Þar sem nú hefur verið höfðað mál á hendur þeim Jósafat Arngrímssyni, Áka Gränz, Albert K. Sanders og Þórði Halldórssyni, og það mál mun eiga að flytjast munnlega hinn 15. þ. m., leyfi ég mér að tilkynna yður, að þar sem eigi verður enn séð með fullri vissu, hvert tjón póst- og símamálastjórnarinnar út af framangreindu atferli kann að verða, tel ég rétt að hafa ekki uppi fjárkröfur gegn ákærðu í þessu máli, en geymi umbjóðendum mínum fullan rétt til að koma síðar fram í sérstöku bótamáli fjárkröfum vegna þess tjóns, er síðar kann að reynast, að umbj. minn hafi orðið fyrir vegna framangreinds atferlis og krefja hina ákærðu in solidum til greiðslu fjárhæðarinnar auk vaxta og kostnaðar".

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hafa ekki komið fram kröfur um fébætur í máli þessu.

IX.

Ákærði Jósafat hefur sætt refsingum, sem hér segir:

1953 20/2 í Hafnarfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 21/6 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

1965 12/6 í Keflavík: Dómur, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. augl. nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960.

Við ákvörðun refsingar ákærða Jósafats varðandi verktakaþáttinn er haft í huga, að brotaferill hans nær yfir alllangt tímabil og fjöldi einstakra brota mikill. Á hitt ber og að líta, að telja verður, að verk þau, er brotin eru sprottin af, hafi verið framkvæmd. Að öðru leyti með skírskotun til málavaxta, svo sem þeir hafa verið raktir, og með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaga, þykir refsing ákærða Jósafats hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Undir rannsókn málsins sat ákærði Jósafat í gæzluvist frá 31. janúar 1964 til 14. marz sama ár. Eftir atvikum þykir mega ákveða, að sá tími komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingu hans, sbr. 76. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Þórður Einar hefur sætt refsingum, sem hér segir:

1947 8/8 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn biðskyldu við gatnamót.

1948 25/4 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.

1956 22/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 28. gr. lögreglusamþykktar.

1957 12/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1962 21/8 á Keflavíkurflugvelli: Dómur: 200 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 27. gr., 4. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 5. gr., sbr. 40. gr. reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 61/1959.

Refsing ákærða Þórðar Einars þykir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði. Meðan málið var í rannsókn, sat ákærði í gæzluvarðhaldi frá 27. febrúar 1964 til 7. marz sama ár, og þykir rétt, að sá tími komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærði Eyþór hefur sætt refsingum, sem hér segir:

1947 12/2 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir röskun á húsfriði.

1946 16/1 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 750 kr. sekt fyrir tollagabrot.
1959 18/4 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1960 27/1 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1960 4/3 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. áfengislaga.
1961 10/10 í Keflavík: Áminning fyrir brot á 49. gr. umferðarlaga.
1962 22/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 19. gr. umferðarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða Eyþórs er haft í huga, að hann var í þjónustu meðákærða Jósafats, er hann framdi brot sín, og háður honum sem starfsmaður hans. Enn fremur ber að hafa í huga, að ákærði Eyþór hefur mjög hreinskilnislega skýrt frá brotum sínum í málinu. Með vísan til þessa og samkvæmt öðru því, sem rakið hefur verið varðandi þátt ákærða Eyþórs, þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og niður skal hún falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 haldið. Komi refsingin til framkvæmda, ber að draga frá henni þann tíma, er ákærði Eyþór sat í gæzluvarðhaldi undir rannsókn málsins, eða samtals 21 dag.

Ákærðu Áki Guðni og Albert Karl hafa sætt refsingum, sem hér segir:

Áki Guðni Gränz.
1961 20/7 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir brot á umferðarlögum.
1962 2/3 í Keflavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. umferðarlaga.
1965 12/6 í Keflavík: Dómur 12.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. augl. nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960.

Albert Karl Sanders.
1965 12/6 í Keflavík: Dómur: 15.000 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 95/1960 um sölu og útflutning á vörum, sbr. augl. nr. 96/1960 um sama efni, allt sbr. 8. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 30/1960.

Við ákvörðun refsinga ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls ber að hafa í huga, að ákærðu gáfu sig fram við yfirvöld fyrir dómsrannsókn málsins, en að vísu eftir endurskoðun í póstafgreiðslunni. Þá hafa báðir skýrt greiðlega frá þáttum sínum í málinu. Með tilliti til þessa og að öðru leyti með vísan til þess, sem rakið hefur verið um hlut ákærðu Áka Guðna og Alberts Karls í málinu, þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsinga þeirra skal fresta og niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

X.

Sakarkostnaði er skipt á eftirfarandi hátt:

Ákærði Jósafat greiði skipuðum verjanda sínum, Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 35.000.00 í málsvarnarlaun. Þess ber að geta, að skipaður réttargæzlumaður ákærða Jósafats frá upphafi rannsóknarinnar og að mestu leyti við hana, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hefur afsalað sér launum vegna starfa síns.

Ákærði Þórður Einar greiði skipuðum verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 30.000.00, en hæstaréttarlögmaðurinn var skipaður réttargæzlumaður ákærða Þórðar við upphaf rannsóknar á þætti hans.

Ákærði Eyþór greiði skipuðum verjanda sínum, Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 50.000.00. Hæstaréttarlögmaðurinn var í upphafi rannsóknar verktakastarfseminnar skipaður réttargæzlumaður ákærða Eyþórs.

Ákærði Áki Guðni greiði verjanda sínum, Benedikt Sigurjónssyni þá hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 15.000.00.

Ákærði Albert Karl greiði skipuðum verjanda sínum, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, málsvarnarlaun, kr. 15.000.00.

Með skipunarbréfi dómsins, dagsettu 6/5 1965, var Guðmundur heitinn Ásmundsson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða Áka Guðna. Hinn 5. júlí sama ár var mál þetta þingfest. Hinn 15. ágúst sama ár lézt af slysförum Guðmundur Ásmundsson hæstaréttarlögmaður. Munnlegur málflutningur stóð þá fyrir dyrum. Þykir bera að greiða dánarbúi Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns þóknun, er ákveðst kr. 10.000.00. Rétt þykir, að sá kostnaður verði lagður á ríkissjóð.

Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000.00, greiði ákærðu þannig: Ákærði Jósafat

helming, en ákærðu Þórður Einar, Eyþór, Áki Guðni og Albert Karl hinn helminginn in solidum.

Dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms í málinu, er stafar af umfangi málsins. Enn fremur urðu óhjákvæmilegar tafir vegna jólahátíðar.

Dómsorð:

Ákærði Jósafat Arngrímsson sæti fangelsi í 2 ár. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 31. janúar 1964 til 14. marz sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Þórður Einar Halldórsson sæti fangelsi í 8 mánuði. Gæzluvarðhaldsvist hans frá 27. febrúar 1964 til 7. marz sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Eyþór Þórðarson sæti fangelsi í 7 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta og niður falla eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Komi refsing til framkvæmda, skal frá henni draga gæzluvarðhandsvist ákærða frá 31. janúar 1964 til 20. febrúar sama ár með fullri dagatölu.

Ákærði Áki Guðni Gränz sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta og niður falla eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Albert Karl Sanders sæti fangelsi í 6 mánuði. Fullnustu refsingar hans skal fresta og niður falla eftir 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jósafat Arngrímsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 35.000.00.

Ákærði Þórður Einar Halldórsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000.00.

Ákærði Eyþór Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00.

Ákærði Áki Guðni Gränz greiði skipuðum verja sínum, Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00.

Ákærði Albert Karl Sanders greiði skipuðum verjanda sínum, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 15.000.00.

Ríkissjóður greiði dánarbúi Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns kr. 10.000.00.

Allan annan kostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 60.000.00, greiði ákærði Jósafat Arngrímsson að hálfu, en ákærðu Þórður Einar Halldórsson, Eyþór Þórðarson, Áki Guðni Gränz og Albert Karl Sanders að hálfu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 38/1967. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Helga Ingþórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. febrúar 1967, sem hingað barst 1. þ. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breytingu á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar ákvörðun héraðsdómarans á dómþingi 14. febrúar 1967 um að ljúka máli á hendur kærða Sigurði Helga Ingþórssyni með sáttargerð.

Með dómssátt, gerðri í sakadómi Húnavatnssýslu 2. nóvember 1966, gekkst kærði undir að greiða kr. 3.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæta ella 6 daga varðhaldi, yrði sektin ekki greidd innan 3 vikna, og vera sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 20. nóvember 1966 fyrir brot gegn 3. mgr. 25. gr. laga nr. 26/1958.

Hinn 19. janúar 1967 kærðu þeir Hjálmar Eyþórsson lögreglumaður og Svavar Pálsson bifreiðaeftirlitsmaður kærða fyrir að hafa sama dag ekið bifreiðinni H 620 um götur kauptúnsins á Skagaströnd. Kærði viðurkenndi brot sitt fyrir sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967. Héraðsdómarinn

ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig að kærði greiddi kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð og yrði sviptur ökuleyfi sínu í einn mánuð. Samþykkti kærði sátt þessa.

Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 varðar akstur vélknúins ökutækis, er ökumaður hefur verið sviptur ökuleyfi, varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 1. gr. sömu laga að fella dómssáttina úr gildi.

Það er athugavert, að héraðsdómari hefur eigi getið refsiákvæða þeirra, sem hann taldi brot kærða varða við.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem kærði, Sigurður Helgi Ingþórsson, gekkst undir fyrir sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967, er úr gildi felld.

Sátt í sakadómi Húnavatnssýslu 14. febrúar 1967.

Mættur er Sigurður Helgi Ingþórsson verkamaður, Uppsölum, fæddur þar 3. 9. 1947. Mætta er kunnugt um ástæðu fyrirkallsins. Jafnframt er gætt ákvæða laga nr. 82/1961, 77. gr., 2. mgr. Hann kveðst vilja skýra frá málavöxtum.

Dómarinn leggur fram lögregluskýrslu, dags. 19. jan. 1967, frá lögreglunni í Húnavatnssýslu. Skýrslan þingmerkt nr. 1. Upplesin, svohljóðandi:

„Fimmtudaginn 19. 1. 1967 um kl. 2140, er undirritaður var á eftirlitsferð um Skagaströnd ásamt bifreiðaeftirlitsmanni, Svavari Pálssyni, urðum við varir þess, að bifreiðinni H 620 var ekið frá Holti á Skagaströnd og niður á bryggju. Við nánari athugun kom í ljós, að á bifreiðinni H 620 var ökumaður Sigurður Ingþórsson frá Uppsölum í Þingi.

Þar sem nefndur Sigurður hafði misst ökuskýrteini sitt í nóvember s.l., hafði undirritaður tal af honum, er hann steig út úr bifreiðinni, er hann hafði ekið til baka heim að Holti í Höfðakaupstað.

Aðspurður kvaðst Sigurður aðeins hafa verið að fara með tengdaföður sinn, Bjarna Helgason, að báti hans. Einnig kvað hann föður

sinn, Ingþór Sigurðsson, Uppsölum, hafa ekið bifreiðinni til Skagastrandar. Viðurkenndi Sigurður að vera ökuskýrteinislaus, en taldi þetta ekki alvarlegt brot hjá sér.

Þetta tilkynnist yður hér með, hr. sýslumaður.

Virðingarfyllst.

Hjálmar Eyþórsson,
lögregluþj. nr. 1.“

Dómarinn býður mætta upp á, að hann greiði nú þegar kr. 1.000.00 í sekt til ríkissjóðs og missi ökuleyfi í mánuð í viðbót, en hann átti að fá ökuleyfi aftur 20. marz n. k., þannig að hann fái ökuskírteinið 20. apríl n. k.

Mætti sættir sig við þessi úrslit og samþykkir sáttina.

Upplesið. Samþykkt.

Sigurður Ingþórsson.

Fimmtudaginn 16. marz 1967.

Nr. 43/1967. **Áki Jakobsson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík og Halldóri Sigfússyn, skattstjóra í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Vitnaskylda.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. febrúar 1967, sem Hæstarétti barst 6. marz 1967. Gerir hann þá kröfu, að varnaraðilja Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, verði dæmt að koma fyrir dóm og svara sem vitni spurningum þeim, sem raktar eru í hinum kærða úrskurði. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar, Gjaldheimtan í Reykjavík og Halldór Sigfússon, skattstjóri í Reykjavík, hafa krafizt þess, að hinn

kærði úrskurður verði staðfestur og að þeim, hvorum um sig, verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 1.500.00 hvorum.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Áki Jakobsson, greiði varnaraðiljum, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, kærumálskostnað, kr. 1.500.00 hvorum, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. febrúar 1967.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 8. þ. m. um kröfu stefnda um, að Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, verði gert skylt að svara sem vitni tilteknum spurningum. Málið var höfðað með stefnu, sem út var gefin 23. febrúar 1966. Það var þingfest 1. marz s. á. Stefnandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, en stefndi Áki Jakobsson, hæstaréttarlögmaður hér í borg. Stefnandi gerir þá dómkröfu, að stefnda verði með dómi gert að greiða tiltekin opinber gjöld vegna áranna 1960—1963, samtals að fjárhæð kr. 280.647.00. Þá er og krafizt vaxta og málskostnaðar. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Fram er komið, að verulegur hluti hinna umdeildu gjalda er lagður á vegna sölu tiltekinna fasteigna. Fasteignir þessar hafði stefndi átt lengur en í 5 ár, en söluverðið var að krónutölu hærra en kaupverðið. Taldi skattstofan í Reykjavík mismuninn til skattskyldra tekna. Var það byggt á eftirfarandi ákvæði í 7. grein laga nr. 46/1954 um tekjuskatt og eignarskatt, sem síðar var tekið upp í 7. gr. laga nr. 70/1962:

„Skattskyldar tekjur teljast, með þeim undantekningum og takmörkunum, er síðar greinir, alls konar arður, laun og gróði, er gjaldanda hlotnast af eign eða atvinnu eða einstökum verknaði eða atvikum, ef þetta verður metið til peningaverðs, svo sem: ...

e. Ágóði af sölu á fasteign eða lausafé, enda þótt salan falli ekki undir atvinnurekstur skattgreiðanda, ef ætla má, að hann hafi keypt eignina, eða öðlazt hana á annan hátt, í því skyni að selja hana aftur með ágóða eða hún hefur verið í eign hans skemur en 5 ár, ef um fasteign er að ræða ...“

Hinn 12. apríl 1966 ritaði stefndi skattstjóranum í Reykjavík og óskaði eftir upplýsingum „um reglur þær, sem skattstofan í Reykjavík fylgir, er hún skattleggur ágóða af sölu fasteignar, þó skattþegn sé búinn að eiga eignina í full 5 ár ...“ Svarbréf er dagsett 19. apríl, og segir þar, að skattstofan hafi „ekki sett neinar almennar reglur varðandi skattskyldu“ í slíkum tilvikum. Tekið er fram, að ekki sé „heldur kunnugt um, að ríkisskattanefnd eða fjármálaráðuneytið hafi nokkru sinni sett slíkar reglur umfram það, sem stendur í 15. gr. reglugerðar nr. 245/1963.“

Sama dag og stefndi ritaði skattstjóranum í Reykjavík, eins og hér var lýst, sendi hann sams konar fyrirspurn til ríkisskattstjóra. Því var svarað með bréfi 6. maí, en þar segir ríkisskattstjóri, að ríkisskattanefnd hafi tekið bréf stefnda fyrir á fundi þann sama dag. „Nefndinni hefur borizt“ segir enn fremur í bréfi ríkisskattstjóra „endurrit af svari skattstjórans í Reykjavík til yðar, dags. 19. apríl 1966, varðandi sama atriði og telur, að með svari hans sé fyrirspurninni fullnægt.“

Í greinargerð stefnda, sem lögð hafði verið fram á bæjarþingi 12. apríl, segir m. a.:

„Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið tekið fram, er hér með skorað á stefnanda að leggja fram í réttinum reglur þær, sem skattayfirvöld fara eftir við álagningu tekjuskatts á ágóða af sölu fasteignar, sem menn hafa átt í meira en fimm ár. Ef reglur þessar eru ekki til skriflegar, er skorað á stefnanda að leiða í rétt skattstjórann í Reykjavík eða þann starfsmann, sem annast skattlagningu, eins og hér um ræðir, og láta þá munnlega í réttinum gera grein fyrir því, hvaða reglum fylgt er.“ Þessa ósk ítrekaði stefndi í bréfi til lögmanns stefnanda 3. september s.l. Ósk í sömu átt kom fram á bæjarþingi 26. sama mánaðar.

Fram hefur verið lagt bréf frá skattstofu Reykjavíkur, undirritað af Halldóri Sigfússyni skattstjóra og dagsett 24. október s.l. Þar segir m. a.:

„Með nýjum skattalögum nr. 46/1954 var sú breyting gerð á e-lið 7. gr. nefndra laga, að felld var niður tekjuskattskylda á söluhagnaði fasteigna, sem verið höfðu skemur en 5 ár í eigu seljanda, ef hann síðar varði söluverðinu til kaupa nýrrar eignar

innan eins árs eða byggði innan tveggja ára — síðan framlengt í þrjú ár.

Þessi rýmkunarákvæði sköpuðu skattþegnum ýmiss konar möguleika til að komast fram hjá sölugróðaskattskyldu samkv. 1. málsgr. nefndrar greinar, — en skattstofunni að sjálfsögðu stóraukna vinnu og erfiðleika við rannsóknir í þessu sambandi.

Vegna þessarar stórauknu vinnu við að fylgjast með og rannsaka allar fasteignasölur, endurkaup og nýbyggingar innan hinna framangreindu tilteknu skattfrelsismarka hefur hin síðustu ár orðið naumt á tíma hjá skattayfirvöldum til rannsókna á sölum *utan* fimm ára eignartímareglunnar í umræddri lagagrein. Sú mikla tilhliðrun, sem löggjafinn sýndi með nefndri lagabreytingu gagnvart þeim, sem höfðu hagnað af sölu innan fimm ára tímabilsins, og oft gífurlegan, mun og kannske óbeint hafa haft þau áhrif, að skattayfirvöld eða starfsmenn þeirra hafi ekki lagt sig eins í framkróka í eltingaleik við hina, sem selt hafa *eftir* fimm árin, og keypt kynnu að hafa með sölugróðasjónarmið í huga. Úrskurðir og dómar hafa og frekar þótt benda í þá átt, að sölugróðasjónarmiðið yrði að koma nokkuð skýrt fram í þessu sambandi, til þess að slíkri skattlagningu yrði ekki hrundið.

Síaukið fjárfestingaræði fólks, sem fjármálaathafnir almennt markast af, hafa og enn aukið á vandann við að ákveða um það, í hvaða tilgangi þessi eða hin eign hefur verið keypt eða byggð í *upphafi*, — þ. e. hvort fjárfestingin er ætluð til frambúðar ellegar framtíðar-sölu, oft og tíðum óvíst hvort málsaðiljar sjálfir hafa í byrjun gert sér grein fyrir því.

Atriðið, hvenær telja megi, að eign hafi verið keypt „í því skyni að selja hana aftur með ágóða" er eitt af eilífðarvandamálum skattsögunnar og aldrei vandmeðfarnara en nú. Sennilega hefur ekki verið alfullkomið samræmi í, hvernig mál þessi hafa verið metin og vegin á ýmsum tímum eða í ýmsum skattumdæmum, en svo er hætt við, að hafi verið og verði um æðimargt, sem tekjuskattsframkvæmd varðar.

Það, sem skeður í þessu tiltekna máli, sem hér um ræðir, er ekkert nema það, að skattayfirvöld, sem um þessi mál hafa fjallað, hafa talið, að kaup og sala í þessum umræddu viðskiptum væri þess eðlis, að rétt væri að láta æðstu úrskurðarvöld þessara mála fjalla um þessa skattlagningu og úrskurða.

Að sjálfsögðu færir skattstofan engar sérstakar skrár um einstakar tegundir tilvika, sem leitt hafa til skattlagningar, og þá heldur ekki í því tilviki, sem hér um ræðir. En vitanlega eru

skattayfirvöld reiðubúin að láta dómstólum í té þær upplýsingar, sem að gagni mættu verða til að létta lausn einstakra mála. En með tilvísun til þess, sem áður er sagt, telur skattstofan sig þess lítt umkomna að geta veitt nokkrar upplýsingar, sem verið geti dómstólnum til leiðbeiningar í þessu máli. Hvert einstakt mál verður að úrskurðast út frá sínum sérástæðum."

Hinn 26. nóvember s.l. ritaði stefndi lögmanni stefnanda bréf, þar sem segir:

„Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við yður, að þér aflið svara skattstjórans í Reykjavík við eftirfarandi spurningum, en ég mun leggja fram í bæjarþingi Reykjavíkur svör þau, sem mér berast:

1. Hefur á árunum frá 1960 verið lagðir tekjuskattar og útsvör á tekjur af sölu fasteigna, er menn hafa átt í meira en fimm ár, hjá nokkrum öðrum gjaldendum en Áka Jakobssyni hrl. og Kristjáni Eiríkssyni hrl.?
2. Ef svo er, vill skattstofan upplýsa, hvaða aðiljar það eru?
3. Er það rétt, að Óskar Björnsson, fulltrúi á skattstofunni, hafi einn annazt álagningu slíka sem þessa og þar með álagningu á þá Áka Jakobsson og Kristján Eiríksson?
4. Man téður Óskar Björnsson eftir nöfnum þeirra annarra skattaðilja, sem skattlagðir hafa verið á þennan hátt?"

Þessu svaraði skattstofa Reykjavíkur 5. desember, og er svarbréfið undirritað f. h. skattstjóra af Ásgeiri Jónssyni skrifstofustjóra. Í því segir m. a.:

„Málið hlýtur að snúast um það, hvort skattstofan hafi í þessu tilviki ranglega skattlagt sölugróða, sem samkvæmt eðli málsins ætti ekki að skattleggja, að áliti gjaldanda.

Það liggur í hlutarins eðli, að það er ekki ætíð auðvelt mál að úrskurða um þetta efni og ágreiningur því í alla staði eðlilegur.

Út af spurningu 1 og 2 er vísað til bréfs skattstjóra, dags. 24. okt. s.l., og endurtekið, að skattstofan færir engar sérstakar skrár um einstakar tegundir tilvika, sem leitt hafa til skattlagningar, og þá heldur ekki í því tilviki, sem hér um ræðir.

Til þess að svara spurningunni afdráttarlaust þá yrði að yfirfara öll skattframtöl frá því árið 1960, og ekkert skal um það sagt, hvort þar mundu aðrir finnast en þeir, sem um er spurt.

Þeir aðiljar, sem gera eitthvað að því að byggja eða kaupa hús í því skyni að selja aftur, selja yfirleitt innan fimm ára. Margir slíkir hafa selt í þeirri trú, að söluhagnaðurinn væri skattfrjáls, ef þeir keyptu fasteign innan árs eða byggðu innan 3ja ára frá

söludegi. Það er algengt, að slíkur sölugróði sé skattlagður á þeirri forsendu að eignarinnar hafi verið aflað í þeim tilgangi að selja hana aftur með hagnaði.

Menn eru yfirleitt ekki það fjársterkir, að þeir kaupi meiri háttar húseignir (aðrar en þær, sem þeir nota að einhverju eða mestu leyti sjálfir) í þeim tilgangi að geyma í nokkur ár og selja síðan með hagnaði. Þó koma fyrir slík tilfelli.

Eins og fyrr segir, getur verið mjög erfitt að fullyrða um það, að eign, sem verið hefur lengur en 5 ár í eigu seljanda, hafi verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur með hagnaði, en þó getur málið verið þannig, að allar líkur bendi til þess, að svo hafi verið, eins og t. d. í máli Áka Jakobssonar.

Skipasund 88 og Efstasund 100 eru aðflutt stórhýsi, sem stóðu á dýrum lóðum í miðborginni og fengust fyrir lítið fé. Í hvoru húsi eru sennilega 4 íbúðir, ef ekki fleiri.

Þeir, sem fengu lóðir í Reykjavík undir hús þessi, gátu gert sér vonir um nokkurn hagnað af þessum kaupum, og er það sá hagnaður, sem nú er deilt um, hvort telja eigi skattskyldan.

Um spurningar 3 og 4 er litið svo á, að ekki skipti máli, hvaða starfsmaður eða starfsmenn fjalli um einstök framtöl, enda viðhöfð regla að upplýsa ekki um þau atriði, og liggja til þess gildar ástæður."

Hinn 28. janúar s.l. var gefin út af borgardómara stefna, þar sem Halldóri Sigfússyni skattstjóra var stefnt sem vitni að ósk stefnda í máli þessu. Í stefnunni segir svo eftir stefnda: „Lögmaðurinn skýrir svo frá, að hann óski að bera upp við skattstjóra spurningar um atriði, sem samkvæmt bréfum frá skattstofunni í Reykjavík sé ekki unnt að upplýsa með vottorðum úr embættisbókum eða opinberum skjölum. Kveður hann hér vera um að ræða þá spurningu, hvort á aðra menn en stefnda sjálfan og hr. Kristján Eiríksson hrl. hafi verið lagðir skattar vegna ágóða af sölu fasteigna, sem gjaldþegn hefur átt í 5 ár. Jafnframt óskar hæstaréttarlögmaðurinn að spyrja skattstjóra, hvort aðrir starfsmenn skattstofunnar í Reykjavík en skattstjóri sjálfur geti gefið upplýsingar hér að lútandi."

Þegar mál þetta skyldi tekið fyrir af tilefni vitnastefnunnar 6. þ. m., kom lögmaður á dómþingið af hálfu skattstjóra og lagði fram bréf frá honum, dagsett 31. janúar. Segir þar, að skattstjóri telji almennt æskilegt að komast hjá að bera vitni fyrir dómi, enda mundi starfsfriður skertur, ef „skattgjaldendum væri gerð greið leið að stefna þeim fyrir dómstóla til að láta þá þar gera

grein fyrir skattálagningu í hinum fjölbreytilegustu tilvikum. Hafa ákvæði skattalaganna og laga um meðferð einkamála í héraði (sbr. 125. og 126. gr.) verið túlkuð þannig af hálfu skattayfirvalda, að þau væru ekki skyld til slíkra réttarmætinga." Þá vísar skattstjóri til áðurgreindra bréfa frá 19. apríl, 24. október og 5. desember 1966.

Stefndi hefur krafizt úrskurðar um, að skattstjóra sé skylt að koma fyrir dóm og svara spurningum í þá átt, er greinir í vitnastefnunni og um önnur atriði, er af því spretta. Kröfu sína hefur stefndi rökstutt m. a. með þessum orðum:

„Með tilvísun til þeirra upplýsinga frá hendi skattstofunnar í Reykjavík, að hún haldi ekki skrár yfir þá, sem á er lagður tekjuskattur af söluhagnaði fasteigna eftir fimm ára eign, er að mínu áliti óhjákvæmilegt, að skattstjórinn og aðrir, sem geta gefið upplýsingar um þetta atriði, komi fyrir rétt til þess að upplýsa það betur. Úr bréfi þessu má líka lesa það, að slík skattlagning sem þessi er mjög fágæt, satt að segja fordæmalaus, því skattstofan vill ekki fullyrða, að það séu fleiri en Áki Jakobsson og Kristján Eiríksson. Nú er það vitað, að fáir menn á skattstofunni í Reykjavík fara yfir skattframtöl þeirra manna, sem standa í kaupum og sölum á fasteignum eða byggingu. Það ætti því að vera mjög auðvelt að upplýsa það til fulls, hverjir hafa orðið fyrir slíkri skattlagningu sem þessari. Þegar það hefur verið upplýst, er hægara að sannreyna þær reglur, sem eftir er farið, og leggja þær þannig fyrir dómstólana, að þeir geti dæmt um lögmæti þeirra."

Lögmaður stefnanda hefur tekið fram, að hann telji skattstjóranum í Reykjavík óskylt að svara spurningunum, sem greindar eru í vitnastefnu. Vísar lögmaðurinn til raka skattstjórans sjálfs, en tekur jafnframt fram, að hann teldi engu varða fyrir úrslit málsins, hvort fleiri eða færri gjaldendur hafi verið skattlagðir skv. þeim reglum, er beitt hefur verið við álagningu á stefnda.

Telja verður hugsanlegt, að upplýsingar um beitingu 7. gr. laga nr. 46/1954 og síðar 7. gr. laga nr. 70/1962 og beitingar 15. gr. reglugerðar nr. 147/1955 geti haft áhrif á skýringu á ákvæðum þessum. Verður því ekki á það fallizt með lögmanni stefnanda í málinu, að svar við hinni fyrri þeirra spurninga, sem stefndi krefst, að skattstjóranum í Reykjavík verði gert að svara, sé sýnilega þýðingarlaust fyrir málið, en 3. töluliður 1. málsgreinar 125. greinar laga nr. 85/1936 kæmi til athugunar, ef svo væri.

Telja verður, að með bréfi sínu 24. október s.l. og með því að

ítreka í bréfi sínu 31. janúar ummæli Ásgeirs Jónssonar skrifstofastjóra frá 5. desember hafi skattstjóri svarað á þann hátt, sem krafizt verður, fyrri spurningunni, sem stefndi krefst að upp sé borin. Slíkt skriflegt svar þiggur hann undan þeirri skyldu að koma fyrir dóm og svara munnlega spurningunni, sbr. 4. tölulið 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936.

Skattstjórinn í Reykjavík hefur svarað fyrirspurnum stefnda sem forstöðumaður skattstofu Reykjavíkur. Stefndi hefur ekki gert líklegt, að aðrir starfsmenn þeirrar stofnunar geti gefið upplýsingar, sem skattstjórinn hefur ekki veitt í bréfum sínum. Þykir eftir meginreglum um starfsvið forstöðumanna ríkisstofnana því eiga að líta svo á, að það sé fram komið í framangreindum bréfum skattstjóra, sem af hálfu skattstofunnar sé unnt og skylt að upplýsa. Svar við þeirri spurningu stefnda, hvort aðrir starfsmenn skattstofunnar en skattstjóri sjálfur geti gefið tilteknar upplýsingar, verður því að telja sýnilega þýðingarlaust fyrir málið. Er skattstjóra því heimilt eftir 3. tl. 1. mgr. 125. gr. laga nr. 85/1936 að skorast undan að svara spurningu þessari. Hann hefur bréflega skorazt undan að koma fyrir dóm, og þykja ekki efni til að skylda hann til að gera það, þar sem ljóst er, að honum er óskylt að svara umræddri spurningu, sbr. meginreglu þá, sem fram kemur í 4. tölulið 1. málsgreinar 125. gr. laga nr. 85/1936.

Samkvæmt framansögðu verður skattstjóranum í Reykjavík ekki talið skylt að koma fyrir dóm til að svara spurningum þeim, sem stefndi hefur krafizt, að fyrir hann verði lagðar.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms í málinu.

Þór Vilhjálmsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Halldóri Sigfússyni, skattstjóra í Reykjavík, er óskylt að koma fyrir dóm til að svara áðurgreindum spurningum stefnda í bæjarþingsmáli nr. 1387/1966.

Miðvikudaginn 22. marz 1967.

Nr. 41/1967. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Svanholt Björgvinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Kröfu um ómerkingu úrskurðar og endurupptöku máls hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Eysteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 27. febrúar 1967, er hingað barst 6. þ. m., hefur ákærði, Guðmundur Svanholt Björgvinsson, samkvæmt 9. og 10. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði „úr gildi felldur og að dómara verði talið skylt að taka mál þetta upp af nýju frá 8. nóvember 1966". Þá hefur ákærði krafizt kærumálskostnaðar.

Hinn 10. júlí 1965 kærðu tveir lögreglumenn ákærða fyrir að hafa þann sama dag selt nafngreindum manni eina flösku af áfengi fyrir kr. 400.00. Að lokinni venjulegri frumrannsókn var málið sent til saksóknara ríkisins, sem gaf út ákæruskjal á hendur ákærða 20. apríl 1966. Var verknaður ákærða þar talinn varða við 18. gr., sbr. 39. gr. laga nr. 58/1954. Þá var krafizt upptöku ólöglegs ágóða, kr. 400.00, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málið var rekið fyrir sakadómi Kópavogs, og hinn 13. júlí 1966 var ákærða að ósk hans skipaður verjandi. Á dómþingi 4. júlí s. á. krafðist verjandi ákærða þess aðallega, „að máli þessu verði vísað frá, en til vara, að málinu verði frestað eftir ákvörðun dómara, svo að ákæruvaldinu verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við kröfur þær, sem gerðar eru á hendur" ákærða. Héraðsdómari sendi saksóknara ríkisins málið til umsagnar 26. september 1966. Svar

saksóknara ríkisins er dagsett 3. október s. á. Héraðsdómarinn tók málið fyrir í sakadómi Kópavogs 8. nóvember 1966, lagði þá fram bréf saksóknara ríkisins og kvað upp úrskurð í málinu, þar sem frávísunarkröfu ákærða var hrundið. Úrskurðurinn var birtur fyrir verjanda ákærða 27. febrúar 1967.

Ákærði telur, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi, þar sem hvorki honum né verjanda hans hafi verið gefinn kostur á að kynna sér framangreint bréf saksóknara ríkisins né sækja nefnt þinghald.

Héraðsdómara var að vísu rétt að kynna verjanda ákærða efni bréfs saksóknara ríkisins frá 3. október 1966, sbr. 1. mgr. 87. gr. laga nr. 82/1961. Þar sem hins vegar bréf þetta skiptir ekki efnislega máli um málssóknina á hendur ákærða, er ekki ástæða til að ómerkja hinn kærða úrskurð af þeim sökum. Verður því krafa ákærða ekki til greina tekin.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Krafa ákærða, Guðmundar Svanholts Björgvinssonar, um ómerkingu hins kærða úrskurðar er ekki tekin til greina.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 27. febrúar 1967.

Mál þetta er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 20. apríl s.l., á hendur Guðmundi Svanholt Björgvinssyni leigubifreiðarstjóra, Ásbraut 19, Kópavogi, fyrir að hafa laugardaginn 10. júlí 1965 selt Gunnari Árnasyni bifreiðarstjóra, Klöpp í Blesugróf í Reykjavík, eina flösku af áfengi (brennivíni) fyrir krónur 400.00, en sala þessi fór fram í bifreið ákærða.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til upptöku ólöglegs ágóða að upphæð kr. 400.00 samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 6. febrúar 1928 í Krossavík í Þistilfirði, N.-Þing., hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1948 29/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1950 3/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1958 8/8 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
1960 4/10 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1962 13/7 í Kópavogi: Áminning fyrir rangstöðu bifreiðar.

Málavextir eru þessir: Laugardaginn 10. júlí 1965 kl. 2335 voru tveir lögregluþjónar í eftirliti við „plan" B. B. S. Veittu þeir þá athygli manni, sem kom þar að og hafði tal af nokkrum ökumönnum þar á stöðinni. Grunaði lögregluþjónana, að maður þessi væri að fala áfengi frekar en akstur og fylgdust því með honum, er hann fór af stöðinni og gerðist farþegi í leigubifreiðinni R 6305 L. Var þeirri bifreið síðan ekið beinustu leið að veitingahúsinu Röðli. Þar yfirgaf framangreindur maður bifreiðina R 6305 L og fór yfir í bifreiðina R 2171 L, en þar var annar maður farþegi fyrir. Var þeirri bifreið nú ekið að stöð B. B. S. við Stórholt. Fór þá sami maður út úr bifreiðinni R 2171 L og gerðist nú farþegi í bifreiðinni Y 120 L, sem síðan var ekið um götur í Reykjavík, en að lokum upp í Skipholt, þar sem lögreglumaður sá, sem elt hafði bifreiðina, stöðvaði bifreiðina. Kom þar síðan að hinn lögreglumaðurinn, nr. 83, sem gætt hafði bifreiðarinnar R 2171 L, meðan lögreglumaðurinn nr. 36 elti Y 120 L. Lögregluþjónn nr. 36 kvaðst hafa séð, að farþeginn í Y 120 L lét einhvern hlut inn undir klæði sín, er bifreiðinni var ekið af Skipholti niður á Laugaveg. Voru nú farþegar og ökumenn bifreiðanna færðir á lögreglustöðina til yfirheyrzlu. Farþegi sá, sem var í Y 120 L, reyndist vera með áfengisflösku innan klæða og viðurkenndi að hafa keypt hana af ökumanni Y 120 L, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Farþegi þessi kvaðst heita Gunnar Árnason, Klöpp, Blesugróf. Farþeginn, sem beið í R 2171 L, kvaðst heita Þór Gunnlaugsson, Ránargötu 35 A. Lýsti Gunnar því yfir, að hann hefði keypt áfengi af ákærða, eina flösku af brennivíni fyrir kr. 400.00. Þór lýsti því yfir, að Gunnar hefði ekki verið með áfengi meðferðis, er Gunnar fór í bifreiðina Y 120 L.

Ákærði, sem var ökumaður Y 120 L, neitaði að hafa selt Gunnari áfengi og lýsti því yfir, að farþeginn hefði ekki beðið um áfengi, heldur aðeins sagt ákærða að aka um og sagt til, þegar breyta skyldi aksturssstefnu. Ákærði kvaðst hafa gleymt að setja gjaldmæli í gang, en hann var ekki í gangi, er lögreglumennirnir komu að bifreiðinni Y 120 L.

Vitnið Gunnar Árnason leigubifreiðarstjóri kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. janúar 1966. Vitnið skýrði þar svo frá, að það hefði verið í leigubifreið frá Bifreiðastöðinni Bæjarleiðum ásamt Þór Gunnlaugssyni og hefðu þeir ekið að bílasíma Borgarbílastöðvarinnar við Stórholt. Þar hefði vitnið yfirgefið bifreiðina og tekið bifreið, sem stóð við bílasímann, í þeim tilgangi að kaupa áfengi. Vitnið kvaðst hafa ekið með þeirri bifreið um nágrennið og síðan áleiðis að bílasímanum, en á þeirri leið hafi þeir verið stöðvaðir af lögreglunni, sem færði þá á lögreglustöðina.

Vitnið kvaðst hafa keypt flösku af brennivíni af bifreiðarstjóranum í bifreiðinni frá Borgarbílastöðinni. Kveðst vitnið hafa greitt flöskuna með 500 króna seðli og fengið 100 krónur til baka. Vitnið kvað ökumann bifreiðarinnar ekki hafa sett gjaldmælinn í gang og kvaðst ekkert áfengi hafa haft meðferðis, er það kom í bifreiðina.

Vitnið var látið lesa það, sem eftir því var haft á skýrslu lögreglunnar, og kvað rétt eftir sér haft þar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Þór Gunnlaugsson lögregluþjónn, fæddur 14. desember 1946 í Reykjavík, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 24. febrúar 1966.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið kvaðst hafa verið farþegi í leigubifreið ásamt Gunnari Árnasyni. Sagði vitnið, að þeir Gunnar hefðu ekki haft neitt áfengi meðferðis, en hefðu haft hug á að afla þess. Leigubifreiðarstjóri sá, er þeir óku með, hafði ekkert áfengi átt og hefðu þeir því tekið aðra bifreið á leigu við Röðul og ekið í henni að bílasíma við Stórholt. Þar hefði Gunnar farið úr bifreiðinni og í aðra bifreið í þeim tilgangi að kaupa áfengi, en vitnið beið á meðan í bifreiðinni, sem þeir félagar tóku við Röðul.

Bifreið sú, sem Gunnar fór í, hafi verið Opel-bifreið, svört að lit. Vitnið sagði, að þegar Gunnar kom aftur með bifreiðinni, hefði hún verið stöðvuð af lögreglunni. Fóru síðan vitnið og Gunnar í leigubifreiðinni, sem vitnið var í, niður á lögreglustöð. Vitnið sagði, að Gunnar hefði sagt því, að hann hefði fengið flöskuna keypta, en lögreglan hefði tekið hana.

Vitnið fullyrti, að Gunnar hefði ekkert áfengi haft meðferðis, þegar Gunnar tók leigubifreiðina við bílasímann.

Vitninu var síðan kynnt lögregluskýrslan og kvaðst kannast við nafnritun sína á henni og ummæli sín, sem þar eru tilgreind.

Vitnið Ragnar Guðmundur Bergsveinsson lögregluvarðstjóri, 43 ára að aldri, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. marz 1966.

Vitnið mundi eftir atviki því, sem áður er greint.

Vitnið minntist þess, að þeir lögregluþjónarnir voru að elta leigubifreið, sem a. m. k. tveir farþegar voru í. Vitnið taldi, að þeir hefðu verið að elta bifreiðina, vegna þess að þeir hafi álitið, að farþegarnir væru að leita fyrir sér um áfengiskaup. Vitnið sagði, að þeir hefðu elt bifreiðina, þar til hún stöðvaðist við bílasíma B. B. S. við Stórholt. Þar hefði farþegi farið úr bifreiðinni og tekið aðra bifreið, sem stóð við bílasímann, og ekið með henni um nágrennið og hafi vitnið elt bifreiðina á bifreið þeirri, sem lögreglumennirnir voru í, en hinn lögregluþjónninn, félagi vitnisins, hefði orðið eftir við bílasímann.

Vitnið fylgdi síðan bifreiðinni eftir allan tímann, sem farþeginn var í henni, og stöðvaði síðan bifreiðina, þegar hún kom til baka, og hafði tal af farþeganum, en hann hafði meðferðis áfengisflösku, sem hann kvaðst hafa keypt í bifreiðinni. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, af hvaða ástæðu það dró þá ályktun, að um vínsölu væri að ræða, en fullyrti, að sú hafi verið ástæðan til þess, að þeir stöðvuðu bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki muna frekar eftir máli þessu.

Vitninu var kynnt skýrsla þess, þ. e. a. s. lögregluskýrsla, og kvað hana rétta og kvaðst engu hafa við hana að bæta. Síðan vann vitnið eið að framburði sínum.

Vitnið Héðinn Skúlason rannsóknarlögreglumaður, 36 ára að aldri, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur sama dag og vitnið Ragnar.

Mundi vitni þetta mjög óljóst til atvika, en mundi þó, að bifreiðin Y 120 L hefði tekið farþega úr annarri bifreið við bílasíma B. B. S. við Stórholt og hefði farþeginn farið með Y 120 L, sem hefði ekið á brott, en komið eftir stutta stund aftur. Kvaðst vitnið hafa orðið eftir á gatnamótunum við Skipholt, en félagi vitnisins hefði elt leigubifreiðina.

Taldi vitnið sig ekki muna frekar um málið, þannig að á því væri byggjandi, enda væri hætt við, að það ruglaði saman atburðum úr öðrum málum, sem vitnið hefði verið viðriðið.

Síðan var vitninu kynnt lögregluskýrslan, og hafði það ekkert við hana að athuga.

Ákærði kom fyrir sakadóm Kópavogs laugardaginn 2. október 1965.

Ákærði skýrði þá svo frá, að bifreið hans hefði staðið við bif-

reiðastæði Borgarbílastöðvarinnar, þegar Gunnar Árnason hefði komið þar að og beðið um far. Kvaðst ákærði fyrst hafa veitt Gunnari athygli, er hann kom gangandi um gatnamót Einholts og Meðalholts. Ákærði kvaðst síðan hafa ekið honum um götur eftir bendingu hans, en hann hefði ekki nefnt neinn ákveðinn stað. Ákærði sagði, að engin kaup hefðu átt sér stað milli þeirra og kvað Gunnar eigi hafa farið fram á, að honum yrði selt áfengi. Ákærði kvaðst hafa orðið var við það, þegar þeir voru að koma niður á Suðurlandsbraut, að Gunnar tók upp flösku og saup á.

Var nú ákærða birt lögregluskýrslan og kvað hann það ekki rétt, að farþeginn hefði komið úr bifreiðinni R 2171 L og kvaðst ekkert hafa orðið var við þá bifreið, fyrr en hún kom þar að, er lögreglan hafði stöðvað ákærða. Ákærði kvað Gunnar hafa geymt flöskuna, sem hann var með, innan klæða og tók fram, að hann hefði einungis einu sinni sopið á flöskunni.

Ákærði kom fyrir dóm til ákærubirtingar 10. júní 1966 og endurtók þá fyrri yfirlýsingar sínar um það, að hann hefði ekki selt Gunnari Árnasyni áfengisflösku greint sinn. Fékk ákærði þá frest til að athuga um varnir í málinu, og var málið síðan tekið fyrir að nýju 16. júní s.l., og óskaði ákærði þá eftir því, að Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður verjandi sinn í málinu, og var það gert. Málið var síðan tekið fyrir 4. júlí s.l., og mætti þá verjandi ákærða, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, og krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá, þar sem ekki væri mætt í málinu af hálfu ákæruvaldsins, en til vara krafðist verjandi þess, að málinu yrði frestað, „svo að ákæruvaldinu verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við kröfur þær, sem gerðar eru á hendur skjólstæðing mínum". Einnig krafðist verjandi skýringa á ákærunni.

Var nú málið sent saksóknara til umsagnar skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 82/1961.

Umsögn saksóknara barst með bréfi, dagsettu 3. október 1966, og krafðist saksóknari þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið.

Vitnar saksóknari í því sambandi til 130. gr. laga nr. 82/1961 og segir, að lög um meðferð opinberra mála geri ekki ráð fyrir því, að skylt sé að mæta í dómþingum af hálfu ákæruvaldsins umfram þau tilvik, sem 130. gr. laganna beinlínis býður eða leggur á vald saksóknara að ákveða.

Einnig heldur saksóknari því fram, að hvað skýringar á ákær-

unni snertir, þá sé verjanda í lófa lagið í vörn sinni að benda á allar misfellur, sem hann telur vera á ákærunni og leita úrlausnar dómsins um þau atriði við efnisflutning málsins.

Eins og skýrt kemur fram í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, XV. kafla, er það aðalregla þeirra laga, að eigi sé skylt af ákæruvaldsins hálfu að mæta í dómþingum fyrir héraðsdómi nema í þeim tilvikum, sem 130. gr. nefndra laga mælir fyrir um eða leggur á vald saksóknara að ákveða. Þá er krafa verjanda um frávísun vegna þessa órökstudd með öllu. Ber því að hrinda framkominni frávísunarkröfu verjanda ákærða vegna þessa atriðis.

Einnig ber að hrinda þeirri kröfu verjanda, að málinu verði frestað til þess, að ákæruvaldinu verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við kröfur þær, sem gerðar eru á hendur ákærða, á sömu forsendum og vegna þess, að ákæruvaldið hefur þegar tjáð sig um sakaratriði. Kröfu verjanda ákærða um skýringar á ákærunni er einnig hafnað og fallizt á þann rökstuðning saksóknara, að verjandi geti í skriflegri vörn sinni bent á allar misfellur, sem hann telur vera á ákærunni, og leitað úrlausnar dómsins um þau atriði við efnisflutning málsins.

Úrskurður:

Framangreindum kröfum verjanda ákærða er hrundið.

Mánudaginn 3. apríl 1967.

Nr. 11/1967. **Halldór Jósefsson**
gegn
Sigþóri Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Halldór Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. apríl 1967.

Nr. 244/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jakob Valdimarssyni.
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður H. Stefánsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ákærði komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Þá hafa lögreglumenn þeir, er stóðu að töku ákærða, einnig gefið skýrslur fyrir dómi og staðfest vætti sín.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns hér fyrir dómi, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jakob Valdimarsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. september 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 28. september, var á dómþingi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu dómsins af Sigurði H. Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 733/1966: Ákæruvaldið gegn Jakob Valdimarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. september s.l., er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 30. júní 1966, höfðað gegn Jakob Valdimarssyni, Löngufit 18, Garðahreppi, fyrir að aka laugardaginn 2. apríl 1966 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 128 fram og aftur um innkeyrslu að Löngufit 18 í Garðahreppi.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 17. september 1928 í Hraunsholti, Garðahreppi, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1947 11/12 í Hafnarfirði: Áminning fyrir næturakstur.
1948 5/1 í Hafnarfirði: Sátt, 20 kr. sekt fyrir ljósleysi á bifreið.
1948 9/2 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1953 25/5 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
1957 9/8 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1962 15/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Áminning fyrir brot á 1. mgr. 5. gr. umferðarlaga.
1962 6/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu fyrir brot á umferðar- og áfengislögum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 2. apríl 1966 klukkan 1230 var hringt á lögreglustöðina í Hafnarfirði og óskað eftir, að Jakob Valdimarsson, ákærði í máli þessu, yrði fjarlægður af heimili sínu, þar sem börn hans væru flúin að heiman vegna ölvunar og æsings föðurins. Lögreglumenn fóru að sinna þessu, en er til kom, reyndist ekki þörf aðgerða þeirra vegna framangreinds. Er þeir voru á leið út að lögreglubifreiðinni frá heimili ákærða, veittu þeir athygli nýjum hjólförum eftir bifreið hans, G 128, og virtist lögreglumönnunum bifreiðin hafa verið hreyfð skömmu áður. Þeir fóru með ákærða til yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra og síðan til læknis, sem tók ákærða blóð til alkóhólrannsóknar.

Í skýrslu varðstjóra er ástandi ákærða lýst svo, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit eðlilegt, fatn-

aður óhreinn, framkoma kurteis, augu vot og blóðhlaupin, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hefði drukkið um það bil hálfan lítra af Vodka frá því klukkan um 2030 föstudaginn 1. apríl s.l. þar til klukkan um 0130 aðfaranótt laugardagsins. Hann kvaðst síðan hafa klukkan um 1200 bakkað bifreið sinni á lóð sinni, lengd bifreiðarinnar, og síðan ekið henni sömu vegalengd áfram. Hann kvaðst einskis áfengis hafa neytt, frá því að akstri lauk í umrætt sinn og þar til honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar.

Í blóðsýnishorni því, sem ákærða var tekið í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 1.03‰ af alkóhóli.

Með eigin framburði ákærða, skýrslum lögreglumanna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að hann ók í umrætt sinn bifreiðinni G 128 undir áhrifum áfengis fram og aftur um lóð við húsið Löngufit 18 í Garðahreppi. Með framangreindu atferli hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða, sem með dómi þessa réttar, uppkveðnum 6. júní 1962, var dæmdur til greiðslu 2.000.00 króna sektar og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum, þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Svipta ber ákærða ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast kr. 3.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jakob Valdimarsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. apríl 1967.

Nr. 253/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kjartani Friðrikssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi getur, var Laugateigur lokaður fyrir bifreiðaumferð til austurs við gatnamót hans og Gullteigs. Er þetta og staðfest með bréfi gatnamálastjórans í Reykjavík, dags. 22. júní 1966, en þar segir m. a., að „Kirkjuteigur, Hofteigur og Laugateigur voru lokaðir fyrir umferð á milli Reykjavegar og Gullteigs á tímabili s.l. sumar og haust ...

Þvergötur Reykjavegar lokuðust alveg af skurðgreftinum við Reykjaveg, en við Gullteig var þeim lokað með búkkum og vegavinnuskiltum A 9 með undirskriftinni „Lokað". Er íbúum og öðrum, sem erindi eiga í götuna, almennt leyft að aka fram hjá slíkum skiltum".

Ökumanni bifreiðarinnar R 5141, Gylfa Pálssyni, var kunnugt um, að Laugateigur var lokaður fyrir bifreiðaumferð, eins og að framan greinir. Bar honum því að viðhafa sérstaka gát og aka mjög hægt, er hann ók inn á gatnamót Gullteigs og Laugateigs, en hann varð ekki var bifreiðarinnar R 1325 fyrr en rétt í þann mund, að árekstur varð milli bifreiðanna, en hvernig sem akstri Gylfa var háttað, þykir ljóst, að ákærði gætti ekki þeirrar varúðar, sem honum bar.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kjartan Friðriksson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. október 1966.

Ár 1966, fimmtudaginn 6. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 489/1966: Ákæruvaldið gegn Kjartani Friðrikssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 18. marz 1966, höfðað á hendur Kjartani Friðrikssyni iðnverkamanni, Kirkjuteigi 18 í Reykjavík, fæddum 20. janúar 1913 þar í borg, fyrir að aka mánudaginn 23. ágúst 1965 um kl. 1300 bifreiðinni R 1325 suður Gullteig í Reykjavík án þess að gæta nægilegrar varúðar, þegar ákærði ók fram hjá gatnamótum þeirrar götu og Laugateigs, með þeim afleiðingum, að bifreiðinni R 5141, sem kom akandi norður Laugateig, ákærða á vinstri hönd, var ekið á bifreið ákærða, og skemmdust báðar bifreiðarnar nokkuð.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1935 4/2 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1949 30/9 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á auglýsingu fjárhagsráðs.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 23. ágúst 1965 klukkan 1303 var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið skömmu fyrr á gatnamótum Gullteigs og Laugateigs hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar hafði

ákærði ekið bifreiðinni R 1325 suðvestur Gullteig, en vitnið Gylfi Pálsson bifreiðinni R 5141 norðvestur Laugateig. Eignatjón varð lítið á bifreið ákærða, en nokkurt á hinni bifreiðinni.

Ákærði kvaðst ekki hafa ekið hratt um gatnamótin. Hann sagðist ekki hafa veitt hinni bifreiðinni neina athygli, fyrr en árekstur varð. Ákærði sagði, að Laugateigur hefði verið lokaður fyrir almennri umferð með búkka, sem á var áletrunin: „Lokað".

Vitnið Gylfi Pálsson kvaðst hafa ekið á lítilli ferð og á réttum vegarhelmingi, er að gatnamótunum kom. Var vitnið að koma frá heimili sínu að Laugateigi 50. Þegar vitnið kom að gatnamótum Gullteigs, kvaðst það hafa litið eftir umferð, en ekki séð bifreiðina R 1325, fyrr en hún skauzt frá hægri á mikilli ferð í veg fyrir bifreið vitnisins. Vitnið sagðist hafa hemlað samstundis, en hinni bifreiðinni verið ekið um 100 metra áfram eftir Gullteigi. Gaf ákærði þá skýringu, að honum hefði brugðið við árekstur inn og í ógáti stigið á benzíngjöf.

Enda þótt innakstur hafi verið bannaður í Laugateig við nefnd gatnamót, gat ákærði ekki gengið út frá því sem vísu, að gatan væri lokuð hinum megin frá né fyrir þeim, sem í henni bjuggu. Hann virðist enga athygli hafa veitt þeirri umferð, sem kom honum á vinstri hönd, sem honum bar þó sérstaklega að gera. Er háttsemi ákærða rétt lýst í ákæru og varðar við refsiákvæði þau, sem þar greinir. Þykir refsing hans eftir atvikum, en ákærði neitaði að ljúka málinu með dómssátt, hæfilega ákveðin 2.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing varðhald í 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kjartan Friðriksson, greiði 2.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristins Einarssonar héraðsdómslögmanns, krónur 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. apríl 1967.

Nr. 4/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðbergi Guðjónssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. október 1966.

Ár 1966, föstudaginn 7. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 458/1966: Ákæruvaldið gegn Guðbergi Guðjónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 21. júlí s.l., á hendur Guðbergi Guðjónssyni sjómanni, Jónshúsi í Gerðum, fæddum 1. ágúst 1943 í Reykjavík, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að

hafa aðfaranótt laugardagsins 25. júní 1966 í samkomuhúsinu Glaumbæ í Reykjavík kastað eign sinni á veski og bankabók eftir að hafa séð Berg Adolfsson missa muni þessa þar, en í veskinu voru um 300.00 krónur og innstæða í bókinni kr. 16.599.29.

Til vara telst fyrrgreint atferli ákærða varða við 246. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt þessum kærum og refsingum:

1960 6/10 á Keflavíkurflugvelli: Áminning fyrir tolllagabrot.

1961 í Reykjavík: Kærður fyrir 6 þjófnaði. Ákæru frestað skilorðsbundið í 3 ár frá 1/3 1961.

1961 5/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi skilorðsbundir í 3 ár fyrir brot gegn 244. gr. og 248. gr. hegningarlaganna.

1961 27/10 í Reykjavík: Dómur: 18 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244., 246. og 259. gr. hegningarlaga.

1961 15/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1962 4/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 1/9 á Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21., sbr. 44. gr. áfengislaga og 7., sbr. 78. gr. lögreglusamþykktar.

1964 22/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1964 28/12 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, samtals kr. 3.600.00.

1965 5/5 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

1965 12/4 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 2.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 12/4 1965 fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

1965 20/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu:

Að kvöldi föstudagsins 24. júní s.l. fór ákærði, Guðbergur Guðjónsson, í samkomuhúsið Glaumbæ hér í borg. Kveðst ákærði

hafa verið með áfengisáhrifum, er hann kom þangað, og haldið þar áfram drykkjunni. Um miðnætti fór ákærði upp á barinn í samkomuhúsinu, sem er á efri hæð þess. Þegar þangað kom og ákærði gekk fram með barnum, kveðst hann hafa séð, að maður, sem stóð við hann, missti veski sitt og bankabók á gólfið. Ákærði beygði sig niður og tók þetta upp. Kveðst hann í fyrstu hafa ætlað að afhenda eigandanum þetta, en hætt við það og stungið því á sig. Ákærði tók peninga þá, er voru í veskinu, að fjárhæð um 300 kr. að hann telur, en lét það að því búnu falla á gólfið. Ákærði fór því næst á brott úr samkomuhúsinu með peningana og bankabókina og hélt upp að Þórscafé. Þegar þangað kom, hitti hann Ingvar Diðrik Júníusson, Skaftahlíð 7 hér í borg, og sagði honum frá því, hvað gerzt hafði. Ákærði kveðst hafa eytt peningum þeim, er hann tók úr veskinu, í drykkjuslark, en sparisjóðsbókina faldi hann undir öskutunnu við hús eitt í nánd við Þórscafé án þess að gá að því, hver innstæðan í henni væri. Ingvar Diðrik vissi að sögn ákærða, hvar hann faldi sparisjóðsbókina, og bað ákærði hann að láta hana eiga sig. Ákærði kveðst ekki hafa vitað eftir þetta, hvað um sparisjóðsbókin varð fyrr en undir rekstri máls þessa.

Eigandi umrædds veskis og sparisjóðsbókar, Bergur Adolfsson, Hólmgarði 56, kveðst hafa verið að skemmta sér í samkomuhúsinu Glaumbæ framangreinda nótt. Kveðst hann ekki vita, með hverjum hætti hann hafi glatað þar veski sínu og sparisjóðsbók. Veskið fannst í samkomuhúsinu um nóttina, og fékk hann það afhent, en þá voru peningar þeir, sem í því voru, að fjárhæð 200—300 kr. að hann telur, horfnir.

Bankabókin, sem var með 16.599.29 króna innstæðu, hafði verið afhent leigubifreiðarstjóra til vörzlu um nóttina. Kom hún í leitirnar daginn eftir við rannsókn málsins, og fékk Bergur hana afhenta. Bergur Adolfsson hefur ekki gert skaðabótakröfu á hendur ákærða í máli þessu.

Framangreint atferli ákærða, sem telst sannað með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, þykir varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda hefur ákærði viðurkennt að hafa séð, er Bergur Adolfsson missti veski sitt og sparisjóðsbók og ætlað að afhenda honum verðmæti þessi, en hætt við það.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi með hliðsjón af fortíð hans.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:
Ákærði, Guðbergur Guðjónsson, sæti fangelsi í 4 mánuði.
Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 225/1966. **Hótel Borg h/f** (Hörður Ólafsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ábyrgð atvinnurekanda á opinberum gjöldum erlends starfsmanns.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. júní 1966 til þingfestingar 3. október 1966. Er málið var þá tekið fyrir í Hæstarétti, var eigi sótt þing af hendi áfrýjanda. Sama dag var það áfrýjunarmál því fellt niður með dómi Hæstaréttar. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 hefur áfrýjandi áfrýjað málinu af nýju með stefnu 24. október 1966. Hann gerir þær dómkröfur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks þess, sem krafizt er, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslum áfrýjanda til skattstjórans í Reykjavík námu launatekjur erlends framreiðslumanns, Jörgens Zimmermanns Petersens, af atvinnurekstri áfrýjanda árið 1962 kr. 39.876.00 og árið 1963 kr. 58.556.00 auk orlofsfjár

það ár, kr. 2.032.00. Á árinu 1964 var nefndum framreiðslumanni gert að greiða:

1. Útsvar .. .. kr. 12.700.00
2. Sjúkrasamlagsgjald .. .. — 1.190.00
3. Almennt tryggingargjald .. .. .. — 3.135.00

Samtals kr. 17.025.00
Þar af hefur gjaldþegn greitt .. — 4.000.00

og eru þá eftirstöðvar .. .. kr. 13.025.00

sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu.

Samkvæmt fortakslausum ákvæðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 22/1956, sbr. 4. gr. laga nr. 68/1962 og 3. gr., h, og 4. gr., a, reglugerðar nr. 95/1962, ber áfrýjandi ábyrgð á greiðslu greindrar lögtakskröfu, og verður hinn áfrýjaði fógetaúrskurður því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað hér fyrir dómi, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hótel Borg h/f, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 26. maí 1966.

Við almenna álagningu opinberra gjalda á erlenda ríkisborgara árið 1964 var Jörgen Zimmermann Petersen, Drápuhlíð 6 hér í borg, gert að greiða hér eftirtalin opinber gjöld:

Útsvar .. .. kr. 12.700.00
Alm. tryggingarsjóðsgjald .. .. .. — 3.135.00
Sjúkrasamlagsgjald .. .. — 1.190.00

eða samtals kr. 17.025.00

Gjaldandinn, Jörgen Zimmermann Petersen, hafði verið þjónn á Hótel Borg á árunum 1962 og 1963, en mun nú farinn héðan af landi brott. Gjaldandinn taldi eigi fram til skatts tekjur sínar á árinu 1963, en samkvæmt skýrslu skattstofu Reykjavíkur (rskj. nr. 4), sem byggð er á launamiðum frá þremur vinnuveitendum gjaldandans á árinu 1963, námu tekjur hans samtals kr. 99.574.00. Þar af námu tekjur hans á Hótel Borg kr. 58.556.00. Upp í framangreinda gjaldkröfu, kr. 17.025.00, voru greiddar kr. 4.000.00 þann 22. janúar s.l., og standa því eftir ógreiddar kr. 13.025.00. Fjárhæð þessa hefur gerðarþoli neitað að greiða, og hefur gerðarbeiðandi því með tilvísun til ákvæða 5. og 6. gr. laga nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga o. fl. og XI. kafla reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt krafizt þess, að löktak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri gjaldkröfu, kr. 13.025.00, ásamt 12% ársvöxtum frá 1. janúar 1965 til greiðsludags auk lögtakskostnaðar og málskostnaðar að mati dómarans.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 5) og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær dómkröfur *aðallega,* að neitað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, en *til vara,* að lögtak verði aðeins leyft fyrir kr. 6.700.00. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Aðalkröfu sína hefur umboðsmaður gerðarþola reist á því, að það hafi um langan aldur verið venja hér á landi og annars staðar, að veitingaþjónar hafi fengið þóknun fyrir störf sín með þeim hætti, að þeir leggi ákveðna hundraðstölu á verð þeirra veitinga, sem þeir bera gestum. Nú orðið muni vera föst venja, að þessi hundraðstala nemi 15% af verði veitinganna. Hins vegar sé vitanlegt, að hún sé stundum hærri og einnig komi fyrir, að hún sé lægri. Jafnframt hafi það um langan aldur verið venja, að veitingaþjónar skili ágóðahlut sínum eigi í sjóð hótelsins að afloknu dagsverki, enda muni þeim eigi skylt að gera það. Það sé ljóst, að hótelið hafi eigi hugmynd um raunverulegar tekjur þjóna sinna. Hins vegar viti það um grunnverð þeirra veitinga, sem þjónninn hafi selt á hverjum degi, enda hafi gerðarþoli reiknað 15% af slíku grunnverði og gefið þá tölu upp til skattstofunnar. Með því að tekjur þjónsins komi þannig eigi í sjóð hótelsins, sé ljóst, að enda þótt þóknun þjónsins geti vafalítið fallið undir „kaup, hverju nafni sem nefnist“ skv. 5. gr. laga nr. 22/1956, sbr. 3. tl. 103. gr. reglug. nr. 245/1963, þá skorti það

skilyrði 5. gr. nefndra laga fyrir umdeildri ábyrgð gerðarþola, að hann (hótelið) *greiði* slíkt kaup. Hótelið sé eigi kaupgreiðandi, sbr 46. gr. laga nr. 90/1965, sbr. 4. tl. 103. gr. reglug. nr. 245/1963, sbr. einnig orðin „útborgun" í 6. og 8. tl. sömu greinar. Hugsunin á bak við ábyrgð kaupgreiðanda á greiðslu skatta starfsfólksins sé sýnilega sú, að honum sé í lófa lagið að „halda eftir" af kaupinu fyrir sköttum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 22/1956, sbr. þau orð í eftirtöldum greinum XI. kafla reglug. nr. 245/1963: 103. gr., 1. tl., 5. tl., 6. tl., 9. tl., 12. tl., og 105. gr., 2. mgr., 4. mgr., 5. mgr. og 6. mgr. Gerðarþoli fái hins vegar ekkert af kaupi þjónsins í sinn sjóð og geti því engu „haldið eftir". Hótelið hafi fram til þessa af misskilningi talið sér skylt að „halda eftir" af kaupi þjóna upp í skatta þeirra, en gerðarbeiðandi geti eigi byggt rétt á þeim misskilningi, enda sé það hvorki lögum samkvæmt né sanngjarnt að láta gerðarþola bera þá ábyrgð á sköttum þjóna sinna, sem gerðarbeiðandi hafi allt til þessa krafizt af þeim. Vegna þessarar ímynduðu ábyrgðar hafi samtök veitingamanna snúið sér til samtaka veitingaþjóna með tilmælum um, að sett væru í kjarasamninga milli þessara aðilja ákvæði um skyldu þjónanna til að halda eftir af tekjum sínum til að mæta skattgreiðslum. Hafi veitingaþjónar fallizt á þetta og sé ákvæði um það orðað þannig í 2. mgr. 14. gr. kjarasamningsins (rskj. nr. 6, sbr. þó 1. gr. samningsins): „Veitingamönnum er heimilt að halda eftir $\frac{1}{15}$ af þjónustugjaldi framreiðslumanna og barmanna til tryggingar greiðslu opinberra gjalda". Nú sé $\frac{1}{15}$ eigi nema 6.67%, sbr. hins vegar heimild 2. mgr. 105. gr. reglug. nr. 245/1963, sem þannig sé gerð markleysa í þessari framkvæmd. Orsökin sé aðstöðumunur samningsaðiljanna til að „halda eftir". Það séu aðeins þjónarnir, sem geti „haldið eftir". Greinilegt sé, að samningsákvæðið sé orðað þannig með „ábyrgð" veitingamannanna í huga. Um framkvæmd samningsákvæðisins segir umboðsmaður gerðarþola í greinargerð sinni, að sé á þessa leið: „Þjónar á hverjum vinnustað tilnefna trúnaðarmann úr sínum hópi, sem tekur að sér að innheimta af hverjum þjóni að loknu dagsverki $\frac{1}{15}$ hluta af 15% grunnverði þeirra veitinga, sem þjónninn hefur selt. Á Hótel Borg hafa þjónarnir sín á milli ákveðið að hafa gjald þetta 2% af grunnverði seldra veitinga. Hefur Guðmundur H. Jónsson verið slíkur trúnaðarmaður félaga sinna um alllangt skeið. Hefur hann sagt mér, að hann léti þennan sjóð vaxa í einn til einn og hálfan mánuð, en fari síðan sjálfur með hann til Gjaldheimtunnar og afhenti þar manni að nafni Georg. Heldur

ekki þetta gjald kemur í sjóð hótelsins né verður sagt, að það sé greitt af því. Ekki kvað Guðmundur hótelið fylgjast með innheimtu þessa gjalds, enda hefðu hvorki það né hann sjálfur aðstöðu til að knýja fram greiðslu þess, ef þjónarnir bæðu um frest til að gera skil. Kvað hann vilja verða misbrest á greiðslunni . . .". Þá segir umboðsmaður gerðarþola enn fremur í greinargerð sinni, að launaupphæð umrædds gjaldanda, Jörgens Zimmermanns Petersens, á Hótel Borg skattárið 1963 hafi verið kr. 58.556.00 (sbr. rskj. nr. 4), sem svari til veitingasölu á grunnverði að fjárhæð kr. 387.230.85. Kveðst hann hafa bent nefndum Guðmundi á, að 2% af þeirri fjárhæð væri kr. 7.744.62. Hins vegar hefði hann einungis getað skilað Gjaldheimtunni kr. 4.000.00 frá þessum manni.

Þá hefur umboðsmaður gerðarþola gert þá grein fyrir *varakröfu* sinni, að hún sé reist á ákvæðum 105. gr. reglug. nr. 245/1963. Launagreiðendur hafi verið þrír á skattárinu. Sá hundraðshluti, sem þannig komi í hlut gerðarþola, sé 58.8% af kr. 17.025.00, eða kr. 10.700.00. Af þeirri fjárhæð hafi verið greiddar kr. 4.000.00, sbr. rskj. nr. 2. Eftir standi kr. 6.700.00.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 3) og við munnlegan flutning málsins mótmælt kröfum og sjónarmiði gerðarþola og umboðsmanns hans. Hefur hann upplýst, að gjaldandinn Jörgen Zimmermann Petersen, sem um ræðir í þessu máli, hafi starfað sem þjónn hjá gerðarþola, Hótel Borg, á árinu 1962 og á árinu 1963 frá því í janúarmánuði og fram í maímánuð, eða samtals það ár 20 vikur (sbr. rskj. nr. 9), en 30. júlí sama ár hafi hann farið af landi brott. Á gjaldandann hafi við reglulega álagningu ár 1964 verið lögð opinber gjöld að fjárhæð kr. 17.025.00 (rskj. nr. 2 og nr. 4), en gjöld þessi hafi verið á hann lögð samkvæmt tekjuuppgjöf vinnuveitanda hans, þar eð eigi hafi borizt framtal frá gjaldandanum sjálfum. Tekjur gjaldandans hjá gerðarþola árið 1963 hafi numið kr. 58.566.00 að viðbættu orlofsfé, kr. 2.032.00 (sbr. rskj. nr. 4 og 9). Hér sé eigi um upphæð álagningarinnar deilt, heldur um það, hver sé ábyrgur fyrir greiðslu hennar. Af álagningarupphæðinni hafi verið greiddar kr. 4.000.00, en þó eigi fyrr en 22. janúar s.l. (sbr. rskj. nr. 2), og standi þannig eftir ógreiddar kr. 13.025.00, er gerðarþoli hafi neitað að greiða. Á árinu 1965 hafi einnig verið lagt á umræddan gjaldanda vegna skattársins 1964, en sú álagning hafi verið niður felld (sbr. fyrri hluta rskj. nr. 2). Sömuleiðis hafi álagningin á gjaldandann árið 1963 vegna skattársins 1962

verið niður felld af skattstofunni, enda þótt gerðarþoli hafi að vísu verið ábyrgur fyrir þeirri álagningu á sama hátt og fyrir þeirri álagningu, sem um sé deilt í máli þessu, að áliti gerðarbeiðanda. Hér skipti því eingöngu máli álagningin 1964 vegna skattársins 1963. Um skattálagningu útlendinga gildi sérstakar reglur, sem séu að finna í lögum nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem séu á förum úr landi o. fl. Enn fremur í reglug. nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt, XI. kafla, svo og reglug. nr. 95/1962 um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík. Samkvæmt þessum fyrirmælum laga og reglugerða sé það aðalreglan, að vinnuveitendur eða kaupgreiðendur ábyrgist skatt- og útsvarðsgreiðslur útlendina með því að halda eftir reglulega ákveðnum hluta af launum þeirra og skila innheimtuaðilja þannig, að tryggt sé, að þann dag, sem gjaldandinn færi úr landi, yrði búið að greiða sem næst þá fjárhæð, sem þá hefur verið lögð á gjaldandann. Um þetta segir svo í 5. gr. laga nr. 22/1956:

„Þeir, sem hafa þá menn í þjónustu sinni, sem taldir eru í 1. mgr. 1. gr., og greiða þeim kaup, hverju nafni sem nefnist, bera ábyrgð á greiðslu þinggjalds þeirra og útsvars, eins og um eigið þinggjald eða útsvar væri að ræða. Til tryggingar þessari ábyrgð skal kaupgreiðanda heimilt að halda eftir af kaupi gjaldandans eins og fyrir verður mælt í reglugerð".

Og í 6. gr. nefndra laga segir:

„Kaupgreiðandi skal tilkynna viðkomandi skattyfirvaldi mánaðarlega um kaupgreiðslu til þeirra, er í 1. mgr. 1. gr. getur. Tryggingarfé því fyrir sköttum og útsvari, sem kaupgreiðandi heldur eftir samkvæmt lögum þessum, skal hann skila til viðkomandi innheimtumanna innan viku frá útborgunardegi ...".

Enn fremur segir í 11. gr. laganna:

„Gjöld þau, er um ræðir í lögum þessum, má taka lögtaki hjá galdanda sjálfum, svo og þeim, er ábyrgð bera á þinggjöldum og útsvari skv. 5. og 8. gr. ...". Sbr. og 12. gr. laganna um brot gegn lögunum, er varðar sektum allt að kr. 100.000.00. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda um þetta einnig vísað til 8. liðs 102. gr. reglug. nr. 245/1963, en þar segir svo:

„Um ábyrgð á þinggjaldi og útsvari útlendinga hérlendis svo og íslenzkra ríkisborgara, sem eru á förum úr landi, fer skv. 105.—109. gr., sbr. 115. gr. C". Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda enn fremur vísað til h-liðs 3. gr., 4. gr. og 6. gr. í reglug. nr. 95/1962. Enda þótt allar þessar reglur ættu að vera kunnar öllum

atvinnurekendum og kaupgreiðendum eins og önnur lög og opinber fyrirmæli, er almenning varðar, og því ætti eigi að þurfa að vekja á þeim athygli viðkomandi aðilja í hverju einstöku tilviki, þá sé það venja gerðarbeiðanda, þegar kaupgreiðandi hafi tilkynnt, að hann hafi í þjónustu sinni útlendan starfsmann eða upplýsingar hafi um það borizt á annan hátt, t. d. frá útlendingaeftirlitinu, að senda vinnuveitanda tilkynningu, þar sem hann sé minntur á skyldur sínar samkvæmt framangreindum reglum. Slíkt bréf hafi gerðarþoli fengið 4. október 1962 varðandi umræddan starfsmann (rskj. nr. 7) og hafi starfsmaður gerðarþola kvittað fyrir móttöku bréfsins 5. sama mánaðar og sé eigi kunnugt um, að neinar athugasemdir hafi verið við bréfið gerðar af hálfu gerðarþola. Um það verði eigi deilt, að umræddur gjaldandi, Jörgen Zimmermann Petersen, hafi starfað hjá gerðarþola í 5 mánuði á árinu 1963, sbr. rskj. nr. 9, og hafi á því tímabili haft í kaup þar um kr. 60.000.00, eða sem næst kr. 12.000.00 á mánuði. Ef gerðarþoli hefði gert skyldu sína skv. margnefndum lögum og reglugerð, hefði hann átt að tilkynna gerðarbeiðanda mánaðarlega um greiðslur til manns þessa — og sérstaklega, ef gerðarþoli hefði tilkynnt um ca. 12 þúsund króna mánaðarkaup, en ekki kr. 7.500.00, eins og gert hafi verið, þá hefði gerðarþoli fengið fyrirmæli um að halda eftir 34% af launum mannsins í stað 20%, eins og í tilkynningunni á rskj. nr. 7 segi. Með því móti hefði gerðarþoli átt að vera búinn að taka rúmlega 20 þúsund krónur af gjaldandanum að loknu starfstímabili hans, eða hærri fjárhæð en nam allri álagningunni 1964. Mismuninn hefði svo gjaldandinn átt að fá endurgreiddan við brottför sína úr landi. Gerðarþoli hafi því samkvæmt þessu þverbrotið allar þær reglur, sem hann (umboðsm. gerðarbeiðanda) hafi vitnað til um tilkynningarskyldu og skilaskyldu vinnuveitenda á opinberum gjöldum þeirra útlendinga, er þeir hafi í þjónustu sinni. Hann beri því ábyrgð á greiðslu allrar þeirrar fjárhæðar, sem hér sé um að ræða. Það stoði eigi gerðarþola að bera það fyrir sig, að hér sé eigi um að ræða kaup í venjulegum skilningi þess orðs, eða draga í efa, að gerðarþoli sé kaupgreiðandi í merkingu hinna tilvitnuðu laga og reglugerðar, þar eð þjónninn taki eigin þóknun af andvirði þeirra veitinga, er hann selji fyrir gerðarþola. Samningar gerðarþola við veitingaþjóna um fyrirkomulag á þóknun til þeirra breyti eigi landslögum. Vitanlega geti gerðarþoli og aðrir veitingahúsaeigendur krafizt þess af þjónum sínum, að þeir skili til þeirra því fé, sem þeir fá fyrir mat og drykki, er þeir beri veitingahúsagestum, en

þjónarnir fengju síðan greidd sín laun af þeirri fjárhæð. Hér sé nánast um bókhaldsfyrirkomulag að ræða. Hins vegar, ef veitingahúsaeigendur vilja hafa rekstur sinn í núverandi formi og semji um það við þjóna, að þeir taki laun sín, áður en veitingahússeigandinn fái í sínar hendur hlut sinn, þá þeir um það, en með slíkum samningnum geti þeir eigi losað sig undan þeim skyldum, sem landslög leggi atvinnuveitendum og öðrum kaupgreiðendum á herðar. Þá megi í þessu sambandi benda á, að í bréfi gerðarbeiðanda til gerðarþola, rskj. nr. 7, sé sagt: „Hér með er vakin athygli yðar á því, að þér eruð sem *kaupgreiðandi* ábyrgur fyrir gjaldársgjöldum, er lögð kunna að verða á erlenda ríkisborgarann ... vegna tekna í þjónustu yðar", og engar athugasemdir við það gerðar af hendi gerðarþola. Á rskj. nr. 9 (launamiðar) hafi og gerðarþoli sjálfur lýst yfir því, að kr. 58.556.00 væru *vinnulaun,* eins og einnig sé ljóst af formi skjalsins. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda máli sínu til stuðnings vísað til niðurstöðu bæjarþingsdóms frá 5. október 1963, rskj. nr. 8. Enn fremur hefur hann haldið því fram varðandi varakröfu gerðarþola, er reist er á því, að gerðarþoli geti eigi verið ábyrgur fyrir meiru en þeim hluta álagningarinnar á gjaldandann, er svarar til tekna hans hjá gerðarþola á viðkomandi skattári, — að enda þótt í 5. gr. reglug. nr. 245/1963 segi, að ef kaupgreiðendur séu „fleiri en einn á hinu sama ári", þá beri þeir hlutfallslega ábyrgð miðað við þá fjárhæð, er þeir hafi greitt starfsmanninum í kaup, — þá sé hugsunin á bak við ákvæði þetta sú, að það eigi að vera enn frekari trygging fyrir skattheimtuna, þ. e., að innheimtuaðili geti valið á milli og gert fleiri ábyrga, ef svo ber undir, en hins vegar geti þetta naumast átt að skiljast sem skylda hans að krefja alla launagreiðendur nákvæmlega í þeim hlutföllum, sem launagreiðslur segja til um, enda sé þetta ákvæði hvergi að finna í lögunum sjálfum, heldur aðeins í reglugerðinni. Þetta verði enn ljósara, þegar þess sé gætt, að gerðarþoli hafi mátt vita, að honum bæri að halda eftir af launum þessa starfsmanns síns hærri upphæð en nam allri álagningunni. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að þar sem á rskj. nr. 4 sé talinn meðal launagreiðenda Jóh. Norðfjörð (kona gjaldanda), þá hafi Jóh. Norðfjörð aldrei verið kaupgreiðandi þessa útlendings, sem hér sé um að ræða, og megi því um það deila, hvort honum hafi borið skylda til að halda eftir af kaupi konunnar til greiðslu á sköttum mannsins, — að minnsta kosti eigi án sérstakrar kröfu frá gerðarbeiðanda. Þá verði aðeins

eftir Eimskipafélag Íslands (rskj. nr. 4) með kr. 19.183.00, sem sé 24.676% af heildartekjum gjaldandans hjá Hótel Borg og Eimskipafélagi Íslands. Gerðarþoli mundi því undir öllum kringumstæðum vera ábyrgur fyrir mismuninum, 75.323%, en það hlutfall af álagningunni mundi vera kr. 12.824.00. Sé þessa getið út af varakröfu gerðarþola, ef rétturinn kynni að fallast á rök gerðarþola fyrir henni.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanskráðu er um það deilt í máli þessu, hvort gerðarþoli hafi ár 1963 verið vinnuveitandi og kaupgreiðandi þjónsins Jörgens Zimmermanns Petersens, sem um ræðir í máli þessu, í venjulegum skilningi á þessum orðum og að gerðarþoli hafi sem slíkur því orðið ábyrgur fyrir greiðslu opinberra gjalda þjónsins, sem hér ræðir um, skv. ákvæðum laga nr. 22/1956 um skatt- og útsvarsgreiðslur útlendinga, gjaldenda, sem eru á förum úr landi, o. fl., XI. kafla reglug. nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og reglug. nr. 95/1962 um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík. Enn fremur, ef gerðarþoli verði talinn ábyrgur fyrir greiðslu þessara gjalda, hvort ábyrgð hans nái til allrar hinnar umkröfðu fjárhæðar eða einungis til hluta af henni skv. 105. gr. reglug. nr. 245/1963.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur haldið því fram, að gerðarþoli hafi á umræddum tíma verið raunverulegur vinnuveitandi og kaupgreiðandi nefnds þjóns þrátt fyrir ákvæði 1. gr. samnings milli Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna (rskj. nr. 6) og að hann sé því ábyrgur fyrir greiðslu umræddra opinberra gjalda þjónsins og þá fyrir allri hinni umkröfðu fjárhæð skv. ákvæðum framangreindra laga og reglugerða.

Umboðsmaður gerðarþola hefur haldið því fram, að gerðarþoli hafi eigi verið vinnuveitandi og kaupgreiðandi nefnds þjóns skv. skilningi framangreindra laga og reglugerða, enda þótt þóknun þjónsins geti vafalítið fallið undir „kaup, hverju nafni sem nefnist“ í 5. gr. laga nr. 22/1956, sbr. 3. tl. 103. gr. reglug. nr. 245/1963, enda hafi gerðarþoli eigi vegna ákvæða samningsins á rskj. nr. 6 aðstöðu til að halda eftir af kaupi þjóna sinna upp í greiðslu opinberra gjalda. Á þessu hefur umboðsmaður gerðarþola reist aðalkröfu sína í málinu um, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Þá hefur umboðsmaður gerðarþola haldið því fram til vara, að gerðarþoli sé eigi ábyrgur fyrir umræddum gjöldum nefnds þjóns nema að hlutfalli við

aðra kaupgreiðendur þjónsins á sama ári skv. 105. gr. reglug. nr. 245/1963.

Gerðarþoli, Hótel Borg h/f, rekur, sem vitað er, veitingahús, og var Jörgen Zimmermann Petersen þjónn þar um fimm mánaða skeið á árinu 1963 (rskj. nr. 9). Eigi er annað fram komið en að veitingahúsið eitt hafi rétt til að selja veitingar þær, sem þar eru á boðstólum, og það ákveður verð veitinganna innan þeirra marka, sem lög og reglur segja fyrir um. Það verður því að líta svo á, að nefndur þjónn hafi eigi verið sjálfstæður söluaðili gagnvart viðskiptamönnum veitingahússins, heldur komið þar fram sem starfsmaður gerðarþola og að gerðarþoli hafi því verið vinnuveitandi hans og raunverulegur kaupgreiðandi í skilningi framangreindra laga og reglugerða og að hann sé því ábyrgur fyrir greiðslu umræddra opinberra gjalda skv. ákvæðum hinna tilvitnuðu laga og reglugerða. Að vísu er það tekið fram í 1. gr. samnings á milli Sambands- veitinga- og gistihúsaeigenda og Félags framreiðslumanna (rskj. nr. 6), að framreiðslumenn og barmenn taki eigi kaup hjá atvinnurekanda, en fái þóknun frá viðskiptamönnum. Hér er að áliti réttarins aðeins um samkomulag að ræða milli þessara tveggja samningsaðilja um fyrirkomulag um greiðslu starfslauna, og getur það í engu haggað skýlausum fyrirmælum laga og reglugerða um ábyrgð vinnuveitenda. Þykir í þessu sambandi rétt að benda á fylgiskjal við rskj. nr. 9, þar sem gerðarþoli sjálfur telur fram sem vinnulaun tekjur nefnds þjóns. Rétturinn verður því að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hafi verið raunverulegur vinnuveitandi og kaupgreiðandi margnefnds þjóns og að hann sé sem slíkur ábyrgur fyrir hinum umkröfðu opinberu gjöldum þjónsins skv. framangreindum lögum og reglugerðum.

Að því er varðar það sjónarmið umboðsmanns gerðarþola, er hann reisir á varakröfu sína, að gerðarþoli geti eigi verið ábyrgur fyrir umræddum gjöldum þjónsins nema í hlutfalli við aðra kaupgreiðendur hans á sama ári skv. 105. gr. reglug. nr. 245/1963, þá verður að telja það rétt og eðlilegt, svo sem nefnd reglugerðargrein mælir fyrir um og enda þótt slíkt ákvæði sé eigi orðað í lögum nr. 22/1956, að kaupgreiðendur á sama ári beri hlutfallslega ábyrgð á skattgreiðslu starfsmanna sinna, en í því tilviki, sem hér er um að ræða, hefur það að áliti réttarins eigi áhrif á niðurstöðu þessa máls. Eins og gögn málsins bera með sér og umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur sýnt fram á, hefur gerðarþoli eigi, að því er varðar nefndan starfsmann sinn, gætt

þeirra skyldna, sem lög nr. 22/1956 og reglug. nr. 245/1963 leggja honum sem vinnuveitanda á herðar. Hann tilkynnti eigi til gerðarbeiðanda þennan starfsmann, lét gerðarbeiðanda eigi í té upplýsingar um kaup þjónsins mánaðarlega og hélt eigi eftir af kaupi hans skv. kröfubréfi gerðarbeiðanda á rskj. nr. 7, en allt þetta bar gerðarþola að gera. Hefði gerðarþoli hins vegar gætt þessara skyldna sinna, hefði gerðarþoli að loknum starfstíma þjónsins verið búinn að innheimta hjá honum það, sem svarar allri álagningunni og vel það. Þeirri fjárhæð var gerðarþoli ábyrgur fyrir gagnvart gerðarbeiðanda að áliti réttarins. Upp í hin álögðu gjöld, sem námu kr. 17.025.00, hafa verið greiddar kr. 4.000.00, og standa því eftir kr. 13.025.00, sem rétturinn telur samkvæmt framansögðu, að gerðarþoli sé ábyrgur fyrir og beri að standa gerðarbeiðanda skil á.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 254/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kristjáni Rósant Þorvarðssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Slökkvibifreið. Banaslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Lögð var fram í héraði tilkynning slökkviliðsstjórans í Reykjavík nr. 1/1965 um akstursreglur fyrir slökkvi- og

sjúkrabifreiðar. Ákærði kveðst hafa þekkt reglur þessar, sem, að því er máli skiptir, eru í samræmi við lög og hljóða svo:

„Slökkvi- og sjúkrabifreiðar skulu aldrei aka hraðar en almennar umferðarreglur gera ráð fyrir, nema brýna nauðsyn beri til vegna skyldustarfa.

Ef vikið er frá almennum reglum, skal eftirfarandi atriða gætt:

1. Forgangsréttur samkvæmt umferðarlögum gildir aðeins:
   a) Þegar ökumaður slökkvi- eða sjúkrabifreiðar gefur ljós- og hljóðmerki.
   b) Þegar sérstakrar varúðar er gætt við akstur.
2. Forgangsrétti er eingöngu heimilt að beita við akstur að brunastað eða ef nauðsyn krefur í öðrum tilvikum við slökkvistörf. Sama gildir um akstur á slysastað eða ef hraða verður flutningi sjúklings.
3. Við annan akstur, svo sem frá brunastað að afloknu slökkvistarfi og við sjúkraflutning, sem ekki krefst mikils ökuhraða, skal farið eftir almennum umferðarreglum. Er þá óheimilt að nota hin sérstöku ljós- og hljóðmerki nema með leyfi varðstjóra í hvert sinn.
4. Ökumaður skal ávallt fara eftir ábendingum lögreglunnar, þar sem hún stjórnar umferð á leið hans.
5. Við hraðan akstur svo og ef forgangsrétti er beitt skal gæta fyllstu varúðar og hægja sérstaklega á ferð við gatnamót, þar sem umferðarljós bjóða almenna stöðvunarskyldu".

Að öðru leyti eru sakaratriði og sakargögn skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Eins og í héraðsdómi greinir, ók ákærði slökkvibifreiðinni inn á gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar gegnt rauðu umferðarljósi. Þetta var ákærða því aðeins heimilt, að hann gætti „sérstakrar varúðar", sbr. 2. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Af skýrslum vitna og hemlaförum eftir slökkvibifreiðina á vettvangi er ljóst, að ákærði hefur ekið óhæfilega hratt, er hann ók inn á gatnamótin, og eigi dregið úr hraða bifreiðarinnar, svo sem honum bar. Hefur ákærði með þessu sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn umrætt

sinn, og varðar háttsemi hans við lagaboð þau, er í ákæru og héraðsdómi greinir.

Þegar ákveðin eru viðurlög á hendur ákærða, ber til þess að líta, að hann hugðist samkvæmt starfskyldu sinni hraða sér á vettvang, þar sem hann taldi mannslíf í hættu vegna eldsvoða.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 haldið. Þá ber og samkvæmt 81. gr. laga nr. 28/1958 að svipta ákærða ökuleyfi 12 mánuði alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 4 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði sviptur ökuleyfi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ákærði var að sinna brunakalli hinn 28. október 1965 um kl. 2240 og ók slökkvibifreiðinni SR 5 austur Hverfisgötu. Hann ók að vætti vitna bifreiðinni á mikilli ferð inn á gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar á móti rauðu umferðarljósi, þótt hann gæti eigi, áður en hann kom að nefndum gatnamótum, vegna húss, sem á milli ber, séð til bifreiða, sem óku norður Snorrabraut að gatnamótunum. Í sömu andrá ók Katrín heitin Óladóttir, sem heldur ekki gat séð til ferða slökkvibifreiðarinnar fyrr en á gatnamótunum, bifreiðinni R 9497 eftir Snorrabraut frá suðri, að vætti vitna, á eigi óhæfilegum hraða og inn á téð gatnamót á móti grænu ljósi. Virðist hún ekki hafa heyrt viðvörunarhljóð slökkvibifreiðarinnar, enda voru gluggar bifreiðarinnar R 9497 lokaðir. Varð þarna geysiharður árekstur milli bifreiðanna. Þeyttist R 9497 frá slökkvibifreiðinni og rann í boga suður af gatnamótunum. Þau Katrín heitin Óladóttir og eiginmaður hennar, Árni Garðar Kristinsson, sem var farþegi í bifreiðinni R 9497, köstuðust út úr bifreiðinni og lágu í blóði sínu á götunni. Lét Katrín heitin Óladóttir líf sitt af áverkum þeim, sem hún hlaut, en Árni Garðar Kristinsson lemstraðist. Það verður að telja það stórkostlegt gáleysi af hendi ákærða að aka á mikilli ferð inn á nefnd gatnamót fyrir „blint horn“ á móti rauðu ljósi, þar sem hann átti að gera ráð fyrir því, að stjórnendur bifreiða, sem kynnu að vera í hvarfi á Snorrabrautinni, tækju eigi eftir viðvörunarhljóðinu og ækju inn á gatnamótin á móti grænu ljósi, svo sem og raunin varð. Atferli ákærða, sem alls eigi verður réttlætt af brunakallinu, varðar við þau refsiákvæði, sem í ákæruskjali greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði.

Samkvæmt 1. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 5 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1966.

Ár 1966, föstudaginn 22. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 285/1966: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Rósant Þorvarðssyni, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 4. janúar 1966, höfðað á hendur Kristjáni Rósant Þorvarðssyni brunaverði, Hólmgarði 27 í Reykjavík, fæddum 30. janúar 1922 í Hafnarfirði, fyrir að hafa fimmtudaginn 28. október 1965 um klukkan 2240 ekið slökkviliðsbifreiðinni SR 5 til austurs gegnt rauðu umferðarljósi á mótum Hverfisgötu og Snorrabrautar, of hratt miðað við aðstæður og án þess að gæta sérstakrar varúðar með þeim afleiðingum, að fyrir slökkvibifreiðinni varð bifreiðin R 9497, sem ekið var yfir gatnamótin til norðurs móti grænu ljósi, en við árekstur inn slasaðist ökumaður síðarnefndu bifreiðarinnar, Katrín Óladóttir, Selvogsgrunni 7 í Reykjavík, svo, að hún andaðist nokkrum stundum síðar af völdum meiðsla, og maður hennar, sem var farþegi í bifreiðinni, Árni Garðar Kristinsson auglýsingastjóri, hlaut skurð á höfuð, mar á handlegg, brjóst, mjaðmir og fætur auk smærri áverka.

Telst þetta varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr. 38. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1941 20/3 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 1. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937.

1943 7/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óvarkárni í bifreiðarakstri.

1954 24/5 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 30. gr. lögreglusamþykktar.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudagskvöldið 28. október 1965 var Sigurður Sigurgeirsson lögreglumaður á ferð í lögreglubifreiðinni R 2008 um Snorrabraut hér í borg. Klukkan 2242 tilkynnti hann um talstöð bifreiðarinnar, að árekstur hefði í sömu andrá orðið á mótum Hverfisgötu og Snorrabrautar. Kom fjöldi lögreglumanna fljótlega á slysstað, en þar höfðu tvær bifreiðar rekizt á, slökkvibifreiðin SR 5, sem ákærði ók austur nyrðri akrein Hverfisgötu, og fólksbifreiðin R 9497, sem frú Katrín Óladóttir ók norður vestari akrein Snorrabrautar. Slökkvibifreiðin rann áfram í hemlum austur Hverfisgötu, og mældust hemlaför hennar um 18 metrar. Í bifreiðinni var auk ákærða vitnið Ármann Pétursson, og slösuðust hvorugur þeirra. Við áreksturinn virðist R 9497 hafa lent á hægri hlið slökkvibifreiðarinnar framarlega, snúizt til austurs og síðan til suðurs inn á eystri akbraut Snorrabrautar, þar sem hún stöðvaðist á kyrrstæðri bifreið, R 9032. Við hlið stjórnanda sat eiginmaður hennar, Árni Garðar Kristinsson auglýsingastjóri. Köstuðust þau hjónin úr bifreiðinni og lágu langs eftir miðri akbraut Snorrabrautar með höfuðin í austur, er lögreglan kom að. Var konan um 50 cm sunnar og um 20 cm austar en maðurinn. Bæði voru meðvitundarlaus og lágu blóðtaumar frá höfðum þeirra. Sjúkrabifreiðar komu mjög fljótlega á staðinn og fluttu hjónin á slysavarðstofuna. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru þær, að hægri fram- og gangbretti SR 5 voru töluvert dældð, en framendi R 9497 var allur meira og minna dældaður sem og vinstri hlið. Litlu eftir áreksturinn reyndi Bifreiðaeftirlitið bifreiðarnar í akstri. Virtist því R 9497, sem er Volkswagenbifreið, árgerð 1965, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði, hafa verið í fullkomnu lagi fyrir áreksturinn. Í skýrslu Bifreiðaeftirlits um slökkvibifreiðina SR 5 segir svo m. a.: „... Við skoðun og reynslu í akstri á slysstað kom í ljós, er hemlað var

á 30 km hraða skv. hraðamæli bifreiðarinnar, að hemlaför voru ca. 6 metrar, tók lítils háttar í stýri til hægri. Benzíngjöf stóð á sér, er henni var sleppt (kom ekki vel til baka). Við nánari athugun kom í ljós, að millibilsstöng milli framhjóla var bogin, og virtist hún hafa verið það fyrir slysið, þar sem hjólbarðar framhjóla voru misslitnir og ekki sjáanleg merki þess á millibilsstöng, að hún hafi bognað nýlega. Í bifreiðinni eru tveir rofar fyrir hljóðmerki (sírenur), annar í miðju stýrishjóls fyrir ökumann og hinn í gólfi hægra megin fyrir aðstoðarmann. Hljóð- og aðvörunarmerki (rautt leiftrandi ljós) voru í lagi. Hjólbarðar á afturhjólum voru lítið slitnir og ínegldir stálnöglum. Bifreiðin SR 5 er Mack, árgerð 1941, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði ...". Á stiga, sem festur var á hægri hlið slökkvibifreiðarinnar, fundust síðar hár, sem talin voru af höfði stjórnanda R 9497. Samkvæmt skýrslu lögreglu var yfirborð vegar á vettvangi fast, slétt og malbikað, myrkur var á, en rafmagnslýsing góð og færið þurrt. Samkvæmt vottorði veðurstofu var klukkan 2300 ASA 3 vindstig, léttskýjað og skyggni 50—55 km.

Lögreglan hafði þegar á slysstað tal af ákærða, sem kvaðst hafa verið á leið á brunastað, ekið fremur greitt, en ekki geta gert sér grein fyrir hraðanum í km. Þegar hann nálgaðist mót Snorrabrautar, sá hann, að rautt ljós var fyrir umferð um Hverfisgötu og dró þá úr hraða bifreiðarinnar. Þegar ákærði var kominn fast að Snorrabraut, sagðist hann hafa séð bifreið, sem ekið var norður þá götu, og í fyrstu talið, að sú bifreið mundi nema staðar við Hverfisgötu, en er svo varð ekki, hefði hann þegar hemlað. Taldi ákærði, að R 9497 hefði verið ekið með miklum hraða inn á gatnamótin, en ekki gat hann sagt til um, hvort bifreiðinni var ekið á vinstri eða hægri akrein.

Samkvæmt skýrslum lögreglu og slökkviliðs barst brunakall frá Hátúni 6 umrætt kvöld klukkan 2240 þess efnis, að reyk legði úr íbúð í húsinu og fólk væri sennilega þar inni. Brotizt var inn í íbúðina, var þar straumur á einni eldavélarhellu og brunninn leppur, sem á henni lá. Maður og kona sváfu ölvunarsvefni í íbúðinni, og sakaði þau ekki.

Hjónin Katrín Óladóttir og Árni Garðar Kristinsson voru flutt á Slysavarðstofuna í Reykjavík. Í vottorði hennar segir m. a. svo um Árna Garðar Kristinsson: „... Við árekstur kastaðist Árni Garðar út úr bifreiðinni og mun hafa fengið aðalhöggið á höfuðið. Ekki taldi Árni Garðar sig hafa misst meðvitund við áreksturinn. Og við komuna hingað er Árni skýr og man atvik

slyssins. Ekki hafði hann uppköst né ógleði né önnur einkenni um heilahristing. Skoðun: Á vinstra gagnauga, aftur eftir höfðinu vinstra megin, er ca. 17 cm langur skurður. Hefur húð og undirhúð fletzt frá höfuðkúpu á breiðu svæði (descalperast). Mikið blæðir úr sárinu. Við rannsókn á sárbotni sást ekki brot á höfuðkúpu. Um miðjan vinstri framhandlegg, handarbaksmegin, var mar og hrufl og áberandi eymsli við hreyfingar og þreifingu. Rtg.mynd var tekin af vinstri framhandlegg, en ekki sýndi hún einkenni um brot. Gert var að sárum Árna Garðars á Slysavarðstofunni. Blæðing var stöðvuð og hið mikla sár á höfði saumað saman. Gefið var antibiotica. Var Árni Garðar lagður inn hér á Slysavarðstofuna til eftirlits ...".

Frú Katrín Óladóttir, sem fædd var hinn 12. apríl 1926, var af slysavarðstofu flutt á Landakotsspítala. Þegar hún kom á spítalann, var hún í djúpu meðvitundarleysi, komst ekki til meðvitundar og smá dró af henni, unz hún andaðist klukkan rúmlega 0500 að morgni þess 29. október s.l. Lík hennar var krufið daginn eftir af dr. med. Ólafi Bjarnasyni yfirlækni. Segir í krufningarskýrslunni m. a.: „... Hárið hefur verið rakað af höfðinu aftanverðu lateralt. Þar er 6 cm langur skurður í höfuðsverðinum með tættum börmum, en tekinn saman með fjórum stökum silkisaumum. Í andlitinu eru hrufl í húðinni ofan við v. augabrún og neðan við v. auga. Einnig er hrufl á efra augnloki v. auga og blámi þar í kring. Hrufl þessi eru 3—5 cm á lengd og 1—2.5 cm á breidd. Þau eru grunn, rauðgulbrúnleit og húðin skorpin. Sams konar hrufl sést niður eftir mest öllu nefinu og á 2×0.5 cm bletti á efri vör. Einnig á gómstórum bletti ofanvert á h. kinn. Ofan á v. öxl er lófastórt mar í húðinni. Marblettir og dreifð hrufl eru á handarbökum beggja handa. Loks sjást rauðblá hrufl á báðum hnjám og á meira en lófastóru svæði á v. rist. Önnur áverkamerki sjást ekki við ytri skoðun á líkinu. Ályktun: Við krufninguna fannst, að höfuðkúpan var brotin og hafði blætt milli heilabasts og heilayfirborðs. Auk þess fundust útbreiddar punktblæðingar í heilanum sjálfum ásamt miklum bjúg. Loks voru öll rifin brotin vinstra megin og sum tvíbrotin, en hægra megin voru sex rif brotin. Út frá þessum brotum voru blæðingar í mjúka vefi og í brjósthol vinstra megin. Ofangreindir áverkar hafa orðið konunni að bana ...".

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá atvikum málsins, að hann hafi verið á leið á brunastað og ekið Hverfisgötu, þar sem umferðarstöðvun var á Kalkofnsvegi. Áður en hann lagði af stað

frá slökkvistöðinni, hafði honum verið sagt, að reykur væri í herbergi að Hátúni 6, óttazt væri um, að fólk væri þar innilokað, og taldi ákærði, að um lífshættu hefði getað verið að ræða. Ákærði vissi ekki, hver hraði slökkvibifreiðarinnar var, er hún nálgaðist gatnamótin, en hann kvaðst hafa dregið úr hraða hennar, bæði með því að skipta úr fjórða í þriðja ganghraðastig og tylla fæti á hemlafetil, enda rautt ljós verið fyrir umferð um Hverfisgötu, og taldi hann, að hraði slökkvibifreiðarinnar hefði í mesta lagi verið 30—40 km miðað við klukkustund, þá er árekstur varð. Rautt ljós var stöðugt tendrað á slökkvibifreiðinni og sífellt gefin sírenuhljóð, en ákærði gat ekki um hæð þeirra borið, er að gatnamótunum kom. Ákærði sagðist ekki hafa séð bifreiðina R 9497, fyrr en rétt áður en árekstur varð. Hann gat ekki borið um, á hvorri akrein henni var ekið né hraða hennar, en honum fannst hana bera hratt að. Ákærði kvaðst hafa beitt fullu átaki á fóthemla, um leið og hann sá R 9497, bifreið hans hefði kastazt eitthvað til norðurs við áreksturinn, en ekki vissi hann, hvað um hina bifreiðina varð. Hjá rannsóknarlögreglu hafði ákærði skýrt svo frá, að hann hefði ógreinilega séð til bifreiðarinnar R 9497 og áreksturinn orðið, um leið og hann hemlaði.

Vitnið Ármann Pétursson brunavörður sat í framsæti slökkvibifreiðarinnar við hlið ákærða. Sagði vitnið, að bifreiðinni hefði verið ekið eftir nyrðri akrein, er að gatnamótum Hverfisgötu og Snorrabrautar kom, og rautt ljós stöðugt verið tendrað á bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa stjórnað hljóðmerkjagjöf með því að stíga á takka í gólfi bifreiðarinnar á nokkurra sekúndna millibili, allt upp í eina mínútu. Kemst hljóðið þá í hámark, en lækkar án þess þó að hverfa alveg, þegar stigið er af takkanum. Ekki gat vitnið borið um, hvort hljóðið hefði verið í hámarki, þá er ekið var út í gatnamótin. Vitnið leit ekki á hraðamæli slökkvibifreiðarinnar, en gizkaði á, að hraði hennar hefði verið á milli 40—50 km miðað við klukkustund, er að gatnamótunum kom, en vitnið sagði, að ákærði hefði dregið úr hraða bifreiðarinnar á móts við hús nr. 103 við Hverfisgötu, enda benti vitnið honum á, að komin væru rauð ljós á gatnamótunum. Ekki vissi vitnið, hvernig dregið var úr hraða bifreiðarinnar, hvort ákærði steig af benzíngjöf, beitti hemlum eða skipti um ganghraðastig. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við bifreiðina R 9497, sem ekið var norður vestari akrein Snorrabrautar, fyrr en rétt í því að áreksturinn varð, og gat ekkert um hraða þeirrar bifreiðar borið. Sagði vitnið, að ákærði hefði beitt fullu átaki á hemla, um leið og vitnið kallaði

upp og varaði hann við bifreiðinni og hefði það verið, um leið og áreksturinn varð.

Vitnið Guðmundur Grétar Bjarnason bifvélavirkjanemi var statt í bifreið skammt vestan umræddra gatnamóta. Taldi vitnið, að slökkvibifreiðinni hefði verið ekið á um 60—70 km hraða, er að gatnamótunum kom, og sá vitnið ekki, að dregið væri úr hraða bifreiðarinnar, og sérstaklega aðspurt sá það ekki hemlaljós kvikna, fyrr en rétt um leið og áreksturinn varð. Vitnið gat ekki borið um hæð sírenuhljóðsins. Vitninu fannst bifreiðinni R 9497 ekki ekið óeðlilega hratt um gatnamótin, en henni var ekið hiklaust áfram á um 40 km hraða, að því er vitnið gizkaði á.

Vitnið Sverrir Sigurður Eyjólfsson verzlunarmaður var í framsæti bifreiðarinnar T 210, um 30—40 metra vestan gatnamótanna, er slysið varð. Vitninu fannst nokkuð mikil ferð á slökkvibifreiðinni með tilliti til þess, að blindhorn var til hægri og rautt ljós tendrað gegnt ökumanni. Vitninu virtist aðeins dregið úr hraða slökkvibifreiðarinnar við gatnamótin, sá þó ekki kvikna hemlaljós á henni, og taldi hraða hennar hafa verið þá um 50—60 km miðað við klukkustund. Vitnið sagði, að raut blikkljós hefði verið tendrað á bifreiðinni og hún gefið frá sér sírenuhljóð, en vitnið gat ekki borið um hæð hljóðsins, þá er að gatnamótunum kom. Vitnið gizkaði á, að bifreiðinni R 9497 hefði verið ekið á 35 km hraða miðað við klukkustund og sagði, að henni hefði verið ekið hiklaust áfram, þar til hún lenti framan á hægri hlið slökkvibifreiðarinnar.

Vitnið Jón Hilmar Þórarinsson leigubifreiðarstjóri bar, að rautt blikkandi ljós hefði verið á slökkvibifreiðinni og sírenan verið á hæstum tón, er hún ók fram hjá bifreið þess á móts við Barónsstíg, en vitnið gat ekki borið um hljóðið, þá er slökkvibifreiðin ók inn á gatnamótin. Vitnið gat ekki sagt um, hvort dregið væri úr hraða slökkvibifreiðarinnar fyrir árekstur, sá ekki hemlaljós kvikna á henni, fyrr en hún kom að gatnamótunum, og taldi vitnið hraða hennar þá hafa verið um 50 km miðað við klukkustund. Vitnið sá ekki bifreiðina R 9497, fyrr en rétt í sömu mund og árekstur varð, og gat því ekki um hraða hennar borið.

Vitnið Benedikt Bjarni Sigurðsson verkfræðingur var á skrifstofu sinni að Hverfisgötu 106. Fylgdist vitnið með för slökkvibifreiðarinnar og kvaðst hafa verið að hugleiða, hvað af því kynni að hljótast, ef bifreiðinni væri ekið á óbreyttum hraða yfir gatnamótin gegnt rauðum umferðarljósum. Ekki sá vitnið, að

dregið væri úr hraða, en vitnið taldi hann hafa verið 60—70 km miðað við klukkustund. Vitnið sagði, að rautt blikkandi ljós hefði verið á slökkvibifreiðinni og látið hátt í sírenu hennar við gatnamótin. Vitnið taldi, að bifreiðinni R 9497 hefði verið ekið á um 35 km hraða og fannst henni aðeins sveigt til austurs, rétt áður en árekturinn varð.

Vitnið Þráinn Tryggvason nemandi var statt í bifreiðinni R 11131 á eystri akrein vestari akbrautar Snorrabrautar. Hafði um hríð verið grænt ljós á götuvitanum gegnt Snorrabraut, sem leyfði akstur norður götuna, en grænt ljós var enn ekki kviknað, sem leyfir akstur úr Snorrabraut austur Hverfisgötu. Vitnið heyrði í sírenu slökkviliðsins, en sagði, að ekki hefði verið auðvelt að átta sig á, hvaðan það hljóð kom eða hversu nálægt það var. Rúða í bifreið vitnisins var opin að nokkru. Bifreiðinni R 9497 var ekið norður vestari akrein hiklaust í átt yfir götuna á um 30—35 km hraða. Rúður bifreiðarinnar R 9497 voru lokaðar. Í sömu mund kom slökkvibifreiðin austur nyrðri akrein Hverfisgötu á um 60—70 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið gat ekki borið um, hvort dregið væri úr hraða hennar fyrir árekstur, en sagði, að henni hefði verið hemlað, um leið og árekturinn varð. En við hann snerist bifreiðin R 9497 í átt til suðurs, og hjónin, sem í henni voru, köstuðust út úr henni vinstra megin, konan fyrst og maðurinn strax á eftir.

Vitnið Árni Garðar Kristinsson auglýsingastjóri, eiginmaður hinnar látnu konu, kvað hana hafa ekið mjög gætilega og hægt að gatnamótunum og hiklaust inn á þau, enda grænt umferðarljós gegnt þeim og förinni heitið norður yfir gatnamótin. Varð vitnið þess í engu vart, að hún hefði haft veður af slökkvibifreiðinni, og sjálft vissi vitnið ekkert af henni, fyrr en í sömu mund og árekstur varð, og heyrði engin hljóðmerki. Vitnið taldi, að rúður bifreiðarinnar hefðu verið lokaðar, þau hjónin voru ekki að tala saman, og útvarp var ekki í bifreiðinni.

Vitnið Sigurður Már Austmar Sigurgeirsson lögreglumaður kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni R 2008 rétt á eftir bifreiðinni R 9497 norður vestari akrein vestari akbrautar Snorrabrautar, er að gatnamótum Hverfisgötu kom. Var bifreiðinni þá ekið með um 35 km hraða miðað við klukkustund, og var grænt ljós á götuvitanum gegnt Snorrabraut, en umferð enn ekki leyfð af Snorrabraut og austur Hverfisgötu. Bifreiðinni R 9497 var ekið hiklaust í átt yfir gatnamótin, en í því kom slökkvibifreiðin

austur Hverfisgötu á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvaðst hafa heyrt hljóðmerki frá slökkvibifreiðinni, rétt áður en hún kom á gatnamótin og aftur, er bifreiðin ók inn á þau. Rautt blikkandi ljós var tendrað á slökkvibifreiðinni. Vitnið varð þess ekki vart á akstri bifreiðarinnar R 9497, að stjórnandi hennar hefði veitt slökkvibifreiðinni athygli. Sagði vitnið, að rúða í bifreið þess hefði verið opin, en rúður bifreiðarinnar R 9497 lokaðar. Vitnið kvað bifreiðina R 9497 hafa lent á slökkvibifreiðinni framanverðri, snúizt við það til austurs og borizt smáspöl með slökkvibifreiðinni, en kastazt síðan frá henni aftur til suðurs. Ekki sá vitnið þá, sem í bifreiðinni voru, falla úr henni, en þau lágu bæði á Hverfisgötunni eftir árekstur inn, og sneru höfuð þeirra í austur, konan um einu feti fyrir norðan manninn.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að ákærði hafi ekki sýnt fyllstu aðgæzlu við akstur greint sinn. Hraði bifreiðarinnar var of mikill, þá er haft er í huga, að ekið er að kvöldlagi um fjölfarin gatnamót gegnt rauðu umferðarljósi og það enda þótt ákærði æki með logboðnum ljós- og hljóðmerkjum slökkvibifreiða. Blint horn var ákærða á hægri hönd, og bar honum sérstaklega að fylgjast með umferð, er þaðan kynni að koma norður Snorrabraut, en hann veitir bifreiðinni R 9497 ekki athygli, fyrr en í sömu mund og árekstur inn verður, og veit ekki á hvorri akreininni henni er ekið. Á hinn bóginn verður mjög til þess að líta, að ákærði var að sinna skyldustörfum og mátti ætla, að mannslíf væru í bráðri hættu, þótt honum væri að visu kunnugt, að þrjár hjálparbifreiðar voru komnar nær brunastað en bifreið sú, er hann ók. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar greinir. Er refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 30 dagar, en fresta þykir mega fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almenra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Smkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir verða að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 51/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Árnasyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr.

6.000.00, og laun verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. janúar 1967.

Ár 1967, mánudaginn 30. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1967: Ákæruvaldið gegn Jóni Árnasyni, sem tekið var til dóms 26. þ. m.

Málið er höfðað skv. ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 3. þ. m., á hendur Jóni Árnasyni, Þingholtsstræti 8 í Reykjavík, fæddum þar í borg 30. júní 1941, fyrir að stela í fyrri hluta nóvembermánaðar 1966 úr geymsluhúsi við vinnuhælið á Litla-Hrauni, Eyrarbakka, utanborðsmótor frá björgunarbáti Slysavarnadeildarinnar Bjargar á Eyrarbakka.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1957 18/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ógætilegan akstur.
1957 1/8 í Reykjavík: Kærður fyrir þjófnað. Ákæru frestað í 3 ár. Háður eftirliti.
1958 12/11 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1959 27/2 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. reglugerðar nr. 128/1914.
1959 13/11 í Reykjavík: Dómur. 1.500 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á umferðarlögum.
1960 18/3 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegingarlaga.
1963 14/3 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1963 13/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
1964 18/4 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 261. gr. hegningarlaga.
1965 3/2 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga.

1965 5/4 í Reykjavík: Dómur 1 mánaðar fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr., sbr. 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1966 5/10 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu:

Síðastliðið sumar var ákærði, Jón Árnason, að afplána refsidóma á vinnuhælinu að Litla-Hrauni í Árnessýslu. Í geymsluhúsi, sem er við vinnuhælið, var geymdur utanborðsmótor frá björgunarbáti Slysavarnadeildarinnar Bjargar að Eyrarbakka. Kveðst ákærði hafa komið auga á mótorinn, á meðan á refsivist hans stóð. Einhvern tíma fyrri partinn í nóvember s.l., þegar ákærði hafði losnað af vinnuhælinu, kveður hann sér hafa dottið í hug að fara austur og slá eign sinni á mótorinn. Fékk hann sér bifreið á bifreiðaleigu og ók austur að Litla-Hrauni. Ákærði komst greiðlega að geymsluhúsinu á bifreiðinni. Tók hann þar mótorinn ásamt benzíngeymi, er honum fylgdi, og setti í bifreiðina. Ók hann að því búnu til Reykjavíkur, en síðan suður á Krýsuvíkurveg og faldi mótorinn í hraungjótu við veginn. Mótorinn kom þar í leitirnar, eftir að upp komst um atferli ákærða, og var skilað til eiganda. Mótorinn, sem er frá árinu 1963, kostaði kr. 23.000.00, er hann var keyptur.

Framangreint atferli ákærða er sannað með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi með hliðsjón af sakavottorði hans.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Árnason, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 14. apríl 1967.

Nr. 19/1966. **Einar Stefánsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f** (Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bjarna Þ. Bjarnasyni og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1966. Krefjast þeir sýknu gegn greiðslu kr. 8.900.00 með 7% ársvöxtum frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá gera þeir og þá kröfu, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. febrúar 1966 og krafizt þess, að aðaláfrýjendum verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 41.600.00 með þeim vöxtum, sem greindir eru í kröfugerð þeirra. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er lýst umferðarslysi því, sem mál þetta er af risið, og sakargögn skilmerkilega rakin. Ljóst er, að ökumenn beggja bifreiðanna brutu ákvæði umferðarlaga nr. 26/1958, ökumaður L 146 ákvæði 1. og 2. mgr. 49. gr., en ökumaður R 14094 ákvæði 4. mgr. 45. gr. og 1. og 4. mgr. 46. gr. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að aðiljar beri að jöfnu fébótaábyrgð á tjóni því, sem hlauzt af árekstri bifreiðanna. Tjón gagnáfrýjanda vegna afnotamissis bifreiðarinnar þykir hæfilega metið í héraðsdómi. Ber því að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda helming af kr. 41.600.00, þ. e. kr. 20.800.00, ásamt vöxtum, eins og krafizt

er. Þá ber aðaláfrýjendum og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Einar Stefánsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Bjarna Þ. Bjarnasyni, kr. 20.800.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 14.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1965.

Mál þetta var dómtekið 9. desember s.l. að loknum munnlegum málflutningi. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 10. september 1964 og þingfest sama dag. Stefnandi er Bjarni Þ. Bjarnason, Hitaveitutorgi 1, Smálöndum, Reykjavík. Hann stefnir Einari Stefánssyni bónda, Bjólu í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík. Dómkröfum stefnanda hefur verið breytt til lækkunar, eftir að málið var höfðað. Kröfurnar eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda kr. 41.600.00 með 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Af hálfu beggja hinna stefndu er krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 8.900.00 með 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Málavextir.

Bifreiðaárekstur varð um kl. 1530 fimmtudaginn 23. apríl 1964 (sumardaginn fyrsta) á uppfyllingu rétt austan við brúna yfir Ytri-Rangá sunnan við kauptúnið Hellu í Rangárvallasýslu. Skullu þar saman þessar bifreiðar: L 146, Ford-vörubifreið, árgerð 1946, eigandi og ökumaður stefndi Einar Stefánsson, og R 14094, Willys-jeppi, árgerð 1945, eigandi stefnandi, ökumaður sonur hans, Ívar Arnar Bjarnason. Á lögregluuppdrátt er skráð, að veður hafi verið gott og bjart, vegurinn rennisléttur með lausum

malarsalla ofan á föstu undirlagi, 8 metra breiður. Engin slys urðu á mönnum í árekstri þessum, en báðar bifreiðarnar urðu fyrir skemmdum. Mál þetta er höfðað til bóta vegna tjóns stefnanda, og er Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f stefnt, þar sem keypt hafði verið trygging vegna L 146 hjá félaginu.

Ágreiningur er ekki um, hvernig sjálfur áreksturinn varð. R 14094 var ekið í austurátt að Rangárbrúnni. Litlu áður en á sjálfa brúna kom, áttaði ökumaðurinn sig á, að hann var kominn fram hjá veginum niður í Þykkvabæ, en þangað var ferðinni heitið. Hugðist hann því snúa við þarna á uppfyllingunni og sveigði til hægri, og var þá bifreiðin nokkuð þvert á veginum og framendi hennar nærri hægri (syðri) vegarbrún. L 146 var í sama mund ekið austur veginn, og hemlaði ökumaðurinn og sveigði yfir á syðri vegarhluta, en bifreiðin rann áfram, a. m. k. um 20 metra, og skall á jeppanum með þeim afleiðingum, að hann færðist til austurs rúmlega 5 m, snerist við á veginum og valt á hægri hlið. Alls mældust hemlaför vörubifreiðarinnar L 146 25.7 m.

Ökumaður jeppans, Ívar Arnar Bjarnason, segir svo frá, að hann hafi séð vörubifreiðina, nokkru áður en áreksturinn varð, enda hafi hún komið upp Þykkvabæjarveginn og farið inn á veginn að Hellu, rétt áður en jappann bar að vegamótunum. Hann heldur því fram, að vörubifreiðinni hafi verið ekið á stæði rétt við vegamótin og hafi hann ekki hugað meira að henni. Stúlka, sem var með Ívari í jeppanum ásamt tveimur ungum piltum, getur þess í framburði hjá rannsóknarlögreglu, að hún hafi athugað, rétt áður en snúið skyldi við, hvort umferð væri á veginum, og þá séð, „að vörubifreið var nærri því stöðvuð á „plani", sem var þarna skammt frá". Annar piltanna, sem var farþegi í jappanum, segir einnig, að vörubifreiðinni hafi verið ekið á stæði „gegnt vegamótunum". Ívar Arnar segir, að hann hafi litið í baksýnisspegil, áður en hann beygði til hægri til að snúa við. Kveðst hann ekki hafa séð neina bifreið koma. Þegar hann var kominn að syðri vegarbrúninni, sá hann hins vegar að eigin sögn vörubifreiðina „á nokkurri ferð". Kveðst hann hafa skipt í bakgír, en áreksturinn orðið í sama mund. Áðurnefnd stúlka segist hafa veitt því athygli, áður en tekið var að snúa jeppanum, að ökumaðurinn athugaði, hvort umferð væri á eftir.

Einar Stefánsson, stefndi í málinu, segir svo frá, að jeppanum hafi verið ekið fram úr vörubifreið hans á móts við hús Trésmiðjunnar Rangár, og telur hann, að hraði sinnar bifreiðar hafi verið 30—40 km á klukkustund. Um það, sem síðar gerðist, segir

svo í lögregluskýrslu eftir Einari: „Rétt á eftir að bifr. fór fram úr mér, snarbeygði bifr. R 14094 yfir á hægri kant og sýndist allt í einu hafa tekið í sig að snúa við. Ég steig á hemlana á minni bifreið í botn og sveigði yfir á hægri kant í þeirri von, að árekstri yrði forðað, en það tókst ekki".

Á áðurnefndum uppdrætti lögreglunnar í Rangárvallasýslu segir, að Hermann Pálsson, veghefilsstjóri á Hellu, hafi reynt hemla bifreiðarinnar L 146 og að hann hafi talið „fóthemil í lagi".

Dómari hefur beðið skipulagsstjóra að upplýsa um fjarlægðir, sem máli þykja skipta. Segir í bréfi Zóphóníasar Pálssonar skipulagsstjóra hér að lútandi, að fjarlægð frá miðjum gatnamótum Þykkvabæjarvegar að vestari enda Rangárbrúar sé 596 metrar, en frá verkstæði, sem er norðan þjóðvegarins á þessu bili, að brúnni 356 metrar. Er hér um að ræða trésmiðju þá, sem stefndi Einar getur um. Þá hefur skipulagsstjóri útvegað uppdrátt af þessu svæði. Loks hafa verið lagðar fram 4 ljósmyndir, teknar á slysstað.

Hinn 24. júní 1964 ritaði lögmaður stefnanda yfirborgardómara bréf og beiddist þess, að dómkvaddir yrðu matsmenn til að segja til um viss atriði. Þeir Sigurþór Guðjónsson og Gunnar Björnsson framkvæmdu matið, og er matsgerðin dagsett 14. júlí 1964. Í henni segir m. a.:

„Í dómskvaðningunni er beðið að svara þrem atriðum:

I. Hvað gangverð bifreiðarinnar var fyrir tjónið?

Eftir að hafa kynnt okkur sambærilegar bifreiðar, teljum við, að gangverð í dag sé kr. 45.000.00.

II. Hvert verðmæti bifreiðarinnar telst eftir tjón?

Við teljum hæfilegt kr. 11.000.00.

III. Hvort talið verður, að svari kostnaði að gera við bifreiðina?

Eftir okkar útreikningi virðist okkur, að viðgerðarkostnaður verði ca. kr. 34.500.00, en þar sem ekki var hægt að sjá, hve mikið er brotið í millumgearkassa, en hann er brotinn, en þurfi að setja nýjan kassa í bifreiðina, mun viðgerðarkostnaður verða ca. 42.500.00 ...".

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi selt bifreiðina í því ástandi, sem hún var eftir árekstur, fyrir 11.000.00 krónur. Þá hefur því verið haldið fram af hans hálfu, að bifreið þessa hafi hann notað við atvinnurekstur, er hann hafi með höndum.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Einar eigi einn alla sök á margnefndum árekstri og beri hann því ábyrgð á tjóni stefnanda svo og hið stefnda vátryggingafélag. Er krafan á hendur félaginu byggð á 2. málsgrein 74. greinar laga nr. 26/1958.

Áður er rakið, hvernig ökumaður jeppabifreiðarinnar og tveir farþegar lýsa því, hvernig áreksturinn varð. Af hálfu stefnanda er byggt á þessari atvikalýsingu. Því er haldið fram, að ökumanni jeppans hafi verið heimilt að snúa við, eins og hann hafði í hyggju, enda hafi hann áður athugað, hvort önnur umferð væri um veginn. Þá er sérstaklega tekið fram, að ökumaðurinn hafi tendrað stefnuljós á jeppanum. Með þessum rökum er því haldið fram, að ökumaður jeppans hafi ekki átt neina sök á því, að áreksturinn varð.

Af hálfu stefnanda er því síðan haldið fram, að stefndi Einar hafi átt sök á árekstrinum, enda hafi hann hagað akstri sínum með öðrum hætti en honum bar. Er þar einkum bent á þrjú atriði. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að stefndi Einar hafi ekið hraðar en heimilt var eftir 49. grein laga nr. 26/1958, einkum 1. og 2. málsgrein. Er sagt af hálfu stefnanda, að ljóst sé af lengd þeirra hemlafara, sem sáust (25.7 m), að hraðinn hafi verið mikill og mun meiri en svo sem segir í 2. mgr. nýnefndrar lagagreinar. Í öðru lagi er því haldið fram, að hemlar vörubifreiðarinnar hafi verið í ólagi. Megi ráða það af lengd hemlafaranna og því, að ekki sáust slík för nema eftir hægra afturhjól. Í þriðja lagi er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnda Einari hafi verið óheimilt að beygja yfir á syðri vegarhelming, sbr. 45. gr., 1. mgr., laga nr. 26/1958. Þessu til viðbótar hefur verið nefnt af hálfu stefnanda, að stefnda Einari hafi borið að gefa hljóðmerki eftir 1. mgr. 52. gr. sömu laga, en það hafi hann ekki gert.

Um tjónið er því haldið fram af hálfu stefnanda, að tjón á bifreiðinni R 14094 hafi numið kr. 34.000.00 (þ. e. kr. 45.000.00 ÷ 11.000.00). Þar við er bætt tjóni vegna flutnings af árekstrarstað, kr. 1.600.00, og loks tjóni vegna afnotamissis bifreiðarinnar í 60 daga, kr. 100.00 pr. dag, kr. 6.000.00. Samtals er tjónið talið nema kr. 41.600.00, sem fyrr segir. Þá er þess krafizt, að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til útlagðs kostnaðar við dómkvaðningu matsmanna (kr. 253.50), þóknunar til matsmanna (kr. 2.000.00) og við öflun endurrita af lögregluskýrslu (kr. 75.00).

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekki verði talið, að sök stefnda Einars á árekstrinum sé nema að fjórða hluta. Er krafa stefndu í málinu á því byggð og svo á skoðunum þeirra varðandi tjón stefnanda, en að þeim verður vikið hér á eftir.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að hemlar bifreiðarinnar L 146 hafi verið í lagi, en hin löngu hemlaför orsakazt af ástandi vegarins. Þó verði vegna þeirra að telja sök Einars fjórðung, sem fyrr segir. Því er haldið fram, að akstursmáti ökumanns jeppans hafi verið slíkur, að hann eigi að bera sök á því, að stefndi Einar truflaðist við aksturinn og sveigði yfir á syðri vegarhelming.

Um akstur Ívars Arnars Bjarnasonar, þess er ók jeppanum, er því haldið fram af hálfu stefndu í málinu, að hann hafi verið með þeim ágöllum, að telja verði, að sök Ívars Arnars sé þrisvar sinnum meiri en sök stefnda Einars. Þessu til stuðnings er það nefnt, er nú skal greina: Í fyrsta lagi er því haldið fram, að Ívar hafi farið fram úr vörubifreiðinni rétt vestan við árekstrarstaðinn og þá snarbeygt þvert á veginn. Með þessu hafi verið brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 45. gr. laga nr. 26/1958 og 1. og 4. mgr. 46. gr. sömu laga. Því er mótmælt, að Ívar Arnar hafi tendrað stefnuljós, en jafnframt er því haldið fram, að það hefði engin áhrif á sök hans, þótt hann hefði gert það. Því til stuðnings er vitnað til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 26/1958. Því er sérstaklega mótmælt, að stefndi Einar hafi ekið bifreið sinni á stæði við vegamót Þykkvabæjarvegar eða við Trésmiðjuna Rangá, en því jafnframt haldið fram, að það hefði engin áhrif á sök ökumanns jeppans, þótt svo hefði verið, þar sem honum hafi borið að hafa gát á vörubifreiðinni engu að síður.

Um tjón stefnanda er því haldið fram af hálfu stefndu, að hann hafi engan skaða haft af afnotamissi bifreiðarinnar, enda hafi hún verið gömul og léleg, og engin sönnun fram komin fyrir því, að hún hafi verið notuð í atvinnuskyni. Til vara er því haldið fram, að ekki komi til greina að greiða bætur vegna missis bifreiðarnota jafnlengi og krafizt er.

Niðurstaða.

Fyrirliggjandi upplýsingar um málsatvik eru eigi svo ítarlegar sem skyldi. Þó þykja engin efni vera til, að bæjarþingið hafi frumkvæði að því, að málið verði endurupptekið til frekari gagnaöflunar.

Af samanburði ljósmynda og uppdráttar verður helzt ráðið, að áreksturinn hafi orðið um 150 metra frá brúarsporðinum, en

þaðan er beinn vegur til vesturs. Ekki er eftir gögnum málsins unnt að sjá, hvar vörubifreiðin var, þegar ökumaður jeppans beygði yfir á syðri vegarhelming.

Telja verður að ökumaður jeppabifreiðarinnar hafi brotið gegn þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 26/1958, sem tilgreind hafa verið af hálfu stefndu. Er þess sérstaklega að geta, að ekki er sannað, að ökumaður jeppans hafi mátt byggja á, að vörubifreiðin væri ekki á austurleið. Einnig verður að telja, að stefndi Einar hafi brotið gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 49. gr. og 1. mgr. 45. gr. laga nr. 26/1958. Verður að telja, að báðir hafi þeir átt sök á árekstrinum. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndu bæti stefnanda tjón hans að ¾ hlutum.

Ekki er ágreiningur um, að tjón stefnanda nemi a. m. k. 35.600.00 krónum. Með tilliti til þess, að matsmenn höfðu eigi lokið mati sínu fyrr en 14. júlí, en áreksturinn varð 23. apríl, þykir stefnandi eiga rétt á bótum vegna afnotamissis í 60 daga. Krafa hans um, að bætur þessar verði ákveðnar kr. 100 á dag, þykir hófleg. Verður því talið, að tjón hans vegna afnotamissis jeppans nemi 6.000.00 krónum og þá allt tjónið kr. 41.600.00, eins og stefnandi heldur fram. Af þessu ber stefndu að bæta 75%, eða kr. 31.200.00. Af þessari upphæð ber stefndu að greiða vexti með þeim hætti, sem krafizt er af hálfu stefnanda. Þá ber stefndu að greiða málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 9.350.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Einar Stefánsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Bjarna Þ. Bjarnasyni, kr. 31.200.00 ásamt 7% vöxtum p. a. frá 28. apríl 1964 til 1. janúar 1965, en 6% vöxtum p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 9.350.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1967.

Nr. 156/1966. **Halldór Jónsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Netjagerð Þórðar Eiríkssonar h/f
(Kristján Eiríksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1966. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Er áfrýjandi kom fyrir héraðsdóm hinn 10. febrúar 1965, voru honum sýndir reikningar stefnda um viðskipti þau, sem mál þetta er af risið. Kvaðst hann þá „sjálfsagt hafa fengið reikninga þessa, en treystir sér ekki til að segja um hvenær. Eigi kveðst hann hafa borið fram mótmæli gegn reikningum þessum, fyrr en til málssóknar kom", eins og skráð er í þingbók eftir áfrýjanda. Í yfirlýsingu hans 22. febrúar 1967, sem lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, en eigi er staðfest í dómi, segir um greind ummæli á þessa leið: „Ég tók svona til orða, sem í raun og veru þýddi, að ég hafði enga hugmynd um það af eða á". Enga viðhlítandi grein hefur áfrýjandi gert fyrir þessari breytingu á framburði sínum fyrir sjó- og verzlunardóminum. Að öðru leyti hefur málið ekki verið reifað fyrir Hæstarétti af hendi áfrýjanda. En eigi þykja þó alveg næg efni til að vísa málinu frá dóminum af þeim sökum.

Með hliðsjón af því, sem nú er rakið, og skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Halldór Jónsson, greiði stefnda, Netjagerð Þórðar Eiríkssonar h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. júní 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. apríl s.l., hefur Netjagerð Þórðar Eiríkssonar h/f, Kamp-Knox-hverfi í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 13. nóv. 1962, gegn Halldóri Jónssyni útgerðarmanni, Ólafsvík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 154.876.04 með 8% ársvöxtum frá 31. desember 1961 til greiðsludags auk sakarkostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur þess verið krafizt *aðallega,* að málinu verði vísað frá dómi, og *til vara,* að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Mál þetta, sem höfðað var fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, eins og að framan greinir, var rekið þar til 21. september 1964, en í þinghaldi þann dag féll lögmaður stefnda frá frávísunarkröfu sinni, enda varð þá jafnframt samkomulag með lögmönnum málsaðilja um, að málið yrði flutt í sjó- og verzlunardóm. Málið var svo þingfest í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur 2. október 1964.

Samkvæmt þessu kemur því aðalkrafan um frávísun ekki til álita í máli þessu.

Í stefnu er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum, að stefndi hafi á árunum 1957 til 1961 átt margs konar viðskipti við stefnanda. Stefndi hafi á fyrrgreindu tímabili keypt af stefnanda ýmiss konar veiðarfæri til síldveiða, þar á meðal nætur og alls konar efni til þeirra, og hafi stefnandi annazt viðgerðir á þessum veiðarfærum og lagt stefnda til efni til viðgerðar veiðarfæranna. Samkvæmt bókum stefnanda hafi skuld stefnda við áramót 1961—1962 numið hinni umstefndu fjárhæð og hafi eigi tekizt að fá skuld þessa greidda. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaða reikninga yfir viðskipti þau, sem stefnukrafan er reist á.

Stefndi reisir varakröfu sína um sýknu, sem raunverulega verður aðalkrafa í þessu máli samkvæmt því, sem áður greinir,

á því, að eins og viðskipti hans og stefnanda standi nú, eigi hann fé inni hjá stefnanda. Rökstyður lögmaður stefnda þessa staðhæfingu nánar í greinargerð, sem hér segir, orðrétt upptekið:

„Ef litið er á fskj. nr. 3, telur umbj. m., að reikningsyfirlitið 1958 sé rétt, þannig að inneign hans 1. jan. 1959 var kr. 14.340.00. Enn fremur segir hann réttan vera reikninginn efst á dskj. 3, yfirlit fyrir árið 1959, að því breyttu, að draga eigi frá reikningunum hringnót, kr. 60.000.00, því að enga slíka nót tók hann út hjá fyrirtækinu fyrr en haustið 1960, meira en ári síðar. Þá tók hann út hampnót á þessu verði, en hún reyndist óhæf til síldveiða. Stefnandi tók nótina til lagfæringar, en allt kom fyrir ekki, og endaði málið þann veg, að stefnandi tók aftur við nótinni, og er hún nú í eigu stefnanda. Þar af leiðir, að umbj. m. ber hvorki að greiða stofnverðið, kr. 60.000.00, né viðgerðartilraunir stefnanda, þar eð þær voru framkvæmdar af eigin hvötum og á eigin ábyrgð seljandans í tilraunaskyni og báru engan árangur, að því er bezt verður vitað. Þess vegna hefur umbj. m. þær athugasemdir að gera við dskj. nr. 4, úttektarliðina okt. 13., kr. 3.535.00, okt. 21., kr. 54.090.46, og 31. okt., kr. 2.205.92, að honum séu þessi útgjöld óviðkomandi með öllu, því að þetta geti ekki verið annað en reikningar verkstæðisins fyrir viðgerðartilraunir þess á 60 þúsund kr. hampnótinni.

Þá er það viðurkennt af umbj. m., að hann tók út nót hinn 15. júní 1960, sbr. dskj. 4, fyrir kr. 280.000.00. Þarna er þá nótarverðið á yfirlitsreikningnum á dskj. 4 talið kr. 286.432.50, og sama dag á einnig að hafa verið úttekt, dskj. 4, fyrir kr. 3.655.00. Við athugun á fylgiskjölunum með dskj. 4 kemur í ljós, að fylgivörurnar með nótinni eru tvíreiknaðar til verðs, og að því leyti er reikningsyfirlitið á dskj. 4 rangt.

Enn mótmælir umbj. m. sem röngum og sér óviðkomandi á dskj. 4 neðstu reikningsliðunum tveimur á þeim forsendum, að kr. 1.498.70 geta vart verið fyrir annað en viðgerð á nót, stórgallaðri, sem umbj. m. keypti af stefnanda haustið 1960 á kr. 216 þúsund og greiddi að fullu, en stefnandi tók aftur til sín sem óhæfa söluvöru, og er athyglisvert, að á yfirlitsreikningnum er nótin hvergi færð til úttektar né endurgjald hennar bókfært. Af greindum orsökum er reikningslið þessum mótmælt sem röngum og algerlega óviðkomandi umbj. m. Hinn liðurinn, kr. 4.588,20, hlýtur að snerta nót, sem umbj. m. keypti af Steinavör h/f haustið 1960, en Steinavör tók aftur til sín sem áhæfa söluvöru vegna galla, en hafði þó gert tilraunir til að láta lagfæra

hjá stefnanda fyrir eigin reikning. Reikningsliður þessi er því, að því er umbj. m. varðar, rangur og honum óviðkomandi.

Reikningunum á dskj. 5 er öllum mótmælt sem röngum og óviðkomandi umbj. m. Liðirnir kr. 16.050.00, kr. 10.088.88 og kr. 30.050.00 hljóta að eiga vera vegna viðgerðartilrauna stefnanda á 216 þúsund kr. nótinni og því óviðkomandi umbj. m., sbr. fyrri skýringar. Reikningsliðnum geymsla á þremur nótum, kr. 3.000.00, er mótmælt sem fjarstæðu, því að stefnandi geymdi engar nætur fyrir umbj. m. á þessum tíma. E. t. v. er þarna um að ræða 216 þúsund króna nótina, 60 þús. kr. hampnótina og Steinavarar-nótina, sem eins og áður segir, voru á engan hátt á vegum umbj. m. á þessum tíma. Á sömu rökum er mótmælt geymslukostnaði tveggja nóta, kr. 2.000.00, á dskj. nr. 6.

Af framansögðu eru eftirtaldir úttektarliðir ofreiknaðir í yfirliti stefnanda:

Á dskj. nr. 3 árið 1959,	hringnót	kr.	60.000.00
Á dskj. nr. 4 árið 1960,	úttekið júní 15. ..	—	3.655.00
———	— okt. 21. ..	—	54.090.46
———	— okt. 31. ..	—	2.205.92
———	— okt. 13. ..	—	3.535.00
———	— nóv. 21. ..	—	1.494.70
———	— des. 3.–21.	—	4.588.20
Á dskj. nr. 5 árið 1961,	úttekið jan. 7. ..	—	16.050.40
———	— júní 21. ..	—	10.088.88
———	geymsla júní 30. .	—	3.000.00
———	akstur júní 30. ..	—	210.00
———	úttekið sept. 14. .	—	30.050.00
Á dskj. nr. 6 árið 1962,	geymsla júní 30. ..	—	2.000.00
		Alls kr.	190.968.56

Af framantöldu reikningsyfirliti sést, hve umbj. m. á mikið inni hjá stefanda, reikningslega séð. Raunverulega er inneignin miklu stærri, því að umj. m. varð fyrir miklu tjóni vegna óhæfra söluvara frá stefnanda."

Hefur nú verið rakinn rökstuðningur stefnda í greinargerð fyrir sýknukröfu hans.

Stefndi, Halldór Jónsson, hefur í aðiljaskýrslu á dómsskj. nr. 9 í máli þessu skýrt svo frá málavöxtum, að hann hafi á sama tíma keypt tvær snurpinætur. Önnur hafi verið keypt af Steinavör h/f í Reykjavík, en hin af Netjagerð Þórðar Eiríkssonar h/f,

Reykjavík. Báðar hafi næturnar verið settar upp á verkstæði Þórðar. Þegar til notkunar hafi komið, hafi þær reynzt þannig, að þær hafi ekki tekið síld, hvernig sem reynt hafi verið. Næturnar hafi bæði verið of grunnar og þannig lagaðar, að ekki tókst að fá í þær síld. Þrátt fyrir breytingar, sem gerðar hafi verið á nótunum, hafi þær aldrei komið að gagni. Steinavör h/f hafi fallizt á að taka við nótinni aftur og hafi að fullu verið gengið frá þeim viðskiptum, enda hafi þeir fallizt á, að nótin væri ekki það verkfæri, sem hún þyrfti að vera. En þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi ekki fengizt nein leiðrétting á viðskiptunum við Netjagerð Þórðar Eiríkssonar, þótt sú nót, sem af þeim var keypt, hafi sízt reynzt betur en hin. Kveðst stefndi telja, að sú greiðsla, sem þegar hafi verið innt af hendi til netjagerðarinnar, sé langt fram yfir það, sem þeim bar, og geri hann kröfu til, að þeir taki við nótinni, sem um allan þennan tíma hafi verið og sé enn í þeirra vörzlu, og endurgreiði sér mismuninn á skuld sinni og söluverði nótarinnar. Þá kveður stefndi í aðiljaskýrslu sinni, að Þórður Eiríksson h/f hafi selt sér hampnót, sem hafi átt að vera grunnnót, á kr. 60.000.00 og hafi hún reynzt ónothæf til að veiða í hana síld þrátt fyrir lagfæringar, sem þeir hafi talið að mundi gefa nótinni gildi, sem og ítrekaðar tilraunir með nótina hafi sýnt. Hafi Þórður Eiríksson h/f tekið við nótinni aftur og ekki greitt sér neitt til baka.

Framangreinda aðiljaskýrslu hefur stefndi staðfest í þinghaldi 10. febrúar 1965. Í því þinghaldi skýrir hann nánar svo frá, að framangreind 60.000.00 kr. hampnót hafi verið reynd til veiða haustið 1960, en reynzt ónothæf. Hafi tilraun verið gerð til viðgerðar á nót þessari hjá stefnanda. Hafi verið riðinn í hana nælonpoki og e. t. v. gerðar einhverjar fleiri lagfæringar, en þær ekki komið að gagni. Stefndi kveðst hafa skilað nót þessari til stefnanda aftur. Kveðst hann sjálfur hafa átt tal við Þórð Eiríksson, forstjóra stefnanda, á þessum tíma út af viðskiptum þessum. Eigi kveður stefndi þá Þórð hafa talað um, með hvaða skilmálum stefnandi tæki nótina aftur. Stefndi segir, að síðan hafi hann keypt nælonnótina á krónur 216.000.00. Hafi hún sömuleiðis reynzt ónothæf og verið skilað aftur. Segir stefndi, að eigi hafi heldur verið rætt um það, með hvaða skilmálum stefnandi tæki nótina aftur. Kveður stefndi Steinavör h/f hafa tekið aftur nót þá, sem hann keypti af því fyrirtæki, er hún reyndist ónothæf. Stefndi kveðst ekki hafa beðið stefnanda að gera lagfæringar á síðarnefndri nót, enda hafi það verið boðið af hálfu Steina-

varar h/f, Margeirs eða Jóns Guðbjartssonar. Aðspurður kveðst stefndi sjálfsagt hafa fengið reikningana á dómsskj. nr. 3—6, en treystir sér ekki til að segja um hvenær. Stefndi kveðst eigi hafa borið fram mótmæli við reikningum þessum, fyrr en til málssóknar kom.

Í skýrslu á dómsskj. nr. 10 í máli þessu skýrir starfsmaður stefnanda, Guðmundur Guðmundsson, m. a. svo frá málsatvikum, að sala á bómullarhringnót til stefnda hafi farið fram 10/6 1959 fyrir kr. 60.000.00, eins og reikningar greini, enda þótt stefndi hafi ekki tekið nótina út af verkstæði fyrr en á næsta ári. En eins og reikningar beri með sér, hafi farið fram stórviðgerð á nótinni 21/10 1960, eða fyrir um kr. 54 þús. Allt tal stefnda um, að sala nótarinnar hafi verið afturkölluð eða ógilt og stefnandi sé því eigandi hennar nú svo og um tilraunaviðgerðir nótarinnar á ábyrgð stefnanda og af hans hvötum hafi því ekki við rök að styðjast og virðist vera framsett af stefnda í því skyni að koma sér undan að greiða réttmæta skuld, enda væri slík fyrirgreiðsla af hálfu lítils fyrirtækis algerlega óþekkt og óverjandi fyrirbæri, þegar um sé að ræða upphæð, sem nemi hátt í 120.000.00 krónur að meðtöldu söluverði nótarinnar. Til frekari skýringar í sambandi við þessa nót er af hálfu stefnanda bent á eftirfarandi: Fyrri viðgerð nótarinnar, sem fram fór daginn fyrir 21/10 1960, var eftir stórrifrildi á nótinni, sem sýnilega hafði stafað af botnfestu, og vantaði þá meðal annars stórt stykki í hana, enda látin í hana 360 kg. af bómullarneti, enn fremur að ósk skipstjóra nýr poki úr nælonefni fyrir um 27.000.00 krónur. Næst kveður stefnandi hafa verið komið með nótina til sín 31/10 1960 og þá gert við hana fyrir rúmar kr. 2.000.00, eins og reikningur, dags. þann dag, sýni. Enn komi svo nótin til stefnanda til geymslu og þá gauðrifin, enda hafi skipið fengið þá eða um það leyti nýja nælonnót.

Af framansögðu kveður stefnandi það hverjum manni mega ljóst vera, að hvorki hann né neinir aðrir hefðu látið sér til hugar koma að veita nokkrum viðskiptamanni slíka fyrirgreiðslu honum að kostnaðarlausu. Kveðst stefnandi því gera það að ófrávíkjanlegri kröfu sinni, að stefndi greiði sér að fullu söluverð þessarar nótar ásamt þeim viðgerðarkostnaði á henni, sem reikningar tilgreini. Kveðst stefnandi ekki telja sér bera neina skyldu til að taka umrædda nót sem greiðslu upp í þessa skuld, þó að stefndi telji sér slíka greiðslu hagkvæma, og sé nótin því algerlega á vegum stefnda, þar sem hún sé nú niður komin. Stefnandi

kveðst ekki viðurkenna, að nótin hafi verið óhæf til síldveiða. Stefnandi kveður reikning að upphæð kr. 3.535.00 frá 13/10, sem dags. sé í bókum félagsins 15/6 1960, en stefndi hafi ekki viljað viðurkenna, vera fyrir efni, sem tekið hafi verið út á verkstæði sínu með nót v/s Jóns Jónssonar, er hann fór norður til sumarsíldveiða, og því margnefndri bómullarnót óviðkomandi.

Í sambandi við úttekna nót 15/6 1960 á kr. 280.000.00, þar sem reikningurinn hljóðar á kr. 286.432.50, tekur stefnandi fram, að kr. 6.432.50 séu fyrir úttekið efni á verkstæði stefnanda, óviðkomandi nótinni sjálfri. Stefnandi kveðst ekki telja undarlegt, þó að ekki sjáist á yfirlitsreikningi hans nót, sem stefndi telji sig hafa keypt af honum fyrir kr. 216.000.00, því að þessa nót hafi hann keypt af h/f Steinavör. Árið 1960 kveðst stefnandi engar vetrarsíldarnætur hafa selt. Hins vegar hafi hann sett upp 5 slíkar nætur haustið 1960 fyrir h/f Steinavör, þar á meðal báðar þær nætur, sem það fyrirtæki hafi selt stefnda á skip hans, v/s Jón Jónsson og v/s Steinunni, eins og reikningar stefnanda við það fyrirtæki sýni. Kveður stefnandi því, að hvorki hafi getað verið um sölu né afturtöku á umræddri nót að ræða af hans hálfu og því eigi von til þess, að sala hennar sé greind á reikningum hans. En allar viðgerðir og annan kostnað, sem hann hafi að ósk skipstjóra á nefndum skipum tekið að sér, beri stefnda vitanlega að greiða. Nót þessi sé því á sama hátt og bómullarnótin algerlega á vegum stefnda, þar sem hún sé nú niður komin, enda fyrir löngu tilkynnt honum með ábyrgðarbréfi ásamt hinni nótinni. Hefur nú í stórum dráttum verið rakið efni skýrslunnar á dómsskj. nr. 10, sem Guðmundur Guðmundsson, stjórnarmaður í fyrirtæki stefnanda og auk þess prókúruhafi, hefur lagt fram í máli þessu, og kveður hann með tilvísan til framanritaðs falla ógild öll mótmæli stefnda gegn reikningum þeim, sem hann telur undir tölulið 5, svo og öll mótmæli hans gegn öðrum liðum reikninganna, þar á meðal geymslukostnaðarnótum, og kveðst gera kröfu til fullrar greiðslu á umræddum reikningum úr hendi stefnda ásamt vöxtum og öllum málskostnaði.

Framangreinda skýrslu hefur Guðmundur Guðmundsson, þ. e. skýrslugjafi, staðfest fyrir dómi hinn 10. febrúar 1965. Segir hann, að með bómullarnótina hafi verið komið á verkstæðið, og kveðst hann hafa verið viðstaddur, er það gerðist. Hann kveður einhverja yfirmenn á báti stefnda hafa komið með nótina og beðið um, að hún yrði tekin til viðgerðar. Hann tekur fram, að

það hafi jafnan verið starfsmenn á bátum stefnda, sem komið hafi með næturnar til viðgerðar. Ekki kveðst hann vita til þess, að stefnandi hafi annazt neinar viðgerðir á nótum að beiðni Steinavarar h/f, a. m. k. ekki þeim nótum, sem greinir í máli þessu.

Guðmundur Guðmundsson, þ. e. prókúruhafi stefnanda, kveðst hafa samið reikningana á dómsskj. nr. 3—6 eftir bókum stefnanda, en hann kveðst hafa verið starfsmaður stefnanda á þeim tíma, er þau viðskipti áttu sér stað, er á reikningunum greinir. Hann kveðst á þessum tíma hafa séð um vinnu á verkstæðinu hjá stefnanda ásamt Birni Sigurðssyni.

Við framangreindan framburð sinn og greinargerð lagði nefndur Guðmundur síðar fram svofelldar leiðréttingar:

„1. Spurningu um tölu þeirra nóta, er reikningarnir tækju til, mun ég hafa svarað á þá leið, að ég teldi þær þrjár. Í augnablikinu mundi ég aðeins eftir þeim þremur vetrarnótum, sem deilan stendur aðallega um, en gleymdi sumarnótunum tveimur, þ. e. nót m/s Jóns Jónssonar frá 1959 og nót Steinunnar m/s frá 1960. Næturnar eru því fimm alls.

2. Spurningu um það, hvort Steinavör h/f hefði beðið okkur um viðgerð á nótum, mun ég hafa svarað neitandi og hafði þá aðeins viðgerðir í huga, en ekki breytingar á nótum. Á stundinni mundi ég ekki eftir því, að við höfðum breytt tveimur nótum fyrir nefnt firma, þ. e. nót m/s Þorbjörns þann 28. okt. 1960 og nót Steinavarar h/f þann 22. sept. 1961, eins og reikningar okkar við það fyrirtæki bera með sér, sem einnig voru lagðir fram í sama rétti. Mun Steinavör h/f þá hafa verið búin að taka við þessari nót aftur af Halldóri Jónssyni, enda nú fyrir löngu búin að greiða okkur að fullu þennan reikning sem aðra. Þessar nótabreytingar mun Steinavör h/f því vafalaust hafa beðið okkur að framkvæma.

3. Ef ég man rétt, tel ég í greinargerð minni skriflegri, að reikningur að upphæð kr. 3.535.00 sé úttekt 15. júní 1960, en þetta er ekki rétt, reikningurinn er frá 13. okt. 1960, eins og hann mun bera með sér, og er fyrir úttekna varahluti með vetrarnót, annað hvort bómullarnótinni, þegar hún var tekin út af verkstæðinu, eða vetrarnælonnót m/s Jóns Jónssonar, þegar sú nót var tekin. Því miður hafa ruglazt þarna hjá mér dagsetningar á líkum upphæðum, þegar ég skrifaði greinargerðina."

Framangreindar leiðréttingar, sem dags. eru 11. febr. 1965,

voru lagðar fram við munnlegan flutning málsins, og kom þá Guðmundur fyrir dóminn og staðfesti þær.

Margeir Sigurjón Sigurjónsson, forstjóri Steinavarar h/f, sem kom fyrir dóm í máli þessu 28. apríl 1965, hefur skýrt svo frá, að hinn 3. nóvember 1960 hafi stefndi tekið út hjá Steinavör h/f síldarnótarefni fyrir kr. 215.000.00. Hinn 27. nóvember sama ár hafi stefndi enn fremur tekið út síldarnót hjá Steinavör h/f fyrir kr. 250.000.00, og telur hann, að þar hafi enn fremur verið um efni að ræða. Mætti segist ekki muna, hvenær á árinu þetta hafi gerzt, en nótin hafi verið færð stefnda til tekna 31. des. 1961. Mætti telur, að nótin hafi verið í geymslu hjá stefnanda, áður en henni var skilað, þó ekki á vegum Steinavarar h/f. Mætti kveðst ekki minnast þess, að neinar viðgerðir eða lagfæringar hafi farið fram að tilhlutan Steinavarar h/f á nótum þeim, sem seldar voru stefnda.

Þá hefur komið fyrir dóm í máli þessu sem vitni Þórður Eiríksson. Var lesin fyrir honum seinasta málsgreinin á bls. 1 á dómskj. nr. 8, og tekur hann fram í því tilefni, að umrædd hampnót hafi verið þannig gerð, að átt hafi að draga hana inn með handafli, en um þetta leyti hafi stefndi verið að taka upp kraftblökk og þá þurft nætur af annarri gerð. Telur mætti, að stefndi hafi af þessum sökum viljað losna við hampnótina. Mætti segir, að umrædd nót hafi rifnað við veiðar og hafi annað hvort stefndi eða skipstjóri hans beðið mætta að taka nótina til viðgerðar.

Kveður mætti það vera tilhæfulaust með öllu, að stefnandi hafi fallizt á að taka nótina aftur. Enn fremur telur hann það tilhæfulaust með öllu, að nætur þær, sem hann seldi stefnda, hafi verið gallaðar, og aldrei kveðst hann hafa fallizt á að taka neina af þessum nótum til baka.

Mætti tekur fram, að Guðmundur Guðmundsson hafi annazt allt bókhald varðandi viðgerðir á nótum, en nefndur Guðmundur hafi verið verkstjóri og enn fremur annazt bókhald varðandi viðgerðir.

Mætti telur, að Steinavör hafi aldrei beðið um viðgerðir hjá stefnanda.

Eins og áður greinir, hefur stefnandi lagt fram sundurliðaða reikninga yfir viðskipti þau, sem stefnukrafan er reist á.

Hins vegar hefur stefndi í greinargerð tilgreint þá úttektarliði, sem hann telur vera ofreiknaða, og nema þeir samtals kr. 190.968.56, eða mun hærri upphæð en stefnukrafan, og telur hann sig því eiga mismuninn inni hjá stefnanda.

Stefndi hefur viðurkennt í máli þessu, að hann hafi sjálfsagt fengið reikninga þá, sem lagðir eru fram í málinu, en treystir sér ekki til að segja um hvenær. Þá hefur hann og viðurkennt, að hann hafi ekki borið fram mótmæli gegn reikningunum, fyrr en til málssóknar kom. Hinir framlögðu reikningar, sem ná til tímabilsins 1. janúar 1959 til 30. júní 1962, bera með sér, að stefndi hefur greitt inn á þá til 11. júní 1960.

Með tilliti til þess, að stefndi hreyfir eigi mótmælum við reikningum stefnanda, fyrr en til málshöfðunar kom í nóvember 1962, eða meira en einu ári eftir að öll viðskiptin, sem um er að ræða, áttu sér stað, svo og þess, að telja verður mótbárur stefnda við reikningum órökstuddar og ósannaðar, þykja ekki efni til að taka til greina sýknukröfu hans, sbr. 6. gr. og 52. gr. laga nr. 39/1922.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 154.876.04, ásamt vöxtum, eins og krafizt er í stefnu, enda hefur stefndi ekki hreyft sérstökum andmælum við upphæð vaxta.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 23.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóni Sigurðssyni netjagerðarmeistara og Jóhanni J. Ólafssyni framkvæmdastjóra.

Dómsuppsaga í máli þessu hefur dregizt um venju fram vegna óvenju mikilli anna dómsformanns við embættið.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Jónsson, greiði stefnanda, Netjagerð Þórðar Eiríkssonar h/f, kr. 154.876.04 ásamt 8% ársvöxtum frá 31. desember 1961 til greiðsludags og kr. 23.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. apríl 1967.

Nr. 221/1966. **Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps
(Guðjón Styrkársson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1966 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði úrskurður kveður á um lögtak á hendur áfrýjanda án þess að tilgreina lögtaksfjárhæð. Úrskurðurinn er því markleysa, sbr. 193. gr. og 223. gr. laga nr. 85/1936.

Málskostnaður skal niður falla.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er markleysa.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Húnavatnssýslu 14. september 1966.

Gerðarþola, Ræktunarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, var gert að greiða aðstöðugjald til Ytri-Torfustaðahrepps 1962 og 1963, en þar sem aðstöðugjald þetta var ekki greitt og gerðarþoli taldi, að sér bæri ekki skylda að greiða það, fór gerðarbeið-

andi, oddviti Ytri-Torfustaðhrepps, fram á, að löktak færi fram í eignum gerðarþola til tryggingar greiðslu aðstöðugjaldsins.

Lögtaksúrskurður var kveðinn upp 23/12 1964. Þar sem vitað var af samtali við formann Ræktunarsambands Vestur-Húnavatnssýslu, gerðarþola, að lögtakinu yrði mótmælt, varð það að munnlegu samkomulagi, að han mætti síðar um veturinn á skrifstofu embættisins á Blönduósi án formlegrar birtingar lögtaksúrskurðar. Varð það síðar að samkomulagi, að lögtaksmálið yrði tekið fyrir á manntalsþingi, en það var háð óvanalega seint þetta ár, eða 7. okt. 1965, en þá var málið þingfest.

Úrskurðarefnið í þessu máli er tvenns konar:

1. Er gerðarþoli, Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, aðstöðugjaldskyldur?
2. Ef svo er, getur þá gerðarbeiðandi, hreppsnefnd Ytri-Torfustaðahrepps, lagt aðstöðugjald á gerðarþola, Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, vegna starfsemi þess í Ytri-Torfustaðahreppi?

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga (nr. 69/1962) segir, að innheimta megi aðstöðugjald hjá „... atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa ...“.

Það fer ekki milli mála, að gerðarþoli, Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu, hafi með höndum atvinnurekstur í venjulegum skilningi þess orðs, þótt sá atvinnurekstur sem höfuðtilgangur sé ekki beint í ábataskyni, heldur til þess að veita ákveðna þjónustu.

Orðalag 8. gr. laga nr. 69/1962 virðist það ákveðið, og undantekningarákvæðin í þeirri grein og 29. gr. sömu laga, sbr. reglugerð nr. 81 26. júní 1962, 5. gr., virðast tæmandi, þannig að vart geti verið um það að ræða að telja gjaldskyldu ekki fyrir hendi, enda má segja, að starfsemi ræktunarsambandsins sé sambærileg starfsemi samvinnufélaga og tekur yfir svið, sem gæti verið unnið af einstaklingum og er einmitt í Vestur-Húnavatnssýslu unnið af einstaklingum, sem þá greiða fullt aðstöðugjald. Enda hefur það komið fram og hefur ekki verið mótmælt, að vélar sambandsins vinni fyrir aðra en félagsmenn, t. d. vegagerðina, og þá eftir sama taxta og þessum aðiljum er greitt, sem greiða aðstöðugjald af tekjum sínum.

Í þessu raunhæfa tilviki er ekki hægt að taka tillit til mismunandi framkvæmda ákvæða um aðstöðugjald annars staðar á landinu né heldur er rétturinn fær að taka afstöðu til þess, hvort heppilegt sé, að ræktunarsambandið greiði aðstöðugjald eða

ekki. Aðeins verður að taka afstöðu til orðalags gildandi laga, þar sem ákvæði um aðstöðugjald eru svo nýleg, að um venjurétt er ekki að ræða.

Að virtu öllu þessu verður ekki hægt að fallast á skoðun gerðarþola, að ræktunarsambandið sé undanþegið aðstöðugjaldi, og þess vegna verður ekki synjað um framgang lögtaksins á þeim forsendum.

Ræktunarsamband Vestur-Húnavatnssýslu er raunar undirstofnun eða angi af Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, en með sjálfstæðu bókhaldi og framkvæmdastjóra, sem mun taka laun sín að mestu hjá ræktunarsambandinu. Þetta kemur fram í reglugerð 5/11 nr. 149/1946. Af málssjkölum sést, að heimili formanns er heimili Búnaðarsambandsins, eða eins og venjulega er sagt í samþykktum, „lögheimili þess og varnarþing er" o. s. frv. Þetta ákvæði er nánast af réttarfarsástæðu og því ekki ástæða til þess að gefa því meira gildi en efni standa til.

Samtök með jafnvíðtækan rekstur og ræktunarsambandið hefur hljóta að hafa einhvern samastað, enda segir á þingskjali nr. 7: „Ekki verður því mótmælt, að í Ytri-Torfustaðahreppi fer fram reikningsuppgjör, og þar eru ýmis tæki ræktunarsambandsins í geymslu yfir vetrartímann." Og þar mun ræktunarsambandið eiga geymsluhús. Í öðrum hreppum sýslunnar er sú aðstaða ekki fyrir hendi. Að vísu fer starfsemi ræktunarsambandsins fram í öllum hreppum sýslunnar, en margháttuð þjónustustarfsemi fer fram meira og minna utan þess sveitarfélags, þar sem sú stofnun er staðsett, sem veitir þjónustuna. Engu að síður er það aðalreglan, að stofnun verður að greiða sín gjöld í því sveitarfélagi, þar sem höfuðstöðvarnar eru, í þessu tilviki í Ytri-Torfustaðahreppi.

Á þá skoðun gerðarbeiðanda verður því fallizt, að aðalstöðvar Ræktunarsambands Vestur-Húnavatnssýslu séu í Ytri-Torfustaðahreppi og hreppsnefndinni því heimilt að leggja aðstöðugjald á aðstöðugjaldskyldan rekstur þess, og ber því að heimila framgang umbeðins lögtaks.

Ályktarorð:

Hið umbeðna lögtak má fara fram.

Miðvikudaginn 19. apríl 1967.

Nr. 78/1966. **Stórstúka Íslands f. h. Bókabúðar Æskunnar**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um endurgreiðslu útsvars og aðstöðugjalds.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1966 og krafizt þess, að stefnanda verði dæmt að greiða áfrýjanda kr. 66.600.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 11.600.00 frá 1. janúar 1963, af kr. 15.600.00 frá 1. janúar 1964, af kr. 18.400.00 frá 1. janúar 1965 og af kr. 21.000.00 frá stefnudegi, allt til greiðsludags, og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Bóksala áfrýjanda fellur eigi undir undanþágu þá frá útsvari og aðstöðugjaldi, sem greinir í 29. gr. og 8. gr. laga nr. 69/1962 og laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stórstúka Íslands f. h. Bókabúðar Æskunnar, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. febrúar s.l., hefur Ólafur Þ. Kristjánsson stórtemplar f. h. Stórstúku Íslands höfðað fyrir

bæjarþinginu vegna Bókabúðar Æskunnar í Reykjavík með réttarstefnu, útgefinni 6. október 1965, gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík. Gerir stefnandi í stefnu þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér kr. 97.746.00, en það sé tekjuútsvar og aðstöðugjald, er greitt hafi verið vegna Bókabúðar Æskunnar á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, þannig:

Árið 1962 kr. 29.890.00, árið 1963 kr. 16.955.00, árið 1964 kr. 13.880.00 og árið 1965 kr. 37.021.00, allt auk 7% ársvaxta af kr. 29.890.00 frá 1. janúar 1963, kr. 16.955.00 frá 1. janúar 1964, kr. 13.880.00 frá 1. janúar 1965 og kr. 37.021.00 frá stefnudegi, allt til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati réttarins.

Undir rekstri málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar þannig, að þær nema nú kr. 66.600.00 auk 7% ársvaxta af kr. 11.600.00 frá 1. janúar 1963, af kr. 15.600.00 frá 1. janúar 1964, af kr. 18.400.00 frá 1. janúar 1965 og af kr. 21.000.00 frá stefnudegi, allt til greiðsludags.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er óbreytt.

Stefndi hefur ekki andmælt kröfum stefnanda tölulega, en krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins. Stefnandi hefur greitt Gjaldheimtunni framangreindar fjárhæðir, sumpart með fyrirvara um endurheimtu, og hefur stefndi lýst því yfir, að hann beri ekki þá málsástæðu fyrir sig, að fyrirvara skorti með einstakar innborganir.

Stefnandi telur, að sér sé eigi skylt að greiða útsvör og aðstöðugjöld, þar eð allur hagur af rekstri Bókabúðar Æskunnar renni til almenningsheilla.

Bendir stefnandi í því sambandi á dóm Hæstaréttar 1946, bls. 547, sem féll á þann veg, að Bókabúð Æskunnar skyldi undanþegin aukaútsvari sem stofnun, er rekin væri til almenningsheilla. Stefndi mótmælir því, að dómur þessi eigi hér við, þar eð lögum um útsvarsgreiðslur hafi síðan verið breytt og séu þau lagaákvæði, sem um þetta fjalla nú, frábrugðin þeim ákvæðum, sem giltu árið 1945. Segir stefndi, að enda þótt hagnaður af rekstri Bókabúðar Æskunnar renni til Stórstúku Íslands, þá undanþiggi það eigi bókabúðina frá skyldu til greiðslu tekjuútsvars og aðstöðugjalds í skilningi 29. gr. og 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 69/1962, sbr. enn fremur gildandi lög um þetta efni nr. 51/1964.

Dómur Hæstaréttar 1946, bls. 547, vitnaði til 6. gr., A, II, 2, c-liðar laga nr. 66/1945, sem var svohljóðandi:

„Undanþegin útsvari eru ... Félög, sem að vísu reka atvinnu,

en verja öllum ágóða af starfsemi sinni beinlínis til almennings heilla samkvæmt samþykktum sínum."

Ákvæði f-liðar 29. gr. laga nr. 69/1962, sbr. 8. gr. sömu laga, en ákvæði þessi eru samhljóða núgildandi ákvæðum í lögum nr. 51/1964, kveða á um, að undanþegin útsvari og aðstöðugjaldi skulu vera „... Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl."

Óumdeilt er, að Stórstúka Íslands sem slík nýtur gjaldfrelsis skv. framangreindu ákvæði af þeirri starfsemi, sem samkvæmt samþykktum hennar er höfuðmarkmið félagsins. Hins vegar er bóksala ekki höfuðmarkmið Stórstúkunnar, og enda þótt hún sé rekin í fjáröflunarskyni fyrir menningarfélag, þá er hún eigi sá þáttur í starfsemi Stórstúkunnar, að hún falli undir undantekningarákvæði nefndra lag, þ. e. 29. gr. og 8. gr. laga 69/1962 og 51/1964, hvað varðar skyldu til greiðslu útsvars og aðstöðugjalds.

Verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Þá þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00.

Kristján Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Stórstúku Íslands f. h. Bókabúðar Æskunnar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 21. apríl 1967.

Nr. 214/1966. **Rafmagnsveitur ríkisins**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Herði Ívarssyni og gagnsök
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. október 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. september s. á. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða gagnáfrýjanda ¼ hluta af tjóni hans, eða kr. 2.410.00. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. október 1966, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 9.640.00 með 7% ársvöxtum frá 13. marz 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Aðaláfrýjandi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Herði Ívarssyni, kr. 6.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1966.

Mál þetta var dómtekið í dag. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 23. júní 1965, og þingfest 29. sama mánaðar. Stefnandi málsins er Hörður Ívarsson, Háaleitisbraut 48, Reykjavík. Hann stefnir Rafmagnsveitum ríksins svo og til réttargæzlu Tryggingu h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að Rafmagnsveitur ríkisins verði dæmdar til að greiða honum kr. 9.640.00 auk 7% ársvaxta frá 13. marz 1965 til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu. Af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins er krafizt verulegrar lækkunar á kröfu stefnanda og þess, að málskostnaður verði látinn falla niður. Ekki gerir stefnandi kröfur á hendur Tryggingu h/f, og ekki gerir tryggingafélagið neinar dómkröfur í málinu.

Málsatvik eru þau, að um kl. 2300 sunnudaginn 28. febrúar 1965 varð árekstur á Strandgötu í Hafnarfirði milli bifreiðanna R 9994, sem stefnandi á og ók, og R 15321, sem er eign Rafmagnsveitna ríkisins, en var ekið af Guðmundi Bertelssyni, Álfheimum 27, Reykjavík. Góð rafmagnslýsing var á árekstrarstað og loft bjart, en mikil hálka á strætinu. Stefnandi ók bifreið sinni, sem er fjögurra manna einkabifreið af Moskvits-gerð, norður Strandgötu. Í sama bili ók Guðmundur Bertelsson R 15321, sem er jeppabifreið af Volvo-gerð, aftur á bak út á götuna. Stefnandi kveðst bæði hafa hemlað og gefið hljóðmerki, en ekki hafa átt þess kost að sveigja til hliðar vegna aðstæðna. Vinstra megin hafi verið ljósastólpi, en bifreið komið á móti. Samkvæmt uppdrætti lögreglunnar í Hafnarfirði mældust hemlaför bifreiðar stefnda um 19 metrar. Guðmundur Bertelsson hafði komið suður Strandgötu, en var að snúa við, er áreksturinn var. Var hann kominn aftur á bak þvert yfir götuna og búinn að snúa jeppanum svo, að hann vissi nokkurn veginn rétt á götuna og sneri í norður. Lenti bifreið stefnanda aftan á jeppanum og skemmdist talsvert. Guðmundur kveðst hafa séð til ferða stefnanda, en hann hafi farið hægt og því hafi hann talið hættulaust að snúa við. Hann segist hafa ætlað að fara að skipta í 1. gír, þegar áreksturinn varð.

Guðmundur kveðst ekki hafa vitað, að hálkan var eins mikil og raun varð á. Hvorug bifreiðin var búin kveðjum á hjólum.

Viðgerð á bifreið stefnanda kostaði samkvæmt framlögðum reikningi kr. 9.640.00. Reikningurinn er dagsettur 13. marz 1965.

Málsástæður og lagarök, sem fram eru borin af hálfu stefn-

anda, eru þau, að ljóst sé af lýsingu atvika, að Guðmundur Bertelsson beri alla sök á árekstrinum og því sé Rafmagnsveitum ríkisins, eiganda R 15321, skylt að bæta allt tjón stefnanda.

Af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins er því haldið fram, að bifreiðin R 15321 hafi verið kyrrstæð, er áreksturinn varð. Stefnandi hafi ekki gætt nægilegrar varkárni, miðað við aðstæður, með því að aka of hratt. Hafi hann því ekki getað stöðvað bifreiðina, þótt hann hafi haft a. m. k. 20 m til þess. Þá hafi hann ekki sveigt bifreiðina til vinstri, eins og ljóst sé, að átt hefði að gera. Er til stuðnings sjónarmiðum stefnda vitnað til umferðarlaga nr. 26/1958, 46. gr., 4. mgr., og 49. gr., 2. mgr., og b- og c-liða 3. mgr.

Niðurstaða.

Telja verður, að hraði bifreiðar stefnanda hafi verið meiri en aðstæður leyfðu og að honum hafi borið að sveigja til vinstri inn á bifreiðastæði, sem þar var. Verður hann því talnn eiga nokkra sök á árekstrinum. Guðmundur Bertelsson átti að gæta þess, að engin hætta væri því fylgjandi að snúa bifreiðinni R 15321 við og aka henni aftur á bak, eins og aðstæður voru. Bar honum að taka tillit til hálkunnar, sem var, svo og þess, að Strandgata er aðalbraut. Verður því að telja, að hann eigi meginsök á árekstrinum og að stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, eigi þess vegna að greiða stefnanda 75% af tjóni hans. Eigi er deilt um fjárhæðir í máli þessu. Ber því að dæma Rafmagnsveitur ríkisins til að greiða stefnanda kr. 7.230.00 auk 6% vaxta p. a. frá 13. marz 1965 til 1. janúar 1966, en 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er og rétt, að Rafmagnsveitur ríkisins greiði stefnanda kr. 2.600.00 í málskostnað.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmgnsveitur ríkisins, greiði stefnanda, Herði Ívarssyni, kr. 7.230.00 auk 6% vaxta p. a. frá 13. marz 1965 til 1. janúar 1966, en 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.600.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. apríl 1967.

Nr. 245/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Jóni Kolbeinssyni
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ákærði var við dyravörzlu í norðurdyrum Alþýðuhússins við Hverfisgötu í Reykjavík föstudagskvöldið 14. febrúar 1964. Var húsinu lokað kl. 1130. Um það leyti, er ákærði var hættur að hleypa mönnum inn, öðrum en þeim, er nauðsynjaerindi áttu, kom Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson upp á tröppu þá, sem er utan dyranna, og beiddist inngöngu á dansleik, sem í húsinu var. Ákærði, sem kveðst hafa verið að hleypa manni inn í prentsmiðjuna, taldi Ingvar Kristin Sigurð, sem var ölvaður, og fleiri menn vera fyrir sér, þá er hann vildi loka dyrunum, og stjakaði því við Ingvari Kristni Sigurði af svo miklu afli, að hann kastaðist aftur á bak niður af tröppunni, yfir gangstéttina og skall á bakið á bifreið. Hlaut hann af fallinu brot á neðri enda geislabeins í vinstra úlnlið.

Ákærða var að vísu rétt að vísa Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni frá dyrum Alþýðuhússins. Ákærði varð samt offari, þá er hann hrinti Ingvari Kristni Sigurði aftur á bak, svo sem lýst var. Afleiðing verks þessa varðar ákærða við 218. gr. laga nr. 19/1940. En þar sem ákærði var þarna við dyragæzlu og Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson var ölvaður að ónáða hann, þykir rétt samkvæmt 1. tl. og síðustu málsgr. 74. gr. laga nr. 19/1940 að fella refsingu ákærða niður og dæma hann til að greiða Ingvari Kristni Sigurðu Hjartarsyni skaðabætur, sem ákveðast kr. 15.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabótagreiðslu ákærða til Alexanders Stefánssonar og um málskostnað í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Refsing ákæra, Jóns Kolbeinssonar, fellur niður.

Ákærði greiði Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni kr. 15.000.00.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabótagreiðslu ákærða til Alexanders Stefánssonar og um sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. marz 1966.

Ár 1966, föstudaginn 18. marz, var á dómþingi sakdóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 288/1966: Ákæruvaldið gegn Jóni Kolbeinssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 13. júlí 1965, höfðað á hendur Jóni Kolbeinssyni verkamanni, Hátúni 4, Reykjavík, fæddum 2. ágúst 1906 í Ólafsvík, fyrir að hafa laust fyrir miðnætti föstudaginn 14. febrúar 1964 við dyravörzlu í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík, hrint eða stjakað svo við Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni bakarameistara, Vesturbraut 4 í Hafnarfirði, frá dyrum nefnds húss, er hann leitaði þar eftir inngöngu á dansleik, að hann hrökklaðist aftur á bak niður af tröppu utan við dyrnar, yfir gangstéttina og skall á bakið á kyrrstæða leigubifreið með þeim afleiðingum, að hann hlaut brot á neðri enda geislabeins í vinstri úlnlið.

Telst þetta varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1939 31/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 24/1 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 15. febrúar 1964 kærði Alexander Stefánsson leigubifreiðarstjóri yfir því til rannsóknarlögreglu, að hann hefði klukkan um 2330 kvöldinu fyrr ekið vitninu Ívari Larsen Hjartarsyni að dyrum Alþýðuhússins við Hverfisgötu í leigubifreið sinni, R 1828, ökubeiðandi beðið sig að hinkra við smástund og á þeim tíma hefði dyravörður hússins, ákærði í máli þessu, hrint vitninu Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni á bifreið hans, þannig að hún skemmdist nokkuð. Nánar skýrði vitnið Alexander frá málsatvikum hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi á þá lund, að nokkrir menn hefðu verið við anddyri Alþýðuhússins, en um þröng var ekki að ræða. Þeir bræður Ívar Larsen og Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarsynir, sem vitnið taldi, að verið hefðu eitthvað undir áhrifum áfengis, keyptu aðgöngumiða af mönnum, sem þar voru staddir. Hinn síðarnefndi spurði ákærða, um leið og öðrum manni var hleypt inn, hvort honum væri heimil innganga. Svaraði ákærði því neitandi og hrinti vitninu samtímis með handleggnum frá dyrunum, þannig að það hentist aftur á bak niður af tröppunum við dyrnar, yfir gangstéttina og kastaðist með herðarnar á vinstra frambretti og hjól R 1828, og skemmdist frambrettið af þessum sökum. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt eða séð vitnið Ingvar Kristin Sigurð hafa í frammi frekju eða átroðning við dyrnar. Að sögn vitnisins kom götulögregla á vettvang, en engin skýrsla hefur frá henni borizt um mál þetta. Rannsóknarlögreglan staðreyndi, að nokkrar skemmdir voru á bifreiðinni R 1828. Vitnið Friðgeir Már Alfreðsson lögreglumaður var statt um einn metra frá dyrum Alþýðuhússins föstudagskvöldið 14. febrúar 1964 og var þarna í einkaerindum. Kvaðst vitnið þá hafa séð ákærða ýta manni frá dyrunum, sem hrökklaðist aftur á bak yfir gangstéttina og féll þar með höfuð og herðar á vinstra frambretti nýrrar Mercedes-Benz-bifreiðar, sem við það dældaðist eitthvað. Hélt vitnið, að þarna hefðu tveir menn verið saman, báðir ölvaðir, og þá einkum sá, sem féll á bifreiðina, „og ég býst við, að þeir hafi verið að reyna að komast inn, þó það væri löngu eftir lokun“,

sagði vitnið við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 19. febrúar 1964. Við yfirheyrslu í dómi hinn 17. marz 1965 staðhæfði vitnið hins vegar, að það hefði séð manninn vera að reyna að þrengja sér inn um dyr samkomuhússins og ákærði þá ýtt við manninum til að varna honum inngöngu, maðurinn stigið eitt skref aftur fyrir sig niður á gangstéttina ofan af þröskuldinum, síðan misst jafnvægið og fallið aftur fyrir sig á bifreiðina. Taldi vitnið nú, að ástand mannsins og átroðningur hans við dyrnar hefðu verið meginorsök byltunnar. Ekki sagði vitnið, að þröng hefði verið við dyrnar, en aðeins nokkrir menn.

Vitnið Ívar Larsen Hjartarson kvaðst hafa komið að dyrum veitingastaðarins um klukkan 2330 og nokkru síðar hefði Ingvar Kristinn Sigurður, bróðir vitnisins, komið að, en þeir ætluðu báðir á dansleik þarna. Vitnið kvað þá bræður hafa keypt aðgöngumiða af mönnum fyrir utan og bróður sinn svo hafa gengið til dyravarðarins og spurt, hvort hann fengi ekki að fara inn á þennan miða. Vitnið sagði Ingvar Kristin Sigurð hafa borið spurningu sína kurteislega fram og ekki gert neina tilraun til að troðast inn, en dyravörðurinn hefði engu svarað málaleitan hans, heldur ýtt honum snöggt frá, þannig að hann hrasaði fram af tröppunni, sem þarna er, og áfram yfir gangstéttina og á bifreiðina R 1828, sem vitnið hafði á leigu, en ökumaður beið að beiðni vitnisins eftir því, að séð yrði, hvort vitnið fengi inngöngu í húsið. Við það, að bróðir vitnisins lenti á bifreiðinni, dældaðist hún eitthvað, en hann meiddist. Vitnið kvaðst svo hafa fylgzt með bróður sínum í lögreglubifreið á slysavarðstofuna, en þar kom í ljós, að hann hafði handleggsbrotnað. Vitnið sagði bróður sinn hafa verið undir áhrifum víns, er þetta skeði, en ekki mikið drukkinn. Vitnið kvað dyravörðinn hafa ýtt það snöggt og óvænt við Ingvari Kristni Sigurði, að það efaðist um, að hann hefði náð jafnvæginu, áður en hann lenti á bifreiðinni, þótt hann hefði verið allsgáður. Ekki kvaðst vitnið hafa veitt því nákvæma athygli, hvernig bróðir þess lenti á bifreiðinni, en taldi hann hafa borið fyrir sig höndina, sem brotnaði. Vitnið kvað framkomu Ingvars Kristins Sigurðar ekkert tilefni hafa gefið til hins harkalega viðbragðs dyravarðarins.

Vitnið Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson bakarameistari, Vesturbraut 4, Hafnarfirði, 34 ára að aldri, kvaðst í umrætt sinn hafa ætlað í veitingahúsið „Klúbbinn“ í Reykjavík ásamt Ívari Larsen, bróður sínum. Var vitnið nokkuð við skál, en alls ekki „fullur“. Margt fólk var við dyrnar í „Klúbbnum“, sem vildi

komast inn, en þetta var rétt fyrir lokun, og sáu þeir bræður, að líkur voru litlar til að komast þarna inn. Vitnið kvað bróður sinn þá hafa ákveðið að fara í Alþýðuhúskjallarann, en þangað var vitnið ekkert áfjáð að fara með honum, og skildu þeir því þarna, en skömmu síðar ákvað vitnið að fara niður að Alþýðuhúsi á eftir honum. Er þangað kom, var Ívar Larsen ekki kominn inn, en vitnið minnti, að hann væri búinn að kaupa aðgöngumiða. Vitnið kvaðst svo hafa fengið aðgöngumiða þarna fyrir utan og farið með hann til ákærða, sem var við dyrnar og var nýbúinn að hleypa inn manni og kasta öðrum út. Vitnið sagðist hafa spurt ákærða, hvort það fengi að fara inn og sýnt honum aðgöngumiða, en ákærði svaraði með einu neii. Vitnið kvaðst ekkert frekar hafa verið farið að tala við ákærða en þetta og alls ekkert hafa reynt að þröngva sér inn, er ákærði ýtti snöggt við vitninu, sem var alveg óviðbúið, svo að það hrökklaðist fram af tröppunni og skall á leigubifreið, sem stóð þarna fyrir utan, og var ökumaður hennar að tala við óeinkennisbúinn lögreglumann, sem mun hafa verið við dyravörzlu með ákærða. Vitnið kvaðst hafa borið vinstri hönd fyrir sig í fallinu með þeim afleiðingum, að það handleggsbrotnaði. Vitnið taldi ökumann leigubifreiðarinnar svo munu hafa kvatt lögregluna á vettvang, og var vitnið flutt á slysavarðstofuna í lögreglubifreið og þar búið um brotið. Vitnið sagðist hafa verið frá vinnu í 6 vikur eftir þetta vegna handleggsbrotsins. Vitnið kvaðst telja ákærða hafa orðið valdan að meiðslum sínum með tilefnislausri hrindingu sinni.

Ákærði skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði í umrætt sinn verið við dyravörzlu í Alþýðuhúsinu. Einhvern tíma eftir lokun, eða um miðnættið, þurfti hann að hleypa inn manni, sem vann í húsinu, en þá um leið kvað hann einhverja menn hafa komið að dyrunum og ætlað inn. Sagðist ákærði hafa ýtt þeim frá hurðinni til að geta lokað. Sá hann, að einn mannanna datt við þetta á stéttina fyrir framan dyrnar, en ekki kvaðst ákærði hafa tekið eftir, hvort hann hefði lent á bifreiðinni, sem stóð framundan dyrunum. Við yfirheyrslu á dómþingi bar ákærði, að við dyrnar í greint sinn hefði verið þing manna, eða „fylliríispartý", sem komið hefði úr leigubifreið, er lagt var við dyrnar. Sagði ákærði mennina hafa ráðizt á sig, en hann ekki á þá. Minnti ákærða, að hann hefði verið að hleypa einhverjum út, er mennirnir réðust á dyrnar, eða verið að hleypa einhverjum í prentsmiðjuna. Kvaðst ákærði hafa reynt að loka dyrunum, en mennirnir að halda þeim opnum. Sagðist ákærði þá „bara hafa

ýtt úr dyrunum til að geta lokað". Var þarna um 2—3 menn að ræða. Eftir þetta tókst ákærða að loka dyrunum, og kvaðst hann því ekki hafa séð, hvernig mönnunum reiddi af, enda ekki þorað að opna aftur, þar sem þvaga var fyrir utan.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 27. apríl 1964, svohljóðandi:

„Þann 15/2 1964, kl. 1000, kom hingað á Slysavarðstofuna Sigurður Hjartarson, til heimilis Vesturbraut 4, Hafnarfirði, vegna meiðsla í vinstri handlegg. En frá tildrögum meiðslanna skýrði Sigurður svo, að hann hefði staðið fyrir utan skemmtistað einn hér í borg og beðið þess, að sér yrði hleypt innfyrir. Og sem hann stendur þarna grandlaus og hugsar ráð sitt, veit hann ekki fyrri til en honum er hrint fautalega á bifreið, sem þarna stóð hjá. Kom hann niður á vinstri handlegg og fékk strax þrautir í handlegginn, einkum úlnliðinn.

Skoðun: Sigurður var nokkuð ölvaður við komuna hingað. Þroti og áberandi eymsli voru yfir neðsta hluta geislabeins (radius), einnig yfir olnbogalið og úlnlið. Kom í ljós brot í neðri enda geislabeins (radius), var brotstaða góð. [Fract. Collesi.]. Aftur var ekki sýnilegt brot í vinstri olnbogalið.

Gengið var frá meiðslum Sigurðar hér á Slysavarðstofunni, sett gipsspelka á framhandlegg og fetill.

Sigurður kom næst til eftirlits þ. 21/2. Var líðan þá eftir atvikum góð, hafði bólgan runnið nokkuð og voru umbúðir hertar.

Sigurður kom aftur til eftirlits þ. 2/3. Var líðan góð og útlit á handlegg gott. Tekin var Rtg.mynd, sem sýndi áfram góða brotstöðu. Ekki kom Sigurður síðar til eftirlits, mun hafa farið til heimilislæknis. Var hann óvinnufær í 6 vikur vegna framangreinds slyss. Hefur nú jafnað sig vel, er þó aumur í fremsta lið baugfingurs vinstri handar. Hefur ekki minnzt á meiðsli þar fyrr."

Tæknideild rannsóknarlögreglu hefur gert teikningu og tekið ljósmyndir af vettvangi. Samkvæmt þeim gögnum er gangstéttin þriggja metra breið, en þröskuldur 53 cm. Hæðin á uppstigi er 23.5—30 cm, uppstigið er lárétt, en götunni hallar nokkuð til vesturs. Um er að ræða venjulega útidyrahurð með tveim rúðum í, og opnast hún inn í húsið.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, telst nægilega sannað, að ákærði hafi lagt hendur á vitnið Ingvar Kristin Sigurð Hjartarson. Verður ekki talið, að hinn síðarnefndi hafi gefið tilefni til slíks, og ekki bað ákærði hann áður að víkja af vett-

vangi. Er atferli ákærða rétt lýst í ákæru, og varðar þessi háttsemi hans við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða samkvæmt þeirri grein hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga, en eftir atvikum þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar skuli fresta og hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. hegningarlaga sem og bótaskilyrði 6. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. og 4. gr. laga nr. 22/1955.

Alexander Stefánsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð kr. 1.520.00 fyrir skemmdir á bifreiðinni R 1828, en gerði ekki kröfu vegna vinnutjóns. Ákærði mótmælti skaðabótakröfunni. Bótakrefjandi hefur lagt fram reikning henni til styrktar, og verður ákærði dæmdur til að greiða honum nefnda upphæð.

Ingvar Kristinn Sigurður Hjartarson hefur krafizt bóta úr hendi ákærða, svo sem hér segir:

1. Vinnutap í 6 vikur .. .. kr. 12.000.00
2. Læknishjálp .. .. — 450.00
3. Þjáninga- og miskabætur .. .. — 10.000.00

Ákærði hefur mótmælt kröfunum.

Ad. 1. Bótakrefjandi, sem er bakari að iðn, kvað vikukaup bakara ekki vera undir kr. 2.000.00. Þykir rétt að taka lið þennan til greina að fullu.

Ad. 2. Lagðir hafa verið fram reikningar fyrir kröfulið þessum, og verður ákærði dæmdur til að greiða hann.

Ad. 3. Kröfulið þessum þykir mjög í hóf stillt og verður tekinn til greina.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða bótakrefjanda skaðabætur, samtals að fjárhæð krónur 22.450.00.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, en málið flutti Skúli Pálsson, fulltrúi saksóknara ríkisins, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, krónur 4.000.00.

Njörður Snæhólm annaðist lögreglurannsókn málsins, en með dómsrannsókn þess fóru fulltrúarnir Jón A. Ólafsson og Gunnar Sæmundsson.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Kolbeinsson, sæti varðhaldi 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður að liðnum 2

árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og bótaskilyrði 6. tl. 3. mgr. sömu greinar, sbr. og 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Alexander Stefánssyni, Safamýri 57, Reykjavík, kr. 1.520.00 og Ingvari Kristni Sigurði Hjartarsyni, Vesturbraut 4, Hafnarfirði, kr. 22.450.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun Jóns Magnússonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. apríl 1967.

Nr. 201/1966. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Margeiri Jóni Magnússyni
(Jóhann Steinason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Okur. Brot gegn lögum um bókhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, greiði allan áfrýjun-

arkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 25.000.00, og laun verjanda síns, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1966.

Ár 1966, föstudaginn 24. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 315/1966: Ákæruvaldið gegn Margeiri Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms 9. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 17. marz s.l., gegn Margeiri Jóni Magnússyni víxlara, Miðstræti 3 A hér í borg, fæddum 29. september 1925 á Ísafirði, „fyrir brot gegn lögum nr. 58/1960 um bann við okri, dráttarvexti o. fl. og bókhaldslögum nr. 62/1938 með eftirgreindum hætti:

I. Hinn 20. apríl 1964 veitt Sæmundi Reyni Jónssyni verzlunarmanni, Laugateigi 17, Reykjavík, peningalán að upphæð kr. 200.000.00 til 6 mánaða gegn því, að Sæmundur Reynir léti honum í té þrjá víxla, hvern að fjárhæð kr. 100.000.00, alls kr. 300.000.00, en Sæmundur Reynir samþykkti til greiðslu 18. október 1964, og eiginkona hans, Hrafnhildur Hansína Jónasdóttir, gerðist útgefandi og ábekingur nefndra víxla, og loks, að víxilskuldbindingar þessar yrðu tryggðar með veði í eignarhluta þeirra hjóna í húsinu nr. 17 við Laugateig í Reykjavík, en á sama tíma lét ákærði Sæmundi Reyni í té víxil að fjárhæð kr. 100.000.00, er ákærði gerðist samþykkjandi að, til greiðslu 20. apríl 1984.

II. Hinn 21. maí 1964 veitt hinum sama Sæmundi Reyni peningalán að upphæð kr. 100.000.00 til 6 mánaða gegn því, að Sæmundur Reynir léti honum þá í té tvo víxla að fjárhæð kr. 80.000.00 og kr. 70.000.00, eða alls kr. 150.000.00, er Sæmundur Reynir samþykkti til greiðslu 21. nóvember 1964, og kona hans, Hrafnhildur Hansína, gerðist einnig útgefandi og ábekingur þessara víxla, og þeir yrðu einnig tryggðir með veði í eignarhluta þeirra hjóna í húsinu nr. 17 við Laugateig í Reykjavík, og á sama tíma lét ákærði Sæmundi Reyni í té 2 víxla að fjárhæð kr. 26.667.00 og kr. 23.333.00, alls kr. 50.000.00, er ákærði gerðist samþykkjandi að, til greiðslu 21. maí 1984.

III. Er að gjalddögum víxla þeirra, sem um ræðir í I. og II. lið ákærunnar, kom, krafizt 4% vaxta á mánuði, ef til framleng-

ingar þeirra ætti að koma, og óskilið við upphaflegar lánveitingar þessar 2½% vexti miðað við hvern mánuð, ef til slíks kæmi.

IV. Vanrækt að halda lögskyldar bókhaldsbækur um víxlarastörfin árin 1964 og 1965, en velta þeirra viðskipta, sem var aðalstarf ákærða, nam mörgum milljónum króna.

Atferli ákærða, svo sem rakið er í I., II. og III. lið ákærunnar, telst varða við 2. gr. og 4. gr., sbr. 2 mgr. 6. gr. laga nr. 58/1960, en til vara þykir atferli það, sem greint er í III. lið, varða við 3. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr. sömu laga, en um þágildandi hámarksvexti vísast til bréfs stjórnar Seðlabanka Íslands, dagsetts 28. desember 1960, sem birt var 31. desember 1960 í 124. tölublaði Lögbirtingablaðs, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 63/1957, sbr. 33. gr. laga nr. 4/1960, sbr. nú 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Bókhaldsvanræksla ákærða, sem rakin er í IV. lið, telst varða við 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 4. gr., sbr. 3. tölulið 2. gr., sbr. 19. gr. laga nr. 62/1938.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar."

Málavextir.

1. Í apríl 1964 sneri Sæmundur Reynir Jónsson verzlunarmaður, Laugateigi 17 hér í borg, sér til ákærða, sem fæst við lánastarfsemi, og leitaði eftir peningaláni hjá honum. Niðurstaðan varð sú, að hinn 20. apríl keypti ákærði af Sæmundi Reyni þrjá víxla, er hann hafði samþykkt, að fjárhæð kr. 100.000.00 hvern, dags. 18. apríl, með gjalddaga 18. október sama ár. Fyrir víxlana greiddi ákærði 200 þús. kr. í peningum og 100 þús. kr. með víxli, er hann sjálfur hafði samþykkt, dags. 20. apríl 1964, með gjalddaga 20. apríl 1984. Til tryggingar víxlum þeim, er Sæmundur Reynir samþykkti, setti hann eignarhluta sinn í húseigninni Laugateigi 17 að veði með 4. veðrétti. Víxill sá, sem ákærði lét Sæmundi Reyni í té, var ekki veðtryggður.

Sæmundur Reynir kveðst hafa beðið ákærða um 200 þús. kr. lán og hafi ákærði fallizt á að veita það, þó þannig, að hann fengi í hendur víxla að fjárhæð kr. 300.000.00 og greiddi 100 þús. kr. af því með víxli til 20 ára. Um vexti af víxlunum hafi ekki verið rætt. Hins vegar hafi hann haft á orði, að hann mundi ef til vill ekki geta greitt víxlana á gjalddaga og ákærði hafi þá lofað að framlengja lánin um óákveðinn tíma og þá með 2½% mánaðarlegum vöxtum.

Ákærði skýrði svo frá í þinghaldi 8. jan. 1965, er dómsrann-

sókn fór fram, að hann og Sæmundur Reynir hefðu orðið ásáttir um, að ákærði léði Sæmundi Reyni 300 þús. kr. vaxtalaust í 6 mánuði, en Sæmundur Reynir léði ákærða hins vegar 100 þús. kr. vaxtalaust til 20 ára. Bar ákærða þannig efnislega saman við skýrslu Sæmundar Reynis.

Á dómþingi, sem háð var 24. febrúar 1965, lagði ákærði fram yfirlýsingu sjálfs sín, dagsetta 20. apríl 1964. Í yfirlýsingunni segir, að hann skuldbindi sig til að greiða handhafa víxils síns, dags. 20. apríl 1964, hæstu leyfilega víxilvexti og greiðist þeir í gjalddögum 20. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 20. apríl 1965.

Yfirlýsingu þessa kveðst Sæmundur Reynir aldrei hafa séð fyrr en á umræddu dómþingi.

2. Í maímánuði 1964 leitaði Sæmundur Reynir eftir viðbótarláni hjá ákærða, og féllst ákærði á að veita það. Lyktir urðu þær, að ákærði keypti 2 víxla af Sæmundi Reyni. Báðir eru víxlarnir gefnir út 21. maí, með gjalddaga 21. nóvember sama ár, samþykktir af Sæmundi Reyni, en útgefnir af konu hans. Annar er að fjárhæð kr. 80.000.00, og greiddi ákærði fyrir hann kr. 53.333.00 í peningum, en afganginn, kr. 26.667.00, með víxli, er hann hafði samþykkt með gjalddaga 21. maí 1984, og fyrir hinn víxilinn, fjárhæð kr. 70.000.00, fékk hann kr. 46.667.00 í peningum, en kr. 23.333.00 með víxli pr. 21. maí 1984. Þannig tók Sæmundur Reynir í þetta skipti á sig víxilskuldbindingar pr. 21. nóv. 1964 að fjárhæð kr. 150.000.00 og fékk í staðinn 100 þús. kr. í peningum, en 50 þús. kr. í víxlum til 20 ára.

Lánum þessum var þannig hagað á öldungis sama hátt og láninu, sem lýst er undir 1 hér að ofan. Sæmundur Reynir segir, að einnig hafi verið talað um það í sambandi við þetta lán, að hann fengi að framlengja víxlana með 2½% vöxtum á mánuði. Þessu mótmælir ákærði í þinghaldi 8. jan. 1965 og kveður ekkert hafa verið vikið að væntanlegri framlengingu víxilskuldanna né heldur að vöxtum í því sambandi.

Í þinghaldi 24. febrúar 1965 hélt ákærði því fram, að hann hefði einnig gefið út 2 yfirlýsingar um vaxtagreiðslur af þessum 20 ára víxlum sínum, hliðstæðar þeirri, sem greint var frá undir 1 hér að ofan, en ekki kvaðst Sæmundur Reynir kannast við neinar slíkar yfirlýsingar.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi keypt 80 þús. kr. víxilinn á útgáfudegi, 21. maí, en hinn daginn eftir, en samkvæmt framburði Sæmundar Reynis virðast kaup beggja víxlanna hafa farið fram sama dag.

3. Sæmundur Reynir Jónsson skýrir svo frá, að þegar að því kom, að víxlarnir frá 18. apríl féllu í gjalddaga (18. okt.), hafi hann fengið orð frá ákærða að tala við hann og farið því til hans. Hafi ákærði nú sett upp 4% vexti á mánuði, ef hann vildi fá framlengingu á víxilskuldunum. Kveðst hann hafa mótmælt þessu, en þó fengið frest til umhugsunar. Að frestinum loknum hafi hann neitað að ganga að skilmálum ákærða.

Ákærði kveðst hafa gert Sæmundi Reyni orð um að tala við sig, en heldur því fram, að hann hafi aldrei komið til viðtals.

Hefur ekki náðst samræmi um þetta atriði, og önnur gögn liggja ekki fyrir um það.

4. Ákærði, sem kallar sig víxlara, hefur það að atvinnu að eigin sögn að ávaxta fé fyrir menn. Um veltu viðskiptanna hefur ákærði skýrt svo frá, að árið 1964 hafi hún til dæmis verið 15—20 milljónir.

Við meðferð málsins afhenti ákærði dóminum hins vegar lista yfir víxla, keypta á árunum 1964 og 1965, og samkvæmt þeim lista nemur samanlögð fjárhæð víxlanna árið 1964 kr. 3.619.220.00, en 1965 kr. 708.500.00.

Skorað var á ákærða að afhenda til athugunar þau bókhaldsgögn, sem hann hefði undir höndum. Hann sýndi þá í dóminum eftirtalin gögn:

Tvær möppur með skjölum (bréfum, kvittunum, víxlum o. fl.).

Blokk með yfirliti yfir hlaupareikning.

Skrá yfir samþ. víxla síðan 1962.

4 tékkhefti (stofnarnir eftir).

Önnur bókhaldsgögn er ekki um að ræða. Í skýrslu þeirri, er ákærði afhenti dóminum, þar sem hann gerir grein fyrir veltu viðskipta sinna, getur hann þess, að hann hafi „hugleitt að færa í löglegar bókhaldsbækur bókhald sitt fyrir árin 1964 og 1965", en ekki haft nægileg gögn við að styðjast í þessu skyni.

Niðurstöður.

1.—2. Sannað þykir, að hinn 20. apríl 1964 hafi ákærði veitt Sæmundi Reyni Jónssyni víxillán að fjárhæð kr. 300.000.00 til 6 mánaða, vaxtalaust, tryggt með fasteignaveði, gegn því, að Sæmundur Reynir lánaði honum aftur á móti kr. 100.000.00 vaxtalaust til 20 ára. Sömuleiðis þykir leitt í ljós, að 21. maí hafi ákærði veitt Sæmundi Reyni vaxtalaust víxillán til 6 mánaða að fjárhæð kr. 150.000.00, en áskilið sér á móti vaxtalaust víxillán frá Sæmundi Reyni til 20 ára að fjárhæð kr. 50.000.00. Yfirlýsingar ákærða um vaxtagreiðslur til Sæmundar Reynis, þær sem áður

var getið, verða að teljast einber markleysa og lagðar fram í blekkingarskyni, enda hafði ákærði áður lýst yfir því fyrir dómi skýrt og skorinort, að um vaxtalaust lán hefði verið að ræða.

Samkvæmt skýrslu Seðlabanka Íslands voru hæstu leyfilegir víxilforvextir á þeim tíma, er hér skiptir máli, 9% ársvextir, en framlengingarvextir víxla eftir 3 mánuði 9½%. Hæstu leyfilegir ársvextir af lánum, tryggðum með veði í fasteign, voru 9½%.

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur að beiðni dómsins reiknað út verðmæti fjárhæða þeirra, sem ákærði lánaði 20. apríl og 21. maí 1964, og borið saman við endurgreiðslu þá, sem ákærði átti að fá 6 mánuðum síðar miðað við hæstu leyfilega vexti af lánum, tryggðum með veði í fasteign. Segir svo í skýrslu Þóris, dags. 10. júní f. á.:

„... Viðskipti Margeirs og Sæmundar Jónssonar, Laugateigi 17, Reykjavík, voru með þeim hætti, að Sæmundur samþykkti víxla til 6 mánaða, útgefna af eiginkonu hans, Hrafnhildi Jónasdóttur, og tryggða með veði í fasteign. Gegn þessum víxlum greiddi Margeir af tveim þriðju hlutum með peningum og einum þriðja hluta með víxlum, sem falla skyldu í gjalddaga að tuttugu árum liðnum.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabankans munu hæstu leyfilegir ársvextir af lánum, tryggðum með veði í fasteign, hafa verið 9½%, þegar lánin voru tekin.

Þar sem lánin voru öll á sama formi, er unnt að nota sömu formúluna fyrir þau öll. Hún finnst þannig:

Heildarlánsupphæð kallast A, þar af lánast ⅔ A í peningum og ⅓ A í víxlum til 20 ára.

Verðmæti á lánsdegi er þá:

$\frac{2}{3} A + \frac{1}{3} A v^{20} = A (\frac{2}{3} + \frac{1}{3} v^{20})$,

sem verður (þar sem $v^{20} = 0.1628237$) $0.720942 \cdot A$.

Fyrir þetta skyldi greiða eftir 6 mánuði upphæðina A.

Hlutfallið verður: $\frac{0.720942}{1} = 1.387074$ eða e, hálfsársvexti 38.71%, eða ársvexti 77.42%, sé ekki reiknað með vaxtavöxtum.

Verðmæti fjárhæðar þeirrar, sem lánuð var 20. apríl 1964, reiknast kr. 216.282.37. Ef teknir hefðu verið hæstu leyfilegir vextir, 9½%, hefði hún 6 mánuðum síðar átt að endurgreiðast með kr. 226.555.78, en endurgreiðslan verður í þessu tilviki kr. 300.000.00. Mismunur 73.444.22 kr.

Verðmæti lántöku þeirrar, sem fram fór 21. og 22. maí 1964, reiknast við lántöku 108.141.19. Með hæstu leyfilegum vöxtum

ætti hún að endurgreiðast að 6 mánuðum liðnum með kr. 113.277.89, en endurgreiðslan verður 150.000.00. Mismunur kr. 36.722.11. Að sjálfsögðu eru allar tölur hér helmingur af þeim fyrri.

Ég hef valið þessar útreikningsforsendur, þ. e. notað eftir á reiknaða vexti, vegna þess orðalags í bréfi frá saksóknara ríkisins: „að reiknað verði út ... hver sú fjárhæð sé, sem skv. því sé umfram *hæstu leyfilegu vexti af lánum, tryggðum með veði í fasteign ...*“.

Lán þessi eru með nokkuð óvenjulegum hætti, en líta má þó á þau sem víxillán. Ég hef því gert annan útreikning með tilliti til þess og gerði þá ráð fyrir *9% forvöxtum.* Víxilformið í þessu tilviki virðist ekki gera ráð fyrir framlengingu, sem leyfir 9½% forvexti eftir 3 mánuði. Þótt ekki sé notað orðið *vextir,* þá hlýtur vöxtur fjár, sem lánað er, að falla undir hugtakið vextir.

Í þessu tilviki er verðmætið á lánsdegi:

$A\ (\frac{2}{3} + \frac{1}{3}\ v^{20}) = 0.717215 \cdot A$, en hér er $v^{20} = 0.1516455$.

Fyrir þetta skyldi greiða eftir 6 mánuði upphæðina A.

Hlutfallið milli forvaxta og höfuðstóls verður því: $\frac{1 - 0.717215}{1}$

þ. e. hálfsárs-forvextir 28.28%, eða árs-forvextir 56.56%.

Verðmæti fjárhæðar þessarar, sem lánuð var 20. apríl 1964, reiknast 215.164.55. Ef teknir hefðu verið víxilforvextir 9%, hefði hún 6 mánuðum síðar átt að endurgreiðast með kr. 225.303.19, en endurgreiðslan verður hér kr. 300.000.00. Mismunur kr. 74.696.81.

Verðmæti fjárhæðar þeirrar, sem lánuð var 21. og 22. maí 1964, reiknast við lántöku kr. 107.582.28. Með 9% víxilforvöxtum hefði lánið átt að endurgreiðast með kr. 112.651.60 6 mánuðum síðar, en endurgreiðsla verður kr. 150.000.00. Mismunur kr. 37.348.40.

Ef reiknað er með 9% forvöxtum fyrstu 3 mánuðina og síðan 9½% forvöxtum, eru ársforvextir 57.58%.

Verðmæti fjárhæðar þeirrar, sem lánuð var 20. apríl 1964, reiknast kr. 213.625.07. Ef teknir hefðu verið 9% forvextir fyrstu 3 mánuðina og 9½% síðari 3 mánuðina, hefði hún átt að endurgreiðast með kr. 223.858.92 og mismunur því kr. 76.141.08.

Hvað síðari lánunum viðvíkur, er mismunurinn helmingi minni, eða kr. 38.070.54.

Að lokum vil ég benda á þann mun, sem fram kemur í vaxtaupphæðum, eftir því, hvort reiknað er með forvöxtum eða eftir á greiddum vöxtum. Þegar vextir eru orðnir svo háir, sem í þess-

um tilvikum, skiptir það verulegu máli, hvort gert er ráð fyrir forvöxtum eða eftir á greiddum vöxtum."

Fjárvinningur sá, sem ákærði aflaði sér með því að áskilja sér víxillánið til 20 ára hinn 20. apríl 1964, verður samkvæmt þessu talinn kr. 73.444.22, enda verður hér miðað við 9½% ársvexti eftir á greidda. Með sama hætti hefur ákærði í sambandi við lánin 21. maí áskilið sér fjárvinning að upphæð kr. 36.722.11. Hefur ákærði þannig áskilið sér endurgjald fyrir lánveitingu að fjárhæð samtals kr. 110.166.33 umfram það, sem leyfilegt er skv. 2. og 3. gr. laga nr. 58/1960, sbr. auglýsingu Seðlabanka Íslands 28. des. 1960. Hann hefur þannig unnið til refsingar skv. 2. mgr. 6. gr. sömu laga.

3. Sönnun brestur með öllu fyrir sakarefni því, sem í III. lið ákæru greinir, og ber að sýkna ákærða að því leyti.

4. Ákærði var bókhaldsskyldur skv. 3. tl. 2. gr. laga nr. 62/1938, en færði eigi tvöfalt bókhald, svo sem boðið er í 1. mgr. 4. gr. sömu laga. Hann hefur þannig unnið til refsingar skv. 19. gr. nefndra laga og 262. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði var 10. apríl 1954 dæmdur í 2.500 kr. sekt fyrir brot gegn húsaleigulögum, en með dómi Hæstaréttar í sama máli, 22. febr. 1955, var ákærði sýknaður, með því að sök var fyrnd. Hinn 21. maí 1962 var ákærði dæmdur í 130 þús. kr. sekt fyrir okur og bókhaldsbrot. Öðrum refsingum hefur hann ekki sætt að undanskildum 2 sektum fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 850.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 10 mánuði fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, greiði 850.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 mánuði fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 5.000.00 í málsvarnarlau skipaðs verjanda síns, Jóhanns Steinasonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 28. apríl 1967.

Nr. 53/1966. **Guðmundur Valgrímsson** og **Suenson & Jespersen**
(Votler Antonsson hdl.)
gegn
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar
(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Umboðslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. apríl 1966. Gera þeir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 71.784.00 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1964 til 31. desember s. á. og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og rakið er í héraðsdómi, sendi stefndi gríska firmanu Stathagis & Sons í Pireus hinn 19. ágúst 1964 símskeyti með fyrirspurn um, hvort firmað gæti vísað á kaupanda að b/v Ágústi. Í svarskeyti, sem stefnda barst 31. s. m., kveðst fyrirsvarsmaður firmans senda tvo nafngreinda menn, sem hafi áhuga á kaupunum og séu væntanlegir samdægurs eða daginn eftir. Menn þessir, sem voru grískir, komu til Reykjavíkur hinn 1. september s. á. Tókust samningar með þeim og stefnda um sölu togarans nokkrum dögum síðar. Ekki hefur verið leitað eftir skýrslum þessara grísku manna um þessi viðskipti. Þá hefur heldur ekki verið aflað skýrslu fyrirsvarsmanns gríska fyrirtækisins Stathagis & Sons um afskipti þess, áður en kaupin gerðust. Í málinu liggja ekki fyrir önnur gögn um afskipti áfrýjanda firmans Suenson & Jespersen í Kaupmannahöfn en fram kemur í bréfum þess til áfrýjanda Guðmundar, en þar segir m. a. svo um kaupin á b/v Ágústi:

„... på den anden side må vi se i öjnene, at vi faktisk ikke har bragt disse skibe i forslag til disse köbere ...". Þá er og ósannað, að áfrýjandi Guðmundur hafi boðið fram aðstoð sína, fyrr en eftir að stefnda barst greint svarskeyti frá gríska firmanu. Að svo vöxnu máli verður að leggja það til grundvallar í málinu, sem fram kemur í greindum símskeytum, að gríska firmað hafi komið á því sambandi með stefnda og kaupendunum, sem leiddi til samninga.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Guðmundur Valgrímsson og Suenson & Jespersen, greiði stefnda, Helga G. Þórðarsyni f. h. Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. janúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Guðmundur Valgrímsson, Sólvallagötu 45, Reykjavík, persónulega og f. h. firmans Suenson & Jespersen, skipasölu m. m., Toldbodgade 2, Kaupmannahöfn, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 6. apríl 1965, gegn Bæjarútgerð Hafnarfjarðar til greiðslu umboðslauna vegna sölu á b/v Ágústi, GK 2, til Grikklands í septembermánuði 1964 að fjárhæð jafngildi £ 600-0-0, eða kr. 71.784.00 samkvæmt þáverandi sölugengi sterlingspunds, auk 8% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1964 til 31. desember s. á. og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Til vara krefst stefnandi hæfilegrar þóknunar að mati dómsins ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og að ofan greinir.

Af hálfu stefnda er aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi hans. Til vara er því haldið fram, að umboðslaunakrafa stefnanda geti eigi orðið hærri en 2%.

Málavextir.

Stefnandi skýrir svo frá, að hann hafi um nokkurt skeið starfað sem umboðsmaður firmans Suenson & Jespersen hér á landi, en firma þetta reki skipasölu og skylda starfsemi í Kaupmannahöfn. Síðari hluta ágústmánaðar 1964 kveðst hann hafa snúið sér til forstjóra stefnda og spurt, hvort hann ætti að útvega honum kaupendur að togurunum Ágústi og Apríl, sem hann vissi, að til stóð að selja. Forstjórinn hafi tekið þessu vel og samþykkt, að stefnandi annaðist sölu togaranna. Samtal þetta kveður stefnandi hafa farið fram í skrifstofu stefnda. Stefnandi kveðst síðan hafa tilkynnt umbjóðendum sínum, Suenson & Jespersen, að hann hefði áðurgreinda togara til sölu og um sömu mundir, eða hinn 31. ágúst, hafi honum borizt símskeyti frá þeim, þar sem honum var tjáð, að hugsanlegur kaupandi frá Grikklandi væri í Kaupmannahöfn. Símskeyti þetta nefndi að vísu aðeins togarana Sólborgu og Brimnes, sem stefnandi hafði til sölu á vegum ríkissjóðs, en í bréfi, sem Grikkirnir höfðu meðferðis frá Suenson & Jespersen, séu allir togararnir nefndir.

Hinn 1. september komu hinir grísku menn, Vassilios Manousos og Minas Stathakis, hingað til lands, og tók stefnandi á móti þeim á Reykjavíkurflugvelli. Þar var þá einnig staddur grískur maður, Dimitrius A. Vrashimis, sem nokkru áður hafði keypt togarann Bjarna riddara fyrir milligöngu stefnanda, og aðstoðaði hann stefnanda við að ná sambandi við Grikkina, sem síðan voru fluttir á Hótel Skjaldbreið, þar sem stefnandi hafði útvegað þeim hótelherbergi. Morguninn eftir, 2. september, kveðst stefnandi hafa hringt í forstjóra stefnda og sagt honum frá komu Grikkjanna. Hafi hann spurt forstjórann, hvort hann ætti að koma með þá og hafi hann verið þess fýsandi. Fór stefnandi síðan með Grikkina til Hafnarfjarðar, og var áðurnefndur Vrashimis einnig í för með þeim sem túlkur. Ræddu þeir fyrst við forstjóra stefnda á skrifstofu hans, en fóru síðan saman um borð í skipin og skoðuðu þau. Þar sem Grikkirnir skildu aðeins sitt móðurmál, kveður stefnandi það hafa orðið úr, að hann útvegaði þeim túlk, Sigurð A. Magnússon rithöfund. Stefnandi, forstjóri stefnda, túlkurinn og Grikkirnir hafi svo hitzt á Hótel Borg, þar sem kvöldverður hafi verið snæddur í boði Grikkjanna. Er hér var komið, kveður stefnandi forstjóra stefnda hafa snúizt öndverðan við umboðslaunakröfu sinni og Suenson & Jespersen og hafi orðið allmiklar deilur út af þessu á Hótel Borg og síðan í anddyri Hótels Skjaldbreiðar, þar sem forstjórinn hafi lýst yfir, að hann þyrfti engin

umboðslaun að greiða, því að mennirnir væru komnir. Áður hafi hann talað um 2% umboðslaun sem lágmark. Daginn eftir kveður stefandi aðilja hafa komið saman til fundar á ný á Hótel Skjaldbreið og hafi enn verið deilt um umboðslaunin, en einnig hafi komið fram tilboð frá forstjóra stefnda um sölu á b/v Ágústi fyrir 15—16 þúsund sterlingspund, sem Grikkirnir hafi talið allt of hátt. Samkomulag hafi ekki náðst á þessum fundi og hafi forstjóri stefnda farið á brott, en fundurinn leystst upp.

Eftir þetta fór stefnandi með áðurgreinda Grikki til lögmanns ríkissjóðs, og ræddu þeir um hugsanleg kaup á b/v Sólborgu og b/v Brimnesi, en ekki varð af kaupum.

Nokkrum dögum síðar kveðst stefnandi hafa frétt, að búið væri að semja um sölu á b/v Ágústi til Grikkjanna. Stefnandi kvaðst hafa verið í sambandi við Grikkina allan tímann, sem þeir dvöldust hér á landi, og útvegað þeim áhöfn á b/v Ágúst og nokkurn farm í skipið. Hin umstefnda fjárhæð er 5% af söluverði b/v Ágústs, og telur stefnandi kröfuna í samræmi við það, sem tíðkist við sölu skipa til útlanda, þar sem tveir umboðsmenn hafi milligöngu um söluna, en firmað Suenson & Jespersen krefjist 3% umboðslauna fyrir sig, þannig að í hans hlut komi aðeins 2%, eins og tíðkist við skipasölur innanlands. Hefur stefnandi lagt fram gögn, er sýna, að við sölu á b/v Bjarna riddara, sem hann hafði milligöngu um, voru greidd 5% umboðslaun. Stefnukrafan er ekki vefengd reikningslega af stefnda.

Stefnandi hefur mætt fyrir dóminum og staðfest framburð sinn.

Helgi G. Þórðarson, forstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að hinn 19. ágúst 1964 hafi hann sent gríska firmanu Stathakis & Sons í Pireus símskeyti og spurzt fyrir um það, hvort fyrirtækið gæti vísað sér á kaupanda að b/v Ágústi, en einn eigandi þess firma, Evangelos J. Stathakis, hafi nokkrum mánuðum áður keypt b/v Júní, eign stefnda. Hinn 31. ágúst hafi stefnda borizt svarskeyti frá áðurnefndum Stathakis, þar sem hann segist senda stefnda þá Manousos og Stathakis, sem hafi áhuga á því að kaupa togarann. Eftir að stefnda hafði borizt símskeytið, kveður forstjórinn stefnanda hafa hringt og spurt, hvort togararnir Ágúst og Apríl væru til sölu og hvort hann mætti koma með tvo menn til þess að skoða skipin. Kveðst forstjórinn hafa spurt, hvaða menn þetta væru, því að það hafi hvarflað að sér, að hér væri um sömu menn að ræða og hann átti von á, en stefnandi hafi ekki viljað segja honum nöfn mannanna. Er stefnandi kom með

mennina sama dag og skoðaði skipin, hafi komið í ljós, að hér var um sömu menn að ræða og áðurnefndur Stathakis gat um í skeyti sínu til stefnda. Aðspurður kvaðst forstjórinn ekki minnast þess, að stefnandi hefði talað við sig, fyrr en áður greinir. Stefnandi hélt hins vegar fast við það, að hann hefði rætt við forstjórann, nokkrum dögum áður en Grikkirnir komu.

Upplýst er með vottorði útlendingaeftirlitsins, að Grikkirnir komu til landsins 1. september, þannig að skoðun skipanna hefur þá farið fram daginn eftir, 2. september.

Forstjóri stefnda skýrir svo frá, að á fundinum með Grikkjunum, sem aðiljar eru sammála um, að fram hafi farið á Hótel Borg sama dag og Grikkirnir skoðuðu skipin, hafi hann spurt Grikkina með aðstoð túlksins, hvort þeir væru eitthvað skuldbundnir stefnanda og jafnframt bent þeim á, að hann hefði í höndum símskeyti frá Stathakis & Sons um, að þeir væru sendir beint frá honum. Á fundi, sem hafi verið haldinn að kvöldi sama dags að Hótel Skjaldbreið, hafi Grikkirnir kveðið upp úr með það, að þeir væru ekki bundnir stefnanda, sem þá hafi farið burt af fundinum. Daginn eftir kveðst forstjórinn hafa tekið upp beinar samningaviðræður við Grikkina. Forstjórinn kvað stefnanda hafa haldið því fram, að honum bæri að annast alla samninga og umboðslaun fyrir milligöngu sína. Hefði stefnandi nefnt í því sambandi allt að 9% sölulaun. Af hálfu stefnda er því neitað, að samþykkt hafi verið að greiða stefnanda umboðslaun eða farið fram á afslátt af umboðslaunum. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið að reyna að selja umræddum kaupendum b/v Sólborgu og b/v Brimnes á sama tíma og umræður þeirra og stefnda um b/v Ágúst stóðu yfir.

Reisir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki komið stefnda í samband við kaupendur b/v Ágústs, heldur hafi það verið J. Stathakis & Sons, sem þegar hafi farið fram á umboðslaun. Þá er því algerlega neitað af hálfu stefnda, að stefnandi hafi haft umboð til þess að selja b/v Ágúst. Loks hafi stefnandi ekki löggildingu samkvæmt lögum nr. 47/1938 um fasteignasölu og sé því ekki heimilt að selja skip. Varakrafan er á því byggð, að umboðslaun stefnanda geti aldrei orðið hærri en 2% samkvæmt áðurnefndum lögum.

Sigurður A. Magnússon rithöfundur, sem var túlkur á fundum aðilja á Hótel Borg og Hótel Skjaldbreið, var að því spurður, hvort honum væri kunnugt um það, hvort Grikkirnir hefðu komið hingað til lands af eigin hvötum eða fyrir atbeina annars að-

ilja. Kvaðst vitnið hafa fengið vitneskju um það, að frændi Stathakis í Grikklandi með sama ættarnafni hefði verið búinn að fá símskeyti frá stefnda, áður en menn þessir komu til landsins, og hefði sér skilizt, að það væri fyrir atbeina þessa Stathakis, sem mennirnir væru hingað komnir. Vitnið bar, að á fundinum á Hótel Borg hefði stefnandi gert kröfu til 9% umboðslauna, ef af kaupum yrði, en það hefði forstjóri stefnda ekki viljað samþykkja og skýrt frá fyrrgreindu símskeyti, sem Grikkirnir hafi kannazt við að hafa haft vitneskju um. Kvað vitnið Grikkina hafa verið spurða um það, hvers vegna þeir hefðu kvatt stefnanda til samningsgerðarinnar, og hefðu þeir svarað því til, að þeir hefðu talið auðveldara að semja með aðstoð skipamiðlara, vegna þess að þeir töluðu ekki aðra tungu en grísku og einnig mundu þeir þá eiga völ á fleiri skipum.

Vitnið kannaðist við það, að Grikkirnir væru með í höndunum bréf frá fyrirtækinu Suenson & Jespersen. Á fundinum á Hótel Skjaldbreið hefði komið til orðasennu út af umboðslaununum, sem lyktaði þannig, að stefnandi fór burt í fússi, en Grikkirnir lýstu yfir, að þeir gætu samið beint við bæjarútgerðina. Vitnið kvað sér hafa virzt í byrjun sem forstjóri stefnda væri til viðræðu um einhver umboðslaun stefnanda til handa og minnti, að hann hefði tekið fram, að stjórn útgerðarinnar mundi aldrei fallast á hærri umboðslaun en 2%. Er upp úr slitnaði, taldi vitnið, að stefnandi hefði verið búinn að lækka sig niður í 5%. Vitnið kvað það hafa komið fram hjá forstjóra stefnda, að stefnandi hefði leynt hann því, hvaða menn það væru, sem vildu skoða skipin, áður en hann kom með þá. Eftir fundinn á Hótel Skjaldbreið hafi stefnandi endanlega verið kominn út úr samningaviðræðum út af togurum bæjarútgerðarinnar. Vitnið túlkaði einnig fyrir stefnanda í sambandi við viðræður um kaup á togurunum Brimnesi og Sólborgu.

Samkvæmt gögnum málsins er upplýst, að Bæjarútgerð Hafnarfjarðar sendi firmanu J. Stathakis & Sons í Pireus símskeyti hinn 19. ágúst 1964 og spurðist fyrir um hugsanlegan kaupanda að b/v Ágústi. Barst stefnda svarskeyti frá firmanu 31. ágúst s. á., þar sem það tilkynnir m. a., að það sendi stefnda þá Manousos og Stathakis, sem komi í dag eða á morgun. Þá hefur stefndi lagt fram bréf frá firmanu, undirritað af Evangelos J. Stathakis, þar sem vísað er til símskeytisins og þess vænzt, að stefndi sendi umboðslaun, sem um hafi verið samið, er áðurnefndur Stathakis var í Reykjavík. Í símskeyti Suenson & Jespersen til stefnanda 31.

ágúst '64, sem áður getur, þar sem firmað virðist vera að óska eftir ákveðnu verðtilboði, er aðeins minnzt á togarana Sólborgu og Brimnes og sagt, að kaupandi Vassilios Manousos sé reiðubúinn að fljúga til Íslands á morgun. Hins vegar eru togararnir Apríl og Ágúst einnig nefndir í fyrrnefndu bréfi, dags. 1. sept. 1964, er Grikkirnir höfðu meðferðis. Í bréfinu er texti símskeytisins tekinn upp, og segir þar m. a., að þar sem firmað hafi ekki verið búið að fá neitt svar frá stefnanda þá um morguninn, hafi það talað við hann í síma þennan sama dag (1. sept.), og síðan er greint frá upplýsingum varðandi verð Sólborgar og Brimness, sem stefnandi virðist hafa gefið firmanu í áðurnefndu símtali. Þá segir m. a., að þeim skiljist, að möguleiki sé á því að fá Apríl og Ágúst fyrir £ 37/35000 báða.

Í öðru bréfi Suenson & Jespersen til stefnanda, sem einnig er dags. 1. sept. 1964, er óskað eftir upplýsingum, teikningum og myndum af Apríl og Ágústi og þess getið, að Grikkirnir hafi skýrt frá því, að þeir hafi frétt af þessum skipum í Grikklandi og sé það sennilega Stathakis sá, sem keypti Júní og sé frændi þess Stathakis, sem sé á leiðinni, sem hafi talað um skipin.

Þá hefur stefnandi lagt fram bréf, dags. 4. september, frá sama aðilja, en í því kemur fram, að stefnandi hafi skýrt firmanu frá því í símtali, að kaupendurnir neituðu ákveðið að greiða meira en 1% í umboðslaun til stefnanda og umbjóðanda hans, þar sem þeim hafi verið kunnugt um þessi skip, áður en þeir komu til Danmerkur. Mótmælir firmað þessu, en segir síðan m. a., að horfast verði í augu við það, „at vi faktisk ikke har bragt disse skibe i forslag til disse köbere", og sé því 1% til hvors betra en ekki neitt. Samdægurs sendi firmað stefnanda símskeyti og veitti honum heimild til þess að semja um umboðslaunin á þessum grundvelli.

Ekki er ljóst, hvort áðurnefndir fundir voru báðir samdægurs, þ. e. 2. september, eða hvort síðari fundurinn var haldinn 3. september, en eftir þann fund var afskiptum stefnanda af sölu togarans lokið. Eins og fram er komið, greinir aðilja á um það, hvort stefnandi hafi rætt við forstjóra stefnda og fengið umboð til þess að selja togarana, og enn fremur um það, hvort stefndi hafi léð máls á umboðslaununum eða ekki. Af framangreindum símskeytum og bréfaskiptum virðist mega ráða, að firmað Suenson & Jespersen hafi ekki fengið vitneskju um togarana Ágúst og Apríl fyrr en í símtali við stefnanda hinn 1. sept. Enda þótt stefnandi tæki á móti hinum grísku kaupendum og greiddi götu þeirra,

er þeir komu til landsins, verður ekki talið, að það hafi haft nein úrslitaáhrif á það, að samband komst á með Grikkjunum og forstjóra stefnda af þeirri ástæðu, að þessum aðiljum var þegar kunnugt um hvorn annan fyrir atbeina J. Stathakis & Sons í Pireus, og verður að ætla, að þeir hefðu náð sambandi hvor við annan, þótt atbeini stefnanda hefði ekki komið til. Gegn eindregnum andmælum forstjóra stefnda verður heldur ekki talið sannað, að forstjórinn hafi falið stefnanda umboð til þess að selja togarana, eins og hann heldur fram. Þá er einnig ósannað, að stefndi eða hinir grísku kaupendur hafi samþykkt 2% umboðslaun til handa stefnanda og umbjóðanda hans á fundum með aðiljum, enda ekki í ljós leitt, að stefnandi hafi gert þeim tilboð í þá átt. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Þar sem forstjóri stefnda hefur með því að taka ekki strax afdráttarlausa afstöðu til umboðslaunakröfu stefnanda átt nokkurn þátt í því að styrkja þá hugmynd stefnanda, að hann gæti krafizt umboðslauna, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Guðmundar Valgrímssonar og Suenson & Jespersen, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 3. maí 1967.

Nr. 232/1966. **Fríða Kristjánsdóttir**
gegn
Bjarna Kristmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fríða Kristjánsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Bjarna Kristmundssyni, sem látið hefur sækja þing og krafizt ómaksbóta, kr. 2.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. maí 1967.

Nr. 234/1966. **Lúðvík Gizurarson**
gegn
Steindórsprenti h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Lúðvík Gizurarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 3. maí 1967.

Nr. 51/1965 **Sigurbjörn Ágústsson**
(Árni Grétar Finnsson hdl.)
gegn
Bjarna Jónssyni (Jóhann Ragnarsson hdl.)
og til réttargæzlu gegn
Sigurvini Snæbjörnssyni
(Árni Guðjónsson hrl.)
Sigursteini Jónssyni og
(Ingi Ingimundarson hrl.)
Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs
og
Bjarni Jónsson
gegn
Sigurbirni Ágústssyni
Sigurvini Snæbjörnssyni
og
Sigursteini Jónssyni
og
Sigursteinn Jónsson
gegn
Bjarna Jónssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Áfrýjun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Ágústsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. marz 1965 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda Bjarna Jónssonar og svo dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda Bjarna bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Bjarni Jónsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. apríl 1965 og framhaldsáfrýjunarleyfi 12. október 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1965 og framhaldsáfrýjunarstefnu 24. október. Krefst hann

þess *aðallega,* að aðaláfrýjanda, Sigurbirni Ágústssyni, stefnda Sigurvini Snæbjörnssyni og gagnáfrýjanda Sigursteini Jónssyni verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 319.600.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara,* að hinir sömu aðiljar verði dæmdir til að greiða honum óskipt kr. 156.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og svo málskostnað, svo sem áður sagði.

Stefndi Sigurvin Snæbjörnsson krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að aðaláfrýjanda, Sigurbirni Ágústssyni, og gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi Sigursteinn Jónsson hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1966, skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 1. október 1966 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 30. ágúst 1965 dómkvaddi bæjarfógetinn í Hafnarfirði samkvæmt beiðni umboðsmanns gagnáfrýjanda Bjarna Jónssonar í bréfi 22. júlí 1965 þá Theódór Diðriksson byggingaverkfræðing, Indriða Níelsson byggingameistara og Árna Guðmundsson múrarameistara „til að framkvæma yfirmat vegna ýmissa meintra galla á húsinu nr. 12 við“ Öldutún, Hafnarfirði. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 26. marz 1966. Þeir segja í upphafi matsgerðarinnar: „Meginorsakir fyrir eftirtöldum göllum eru, að undirstöður og neðsta gólf hefur verið steypt á frosinn jarðveg og einnig að hús og mótauppsláttur hefur staðið í vanhirðu, óvarið og óupphitað í fleiri ár“. Yfirmatsmenn lýsa síðan göllum byggingarinnar og greina þær endurbætur, sem þeir telja nauðsynlegar, til þess að húsið verði fullnýtilegt. Kostnað af endurbótunum meta þeir kr. 219.600.00. Endurbætur á húsinu hafa eigi verið framkvæmdar. Gagnáfrýjandi Bjarni Jónsson kveðst hafa selt það til niðurrifs í desember 1966 fyrir kr. 150.000.00. Gagnáfrýjandi Bjarni Jónsson hefur í bréfi til Hæstaréttar

7. júní 1966 og í framhaldsáfrýjunarstefnu 24. október 1966 farið þess á leit, að honum verði samkvæmt 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt leyft að hækka fyrir Hæstarétti kröfur sínar, þær, er hann gerði í héraði, í samræmi við yfirmatsgerðina frá 26. marz 1966, þ. e. úr kr. 156.000.00 upp í kr. 319.600.00. Gagnáfrýjanda Bjarna var í lófa lagið að biðja um yfirmat, meðan málið var til meðferðar í héraði, ef hann taldi undirmatið eigi fullnægjandi. Eru því eigi fyrir hendi skilyrði til að leyfa honum að hækka kröfur sínar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til röksemda héraðsdóms verður að telja þá Sigurvin Snæbjörnsson, Sigurbjörn Ágústsson og Sigurstein Jónsson skaðabótaskylda vegna galla þeirra, sem urðu á smíð hússins nr. 12 við Öldutún, Hafnarfirði, enda leysir það aðaláfrýjanda, Sigurbjörn Ágústsson, eigi undan ábyrgð, að hann var eigi kvaddur til undirmatsins, þar sem örugglega er í ljós leitt, að viðgerð á göllunum hefði kostað a. m. k. þá fjárhæð, sem í undirmatsgerð segir, jafnvel þótt hafizt hefði verið handa um endurbætur á þeim svo fljótt sem kostur var. Ber því að dæma nefnda menn til að greiða gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni undirmatsfjárhæðina, kr. 56.000.00, og auk þess fébætur fyrir stöðvun á byggingarframkvæmdum, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 40.000.00, hvort tveggja ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma þá Sigurvin Snæbjörnsson, Sigurbjörn Ágústsson og Sigurstein Jónsson til að greiða gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 36.000.00.

Dómsorð:

Stefndi Sigurvin Snæbjörnsson, aðaláfrýjandi, Sigurbjörn Ágústsson, og gagnáfrýjandi Sigursteinn Jónsson greiði gagnáfrýjanda Bjarna Jónssyni óskipt kr. 96.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 36.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 22. desember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. þ. m., hefur Bjarni Jónsson kennari, Öldugötu 12 hér í bæ, höfðað með stefnu, útg. 30. nóv. 1963, gegn Sigurvini Snæbjörnssyni húsasmíðameistara, Hringbraut 65, Sigurbirni Ágústssyni húsasmíðameistara, Birkihvammi 5, Sigursteini Jónssyni múrarameistara, Fögrukinn 11, öllum hér í bæ, og Hafsteini Baldvinssyni bæjarstjóra f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 156.000.00 með 8% ársvöxtum frá 7. sept. 1962 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, þ. m. t. matskostnaður.

Stefndu hafa allir krafizt sýknu af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað. Þá mótmæla þeir kröfum stefnanda sem of háum og órökstuddum. Til vara er af hálfu stefndu, Sigurvins, Sigurbjörns, Sigursteins og bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, krafizt, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

Stefndi Sigurvin krefst þess sérstaklega, að vextir verði lækkaðir úr 8% í 7% og reiknaðir frá útgáfudegi stefnu.

Af hálfu stefnda Sigursteins er þess sérstaklega krafizt, að hann verði eigi talinn bera solidariska ábyrgð með öðrum meðstefndum.

Málavextir.

Sumarið 1961 hóf stefnandi byggingarframkvæmdir við íbúðarhús, sem hann hugðist reisa við Öldutún 12 hér í bæ. Upphaflega hafði verið ætlunin, að stefnandi byggði húsið í félagi við Þorvald Þorvaldsson kennara, en af því varð ekki. Höfðu stefndu Sigurvin og Sigurbjörn ritað nöfn sín á uppdrátt af húsinu sem húsasmíðameistarar og stefndi Sigursteinn sem múrarameistari, eins og mælt er fyrir um í byggingarsamþykkt, og var eintak af teikningu þannig áritað afhent byggingarfulltrúa. Í júní- eða júlímánuði um sumarið mun hafa verið ýtt úr grunni hússins og grafið fyrir sökklum, og var grunnurinn þá tekinn út af Jóni Bergssyni byggingarfulltrúa að stefnda Sigurvini viðstöddum. Ekki varð af frekari framkvæmdum að sinni fyrr en í nóvember 1961, en þá var slegið upp fyrir sökkli hússins. Annaðist það verk húsasmiður að nafni Karl Stefánsson samkvæmt ábendingu stefnda Sigurvins. Vegna frosta var ekki steypt strax í sökkulmótin, og var það ekki gert fyrr en í febrúar 1962. Unnu stefndu Sigurvin og Sigurbjörn við það verk ásamt starfsmönn-

um sínum, að því er virðist, en múrarameistarinn, stefndi Sigursteinn, var ekki til kvaddur né heldur fór fram önnur úttekt á grunninum. Kjallaragólf var síðan steypt í marz, veggir kjallarahæðar í apríl 1962 og loftið í byrjun júní s. á. Þegar mótum var slegið frá kjallarahæð, komu í ljós ýmsir gallar á verkinu, og bannaði byggingarfulltrúi bæjarins, að því yrði haldið áfram, fyrr en búið væri að lagfæra gallana. Var þá að mestu lokið að slá upp mótum fyrir 1. hæð.

Hinn 7. sept. 1962 rituðu stefnandi og stefndi Sigurvin sameiginlega beiðni til bæjarfógetans í Hafnarfirði og óskuðu eftir því, að dómkvaddir yrðu sérfróðir menn til þess að meta galla og skemmdir, sem fram hefðu komið á byggingu undirstöðu og kjallarahæðar hússins. Í matsbeiðni þeirra segir m. a.: „Þeir helztu gallar, sem fram hafa komið og eru augljósir, eru þessir: Sökklarnir eru víða sprungnir, og á nokkrum stöðum er holt undir þá. Gólfplatan í kjallaragólfi hefur sigið og sprungið. Veggir í kjallarahæð hafa sprungið í kjallaravegg undan steypu, þannig að veggurinn hefur skekkzt. Loftið yfir kjallara (bílskúr) hefur sigið. Svalir hafa sprungið frá og sigið niður.

Þess er óskað, að matsmennirnir meti eftirfarandi atriði:

1. Að þeir lýsi göllunum nákvæmlega (hvar þeir séu og hverjir) og láti í ljós álit sitt á því, *af hvaða orsökum* gallar þessir hafi fram komið (hverju hafi verið áfátt um frágang, vinnu, efni o. s. frv.).

Jafnframt er óskað eftir áliti matsmanna um frágang á steypu.

2. Að þeir meti, hvort hægt sé að bæta úr og *á hvern hátt* bæta megi úr göllum þessum.

3. Að þeir meti, hvað hárri fjárhæð það muni nema að lagfæra eða bæta úr ágöllum þeim, sem að þeirra áliti eru á framangreindri byggingu.

4. Að þeir meti í fyrsta lagi, hvað sölumöguleikar eða söluhæfni nefndrar húseignar hefur minnkað mikið við þá galla, sem á henni nú eru, og í öðru lagi, hvað sölumöguleikar verði miklu minni, eftir að búið væri að lagfæra þá ágalla, sem nú eru, svo sem unnt er.

Óskað er eftir, að matsmenn meti þetta svo fljótt sem unnt er og geri okkur undirrituðum aðvart, áður en matið fer fram.“ Til þess að framkvæma matið voru kvaddir þeir Sigurgeir Guðmundsson iðnskólastjóri og Ingi Kristjánsson byggingameistari. Í matsgerð matsmanna, sem er dags. 23. okt. 1962, segir m. a.:

„Byggingarstig mannvirkisins er, að kjallari er uppsteyptur með loftplötu yfir og ísteyptum gluggakörmum í aðalhúsi, en ekki í bílskúr. Steypumót 1. hæðar eru að mestu fullgerð.

Matsbeiðendur bentu okkur á sprungur í gólfum, kjallaraveggjum og grunnveggjum svo og sig í loftplötu yfir bílskúr og brot á svalagólfi. Einnig á það, að holt er undir sökkulveggi á nokkrum stöðum. Síðari athuganir okkar hafa leitt í ljós, að víða er jarðvegur undir útveggjum mjög laus, svo að fyirstöðulítið má grafa undan þeim með skóflu. Þá er og sýnilegt, að sement hefur runnið frá steypunni, þegar hún var látin í mótin, í suðvesturhorni grunnveggja.

Telja verður, að sprungur í grunnveggjum, kjallaragólfi og kjallaraveggjum svo og sig á loftplötu yfir bílskúr stafi af ótraustum undirstöðum.

Ekki verður séð, að jarðvegur meðfram grunnveggjum hafi verið varinn gegn veðrun. En jarðlag er þannig, að þess er mikil þörf. Ekkert bendir til, að steypuefni hafi verið gallað, en augljóst er, að meðferð þess (jöfnun steypunnar í mótin) er óvandvirknislega gerð. Þá teljum við og, að grunnfyllingarefni það, sem notað hefur verið, sé langt of veikt. Auk þess er það óþjappað í grunninum. Vinnan á steypumótunum hefur verið þannig, að ógerlegt hefur verið að koma steypu í þau alls staðar, einnig hafa mótin verið langt of veik, sem sjá má af því, hve víða þau hafa brostið undan steypuþunganum.

Við leituðum til hr. Braga Þorsteinssonar í Reykjavík, en hann er verkfræðingurinn, sem reiknaði út allt burðarþol í húsi þessu, og óskuðum eftir að heyra álit hans um það atriði, sem um getur í 2. lið í matsbeiðni. Nú hefur Bragi lagt fram ákveðnar tillögur um lagfæringar á undirstöðum með uppdrætti og útreikningi á teikningu, sem hér með fylgir og er dagsett 6. þ. m.

Svo sem sjá má á nefndri teikningu, telur verkfræðingurinn, að treysta megi undirstöður hússins, svo að dugi, og vísum við til hans fyrirsagnar um lagfæringar á þeim.

Svalir þær, sem sprungnar eru frá, teljum við að brjóta verði að fullu svo og um meters hluta af steypu loftplötunnar inn af svölunum, svo komið verði fyrir nýjum járnum til burðar fyrir nýjar svalir.

Sprungur allar í veggjum þarf að höggva upp báðum megin frá, þar sem því verður við komið, og steypa í þær að nýju.

Ýmis lýti og ágalla á steypu hússins má lagfæra með því að

höggva af bungur á veggjum og súlum, einnig kanta og brúnir, og með því að hylja þá með auknu ákasti í múrhúðun.

Endurnýja þarf að verulegu leyti alla steypu á neðsta gólfi.

Kostnað við að lagfæra ofantalda ágalla teljum við að nema muni kr. 56.000.00 — fimmtíu og sex þúsund krónur —.

Varðandi 4. tölulið í matsbeiðni viljum við benda á, að allar okkar áætlanir um endurbætur miðast við, að hús þetta fullnægi að öllu leyti þeim kröfum, sem almennt eru gerðar til slíkra mannvirkja, að því er snertir styrkleika og svipmót vinnunnar.

Öll vinna og efni við framkvæmd endurbótanna ætti að vera gerð með daglegu eftirliti byggingarfulltrúa eða annars sérfróðs manns. Kostnaður við það eftirlit er ekki talinn með í mati þessu".

Með bréfi, dags. 28. marz 1963, óskaði lögmaður stefnanda eftir nýju mati af þeim sökum, að múrarameistara hússins og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar hefði eigi verið gefinn kostur á því að vera viðstaddir fyrra matið. Var óskað mats á sömu atriðum og í hinni fyrri beiðni greinir og til viðbótar, að matsmenn mætu til fjár það tjón, sem stefnandi hefði orðið fyrir vegna þess, að bygging hússins var stöðvuð.

Í síðari matsgerð sinni, sem er dagsett 27. apríl 1963, vísa matsmenn algerlega til fyrri matsgerðar sinnar, að því er varðar mat á þeim atriðum, sem þar greinir. Um tjón vegna stöðvunar á byggingu hússins segja matsmenn:

„Niðurstöður hins fyrra mats okkar voru kunnar 23. okt. 1962. Gera má ráð fyrir, að lagfæringum ágallanna hefði mátt ljúka 18. nóv. 1962, hefðu framkvæmdir hafizt, þegar matsgerðin lá fyrir. Okkur er ekki ljóst, af hvaða orsökum ekki var hafizt handa um að lagfæra gallana þá þegar. En húseigandi og byggingameistari hússins höfðu í sameiningu óskað mats. Ekki heldur er okkur kunnugt, hversu mikið fé er sannanlega bundið í mannvirkinu.

Af þessum sökum teljum við okkur ekki þess umkomna að verða við ofannefndri beiðni matsbeiðandans."

Auk matsfjárhæðarinnar, kr. 56.000.00, krefst stefnandi 100.000.00 kr. bóta vegna þess tjóns, sem stöðvun á byggingarframkvæmdum hafi valdið honum.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu Sigurvin, Sigurbirni og Sigursteini á því, að þeir hafi tekið að sér að sjá um byggingarframkvæmdir og beri samkvæmt byggingarsamþykkt og lögum ábyrgð á verkinu. Kröfur sínar á hendur bæjarsjóði

Hafnarfjarðar reisir stefnandi á því, að byggingameistarar hlýddu settum reglum. Þetta eftirlit hafi brugðizt og því beri byggingaryfirvöld einnig ábyrgð á tjóni hans vegna galla á verkinu.

Stefndi Sigurvin reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki tekið að sér að sjá um byggingarframkvæmdir, heldur hafi stefnandi sjálfur ætlað að sjá um framkvæmdir og eftirlit. Í fyrstu hélt hann því fram, að hann hefði ekki áritað teikninguna að umræddu húsi, en féll frá því síðar. Varakröfu sína byggir stefndi á því, að kröfur stefnanda séu of háar og síðari kröfuliðurinn órökstuddur.

Af hálfu stefnda Sigurbjörns er því haldið fram, að fyrirhuguð þátttaka hans í smíði umræddS húss hafi fallið niður, þegar Þorvaldur Þorvaldsson, sem áður getur, hafi hætt við bygginguna. Hann hafi hvergi komið nærri þeim samningum, sem stefnandi og stefndi Sigurvin gerðu síðar. Í matsbeiðni stefnanda og Sigurvins komi fram viðurkenning á því, að hann hafi ekkert haft með verkið að gera, þar sem hans sé hvergi getið og hann hafi heldur ekki verið til kvaddur, þegar matsgerðirnir fóru fram. Af þeim sökum séu matsgerðirnar gallaðar og ómerkar gagnvart sér og kröfur málsins óraunhæfar og ekki nægilega rökstuddar.

Stefndi Sigursteinn reisir sýknukröfu sína á því, að gallar þeir, sem fram komu á húsinu, stafi af því, hve undirstaðan hafi verið léleg, en á því geti hann ekki borið ábyrgð, þar sem hann hafi ekki verið látinn vita, þegar gengið var frá þessum hlutum hússins. Varakrafa stefnda er á því reist, að stefnandi eigi hér sjálfur mikla sök vegna eftirlitsskorts og vanrækslu á að óska eftir því, að múrarameistari liti eftir verkinu.

Af hálfu stefnda bæjarsjóðs Hafnarfjarðar er því haldið fram, að byggingaryfirvöld taki ekki á sig neina ábyrgð á byggingum almennt, enda þótt þau hafi á hendi eftirlit með byggingarframkvæmdum. Þá hafi heldur ekki neitt komið fram um það, að byggingarfulltrúi hafi sýnt nokkra vanrækslu í starfi í sambandi við þessa húsbyggingu. Hins vegar hafi þeir, sem sáu um smíði hússins, vanrækt tilkynningarskyldu sína gagnvart byggingaryfirvöldum og hafi það leitt til þess, að stöðva varð byggingarframkvæmdir.

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóm.

Stefndi Sigurbjörn skýrði m. a. svo frá, að hann hefði að beiðni Sigurvins hjálpað honum að steypa sökkulveggina og einnig við það að steypa gólfið í kjallarann og slá upp fyrir

lofti yfir kjallara. Lærlingur hans hafi einnig aðstoðað við verkið og Sigurvin greitt þeim fyrir vinnu sína nema einn reikning, er hann hafi neitað að greiða og stefnandi greiddi sjálfur. Sigurbjörn kvað Sigurstein, múrarameistara hússins, ekki hafa verið viðstaddan, þegar framangreind vinna fór fram. Hann kvað þá Sigurvin hafa unnið saman að verklegum framkvæmdum til áramóta 1961—2, en þá hefðu þeir slitið öllum félagsskap.

Við þennan framburð Sigurbjörns hafði meðstefndi Sigurvin ekkert að athuga.

Stefnandi hefur borið, að honum og Þorvaldi hafi alltaf skilizt, að þeir Sigurvin og Sigurbjörn ætluðu að taka að sér verkið í sameiningu. Dráttur hafi orðið á því, að það væri hafið og hafi Þorvaldur flutzt úr bænum, áður en byrjað var á því. Skriflegur verksamningur var ekki gerður, en Sigurvin hafi tekið að sér hvern áfanga um sig og hafi yfirleitt verið fyrirfram ákveðið verð fyrir hvern áfanga. Viðræður um kostnað fóru eingöngu fram milli stefnanda og Sigurvins. Stefnandi kvað það aldrei hafa staðið til, að hann sæi sjálfur um verkið, enda hefði hann ekki réttindi né kunnáttu til þess. Hann kvaðst hafa látið ýta úr grunninum, en Sigurvin eða menn hans séð um uppfyllingu undir plötu. Stefnandi kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar steypuvinnan var framkvæmd, en það hafi verið ýmist hann eða Sigurvin, sem pantaði steypuna, sem kom tilbúin á staðinn. Hafi Sigurvin algerlega ráðið því, hvenær steypt var.

Í framburði stefnda Sigurvins kemur m. a. fram, að hann athugaði ekki, hvort grafið hefði verið fyrir sökklinum niður á fastan jarðveg. Búið hafi verið að taka út grunninn, og taldi hann það ekki í verkahring sínum að athuga það, hvort undirstöður hússins væru traustar. Ekki væri venja, að byggingameistarar athugi þetta sérstaklega, nema um verksamning væri að ræða, en þegar trésmiðir taki að sér ákveðin verk, eins og að slá upp fyrir sökkli eða hæð, þá væri venja, að húseigandi sæi um alla undirbúningsvinnu. Stefndi viðurkenndi, að hann hefði tekið að sér að slá upp steypumótum fyrir fast verð, en önnur vinna hefði verið unnin í tímavinnu og stefnandi séð um allar greiðslur. Stefndi kvaðst ekki hafa tilkynnt meðstefnda Sigursteini um það, þegar sökklar voru steyptir, en eftir það hafi hann staðið í stöðugu sambandi við múrarameistarann. Hann kvaðst hafa gengið út frá því, að Sigursteinn hefði verið látinn vita, áður en steypt var í sökkulmótin.

Stefndi Sigurvin og stefnandi eru sammála um það, að sá fyrrnefndi hafi bent á það, að búast mætti við því, að gólfplatan sigi eitthvað, en það mætti lag með einangrunarlagi, sem átti að koma ofan á hana.

Stefndi Sigursteinn bar fyrir dóminum, að hann hefði áritað teikninguna af húsinu að beiðni Þorvalds Þorvaldssonar, en sambykkt það að ósk stefnanda, að nafn hans mætti standa þar áfram, eftir að Þorvaldur hætti við bygginguna, með því skilyrði, að hann yrði látinn vita, þegar steypt yrði. Kvaðst stefndi ekki hafa fengið vitneskju um byggingarframkvæmdir, fyrr en búið var að steypa sökkul og plötu og slá upp fyrir veggjum kjallarahæðar, en þá hefði Sigurbjörn talað við hann. Eftir það kvaðst Sigursteinn hafa komið nokkrum sinnum á byggingarstað í sambndi við járnalögn í plötu yfir kjallara, en hann hefði ekki verið látinn vita, þegar kjallaraveggir og plata voru steypt. Stefndi fékk engar greiðslur fyrir að árita teikninguna né fyrir framangreint eftirlit.

Stefnandi gerði engar athugasemdir við framburð stefnda Sigursteins, en gat þess, að hann hefði gengið út frá því, að Sigurvin mundi gera það, sem nauðsynlegt væri í sambandi við byggingarframkvæmdirnar.

Þá hefur komið fyrir dóminn Jón Bergsson bæjarverkfræðingur. Kvaðst hann hafa tekið út umræddan húsgrunn í júní—júlí 1961 að viðstöddum Sigurvini og hafi þá alls staðar verið grafið niður á fast, en undirstaðan hafi verið deiglumóhella, er sé mjög ófrostþolin og mettuð af vatni og losni í sundur, ef hún nái að frjósa. Kvað vitnið nauðsynlegt að hylja sökklana strax og lokið væri við að steypa þá, þegar ekki væri steypt á klöpp, en þetta hefði ekki verið gert. Vitnið var frá störfum sem byggingarfulltrúi um eins árs skeið, eftir að hann tók út húsgrunninn, og hafði ekki afskipti af byggingu hússins, fyrr en allt var komið í óefni, og hann stöðvaði hana.

Þá kom fyrir dóm Friþjófur Sigurðsson, starfsmaður bæjarverkfræðings, er gegndi starfi byggingarfulltrúa þann tíma, sem bæjarverkfræðingur var fjarverandi. Bar vitnið, að einu afskiptin, sem það hefði haft af byggingunni á þessu tímabili, hefðu verið þau, að það var kvatt til að taka út loft yfir kjallara í maí 1962. Voru steypumótin þá enn á veggjunum. Vitnið kvað Sigurvin hafa beðið um úttektina, en Sigursteinn hefði ekki verið þar, enda sé látið nægja, að annar meistaranna sé viðstaddur úttekt.

Með áðurgreindum matsgerðum og viðurkenningu aðilja er sannað, að bygging sú, sem mál þetta er risið af, er stórlega gölluð. Orsakir þessara galla eru aðallega ótraustar undirstöður, of veik steypumót og óvandvirknisleg jöfnun steypunnar í mótin. Með áritun sinni á teikningu af húsi stefnanda tóku stefndu á sig ábyrgð á því, að allt verk, sem undir þá heyrði, væri vel af hendi leyst og í samræmi við byggingarsamþykktir og lög, sbr. 4. gr., 12. tl., byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð nr. 94/1960. Upplýst er, að húsgrunnurinn var tekinn út um mitt sumar 1961. Grunnveggir eru síðan steyptir í febrúar árið eftir, án þess að grunnurinn væri tekinn út á ný eða nokkur athugun færi fram á honum, enda þótt hann hafi verið búinn að fyllast af vatni og frjósa og þiðna á víxl.

Af gögnum málsins er ljóst, að stefndi Sigurvin sá aðallega um þessar byggingarframkvæmdir og ber meginsök á því, hve illa tókst til um þetta verk. Samkvæmt 5. gr. byggingarsamþykktarinnar skal sá, sem sér um verk, tilkynna byggingarfulltrúa, áður en verk er hafið að nýju, sé hætt vinnu við húsbyggingu lengri tíma en 2 vikur eða vegna frosta. Þessi tilkynningarskylda er algerlega vanrækt. Þá er einnig sannað, að stefndi Sigurvin steypti grunnveggi hússins án þess að hafa samráð við múrarameistarann eða láta hann vita af því og e. t. v. einnig kjallaraplötu, veggi og loft. Með þessu atferli hefur stefndi Sigurvin brotið gegn ákvæði 4. gr., 12. tl., byggingarsamþykktarinnar, er mælir svo fyrir, að ekki megi aðrir en meistarar, sem hlotið hafa löggildingu byggingarnefndar, hafa umsjón með múr- eða trésmíði, hver í sinni iðn.

Eins og að framan er rakið, vann stefndi Sigurbjörn ásamt meðstefnda Sigurvini að því að steypa grunnveggi, kjallaragólf og að slá upp fyrir lofti í kjallara, en kom að öðru leyti ekki nálægt smíði hússins. Framburður stefnda Sigurbjörns var ekki vefengdur af meðstefnda Sigurvini né stefnanda. Er því ekki ástæða til annars en taka gildan framburð hans um það, að hann hafi verið hættur við þátttöku í umræddu verki. Hins vegar tilkynnti Sigurbjörn stefnanda ekkert um þetta og lét hann vera í þeirri trú, að þeir Sigurvin væru saman um húsbygginguna, enda var hann áfram skráður hjá byggingarfulltrúa sem ábyrgur meistari. Af þessum sökum verður ekki talið, að stefndi Sigurbjörn hafi leyst sig undan ábyrgð á smíði hússins gagnvart stefnanda.

Stefndi Sigursteinn tók að sér eftirlit með múrsmíði á húsi stefnanda, þ. á m. að undirstöður hússins væru nægilega traustar, en virðist lítið hafa sinnt skyldum sínum í sambandi við húsbygginguna. Vegna vanrækslu stefnda á því að fylgjast með og líta eftir smíði hússins verður eigi hjá því komizt að telja hann ábyrgan gagnvart stefnanda vegna framangreindra galla.

Með vísan til þess, sem áður er sagt um afskipti byggingaryfirvalda af húsi stefnanda og vanrækslu byggingameistara hússins á tilkynningarskyldu gagnvart þeim, verður ekki talið, að stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar hafi bakað sér fébótaábyrgð vegna aðgerða starfsmanna sinna.

Samkvæmt framansögðu ber hins vegar að telja, að stefndu Sigurvin, Sigurbjörn og Sigursteinn beri solidariska fébótaábyrgð gagnvart stefnanda vegna galla á húsi hans.

Matsmenn hafa sundurliðað nákvæmlega matsfjárhæðina, kr. 56.000.00. Þar sem mati þeirra hefur eigi verið hnekkt, og það getur ekki talizt ósanngjarnt, þykir eftir atvikum mega leggja það óbreytt til grundvallar þessum kröfulið stefnanda. Við munnlegan flutning málsins lagði stefnandi fram yfirlit yfir það fé, sem hann hefur lagt í húsbygginguna. Nemur það samtals um 329.000.00 kr. Reisir stefnandi síðari kröfulið sinn á því, að hann hafi orðið fyrir miklu vaxtatapi vegna stöðvunarinnar og auk þess orðið fyrir tjóni vegna hækkandi verðlags.

Eins og áður greinir, töldu matsmenn, að ljúka hefði mátt lagfæringum á ágöllum hússins 18. nóvember 1962, ef hafizt hefði verið handa um það, þegar niðurstöður mats þeirra voru kunnar hinn 23. október 1962. Þykir eftir atvikum sanngjarnt, að stefnandi fái nokkrar bætur miðað við tímabilið, frá því að byggingarframkvæmdir voru stöðvaðar og þangað til lagfæringum hefði mátt ljúka, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 14.000.00. Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda hefur hann greitt kr. 4.000.00 í matskostnað.

Úrslit málsins verða því þau, að dæma ber stefndu Sigurvin, Sigurbjörn og Sigurstein til að greiða stefnanda in solidum kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað. Bæjarsjóður Hafnarfjarðar á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður gagnvart honum falli niður.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, og samdómsmennirnir Ólafur Jensson verkfræðingur og Einar Kristjánsson húsasmíðameistari kváðu upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi bæjarsjóður Hafnarfjarðar á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður, að því er hann varðar, að falla niður.

Stefndu Sigurvin Snæbjörnsson Sigurbjörn Ágústsson og Sigursteinn Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Bjarna Jónssyni, kr. 70.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. september 1962 til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. maí 1967.

Nr. 59/1967. **Guðrún Runólfsson Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sjálfrar sín og ófjárráða barna sinna, Ingibjargar og Ásdísar Jónsdætra**

og

Guðjón Jónsson

gegn

Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa með kæru, dags. 22. marz 1967, er hingað barst 17. apríl s. á., skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 9. marz 1967. Krefjast sóknaraðiljar þess, að hinum kærða dómi verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu.

Ef héraðsdómur verður staðfestur, krefst umboðsmaður sóknaraðilja hækkunar á gjafsóknarlaunum sínum í héraði. Þá krefst umboðsmaðurinn gjafsóknarlauna úr ríkissjóði í kærumáli þessu.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki borizt greinargerð né kröfur.

Málatilbúnaði sóknaraðilja hefur verið ábótavant í héraði, enda þótt af hendi varnaraðilja hafi gætt mikillar tregðu um öflun gagna. Hefur héraðsdómari af þessum sökum vísað málinu frá dómi. Eigi þykir rétt að grípa fram fyrir hendur héraðsdómara, enda er sóknaraðiljum sú leið fær að bæta úr þeim göllum, sem er á gagnaöflun, að því leyti sem þess er nú kostur, og stefna málinu af nýju fyrir héraðsdóm. Samkvæmt þessu ber að staðfesta frávísunarákvæði héraðsdómsins.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja í héraði ákveðast kr. 75.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Eigi er heimild til að dæma umboðsmanni sóknaraðilja hér fyrir dómi gjafsóknarlaun í kærumáli þessu.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um frávísun er staðfest.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja í héraði, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. marz 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 30. marz 1960, af Jóni Guðjónssyni rafvirkjameistara, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, gegn Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 500.000.00 með 6% ársvöxtum frá 28. febrúar 1952 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest 5. apríl 1960.

Skipaður talsmaður stefnanda, sem hefur gjafsókn í málinu, lagði fram við þingfestingu málsins stefnu, tvö vottorð Úlfars Þórðarsonar, heimilislæknis stefnanda, aðiljaskýrslu stefnanda, greinargerð og gjafsóknarbréf stefnanda til handa.

Um málavexti segir svo í stefnunni:

„Tildrög málsins eru þau, að hinn 28. febr. 1952 varð ég fyrir gassprengingu við skyldustörf mín á Elliheimilinu, en þar hafði ég þá verið meira og minna fastur starfsmaður (rafvirkjavinna o.

fl.) undanfarin ár. Missti ég meðvitund við slysið og lá lengi á eftir, enda telja læknar, að ég hafi hlotið alvarlegan heilahristing með blæðingu inn á heilann. Hef ég síðan ekki náð heilsu að talizt geti né á heilum mér tekið sökum svima, höfuðverks og dofa í hægri útlimum með skynjunartruflunum. Neyddist ég tvisvar til að fara til útlanda í lækniserindum, en án nokkurs verulegs árangurs, og telja læknar vafasamt, að um frekari bata verði nokkru sinni að ræða. Hefur líðan mín og starfsgeta verið að mestu óbreytt undanfarið og örorka mín nú metin 50 prósent. Ekki hefur fyrirtækið fengizt til að taka upp viðræður um bótagreiðslur í sambandi við slys þetta, enda þótt greiðsluskylda hljóti að vera með öllu ótvíræð. Nokkur dráttur hefur hins vegar orðið á því að leita fulltingis dómstóla, þar sem ég hef viljað sjá til hlítar, hvernig heilsufari mínu reiddi af og hvort um nokkurn frekari bata kynni að verða að ræða. Að sjálfsögðu hef ég haft óhemjulegan tilkostnað vegna utanferða og heilsubótartilrauna auk atvinnu- og tekjumissis undanfarin ár, og þar við bætist síðan 50% varanleg örorka. Verður gerð nánari grein fyrir kröfum þessum og sundurliðun þeirra undir rekstri málsins, og er jafnframt áskilinn réttur til að hækka stefnukröfuna síðar með framhaldsstefnu eða á annan hátt."

Aðiljaskýrsla Jóns Guðjónssonar er ódagsett. Við hinn munnlega málflutning sagði lögmaður stefnanda, að Jón Guðjónsson hefði undirritað skýrsluna í ágústmánuði 1959. Skýrslan er svohljóðandi:

„Ég er fæddur 7. júní 1921 og er rafvirki (rafvirkjameistari) að atvinnu. Hinn 29. sept. 1950 tók ég til starfa hjá Elliheimilinu Grund. Áður var ég búinn að vinna að meira eða minna leyti í þrjú ár, en þá sem starfandi hjá Raftækjavinnustofu Lúðvíks Guðmundssonar, sem annaðist allar viðgerðir og viðhald á rafmagnsáhöldum. En í september 1950 ákvað forstjóri Elliheimilisins Grundar að taka í sína þjónustu fastan rafvirkja, og þar sem Lúðvík Guðmundsson ætlaði að leggja niður verkstæði sitt, ákvað ég að taka boði forstjórans um að ganga í þjónustu Elliheimilisins Grundar, og skyldi vera þannig, að ég hefði millikaup á milli sveinakaups og útseldrar vinnu. Það skal tekið fram, að ég tilkynnti til Rafmagnsveitu Reykjavíkur það, sem unnið var, svo sem vera ber, og naut því Elliheimilið þar þess, að ég hafði löggildingu. Einnig skal það tekið fram, að menn þeir, sem ég hafði til hjálpar, hvort heldur voru rafvirkjar eða verkamenn, þá hafði ég engar prósentur af því. Einnig allt efni, sem keypt var

til raflagna og viðhalds og ég tók út á mitt nafn, hafði ég ekki eyri af. Verksvið mitt hjá Elliheimilinu var að halda við rafmagnslögnum og tækjum, einnig var ég við viðhald á vélum, þótt það hafi ekki tilheyrt mínu fagi, ef tími vannst til og með þurfti eða ég var um það beðinn.

Þar á meðal var olíukynding, sem hitaði upp gufuketil, sem aftur var notaður til starfrækslu við þvottahúsið. Það skal tekið fram, að vinnustaður minn var í sama plássi og áðurnefndur ketill. Ketill þessi var fenginn hjá Vélsmiðjunni Steðja, og var hann uppgerður hjá þeim, en upphaflega mun hann hafa verið frá setuliðinu. Strax í byrjun komu fram örðugleikar með fyrrgreinda olíukyndingu, og var aðalgallinn sá, að loftvifta, sem færir súrefni inn á eldholið, var drifin af kílreim, sem stundum vildi slakna á eða slitna, og myndaðist þá köfnun í katlinum og þar með sprengingarhætta, þegar olían streymdi inn í heitt eldholið, enn fremur var fleiri frágangi ábótavant. Ég talaði um þetta við öryggiseftirlitið, en fékk það svar, að olíukyndingar væru ekki innan þeirra verksviðs. Einnig talaði ég við forstjóra Elliheimilisins oftar en einu sinni og sagði honum, að umbúnaður kyndingartækjanna væri ótryggur og lagði til, að skipt væri um kyndingu í katlinum, enda var vinnupláss mitt þarna inni og ég þess vegna ekki fullkomlega óhultur, ef eitthvað kynni út af að bera. Fékk ég ætíð það svar hjá forstjóranum, að þetta þyrfti að „athuga", það skyldi verða „athugað" o. s. frv., en síðan ekkert gert í því meir. Svo skeður það hinn 28. febrúar 1952, að ég er að vinna í aðalbyggingu Elliheimilisins og varð litið út um gluggann og sé þá, að mikinn reyk leggur upp úr reykháf þvottahússins, og varð þá ljóst, að ekki mundi vera allt með felldu með olíukyndinguna. Fór ég þá tafarlaust út og inn í ketilhúsið til þess að reyna að koma í veg fyrir frekara hættuástand eða tjón, og skipti það engum togum, að sprenging verður í eldholinu, um leið og ég kem inn, og reyndist hurð eldholsins sprungin frá og allur glugginn úr ketilhúsinu, en ég mun hafa skollið upp að vegg, enda missti ég meðvitund á samri stundu og rankaði ekki við mér fyrr en liggjandi á bekk uppi í Heilsugæzlu og hjúkrunarkona yfir mér. Hafði einn starfsmanna Elliheimilisins fundið mig liggjandi í yfirliði og hann þá kallað á hjúkrunarkonu og forstjórann. Lá ég á Heilsugæzlunni í þrjá sólarhringa og var ekki færður úr fötum, því mér þyngdi það mikið, og því næst var ég fluttur heim á Elliheimilið, þar sem ég lá í kjallaraherbergi innan um vistmenn og var þeim auðvitað til óþæginda, og var ég því feginn, er ég að

viku liðinni var loks fluttur heim til mín. Eftir að heim kom, lá ég nokkurn tíma, en þegar ég fór að haf fótavist, kom í ljós, að ég var hvergi nærri vinnufær vegna svima og vanlíðunar í höfði. Læknir Elliheimilisins, Alfreð Gíslason, sagði, að þetta mundi væntanlega lagast, er frá liði, og leyfði hann mér að byrja að vinna nokkra tíma á dag, og gerði ég það frá 1. apríl að telja.

Það skal tekið fram, að þennan tíma, sem ég var frá vinnu, fekk ég rafvirkja fyrir mig. Læknirinn var sífellt að reyna við mig nýjar og nýjar pillur, en þær virtust að litlu gagni koma, enda batinn óverulegur. Nú kom þar, að forstjóranum fannst afköst mín ekki nógu mikil, enda þótt ég reyndi að vinna eftir mætti. Hinn 23. ágúst um sumarið (1952) fór ég austur í Hveragerði til hvíldar á dvalarheimili Elliheimilisins þar, þótt ég ætti engan veginn heimangengt, þar sem kona mín beið nú eftir að ala þriðja barn okkar, en ég var þá farinn að fá svo óþolandi kvalir í höfuðið, og þessi köst voru alltaf að þéttast, og vildi ég umfram allt hlífa konu minni við að horfa á mig þannig. Meðan ég dvaldi fyrir austan, vann ég smávegis, og var um talað, að það kæmi upp í fæði þar. Þegar suður kom, leið mér betur um tíma, en síðan fór að sækja í sama horfið aftur, og bætti það ekki úr, að forstjóranum fannst afköst mín léleg, en aftur á móti var vonlítið fyrir mig að bjóða mig fram til vinnu annars staðar. Ég reyndi sem ég gat, enda var mikillar vinnu krafizt fyrir jólin og mjög slæmt að fá rafvirkja sér til hjálpar. Nú líður tíminn fram til vors í einni martröð, og voru kvalaköstin í höfðinu orðin óbærileg, og síðan bættist við, að ég var farinn að detta niður hvar sem var, og fór þetta sérlega illa með konu og börn, því þetta skeði eins heima sem heiman. Var hún nú farin að sætta sig við, að ég stæði ekki upp meira. Nú þegar hér var komið, er heimilið í ráða þrotum, óvissa og kvíði svipti mig og heimili mitt allri lífsgleði. Varð það þá úr, að ég fór til læknis míns, Úlfars Þórðarsonar, og lét hann skoða mig á ný. Sendi hann mig síðan til Kjartans Guðmundssonar, og eftir vikutíma er ég svo lagður inn á Militærhospitalið í Kaupmannahöfn, enda var þá hægri hönd og fótur orðinn svo til tilfinningalaus, og vantaði mikið á, að ég hefði fulla krafta í þeim né í líkamanum yfirleitt.

Eftir utanförina fór ég að vinna lítils háttar 7. sept. 1953, og var það í rauninni fyrr heldur en ég mátti eða gat, en rafvirkinn, sem fyrir mig var, gat ekki verið mikið lengur. Nú reyndi ég að vinna, eins og ég frekast gat, og var það meira af kappi en forsjá, enda fór lasleikinn að ágerast á ný og það svo mjög, að mér

var ráðlagt að fara enn utan, sem ég gerði. Það skal tekið fram, að forstjórinn var eitthvað óánægður með mig, og lenti eitt sinn í orðasennu á milli okkar, þegar mér fannst hann ganga of langt í ósanngirni. Nú skeður það, að þegar ég er að fara utan og er hættur vinnu og búinn að fá rafvirkja fyrir mig og er að kveðja starfsfólkið ásamt forstjóra, þá tilkynnir hann mér allt í einu, að leiðir okkar séu skildar hér með. Urðu út af þessu nokkur orðaskipti með mér og forstjóranum, sem ég mun ekki rekja að sinni né heldur það, sem síðar hefur farið okkar á milli. Mun væntanlega gefast tækifæri til þess síðar undir rekstri málsins.

Það er álit lækna, enda engum blöðum um það að fletta, að heilsuleysi mitt á rót sína að rekja til slyssins 1952, enda var ég heilsuhraustur áður og kenndi mér einskis þess meins, sem hefur þjáð mig, síðan slysið varð.

Ég skal skjóta því inn í, að áður en mér var sagt upp, kallaði forstjórinn eitt sinn á mig, eftir að ég var búinn að fá eitt kvalakastið við vinnu á Elliheimilinu, og lét mig skrifa undir bréf, sem hann samdi, þar sem ég er látinn taka sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af kynni að hljótast heilsuleysi mínu í sambandi við og að því er snertir störf mín við rafmagnsviðgerðir o. s. frv. á Elliheimilinu. Skrifaði ég undir þetta í eins konar móki.

Ég hef beðið með að gera ákveðnar kröfur á hendur Elliheimilinu út af slysinu, þar til séð væri, hvernig heilsufari mínu reiddi af og hvort einhvers frekari bata væri von. Nú telur læknir ekki lengur breytinga að vænta til batnaðar, og dreg ég þess vegna ekki lengur að leita úrskurðar dómstóla, enda hefur forstjórinn aldrei verið til viðtals um neinar bætur. Greiðslur þær, sem ég hef fengið frá Elliheimilinu í þessu tilefni, eru 14 daga kaup og frítt uppihald, meðan ég lá eftir slysið og ekki var hægt að flytja mig heim. Enn fremur nokkrir nuddtímar.

Tekjur mínar voru árið 1953 kr. 33.150.00, 1954 kr. 28 þús., árið 1955 kr. 12.000.00 o. s. frv., sem ég mun nánar gera grein fyrir tekjunum áframhaldandi, allt fram til þessa dags."

Fyrra vottorð Úlfars Þórðarsonar læknis er dagsett 29. júní 1959 og er svohljóðandi:

„Skv. beiðni er undirrituðum ljúft að votta, að mér er ekki kunnugt um annað en að Jón Guðjónsson, f. 7/6 1921, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, hafi alltaf verið heilsugóður og laus við alla veiklum fram til þess, er hann meiðist í slysi (gassprengingu) árið 1952 í febrúar, en eftir það hefur hann átt við vanheilsu að stríða, sérstaklega höfuðverk, svima og jafnvægistruflanir."

Síðara vottorðið er dagsett 30. janúar 1960 og er svohljóðandi:

„Sjúklingur minn Jón Guðjónsson, f. 7/6 1921, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, varð þ. 28/2 1952 fyrir sprengingum frá kyndingarhólfi gufuketils með þeim afleiðingum, að ég tel, að hann hlaut heilahristing. Ég sá ekki slasaða fyrr en nær því 14 mánuðum síðar, að ég lít á slasaða vegna svima, höfuðverks og dofa í h. hendi og h. fæti. Þá var slasaði sendur til Kjartans R. Guðmundssonar, sem fann skynjunartruflun h. megin. Varð þá að ráði, að sjúkl. var sendur til Ríkisspítalans í Höfn vegna:

1) Seqvele commotio Cerebri.
2) Subdural Hæmatom? (Seqvele).

Sjúkl. var svo erlendis í 3½ mánuð. Var gerð heilablásing og nákvæm neuroklinisk rannsókn. Töldu læknar þar, að þetta væri eftirköst eftir commotio cerebri, sem mundi batna mikið á 1 ári. Árið eftir, 1954, um vorið, fór slasaði aftur til Hafnar og hitti nú auk lækna á neurokirugisk deild Ríkisspít. einnig lækna á Neurologiska deild Ríkisspít., og taldi yfirlæknir Fog þá vafasamt, að frekari bata væri að vænta. Síðan hefur líðanin verið að mestu óbreytt, og er starfsorka sjúkl. að mínum dómi ca. 50% á við fyrri getu — þennan tíma, sem leið, áður en ég sá sjúklinginn. Diagnosis mín, byggð á athugunum ofangreinds læknis:

1. Seqv. commotio cerebri.
2. Seqv. „Schock“.“

Greinargerð stefnanda er að aðalefni svohljóðandi:

„Af bréfaskiptum, sem farið hafa fram milli mín og forstjóra hælisins, er svo að skilja, að því verði haldið fram af hendi þess, að ekki sé um neina bótaskyldu að ræða í máli þessu. Virðist því einsætt, að málið verði flutt í tvennu lagi, sbr. 71. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, og vænti ég, að dómarinn og hv. andst. samþykki þá málsmeðferð.

Samkvæmt því mun ég að svo vöxnu máli eingöngu ræða hina almennu hlið málsins, enda liggi hin tölulega hlið þess um kyrrt á meðan sem og endanleg ákvörðun stefnufjárhæðar. Krefst ég í þessum hluta málsins, að hið stefnda elli- og hjúkrunarheimili verði dæmt bótaskylt gagnvart umbj. mínum og gert að greiða hæfilegan málskostnað.

Þótt alllangt sé um liðið, frá því slysið varð, er ekki um neinn óeðlilegan drátt að ræða, hvað málssókn þessa snertir, þar sem umbj. m. hefur stöðugt og jafnan verið að bíða, hvort eða hvers bata kynni að vera von, enda er það ekki fyrr en með lækn-

úrskurði, dskj. 4, að honum berst endanleg vitneskja um þetta og jafnframt mat á varanlegri örorku og þar með grundvöllur til kröfugerðar í málinu.

Um málavexti nægir að öðru leyti að vísa til hinnar ýtarlegu greinargerðar umbj. míns á dskj. 3, og hef ég litlu við það að bæta að svo stöddu. Ljóst er, að elliheimilið er skaðabótaskylt í þessu tilfelli, fyrst og fremst samkvæmt almennum reglum um húsbænda- eða atvinnurekendaábyrgð, enda virðist og miðstöðin hafa verið gölluð, beinlínis hættuleg, og eftirliti hennar og umbótum ábótavant af hálfu ráðamanna heimilisins. Þá er og um að ræða vanrækslu í fleiru tilliti, sem allt verður nánar rakið á síðara stigi málsins. Áskil ég mér rétt til að færa fram hverjar þær málsástæður og rök, sem þurfa þykir, sem og til þess að leggja fram frekari gögn og sannanir, eftir því sem málflutningur hv. andst. kann að gefa tilefni til.

Með þessum fyrirvara legg ég þennan hluta málsins undir munnlegan flutning hér með.

Reykjavík, 18. ap. 1960".

Lögmaður stefnda lagði fram greinargerð sína þann 10. maí 1960. Er meginefni hennar svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að gera þær dómkröfur, *að* umbjóðandi minn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og *að* stefnanda verði dæmt að greiða umbjóðanda mínum málskostnað að skaðlausu.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, *að* olíukynding hjá umbjóðanda mínum hafi verið gölluð, *að* hann hafi kvartað um þetta við forstjóra umbjóðanda míns, *að* hann hafi sagzt mundu athuga þetta eða láta athuga, *að* sprenging hafi orðið í eldholinu 28. febr. 1952 og *að* stefnandi hafi meiðzt við slíka sprengingu.

Öllu þessu er mótmælt sem röngu. Stefnandi átti vanda til að fá aðsvif við vinnu. Hann hefur vafalaust fallið í öngvit og fengið heilahristing, en umbjóðandi minn á enga sök á því og ber enga ábyrgð á því. Hann mótmælir því, að heilsutjón hans stafi af þessu, auk þess sem vefengt er, að hann hafi beðið nokkurt heilsutjón við störf í umbjóðanda míns þágu, enda var ekki um hættulegt starf að ræða.

Um athafnir stefnanda og athafnaleysi í sambandi við umstefnda kröfu er það að segja, að hann hreyfir engum kröfum, heldur tekur upp fyrri störf hjá umbjóðanda mínum, eins og ekkert hefði í skorizt, en yfirliðagjarnt var honum þá sem áður, og undirritaði hann af fúsum og frjálsum vilja frumrit dskj. 9. Slysið á að hafa gerzt 28. febr. 1952, en stefna er ekki gefin út

fyrr en 17. marz 1960, eða rúmum átta árum síðar. Stefnandi virðist því hafa fyrirgert rétti til bóta, ef nokkur hefði verið, en því er eindregið mótmælt.

Ég mótmæli dskj. 1—4 sem röngum og óstaðfestum og dskj. 5 sem röngu."

Þann 10. maí 1960 lagði lögmaður stefnda fram aðiljaskýrslu Gísla Sigurbjörnssonar, forstjóra stefnda. Aðiljaskýrslan er dagsett 3. maí 1960, og er að aðalefni svohljóðandi:

„Út af kröfu hr. Jóns Guðjónssonar rafvirkjameistara um skaðabætur fyrir meint tjón, er hann telur sig hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952 hér á stofnuninni, þá vil ég taka fram eftirfarandi:

Hvort J. G. hefur nokkurn tíma talað við mig um útbúnað á kydingartækjum, man ég ekki, en geta má þess, að ef eitthvað fer úr lagi, vélar eða tæki, þá er ávallt bætt úr því án tafar. Er sú regla höfð hér og hefur verið, síðan ég tók við þessu starfi, að viðkomandi starfsmenn eru beðnir að sjá um viðgerð — ef þeir geta það ekki þá sjálfir — og er öryggiseftirlitið ávallt beðið að koma og athuga, ef eitthvað virðist vera að. Ef umrædd kyndingartæki hafa ekki verið í lagi og öryggiseftirlitið ekkert viljað sinna málinu, þá hefur J. G. sem starfsmaður átt að sjá um, að þau væru sett í lag — annaðhvort sjálfur eða fá menn til þess, og ef eitthvert óhapp hefur komið fyrir með tækin, verður því vanrækslu hans í starfi um að kenna.

Um þetta atvik, sem J. G. byggir kröfu sína á, veit ég ekkert sérstakt nema það, að J. G. átti vanda til að fá aðsvif við vinnu, en enginn var viðstaddur í ketilhúsinu, og er því J. G. einn til frásagnar um það, sem þar hefur gerzt.

Um umsögn J. G. um heilsu og heimilisaðstæður er ekki ástæða fyrir mig að tala, læknar segja sitt álit um heilsuna — heimilisástæður hans þekkti ég lítið — en þó þykja mér ummæli hans í minn garð bæði ósönn og ómakleg — hafði ávallt reynt að reynast honum og hans fólki vel — en um það geta aðrir borið en ég.

Herra læknir Alfreð Gíslason mun geta sagt talsvert um þetta mál — enda hjálpaði hann J. G. til að fá sjúkrahúspláss í Kaupmannahöfn. Fullyrðing J. G., að meint heilsuleysi hans eigi rót sína að rekja til þessa atviks í febrúar 1952 verður að sjálfsögðu athugað af læknisfróðum mönnum.

Ummæli J. G. um, að ég hafi fengið hann í móki til að undirrita bréf, eru ósönn með öllu. Alfreð læknir Gíslason ræddi við

J. G. ásamt mér um þetta. Að J. G. hafi skrifað undir umrætt vottorð í eins konar móki, er því uppspuni."

Yfirlýsing sú, sem Jón Guðjónsson kveðst í aðiljaskýrslu sinni hafa undirritað í eins konar móki og Gísli Sigurbjörnsson getur um í niðurlagi skýrslu sinnar, er svohljóðandi:

„Hérmeð viðurkenni ég undirritaður, að herra læknir Alfreð Gíslason hefur vakið athygli mína á því, að heilsu minni sé þannig háttað, að hættulegt geti verið fyrir mig að fást við rafmagnsviðgerðir, rafmagnslagnir eða önnur þau störf, sem ég hef unnið á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, og tek ég því sjálfur á mig þá ábyrgð, sem af því kann að hljótast.

Reykjavík, 10. apríl 1953."

Stefnandinn, Jón Guðjónsson, andaðist að heimili sínu aðfaranótt 21. júlí 1960.

Þann 18. október 1960 lagði lögmaður stefnanda fram krufningarskýrslu Níelsar Dungals. Í niðurlagi skýrslunnar er svofelld ályktun:

„Ekki fundust nein merki þess á heila, heilabasti eða höfuðbeinum, að hinn látni hafi hlotið alvarlegt höfuðhögg. Ekki sást, að nein aðgerð hefði verið gerð á heila, og heilabúið hefur áreiðanlega aldrei verið opnað. Banameinið hefur verið lungnabjúgur, sem leitt hefur til köfnunar. Orsökin hefur sennilega verið sú, að maðurinn hefur verið að fá lungnabólgu, sem hefur farið svo geyst af stað, að mikill bjúgur í lungum hefur leitt til köfnunar."

Í þinghaldinu 18. október 1960 lagði lögmaður stefnanda jafnframt fram sjúkraskrá stefnanda frá Ríkisspítalanum í Kaupmannahöfn og þrjú skoðunarvottorð Öryggiseftirlits ríkisins. Jafnframt lagði hann fram bókun. Í henni segir meðal annars:

„Eins og fram kemur í dómsskjali nr. 15, andaðist stefnandi þessa máls, Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, hinn 21. júlí s.l. Breytist því aðild málsins, og hefur ekkjan, Guðrún Guðmundsdóttir, ákveðið vegna dánarbúsins og vegna sín og ófjárráða barna, Guðjóns, Ingibjargar og Ásdísar, að ganga inn í málið og taka við sóknaraðild þess. Hefur hv. andst. þegar verið tilkynnt sú ákvörðun með bréfi, dags. 9. september s.l.

Jafnframt þessu hlýtur kröfugerð málsins að breytast að verulegu leyti. Hækka verður heildarkröfu málsins upp í 750 þús. krónur að áskildum rétti til hækkunar eða lækkunar og til nánari sundurliðunar, þ. á m. að taka upp nýja kröfuliði, sem ekki var gert ráð fyrir í stefnu, en falla frá öðrum. Haldið verður vegna dánarbúsins fast við kröfu um örorkubætur frá slysdegi, 28. febr.

1952, til andlátsdags, 21. júlí s.l., sem og greiðslu alls álagðs kostnaðar af lækningatilraunum og spítalavistum. Enn fremur um bætur vegna þjáninga og sársauka hins látna. Í annan stað mun af hendi núverandi sóknaraðilja sjálfrar og barna hennar gerð krafa um bætur fyrir missi fyrirvinnu og röskun á stöðu og högum og um greiðslu jarðarfararkostnaðar — allt innan heildarstefnukröfunnar — þar sem byggt verður á því, að slysið 1952 — og eftirfarandi heilsuleysi Jóns sál. Guðjónssonar af þess völdum — hafi verið undanfari eða upphafleg orsök dauðsfallsins, a. m. k. meðverkandi dauðaorsök með lungnabjúgnum. Þá verður að sjálfsögðu krafizt málskostnaðar í öllu málinu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, og skal þess getið, að dómsmálaráðuneytið hefur samþykkt munnlega, að gjafsóknin nái einnig til málsins í hinu núverandi og breytta formi. Hef ég gert hv. andst. aðvart um breytingar þessar og nýjar kröfur, og skilst mér, að hann samþykki, að þær komist að í málinu án framhaldsstefnu.

Ég tel sjálfsagt að ræða fyrst og dæma hina almennu hlið málsins, sbr. 71. gr. einkamálalaga, en fresta gagnasöfnun og málflutningi um tölulegu hliðina, þar til hin almenna greiðsluskylda liggur ljósar fyrir."

Með bréfi, dagsettu 26. janúar 1961, óskaði lögmaður stefnanda þess, að leitað yrði álits Læknaráðs um það, „hvort umrætt slys og eftirfarandi heilsubrestur af þess sökum verði talinn aðaleða meðverkandi orsök að dauðsfalli Jóns sál. Guðjónssonar", og gekk úrskurður á bæjarþinginu um það 3. febrúar 1961.

Með bréfi, dagsettu 20. desember 1961, endursendi Læknaráð málið frá sér, þar sem það taldi ekki nægar upplýsingar vera fyrir hendi í málinu.

Með bréfum, dagsettum 5. apríl og 7. des. 1963, óskaði lögmaður stefnanda þess, að málið yrði á ný lagt fyrir Læknaráð, og var það gert með úrskurði 9. janúar 1964.

Þann 15. janúar 1965 var stefnda birt framhaldsstefna í málinu, þar sem Guðrún Guðmundsdóttir f. h. dánarbús Jóns Guðjónssonar og vegna sín og ófjárráða barna, Guðjóns, Ingibjargar og Ásdísar, gerði þær kröfur, að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda:

„1. Örorkutjón Jóns sál. Guðjónssonar frá 28. 2. '52 til dánardags, 21. 7. '60. Miðað við 50% örorku, enda þótt hún hafi raunverulega verið meiri (oft og lengst af 100%) .. .. kr. 182.021.00

2. Útlagður kostnaður, einkum vegna ferða til Kaupmannahafnar og spítalavista þar. (Kvittanir að sjálfsögðu ekki til, og er kostnaður þessi þessi því áætlaður) .. .. kr. 50.000.00
3. Vegna þjáninga og sársauka hins lána fram til dánardags .. .. — 120.000.00
4. Röskun á stöðu og högum, brostnar framavonir, skert heimilis- og lífshamingja .. .. — 120.000.00

Auk ofangreindra krafna dánarbúsins eru gerðar eftirfarandi kröfur v/eftirlifenda:

5. Krafa mín (ekkju) fyrir missi framfæranda, kr. 638.528.00 mínus kr. 61.045.00 .. .. — 577.483.00
6. Krafa mín fyrir röskun á stöðu og högum .. — 180.000.00
7. Krafa v/Guðjóns Jónssonar, f. 27. 9. 1944, fyrir missi framfæranda .. .. — 1.119.00
8. Krafa sama fyrir röskun á stöðu og högum .. — 50.000.00
9. Krafa Ingibjargar Jónsdóttur, f. 23. 1. 1950, fyrir missi framfæranda .. .. — 41.351.00
10. Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum .. — 50.000.00
11. Krafa Ásdísar Jónsdóttur, f. 2. 9. 1952, fyrir missi framfæranda .. .. — 59.179.00
12. Krafa sömu fyrir röskun á stöðu og högum .. — 50.000.00

Ennfremur:

13. Krafa fyrir jarðarfararkostnaði, áætl. .. .. .. — 10.000.00

Samtals kr. 1.491.153.00

Þá er og krafizt 7% ársvaxta frá 28. febrúar 1952 af kröfuliðum 1.—4. og af kröfuliðum 5.—13. frá 21. júlí 1960, hvort tveggja til greiðsludags, og loks málskostnaðar að skaðlausu eða til vara eftir mati réttarins og án tillits til þess, að málið er gjafsóknarmál."

Í greinargerð við framhaldssök og við hinn munnlega málflutning hefur því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að sannað sé, að heilsutjón Jóns Guðjónssonar og dauðsfall megi með nægilegri vissu rekja til sprengingar þeirrar, sem orðið hafi í katlinum, og beri stefndi fulla ábyrgð á því tjóni stefnanda.

Kröfur samkvæmt 5., 7., 9. og 11. lið framhaldsstefnunnar byggði lögmaður stefnanda á örorkuútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Er útreikningur sá dagsettur 6. janúar 1965 og er svohljóðandi:

„Í sambandi við slys, er þér teljið Jón Guðjónsson rafvirkjameistara, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, hafa orðið fyrir 28. febrúar 1952, hafið þér óskað eftir útreikningi á örorkutjóni svo og fjárhagstjóni ekkju og barna vegna missis framfæranda, en Jón lézt 21. júlí 1960.

Jón Guðjónsson er sagður hafa verið fæddur 7. júní 1921. Hann lét eftir sig ekkju, Guðrúnu Runólfsson Guðmundsdóttur, sem sögð er fædd 25. júní 1921. Börn þeirra eru þrjú, Guðjón, f. 27. september 1944, Ingibjörg, f. 23. janúar 1950, og Ásdís, f. 2. september 1952.

Þér hafið gert ráð fyrir að miða örorkutjónið við 50% orkutap frá slysdegi til dauðadags, en dánarbætur verði reiknaðar með venjulegum hætti. Enn fremur hafið þér talið rétt að leggja reiknaðar (áætlaðar) tekjur til grundvallar útreikningi í stað þess að afla upplýsinga um tekjur Jóns árin fyrir slysið, en slíkar upplýsingar gæti reynzt erfitt að fá og óvíst, hver not yrðu af þeim. Hef ég því miðað útreikninginn við vinnutekjur iðnaðarmanna samkvæmt skattframtölum, svo sem nánar verður greint frá hér á eftir. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að í aðiljaskýrslu stefnanda í máli því, er hér um ræðir, kveðst Jón hafa haft millikaup milli sveinskaups og útseldrar vinnu fyrir störf sín á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund, sbr. dskj. nr. 3.

A. *Örorkutjón.*

Samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík reyndust meðalvinnutekjur launþega í þessum stéttum starfsárin 1952—1960 vera sem hér segir:

Árið	1952	kr. 39.515.00
—	1953	— 46.213.00
—	1954	— 47.902.00
—	1955	— 55.286.00
—	1956	— 63.092.00
—	1957	— 60.956.00
—	1958	— 68.624.00
—	1959	— 74.014.00
—	1960	— 79.608.00

Sé miðað við, að helmingur þessara tekna hafi tapazt frá slysdegi, 28. febrúar 1952, til dauðadags, 21. júlí 1960, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 182.021.00. Er

þá reiknað með 7% vöxtum p. a., en engum dánarlíkum, þar eð um ákveðið tímabil (frá slysdegi til dauðadags) er að ræða. Enn fremur er reiknað með, að tekjur hvers árs dreifist jafnt yfir árið.

B. *Bætur vegna fráfalls fyrirvinnu.*

Tekjur þær, sem ég hef lagt til grundvallar við útreikning bóta vegna fráfalls fyrirvinnu, styðjast við hlutfallið milli meðaltekna (vinnutekna) kvæntra iðnaðarmanna í Reykjavík starfsárin 1954—1963 og kauptaxta samkvæmt kjarasamningi járniðnaðarmanna. Með þessum hætti hef ég reiknað árstekjur sem hér segir:

Árið 1960	kr.	74.234.00
— 1961	—	78.898.00
— 1962	—	90.739.00
— 1963	—	102.911.00
Jan.—sept. 1964	—	125.146.00
Eftir þann tíma	—	133.191.00

Samanburður við A-lið sýnir, að árið 1960 hafa tekjur reynzt nokkru hærri en hér er reiknað með, þ. e. „árferði" hefur verið betra en meðaltal þeirra 10 ára, sem hér eru lögð til grundvallar, sýnir.

Af ofangreindum tekjum óskiptum hef ég að venju fyrst tekið fyrir bótum til barnanna fjárhæð, er svarar til barnalífeyris almannatrygginga til fullnaðs 16 ára aldurs hvers barns. Frá dauðadegi Jóns hefur árlegur barnalífeyrir almannatrygginga verið sem hér segir:

Frá slysdegi til júníloka 1961	kr.	7.200.00
— 1/7 1961 til 31/5 1962	—	8.193.60
— 1/6 1962 til 30/6 1963	—	8.521.34
— 1/7 1963 til 31/12 1963	—	9.799.55
Eftir þann tíma	—	11.109.00

Miðað við þessar bætur reiknast mér verðmæti á dauðadegi nema:

Til Guðjóns	kr.	1.190.00
Til Ingibjargar	—	41.351.00
Til Ásdísar	—	59.179.00

Sé ekkjunni reiknaður helmingur þeirra tekna, er eftir verða, þegar tekið hefur verið fyrir barnalífeyri til barnanna, reiknast mér verðmæti slíkra greiðslna á dauðadegi nema kr. 638.528.00.

Frá almannatryggingum hefur Guðrún átt rétt á bótum vegna slyssins, ekkjubótum í 12 mánuði að fjárhæð samtals kr. 14.189.00 og mæðralaunum, sem numið hafa á ári:

Ágúst—sept. 1960	kr.	14.400.00
Okt. 1960—júní 1961	—	7.200.00
Júlí 1961—maí 1962	—	8.193.60
Júní 1962—júní 1963	—	8.521.34
Júlí—des. 1963	—	9.799.55
Jan. 1964—jan. 1966	—	12.061.20
Febr. 1966—sept. 1968	—	2.221.80

Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna á dauðadegi reiknast mér nema kr. 61.045.00. Að sjálfsögðu er barnalífeyrir almannatrygginga greiddur með börnum hins látna.

Við útreikning bóta undir B-lið hafa verið notaðar 7% töflur um starfsorkulíkur, samræmdar eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960, enn fremur eftirlifendatöflur íslenzkra kvenna og 7% lífrentutöflur 1951—1960. Dánarlíkur barna hafa verið reiknaðar 0.1% p. a. (við útreikning ekkjubóta og mæðralauna hefur þó ekki verið tekið tillit til dánarlíkna barna)."

Stefndi hefur mótmælt útreikningi tryggingafræðingsins sem röngum, þar sem útreikningurinn sé byggður á kjarasamningi járniðnaðarmanna.

Úrskurður Læknaráðs gekk þann 9. marz 1965, og er niðurstaða hans þessi:

„Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að Jón heitinn Guðjónsson hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið og að hann hafi hvorki þjáðst af yfirliða- né krampaköstum.

Eftir slysið er sagt, að Jón hafi þjáðst af höfuðverk og ekki getað afkastað fullri vinnu af þeim sökum. Innan árs frá því að slysið varð, byrjaði hann að fá krampaköst, sem sagt er, að hafi byrjað með miklum höfuðverk hægra megin. Þegar Jón var lagður inn á Ríkisspítalann í Kaupmannahöfn 9. maí 1953, hné hann niður (sank patienten sammen) án þess þó að fá krampa í það skiptið. Hins vegar fékk Jón heitinn krampakast, þegar gerð var á honum „loft-encephalografia". Jón fékk meðferð við krampaköstunum. Henni var haldið áfram fram í nóvember 1953. Hinn

26. maí 1954 er skrifað í journal Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn, að Jón hafi ekki haft krampa síðasta árið. Ekki liggja fyrir upplýsingar um, hvort Jón hafi haft krampaköst síðan 1954.

Í vottorði Kristjáns Þorvarðssonar, dagsettu 22. okt. 1960, er þess getið, að Jón hafi við skoðun í janúar 1959 kvartað um, að hann ætti erfitt um vinnu vegna þreytu, slappleika, höfuðkvala, stundum skyndilegrar blindu og velgju. Við skoðun fannst jákvætt Rombergs-próf og jákvæð Babinski-svörun hægra megin og minnkað skyn sömu megin. Enn fremur óöruggt og sljóvgað minni. Ályktanir Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og Kristjáns Þorvarðssonar eru báðar á þann veg, að kvartanir Jóns og einkenni stöfuðu af slysi. Getur læknaráð fallizt á, að þetta sé rétt.

Krufningarskýrslan ber með sér, að banamein Jóns hafi verið lungnabjúgur, en hins vegar fundust ekki einkenni um meiri háttar bólgu. Í skýrslunni er þess getið, að heilafellingar hafi verið aðeins flatari en eðlilegt er hægra megin. Gæti þetta bent til þess, að um heilabjúg hafi verið að ræða. (Nákvæm vefjarannsókn af heilanum, sem skæri úr um þetta og gæti e. t. v. gefið frekari upplýsingar, fylgir ekki krufningarskýrslunni). Hafi svo verið, er vel hugsanlegt, að maðurinn hafi fengið heiftarlegt krampakast, sem hafi orsakað lungnabjúginn og þannig orðið honum að bana.

Þá ber og að geta þess, að mönnum er hættara við krömpum, þegar líkamshiti hækkar, og gæti því byrjandi lungnabólga hafa útleyst krampakast hjá Jóni.

Í samræmi við það, sem að ofan segir, verður að teljast líklegt, að heilsubrestur Jóns af völdum slyssins hafi að minnsta kosti verið meðverkandi orsök að dauða hans."

Stefndi hefur mótmælt úrskurði Læknaráðs með þeim rökum, að Læknaráð byggi úrskurð sinn á því, að Jón Guðjónsson hafi ekki þjáðst af yfirliðaköstum. Nú sé upplýst, að svo hafi verið samkvæmt vætti læknisins Alfreðs Gíslasonar.

Þann 29. júní 1966 var lögð fram sjúkraskrá viðvíkjandi Jóni Guðjónssyni. Sjúkraskráin er svohljóðandi:

„A. G. Dags. 1/4 '53.

Nafn: Jón Guðjónsson.

Heimili: Borgarholtsbr. 14, Kópavogi.

Fæðingardagur: 7/6 1921.

Fékk í gær epileptiformt kast. Segist upp á síðkastið hafa fengið (þau) nokkru tíðar en áður: Í gær, þar áður fyrir ½

mánuði. Þar áður fyrir 2 mánuðum — þvagmissir. Hefur brotið úr tönnum — tungubit (tgbit).

Varð fyrir ketilsprengingu í febrúar 1952. Lengi svimi þá á eftir. Lá í 4—5 vikur.

Við áreynslu fær hann verki eins og högg aftan í hnakka og háls.

4/4 *Neurologisk skoðun.*

Nokkru áður en hann varð fyrir ketilsprengingu, var hann slæmur af gyllinæð um tíma. Þá fékk hann aðsvif í sambandi við sársauka við hægðir. Einnig er hann var að læra (fyrir 8 árum) fékk hann aðsvif, einnig í sambandi við gyllinæð. Missti meðvitund augnablik. Lagaðist aftur eftir nokkrar mínútur."

Alfreð Gíslason læknir hefur fyrir dómi 16. janúar 1967 staðhæft, að Jón Guðjónsson hafi tjáð vitninu, að hann hafi fengið aðsvif, eins og nánar er greint frá hér að ofan.

Þann 18. október 1960 lagði lögmaður stefnanda fram þrjú skoðunarvottorð Öryggiseftirlits ríkisins, dagsett 19. febrúar 1952, 6. marz 1952 og 21. apríl 1952.

Vottorðið frá 6. marz 1952 er að meginefni svohljóðandi:

„Sjá skal svo um, að hin sjálfvirku tæki ketilsins Pyrostat, kveikioddar, háspennukerfi og þrýstistillir ásamt vatnshæðarstilli verði athugað og rækilega gegnumfarið á 6 mánaða fresti og oftar, ef þess reynist þörf. Hlíf vantar á glas ketilsins og stillingu á öryggisloka."

Meginefni vottorðsins frá 21. apríl 1952 er þannig:

„Nýr reykrofi hefur verið settur í eimketilinn. Sá eldri reyndist ónýtur. Þessi er nú reyndur. Hann slekkur á olíudæluhreyfli eftir ca. 10—20 sek., frá því loginn deyr, ef olían er tekin af. Ketillinn virðist nú í lagi. Reykrofann skal athuga á 4 til 6 mánaða fresti."

Þann 15. júní 1965 óskaði lögmaður stefnda eftir umsögn öryggismálastjóra um vottorð þessi, og skilaði öryggismálastjóri áliti, sem er dagsett 9. júlí 1965. Þar segir m. a.:

„Að jafnaði eru eftirlitsskyldar vinnustöðvar skoðaðar einu sinni á ári. Sé oft skoðað, er það vegna sérstaks tilefnis. Þegar spjaldskrá eftirlitsins er athuguð, sést, að hin árlega skoðun Elliheimilisins Grundar hefur að tveim síðastliðnum árum undanskildum ávallt verið gerð á fyrstu mánuðum ársins, og virðist því sem skoðunin, sem gerð var 19. 2. 1952, hafi verið hin reglulega árlega skoðun án sérstaks tilefnis. Við þá skoðun hafa ekki aðrar athugasemdir verið gerðar við búnað véla og tækja en

vottorðið ber með sér. Verður því ekki séð, að neitt hafi verið talið athugavert við búnað eimketilsins, þegar skoðunin var gerð.

Næsta skoðun, sem gerð er 6. marz, er, eftir því sem skoðunarvottorðið ber með sér, eingöngu gerð ketilsins vegna og tilefnið að líkindum sprengingin, sem varð í eldholi hans hinn 28. febrúar. Það, að skoðunin er ekki gerð, fyrr en viku eftir að sprengingin varð, bendir til þess, að atvikið hafi ekki verið tilkynnt eftirlitinu, og því hefur ekki verið skoðað, fyrr en eftirlitinu barst vitneskja um sprenginguna þessu síðar.

Þriðja skoðunin, sem gerð er 21. apríl, virðist einnig eingöngu vera gerð ketilsins vegna og þá til þess að ganga úr skugga um, að það, sem ekki reyndist í lagi við næstu skoðun á undan, hafi nú verið lagfært.

Sprengingu þá, sem varð í katlinum, tel ég hafa orðið vegna þess, að stillitæki eða rafbúnaður kynditækjanna hafi ekki unnið rétt. Sérhver eimketill á að vera undir stöðugri gæzlu, og það er hlutverk ketilgæzlumannsins að fylgjast með því, að öll tæki tilheyrandi katlinum séu í lagi og vinni rétt. Bregði út af þessu, svo að viðhaldi eða eftirliti verði ábótavant, getur skapazt hættuástand. Slíkt daglegt eftirlit er að sjálfsögðu ekki hlutverk öryggiseftirlitsins, og getur því ekki verið um vanrækslu af þess hálfu að ræða í þessu sambandi.

Fyrirmæli eftirlitsmannsins á skoðunarvottorði, dags. 6. marz 1952, þar sem hann mælir svo fyrir, að sjálfvirk tæki ketilsins séu rækilega yfirfarin á 6 mánaða fresti, og á skoðunarvottorði, dags. 21. apríl 1952, þar sem athugun reykrofa er fyrirskipuð á 4 til 6 mánaða fresti, benda bæði til þess, að hann telji ástæðu til ákveðnara eftirlits en verið hafði."

Þann 9. nóvember 1965 lýstu lögmenn aðilja því yfir, að þeir teldu gagnasöfnun í málinu lokið. Höfðu þá farið fram yfirheyrslur á vitnum og nokkur skjöl lögð fram auk þeirra, sem nú hefur verið getið. Verða skýrslur vitna raktar síðar.

Þann 22. júní 1966 var málið tekið til munnlegs flutnings. Í upphafi þinghaldsins lagði lögmaður stefnanda fram sem dómskjal nr. 55 ljósmynd af tilkynningu um slys til Tryggingastofnunar ríkisins, undirritaða 28. marz 1952 af Garðari Sigfússyni skrifstofustjóra f. h. Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar. Hefur tilkynning þessi verið rituð á til þess gert eyðublað og er þess efnis, að Guðfinnur Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Borgarholtsbraut 21, Kópavogi, starfsmaður heimilisins, hefði orðið fyrir

slysi þann 28. febrúar 1952 kl. 1100, er hann var að vinnu í ketilhúsi þvottahúss heimilisins. Hafi myndazt gassprenging og hafi Guðfinnur Jón fengið höfuðhögg. Frá því að slysið varð og þar til læknir athugaði meiðslin, hafi liðið 30 mínútur. Þá er þess getið, að læknirinn Alfreð Gíslason hafi stundað sjúklinginn.

Í sama réttarhaldi lagði lögmaður stefnanda fram sem dómskjal nr. 56 ljósmynd af læknisvottorði Alfreðs Gíslasonar til Tryggingastofnunar ríkisins, dagsett 27. marz 1952. Er vottorð þetta ritað á sérstaklega prentað eyðublað. Í vottorðinu segir, að Guðfinnur Jón Guðjónsson hafi orðið fyrir slysi 28. febrúar 1952. Kveðst læknirinn samdægurs hafa skoðað sjúklinginn og telur, að annar læknir hafi ekki stundað hann vegna slyssins, er vottorðið var gefið út. Á eyðublaðinu svarar læknirinn eftirfarandi spurningum þannig:

„3. a. Hverjar voru taldar orsakir slyssins? Svar: Sprenging í hitakatli.

b. Hafið þér getað gengið úr skugga um, að orsakir slyssins séu rétt til greindar? Svar: Nei. Ef ekki, teljið þér þó líklegt, að svo sé? Svar: Já.

c. Hvaða sjúkdómseinkenni funduð þér sjálfur við fyrstu skoðun? Svar: —.

d. Nafn sjúkdómsins? Svar: Commotio cerebri.

4. Hefur sjúklingurinn nokkurn kvilla eða örorkueinkenni, sem hann hafði á undan slysinu? Svar: Ekki, svo mér sé kunnugt.

5. Hvernig er ástand slasaða nú? Sæmilegt.

6. a. Getur hinn slasaði haldið áfram starfi sínu, án þess að komi í bága við lækningatilraunirnar? Svar: Nei. Hefur þó fótavist.

b. Er slasaði á sjúkrahúsi? Svar: Nei.“

Í þinghaldinu 22. júní 1966 var meðal annars bókað:

„Er hér var komið, ákvað dómurinn að fara á vettvang til athugunar, og verður gert hlé á þinghaldinu.

Dómendur hafa nú farið á vettvang. Gufuketillinn er ekki lengur til staðar í Elliheimilinu Grund.

Dómendur beina þeim tilmælum til lögmanna aðilja að afla, ef unnt er, ýmissa upplýsinga um gerð gufuketilsins og viðkomandi tækja, er málið fjallar um.“

Þær upplýsingar, sem óskað var eftir að fá um gufuketilinn og búnað hans, voru þessar:

„1. Gerð og stærð og vinnuþrýstingur gufuketils. Teikning af

útliti hans og fyrirkomulagi í ketilhúsi að Elliheimilinu Grund. Staðsetning sprengiloks á gufukatli.

2. Upptalning og lýsing á öllum búnaði. Getið skal gerðar hvers tækis, hér með talið olíukynditæki.
3. Raftengimynd af búnaði gufuketils — þ. e. sérstaklega varðandi öryggis- og sjálfstýritæki olíukynditækis, gangsetningu þess o. s. frv."

Var málflutningi því frestað og viðbótargagna aflað.

Hér á eftir verður nú getið vottorða, sem lögð hafa verið fram, og raktar skýrslur, sem teknar hafa verið hér fyrir dómi.

Gísli Sigurbjörnsson forstjóri gaf skýrslu fyrir dómi 28. október 1965.

Skýrir forstjórinn svo frá, að Jón Guðjónsson hafi verið ráðinn sem rafvirki og viðgerðarmaður heimilisins. Ekki hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur né erindisbréf, enda aldrei gert við ráðningar hjá stefnda. Áður hafi Jón verið í vinnu hjá Lúðvík Guðmundssyni rafvirkjameistara, en það verkstæði hafi séð um allar viðgerðir, að því er rafmagn snertir og allar raflagnir. Jón hafði því áður unnið hjá stefnda og tók við ráðninguna sama starf og hann hafði þar unnið. Aðspurður kveðst forstjórinn ekki muna eftir því sérstaklega, að Jón hafi kvartað við sig um það, að miðstöðin kynni að vera biluð. Hins vegar segir forstjórinn það fasta venju sína, ef slíkar kvartanir berist til hans, að viðkomandi starfsmaður skuli annast lagfæringuna sjálfur, ef hann geti það, en ella eigi hann að sjá um, að það sé gert á kostnað stofnunarinnar. Forstjórinn kveðst ekki hafa heyrt sjálfa sprenginguna, enda ekki verið í húsinu, en honum hafi verið skýrt frá þessu, er hann kom á skrifstofuna. Hann hafi heyrt sagt, að óhapp hefði komið fyrir Jón, en hann vissi ekki, hvernig það atvikaðist. Kveðst forstjórinn hafa haldið, að Jón hefði ef til vill fengið aðsvif, enda telur hann, að Jón hafi haft vanda til þess. Hins vegar kveðst hann hafa frétt, að sprenging hafi orðið í miðstöð hússins sama dag og óhappið varð. Ekki minnist hann þess, að lögreglan hafi verið kvödd á vettvang út af umræddri sprengingu eða slysi, en telur víst, að öryggiseftirlitið hafi verið kvatt á vettvang eftir slysið. Forstjórinn kveðst ekki hafa sett fréttatilkynninguna, sem birtist í Morgunblaðinu 6. marz 1952, í blaðið. Hann kveðst ekki hafa viljað hafa Jón í vinnu eftir slysið, vegna þess að hann óttaðist, að Jón kynni að fá aðsvif aftur eða eitthvert slys að henda hann vegna heilsu Jóns. Ekki man hann, hvort heilsa Jóns hafi versnað eftir slysið, en kveður sig hins

vegar hafa orðið miklu hræddari um hann eftir slysið, en Jón hafi verið góður rafvirki og góður starfsmaður yfirleitt. Forstjórinn segir, að Jón hafi sótt fast að fá að halda áfram vinnunni, en kveðst ekki hafa þorað að hafa hann vegna framangreindrar vanheilsu hans. Hafi Jón þá undirritað yfirlýsinguna frá 10. apríl 1953, enda hafi það verið skilyrði fyrir því, að hann héldi áfram vinnunni. Aðspurður, hvort Jóni hafi verið sagt upp vinnunni, kveður forstjórinn sig ekki muna það.

Vitnið Ágúst Frímann Daníelsson verkamaður, starfsmaður stefnda, kom fyrir dóm 13. nóv. 1963. Skýrir vitnið svo frá, að það kannist við, að sprenging sú, sem um ræðir í málinu, hafi átt sér stað. Kveðst vitnið hafa verið í næsta herbergi við umrætt ketilhús og heyrt sprenginguna. Vissi vitnið, að Jón var inni í ketilhúsinu, þegar sprengingin varð. Kveðst vitnið hafa séð Jón fara inn í ketilhúsið, áður en sprengingin varð, og koma út eftir sprenginguna af eigin rammleik. Kveðst vitnið ekki hafa séð þess nein merki, að stefnandi hefði slasazt, en ekki veitt honum neina sérstaka eftirtekt. Vitnið kveður, að sér sé kunnugt um, að Jón hafi lagzt sjúkralegu, strax eftir að hann kom út úr ketilhúsinu, og kveðst hafa heyrt, að hann hefði fengið heilahristing. Kveðst vitnið álíta, að Jón hafi fengið heilahristing við sprenginguna. Vitnið kveðst álíta, að Jón hafi verið heilsuhraustur maður, áður en framangreind sprenging hafi átt sér stað, og kveðst ekki hafa vitað til þess, að hann ætti vanda til yfirliða eða flogaveiki. Vitnið kveðst að staðaldri hafa unnið í næsta herbergi við umrætt ketilhús, þ. e. í þvottahúsinu. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að önnur sprenging en sú, sem að framan greinir, hafi átt sér stað umrætt tímabil. Vitnið tekur fram, að kynditækið hafi bilað mjög oft. Í ódagsettu utanréttarvottorði, óstaðfestu, hefur vitni þetta lýst því, að það hafi jafnan séð um það að kveikja á kynditækinu á morgnana.

Vitnið Kjartan Einarsson húsasmiður, starfsmaður stefnda, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 28. október 1965, að forstjóri stefnda hafi verið kröfuharður um það, að fyllsta öryggis væri gætt í öllum framkvæmdum. Vitnið kveðst muna eftir umræddu slysi og hafi vitnið verið meðal þeirra fyrstu, sem komu að Jóni. Hafi Jón þá verið í herberginu fyrir framan ketilhúsið og legið fram á sagarborð, sem þar var, og hélt höndum um hnakkann, en þar virtist verkurinn vera. Ekki kveðst vitnið hafa séð áverka á Jóni, en hann hafi sýnilega verið mikið veikur og vart vitað af sér. Ekki kveðst vitnið neitt um það muna, hvort Jón skýrði því

frá orsökum slyssins, en tekur hins vegar fram, að oft hafi orðið smásprengingar í eldhólfinu, en þær hafi þó verið meinlausar. Vitnið kveður sig muna, að öryggiseftirlitið hafi komið á vettvang skömmu eftir slysið og telur víst, að kallað hafi verið á öryggiseftirlitið sérstaklega vegna slyssins. Vitnið kveðst hafa þekkt Jón og hafi hann verið góður starfsmaður. Vitnið segir, að „rafmagnsfýring" hafi verið áður, en olíuhitunin hafi verið nýkomin. Hafi Landssmiðjan annazt uppsetningu ketilsins, en ekki veit vitnið, hvort sá ketill var nýr eða gamall. Landssmiðjan hafi annazt viðhald á katlinum fyrst í stað, en annars hafi Vélsmiðjan Steðji annazt viðhald véla á heimilinu, þegar til þeirra var leitað.

Vitnið Einar Larsen kom fyrir dóm 9. nóvember. Vitnið kveðst hafa hafið störf hjá stefnda á árinu 1938 og hafa unnið þar síðan, fyrst sem garðyrkjumaður, en síðar sem umsjónarmaður. Vitnið segir, að forstjórinn hafi krafizt fyllsta öryggis í hvívetna og kveðst gera ráð fyrir, að svo hafi einnig verið krafizt af öðrum starfsmönnum. Vitnið segir, að Kjartan Einarsson hafi komið fyrstur á slysstaðinn, en vitnið litlu síðar. Var Jón þá í herberginu fyrir framan ketilhúsið, þ. e. trésmíðaverkstæðinu. Ekki sá vitnið neina ytri áverka á Jóni, en hins vegar virtist hann vera utan við sig. Vitnið og Kjartan studdu Jón inn í heilsugæzluherbergi í kjallara heimilisins. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt sprengingu í umrætt sinn, enda ekki verið nálægt slysstað. Hins vegar hafi það ekki séð nein merki þess, að sprenging hafi orðið í eldhólfinu, t. d. ekkert sót. Hins vegar er vitninu kunnugt um það, að smásprengingar hafi orðið í eldhólfinu, en aldrei komið að sök. Athygli vitnisins var vakin á ummælum Jóns Guðjónssonar í aðiljaskýrslu hans um, að allur glugginn hafi sprungið úr ketilhúsinu og að hurð eldhólfsins hafi sprungið frá. Kveðst vitnið ekki muna eftir þessu sérstaklega og kveður nokkuð víst, að glugginn hafi ekki verið brotinn, en annars sé svo langt um liðið, að það muni þetta ekki nákvæmlega. Vitnið upplýsir, að búið sé að fjarlægja ketil þann, sem í málinu greinir, og sé nú nýr ketill kominn í staðinn. Vitnið segir, að Jón Guðjónsson hafi verið fyrsta flokks starfsmaður.

Vitnið Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, f. 8. janúar 1926, hefur í vottorði, dagsettu 23. júní 1966, skýrt svo frá:

„Ég undirritaður Jón Guðjónsson rafvirkjameistari, Stórageröi 6 hér í bæ, vann á sínum tíma í ígripum með Jóni sál. Guðjónssyni að rafmagnsvinnu á Elliheimilinu Grund. Aldrei þó við gufuketil þvottahússins. Hins vegar kom ég til Jóns heitins, meðan hann

lá á Elliheimilinu fyrstu dagana, eftir að hann varð þar fyrir slysi, og leit ég þá á umræddan ketil og sá greinileg ummerki eftir sprengingu. T. d. man ég eftir loki framan á eldholinu, og voru festingarnar brotnar. Sömuleiðis man ég eftir lúgu, sem lok var á, að mig minnir ofar á katlinum, og voru boltarnir, sem héldu lokinu, teygðir, eins og þeir hefðu orðið fyrir snöggum þrýstingi innan frá. Ekki kom til, að ég yrði beðinn að lagfæra þetta, enda var ég lærlingur þá, og slík verk ekki í mínu fagi."

Fyrir dómi hefur vitnið Jón Guðjónsson lýst efni vottorðsins rétt. Vitnið telur, að það hafi heimsótt Jón heitinn á fyrsta eða öðrum degi eftir slysið og þá farið inn í ketilhúsið. Hafi ummerkin á katlinum, sem um getur í vottorðinu, verið nýleg, og minnir vitnið fastlega, að kynditækið hafi ekki verið í gangi.

Vitnið segir aðspurt, að það hafi aldrei orðið vart við eða vitað til, að Jón heitinn Guðjónsson hafi fengið aðsvif fyrir slysið, og er það álit vitnisins, að hann hafi verið hraustur á sál og líkama, en vitnið kveðst hafa byrjað að vinna með Jóni heitnum árið 1946, en þó ekki unnið samfellt með honum frá þeim tíma.

Vitnið Garðar Sigfússon, skrifstofustjóri stefnda, sem ritaði tilkynninguna um slysið til Tryggingastofnunar ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 28. júní 1966, að það hafi skráð upplýsingarnar um slysið, meðal annars eftir upplýsingum frá Jóni heitnum Guðjónssyni, en vitnið kveðst þó áður hafa fengið upplýsingar um atburði þessa. Vitnið segir, að Jón heitinn hafi á þeim tíma, sem slysið varð, haft með höndum allar rafmagnsviðgerðir og eftirlit með öllum vélum og áhöldum, þ. á m. hinum umræddu katli og þeim búnaði, sem honum fylgdi.

Í málinu hafa verið lagðir fram reikningar Vélsmiðjunnar Steðja h/f. Við dagsetninguna 11.—14. marz 1952 stendur: „Vinna við að taka brennara frá katli og setja hann við annan ketil, smíða stút o. fl. ...". Vitnið Garðar Sigfússon skýrir svo frá, að skipt hafi verið um brennara á gufukatlinum eftir slysið. Gizkar vitnið á, að brennarinn, sem um ræðir í reikningnum, kunni að vera sá sami og sá, sem var á katli þeim, sem málið fjallar um. Vitnið segir, að gamli brennarinn kunni að hafa verið settur við miðstöðvarketil í kjallara aðalbyggingar elliheimilisins. Vitnið segir, að í febrúar 1953 hafi ketillinn verið seldur án olíukynditækja og hafi kaupandi verið Vélsmiðjan Steðji h/f. Þann 25. júní 1966, er spurzt var fyrir um ketilinn hjá starfsmönnum Steðja h/f, hafi þeir ekki getað upplýst, hvert þeir seldu ketilinn, en að líkindum muni síðustu eigendur ketilsins vera þeir feðg-

arnir Sveinn Jónsson og Hreinn Sveinsson, Digranesvegi 16 A, Kópavogi.

Dómendur hafa farið að Digranesvegi 16 A, Kópavogi, og skoðað ketil þann, sem þar er. Lögmaður stefnanda hefur að ósk dómsins látið taka mynd af katli þessum.

Í málflutningi sínum hafa lögmenn aðilja ekki viljað staðhæfa neitt um það, hvort ketillinn á Digranesvegi 16 A, Kópavogi, sé sá sami og stefnandi telur, að sprenging hafi orðið í á Ellieheimilinu Grund. Þrátt fyrir tilmæli af hálfu dómsins hafa lögmenn aðilja ekki kannað nægjanlega, hvort hér er um sama ketilinn að ræða.

Á reikingi frá Steðja h/f, dómsskjali nr. 61, sem lagður var fram 28. júní 1966, er tilgreind „Vinna við að hreinsa ketil, unnið við leiðslur, autómat o. fl. og smíðað olíurör, 25 t." dagana 28. og 29. febrúar 1952.

Við hinn munnlega málflutning var lögmaður stefnanda að því spurður, hvers vegna ekki hefði verið reynt að afla nánari upplýsinga um þessa vinnu. Svaraði hann því til, eins og stundum áður, að upplýsingaskyldan í máli þessu hvíldi ekki á honum eða sóknaraðiljum málsins, heldur á stefnda.

Lögmaður stefnanda fékk Þórarin Sveinsson lækni til að meta á ný örorku Jóns Guðjónssonar, og skilaði læknirinn matsgerð, sem er dagsett 1. sept. 1966, og er niðurlag hennar svohljóðandi:

„Ályktun: Að þessu framanskráðu athuguðu má segja, að í heildinni geti ég verið sammála mati Úlfars læknis Þórðarsonar, enda þótt ég vilji haga matsgerðinni nokkuð á annan veg.

Ég tel hæfilegt mat þannig:

1. Fyrir þau tímabil, er slasaði var rúmliggjandi eða við rúmið	100%	örorka
2. Ca. 1 mánuð eftir hverja legu	75%	—
3. Úr því	40%	—

Öllum verður að vera ljóst, að mat sem þetta hlýtur eðlilega að vera handahófslegt."

Stefndi hefur mótmælt þessu örorkumati sem röngu og svo óákveðnu, að ekki sé hægt að byggja dóm á því.

Á grundvelli þessa örorkumats lét lögmaður stefnanda tryggingafræðinginn Guðjón Hansen gera nýjan útreikning. Í niðurlagi útreikningsins segir tryggingafræðingurinn:

„Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á árstekjum og bótum almannatrygginga, reiknast mér verðmæti þeirra

greiðslna, sem tilgreindar eru í fyrri útreikningi, verða sem hér segir á dánardegi:

Greiðslur til barna:

Til Guðjóns	kr.	1.190.00
Til Ingibjargar	—	42.069.00
Til Ásdísar	—	65.209.00
Greiðslur til ekkju	—	858.278.00
Verðmæti samanlagðra ekkjubóta og mæðralauna	—	62.873.00“.

Stefndi hefur mótmælt þessum útreikningi tryggingafræðingsins sem fjarstæðukenndum.

Við hinn munnlega málflutning breyttust dómkröfur sóknaraðilja enn, og var þess nú krafizt, að stefnda verði dæmt að greiða samtals kr. 1.687.769.00. Miðað við framhaldsstefnu lækkaði 1. kröfuliður í kr. 153.896.00. Kröfuliður 5 hækkaði í kr. 795.405.00 (858.278.00 ÷ 62.873.00). Kröfuliður 7 hækkaði í kr. 1.190.00, kröfuliður 9 í kr. 42.069.00 og kröfuliður 11 í kr. 65.209.00. Auk þess var krafizt vaxta og málskostnaðar, eins og í framhaldsstefnu greinir. Lögmaður stefnanda taldi málið nægjanlega upplýst. Ef talið yrði hins vegar, að einhverjar upplýsingar vantaði, þá ætti það að koma stefnda í koll, þar sem hann hefði ekki lagt sig fram um að afla gagna í málinu.

Við hinn munnlega málflutning hefur því verið neitað af hálfu stefnda, að nokkur sprenging hafi orðið í ketilhúsinu í umrætt sinn. Þá er því einnig neitað, að stefndi beri nokkra ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kann að hafa orðið fyrir. Einstökum kröfuliðum stefnanda er mótmælt sem röngum, og auk þess telur stefndi, að kröfuliður nr. 2, ferðakostnaður, og nr. 13, útfararkostnaður, séu alveg vanreifaðir, þar sem engin minnsta tilraun hafi verið gerð til að rökstyðja þá tölulega.

Af hendi stefnda virðist ekki hafa verið hlutazt til um neina rannsókn á slysinu og orsökum þess. Upplýst er í málinu, að í Morgunblaðinu, sem út kom 6. marz 1952, birtist fregn um, að sprenging hefði orðið þá nokkrum dögum áður í umræddu ketilhúsi og að stefnandi hafi meiðzt við sprenginguna. Sama dag fór skoðun öryggiseftirlitsins fram, og kann að vera samband á milli blaðafregnarinnar og skoðunar öryggiseftirlitsins. Opinber rannsókn á vegum lögreglu eða fyrir sakadómi hefur engin verið framkvæmd, svo sem rétt var. Eins og gögnum málsins er háttað, bar skipuðum talsmanni stefnanda að krefjast sakadómsrannsóknar á aðdraganda og atvikum slyssins. Með tilliti til viðbragða

stefnda var þessi rannsókn brýn og nauðsynleg. Reifun málsins af hálfu lögmanns stefnanda er mjög ábótavant. Hann fékk heimilislækni stefnanda, sem er ekki sérfræðingur í taugasjúkdómum, til að áætla örorku stefnanda í stað þess að láta sérfræðing á því sviði skoða stefnanda og lýsa sjúkdómsferli hans rækilega og meta örorkuna. Lögmaður stefnanda ritaði stefnda kröfubréf 6. júlí 1959. Er stefna var birt í málinu 30. marz 1960, hafði lögmaður stefnanda ekkert annað fram að færa af utanaðkomandi gögnum en tvö vottorð heimilislæknisins. Gagnaöflun í málinu hefur verið mjög tætingsleg, og eins og áður er frá greint, skortir verulega á, að reynt hafi verið til hlítar að afla þeirra gagna, sem máli kunna að skipta, sérstaklega að því er varðar ketilinn og umbúnað hans. Að fengnum þeim upplýsingum var rétt að afla álitsgerðar sérkunnáttumanna um hættueiginleika slíkra tækja, sem hér um ræðir. Þegar málatilbúnaður stefnanda og gagnaöflun er virt í heild, þá þykir ekki verða hjá því komizt að vísa málinu frá dómi, og breytir þar engu um, þó að lögmaður stefnanda hafi með bréfi, dagsettu 25. f. m., óskað þess að leiða nú vitni til vættis um atriði, sem hann taldi sér óskylt að afla gagna um við hinn munnlega málflutning.

Eftir atvikum þykir rátt, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, kr. 50.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Agnari Norland verkfræðingi og dr. Gunnari Guðmundssyni lækni. Hefur dómsuppsagan dregizt um venju fram, m. a. af því að annar meðdómsmaðurinn hefur dvalizt erlendis eftir dómtöku málsins.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 50.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 9. maí 1967.

Nr. 63/1967. **Steinar Freysson**
gegn
Jóni Ellert Jónssyni
og
Hallgrími Magnússyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. apríl 1967, er hingað barst 24. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 3.000.00 hvorum.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Steinar Freysson, greiði varnaraðiljum, Jóni Ellert Jónssyni og Hallgrími Magnússyni, kærumálskostnað, kr. 3.000.00 hvorum, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. apríl 1967.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 30. f. m., hefur Steinar Freysson vörubifreiðarstjóri, Bugðulæk 2, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 18. nóvember 1965, gegn þeim Jóni Ellert Jónssyni, Rauðagerði 14, og Hallgrími

Magnússyni, Fellsmúla 9, báðum í Reykjavík, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 28.525.70 með 7% ársvöxtum frá 15. júlí 1965 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins hinn 30. þ. m. kröfðust stefndu aðallega frávísunar málsins frá héraðsdómi, til vara sýknu að svo stöddu. Í báðum tilfellum kröfðust þeir málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Til þrautavara kröfðust stefndu lækkunar á stefnukröfunni eftir mati dómarans, enda yrði málskostnaður þá látinn niður falla.

Í þessum þætti málsins er því eingöngu fjallað um frávísunarkröfu stefndu, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

Málsatvik eru þessi:

Á lóðunum nr. 5 — 7 — 9 og 11 við Fellsmúla hér í borg hafa verið reist fjölbýlishús, fjögur stigahús. Lóðarhafar voru þeir Baldur Bergsteinsson, Hermann Helgason, Jón Sigurðsson og stefndu. Munu þeir Baldur, Hermann og Jón Sigurðsson hafa byggt húsin nr. 5 og 7, en stefndu byggðu húsin nr. 9 og 11. Rutt var fyrir grunnum húsanna í einn samfelldan haug á lóð húsanna. Baldur Bergsteinsson samdi við stefnanda, að hann tæki að sér að fjarlægja ákveðinn hluta af nefndum haug. Afmörkuðu þeir Baldur og Jón Sigurðsson þann hluta haugsins, er stefnandi skyldi fjarlægja. Vann stefnandi síðan að þessu verki ásamt þrem öðrum vörubifreiðarstjórum, þeim Eiríki Albertssyni, Ragnari Jóhannessyni og Skarphéðni Valdimarssyni. Er langt var komið verki þessu, kom stefndi Jón Ellert Jónsson að máli við stefnanda og óskaði eftir því við hann, að þeir bifreiðarstjórarnir fjarlægðu einnig það, sem eftir væri haugsins. Stefndi Jón Ellert lýsti því yfir við stefnanda, að hann mundi ábyrgjast greiðslu á þeim hluta verksins. Ekki var um annað rætt en að verk þetta yrði leyst af hendi í tímavinnu. Stefndi Jón Ellert kveðst hafa verið einn, er hann hafi rætt við stefnanda um framkvæmd verks þessa, en hafi skýrt meðstefnda Hallgrími Magnússyni frá þessu samkomulagi um kvöldið sama dag og það var gert og hafi Hallgrímur samþykkt þessa ráðstöfun. Stefndi Hallgrímur viðurkennir greiðsluskyldu sína á sínum hluta af kostnaði við að fjarlægja hauginn og hefur talið eðlilegast, að heildarkostnaði yrði skipt samkvæmt eignarhlutföllum eigenda. Jafnframt hefur Hallgrímur Magnússon skýrt svo frá, að hann hafi á sínum tíma rætt við vörubifreiðarstjórann Skarphéðinn Valdimarsson um það, að verk

þetta væri allt sameiginlegt fyrir húsin nr. 5, 7, 9 og 11 við Fellsmúla og kæmi því eigi annað til greina en fjarlægja allan hauginn. Var það gert að öðru leyti en því, að bifreiðarstjórunum tókst eigi að fjarlægja nokkra stóra steina, sem þeir urðu að skilja eftir á lóðinni.

Sá hluti verksins, sem Jón Ellert bað um, var framkvæmdur dagana 9.—13. júlí 1965. Samkvæmt reikningum bifreiðarstjóranna fjögurra nam kostnaður við þann hluta verksins samtals kr. 58.796.60. Skiptist kostnaður þessi þannig:

Reikningur frá stefnanda, kr. 28.525.70.

Reikningur frá Eiríki Albertssyni, kr. 12.415.00.

Reikningur frá Skarphéðni Valdimarssyni, kr. 12.415.90.

Reikningur frá Ragnari Jóhannessyni, kr. 5.440.00.

Bifreiðarstjórarnir hafa höfðað fjögur mál hér fyrir dóminum til heimtu þessara reikninga.

Stefndu greiddu eigi þessa reikninga, og hinn 23. júlí 1965 ritar lögmaður bifreiðarstjóranna stefndu innheimtubréf, þar sem hann krefur þá um kr. 58.897.50 (sic) auk vaxta og kostnaðar „eigi síðar en 31. þ. m.“.

Hinn 3. september 1965 ritar lögmaður bifreiðarstjóranna Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni svohljóðandi bréf: „Skrifa það, sem stendur innan sviga á dskj. nr. 6“.

Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður svaraði bréfi þessu hinn 13. september 1965 á þessa leið: „Skrifa það, sem stendur innan sviga á dskj. nr. 7“.

Lögmaður bifreiðarstjóranna varð eigi við þeirri beiðni Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns að leggja fram „heildarreikning yfir kostnað við að aka mold og grjóti af lóðunum nr. 5 — 7 — 9 — 11 við Fellsmúla“.

Hinn 18. nóvember 1965 voru birtar stefnur í framangreindum fjórum málum til þingfestingar 25. s. m.

Við þingfestingu máls þessa lagði lögmaður stefnanda fram tvo reikninga. Báðir eru reikningarnir stílaðir á Fellsmúla 9 — 11. Annar reikningurinn er fyrir akstur með mold og grjót á bifreiðinni R 2699. Hann er dagsettur 9/7—13/7 1965 og sundurliðaður þannig:

34 tímar dagv. 260/30	kr.	8.850.20
7 tímar eftirv. 279/50	—	1.956.50
	Kr.	10.806.70

Hinn reikningurinn er að fjárhæð kr. 17.719.00 og er sundurliðaður þannig:

An: V/ 46 tímar á 360/10 á tímann	kr. 16.560.00
Sölusk. 7%	— 1.159.00
	Kr. 17.719.00

Reikningur þessi ber ekki með sér, fyrir hvað hann er, en af stefnu má ráða, að hann sé fyrir leigu á moksturstæki.

Eftir þingfestingu máls þessa og fyrst framan af rekstri þess gætti Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna beggja stefndu og lagði fram sameiginlega greinargerð af þeirra hálfu. Í greinargerð þessari ítrekar hann áskorun sína til stefnanda um að leggja fram heildarreikning yfir kostnað við að fjarlægja allan hauginn. Enn fremur mótmælir hann í greinargerðinni reikningum stefnanda sem allt of háum.

Í réttarhaldi hinn 21. nóvember 1966 ítrekar lögmaður stefndu enn áskorun sína til stefnanda að leggja fram heildarreikning yfir kostnað við að fjarlægja hauginn. Stefndu hafa báðir komið fyrir réttinn. Stefndi Hallgrímur Magnússon kvaðst ekki geta tjáð sig um reikningsfjárhæðina, þar sem hann vissi ekki, hvað þeir Baldur Bergsteinsson og Jón Sigurðsson hefðu greitt. Stefndi Jón Ellert Jónsson treysti sér heldur ekki til að taka afstöðu til þess, hvort reikningarnir væru of háir. Hins vegar kvað hann sig minna, að bifreiðarstjórarnir hefðu sagt sér, að Baldur Bergsteinsson hefði greitt þeim um kr. 30.000.00 fyrir þann hluta verksins, er hann hafði beðið um.

Í réttarhaldi í máli þessu hinn 17. marz 1967 var bókað eftir lögmanni stefndu, að hann sækti ekki lengur þing fyrir stefnda Jón Ellert Jónsson, þar sem hagsmunir hans og stefnda Hallgríms Magnússonar færu ekki saman.

Við munnlegan flutning málsins hinn 30. marz 1967, er fyrrgreind frávísunarkrafa var borin fram af hálfu stefndu, gætti Árni Stefánsson hæstaréttarlögmaður hagsmuna stefnda Jóns Ellerts.

Röksemdir lögmanna stefndu fyrir frávísunarkröfunni eru þær, að stefnandi hafi eigi þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir lagt fram heildarreikning yfir kostnað við að fjarlægja allan hauginn, þótt honum sé það í lófa lagið. Með þessu móti liggi stefnandi á upplýsingum, er leiði til þess, að ókleift sé að átta sig á því, hvort hér sé verið að krefja um bersýnilega ósanngjarnt endurgjald

fyrir það verk, sem innt var af hendi. Og þar sem hér sé um heildarverk að ræða, þótt tveir aðiljar hafi samið um það, þá telja stefndu sig eiga réttmæta kröfu á því að fá að sjá heildarreikning yfir verkið, áður en þeir geri upp skuldir sínar við stefnanda og hina bifreiðarstjóranna, enda sé nú ókleift að láta framkvæma mat á verkinu.

Þá hafa stefndu einnig fundið að því, að reikningar stefnanda væru eigi nægilega sundurliðaðir, þar sem ekki megi sjá á þeim, hversu marga tíma hafi verið ekið hvern dag.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefndu, þar sem hún hafi eigi við rök að styðjast. Stefndu hafi ekki sannað, að reikningurinn sé ósanngjarnlega hár og beri því að leggja hann til grundvallar, enda telur stefnandi hann nægilega sundurliðaðan. Þá telur stefnandi sér eigi skylt að blanda viðskiptum sínum við aðra aðilja inn í þetta mál.

Dómarinn getur fallizt á frávísunarröksemdir stefndu. Máli þessu er vísað frá dómi.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að gjalda stefndu málskostnað skv. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85/1936. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00 til hvors hinna stefndu.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Steinar Freysson, greiði stefndu, Jóni Ellert Jónssyni og Hallgrími Magnússyni, málskostnað, kr. 2.500.00 hvorum aðilja.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 9. maí 1967.

Nr. 10/1967. **Baldur Guðmundsson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Einari Sigurjónssyni
(Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. janúar 1967, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Svo sem í héraðsdómi greinir, skráðist stefndi stýrimaður á m/b Guðmund Þórðarson, RE 70, 1. október 1964, sem var við síldveiðar fyrir Austfjörðum, til 3. nóvember 1964, en var síðan skráður skipstjóri á bátnum um tímabilið 4. nóvember til ársloka 1964.

Samkvæmt 2. gr. kjarasamnings milli L. Í. Ú. og F. F. S. Í. frá 29. desember 1963, sem vinnusamband aðilja hlítir, skal skipstjóri hafa tiltekinn hundraðshluta af óskírum afla skips, þó aldrei minna en tvo hásetahluti, en 1. stýrimaður minni hundraðshluta af óskíru söluverði afla, mismunandi stóran eftir stærð skips, þó aldrei minna en einn og hálfan hásetahlut. Samkvæmt 4. gr. samningsins ábyrgist útgerðarmaður „skipstjóra og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra frá lögskráningardegi til afskráningardags", skipstjóra og 1. stýrimanni kr. 11.440.00 á mánuði. „Samningsaðiljar skulu fá greitt upp í lágmarkskaup reglulega um miðjan hvern mánuð og mánaðamót.

Tryggingatímabil á síldveiðum skulu vera þrjú, það er: Frá 1. marz til 31. maí, frá 1. júní til 30. september og frá 1. október til febrúarloka". Verðmæti aflahlutar stefnda nam fyrir tímabilið 1. október til 3. nóvember 1964 kr. 47.580.42. Áfrýjandi greiddi stefnda kaup frá 1. janúar til 4. febrúar 1965, kr. 11.440.02. Er því ljóst, að kaupábyrgð áfrýjanda hefði eigi orðið virk, ef stefndi hefði verið stýrimaður á skipinu til 1. janúar 1965. Kaupábyrgðin hefði eigi heldur orðið virk, ef stefndi hefði verið skipstjóri um tímabilið frá 1. október 1964, þá er hann réðst á skipið, til 1. janúar 1965. En nú var hann skráður 1. stýrimaður frá 1. október til 3. nóvember 1964 og skráður skipstjóri frá 4. nóvember 1964 til ársloka 1964.

Stefndi telur, að meta skuli skipstjóratímabilið sem sérstakt kauptryggingartímabil og þar sem aflahlutur hans hafi orðið sáralítill á þessu tímabili, eigi hann inni hjá áfrýjanda kauptryggingarfé, sem nemi hinni umstefndu fjárhæð. Áfrýjandi andæfir því hins vegar, að skipstjóratíminn verði talinn út af fyrir sig tryggingartímabil. Samkvæmt 2. gr. áðurnefnds samnings eru laun skipstjóra og 1. stýrimanns fyrst og fremst ákveðin sem tiltekinn hundraðshluti af afla skips. Með 4. gr. samningsins er útgerðarmanni hins vegar gert að greiða nefndum mönnum tiltekið lágmarkskaup, þótt afli bregðist, enda sé aflahluturinn verðminni en hið tiltekna lágmarkskaup, kr. 11.440.00 á mánuði miðað við tryggingartímabilið. Nú er eigi fyrir það synjað, að stefndi hafði á því tryggingartímabili, sem hér skiptir máli, til jafnaðar þetta lágmarkskaup á skipi áfrýjanda, þá er samanlagður er stýrimannstími hans og skipstjóratími. Ákvæði 4. gr. samningsins um tryggingartímabil og tilgangur ákvæðisins er svo skýr, að eigi verður talið, að umsamið tryggingartímabil kljúfist, þá er skráður stýrimaður á skipi er skráður skipstjóri á því. Skýra ber eftirtalin orð 4. gr. samningsins: „frá lögskráningardegi til afskráningardags", þannig, að þau verði í samræmi við ákvæði 4. gr. um tryggingartilganginn og tryggingartímabilin. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu áfrýjanda um sýknu til greina.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Baldur Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Einars Sigurjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 7. júlí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var mánudaginn 4. júlí s.l., hefur Einar Sigurjónsson stýrimaður, Holtsgötu 21, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, birtri 2. júní 1965, á hendur Baldri Guðmundssyni útgerðarmanni, Goðheimum 9, Reykjavík, til greiðslu vinnulauna samkvæmt reikningi, kr. 21.198.42, ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1965 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Enn fremur krefst hann, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Guðmundi Þórðarsyni, RE 70, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitun dómara hefur engan árangur borið. Málavextir eru þeir, að stefnandi var ráðinn stýrimaður á m/b Guðmund Þórðarson, RE 70, 1. október 1964. Var báturinn þá á síldveiðum fyrir Austfjörðum. Stefnandi var síðan stýrimaður á bátnum til 3. nóvember þ. á., en þá hætti skipstjórinn, sem var með bátinn. Varð það þá að ráði, að stefnandi tæki við skipstjórn. Var umskráð á bátinn að þessu leyti. Stefnandi tók síðan við skipstjórn, og hélzt sú skipan mála til áramóta. Strax eftir áramótin tók nýr maður við skipstjórn, en stefndi bauð stefnanda að vera áfram á skipinu sem stýrimaður, og þáði hann það.

Stefnandi kveður aflahlut sinn sem stýrimanns frá 1. október til 3. nóvember hafa numið kr. 47.580.42. Þann tíma, sem hann hafi verið skipstjóri, hafi aflinn ekki náð kauptryggingu og beri honum því kauptrygging 27 daga í nóvember og fastakaup jafnmarga daga, kauptrygging í desember og fastakaup svo og orlof, og eru fjárhæðir þessar færðar á reikning, sem lagður hefur verið fram í málinu. Frá 1. janúar til 4. febrúar hafi hann haft

tekjur hjá útgerðinni, kr. 11.440.02. Geri reikningur hans samtals kr. 82.914.34. Frá því dragist fæði, kr. 5.715.92, og peningaúttekt, kr. 56.000.00, þannig að eftirstöðvar kaupsins nemi kr. 21.198.42, sem sé stefnukrafa hans í málinu.

Samkvæmt reikningsyfirliti (en þar er stefnanda reiknaður skipstjórahlutur, en ekki kauptrygging skipstjórnartíma hans), sem lagt hefur verið fram í málinu og stafar frá stefnda, er ekki deilt um annað en kauptrygginguna og fastakaupið fyrir þann tíma, sem stefnandi var skipstjóri, þ. e. þá aðferð, sem hafa skal við útreikning kaups, þegar svo stendur á, sem í þessu máli, að stýrimaður verði skipstjóri á miðju tryggingartímabili, en tryggingartímabil það, sem hér um ræðir, stendur frá 1. október til loka febrúarmánaðar eftir samningum milli L. Í. Ú. og F. F. S. Í., 4. gr. Samningur þessi hefur verið lagður fram. Samkvæmt 17. gr. þessa sama samnings skal reikningsuppgjör og launagreiðslur fara fram við lok hvers veiðitímabils. Veiðitímabil það, sem hér skiptir máli, stóð frá 1. október til áramóta, en þá kom til verkfalls á bátaflotanum. Afli bátsins á ofangreindu tímabili nam meiru en svo, að til greiðslu kauptryggingar ætti að koma, ef tímabilið er tekið í heild, en aðiljar eru sammála um, að þann hátt eigi að hafa, ef skipverji heldur sömu stöðu á skipi veiðitímabilið út. Hér stóð svo á, að afli bátsins á greindu tímabili var nær eingöngu fenginn þann tíma, sem stefnandi var stýrimaður á bátnum.

Stefnandi hefur haldið því fram, að gera verði upp sérstaklega fyrir þann tíma, sem hann var stýrimaður, og sérstaklega fyrir þann tíma, sem hann var skipstjóri. Byggir hann þessa skoðun sína á því, að mjög óeðlilegt sé, að kaup það, sem hann hafi unnið sér inn sem stýrimaður, virki þannig, að kaup hans sem skipstjóra verði lægra, skipstjórastaðan sé verulega frábrugðin stýrimannsstöðunni varðandi réttindi og skyldur, sbr. sjómannalög, þannig að skoða verði ráðingu hans sem skipstjóra eins og nýja ráðningu, enda umskráð á skipið að því leyti. Einnig, að ef ráðinn hefði verið nýr skipstjóri, hefði orðið að gera upp við hann sérstaklega fyrir þennan tíma.

Rök stefnda, eins og þau koma fram í greinargerð hans, eru þessi:

„Stefnandi heldur því fram, að honum beri að fá tímabil það, sem hann var í skiprúmi, reiknað í tvennu lagi, eins og fram kemur í stefnu hans og greinargerð. Hér er hins vegar um misskilning að ræða hjá stefnanda, sbr. 4. gr. kjarasamnings þess, er

í gildi var milli skipstjóra og útgerðarmanna á þessum tíma og lagður er fram í málinu sem réttarskjal nr. 6.

Eins og sjá má á þessari grein, er hér um sömu kauptryggingu að ræða hjá skipstjóra og I. stýrimanni, og hefur svo verið í fjölda mörg síðastliðin ár, enda hefur því ráðið m. a. tilvik, sem mál þetta fjallar um, þ. e. a. s., að stýrimaður leysi skipstjóra af um stundarsakir eða taki við skipstjórn innan sama kauptryggingartímabils. Þá er greint frá því í tilvitnaðri grein úr kjarasamningum útvegsmanna og skipstjórnarmanna, að kauptryggingartímabilin skuli vera þrjú, frá 1. 3. til 31. 5., frá 1. 6. til 30. 9. og frá 1. 10. til 28. 2.

Eins og fram kemur í bréfi L. Í. Ú., dskj. nr. 7, slitna kauptryggingartímabil aðeins, þegar skip hættir um stundarsakir á tímabilinu og afskráð er af því, en skráð er á það aftur til veiða fyrir lok þess sama tímabils. Þá hafa útgerðarmenn um árarаðir í sömu tilvikum og mál þetta er sprottið út af gert upp við skipverja sína á sama hátt og umbjóðandi minn hefur gert upp við stefnanda, og á það sama við um, hvort sem viðkomandi er stýrimaður og tekur við skipstjórn eða háseti og tekur við stýrimannsstöðu.

Skilningur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, sem er stærsti viðsemjandi L. Í. Ú. fyrir skipstjórnarmenn á síldveiðiskipum, hefur ætíð verið sá sami og hjá útvegsmönnum, enda með þessu móti bezt tryggt, að stýrimenn fái að reyna sig við skipstjórn, en með skilningi stefnanda gæti það orðið of dýrt fyrir viðkomandi eigendur fiskiskipa.

Eigi er vitað til þess, að komið hafi til neins ágreinings milli útvegsmanna og sjómanna út af svipuðu tilviki og mál þetta snýst um, en eins og við er að búast, er mjög algengt, að sjómenn skipti um stöður á skipi, ýmist eina og eina sjóferð eða í nokkra daga, en eftir skilningi stefnanda yrði þá að gera þá daga upp sérstaklega við sérhvern mann, en slíkt hljóta allir að sjá, að sé ófært með öllu."

Máli sínu til stuðnings hefur stefndi lagt fram uppgjör skipverja á m/s Pétri Sigurðssyni, RE 331, sem á vetrarvertíð, tímabilinu 22. október 1963 til 25. febrúar 1964, gegndi um tíma hásetastöðu og um tíma stýrimannsstöðu. Uppgjör þetta er að því leyti sambærilegt við uppgjör stefnda við stefnanda, að tímabilið er tekið í einu lagi, en ekki gert upp við skipverjann sérstaklega fyrir þann tíma, sem hann var háseti, og sérstaklega þann tíma, sem hann var stýrimaður. Gerir þetta það að verkum,

að skipverjinn ber minna úr býtum. Jafnframt hefur stefndi haldið því fram í aðiljayfirheyrslu og munnlegum flutningi, að skipstjórinn, sem var með Guðmund Þórðarson, RE 70, hafi aðeins fengið frí um tíma og stefnandi ráðinn skipstjóri á meðan óákveðið, en um þetta leyti hafi verið í mótun sá siður, sem nú sé orðinn algengur, að ráða fleiri menn á skip en þarf nauðsynlega, til þess að skipverjar geti fengið frí, en þegar þessi skipan sé á höfð, sé hvert veiðitímabil gert upp í heild, en ekki sérstaklega fyrir hverja stöðu, sem viðkomandi skipverji gegni. Þessi háttur sé fullkomlega viðurkenndur af öllum, enda sé hann forsenda þess, að þetta skipulag sé haft.

Af hálfu stefnanda hefur rökum stefnda verið svarað svo í munnlegum flutningi, að 4. gr. kjarasamnings þess, sem stefndi vitnar til, geti ekki eftir orðum sínum átt við hér, eins og stefndi skýri hana. Því hefur og verið mótmælt, að það geti skipt máli, að kauptrygging skipstjóra og stýrimanna sé sú sama. Jafnframt hefur því verið mótmælt, að skilningur Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar sé rétt hermdur hjá stefnda, og hefur í því sambandi verið bent á, að það hafi verið fyrrverandi starfsmaður Öldunnar, sem hafi komið þessu máli á framfæri við lögmann stefnanda. Mótmælt hefur verið uppgjöri við skipverja af m/s Pétri Sigurðssyni sem óstaðfestu fyrir dómi, og kvaðst lögmaður stefnanda vita til, að einhver ágreiningur hafi orðið út af því uppgjöri, og hafa haldið, að það hefði verið leiðrétt. Að lokum hefur því verið haldið fram, að skipstjórinn hafi hætt endanlega, þegar stefnandi tók við skipstjórn, enda skipti það ekki máli hér, þar sem um svo langan tíma hefði verið að ræða, að ekki mætti kalla hann frí, og stefnandi hefði mátt ætla, að sérstaklega yrði gert upp við hann fyrir skipstjórn hans.

Af stefnda hálfu hefur það verið viðurkennt, að ágreiningur hafi orðið út af uppgjöri skipverjans af m/s Pétri Sigurðssyni, en því haldið fram, að skipverjinn hafi að lokum sætt sig við uppgjörið.

Af hálfu stefnanda hefur uppgjör stefnda verið viðurkennt rétt, ef aðferð stefnda við uppgjörið hlyti náð fyrir dóminum, en í þessu uppgjöri reiknar stefndi stefnanda skipstjórahlut, en ekki kauptryggingu, fyrir skipstjórnartíma hans, þ. e. deiluefnið.

Af hálfu stefnda hefur reikningi stefnanda ekki verið mótmælt sem slíkum, ef aðferð stefnanda við uppgjörið yrði talin rétt.

4. gr. samningsins milli L. Í. Ú. og F. F. S. Í., sem aðallega hefur verið vitnað til hér að framan, hljóðar svo: „... Útgerðar-

maður tryggir skipstjóra og stýrimönnum mánaðarlegar greiðslur upp í hundraðshluta afla þeirra *frá lögskráningardegi til afskráningardags* með mánaðarkaupi, sem hér segir:

Skipstjóri	kr. 11.440.00
1. stýrimaður	— 11.440.00
2. stýrimaður	— 10.725.00

Samningsaðilar skulu fá greitt upp í lágmarkskaup reglulega um miðjan hvern mánuð og mánaðamót. Tryggingatímabil á síldveiðum skulu vera þrjú, það er: Frá 1. marz til 31. maí, frá 1. júní til 30. september og frá 1. október til febrúarloka. Fari einhver manna þeirra, er samningur þessi tekur til, úr skiprúmi án lögmætra orsaka, fellur trygging hans niður ...".

Stefnandi var, svo sem fram hefur komið, afskráður sem stýrimaður og skráður sem skipstjóri. Eftir orðanna hljóðan í 4. gr. samningsins, sbr. undirstrikað hér að ofan, á stefnandi rétt á kauptryggingu skipstjórnartíma sinn, þ. e. þann tíma, sem hann var skráður sem skipstjóri, sbr. siglingavottorð hans frá 4. nóvember 1963 til 29. desember, að báðum dögum meðtöldum. Stefndi hefur ekki sannað, að venja hafi myndazt um aðra skýringu á 4. gr. samningsins í tilfellum eins og því, sem hér um ræðir. Ekki virðist þetta tilvik vera sambærilegt með fríi því, sem stefndi kveður nú tíðkast, sbr. rökstuðning hans.

Þar sem stefndi hefur ekki mótmælt reikningi stefnanda sem slíkum, verða úrslit máls þessa þau:

Stefndi greiði stefnanda kr. 21.198.42 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1965 til greiðsludags og kr. 5.800.00 í málskostnað.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Einari Thoroddsen yfirhafnsögumanni og Jónatan Sveinssyni, cand. juris, fyrrverandi skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Baldur Guðmundsson, greiði stefnanda, Einari Sigurjónssyni, kr. 21.198.42 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. marz 1965 til greiðsludags og kr. 5.800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. maí 1967.

Nr. 213/1965. **Hafsteinn Jóhannsson vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar**
(Tómas Árnason hrl.)
gegn
Eiganda v/b Jörundar III., RE 300,
(Einar Sigurðsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Björgun. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. desember 1965. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.216.760.00 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst áfrýjandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/b Jörundi, RE 300, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram ný gögn og vitni gefið skýrslur fyrir dómi.

V/b Jörundur III. var í rúmsjó með óvirka skrúfu, er áfrýjandi kom skipinu til hjálpar að beiðni skipstjórnarmanna. Magnús Kristján Guðmundsson, skipstjóri á v/b Jörundi III., hefur skýrt frá því fyrir dómi, að vegna strauma hafi verið ógerningur að ná inn síldarnótinni, ef akkerum hefði verið varpað á Sandvík. Barst v/b Jörundur III. því fyrir straumi frá landi, meðan nótin var innbyrt. Eigi verður talið leitt í ljós, að v/b Jörundur III. hefði komizt í höfn eða nægilega tryggt lægi, þótt reynt hefði verið að nota utanborðshreyfil og léttbát skipsins. Var v/b Jörundur III. því í hættu staddur og hjálp sú, er áfrýjandi veitti, björgun í merkingu 199. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

V/b Elding er lítið skip, en gögn eru eigi fram komin um verðmæti þess. Ágreiningslaust er, að hin björguðu verðmæti námu kr. 12.167.600.00. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem hafa ber til hliðsjónar samkvæmt 200. grein siglingalaga nr. 66/1963, þykja bjarglaun til handa áfrýjanda hæfilega ákveðin kr. 150.000.00. Ber stefnda að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 45.000.00.

Samkvæmt 3. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 á áfrýjandi sjóveðrétt í v/b Jörundi III., RE 300, fyrir framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Jörundur h/f, greiði áfrýjanda, Hafsteini Jóhannessyni vegna sjálfs sín og áhafnar v/b Eldingar, kr. 150.000.00 með 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í v/b Jörundi III., RE 300, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 30. nóvember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. þ. m., hefur Hafsteinn Jóhannsson, Narfastöðum í Melasveit, fyrir hönd eiganda og áhafnar m/b Eldingar höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 7. apríl 1965, á hendur Guðmundi Jörundssyni, Reykjavík, fyrir hönd eigenda m/b Jörundar III., RE 300, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 1.216.760.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins. Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í nefndu skipi til tryggingar kröfum sínum.

Almennum Tryggingum h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafðar uppi á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Stefndi krafðist *aðallega* sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en *til vara,* að stefnukröfurnar verði lækkaðar og hjálp sú, er skipi hans var veitt, verði talin aðstoð, en ekki björgun, og þóknun dæmd samkvæmt því.

Við hinn munnlega flutning málsins hafði stefnandi aðeins uppi varakröfu sína og krafðist jafnframt, að málskostnaður yrði felldur niður.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 8. maí 1964 var m/b Jörundur III., RE 300, við síldveiðar á Stóru-Sandvík. Klukkan 1830 var kastað á síld á 20 faðma dýpi. Straumur var mikill og ókláraðist baujan, svo að snúa varð skipinu við hana með þeim afleiðingum, að snurpuvír og partur af blýteini festist í skrúfunni. Kallaði skipið á m/b Eldingu, og var stefnandi beðinn að taka vír og nót úr skrúfunni. Klukkan rúmlega 2000 fór m/b Elding Jörundi III. til hjálpar, en það skip var þá statt 3—4 sjómílur V að S frá Reykjanesi. Veður var 2—3 vindstig af SA, og rak skipið aðallega fyrir straumi vestur með landinu. Stefnandi kom að Jörundi III. um kl. 2215, kastaði sér til sunds í froskmannsbúningi og skar nótina og vírinn úr skrúfu m/b Jörundar III. Var því verki lokið um kl. 2400, og sigldi þá Jörundur III. áleiðis til Reykjavíkur.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að verkið hafi tekið langan tíma, bæði vegna þess að veður hafi ekki verið gott og veltingur á skipinu svo og hafi það torveldað verkið, að snurpuvírinn hafi komizt undir öxulhlífina. Kvaðst hann álíta, að skipverjar á m/b Jörundi III. hefðu ekki getað náð vírnum eða nótinni úr skrúfunni. Hann kvaðst hafa lagt sig í meiri hættu í þetta sinn en venjulega fylgir starfi þessu, enda hafi það verið unnið í náttmyrkri og nokkrum sjó.

Magnús Kr. Guðmundsson, skipstjóri á m/b Jörundi III., hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann álíti ekki, að þeir skipverjarnir hefðu sjálfir getað náð nótinni og vírnum úr skrúfunni. Hann kvað engin segl hafa verið um borð í skipinu, en í því hafi verið utanborðsmótor, 28 hestafla, er gangi niður í gegnum hekkið, en hvort hann hefði nægt til að koma skipinu til lands, kveðst hann ekki geta sagt um, þar sem það hafi ekki verið reynt. Þá kvað hann í skipinu hafa verið léttbát með 24 hestafla vél.

Kvaðst hann minna, að þeir hafi í skipinu haft eina tunnu af benzíni, en hjálparvélin brenni benzíni, en vél léttbátsins venjulegri olíu.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, dags. 19. janúar 1965, var veður á Reykjanesi 8.—9. maí 1964 þannig: Klukkan 2000 þann 8. maí A 4 vindstig og sjólag gráð, klukkan 2300 A 5 vindstig og dálítill sjór. Klukkan 0800 þann 9. maí SA 4 og dálítill sjór, klukkan 1100 A 3 og dálítill sjór, klukkan 1400 ANA 3 og dálítill sjór og frá klukkan 1700 til 2300 NA 3—4, dálítill sjór og sjólítið.

Samkvæmt vottorði sama aðilja, dags. 25. þ. m., var veður á Keflavíkurflugvelli þann 9. maí 1964 ANA, síðan A og svo NA og NNA og veðurhæð 4—5 vindstig.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hjálp sú, er hann veitti m/b Jörundi III. í umrætt sinn, hafi verið björgun í merkingu siglingalaga nr. 66/1963. Að vísu hafi skipið ekki verið í beinni hættu, en slík hætta hafi verið yfirvofandi, hvenær sem var. Skipið hafi verið statt í Reykjanesröst, þar sem straumar eru miklir. Á aðra hönd þess hafi verið hættuleg strönd, en á hina Eldey og óhreinar siglingaleiðir. Skipið hafi engin segl haft, en aðeins lítinn utanborðsmótor og takmarkað eldsneyti fyrir hann svo og léttbát með 24 hestafla vél. Verði því að telja útilokað, að m/b Jörundur III., sem er 266 smálestir að stærð, hefði komizt til lands af eigin rammleik við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru.

Stefndi styður kröfu sína þeim rökum, að hjálp sú, sem stefnandi veitti m/b Jörundi III. í umrætt sinn, hafi eigi verið björgun, heldur einungis aðstoð, sem stefnandi eigi að fá greitt fyrir miðað við vinnu sína og tíma. Bendir stefndi á það, að skipið hafi ekki verið í hættu. Veður hafi verið gott, aflandsvindur og hann frekar lítill. Í skipinu hafi verið utanborðsmótor, 28 hestafla, og eldsneyti fyrir hann á heilli tunnu. Þá hafi skipið einnig haft léttbát með 24 hestafla vél, sem brenni sama eldsneyti og aðalvél skipsins. Telur stefndi, að með sameiginlegri beitingu beggja þessara mótora hefði verið auðvelt fyrir skipshöfn m/b Jörundar III. að koma skipinu til hafnar við þær aðstæður, sem fyrir hendi voru.

Eins og fyrr greinir, var m/b Jörundur III. staddur á Stóru-Sandvík á 20 faðma dýpi, er nót skipsins festist í skrúfu þess með þeim afleiðingum, að vélin stöðvaðist. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja útilokað, að skipverjum hefði tekizt að losa

nótina og vírinn úr skrúfunni á sjó úti. Er atburðir þeir gerðust, er hér um ræðir, var aflandsvindur, ekki sterkur, og sjólag frekar gott, og hélzt það að minnsta kosti næsta sólarhring. Í skipinu var, eins og fyrr greinir, 28 hestafla utanborðsmótor og eldsneyti fyrir hann til 10 til 20 klukkustunda notkunar. Þá hafði skipið léttbát með 24 hestafla vél og eldsneyti til hennar. Skipið átti skamma leið til að komast fyrir Garðskaga, og á þeirri leið liggur Sandgerði. Telja hinir sérfróðu meðdómendur, að unnt hefði verið fyrir skipverja að sigla skipinu þessa leið til lands eða hafnar með aðstoð utanborðsmótorsins og léttbátsins, enda hefði það getað haft nokkurt landvar og notið sjávarfallastraums til norðurs fyrstu klukkustundirnar.

Að þessu athuguðu er það álit dómsins, að m/b Jörundur III. hafi eigi verið staddur í slíkri nauð, að hjálp sú, sem stefnandi veitti, verði talin björgun í merkingu siglingalaga nr. 66/1963, heldur verði að telja hana aðstoð.

Við ákvörðun þóknunar til stefnanda ber að hafa í huga, að verk hans tók um tvær klukkustundir og var alláhættusamt. Með tilliti til þessa svo og annarra atriða, er máli þykja varða, þykir þóknun til hans hæfilega ákveðin kr. 75.000.00. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra frá 1. janúar 1965 verður einungis dæmd 6 af hundraði.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 13.000.00.

Þá ber að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda í m/b Jörundi III., RE 300, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Jörundsson f. h. eigenda m/b Jörundar III., RE 300, greiði stefnanda, Hafsteini Jóhannssyni f. h. eiganda og áhafnar m/b Eldingar, kr. 75.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. maí 1964 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 13.000.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í m/b Jörundi III., RE 300, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 12. maí 1967.

Nr. 14/1966. **Helgi Benediktsson** (Jón Hjaltason hrl.)
gegn
Finnboga Magnússyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm ásamt samdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Angantý Elíassyni skipstjórum.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1966 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað ýmissa nýrra gagna, og löggiltur endurskoðandi hefur kannað bókhaldsgögn áfrýjanda um skipti aðilja og gert yfirlit yfir viðskiptin.

Stefndi var skipstjóri á v/b Helga Helgasyni, VE 343, sem var eign áfrýjanda, á vetrarvertíð og sumarsíldveiðum 1963.

Hér fyrir dómi hefur stefndi sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Inneign vegna sumarsíldveiða samkvæmt yfirliti Sigurðar Stefánssonar, löggilts end-

urskoðanda	kr.	65.618.81
2. Kaup fyrir tímabilið 16/6 til 27/6 1963 og ferðakostnaður frá Patreksfirði til Reykjavíkur	—	3.080.00
3. Greitt án heimildar til Skipstjórafélagsins Verðandi í Vestmannaeyjum	—	500.00
4. Umsaminn aflahlutur og orlof fyrir upphaf sumarsíldveiða 1963	—	58.868.16
5. Fastakaup á vetrarvertíð 1963 ásamt orlofi	—	2.927.49
	Kr.	130.994.45

Um 1. Þessi kröfuliður er byggður á bókhaldsgögnum áfrýjanda, og virðast aðiljar sammála um réttmæti hans með þeim athugasemdum, sem síðar verður vikið að.

Um 2. Fé þetta er fært stefnda til tekna á yfirliti því, er um ræðir í 1. lið, en jafnframt fært honum til gjalda sem greitt, og byggist það á kvittuðum reikningi stefnda. Stefndi, sem kveðst eigi hafa fengið fé þetta, hefur engin gögn fært fram til stuðnings þeirri staðhæfingu sinni, og verður því þessi kröfuliður eigi tekinn til greina.

Um 3. Áfrýjandi greiddi fé þetta, og er það fært stefnda til skuldar í yfirlitinu, sbr. 1. lið. Stefndi hefur mótmælt heimild áfrýjanda til greiðslu þessa fjár, og þar sem áfrýjandi hefur ekki fært rök fyrir því, að honum hafi borið að greiða það, verður að taka þennan kröfulið til greina.

Um 4. Svo sem rekið er í hinum áfrýjaða dómi, tafðist för v/b Helga Helgasonar á síldveiðar í júnímánuði 1963, þar sem gera þurfti við skipið. Með símskeyti 22. júní 1963 og bréfi 27. s. m. staðfesti áfrýjandi það samkomulag við stefnda, að hann fengi „aflahlut, miðað við meðaltal veiði tveggja aflahæstu skipa sambærileg við Helga Helgason þann tíma, sem skipið tefst frá veiðum vegna viðgerðartafar, eftir að um síldveiðikjör á Vestfjörðum samdist". Stefndi telur, að hefði skipið eigi verið til viðgerðar, hefði það getað haldið á síldveiðar 14. júní 1963. Hins vegar hafi það eigi verið komið á síldarmiðin fyrr en 1. júlí s. á., þó að lögskráð hafi verið á skipið 27. s. m. Eigi hann því rétt á tiltölulegum

aflahlut þennan tíma og nemi hann eigi lægri fjárhæð en hér er krafið. Áfrýjandi telur hins vegar, að stefndi hafi fallið frá þessari kröfu og reiknað sér aðeins kaup fyrir þetta tímabil, sbr. 2. lið, og fengið það greitt.

Áfrýjandi hefur engin rök að því leitt, að stefndi hafi fallið frá rétti sínum til greiðslu hins umsamda aflahlutar, en laun þau, er um ræðir í 2. lið, eru fyrir vinnu við skipið og skipta hér ekki máli. Aðiljar eru sammála um, að upphafsdagur tímabils þess, er hér skiptir máli, sé 14. júní 1963. Stefndi var lögskráður skipstjóri á skipið 27. s. m. og hélt með það frá Reykjavík þann dag. Á hann ekki rétt á greiðslu þessari fyrir síðari tíma. Sigurður Stefánsson, löggiltur endurskoðandi, hefur reiknað aflahlut skipstjóra miðað við meðalafla tveggja skipa, sem talin eru sambærileg við v/b Helga Helgason, fyrir tímabilið frá 14. júní 1963 til og með 27. s. m. Telur hann, að aflahluturinn þannig reiknaður ásamt orlofi nemi kr. 52.152.00. Þykir verða að leggja þetta til grundvallar og taka þennan kröfulið til greina með þessari fjárhæð.

Um 5. Stefndi telur að við reikningsskil á skipstjóralaunum hans eftir vetarvertíð 1963 hafi gleymzt að telja honum til tekna samningsbundið fastakaup, sem ásamt orlofi nemi hinni kröfðu fjárhæð. Áfrýjandi telur hins vegar, að öllum viðskiptum þeirra vegna vetrarvertíðarinnar hafi verið lokið og eigi stefndi enga kröfu af þessu efni. Gegn andmælum áfrýjanda hefur stefndi engin rök fært fram fyrir þessum kröfulið, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Áfrýjandi hefur talið, að stefndi hafi auk þeirrar úttektar, sem talin er í fyrrgreindu yfirliti, sbr. 1. lið, á sumrinu 1963 tekið út peninga, samtals kr. 75.136.86, en skilað aftur af því fé kr. 6.464.00. Þá kveðst áfrýjandi hafa orðið að greiða vegna vanskila stefnda dómskuld eina að fjárhæð kr. 34.319.44, er stefnda beri að endurgreiða. Áfrýjandi hefur engin rök fært fram fyrir því, að stefndi hafi móttekið fé þetta, né að hann hafi borið ábyrgð á dómskuld þessari. Verða þessir frádráttarliðir áfrýjanda því eigi til greina teknir í máli þessu.

Samkvæmt þessu verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda kr. 118.270.81 (65.618.81 + 500.00 + 52.152.00) með 7% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Samkvæmt ákvæðum 2. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 ber að dæma stefnda sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni, VE 343, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefnda, Finnboga Magnússyni, kr. 118.270.81 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 35.000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Helga Helgasyni, VE 343, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 5. janúar 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Finnboga Magnússyni skipstjóra, Patreksfirði, með stefnu, útgefinni 2. desember 1963, birtri 3. s. m., á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni m/b Helga Helgasonar, VE 343, til heimtu vangoldins aflahlutar og fastakaups auk kaups skv. sérstöku samkomulagi við stefnda svo og orlofs fyrir skipstjórn á bátnum veturinn og sumarið 1963 að fjárhæð kr. 131.462.67 eða annarri fjárhæð, sem stefndi kynni að sanna réttari, auk 8% ársvaxta frá 1. október 1963 til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. taxta L. M. F. Í. og viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir stefnukröfunum.

Í lok málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar niður í kr.

130.932.51 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1963 til 31. desember 1964 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar og viðurkenningar sjóveðréttar, eins og áður segir.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum í málinu og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefnandi var um skeið skipstjóri á m/b Helga Helgasyni, VE 343. Á vetrarvertíðinni 1963 var báturinn gerður út frá Patreksfirði og fiskurinn seldur Fiskiver h/f. Um sumarið var báturinn gerður út á síldveiðar og afli lagður upp á Norður- og Austurlandi. Skipið komst ekki á veiðar í upphafi síldveiðitímans vegna þess, að það þurfti að fá viðgerð, og varð að samkomulagi milli aðilja, að stefnandi fengi aflahlut miðað við meðaltal veiði tveggja aflahæstu skipa, sambærilegra við Helga Helgason, allan þann tíma, sem skipið tefðist frá veiðum vegna viðgerðarinnar, eftir að samningar kæmust á um síldveiðikjör á Vestfjörðum. Sá aflahlutur nam með orlofi kr. 58.868.16 samkvæmt vottorði frá Fiskifélagi Íslands, sem stefnandi hefur lagt fram um afla hæstu síldveiðiskipa, sambærilegra við Helga Helgason, á tímabilinu 16. júní til 29. júní 1963.

Samkvæmt framlögðum reikningi yfir stefnukröfuna er hér aðallega um að ræða eftirstöðvar af aflahlut hans og kaupi frá síldarúthaldinu um sumarið 1963 svo og fastakaup frá netjavertíðinni 1963, sem nemur með orlofi kr. 2.927.49. Gerð er einnig grein fyrir þeim peningafjárhæðum, sem stefnandi veitti móttöku af hálfu skipsins frá þeim stöðvum, sem veittu síldaraflanum móttöku, og hvernig því fé var varið.

Stefndi hefur lagt fram viðskiptareikning stefnanda samkvæmt sínu bókhaldi. Sýnir hann mismun stefnanda í hag, er nemur kr. 25.95. Greinir því aðilja mikið á um, hvernig viðskipti þeirra standi. Aflahlutur og kaup stefnanda á síldarúthaldinu ásamt orlofi er reiknað mjög svipað hjá báðum aðiljum, en þó aðeins hærra á reikningi stefnda, og munar þar kr. 58.04. Fæði stefnanda reiknar stefndi 256.00 krónum hærra en stefnandi gerir á sínum reikningi. Svo telur stefndi, að stefnandi hafi veitt móttöku 306.00 krónum hærri fjárhæð frá síldarbræðslunni á Norðfirði og Hafsilfri en tilfærð er á reikningi stefnanda. Að því leyti, sem nú er greint, viðurkennir stefnandi, að reikningar stefnda séu réttari, og á því byggist lækkun hans á kröfu sinni, en jafnframt hefur hann fært til frádráttar kr. 25.95, eða þá fjárhæð, sem stefndi taldi hann eiga inni, eins og áður er getið.

Ágreiningurinn í málinu er því um eftirfarandi liði:

1. Kaup á vetrarvertíð .. .. kr. 2.927.49
2. Aflahlutur fyrir upphaf úthalds samkv. samn. — 58.868.16
3. Mótteknir peningar .. .. — 69.136.86

Samtals kr. 130.932.51

Um 1. Kaup á vetrarvertíð 1963, kr. 2.927.49.

Samkv. gildandi kjarasamningi átti stefnandi rétt til kaups fyrir utan aflahlut. Stefndi hefur hvorki sýnt fram á, að stefnandi hafi fengið kaup sitt greitt né að upphæðin sé of há. Þessi liður er því tekinn til greina.

Um 2. Aflahlutur, áður en úthald hófst, samkv. samn., kr. 58.868.16.

Þess er getið hér að framan, að svo var um samið milli aðilja, að stefnandi skyldi fá aflahlut á þann hátt, sem fyrr greinir, þann tíma, sem skipið teðist frá veiðum vegna viðgerðar, eftir að samningar komust á um síldveiðikjör á Vestfjörðum hinn 14. júní 1963. Þetta er ágreiningslaust, enda liggja fyrir skriflegar heimildir. Stefndi telur, að samkomulag þetta hafi fallið niður um haustið og hafi stefnandi gefið í þess stað reikning fyrir kaupi yfir tímabilið. Sá reikningur liggur fyrir og ræðir um kaup frá 16/6 til 27/6 1963 að fjárhæð kr. 2.480.00, auk þess er tilfærður á reikningnum ferðakostnaður frá Patreksfirði til Reykjavíkur, kr. 600.00, þannig að hann nemur samtals kr. 3.080.00, og kemur sú upphæð fram á viðskiptareikningum beggja aðilja. Stefnandi kveður það alls ekki rétt, að hann hafi nokkru sinni fallið frá rétti sínum samkv. ofangreindu samkomulagi og umræddur reikningur sé því með öllu óviðkomandi. Kvaðst hann hafa verið kallaður frá Patreksfirði til Reykjavíkur hinn 16. júní, að því er virðist, til eftirlits eða til vinnu við skipið, sem var þar til viðgerðar, og snerist reikningurinn um kaup frá þeim degi, þar til lögskráð var, en til kaups fyrir þann tíma hafi hann átt fullan rétt samkv. 10. gr. gildandi síldveiðisamnings. Samkv. 11. gr. sama samnings hafi hann einnig átt rátt á ferðakostaði.

Samkvæmt 10. gr. nefnds kjarasamnings skal skipstjóra tryggt kaup samkv. kauptaxta Verkalýðsfélagsins Baldurs að viðbættu 25% álagi, sé hann bundinn við skipið vegna ráðningarsamnings milli veiðitímabila eða af öðrum orsökum, þ. e. vinni við skipið, og samkv. 11. gr. skal hann taka kaup frá og með þeim degi, er ferð hefst, þurfi hann að ferðast frá ráðningarstað til skips, og

skal þá útgerðin einnig greiða ferðakostnað. Verður því ekki séð, að stefnandi hafi með umræddu kaupi og ferðakostnaði fengið annað né meira en það, sem hann átti rétt til samkv. gildandi kjarasamningi. Framvísun reikningsins gefur því enga ástæðu til að ætla, að tilætlunin hafi verið að falla frá ofangreindu samkomulagi. Og þar eð fleira hefur ekki komið fram, er til þess bendi, verður litið svo á, að samkomulagið hafi eftir sem áður verið í fullu gildi.

Útreikningur aflahlutarins hefur ekki sætt sérstökum andmælum, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að fullu.

Um 3. Mótteknir peningar, kr. 69.136.86.

Samkv. reikningum stefnanda veitti hann móttöku af hálfu skipsins á ýmsum stöðum á Austurlandi svo og á Siglufirði samtals kr. 400.500.00 af andvirði síldaraflans. Undir rekstri málsins upplýstist, að fjárhæð þessi átti að hækka um kr. 306.00, eins og áður getur. Hafi hann því móttekið samtals kr. 400.806.00. Jafnframt lagði hann út allmikið fé fyrir útgerðina og gerði skil á eftirfarandi hátt:

Kvittanir og reikningar afhentir Pólstjörnunni, Siglufirði	kr.	114.000.00
Kvittanir og reikn. afhentir stefnda skv. kvittun	—	45.136.86
Kvittun afhent stefnda	—	3.080.00
Samtals kr.		162.216.86

Á reikningi stefnda eru færslur á annan veg. Talið er, að stefnandi hafi móttekið af síldarandvirði kr. 310.806.00 og afhent kvittun fyrir kaupi að fjárhæð kr. 3.080.00. Að öðru leyti tilgreinir reikningur stefnda einungis aflahlut, kaup og fæði stefnanda á síldveiðunum um sumarið og er að því leyti að mestu samhljóða reikningi stefnanda, eins og áður er getið. Á reikningi stefnda koma ekki fram þessir liðir, sem fram koma á reikningi stefnanda:

Mótteknir pen. hjá Pólstjörnunni, Siglufirði	kr.	90.000.00
Skil til sama fyrirtækis skv. því, sem áður segir	—	114.000.00
Skil til stefnda sjálfs	—	45.136.86

Tveir síðari liðirnir samanlagðir að frádregnum hinum fyrsta gera kr. 69.136.86.

Kvittun liggur fyrir frá stefnda sjálfum, sem ber með sér, að stefnandi hafi afhent honum skilríki fyrir, að hann hafi greitt

til skipverja og í þágu skipsins kr. 45.136.86. Undir rekstri málsins hefur stefndi ekki sérstaklega mótmælt, að stefnandi hafi afhent Pólstjörnunni kvittanir og reikninga yfir útborganir í þágu útgerðarinnar að fjárhæð kr. 114.000.00 og að sjálfsögðu ekki heldur, að stefnandi hafi móttekið þar kr. 90.000.00 í peningum. Verður því gengið út frá, að reikningar stefnanda séu réttir að þessu leyti. Leiðir þetta til þess, að ofangreind fjárhæð, kr. 69.136.86, verður ekki dregin frá kröfum hans.

Í málarekstrinum tínir stefndi margt fram til þess að sýna fram á, að stefnandi og Fiskiver h/f á Patreksfirði, er hann telur eign stefnanda, hafi á ýmsan hátt bakað honum tjón með því að vanefna samningsskyldur sínar. Ekki hefur hann þó sett fram ákveðnar kröfur í því sambandi, og verður því ekki frekar farið inn á þau atriði hér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verða kröfur stefnanda teknar til greina og stefndi dæmdur til að greiða honum kr. 130.932.51 auk 8% ársvaxta frá 1. október 1963 til 31. desember 1964 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 16.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnanda, Finnboga Magnússyni, kr. 130.932.51 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. október 1963 til 31. desember 1964 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 16.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Helga Helgasyni, VE 343, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. maí 1967.

Nr. 202/1965. **Guðbergur Ingólfsson** (Áki Jakobsson hrl.)
gegn
Vélsmiðjunni Héðni h/f
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Krefst hann sýknu og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjanda verði gert að greiða honum kr. 3.089.28 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og að ákvæði héraðsdóms um málskostnað verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný skjöl, þar á meðal aðiljaskýrsla áfrýjanda, er hann hefur staðfest fyrir dómi. Einnig hefur framleiðsluverkstjóri stefnda, Torfi Þorsteinsson, gefið skýrslu fyrir dómi.

Hinn 26. október 1964 keypti áfrýjandi af stefnda rafknúinn hitablásara til fiskþurrkunar, er kostaði ásamt söluskatti kr. 11.161.90, og var andvirði hans greitt hinn 28. október 1964.

Taldi áfrýjandi blásara þennan gallaðan, frá því að hann fyrst fékk hann, en framleiðsluverkstjóri stefnda, Torfi Þorsteinsson, telur það ekki eiga að geta verið. Kveðst áfrýjandi hafa litið eftir blásaranum um kl. 0030 aðfaranótt 25. desember 1964 og segir hann þá hafa verið í gangi, en næsta morgun hafi svo ekki verið, enda reyndist rafall blásarans „yfir brunninn". Áfrýjandi átti svo tal við Torfa Þorsteinsson, sem hann segir hafa ráðlagt sér að skila blásaranum

aftur og fá annan í staðinn. Kom áfrýjandi síðan blásaranum til stefnda, en kveðst ekki hafa sent hann þangað til viðgerðar, heldur skilað honum aftur, og fékk annan í staðinn, sem hann segir hafa reynzt vel, en af misgáningi hafi stefndi skuldfært hann í bókum sínum fyrir andvirði tveggja blásara að sama verðgildi auk viðgerðarkostnaðar hins bilaða blásara, kr. 3.089.28.

Torfi Þorsteinsson kveðst hafa innt áfrýjanda eftir því, hvort spennufall hefði getað orsakað bilun í blásaranum og segir áfrýjanda annað hvort hafa fullyrt, að svo hefði verið eða sagt, að það kynni að vera, en áfrýjandi kannast við, að á góma hafi borið, hvort spennufall hefði valdið biluninni. Kveðst Torfi Þorsteinsson hafa sagt áfrýjanda að senda blásarann til viðgerðar og jafnframt til athugunar á því, hvort hann væri gallaður, en áfrýjandi hafi þá sagzt þurfa að fá annan blásara, og segir Torfi, að sér hafi skilizt, að áfrýjandi vildi fá annan blásara til viðbótar, en ekki í stað þess bilaða. Áfrýjandi kveðst minnast þess að hafa tjáð Torfa, að hann mundi e. t. v. þurfa tvo blásara, ef hver blásari væri ekki afkastameiri en sá, er hann fékk fyrr.

Hinn 18. nóvember 1965 ritaði stefndi lögmanni sínum bréf og staðfesti samtal um, að skuld áfrýjanda væri aðeins kr. 3.089.28, þar eð honum hefði verið fært til tekna andvirði hitablásara, „sem hann lagði inn á verkstæði vort til viðgerðar".

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 22. júní 1965, og var þá sótt þing af hálfu áfrýjanda, og fékk hann einnar viku frest til samningu greinargerðar. Þingað var næst í málinu í héraði viku síðar, 29. júní 1965, en þá var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda, og var málið tekið til dóms að kröfu lögmanns stefnda og héraðsdómur kveðinn upp 5. júlí s. á.

Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 25. maí 1965, var áfrýjandi krafinn um greiðslu á kr. 14.251.18, þ. e. andvirði eins blásara, kr. 11.161.90, og viðgerðarkostnaðar, kr. 3.089.28, auk innheimtulauna, kr. 2.025.00. Kveðst áfrýjandi því hafa ljáð lögmanninum í síma, hvernig viðskiptunum með blás-

arann hefði verið varið og hafi hann þá lofað að athuga málavexti nánar, en engu að síður stefnt í málinu. Áfrýjandi kveðst svo hafa látið sækja þing fyrir sig við þingfestingu málsins, eins og áður getur. Hann hafi síðan átt tal við fulltrúa lögmanns stefnda og skilizt á honum, að hann mundi fella málið niður. Vegna þessa kveðst áfrýjandi ekki hafa látið sækja þing fyrir sig frekar vegna málsins og ekkert af því frétt, fyrr en honum var birtur héraðsdómurinn.

Þar eð þingsókn féll niður í héraði, eins og að framan greinir, og eins og málum er háttað, ber að taka kröfur stefnda til greina og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 3.089.28 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðbergur Ingólfsson, greiði stefnda, Vélsmiðjunni Héðni h/f, kr. 3.089.28 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3.500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. júní 1965, hefur Vélsmiðjan Héðinn h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 12. júní 1965, gegn Guðbergi Ingólfssyni, Gerðum, Garði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 14.251.18 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og málskostnaðar skv. taxta L. M. F. Í.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera vegna loftræstiviftu, rafmótors og vinnu, sem stefnandi seldi stefnda skv. meðfylgjandi nótum, dags. 29/12 '64 og 31/3 '65.

Stefndi hefur látið sækja þing, en engum andmælum hreyft. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 2.600.00.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbergur Ingólfsson, Gerðum, Garði, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Héðni h/f, kr. 14.251.18 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1965 til greiðsludags og kr. 2.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. maí 1967.

Nr. 78/1967. **Josep M. Caravana**
Jimmie C. Thornton
John T. Brogan og
Edwin J. Marsh
gegn
Ákæruvaldinu og
X.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kærumál. Eiðfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Kærendur hafa samkvæmt heimild í 6. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kærum 27. apríl og 5. maí 1967 og krafizt þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og eiðvinning vitnisins X verði eigi látin fram fara.

Kærendurnir Joseph M. Caravana og John T. Brogan krefjast kærumálskostnaðar.

Saksóknari ríkisins krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og kærumálskostnaður lagður á kærendur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkurflugvallar 21. apríl 1967.

Ár 1967, föstudaginn 21. apríl, var í sakadómi Keflavíkurflugvallar, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þorgeiri Þorsteinssyni, uppkveðinn úrskurður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Joseph M. Caravana, Jimmie C. Thornton, John T. Brogan og Edwin J. Marsh.

Með ákæruskjali saksóknara ríkisins, útgefnu 21. marz s.l., var framangreint mál höfðað á hendur hinum ákærðu, ákærða Josph M. Caravana fyrir tilraun til nauðgunar, ákærða Jimmie C. Thornton fyrir nuaðgun og ákærða John T. Brogan og Edwin J. Marsh fyrir hlutdeild í greindum brotum gagnvart 16 ára stúlku, X, hinn 18. september s.l.

Með bréfi saksóknara, dags. 21. marz s.l., var þess krafizt að áður en til dómtöku málsins kæmi, yrði rannsókn lokið, m. a. með því að vitnið X staðfesti framburð sinn í málinu með eiði.

Við þingfestingu málsins hinn 14. apríl s.l. mótmæltu skipaðir verjendur hinna ákærðu, að umrædd eiðfesting færi fram, og var atriði þetta því tekið til úrskurðar þann dag.

Verjendurnir rökstyðja mótmæli sín með því, að greindarprófun, sem fram hafi farið á stúlkunni, hafi leitt í ljós, að þroski hennar væri slíkur, að hún gerði sér ekki grein fyrir þýðingu eiðfestingar, sbr. 2. tl. 101. gr. laga um meðferð opinberra mála. Enn fremur, að málsúrslit gætu haft slíka fjárhagslega þýðingu fyrir vitnið, er réttlæti, að eiðfesting vitnisins fari ekki fram. Af hálfu ákæruvaldsins var ítrekuð krafan um, að eiðfesting vitnisins fari fram.

Með bréfi dómarans, dags. 26. 1. s.l., var Kristni Björnssyni sálfræðingi falið að kanna hæfni vitnisins til að bera vætti.

Samdi hann álitsgerð um athuganir sínar. Eftir að hafa kynnt sér skjöl málsins og rannsakað vitnið, segir þar svo um hæfni og þroska vitnisins:

„Við hæfileikaprófun, með prófkerfi staðlað fyrir íslenzk börn og unglinga, reynist þroskaaldur 11 ár, greindarvísitala 73.

Við prófun með kerfi, þýddu og löguðu að íslenzkum aðstæðum, reyndist greindarvísitala munnlega hlutans 72, verklega hlutans 70 og prófsins alls = 69.

Gera má ráð fyrir, að þessar tölur séu lágmark, því að stúlkan hefur búið við heldur erfiðar aðstæður, lítil skilyrði til mennta og lauk eigi skyldunámi í unglingaskóla. Hún vinnur líka heldur hægt að verkefnum, og dregur það heldur úr árangri á síðarnefnda prófinu. Ég hef kynnt mér námsárangur X úr barnaskóla. Hún stóðst barnapróf með mjög lágri einkunn, og er það í samræmi við niðurstöður hæfnisprófa. Þeir, sem hafa greindarvísitölu undir 70, eru venjulega taldir andlega vanþroska, þótt ekki sé hægt að festa þessi mörk við ákveðna tölu. Lítill eða enginn munur er t. d. á þeim, sem hafa gr.v. 69 og 71. En þeir, sem eru ofan við þessi mörk, eru yfirleitt taldir færir um að bera ábyrgð gerða sinna.

Af fyrrnefndri hæfnisprófun má ályktа, að greindarþroski X sé rétt ofan við vanþroskamarkið, en þó niðri við það mark. Sem vitni ætti hún að jafnast á við venjulegt 11 ára barn.

Takmarkaður þroski dregur að sjálfsögðu nokkuð úr öryggi og nákvæmni vitnisburðar. En 11 ára barn og þótt yngra væri mun þó alltaf geta gert sér grein fyrir, hvort það hafi verið beitt valdi eða ekki, hversu það tókst og hvernig það gerðist í aðalatriðum, þótt ýmis smærri atvik geti ruglazt og verið óljós í huga þess.

Í þessu sambandi má vekja athygli á því, að nokkrir dagar liðu, áður en málið var kært, og réttarrannsókn fór fram alllöngu síðar. Þetta dregur líka úr öryggi og nákvæmni framburðar vitnanna.

Atburðir gleymast hraðast fyrstu 5—6 dagana, eftir að þeir gerast, en smám saman úr því.

Þetta gæti vel aukið ósamræmi varðandi smærri atvik í framburði vitnanna.“

Í 101. gr. laga um meðferð opinberra mála eru ákvæði um, hverja megi ekki eiðfesta.

1. töluliður greindrar lagagreinar geymir ákvæði um lágmarksaldur, en annar töluliður geymir ákvæði um vitsmunalega vankanta vitna, er valda því, að vitni megi ekki eiðfesta framburð sinn. Ljóst er, að umrætt vitni, sem er fætt 16. ágúst 1950, uppfyllir aldursskilyrði til eiðfestingar, og kemur þá til álita, hvort

greindarþroski þess sé í slíku lágmarki, að ákvæðum 2. tl. 101. gr. verði beitt.

Í framangreindri álitsgerð sálfræðingsins felst sú ályktun, að greindarþroski vitnisins sé rétt ofan við vanþroskamarkið, en þó niðri við það mark.

Samkvæmt hæfileikaprófun reyndist þroskaaldur vitnisins 11 ár, og kveður sálfræðingurinn, að slíkur takmarkaður þroski dragi nokkuð úr öryggi og nákvæmni vitnisburðar. Þrátt fyrir þetta telur sálfræðingurinn, að vitnið muni geta gert sér grein fyrir, hvort það hafi verið beitt valdi eða ekki, hversu það tókst og hvernig það gerðist í aðalatriðum.

Að þessum ályktunum virtum telur dómarinn, að vitnið á sama hátt geti gert sér grein fyrir þýðingu og helgi eiðfestingar og að andlegt ástand þess verði því ekki heimfært til 2. töluliðar 101. gr. laga um meðferð opinberra mála.

Hins vegar mun dómurinn á síðara stigi málsins að sjálfsögðu meta gildi vitnisburðar vitnisins og þá með hliðsjón af álitsgerð sálfræðingsins um hæfni þess til að bera vætti.

Varðandi þá mótbáru verjenda hinna ákærðu við eiðfestingu umrædds vitnis, að málsúrslit geti haft fjárhagslega þýðingu fyrir vitnið, telur dómurinn eigi ástæðu til að taka hana til greina, enda engin ákvæði í lögum, er standi í vegi fyrir, að vitni, sem slíkra hagsmuna hafi að gæta, staðfesti framburð sinn með eiði.

Því úrskurðast:

Krafa saksóknara ríkisins um, að vitnið X staðfesti framburð sinn með eiði, verður tekin til greina.

Föstudaginn 19. maí 1967.

Nr. 210/1966. **Áslaug M. Nikulásdóttir vegna dánarbús Nikulásar Davíðs Stefánssonar**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Erni Guðmarssyni (Gunnar Jónsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Prófessor Ármann Snævarr.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. september 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu sama dag og krafizt þess, að henni verði dæmd sýkna í máli þessu og að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ýmis ný skjöl.

Borgarfógetinn í Reykjavík hefur hinn 25. marz 1966 ritað áfrýjanda, Áslaugu M. Nikulásdóttur, svohljóðandi bréf: „Samkvæmt beiðni í bréfi, dags. 23. þ. mán., veitist yður hér með leyfi til að skipta einkaskiptum dánar- og félagsbúi kjörforeldra yðar, Sigrúnar Sigurðardóttur, sem andaðist 16. maí 1963, og Nikulásar Davíðs Stefánssonar, sem andaðist 12. júlí 1965.

Berið þér að sjálfsögðu ábyrgð á skuldum þeim, sem á búinu kunna að hvíla, svo og á greiðslu erfðafjárskattsins."

Aðiljar máls þessa kynntust á árinu 1959. Þau gerðu heyrin kunnugt heitorð sitt hinn 10. apríl 1961 og eignuðust barn 22. ágúst 1961. Kjörforeldrar áfrýjanda keyptu í marz eða apríl 1961 tveggja herbergja íbúð, 60 fermetra að stærð, við Kleppsveg 30, Reykjavík, til þess að létta þeim hjónaefnum

heimilisstofnunina. Íbúðin var að mestu óinnanbúin og eigi að öllu fullfrágengin að utan. Stefndi vann að því að fullbúa íbúðina á tímabilinu frá 1. maí 1961 til 1. september 1962 og naut við það aðstoðar áfrýjanda, kjörforeldra hennar og annarra vandamanna hennar að einhverju leyti. Þau fluttust í íbúðina 1. október 1961 og bjuggu þar sem hjón væru til 1. september eða 1. október 1962, en þá fluttist stefndi í brott. Kjörforeldrar áfrýjanda veittu aðiljum máls þessa aðgang að íbúðinni í húsinu nr. 30 við Kleppsveg undir því fororði, að þau gengju í hjúskap. Þau bjuggu saman sem hjón, meðan innanbúnaður íbúðarinnar fór fram, og var áfrýjandi húsfreyja á sameiginlegu heimili þeirra. Er auðsætt, að innanbúnaðurinn og fullgerð íbúðarinnar var á þeirri forsendu reist, að þau eignuðust rétt til þessara sameiginlegu framkvæmda, svo sem væru þau gengin í hjónaband að lögum. Ber því að líta svo á, að þau hafi, eins og sérstaklega á stóð, orðið sameigendur að innanbúnaði íbúðarinnar. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda helming þeirrar fjárhæðar, sem greinir í dómsorði héraðsdóms, er eigi hefur verið gagnáfrýjað, þ. e. kr. 76.004.21 : 2 = 38.002.11, ásamt vöxtum, eins og þar getur.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Áslaug M. Nikulásdóttir vegna dánarbús Nikulásar Davíðs Stefánssonar, greiði stefnda, Erni Guðmarssyni, kr. 38.002.11 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. september 1962 og til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., höfðaði Örn Guðmarsson, Álfheimum 62 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 28. marz 1963, á hendur Nikulási Davíð Stefánssyni, Víðimel 21 í Reykjavík, til greiðslu á kr. 82.163.41 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. september 1962 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Eftir að málssókn þessi var hafin, andaðist stefndi. Er málið því nú rekið gegn dánarbúi hans.

Stefndi hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæðin verði stórlega lækkuð og að málskostnaður verði látinn niður falla og jafnframt, að viðurkennd verði til skuldajafnaðar við dómkröfu stefnanda ógreidd húsaleiga stefnanda til stefnda fyrir tímabilið 1. okt. 1961 til 1. október 1962.

Málsatvik eru þau, að hinn 10. apríl 1961 stofnuðu þau til festa stefnandi og kjördóttir stefnda, Áslaug Magnea Nikulásdóttir. Ætluðu þau þá að stofna til búskapar, og af því tilefni keypti stefndi 2ja herbergja íbúð við Kleppsveg 30, og var ætlunin, að þau stefnandi og Áslaug byggju í þeirri íbúð. Íbúðin var múrhúðuð, en einn geymur, nema baðherbergi var afþiljað. Kominn var hiti í íbúðina, og baðker var upp sett, en eingöngu flekahurð var fyrir henni. Sameiginlegt húsnæði í húsinu var tilbúið undir tréverk, en það var ómúrhúðað að utan. Var um það talað með aðiljum, að stefnandi fullkláraði íbúðina. Hóf stefnandi þá þegar að vinna við það, og um vorið 1962 var því verki næstum lokið að fullu, en þau höfðu áður flutt í íbúðina hálfkláraða. Um haustið 1962 slitu þau stefnandi og Áslaug sambýli og fluttu úr íbúðinni. Hafa þau ekki búið saman síðan. Krefur stefnandi nú greiðslu fyrir efni og vinnu, sem hann lagði til við að fullgera umrædda íbúð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að samkomulag hafi verið um það í upphafi milli stefnda og þeirra Áslaugar, að þau innréttuðu íbúðina og að Áslaug hafi átt að eiga þá peninga, sem stefndi hefði lagt í íbúðina. Einnig hafi verið um það talað, að íbúðin yrði sett á nafn stefnanda, en er frá hafi liðið, hafi ekkert orðið úr þeirri ráðagerð og hafi því þá verið borið við, að þar sem stefnandi væri ekki orðinn fjárráða, gæti hann ekki orðið eigandi að íbúðinni. Hann kvaðst hafa byrjað á því að hlaða

milliveggi og múrhúða þá. Hafi faðir Áslaugar, Steingrímur Erlendsson, leiðbeint honum við múrhúðunina og múrað sjálfur nokkra veggi í upphafi. Hafi hann ekki greitt Steingrími í peningum fyrir aðstoð þessa, heldur með vinnu í lóð Steingríms.

Hann kvaðst sjálfur hafa málað íbúðina undir leiðsögn málarameistara, sem búið hafi í húsinu. Áslaug kunni að hafa tekið nokkur pensilför, eða málað einn vegg, en hún hafi ekki fullklárað neitt verk. Eldhúsið kvaðst hann ekki hafa fullmálað. Þá hafi hann látið leggja raflögn í alla íbúðina og sett upp lampa og ljós í eldhús og bað. Hann hafi sett upp altanhurð, sólbekki á glugga, forstofuhurð og eldhúsinnréttingu og hafi smiðir unnið það verk ásamt honum sjálfum. Einnig hafi hann tengt hreinlætistækin í baðherberginu og sett upp eldhúsvask með blöndunartækjum í eldhúsi svo og hafi hann lagt flísar í baðherbergið, bæði gólf og veggi. Þá hafi hann sett tvöfalt gler í glugga, en glerið hafi fylgt með í kaupum á íbúðinni, og enn fremur hafi hann lagt gólfdúka á hluta íbúðarinnar og sett upp skáp í baðherberginu. Þá kvaðst hann hafa greitt til sameiginlegs byggingarkostnaðar hússins og einnig hitakostnað fyrir tímabilið, frá því að íbúðin var keypt og þangað til hann hafi flutt í íbúðina. Einnig hafi hann keypt þvottavél í íbúðina. Hann kvað stefnda hafa lagt út eða gefið Áslaugu í afmælisgjöf blöndunartæki í baðherbergi, og einnig minnti hann, að stefndi hefði einhvern tíma rétt þeim Áslaugu 1.000.00 krónur, meðan á innréttingunni stóð, en hann mundi ekki, til hvers þeir peningar áttu að fara. Þá kvað hann lampa í baðherberginu hafa verið keyptan fyrir lánsfé frá barni þeirra Áslaugar, en hann minntist þess ekki, að Áslaug hefði greitt fyrir W.C. skálina af eigin fé. Áslaug hafi ekki unnið utan heimilisins á sambúðartímanum, en séð um heimilishaldið og hafi hún fengið peninga frá stefnanda eftir hendinni og eftir þörfum. Stefnandi kvaðst ekki hafa gert upp fjármál þeirra Áslaugar eftir sambúðarslitin. Hann kvað það hafa komið til tals milli hans og stefnda, að stefndi endurgreiddi honum þann kostnað, sem hann hafði haft við innréttingu íbúðarinnar, en því hafi stefndi hafnað. Einnig hafi komið fram, að eiginkona stefnda hafi mælzt til þess, að stefnandi greiddi húsaleiguna fyrir íbúðina, en því hafi hann hafnað.

Stefndi, Nikulás Davíð, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði keypt íbúðina vegna dóttur sinnar til íbúðar með tilvonandi eiginmanni hennar um óákveðinn tíma, en með því skilyrði, að þau gerðu íbúðina íbúðarhæfa án útgjalda fyrir hann. Hafi

það algerlega verið á þeirra valdi, hvað þau gerðu íbúðinni til góða. Sjálfur kvaðst hann hafa hjálpað stefnanda við múrhúðunina með því að handlanga við það verk og rétta honum vikurplötur, en hann kvaðst ekki vita, hve löngum tíma hann hafi eytt í það verk. Einnig hafi hann hjálpað stefnanda part úr degi eða dögum við að slípa spartl í eldhúsi. Hann kvað föður Áslaugar hafa aðstoðað og leiðbeint stefnanda við múrhúðunina og enn fremur hafi stefnandi fengið aðstoð kunningja síns við tréverk. Þá kvaðst hann hafa afhent stefnanda og Áslaugu kr. 1.000.00, meðan á innréttingunni stóð, og sagt við þau, að þeir peningar ættu að fara fyrir dyrasíma. Hann kvaðst ekki hafa lagt fram meira fé til innréttingar íbúðarinnar sjálfrar, áður en stefnandi og Áslaug fluttu úr henni, en hins vegar hafi hann lagt fram fé til sameiginlegrar byggingar hússins. Stefndi Nikulás kvað Áslaugu hafa unnið við stigaræstingu í næsta húsi, eftir að þau fluttu í íbúðina, og hafi stefnandi hirt laun hennar fyrir það og keypt fyrir þau W.C. skál og fleiri hreinlætistæki. Hann kvað stefnanda ekki hafa greitt til sameiginlegs byggingarkostnaðar hússins, en hins vegar hafi hann unnið við að mála húsið að utan og eitthvað í kjallara með öðrum eigendum hússins. Eftir að sambúð stefnanda og Áslaugar lauk, hafi hann fengið menn til að mála upp eldhúsið, sem hafi verið illa unnið, og einnig til þess að múra meðfram þrem hurðum og mála. Enn fremur til að dúkleggja í svefnherbergi, forstofu, stofu og eldhúsi, en hins vegar mundi hann ekki, hvort gólfið í baðherberginu hefði verið flísalagt af honum eða stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að aldrei hafi til þess komið, að hann legði til efni og vinnu við að fullljúka innréttingu íbúðarinnar endurgjaldslaust fyrir stefnda. Til þess hafi ekki komið að ganga frá þeim málum, þar sem þau Áslaug hafi slitið sambúðinni. Telur stefnandi ekki koma til mála, að hann greiddi stefnda fyrir afnot íbúðarinnar, enda hafi þau Áslaug búið í henni ófullgerðri. Hefur stefnandi sundurliðað kröfur sínar samkvæmt reikningum þannig:

1. Múrhúðaðir og hlaðnir veggir og öll málning, efni og vinna .. .. kr. 26.200.00
2. Eldhúsinnrétting, eldhúsvaskur, plast á eldhúsborð o. fl. varðandi eldhúsið .. .. — 13.488.00
3. W.C. skál, handlaug, gólfflísar og ýmislegt fl. viðkomandi barherbergi .. .. — 9.741.40

4. Vinna við ísetningu á tvöföldu gleri, tenging hreinlætistækja, gluggakistur, vinna og efni, baðskápur, altanhurð, forstofuhurð o. fl. .. .. kr. 12.439.89
5. Hitakostnaður frá maí—september o. fl. .. .. — 1.511.46
6. Sameiginlegur byggingarkostnaður .. .. — 13.921.46
7. Þvottavél .. .. — 4.861.60

Samtals kr. 82.163.41

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum í fyrsta lagi, að mál þetta snúist raunverulega um uppgjör milli þeirra stefnanda og Áslaugar. Þau hafi búið saman um eins árs skeið sem hjón væru og hafi því haft sameiginlegan fjárhag. Stefndi hafi lagt dóttur sinni til húsnæðisafnotin, en hún hafi aftur lagt til ásamt unnusta sínum ýmsa hluti, er urðu til þess að gera íbúðina hæfari til íbúðar. Beri því að sýkna vegna aðildarskorts. Bendir stefndi á, að auk framangreindra ástæðna þá eigi stefnandi ekki nema að hálfu leyti aðild að stefnukröfunni, ef hún á annað borð er fyrir hendi, þar sem ekkert uppgjör hafi farið fram milli stefnanda og Áslaugar.

Í annan stað er sýknukrafan byggð á því, að það hafi verið forsenda af hálfu stefnda fyrir því, að þau stefnandi fengju afnot íbúðarinnar, að þau gerðu hana íbúðarhæfa og að engin greiðsla kæmi fyrir það frá stefnda. Um þetta hafi þau bæði vitað, er þau hófu að vinna við íbúðina, enda hafi þau ein ráðið, hvað gert yrði henni til góða.

Varakrafa stefnda er studd þeim rökum, að kröfur stefnanda séu allt of háar. Stefnandi hafi notið aðstoðar föður Áslaugar við múrhúðunina og einnig hafi stefndi sjálfur annazt handlöngun við það verk. Þá hafi Áslaug og unnið við málun íbúðarinnar, lagt fé til kaupa á W. C. skál og fé til kaupa á lampa í baðherbergi hafi verið fengið hjá barni þeirra. Einnig hafi stefndi afhent þeim kr. 1.000.00, sem nota átti til íbúðarinnar. Mótmælir stefndi og fjárhæðum sem órökstuddum, þar sem ekki hafi verið lagðir fram sundurliðaðir reikningar fyrir efni og keyptri vinnu. Er sérstaklega mótmælt hitakostnaði svo og andvirði þvottavélar, þar sem slík vél sé ekki fylgifé íbúðarinnar og því sér óviðkomandi. Þá telur stefndi, að til frádráttar kröfu stefnanda eigi að koma greiðsla fyrir afnot íbúðarinnar, þar sem stefnandi og Áslaug hafi enga leigu greitt fyrir það ár, sem þau bjuggu í íbúðinni.

Hinn 7. apríl 1964 fékk stefnandi dómkvadda matsmenn til að meta til fjár vinnu og efni við innréttingu íbúðarinnar miðað við það ástand, er stefnandi lét framkvæma. Í matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, dags. 30. apríl 1964, er sundurliðuð upptalning á því, sem matið tekur til. Er það hið sama og stefnandi krefur fyrir, en þó er handlöngun við múrverkið ekki talin með og heldur ekki lampi í baðherbergi. Þá eru og ekki teknir með þrír síðustu liðirnir í kröfugerð stefnanda. Hins vegar taka matsmennirnir með kostnað við raflögn ásamt rofum og tenglum, efni og vinnu, enda segja þeir í matsgerðinni, að viðurkennt sé af umboðsmanni stefnda, að stefnandi hafi látið gera það á sinn kostnað. Matsmennirnir meta verkið, efni og vinnu, með kr. 63.100.00, og miða þeir þá við þann tíma, er verkið var unnið.

Báðir matsmennirnir staðfestu matsgerð sína fyrir dómi.

Þau stefnandi og Áslaug voru ekki í hjónabandi, og því höfðu þau sjálfstæðan fjárhag hvort um sig. Á stefnandi því einn aðild að kröfu fyrir framlög hans til íbúðarinnar og þeirri kröfu réttilega beint gegn stefnda sem eiganda hennar. Hefur því sýknuástæða stefnda að því leyti, sem hún er byggð á aðildaskorti, eigi við rök að styðjast.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að stefnandi annaðist um á sinn kostnað að innrétta íbúðina, bæði efni og vinnu, þar á meðal eigin vinnu. Það þykir verða að leggja sönnunarbyrði á stefnda um það, að stefnandi hafi átt að framkvæma það verk án endurgjalds. Og þar sem sönnur brestur um það gegn mótmælum stefnanda, þá þykir stefnandi eiga rétt til greiðslu fyrir innréttingarverkið úr hendi stefnda. Verður sýknukrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Hinir einstöku kröfuliðir stefnanda verða nú athugaðir.

Fyrstu fjórir liðir í kröfu stefnanda eru einvörðungu vegna innréttingar íbúðarinnar sjálfrar, samtals að fjárhæð kr. 61.869.29. Það er einróma álit hinna sérfróðu meðdómenda, að kröfum stefnanda sé mjög í hóf stillt. Er og matsfjárhæð hinna dómkvöddu matsmanna því til styrktar. Þykir því bera að taka þá kröfuliði til greina að frádregnum kr. 298.00 fyrir lampa í baðherbergi, sem viðurkennt er að hafa verið fengnar af fé barns stefnanda, svo og kr. 1.000.00, sem viðurkennt er, að stefndi hafi greitt til stefnanda. Hins vegar þykir ósannað gegn mótmælum stefnanda, að W.C. skál hafi verið greidd af fé Áslaugar. Verða þessir kröfuliðir því teknir til greina með kr. 60.571.29.

Fimmti liður í kröfugerð stefnanda er hitakostnaður og fleira,

sem stefnandi kveðst hafa greitt vegna íbúðarinnar, áður en hann flutti í hana. Þykir hann eiga rétt til kröfu þessarar úr hendi stefnda, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu.

Sjötti kröfuliðurinn er kostnaður vegna hinnar óskiptu sameignar hússins, og er reikningur stefnanda kvittaður af mönnum, sem verið hafa í fyrirsvari fyrir sameignina. Framlög þessi eru í þágu stefnda sem eiganda hússins, og því þykir stefnandi eiga rétt til endurkröfu á fjárhæðinni úr hendi stefnda. Ber því að taka kröfulið þennan til greina að fullu.

Sjöundi kröfuliðurinn er andvirði þvottavélar. Eigi verður talið, að þvottavélin sé fylgifé íbúðarinnar. Sést af gögnum málsins, að í húsinu eru sameiginlegar þvottavélar fyrir eigendurna. Þykir stefnandi því ekki eiga kröfurétt á hendur stefnda fyrir það tæki, og ber að sýkna hann af þessum kröfulið.

Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnanda, sem grundvalla verður dóm á, samtals kr. 76.004.21 (60.571.29 + 13.921.46 + 1.511.46).

Af gögnum málsins er ljóst, að stefnandi greiddi stefnda ekkert fyrir afnotin af íbúðinni, en hann bjó í henni um eins árs skeið. Hefur stefndi gert kröfu til þess, að til frádráttar kröfum stefnanda komi hæfileg leiga fyrir afnotin. Stefndi hefur hins vegar ekki haft uppi ákveðna fjárhæðarkröfu að þessu leyti. Telur dómurinn sér því eigi unnt að taka afstöðu til þessarar kröfu, og kemur hún því ekki til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda.

Samkvæmt framanskráðu verður niðurstaða dómsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 76.004.21 með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra ákveðst 7 af hundraði til 1. janúar 1965, 6 af hundraði frá þeim tíma til 1. janúar 1966 og 7 af hundraði frá þeim tíma til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 14.000.00. Er þá tekið tillit til kostnaðar við matsgerð.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Indriða Níelssyni húsasmíðameistara og Ásmundi Ólasyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Nikulásar Davíðs Stefánssonar, greiði stefnanda, Erni Guðmarssyni, kr. 76.004.21 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 14.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. maí 1967.

Nr. 18/1967. **Landssamband vörubifreiðarstjóra**
(Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Bílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu
og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Félög. Krafizt var ógildingar á úrskurði félagsstjórnar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1967 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m., og gert þær dómkröfur, að viðurkenndur verði með dómi alger forgangsréttur vörubifreiðarstjóra Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu á öllum akstri, sem eingöngu fer fram á félagssvæði félagsins, að úrskurður stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra frá 4. júní 1961 verði dæmdur ógildur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í 1. gr. reglna „um vinnuskiptingu milli vörubifreiðarstjórafélaga", sem samþykktar voru samhljóða á þingi Landssambands vörubifreiðarstjóra í desembermánuði 1955 segir:

„Þegar um akstur er að ræða, sem eingöngu fer fram á einu félagssvæði, skulu vörubifreiðarstjórar úr viðkomandi félagssvæði hafa algeran forgangsrétt". Þing Landssambands vörubifreiðarstjóra, sem fer með æðsta vald í málefnum samtakanna, hefur eigi breytt nefndu ákvæði vinnuskiptingarreglnanna, þótt um það hafi verið deilt í skiptum aðilja samtakanna. Stjórn Landssambands vörubifreiðarstjóra brast því heimild til að kveða upp úrskurð, sem í bága fer við 1. gr. vinnuskiptingarreglnanna. Ber af þessum sökum að meta úrskurð stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra frá 4. júní 1961, þann, er í málinu greinir, ógildan.

Að öðru verður eigi dómur lagður á kröfur gagnáfrýjanda, þar sem óstefndir aðiljar eiga í hlut.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Úrskurður stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra frá 4. júní 1961 er ógildur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Bílstjórafélag Suður-Þingeyjarsýslu fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. marz 1965, á hendur stjórn Landssambands vörubifreiðarstjóra (L. V.) í Reykjavík.

Gerði stefnandi þær dómkröfur, a) *að* viðurkenndur verði með dómi alger forgangsréttur vörubifreiðarstjóra Bílstjórnafélags Suður-Þingeyjarsýslu á öllum akstri, sem eingöngu fer fram á félagssvæði félagsins, b) *að* úrskurður stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra frá 4. júní 1961 verði dæmdur ógildur og c) *að* stefndi greiði stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Vegagerð ríkisins hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en engar kröfur hafðar uppi gegn henni, og hefur hún ekki gert kröfur í málinu.

Í upphafi munnlegs flutnings málsins óskaði stefnandi þess, að

sakarefninu yrði þannig skipt, að ekki yrði að svo stöddu dæmt um skaðabótakröfu hans í málinu, heldur einungis um aðrar kröfur hans. Samþykkti stefndi þá meðferð. Tekur dómur þessi því eingöngu til fyrstu tveggja kröfuliða stefnanda svo og málskostnaðarkröfu hans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að áður en stofnað var til Landssambands vörubifreiðarstjóra, hafi Alþýðusamband Íslands gert kjarasamning við Vegagerð ríkisins vegna vörubifreiðarstjóra, þar sem um heildarsamninga var að ræða fyrir allt landið. Vegna ákvæða í kjarasamningunum um skiptingu vinnu milli hinna ýmissu félaga vörubifreiðarstjóra var að tilhlutan Alþýðusambands Íslands haldin ráðstefna vörubifreiðarstjórafélaga innan sambandsins í aprílmánuði 1953. Á þeirri ráðstefnu var samþykkt tillaga þess efnis, að í kjarasamninginn við vegagerðina skyldi sett ákvæði um forgangsrétt til vinnu hvers félags á sínu félagssvæði. Í samninginn við vegagerðina, sem gerður var í júnímánuði það sama ár, var ákvæði sett í samninginn að þessu leyti. Eftir að Landssamband vörubifreiðarstjóra var stofnað, gerði stjórn þess samninga við vegagerðina fyrir hönd bifreiðarstjórafélaganna innan sambandsins. Í samningi aðiljanna í júnímánuði 1955 var það ákvæði sett til viðbótar forgangsrétti hvers félags á sínu félagssvæði, að kaupstaðirnir teldust með viðkomandi sýslu. Þessu ákvæði undi stefnandi ekki og gerði kröfu til stjórnar sambandsins um niðurfellingu þess ákvæðis. Stjórnin varð við kröfu stefnanda og úrskurðaði hinn 15. ágúst 1955, að réttur til vegavinnu í Suður-Þingeyjarsýslu skyldi fara eftir sömu reglum og undanfarin ár, þ. e. a. s., hvert félag hafi óskertan rétt á sínu svæði. Á þingi landssambandsins í desember þetta sama ár voru samþykktar reglur um vinnuskiptingu milli vörubifreiðarstjórafálaga. Í 1. gr. þeirra reglna er staðfest fyrri tilhögun, þ. e. a. s., að vörubifreiðarstjórar úr viðkomandi félagssvæði skuli hafa algeran forgangsrétt, þegar um er að ræða akstur, sem eingöngu fer fram á einu félagssvæði. Þessi háttur hélzt síðan næstu árin. Á fundi stjórnar landssambandsins hinn 4. júní 1961 úrskurðaði hún, að fyrri úrskurður hennar frá 15. ágúst 1955 skyldi úr gildi felldur, „þar sem stjórnin teldi ekki réttmætt að beita úrskurðarheimild sinni lengur á þann veg að viðhalda eldri reglum um samskipti vörubifreiðarstjóra, sem nú eru fyrir löngu úr sögunni.“ Var stefnanda tilkynnt þetta með bréfi, dags. 5. júní 1961, en jafn-

framt tilkynnti stjór landssambandsins Vegagerð ríkisins þessa ákvörðun sína með bréfi, dags. 12. september 1961, og gat þess við vegagerðina, að þetta „þýðir að sjálfsögðu, að vörubifreiðarstjórar bæði í Bílstjórafélagi Suður-Þingeyjarsýslu og Bílstjórafélagi Húsavíkur hafa rétt til vegavinnu, hvar sem er í Suður-Þingeyjarsýslu.“ Stefnandi hafi mótmælt úrskurði þessum margítrekað, þar sem hann hafi talið stjórn landssambandsins bresta heimild til ákvörðunar sinnar. Hafi þetta þó leitt til þess, að Vegagerð ríkisins lét bifreiðarstjóra frá Húsavík vinna við akstur fyrir sig, þótt aksturinn færi eingöngu fram á félagssvæði stefnanda, enda taldi vegagerðin sér það heimilt samkvæmt kjarasamningi hennar við stjórn landssambandsins frá 11. september 1961 svo og bréfi stjórnarinnar til hennar frá 12. sama mánaðar. Voru vörubifreiðarstjórar frá Húsavík teknir í vinnu af vegagerðinni árin 1962, 1963 og 1964, en sá akstur fór eingöngu fram utan lögsagnarumdæmis Húsavíkur í Suður-Þingeyjarsýslu, sem er félagssvæði stefnanda. Telur stefnandi sig hafa orðið fyrir vinnutjóni af þessum sökum, og er það tilefni málshöfðunar þessarar.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefnda hafi brostið heimild til að úrskurða á þann veg, er hann gerði hinn 4. júní 1961 og að framan getur. Þing Landssambands vörubifreiðarstjóra hafi æðsta vald í málefnum sambandsins og samþykktum þess geti stjórnin ekki breytt, slíkt sé aðeins á valdi sjálfs þingsins. Sambandsþingið hafði samþykkt ákveðnar vinnuskiptareglur í desember 1955, en samkvæmt 1. gr. þeirra reglna skulu vörubifreiðarstjórar úr viðkomandi félagssvæði hafa algeran forgangsrétt, þegar um akstur er að ræða, sem eingöngu fer fram á einu félagssvæði. Enginn fyrirvari sé í reglum þessum í þá átt, að þær gildi ekki gagnvart öllum þeim aðiljum, sem kjarasamninga gera við félög vörubifreiðarstjóra eða stjórn landssambandsins fyrir þeirra hönd, svo sem er um Vegagerð ríkisins og önnur landsfyrirtæki. Þessi skýrt mótaða regla hafi verið staðfesting á eldri reglum og sé hún enn í gildi. Stefndi hafi því farið út fyrir valdsvið sitt með áðurgreindum úrskurði sínum, þar sem hann braut í bága við löglega samþykkt landssambandsþingsins. Geti stefndi því eigi í samningum sínum við atvinnuveitendur fyrir hönd sambandsfélaganna bundið stefnanda um aðra tilhögun en mælt er fyrir um í samþykktum landssambandsþingsins án hans samþykkis.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að stefnda hafi verið

heimilt að úrskurða á þann veg, er hann gerði 4. júní 1961, svo að bindandi væri fyrir stefnanda. Áður en stofnað var til Landssambands vörubifreiðarstjóra, kom Alþýðusamband Íslands fram sem samningsaðili fyrir hönd vörubifreiðarstjórafélaga á landinu við Vegagerð ríkisins, og var gerður einn heildarsamningur um vegavinnuna, hvar sem var á landinu. Á bílstjóraráðstefnu, sem haldin var í apríl 1953 og var undanfari stofnunar landssambandsins, hafi greinilega komið fram sá grundvallarmunur, sem er á samningum við vegagerðina annars vegar og samningum við aðra atvinnuveitendur hins vegar (sbr. dómsskj. nr. 13). Fyrsti samningur, sem stjórn landssambandsins gerði við vegagerðina, var á árinu 1955. Þá var eldri venju breytt varðandi skiptingu vinnu milli hinna einstöku bifreiðarstjórafélaga hjá vegagerðinni. Hafi þá verið svo um samið, að hver sýsla skyldi vera eitt vinnusvæði án tillits til fjölda félaga vörubifreiðarstjóra innan sýslunnar. Enn fremur hafi í samningi þessum verið ákveðið, að þar sem tvö eða fleiri félög gerðu kröfu til að hafa vörubifreiðar innan sama vinnuflokks eða við sömu framkvæmdir og eigi næðist samkomulag milli þeirra, þá skyldi stjórn landssambandsins skera úr þeim ágreiningi. Af þessu ákvæði framangreinds samnings reis upp deila milli stefnanda og félags vörubifreiðarstjóra á Húsavík, þar eð stefnandi taldi félag sitt eiga að hafa forgangsrétt til vinnu, sem eingöngu færi fram á félagssvæði sínu. Þar sem eigi náðist samkomulag með þeim aðiljum, úrskurðaði stefndi á fundi sínum hinn 15. ágúst 1955, að um vinnu hjá vegagerðinni í Suður-Þingeyjarsýslu skyldi farið eftir eldri reglum. Taldi stefndi sér heimilt að úrskurða um þetta atriði samkvæmt ákvæðum samningsins og þá, á hvern veg sem var. Forsenda stefnda fyrir þessari niðurstöðu hafi eingöngu verið gerð með það fyrir augum að halda frið innan félags landssambandsins og reyna síðar að jafna ágreininginn með samningum. Hafi slíkt verið reynt í mörg ár án árangurs og því hafi stjórnin breytt fyrri úrskurði með úrskurði sínum hinn 4. júní 1961, enda hafi henni verið slíkt heimilt í samræmi við samninga landssambandsins við vegagerðina. Eftir að fyrsti kjarasamningur landssambandsins við vegagerðina var gerður, hafi margnefndar vinnuskiptareglur landssambandsins verið samþykktar, eða ekki fyrr en í desembermánuði 1955. Hafi í því sambandi engum athugasemdum verið hreyft varðandi tilhögun hinna nýju vinnuskiptareglna í samningnum við vegagerðina, enda hafi það verið skilningur allra, að vinnuskiptareglurnar ættu eingöngu þar við,

er hvert einstakt félag semur við atvinnuveitendur, en ekki þar, sem sambandið kemur fram sem samningsaðili fyrir öll félög þess, svo sem á sér stað um vegagerðina. Þá verði og á það að líta, að vinnuskiptareglurnar eru ekki lög sambandsins. Hinni nýju stefnu um svæðaskiptinguna, sem fram kom í samningnum við vegagerðina árið 1955, hefur til þessa verið beitt og óbreytt endurnýjuð í samningum landssambandsins við vegagerðina síðan. Hefur hvergi komið til ágreinings af því tilefni nema í hér umræddu tilfelli. Stefndi hafði því heimild samkvæmt samningum sínum við vegagerðina til að úrskurða um framkvæmd og skiptingu vinnu meðlimafélaga sinna hjá vegagerðinni, og henni var frjálst að úrskurða á hvern þann veg, er hún taldi hentast.

Eins og fyrr greinir, var það ákvæði í kjarasamningum þeim, er Alþýðusamband Íslands gerði fyrir hönd vörubifreiðarstjóra í landinu við vegagerðina, að atvinnubílstjórar innan Alþýðusambandsins skyldu hafa forgangsrétt til vinnu hjá vegagerðinni og þá hver um sig fyrsta rétt á sínu félagssvæði, enda hafði komið fram eindregin samþykkt um slíka tilhögun á bílstjóraráðstefnu þeirri, sem haldin var í aprílmánuði 1953 og var undanfari stofnunar Landssambands vörubifreiðarstjóra. Þessu ákvæði var hins vegar breytt í samningi stjórnar landssambandsins fyrir þess hönd, sem gerður var í júnímánuði 1955, en þau ákvæði komu eigi til framkvæmda vegna kvartana, sem fram komu, og voru eldri ákvæði og venjur látnar gilda áfram (sbr. dskj. nr. 2).

Núgildandi lög Landssambands vörubifreiðarstjóra voru samþykkt á þingi sambandsins í desember 1955, en samkvæmt þeim lögum kemur sambandið sem heild fram sem samningsaðili við Vegagerð ríkisins. Á því sama þingi voru samþykktar sérstakar reglur „um vinnuskiptingu milli vörubifreiðarstjórafélaga". Í 1. gr. þeirra reglna segir, að „þegar um akstur er að ræða, sem eingöngu fer fram á einu félagssvæði, skulu vörubifreiðarstjórar úr viðkomandi félagssvæði hafa algeran forgangsrétt." Hvergi er í reglum þessum að finna ákvæði í þá átt, að þær gildi eigi um vinnu hjá Vegagerð ríkisins eða öðrum tilteknum vinnuveitendum. 4. gr. nefndra reglna hefur aðeins að geyma ákvæði um það, hvernig fara skuli, þegar unnið er hjá vegagerðinni, og vegagerðarefnið er flutt af einu félagssvæði á annað. Það verður því að telja, að stjórn landssambandsins sé bundin af reglum þessum í kjarasamningum sínum við atvinnuveitendur, sem hún gerir fyrir meðliði landssambandsins. Brast stefnda því heimild til að

semja á annan veg í samningum sínum við Vegagerð ríkisins, svo að bindandi væri fyrir stefnanda. Af sömu ástæðum brast stefnda heimild til að ákveða sér úrskurðarvald um þessi atriði í samningum sínum við vegagerðina, svo að bindandi væri fyrir stefnanda.

Samkvæmt þessu, sem nú hefur verið rakið, þykir bera að taka til greina kröfur stefnanda í málinu, en rétt þykir, að afstaða til málskostnaðar verði tekin við endanlegan dóm í málinu.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Viðurkenndur er alger forgangsréttur stefnanda, Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, á akstri, sem eingöngu fer fram á félagssvæði hans.

Úrskurður stefnda, stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra, frá 4. júní 1961 er úr gildi felldur.

Mánudaginn 22. maí 1967.

Nr. 64/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Einari Sverri Einarssyni
Sigurþóri Heimi Sigurðssyni
(Örn Clausen hrl.)
og
Jens Emil Snæbjörnssyni
(Ragnar Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Þjófnaður. Hylming.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu Einar Sverri Einarsson og Sigurþór Heimi Sigurðsson ber að dæma óskipt til að greiða laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, og ákærða Jens Emil Snæbjörnsson laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, greiði allir hinir ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu Einar Sverrir Einarsson og Sigurþór Heimir Sigurðsson greiði óskipt laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ákærði Jens Emil Snæbjörnsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. marz 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 7. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 106—108/1967: Ákæruvaldið gegn Einari Sverri Einarssyni, Jens Emil Snæbjörnssyni og Sigurþóri Heimi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 3. janúar s.l., gegn ákærðu:

„1. Einari Sverri Einarssyni verkamanni, Safamýri 65, Reykjavík, fæddum 11. ágúst 1944 í Reykjavík.
2. Jens Emil Snæbjörnssyni verkamanni, Blönduhlíð 21, Reykjavík, fæddum 23. ágúst 1946 í Djúpavogi, og
3. Sigurþóri Heimi Sigurðssyni verkamanni, Lokastíg 20, Reykjavík, fæddum 20. október 1944 í Reykjavík.

I.

Gegn ákærðu Einari Sverri og Jens Emil er málið höfðað fyrir að hafa mánudagsmorguninn 21. nóvember 1966 brotizt inn í Úra- og skartgripaverzlun Helga Sigurðssonar, Skólavörðustíg 3, Reykjavík, og stolið þaðan kr. 125.00 í peningum og urum og skartgripum að verðmæti kr. 763.947.00, svo sem hér er nánar tilgreint:

33	stk.	Pierpont karlmannsúr	kr. 77.963.00
3	—	— vasaúr	— 3.690.00
27	—	— kvenúr	— 50.949.00
22	—	Favre-Leuba karlmannsúr	— 67.080.00
1	—	— vasaúr	— 1.825.00
14	—	— kvenúr	— 34.598.00
34	—	Alpina karlmannsúr	— 122.515.00
11	—	— kvenúr	— 39.188.00
17	—	Terval karlmannsúr	— 35.793.00
21	—	— kvenúr	— 54.244.00
13	—	Roamer karlmannsúr	— 30.640.00
1	—	— vasaúr	— 1.328.00
8	—	— kvenúr	— 17.130.00
4	—	Nivada karlmannsúr	— 10.020.00
1	—	— kvenúr	— 2.505.00
6	—	Stoppúr	— 9.605.00
10	—	Kienzle karlmannsúr	— 4.175.00
2	—	— vasaúr	— 915.00
8	—	— kvenúr	— 5.050.00
1	—	Sora kvenúr	— 545.00
6	—	Oris kvenúr	— 4.140.00
2	—	Olympia karlmannsúr	— 2.390.00
2	—	Universal karlmannsúr	— 11.735.00
1	—	Thuya karlmannsúr	— 1.475.00
1	—	Record karlmannsúr	— 2.260.00
8	—	kvenspangarúr	— 22.295.00
34	—	dömuhringir	— 37.265.00
163	—	festar	— 93.731.00
Viðhengi og eyrnalokkar			— 18.898.00

Samtals kr. 763.947.00

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gegn ákærða Sigurþóri Heimi er málið höfðað fyrir hylmingu með því að taka til geymslu í herbergi sínu að Lokastíg 20 að morgni hins 21. nóvember 1966 úr þau og skartgripi, sem meðákærðu höfðu þá skömmu áður stolið að Skólavörðustíg 3, þar til lögreglan fann þýfið síðar þann dag.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða Einars Sverris hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1962 26/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1962 9/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1963 27/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
1963 9/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1963 9/12 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
1964 9/3 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
1964 1/7 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.
1964 20/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1965 29/3 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 15.450.15.

Ákærði Jens Emil hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt þessum kærum og refsingum:

1961 11/12 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 11/12 1961. Skal háður eftirliti Óscars Clausens. Bréf dómsmálaráðuneytisins 13/12 1961.
1962 15/5 í Reykjavík: Dómur: Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga.
1962 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 22/10 1962.
1964 1/6 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
1964 28/9 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 6 mánuði skilorðs-

bundið í 3 ár fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna.

1965 13/10 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 245. gr. hegningarlaga.

1965 13/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 3/3 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

Loks hefur ákærði Sigurþór Heimir sætt þessum kærum og refsingum:

1962 9/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

1962 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/9 1962.

1962 31/10 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarslys.

1962 9/11 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1963 8/4 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 28/11 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 14/4 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.

1963 6/7 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 252. og 244. gr. hegningarlaga.

1965 29/3 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur.

1966 17/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 21. nóvember s.l. kl. 0845 var rannsóknarlögreglunni tilkynnt, að innbrotsþjófnaður hefði verið framinn um nóttina í Úra- og skartgripaverzlun Helga Sigurðssonar að Skólavörðustíg 3 hér í borginni. Vettvangsrannsókn lögreglunnar leiddi í ljós, að farið hafði verið inn í verzlunina um opnanlegan glugga, sem veit út að Skólavörðustíg. Glugginn hafði verið opinn um nóttina og kræktur á stormjárn. Innanmál gluggans er 27×34 cm, og er hann í 180 cm hæð frá jörðu. Var því talið, að fleiri en einn hlytu að hafa verið að verki, þar sem eigi væri á færi eins manns að komast inn um gluggann. Úr verzluninni hafði verið stolið miklu magni af úrum, svo að segja öllum, sem þar voru, og margs konar skartgripum. Voru munir þessir í afgreiðsluborði, skáp á bak við afgreiðsluborðið og sýningarglugga. Þá hafði verið farið í peningaskúffu í afgreiðsluborði og teknar úr henni um 125.00 kr. í smáseðlum og smærri mynt. Innbrotsþjóf-

arnir höfðu farið á brott úr verzluninni um aðaldyr hennar, en ekki þurfti lykla til að opna hurðina að innanverðu.

Við rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar fundust greinileg fingraför á innanverðum gluggapósti opnanlega gluggans, sem farið hafði verið inn um, svo og á trélista, sem er efst á vegg fyrir innan gluggann, á smáklefa, sem notaður er til úraviðgerða. Reyndust níu af ellefu fingraförum, sem fundust á framangreindum stöðum, vera eftir Einar Sverri, ákærða í máli þessu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag játaði Einar Sverrir að vera valdur að umræddum innbrotsþjófnaði. Skýrði hann frá því, að ákærði Jens Emil hefði verið með sér við innbrotið. Daginn eftir var ákærði Jens Emil tekinn til yfirheyrslu, og viðurkenndi hann einnig þátttöku sína í innbrotinu. Þýfið höfðu ákærðu farið með heim til ákærða Sigurþórs Heimis að Lokastíg 20 hér í borginni. Fóru rannsóknarlögreglumenn heim til hans síðla dags hinn 21. nóvember s.l. og skýrðu honum frá því, hvað fram hefði komið í málinu. Hittu þeir ákærða í herbergi hans. Lét hann fyrst sem hann vissi ekkert, er lögreglumennirnir skýrðu honum frá erindi sínu, en um síðir vísaði hann þeim þó á rúmfatakassa, sem nokkuð af þýfinu var geymt í. Var þar lítil taska, troðin af úrum. Við nánari leit í herberginu fundu lögreglumennirnir bréfpoka inni í skáp, og voru nokkur úr og hringir í honum. Þá fannst bakki undir svefnbekk ákærða, er á voru hringir og festar. Þýfið höfðu ákærðu Einar Sverrir og Jens Emil upphaflega sett í rúmfatakassa í herberginu, en ákærði Sigurþór Heimir viðurkenndi fyrir rannsóknarlögreglunni að hafa sett það í umbúðir og flutt það úr stað. Sumt af þýfinu hafði skemmzt. Hafði gler á úrunum rispazt og festar slitnað.

Rannsóknarlögreglumenn töldu þýfið. Meginið af því var verðmerkt, en þar sem svo var ekki, gaf Helgi Sigurðsson úrsmiður upp verðið. Var innkaupsverð þess samtals kr. 420.000.00, en útsöluverð kr. 765.000.00. Þýfið reyndist vera sem hér segir, og er verðmæti þess miðað við útsöluverðið úr búð:

33	stk.	Pierpont karlmannsúr	kr.	77.963.00
3	—	— vasaúr	—	3.690.00
27	—	— kvenúr	—	50.949.00
22	—	Favre-Leuba karlmannsúr	—	67.080.00
1	—	— vasaúr	—	1.825.00
14	—	— kvenúr	—	34.598.00

34 stk.	Alpina karlmannsúr	kr. 122.515.00
11 —	— kvenúr	— 39.188.00
17 —	Terval karlmannsúr	— 35.793.00
21 —	— kvenúr	— 54.244.00
13 —	Roamer karlmannsúr	— 30.640.00
1 —	— vasaúr	— 1.328.00
8 —	— kvenúr	— 17.130.00
4 —	Nivada karlmannsúr	— 10.020.00
1 —	— kvenúr	— 2.505.00
6 —	Stoppúr	— 9.605.00
10 —	Kienzle karlmannsúr	— 4.175.00
2 —	— vasaúr	— 915.00
8 —	— kvenúr	— 5.050.00
1 —	Sora kvenúr	— 545.00
6 —	Oris kvenúr	— 4.140.00
2 —	Olympia karlmannsúr	— 2.390.00
2 —	Universal karlmannsúr	— 11.735.00
1 —	Thuya karlmannsúr	— 1.475.00
1 —	Record karlmannsúr	— 2.260.00
8 —	kvenspangarúr	— 22.295.00
34 —	dömuhringir	— 37.265.00
163 —	festar	— 93.731.00
Viðhengi og eyrnalokkar		— 18.898.00
		Samtals kr. 763.947.00

Verða nú raktir framburðir ákærðu um málsatvik.

Ákærðu Einar Sverrir og Jens Emil hafa skýrt frá því, að aðfaranótt mánudagsins 21. nóvember s.l. hafi ákærðu verið við drykkju að Haðarstíg 2 hér í borg ásamt fleira fólki. Ákærðu fóru þaðan á brott um morguninn og voru þá talsvert ölvaðir. Héldu þeir fyrst heim til ákærða Sigurþórs Heimis að Lokastíg 20. Varð ákærði Sigurþór Heimir þar eftir, en ákærðu Einar Sverrir og Jens Emil fóru á brott og héldu fótgangandi áleiðis niður í miðborgina. Lá leið þeirra um Skólavörðustíg. Þegar þeir komu á móts við Úra- og skartgripaverzlun Helga Sigurðssonar að Skólavörðustíg 3, kveðst ákærði Einar Sverrir hafa séð að gluggi var opinn á framhlið verzlunarinnar, og benti hann ákærða Jens Emil á þetta. Datt ákærðu í hug að brjótast þarna inn í leit að verðmætum. Héldu þeir að glugganum, er var kræktur á stormjárn. Losaði ákærði Einar Sverrir um stormjárnið og

lyfti ákærði Jens Emil honum að því búnu upp í gluggann. Tókst ákærða Einari Sverri að komast inn um gluggann, og opnaði hann, er inn kom, útidyr verzlunarinnar fyrir ákærða Jens Emil.

Ákærðu slógu eign sinni á úr og skartgripi verzlunarinnar, sem voru í afgreiðsluborði, skápum og sýningarglugga. Þá kveður ákærði Jens Emil þá hafa tekið þar 125.00 kr. í peningum, en þess kveðst ákærði Einar Sverrir ekki minnast, enda þótt verið geti, að ákærði Jens Emil hafi gert það. Ákærðu stungu því, er þeir slógu eign sinni á, í vasa sína án þess að telja það og fóru með það heim til ákærða Sigurþórs Heimis að Lokastíg 20. Ákærði Jens Emil kveður þá hafa sagt honum frá innbrotinu og sýnt honum það, sem þeir voru með. Báðu þeir ákærða að taka þýfið til geymslu, en hann vildi ekki á það fallast fyrst í stað. Að lokum samþykkti hann það þó og sagði ákærðu að setja þýfið í fatakassa við rúm sitt. Ákærðu voru ekki farnir að ráðstafa þýfinu, er þeir voru handteknir. Ákærði Jens Emil kveðst hafa stungið á sig einum hring í búðinni og verið með hann á sér, er hann var handtekinn.

Ákærði Einar Sverrir kveður ákærða Sigurþór Heimi hafa verið sofandi, er þeir komu til hans og báðu hann að geyma þýfið fyrir sig. Ákærðu settu allt þýfið í rúmfatakassa og héldu að því búnu á brott. Fóru þeir að Haðarstíg 2, en fengu þar ekki inngöngu. Héldu ákærðu þá aftur heim til ákærða Sigurþórs Heimis. Báðu þeir hann um að fá að leggja sig hjá honum. Ákærði vildi ekki samþykkja það, og héldu ákærðu við svo búið á brott. Ákærði Einar Sverrir kveðst ekki hafa verið farinn að ráðstafa neinu af þýfinu, er hann var handtekinn. Ákærði kveðst hafa vísað lögreglunni á þýfið. Ákærði kveður þá ákærða Jens Emil hafa verið mjög drukkna, er þeir frömdu innbrotið.

Ákærði Sigurþór Heimir kveðst hafa orðið viðskila við meðákærðu að Haðarstíg 2 og farið einn heim til sín. Ákærði háttaði eftir að heim kom, enda var hann mjög drukkinn. Skömmu á eftir komu meðákærðu til ákærða og voru þá með fulla vasa af úrum og skartgripum. Ákærði kveðst ekki minnast þess, að ákærðu hafi sagt sér, hvar þeir hefðu fengið þetta, og kveðst hann ekki hafa leitt hugann að því, hvernig ákærðu hefðu komizt yfir verðmæti þessi. Ákærðu báðu ákærða að geyma úrin og skartgripina fyrir sig. Ákærði kveðst hafa vísað meðákærðu út fyrst í stað, en fallizt þó á að veita þessu viðtöku. Ákærði man ekki, hvort hann sagði ákærðu að setja úrin og skartgripina í rúmfatakassa sinn, en þegar þeir höfðu komið þeim þar fyrir,

fóru þeir á brott, og ákærði lagðist til svefns. Ákærði kveðst hafa vaknað við það, að ákærði Jens Emil kom inn í herbergið og lagðist til svefns á gólfinu. Þegar þeir vöknuðu, sagði ákærði ákærða Jens Emil, að hann yrði að hafa sig á burt með þýfið, þar sem ákærði vildi ekki hafa það í herbergi sínu. Ákærði Jens Emil fór á brott og sagðist mundu sækja leigubifreið. Ákærði tók sig nú til og bjó um úrin og skartgripina í lítilli töskú og bréfpoka. Töskuna setti ákærði undir rúm sitt, og kveður ákærði kunna að vera, að e. t. v. hafi dottið eitthvað úr henni, en bréfpokann faldi hann í kommóðuskúffu. Kveðst ákærði hafa ætlað að hafa þetta tilbúið, þegar meðákærði Jens Emil kæmi. Hann kom ekki, en síðdegis komu rannsóknarlögreglumenn heim til ákærða, tóku allt þýfið og handtóku hann.

Framangreint atferli ákærðu Einars Sverris og Jens Emils er sannað með játningum þeirra og öðrum gögnum í máli þessu. Hafa þeir með því orðið brotlegir gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja refsingar þeirra hvors um sig hæfilega ákveðnar með hliðsjón af sakavottorðum þeirra 15 mánaða fangelsi.

Þá er sannað samkvæmt því, sem að framan er rakið, að ákærði Sigurþór Heimir veitti viðtöku til geymslu framangreindum verðmætum, sem hann að áliti dómsins vissi, að aflað hafði verið með auðgunarbroti. Varðar það atferli hans við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærðu sátu í gæzluvarðhaldi frá 22. nóvember 1966 til 6. janúar 1967, og þykir rétt, að sá tími komi til frádráttar refsingum þeirra.

Helgi Sigurðsson úrsmiður hefur ekki gert skaðabótakröfu á hendur ákærðu. Hann hafði þjófnaðartryggingu hjá Samvinnutryggingum, og fékk hann kr. 105.000.00 í skaðabætur frá tryggingafélaginu skv. mati starfsmanna þess fyrir það tjón, sem hann varð fyrir.

Samvinnutryggingar hafa krafizt þess, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu fjárhæðar þessarar.

Verjendur ákærðu hafa fyrir þeirra hönd krafizt þess aðallega, að kröfu þessari verði vísað frá sakadómi, þar sem hún sé eigi nægilega rökstudd, en til vara, að hún verði lækkuð.

Fram er komið í málinu, að 2 starfsmenn Samvinnutrygginga mátu tjónið á úrunum og skartgripunum. Fór matið fram, án þess að ákærðu eða talsmönnum þeirra væri gefinn kostur á að

vera viðstaddir. Þegar dómarinn fékk málið í hendur, hafði meginið af úrunum og skartgripunum verið selt, þannig að mati dómkvaddra manna varð eigi við komið.

Samkvæmt framansögðu verður aðalkrafa verjenda ákærðu tekin til greina, og ber því að vísa kröfu Samvinnutrygginga frá sakadómi.

Ákærðu Einar Sverri og Sigurþór Heimi ber að dæma til að greiða in solidum skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 6.000.00 í málsvarnarlaun og ákærða Jens Emil til að greiða skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 5.000.00, en annan sakarkostnað þykir rétt, að ákærðu greiði allir in solidum.

Dómsorð:

Ákærðu Einar Sverrir Einarsson og Jens Emil Snæbjörnsson sæti hvor um sig fangelsi í 15 mánuði og ákærði Sigurþór Heimir Sigurðsson sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunum skal koma gæzluvarðhald þeirra frá 22. nóvember 1966 til 6. janúar 1967.

Ákærðu Einar Sverrir og Sigurþór Heimir greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, in solidum kr. 6.000.00 í málsvarnarlaun og ákærði Jens Emil greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Skaðabótakröfu Samvinnutrygginga að fjárhæð kr. 105.000.00 er vísað frá sakadómi.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. maí 1967.

Nr. 197/1966. **Héðinn Emilsson** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs (Jón Tómasson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Halldór Þorbjörnsson sakadómari.

Kaupgjaldsmál. Kjarasamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1966 og haft uppi þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 9.731.73 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Samkvæmt 28. gr. laga nr. 55/1962 er borgar-, bæjar- og sveitarstjórn skylt að veita starfsmönnum sínum samningsrétt um starfskjör í samræmi við ákvæði laga þessara, ef starfsmannafélag það, er í hlut á, óskar þess. Skal nánar ákveða í reglugerð, er félagsmálaráðherra setur, um þetta efni. Sett var reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga nr. 159/1962. Segir þar í 3. gr., að starfsmannafélag það, er í hlut á, fari „með fyrirsvar starfsmanna síns sveitarfélags um kjarasamninga og aðrar ákvarðanir af hendi starfsmanna". Þá segir í nefndri grein, að „séu starfsmenn sveitarfélaga í fleiru en einu starfsmannafélagi," fari „hvert starfsmannafélag með umboð fyrir þá starfsmenn, sem eru á þess félagssvæði". Enn segir í greininni: „Stjórn starfsmannafélagsins velur fimm menn í samninganefnd, sem fer með umboð félagsins til samningagerðar".

Fram hafa verið lögð í málinu lög Starfsmannafélags

Reykjavíkurbæjar, samþykkt 9. marz 1963. Segir þar m. a. í 2. gr.: „Markmið félagsins skal vera m. a.: Að gæta hagsmuna félaga sinna varðandi launa-, starfs- og ráðningarkjör svo og eftirlaun".

Fram á árið 1954 voru vagnstjórar á strætisvögnum stefnda félagar í Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, sem samdi um starfskjör þeirra við stefnda. Í desembermánuði 1954 náðist samkomulag um það milli stefnda og Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, að strætisvagnstjórar skyldu teljast fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar frá 1. desember 1954 að telja. Samkvæmt bréfum stefnda 30. nóvember og 7. desember 1954 til Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, sem staðfest voru í bæjarráði og bæjarstjórn Reykjavíkur 10. og 16. desember 1954, skyldu strætisvagnstjórarnir taka laun samkvæmt 10. launaflokki fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Þá segir í 4. tl. bréfsins frá 7. desember 1954: „Fari svo, að starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað skv. bréfi, dags. 30. nóv. s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum". Á þessum tíma unnu aðeins tveir starfshópar, er tóku laun eftir 10. launaflokki, á „vöktum", þ. e. lögreglumenn og brunaverðir. Var strætisvagnstjórunum ætlað að njóta sömu kjarabóta og þeir.

Nutu strætisvagnstjórar þessa réttar, þar til gerðir voru heildarsamningar um kjör fastra starfsmanna stefnda samkvæmt lögum nr. 55/1962 og reglugerð nr. 159/1962.

Síðla sumars 1963 hófust samningar um nýjan heildarkjarasamning fastra starfsmanna stefnda. Sérstök samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar samdi fyrir hönd hinna einstöku starfsdeilda félagsins, þar á meðal fyrir hönd strætisvagnstjóra, sem skipuðu 10. deild.

Í greinargerð samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um skipun starfsmanna í launaflokka var lagt til, að brunaverði og strætisvagnstjóra skyldi setja „í 13. flokk eftir viðmiðun við setningu lögreglumanna í ríkissamningum".

Hinn 13. september 1963 varð samkomulag milli samninganefnda stefnda og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar um skipun starfsmanna í launaflokka og kjör þeirra. Samkomulagið tók „þó ekki til brunavarða og strætisvagnstjóra". Hins vegar var samið um, „að sáttasemjara verði falið að leiða til lykta samninga um launakjör þessara starfshópa samtímis samningum um launakjör lögreglumanna". Hér er þess að geta, að Lögreglufélag Reykjavíkur samdi fyrir hönd lögreglumanna.

Hinn 18. og 19. september 1963 hélt sáttasemjari fundi með samninganefndunum. Með samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur voru á fundi áheyrnarfulltrúar frá 10. starfsdeild félagsins, strætisvagnstjórum. Hinn 18. september 1963 rituðu strætisvagnstjórar sáttasemjara bréf, þar sem segir: „Við getum fallizt á 12. launaflokk til samræmis við aðra vaktavinnumenn, sem nú eru í 10. launaflokki, með þeim fyrirvara, að við teljum 4. gr. samnings okkar frá 7. desember 1954 enn í fullu gildi".

Samningamenn Reykjavíkurborgar neituðu afdráttarlaust að veita strætisvagnstjórunum með hinum nýja kjarasamningi þau réttindi, sem þeir höfðu notið samkvæmt 4. tl. bréfs stefnda frá 7. desember 1954. Um þetta ber vitnið Bjarni Bragi Jónsson hagfræðingur, sem aðstoðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar við samningsumleitanirnar: „Vitnið tekur aðspurt fram, að því hafi verið afdráttarlaust neitað af fulltrúum Reykjavíkurborgar, að hugsanlegur fyrirvari, settur af starfsmannafélaginu við samningagerðina, gæti á nokkurn hátt skert gildi samningsins á gildistíma hans. Samninganefndinni var gerð slík grein fyrir þessu og sömuleiðis fulltrúum brunavarða og strætisvagnstjóra". Enn segir vitnið, „að við samningagerðina hafi verið reynt til þrautar að skapa strætisvagnstjórunum launaflokkshækkun með sérstökum námskeiðum, en því hafi verið algerlega synjað."

Í fundargerð launamálanefndar Reykjavíkurborgar, sem hafði með höndum samninga þessa fyrir stefnda, segir m. a. um fundina 18. og 19. september 1963: „Hafnað var kröfu

St. Rv. um námskeið fyrir vagnstjóra, en samþykkt að koma á námskeiði fyrir brunaverði. Boðið að greiða vagnstjórum sérstaka þóknun fyrir miðasölu. Tillaga barst frá St. Rv. um, að vagnstjórar héldu rétti sínum til sömu kjara og lögreglumenn, en féllu þó frá því gildistíma þessa samnings. Launamálanefnd hafnaði tillögunni". Samkvæmt fundargerðinni tókust samningar og voru undirritaðir kl. 0450 hinn 19. september 1963.

Segir svo í samningi þessum: „Nefndirnar gera með sér svofellt samkomulag til viðbótar samkomulagi því, sem gert var 13. sept. 1963:

1. Eftirtöldum föstum borgarstarfsmönnum er skipað í launaflokka, sem hér segir:
   12. launaflokkur: Brunaverðir, strætisvagnstjórar.
   13. launaflokkur: Brunaverðir, sem lokið hafa sérstöku prófi frá námskeiði, er borgarráð metur gilt, sbr. 2. tölulið hér á eftir. ...
3. Strætisvagnstjórar, sem hafa með höndum sölu farmiða, skulu fá greiddar kr. 2.000.00 á ári í þóknun fyrir þá fésýslu".

Hinn 19. september 1963 tókust einnig kl. 0730 samningar um starfskjör lögreglumanna hjá Reykjavíkurborg. Segir í 2. gr. þess samnings: „Borgarlögreglumönnum er skipað í launaflokka, sem hér segir:

12. launaflokkur: Lögreglumenn.

14. flokkur: Lögreglumenn, sem tekið hafa próf til viðbótar því, er um ræðir í 2. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 56/1963, eða annað próf jafngilt, hvorttveggja að mati dómsmálaráðherra".

Hinn 19. september 1963 hélt borgarráð Reykjavíkur fund, þar sem fjallað var um kjaramál þessi. Segir svo í fundargerð:

„3. Lagður fram kjarasamningur við Lögreglufélag Reykjavíkur, dags. 19. þ. m., undirritaður af samninganefnd félagsins og launamálanefnd Reykjavíkurborgar. Borgarráð fellst á samninginn fyrir sitt leyti.
4. Lagt fram samkomulag til viðbótar samkomulagi því,

sem gert var 13. þ. m., um laun og kjör brunavarða og strætisvagnstjóra, dags. 19. þ. m., undirritað af launamálanefnd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og launamálanefnd Reykjavíkurborgar. Borgarráð fellst á samkomulagið fyrir sitt leyti".

Síðar sama dag var haldinn fundur í fulltrúaráði Starfsmannafélags Reykjavíkur um kjaramál þessi. Segir svo í fundargerð:

„Formaður skýrði frá því, að náðst hefði samkomulag milli launanefndar St. Rv., að áskildu samþykki fulltrúaráðs og launamálanefndar Reykjavíkurborgar, að áskildu samþykki borgarstjórnar um kaup og kjör brunavarða og strætisvagnstjóra. Er flokkunin þannig:

1. 12. launafl.: Brunaverðir, vagnstjórar. 13. launaflokkur: Brunaverðir, sem lokið hafa sérstöku prófi frá námskeiði, er borgarráð metur gilt, sbr. 2. tölulið hér á eftir. ...

Því næst las fundarstjóri samkomulag samninganefndanna, fyrst varðandi kaup og kjör brunavarða og strætisvagnstjóra. Var það samþykkt með 11 atkv. gegn einu.

Guðmundur Halldórsson kvaddi sér hljóðs og mælti á þessa leið: „Við vagnstjórar sátum hjá við atkvæðagreiðsluna vegna þess, að við vorum ekki ánægðir með þann samning, sem gerður var fyrir okkur, en töldum heildarsamninginn vera spor í rétta átt og munum því greiða atkvæði með honum"."

Áður en fundur hófst í borgarráði Reykjavíkur hinn 19. september 1963, sendu strætisvagnstjórar borgarráði bréf, þar sem endurtekinn er fyrirvari sá, sem þeir höfðu sent sáttasemjara daginn áður, um gildi 4. tl. samningsins frá desember 1954. Bréf þetta var lagt fram á fundi borgarráðs daginn eftir og þar samþykkt tillaga að bréfi til Starfsmannafélags Reykjavíkur sem svar við bréfinu. Í svarbréfi segir: „Fyrirvara þessum var af hálfu launamálanefndar borgarinnar vísað á bug með þeim ummælum, að ekki væri grundvöllur fyrir samningaumræður um nýja kjarasamninga, meðan haldið væri fast við fyrirvara þenna af hálfu samninganefndar gagnaðilja. Sáttasemjari skýrði launamála-

nefnd borgarinnar síðan frá því, að fallið væri frá fyrirvara þessum, ef samningar tækjust að öðru leyti. Á þessum grundvelli var viðræðum fram haldið, samningur gerður og undirritaður af hálfu samninganefnda, án þess að frekar væri minnzt á framangreint atriði. Það var og er alger forsenda fyrir samningunum, að enginn slíkur fyrirvari væri gerður, og áherzla er lögð á, að Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í heild er samningsaðili gagnvart Reykjavíkurborg, en ekki einstakir starfshópar innan vébanda þess.

Af þessu tilefni og með hliðsjón af því, sem nú var sagt, er sérstaklega tekið fram, að ákvæði í 4. lið í bréfi borgarstjóra frá 7. des. 1954 eru endanlega niðurfallin".

Hinn 21. september 1964 rituðu strætisvagnstjórar stefnda bréf um þessi mál, þar sem þeir héldu enn fram rétti sínum samkvæmt 4. tl. samningsins frá 1954. Borgarráð Reykjavíkur tók bréf þetta til meðferðar 24. s. m. Var þar samþykkt að senda afrit af bréfinu til Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með tilvísun til bréfs þess frá 20. s. m., sem áður hefur verið rakið.

Þá ritaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar borgarráði Reykjavíkur bréf hinn 7. október 1963, þar sem gerður er áskilnaður um rétt strætisvagnstjóranna samkvæmt 4. tl. samningsins frá 1954.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar óskaði þess samkvæmt 28. gr. laga nr. 55/1962, að launakjör starfsmanna Reykjavíkurborgar yrðu ákveðin með kjarasamningum samkvæmt nefndum lögum. Samningaumleitanir fóru fram í september 1963. Af hendi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar var þess þá krafizt, að tekið væri upp í væntanlega samninga ákvæði þess efnis, er greinir í 4. tl. samningsins frá 1954 um rétt strætisvagnstjóra til launahækkunar í samræmi við tiltekna starfshópa. Þessari kröfu var algerlega synjað af hendi stefnda, og var strætisvagnstjórum skipað í 12. launaflokk, án þess að þeim væri áskilinn slíkur réttur. Ef strætisvagnstjórarnir vildu eigi una þessari niðurstöðu, var Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar sú leið ein fær að vísa ágreiningsefninu til sáttasemjara ríkisins og síðan

til Kjaradóms samkvæmt III. og IV. kafla laga nr. 55/1962 og reglugerðar nr. 159/1962. Þetta gerði starfsmannafélagið ekki, heldur staðfesti það kjarasamninginn við stefnda, þar sem strætisvagnstjórunum var skipað í 12. launaflokk án réttar til flutnings í hærri flokk. Að svo vöxnu máli brestur heimild til að dæma strætisvagnstjórunum frekari rétt en í kjarasamningum segir. Ber því að dæma stefnda sýknu af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Héðins Emilssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. maí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. maí 1966, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 9. febrúar 1965, af Héðni Emilssyni, Háaleitisbraut 40, Reykjavík, gegn borgarstjóranum í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.731.73 með 8% ársvöxtum frá 1. maí 1964 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Við munnlegan flutning máls þessa lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 6% frá þeim tíma, sem að ofan greinir. Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Hins vegar hefur stefndi ekki vefengt fjárhæð stefnukröfunnar, ef um greiðsluskyldu af hans hálfu yrði talið að ræða.

Dómarinn hefur leitað sátta, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að í nóvember og desember 1954 fóru fram viðræður milli umboðsmanna stefnda og fulltrúa frá Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, en á þessum tíma voru strætisvagnstjórar sérstök deild í því félagi, vegna uppsagnar þágildandi kjarasamnings strætisvagnstjóranna og ráðagerðar um, að þeir yrðu gerðir að föstum starfsmönnum borgarinnar með þeim réttindum og skyldum, sem þeirri stöðu fylgdu. Kom þar, að stefndi skrifaði bréf, dags. 30. nóvember og 7. desember 1954,

þar sem hann mælir með ráðningu strætisvagnstjóranna sem fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar og að þeir tækju laun samkvæmt 10. fl. samþykktar um laun fastra starfsmanna bæjarins frá 1945 með breytingum, sem síðar hafi á orðið, eins og það er orðað í bréfinu, dags. 30. nóvember 1954. Í bréfum þessum er allítarlega rætt um vinnutíma, kaup í veikinda- og slysaforföllum, ýmis hlunnindi og önnur kjör strætisvagnstjóranna.

Voru bréf þessi síðan samþykkt á fundi í strætisvagnstjóradeild Bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils og í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Gerðust strætisvagnstjórarnir síðan fastir starfsmenn stefnda og tóku laun samkvæmt 10. launaflokki í samþykktum og reglugerðum um laun og kjör fastra starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Í 4. grein bréfs stefnda frá 7. desember 1954 segir svo:

„Fari svo, að starfshópur í 10. launaflokki, er á vöktum vinnur, fái kjarabætur umfram það, sem vagnstjórum er ætlað skv. bréfi, dags. 30. nóvember s.l., mun ég beita mér fyrir því, að vagnstjórar fái bætur í sömu eða sambærilegum hlutföllum."

Starfshópar þeir í 10. launaflokki, sem unnu á vöktum á þessum tíma, voru aðeins tveir, lögreglumenn og slökkviliðsmenn, og við umræður kveður stefnandi það hafa verið tekið fram og margítrekað, að með orðalagi 4. greinar væri átt við þessa tvo starfshópa og að strætisvagnstjórar vildu hafa sömu kjör og þeir.

Eftir að Kjaradómur hafði ákveðið laun ríkisstarfsmanna, var samið haustið 1963 við starfsmenn Reykjavíkurborgar. Voru strætisvagnstjórarnir sérstök deild innan Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, 10. deild, en sérstök samninganefnd starfsmannafélagsins samdi síðan við Reykjavíkurborg fyrir hin einstöku deildarfélög.

Er svo að sjá sem samningar þessir hafi farið fram í samræmi við 28. gr. laga nr. 55/1962.

Með bréfi, dags. 11. júní 1963, sendi launanefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur tillögur sínar um röðun fastra starfsmanna í launaflokka, 28 flokka kerfi. Var bréfi þessu beint til launanefndar Reykjavíkurborgar. Þann 13. september 1963 varð samkomulag milli ofangreindra aðilja um niðurröðun fastra starfsmanna Reykjavíkurborgar í launaflokka. Samningur þessi er svohljóðandi:

„Nefndirnar staðfesta eftirfarandi:

1. Samkomulag er um þá niðurröðun fastra borgarstarfsmanna í launaflokka, sem gerð er í meðfylgjandi yfirliti. Það nær

þó ekki til brunavarða og strætisvagnstjóra. Er samkomulag um, að sáttasemjara verði falið að leiða til lykta samninga um launakjör þessara starfshópa samtímis samningum um launakjör lögreglumanna.

2. Samkomulag er um, að kaup samkv. launaflokkum í yfirlitinu verði greitt eftir launastiga þeim, sem Kjaradómur ákvað 3. júlí 1963.
3. Við ákvörðun launa samkv. 1. og 2. tölul. er tekið tillit til áhættuþóknunar, sem starfsmenn hafa fengið greidda fram til þessa, á þann hátt, að hún er nú reiknuð inn í fastakaupið.
4. Samkomulag er um, að hvor aðili um sig tilnefni tvo menn til að gera tillögur um launaflokkun einstakra starfsmanna samkv. meðfylgjandi yfirliti. Þeir geta kvatt sér til aðstoðar starfsmenn, eftir því sem þurfa þykir.
5. Um gildistíma samkomulags þessa fer eftir lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
6. Samkomulag þetta er af hálfu beggja nefndanna bundið því skilyrði, að samkomulag náist um reglur um vinnutíma borgarstarfsmanna, yfirvinnu, yfirvinnukaup og önnur kjör, er hér skipta máli, enda verði í meginatriðum stuðzt við II. kafla í úrskurði Kjaradóms frá 3. júlí 1963.

Reykjavík, 13. september 1963.

F. h. launanefndar starfsmanna Reykjavíkurborgar, að áskildu samþykki fulltrúaráðs.

Ólæsilegt nafn
Ólæsilegt nafn
Gísli Teitsson
Lárus Sigurbjörnsson

Launamálanefnd Reykjavíkurborgar, að áskildu samþykki borgarstjórnar.

Auður Auðuns
Birgir Ísl. Gunnarsson
Óskar Hallgrímsson
Guðmundur Vigfússon".

Samkomulagið var þó bundið því skilyrði, að samkomulag næðist um reglur um vinnutíma borgarstarfsmanna, yfirvinnu o. fl., og er ljóst af gögnum málsins, að það samkomulag hefur náðst 19. september 1963.

Ofangreindur samningur, dags. 13. september 1963, gilti þó ekki um brunaverði og strætisvagnstjóra. Hins vegar segir í 1. grein samnings þessa, að samkomulag sé um, að sáttasemjara verði falið að leiða til lykta samninga um launakjör þessara starfshópa samtímis samningum um launakjör lögreglumanna.

Þann 19. september 1963 náðist síðan samkomulag um niðurröðun brunavarða og strætisvagnstjóra í launaflokka, en auk þess voru ákvæði í samningi þessum um námskeið handa brunavörðum, sérstaka þóknun fyrir þá strætisvagnstjóra, sem höfðu með höndum sölu á farmiðum, og loks ákvæði þess efnis, að ákvæði 2.—6. tl. ofangreinds samkomulags frá 13. september 1963 skyldi einnig gilda um strætisvagnstjóra og brunaverði.

Um vinnutíma, yfirvinnu og önnur kjör tóku síðan gildi fyrir strætisvagnstjóra hinn almenni samningur um þessi efni, dags. 19. september 1963, en auk þess voru nokkur viðbótarákvæði, sem eingöngu vörðuðu strætisvagnstjóra, um vinnutíma o. fl., og var sá viðbótarsamningur einnig dagsettur 19. september 1963.

Hafa þá verið raktir í höfuðdráttum þeir samningar, sem gerðir voru við strætisvagnstjóra og aðra starfsmenn Reykjavíkurborgar haustið 1963.

Svo sem áður er minnzt á, fóru fram samningaumleitanir milli launanefndar Reykjavíkurborgar og samninganefndar starfsmannafél. Reykjavíkur með milligöngu sáttasemjara, er samið var um launaflokka o. fl. fyrir strætisvagnstjórana.

Verður hér að skýra frá aðdraganda og gangi þeirra mála, en á því er málatilbúnaður aðilja byggður að nokkru. Í bréfi fulltrúa 10. deildar, dags. 13. maí 1963, sem stefnandi segir hafa verið afhent Þórði Ágústi Þórðarsyni, formanni launamálanefndar starfsmannafélagsis, segir svo í niðurlagi: „Þá lýsum við því yfir, að við getum ekki orðið aðilar að samkomulagi, sem á einhvern hátt yrði lakara en starfskjör annarra vaktavinnumanna í þjónustu Reykjavíkurborgar, sem nú taka laun samkv. 10. launaflokki.“

Þá sendu fulltrúar 10. deildarinnar bréf, dags. 18. september 1963, til sáttasemjara í áðurnefndri kjaradeilu. Bréfið hljóðar svo: „Við getum fallizt á 12. launaflokk til samræmis við aðra vaktavinnumenn, sem nú eru í 10. launaflokki, með þeim fyrirvara, að við teljum 4. grein samnings okkar frá 7. desember 1954 enn í fullu gildi.“

Vitnið Teitur Jónasson strætisvagnstjóri hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu.

Vitnið kvaðst hafa verið fulltrúi 10. deildar Starfsmannafélags Reykjavíkur, en hlutverk þessara fulltrúa hafi verið að annast undirbúning á kjaramálum 10. deildar og leggja hann að því búnu í hendur samninganefndar starfsmannafélagsins. Kvaðst vitnið hafa verið á undirbúningsfundum þeim, sem haldnir voru

innan 10. deildarinnar, og hafi fyrirvari sá, sem um getur í 4. grein samningsins frá 1954, mjög oft borið á góma á fundum þeim, sem það sótti sem fulltrúi 10. deildar, og hafi fulltrúarnir verið ákveðnir að halda mjög stíft við þann fyrirvara. Þá kvað vitnið aðspurt umræddan fyrirvara hafa upphaflega verið beint að samninganefnd starfsmannafélagsins.

Vitnið Guðmundur Halldórsson strætisvagnstjóri hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi, að það hafi verið fulltrúi 10. deildar og áheyrnarfulltrúi, kjörinn af fulltrúaráðinu, til leiðbeiningar og upplýsingar um málefni 10. deildar hjá samninganefnd starfsmannafélagsins.

Vitnið skýrði frá því, að á fundi samninganefndanna hafi verið hætt að ræða um fyrirvarann í 4. grein samningsins frá 1954 „í hverju orði", þar sem launamálanefnd Reykjavíkurborgar hafi lýst yfir því, að hún teldi sig ekki geta úrskurðað um gildi áðurnefndrar greinar. Hafi sáttasemjari flutt þessi boð frá launamálanefnd Reykjavíkurborgar til samninganefndar starfsmannafélagsins.

Hafi þá fulltrúar 10. deildar lýst yfir því við samninganefnd starfsmannafélagsins, að unnt væri að halda áfram að ræða samningana, en að þeir mundu aldrei falla frá nefndum fyrirvara, enda hefðu þeir ekkert umboð til þess.

Hafi þessi skilaboð verið afhent sáttasemjara og sáttaumleitunum síðan verið haldið áfram á þessum grundvelli. Þá kvaðst vitnið hafa verið viðstatt undirskrift samningsins um morguninn þann 19. september 1963, en hafi sjálft ekki skrifað undir samninginn. Kvað vitnið launadeild 10. deildar ekki hafa gert neinar athugasemdir við undirskrift samningsins, en talið sig hafa gert næga fyrirvara áður.

Stefnandi málsins, Héðinn Emilsson tjónmatsmaður, kvaðst í aðiljaskýrslu sinni hér fyrir dómi hafa haft sama starf og áðurnefndur Guðmundur í sambandi við samningana og lýsti atvikum á sama hátt og nefndur Guðmundur. Þá upplýsti stefnandi, að á nefndum fundi aðfaranótt 19. september 1963 hafi verið einnig samið við Lögreglufélag Reykjavíkur og bruaverði í sérstökum einangruðum herbergjum. Vitnið Birgir Ísleifur kvaðst hér fyrir dómi hafa verið í launamálanefnd Reykjavíkurborgar og samið við samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur.

Skýrði vitnið svo frá, að á umræddum samningafundi hafi fyrirvarinn í 4. grein samningsins frá 1954 mjög borið á góma. Hafi sáttasemjari borið þau skilaboð frá samninganefnd starfs-

mannafélagsins, að hún vildi fá þennan fyrirvara upp tekinn í samningana. Fulltrúar launamálanefndarinnar hafi rætt þetta sín á milli og hafnað fyrirvara þessum. Hafi sáttasemjari flutt þau skilaboð til samninganefndar og síðan hafi ekki verið meir á það mál minnzt.

Sérstaklega aðspurt, hvort launamálanefnd hefði á áðurgreindum fundi „ekki talið sig geta úrskurðað um gildi fyrirvara þess, sem um getur í 4. gr. samningsins frá 1954", kvaðst vitnið ekki muna eftir því, að þessi orð væru viðhöfð sérstaklega.

Hins vegar benti vitnið á, að það hafi verið álit launamálanefndarinnar, að samið hafi verið nú á algerlega nýjum grundvelli og að annað yrði ekki talið gilda nema það, sem tekið væri upp í samningnum.

Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir því, að launamálanefndin gerði reka að því að fá fyrirvarann í 4. grein samningsins frá 1954 „pósitívt" felldan úr gildi.

Vitnið Þórður Ágúst Þórðarson, sem var formaður samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkur við samninga þá, sem hér um ræðir, hefur hér fyrir dómi kveðið sig minnast þess, að mikið hafi verið rætt um fyrirvarann í 4. grein samningsins frá 1954. Á samningafundinum hafi samninganefndin afhent sáttasemjara skrifleg skilaboð til launamálanefndar þess efnis, að umræddur fyrirvari héldi gildi sínu. Sáttasemjari hafi komið með þau skilaboð aftur, að umræddum fyrirvara væri hafnað, og lýsti sáttasemjari þá yfir því, að umræddur fyrirvari væri látinn liggja milli hluta, en hvor aðili héldi sínum skilningi á gildi fyrirvarans.

Vitnið skýrði svo frá, að það hefði verið skilningur samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, að margnefndur fyrirvari mundi ekki vera virkur, meðan samkomulagið frá 19. september 1963 héldi gildi sínu, en að því samkomulagi loknu tæki fyrirvarinn aftur gildi sitt.

Hafi fyrirvarinn verið notaður óbreyttur á fundunum 19. september 1963, en síðar hafi ráðunautur samninganefndarinnar talið fyrirvarann óheppilega orðaðan og þá hafi honum verið breytt í það horf, sem áður sagði. Sagði vitnið, að fulltrúum 10. deildar, sem voru á fundinum, hafi verið gerður ljós þessi skilningur samninganefndarinnar og hafi þeir engum andmælum hreyft við þeim skilningi.

Vitnið Guðmundur Halldórsson og stefnandi máls þessa, Héðinn Emilsson, komu báðir fyrir dóminn á ný.

Héldu þeir því báðir fram, að þeim hefði aldrei verið sýnt fram á þann skilning, sem samninganefnd starfsmannafélagsins hafi haft á 4. grein samningsins frá 1954, og kváðust ekki hafa tekið eftir því, að samninganefndin hafi gert neinar breytingar á orðalagi fyrirvarans. Sagði vitnið Guðmundur, að samninganefndin hafi ekki haft umboð til að fella fyrirvarann úr gildi á nokkurn hátt.

Samprófanir um þessi atriði báru ekki árangur.

Um morguninn þann 19. september 1963 náðu nefndirnar samkomulagi, en eftir var að staðfesta það í borgarráði og fulltrúaráði starfsmannafélagsins. Vitnin Teitur Jónasson, Guðmundur Halldórsson og stefnandi málsins skýra svo frá, að rétt áður en fundur skyldi hefjast í borgarráði kl. 1400 sama dag, en fundur þessi var haldinn m. a. í því skyni að fjalla um samningana, hafi þeir afhent Birgi Ísleifi Gunnarssyni borgarráðsmanni bréf. Bréf þetta, sem á einnig að hafa verið afhent borgarstjóra, kveða vitnin og stefnandi vera rskj. nr. 11, en það hljóðar svo:

„Reykjavík, 19. sept. 1963.

Í sambandi við samkomulag það, sem gert var 19. september s.l. milli launamálanefndar Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og launamálanefndar Reykjavíkurborgar, viljum við undirritaðir fulltrúar strætisvagnstjóra benda á, að við áðurgreinda samningsgerð lögðum við fram svofelldan fyrirvara: „Við getum fallizt á 12. launaflokk til samræmis við aðra vaktavinnumenn, sem nú eru í 10. launaflokki, með þeim fyrirvara, að við teljum 4. grein samnings okkar frá 7. desember 1954 enn í fullu gildi."

Viljum við leyfa okkur að vekja athygli háttv. borgarráðs á þessum fyrirvara, enda er það ákveðin skoðun strætisvagnstjóra, að þeim beri allur sá réttur, er téð 4. grein veitir þeim við ákvörðun á kaupi þeirra og kjörum.

Virðingarfyllst.

F.h. strætisvagnstjóra borgarinnar.

Afrit sent borgarstjóra.

Til borgarráðs Reykjavíkur."

Vitnið Birgir Ísleifur Gunnarsson hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá um þetta atriði, að um eftirmiðdaginn þann 19. september 1963 hafi verið haldinn borgarráðsfundur, m. a. í því skyni að staðfesta samninga þá, sem gerðir voru um morguninn. Minntist vitnið þess að hafa tekið við umslagi af Guðmundi Halldórssyni

o. fl. við dyr fundarsalarins og hafi þeir Guðmundur kveðið vera í umslaginu bréf, sem þyrfti að komast á fundinn.

Vitnið kvaðst hafa afhent fundarstjóra bréfið millilíðalaust. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að sér hafi verið gert efni bréfsins kunnugt sérstaklega.

Vitnið kvað borgarráðsfund hafa verið haldinn síðdegis þann 19. september 1963, svo sem áður er rakið, og svo annan um nóttina 20. september 1963. Kvaðst vitnið ekki muna eftir því, á hvorum fundinum áðurnefnt bréf frá Guðmundi Halldórssyni o. fl. hafi verið lesið upp, en bréfið hafi verið tekið fyrir á síðari fundinum og þá m. a. samþykkt svar við því.

Eftir að samningurinn hafði verið staðfestur, fóru fram nokkur bréfaskipti milli strætisvagnstjóra Reykjavíkurborgar og fyrirsvarsmanna Reykjavíkurborgar.

Kemur þar fram skilningur hvors um sig um gildi fyrirvarans, en ekki þykir ástæða til að rekja þau bréf nánar hér.

Dómkröfur stefnanda eru á því reistar, að með ákvæðinu í 4. grein bréfs stefnda frá 7. desember 1954, sem sé bæði skýlaust og víðtækt að orðalagi og samþykkt af réttum stjórnvöldum borgarinnar, hafi það verið tryggt, að strætisvagnstjórar fengju framvegis sömu kjör almennt og lögreglumenn og eða slökkviliðsmenn, enda nái orðalag ákvæðisins yfir hvers konar uppbætur eða bætt kjör og takmarkist ekki við launauppbætur einar.

Á þeim tíma, er samningurinn við vagnstjórana hafi verið gerður, hafi aðeins tveir starfshópar í 10. launaflokki unnið á vöktum, lögreglumenn og slökkviliðsmenn. Með orðinu „starfshópur" í eintölu hafi átt að tryggja það, að nægilegt væri, að annar hvor nefndra starfshópa fengi kjarabætur, til þess að vagnstjórarnir fengju sömu eða svipaðar kjarabætur.

Þá hafi með orðalaginu, „er á vöktum vinnur", á engan hátt verið átt við aukagreiðslur fyrir sérstaka vaktavinnu, heldur hafi þetta orðalag verið notað til þess að skilgreina þá starfshópa í 10. launaflokki, er kaupgreiðslur til strætisvagnstjóranna skyldu fylgja.

Í samningum þeim, sem fram hafi farið haustið 1963 við starfsmenn Reykjavíkurborgar, hafi strætisvagnstjórarnir alltaf haldið fast við rétt sinn samkvæmt samningnum frá 7. desember 1954 og þann rétt aldrei upp gefið.

Er samningar hafi farið fram haustið 1963, hafi hins vegar

ekki verið neinn viðmiðunargrundvöllur við aðra starfshópa í 10. launaflokki og launamálanefnd Reykjavíkurborgar hafi lýst því yfir, að hún teldi það ekki sitt verkefni að dæma um gildi samningsins frá 1954.

Eins og málin hafi legið fyrir við undirskrift samningsins, hafi því ekki verið ástæða til annars en ljúka því, en skírskota jafnframt til samningsins frá 1954, enda hafi aldrei annað komið til mála en að halda fast við þann samning.

Við áðurgreinda samningsgerð, 19. september 1963, hafi lögregluþjónar fengið aðstöðu til hækkunar í flokkum gegnum próf eða námskeið. Með því hafi þeir vegið sig upp í 14. launaflokk og þótt prófað hafi verið seinni hluta vetrar 1964, hafi þeir fengið kauphækkunina frá 1. júlí 1963.

Þá hafi lögreglumenn fengið 4 klst. styttingu á vinnuviku og slökkviliðsmenn raunverulega einnig.

Möguleikarnir til þess að mismuna mönnum með flokkahækkunum í sambandi við námskeið séu næstum því ótakmarkaðir.

Námskeiðum þessum ljúki allir og séu þau því aðeins formið eitt. Hins vegar hafi strætisvagnstjórum ekki verið gefinn kostur á að hækka í launaflokkum með því að ljúka námskeiðum.

Telur stefnandi þetta beint brot á 4. gr. samkomulagsins frá 7. des. 1954.

Stefnukröfuna segir stefnandi þannig til komna, að hún sé mismunur á launum þeim, sem hann fékk greidd samkv. 12. launaflokki á tímabilinu 1. júlí 1963 til 1. maí 1964, og því, sem hann hefði fengið, ef hann hefði fengið laun skv. 14. launaflokki fyrir sama tímabil.

Sé annars vegar tekinn mismunur á föstum mánaðargreiðslum, en síðan tekinn mismunur á aukagreiðslum.

Sýknukrafa stefnda er á þeim rökum reist, að kjör strætisvagnstjóra hafi verið ákveðin með samningi milli félagssamtaka þeirra, en ekki einstakra starfshópa innan vébanda þeirra, og borgarsjóðsins.

Starfsmannafélagið hafi óskað eftir samningum við borgarsjóðinn, en af því hafi aftur leitt, að það hafi sagt upp eldri samningum.

Þá sé á það að líta, að fyrirvarann í 4. gr. samningsins frá 7. des. 1954 sé hvergi að finna í tillögum Starfsmannafélags Reykjavíkur, dags. 11.júí 1963, um röðun fastra starfsmanna í launaflokka né í greinargerð með þeim tillögum. Hafi stefnda ekki

verið um fyrirvarann kunnugt fyrr en 21. sept. 1963 og bréf það, sem hafi verið afhent Birgi Ísl. Gunnarssyni um eftirmiðdaginn þann 19. sept. 1963 og hér að framan er minnzt á, sé markleysa, þar eð bréf þetta hafi ekki komið frá samningsaðilja stefnda. Þá bendir stefndi á, að það hafi verið alger forsenda fyrir samningnum af hálfu Reykjavíkurborgar, að fyrirvari sá, sem málssókn þessi sé reist á, væri ekki gerður.

Loks hafi við endanlega afgreiðslu samninganna um kjör strætisvagnstjóranna umræddur fyrirvari ekki verið gerður.

Í hinum munnlega flutningi málsins hreyfði lögmaður stefnda því, að enda þótt fyrirvarinn í 4. gr. samningsins frá 1954 yrði metinn gildur, væri þó engan veginn brotið gegn margnefndum fyrirvara, enda væru próf þau, sem hér um ræddi, staðfest af dómsmálaráðherra.

Hins vegar hafi tillögur strætisvagnstjóra hér að lútandi ekki verið metnar á þá lund, að unnt væri að veita hækkun út á það.

Með áðurgreindum bréfum frá 30. nóv. og 7. des. 1954 komst á bindandi samningur milli Reykjavíkurborgar og strætisvagnstjóranna, sem á þeim tíma voru deild í Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, enda urðu strætisvagnstjórarnir við þá samningsgerð fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Fyrirvari sá, sem fólst í 4. gr. samningsins frá 1954, var því bindandi yfirlýsing af hálfu Reykjavíkurborgar til handa vagnstjórunum.

Svo sem að framan er rakið, annaðist samninganefnd Starfsmannafélags Reykjavíkur, en vagnstjórarnir eru deild í því félagi, framangreinda samninga gagnvart Reykjavíkurborg.

Þegar það er haft í huga, að yfirlýsing sú, sem fólst í 4. gr. samningsins frá 1954, var gefin vagnstjórunum beint, en ekki Starfsmannafélagi Reykjavíkur, verður ekki talið, að starfsmannafélagið hefði haft heimild til að falla frá áðurgreindri yfirlýsingu, sem gefin var beint til vagnstjóranna, svo að bindandi væri gagnvart vagnstjórunum, enda verður að telja sannað, að fyrirsvarsmönnum Reykjavíkurborgar hafi verið kunnugt um vilja vagnstjóranna í þessu efni, áður en samningarnir voru staðfestir af hálfu Reykjavíkurborgar.

Þegar af þessari ástæðu verður ekki talið, að fyrirvarinn hafi fallið niður vegna athafna eða athafnaleysis samninganefndar starfsmannafélagsins.

Þegar þess er gætt, að stefnandi máls þessa og Guðmundur Halldórsson, sem báðir voru fulltrúar strætisvagnstjóranna við

samningsgerðina, og einnig Þórður Á. Þórðarson, sem var formaður samninganefndar Starfsmannafélags Reykjavíkur, hafa lýst því hér fyrir dómi, að umræddur fyrirvari hefði á samningafundinum verið látinn liggja á milli hluta, óútkljáður, og annarra athafna, sem gerðar voru af hálfu vagnstjóranna, sem sýndu vilja þeirra til að halda umræddum fyrirvara í gildi, verður heldur ekki talið, að margumræddur fyrirvari í 4. gr. samningsins frá 1954 hafi fallið niður vegna vangeymslu af hálfu vagnstjóranna.

Ekki verður heldur talið, að yfirlýsing sú, sem felst í 4. gr. samningsins frá 1954, sé bundin við, að vagnstjórarnir taki kjarabætur skv. bréfinu, dags. 30. nóvember 1954, heldur ber að skilja hana sem fyrirheit stefnda til handa vagnstjórunum um viðmiðun við starfshópa þá, er þar greinir.

Verður því að telja, að yfirlýsingin í 4. gr. samningsins frá 1954 sé enn í fullu gildi.

Svo sem að framan er rakið, er stefnukrafan byggð á mismuni á launum í 12. og 14. launaflokki borgarstarfsmanna og miðuð við það, að lögreglumenn hafa fengið aðstöðu til að vega sig upp í 14. launaflokk með sérstökum námskeiðum.

Framhaldsnámskeið það, sem hér um ræðir, hlaut staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með bréfi, dags. 30. okt. 1963.

Er þar þeim lögreglumönnum, sem starfað hafa í 3 ár eða lengur og lokið hafa prófi á almennu námskeiði, gefinn kostur á að sækja framhaldsnámskeið þessi. Þeir, sem ljúka þar prófi að námskeiðinu loknu, teljast hæfir að flytjast milli flokka.

Námstíminn er eftir hinum framlögðu gögnum eigi skemmri en 5 vikur og kennslustundir eigi færri en 100.

Af gögnum málsins verður það ráðið, að lögreglumenn eru ýmist í 12. eða 14. launaflokki.

Væri stefnukrafan tekin til greina, er ljóst, að stefnandi væri betur settur en jafnvel lögreglumaður, sem tæki laun eftir 14. launaflokki að loknu framhaldsnámskeiði því, sem að ofan getur.

Sönnur brestur algerlega fyrir því, hvort eða að hve miklu leyti lögreglumenn hafi fengið kjarabætur umfram vagnstjórana, og þar sem ekki verður fallizt á það með stefnanda, að framhaldsnámskeið það, sem að ofan getur, sé aðeins formið eitt, verður að sýkna stefnda af stefnukröfunni, eins og hún hér liggur fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Geir Hallgrímsson f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Héðins Emilssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 26. maí 1967.

Nr. 209/1964. **Einar J. Snædal** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Dánarbúi Leifs Helgasonar.
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Ómerking. Frávísun. Dómhæfi kröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. nóvember s. á. Krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Leifur Helgason hefur látizt, eftir að málinu var áfrýjað, og dánarbú hans komið í hans stað. Krefst það staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur með stefnu til vettvangsdóms Suður-Múlasýslu höfðað mál þetta „til þess að fá viðurkenndan eignarrétt sinn yfir landspildu, svonefndum „Kúahaga", sem liggur á milli íbúðarhúsanna Reykholts II og Fögru-Hlíðar í Eskifjarðarkauptúni". Í kröfugerð þessari er þess ekki getið, hver séu talin mörk þessa landsvæðis né stærð þess tilgreind. Krafan er því ódómhæf, sbr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt 17. gr. laga nr. 41/1919 bar og að leggja fram

í héraði nákvæman og staðfestan uppdrátt af þrætustað, en það var ekki gert. Verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að kaup meðdómenda, samtals kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði, sbr. niðurlagsákvæði 2. gr. laga nr. 29/1965.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Kaup meðdómenda, kr. 3.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjandi, Einar J. Snædal, greiði stefnda, dánarbúi Leifs Helgasonar, kr. 8.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur vettvangsdóms Suður-Múlasýslu 23. maí 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 20. þ. m., er af stefnanda, Einari Snædal, Reykholti II, Eskifirði, höfðað gegn stefnda, Leifi Helgasyn, Fögru-Hlíð, Eskifirði, með stefnu, birtri þ. 18. marz s.l., til þess að fá viðurkenndan eignarrétt sinn yfir landspildu, svonefndum „Kúahaga", sem liggur á milli íbúðarhúsanna Reykholts II og Fögru-Hlíðar í Eskifjarðarkauptúni, svo og til greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda, stefnanda að skaðlausu.

Af stefnda hálfu er krafizt frávísunar málsins með vísun til 46. gr. laga 85/1936 og til vara sýknu af kröfum stefnanda auk þess bóta vegna óþæginda af málshöfðun þessari, málskostnaðar skv. framlögðum reikningi og loks, að stefnandi verði látinn sæta sektum fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun.

Sáttartilraun reyndist árangurslaus. Með því að rekstur málsins gekk mjög greitt, var ekki nema um einn dag að ræða, frá því er frávísunarkrafa hefði getað orðið úrskurðuð (eftir framlagningu greinargerðar stefnda þ. 19. þ. m.) til dómtöku næsta dag, sem stefnt var að þá þegar, og jafnframt, að krafan byggðist á ástæð-

um, sem varðað gátu efni málsins, var ekki kveðinn upp sérstakur úrskurður um hana, en málflutningur um þessa kröfu sameinaður öðrum málflutningi í málinu. Verða nú raktir málavextir.

Í greinargerð stefnanda segir svo: „Samkvæmt afsali Landsbankaútibúsins á Eskifirði til mín, dags. hinn 26. febr. 1945, eru innri takmörk hins afsalaða lands undir og umhverfis Reykholt II túngirðing Leifs Helgasonar. Túngirðing þessi var í tíð Helga, föður Leifs, og vitanlega á þeim tíma, er ég keypti land þetta, á innri lækjarbakka fyrir innan veginn heim að Fögru-Hlíð. Þetta tel ég vera hin réttu mörk hins afsalaða lands, enda þótt nefndur Leifur hafi aldrei viljað viðurkenna það. Um réttinn yfir landinu skiptir það vitanlega ekki heldur máli, þótt stefndi færði túngirðingu sína út fyrir hinn svonefnda Kúahaga, nokkru eftir að landi þessu var afsalað til mín. Á sínum tíma fann ég að þessu við stefnda, en hann mótmælti rétti mínum yfir landinu og sagðist geta sýnt mér það svart á hvítu, að hann væri búinn að semja um landið við bankann. Afsal Landsbankaútibúsins til stefnda fyrir landi hans er dags. hinn 22. marz 1945, eða tæpum mánuði eftir að mitt afsal var undirritað. Þar sem þessu er svo farið, hlýt ég að öðlast allan þann rétt yfir landinu, sem afsalið segir samkvæmt réttri túlkun, jafnvel þó að samið hafi verið um það við stefnda eftir á, að hann skyldi fá land þetta".

Í aðiljaskýrslu stefnanda segir hann, að þáverandi bankaútibússtjóri í Eskifirði, Benedikt Guttormsson, hafi boðið honum svæði það, sem um ræðir í máli þessu, svonefndan „Kúahaga", til kaups í stað þess að selja honum land austan við tún stefnanda við Reykholt. Stefndi fengi annað land keypt ofan við tún sitt. Telur hann því afsal sitt vera í fullu samræmi við þetta samtal og innri mörk lands síns „túngirðing Leifs Helgasonar". Þessu samtali er ekki fundinn staður í vitnisburði Benedikts Guttormssonar, og var umboðsmaður stefnanda þó viðstaddur það í Reykjavík. Stefnandi nefnir einnig ýmis mótmæli, sem hann hafi haft uppi við stefnda vegna notkunar hans á landinu, en því mótmælti stefndi, og taldi umboðsmaður stefnanda í málflutningi sig ekki geta sannað þessa fullyrðingu, en þar stóðu yfirlýsingar aðilja hvor gegn annarri. Þá skýrir stefnandi loks þá staðreynd, að hann leið stefnda að nota land þetta í nær 19 ár, með því, að hann hefði ekki haft not fyrir það. Hins vegar telur hann sig hafa haft fullan hug á að halda eignarrétti sínum yfir landinu og því sé þessi málshöfðun fram komin.

Stefndi telur, að Benedikt Guttormsson hafi í bréfum, framlögðum í dóminum, lýst kaupum þessum rétt, en í bréfi til stefnda, dags. 29. 4. s.l., segir Benedikt m. a. svo:

„Það kom fram í bréfinu, að ég hef alltaf litið svo á, að Kúahaginn svokallaði hafi verið seldur þér, enda heyrði ég aldrei neinn ágreining um það í öll þau ár, sem ég var á Eskifirði, eftir að salan fór fram. Þetta sagði ég Einari Snædal, er hann ræddi við mig um þessi mál í vetur."

Í bréfi rituðu 14. janúar til Valtýs Guðmundssonar fulltrúa segir hann m. a. svo:

„Sem svar við bréfi þínu, dagsettu 8. þ. m., og í sambandi við símtal okkar út af ágreiningi um lóðamörk þeirra Leifs Helgasonar og Einars Snædals, vil ég hér með láta í té eftirfarandi álit mitt:

1. Ég man ekki eftir því, að til greina kæmi, þegar ég seldi á árunum 1944—1945 lóðir á Eskifirði fyrir hönd Landsbankans, að aðrir en þeir, sem höfðu haft afnot af lóðunum, kæmu til greina sem kaupendur.

2. Lóðamörkin, sem tekin eru fram í afsali til Leifs, bera það að mínum dómi greinilega með sér, að Kúahaginn, sem Leifur hafði notað með samþykki bankans, er seldur honum.

3. Í afsalinu til Einars stendur: „Að innan túngirðing Leifs Helgasonar". Mun það vera þessi markalýsing, sem Einar leggur til grundvallar kröfu sinni um, að hann sé eigandi Kúahagans, þ. e. tungu þeirrar, sem bankinn átti á milli hinna upphaflegu leigulóða, Hlíðar og Reykholts. Á því er sú skýring, að þegar afsalið er gefið út til Einars hinn 26. febrúar, er þegar búið að taka einnig ákvörðun um að selja þeim Leifi og Bjarna Marteinssyni sínar lóðir með ákveðnum ummerkjum og Leifi þá sett að skilyrði að færa sína gömlu lóðargirðingu út á mörkin strax, sem hann gerir og er búinn að, þegar afsal til hans er gefið út ca. þrem vikum síðar, eða 22. marz s. á.

Lít ég svo á, að Einar hefði hlotið að gera þá strax athugasemd við það við Landsbankann sem seljanda, ef hann hefði þá talið, að Kúahaginn hefði fylgt í afsalinu til sín.

4. Þá segir í afsalinu til Einars: „Lóðin er þannig öll inngirt", sem sýnir það, að hann kaupir aðeins það, sem þá er inngirt, þ. e. sína leigulóð. Auk þess skuldbindur hann sig til að sjá um, að ekki komi til ágreinings út af lóðamörkunum með því að viðhalda „þeim lóðamörkum, sem nú eru" (þ. e. girðingunum).

5. Að nú skuli koma upp ágreiningur út af þessari lóðarsölu eftir nær 19 ár, án þess að á þessu tímabili hafi komið fram kvörtun til seljanda um, að hann hafi selt tveim aðiljum sama blettinn (þ. e. Kúahagann), og báðir aðiljar búið við þessi merki, endurnýjuð með tilfærslu á girðingu, sömu daga og sala fer fram, það er ofvaxið mínum skilningi".

Loks segir stefndi í aðiljaskýrslu sinni, að þegar hann árið 1940 fékk leigumála um m. a. þrætustykkið „Kúahagann", hafi hann flutt aðalgirðingu sína á eystri mörkum lands síns á mörk Reykholtslóðar og sett þar upp girðingu með samþykki húsráðanda í Reykholti.

Stefnandi hefur viðurkennt, að stefndi setti girðingu þarna á eystri mörkum „Kúahagans" með nefndu samþykki. Aðal sönnunargögnin í máli þessu eru afsölin, sem lögð eru fram í dóminum í staðfestum eftirritum. Aðalefni þeirra er þetta:

Afsal til stefnda er útgefið 22. marz 1945 og fært til þinglýsingar næsta dag. Það er undirritað m. a. af B. Guttormssyni. Þar segir: „Landsbanki Íslands, útibúið á Eskifirði, gjörir kunnugt: Að vér með bréfi þessu seljum og afsölum til herra bifreiðarstjóra Leifs Helgasonar, Eskifirði, eignarrétti vorum á lóð úr Bleiksárlandi hér í hreppi undir og umhverfis íbúðarhús hans, Fögru-Hlíð. Takmörk lóðarinnar eru sem hér segir: Að neðan þjóðvegurinn, að utan girðing, sem liggur á mörkum Reykholtslóðar og hinnar seldu lóðar, og áfram lína upp eftir í beina stefnu af girðingunni upp á móts við girðingu þá, er kaupandi hefur sett á 60 metra kafla ofan við innri hluta lóðarinnar. Að ofan er merkjalínan bein út og fram í stefnu af þeirri girðingu. Að framan er lóð Bjarna Marteinssonar (Óslóð), og eru lóðirnar aðgreindar með girðingu upp og ofan. Andvirði ofangreindrar lóðar, kr. 1.800.00, — eitt þúsund og átta hundruð krónur —". Afsal til stefnanda er útgefið 26. febrúar 1945 og fært til þinglýsingar sama dag. Það er einnig undirritað af m. a. „B. Guttormsson". Þar segir:

„Landsbanki Íslands, útibúið á Eskifirði, gjörir kunnugt:

Að vér með bréfi þessu seljum og afsölum til herra Einars J. Snædal á Eskifirði lóð undir og umhverfis íbúðarhúsið Reykholt í Eskifjarðarhreppi. Stærð og takmörk lóðarinnar eru sem hér segir: Að innan túngirðing Leifs Helgasonar. Að ofan girðing kaupanda. Að neðan vegurinn. Að utan landareign hreppsins og er takmörkuð með girðingu kaupanda. Lóðin er þannig öll inngirt.

Kaupandi lofast til að halda við þeim lóðamörkum, sem nú eru umhverfis hina seldu lóð, og ber ábyrgð á því, að ekki komi til ágreinings á komandi tímum.

Kaupverðið, kr. 1.100.00, — eittþúsundeitthundrað —, og vér svörun til vanheimildar (sic)". Það er ljóst, að síðarnefnda afsalið gildir, ef ákvæði afsalanna stangast á. Það er gert og fært til þinglýsingar, áður en hitt er gert.

Það, sem virðist bera á milli þessara skjala, er orðalagið „túngirðing Leifs Helgasonar", vestri mörk þess lands, sem stefnandi kaupir, og „girðing, sem liggur á mörkum Reykholtslóðar" um eystri mörk lands þess, sem stefndi kaupir.

Vitni hafa verið leidd að því, hvar þessi „túngirðing Leifs Helgasonar" hafi verið. Vitnið Kristinn Jónsson segir í utanréttarskýrslu, gefinni eftir beiðni stefnanda:

„Ég átti heima að Haukabergi hér á Eskifirði árin 1930—1960 og tel mig því vera allvel kunnugan hér á Eskifirði. Eftir að hafa lesið afrit af lóðarafsali Landsbankaútibúsins á Eskifirði til Einars Snædal, dags. 26. febr. 1945, skil ég afsalið þannig, þar sem talað er um túngirðingu Leifs Helgasonar sem innri lóðarmörk, að hún hafi verið 1945 staðsett á lækjarbakka innri lækjarins.

Girðing þessi lá frá þjóðveginum til fjalls, og var varzla um Hlíðartúnið, að ég held eign Leifs eða þeirrar fjölskyldu."

Aðspurt kveðst vitnið ekki muna um aðrar girðingar um „Kúahagann".

Vitnið Sigurþór Jónsson gaf einnig utanréttarskýrslu, sem það kannaðist við fyrir dómi án staðfestingar, og segir svo:

„Það, sem ég man varðandi girðingar á milli Reykholts II og Hlíðar, er, að á innri bakka innri lækjarins var girðing frá vegi til fjalls austan við Hlíðartúnið." Þetta vitni óskaði ekki að bera um annað.

Vitnið Jónatan Helgason, Bjarkalundi, Eskifirði, gaf einnig vottorð, þar sem segir svo:

„Ég fluttist til Eskifjarðar á árinu 1940 og hef ávallt verið búsettur hér síðan. Nokkru eftir komu mína til Eskifjarðar, kom ég mér upp fjárrækt. Í því sambandi hafði ég afnot af hlöðu Einars Snædals, sem stendur ofarlega í túni hans í landareigninni Reykholt II. Af þessum ástæðum varð ég þegar mjög kunnugur í innbænum, enda var ég árum saman réttarstjóri hreppsins og þekkti sem slíkur allar girðingar og lóðamörk á þessu svæði.

Ég hef verið beðinn að segja álit mitt á því atriði, hvar „túngirðing Leifs Helgasonar" muni hafa staðið árið 1945, en það ár fékk Einar J. Snædal afsal fyrir lóð sinni, og er áðurnefnd girðing í afsalinu talin innri lóðarmörk Einars.

Þessu er því til að svara, að „túngirðing Leifs Helgasonar" var árið 1945 staðsett á lækjarbakka innri lækjarins fyrir innan veg, sem lá upp lækjarbakkann til fjalls. Þessi girðing var varzla um Hlíðartúnið sem eystri mörk þess." Þetta vottorð staðfesti vitnið fyrir dómi með eiði.

Benedikt Guttormsson bankafulltrúi, Reykjavík, áður útibússtjóri á Eskifirði, kom fyrir dóm í Reykjavík og bar um mál þetta. Hann segir m. a. þetta:

„Vitnið tekur fram, að það hafi eftir athugun á báðum afsölunum skrifað Valtý Guðmundssyni, lögfræðingi á Eskifirði, það, sem vitnið vissi um þetta mál. Samrit af bréfi þessu kveðst vitnið hafa sent bankastjóra útibús Landsbankans á Eskifirði. Vitnið kvaðst ekki hafa afrit af bréfi þessu, en fari svo, að það verði lagt fram í málinu, þá kveðst vitnið fúst til að staðfesta það, sem þar greinir.

Vitnið tekur fram, að þó svo að mánuður hafi liðið á milli dagsetninga afsala til þeirra Leifs og Einars, þá muni það ekki betur en að munnlega hafi verið gengið frá sölu á öllum þessum lóðum á sama tíma. Vitnið kveðst alla tíð hafa litið svo á, að í afsalinu til Leifs hafi honum verið afsalaður hinn svo kallaði „Kúahagi". Vitnið tekur enn fremur fram, að Leifur hafi notað hið umrædda land, a. m. k. frá þeim tíma, er afsalið var gefið út, og allt til 1958, að því er vitnið veit, en það ár fluttist það frá Eskifirði. Í þessu sambandi tekur vitnið fram, að það viti ekki til, að nokkurn tíma hafi komið til ágreinings vegna nota Leifs af landi þessu á áðurgreindu tímabili, þ. e. 1945—1958.

Aðspurt um það, við hvaða túngirðingu sé átt, þegar í afsalinu til Einars Snædals er talað um túngirðingu Leifs Helgasonar, þá kveðst vitnið álíta, að átt hafi verið við þá girðingu, sem Leifur setti síðar.

Vitnið tekur fram, að í afsali til Leifs Helgasonar komi það skýrt fram, að þá hafi Leifur þegar verið búinn að færa girðinguna."

Þá er í málinu lagt fram staðfest endurrit af lóðarsamningi milli Landsbanka Íslands og stefnda, dags. 24. maí 1929, með viðauka, dags. 7. febrúar 1940, þar sem stefndi fær m. a. „Kúa-

hagann" á leigu. Í fyrri samningum er tiltekin stærð lóðarinnar um Fögru-Hlíð, þá í eigu Helga Jóssonar, föður stefnda. Er hún samtals 9.200 fermetrar. „Kúahaginn" er talinn 5.106 fermetrar, en önnur viðbótarlóð talin 5.840 fermetrar. Þannig telja aðiljar þessa samnings allt leigulandið 18.746 fermetra að stærð.

Gerður var uppdráttur af þrætulandinu af mönnum, útnefndum af sýslumanni þ. 18. maí 1963, og hefur hann verið lagður fram í dóminum. Af honum sést, að lóð stefnanda auk þrætulandsins er 11.047 fermetrar, en „Kúahaginn" mælist 7.067 fermetrar. Það hefur komið fram ómótmælt í rekstri málsis, að stefnandi hefur aldrei greitt neina leigu eftir „Kúahagann". Samkvæmt leigusamningnum átti hann ekki að greiða leigu fyrr en árið 1950, en fyrir þann tíma voru afsölin gerð um land þetta. Ef stefnandi er eigandi landsins, átti auðvitað að greiða honum leiguna, en ella félli hún niður, ef stefndi er eigandinn. Sönnunargögn í máli þessu hafa nú verið rakin.

Dómurinn gekk á vettvang og sannfærðist um, hvar túngirðing um Fögru-Hlíð hafði staðið innan við lækinn næst utan við Fögru-Hlíð, og er enginn ágreiningur um það atriði.

Þá kemur til álita, hvort orðalagið „túngirðing Leifs Helgasonar" geti átt við aðra girðingu en þessa. Skýringar á því er að leita í orðunum „lóðin er þannig öll inngirt". Það er vitað og viðurkennt, að stefndi fékk þrætustykkið ásamt öðru á leigu 7. febrúar 1940. Skömmu síðar setur hann girðingu á mörkum Reykholtslóðar og hins nýleigða lands með samþykki nágranna síns. Þetta er einnig viðurkennt. Fjárheld girðing stendur enn á þessum mörkum og gæti eftir útliti hæglega verið frá þessum tíma. Með þessari girðingu verður lóðin, sem stefnandi mun hafa haft á leigu og síðar kaupir með afsalinu 26. 2. 1945, „öll inngirt". Orðalag á afsali til stefnanda á ótvírætt við þrætustykkið m. a. Ef með orðunum „túngirðing Leifs Helgasonar" er átt við markagirðinguna, sem stefndi setti upp 1940, rekast þessi afsöl, sem gerð eru með 24 daga millibili af sama aðilja, Landsbankaútibúin á Eskifirði, ekki á. Vitnisburður Benedikts Guttormssonar ber með sér, að sölur þessar hafi verið ráðnar samtímis og jafnframt bent á, að engum athugasemdum var hreyft við seljanda af hálfu stefnanda þau 13 ár, sem Benedikt veitti bankaútibúinu forstöðu eftir þetta, enda telur hann tvímælalaust, að stefnda hafi verið seldur „Kúahaginn". Rétt er að athuga verð og stærð hinna seldu lóða.

Lóð stefnanda án „Kúahagans“ er skv. uppdrætti 1. júní 1963 11.047 fermetrar og kaupverð kr. 1.100.00. Lóð stefnda án „Kúahagans“ er skv. lóðarleigusamningum frá 1929 og 1940 13.040 fermetrar. Kaupverð stefnda var kr. 1.800.00. Lóðirnar virðast ekki hafa verið mældar, þegar afsölin voru gerð, heldur byggt á tölum leigusamnings, a. m. k. við stefnda, en þar er „Kúahaginn“ talinn 5.106 fermetrar, þótt hann reyndist stærri við mælingu 1963. Samtals verður þá lóð stefnda að viðbættu þrætustykkinu 18.146 fermetrar að áliti seljanda lóðanna. Að athuguðu verðinu virðist auðsætt, að það hefur verið ákveðið með tilliti til ætlaðrar stærðar, því sem næst kr. 0.10 pr. fermetra, og stefnanda ætlaðir ca. 11.000 fermetrar fyrir kr. 1.100.00, en stefnda ca. 18.000 fermetrar fyrir kr. 1.800.00. Að öllu þessu virtu virðist dóminum upplýst, að orðin „túngirðing Leifs Helgasonar“ með hliðsjón af því, að „lóðin er þannig öll inngirt“, og ábyrgð þeirri, sem stefnanda er gerð á ágreiningi um mörkin í framtíðinni í afsalinu til stefnanda 26. febrúar 1945, feli ekki í sér, að í afsalinu hafi verið átt við þrætustykkið í máli þessu. Í munnlegum málflutningi lagði umboðsmaður stefnanda áherzlu á, að ekki gæti verið átt við aðra girðingu í afsalinu en girðinguna um Fögru-Hlíðartúnið, að afsalið til stefnanda er fyrr í tíma og því rétthærra en afsal stefnda og að lóðarsamningur sá, sem lagður er fram í málinu, sé ekki grundvöllur undir forkaupsrétti gagnvart stefnanda, þar eð honum var ekki þinglýst. Hann benti á skýringu stefnanda á því, að ekki var fyrr en fyrir ca. einu ári gerður reki að því að heimta yfirráð yfir þrætulandinu, og taldi, að stefnda hefði borið að bjóða fram leigugjald. Um hefð væri ekki að ræða, þar eð ekki voru liðin 20 ár, frá því er hefðartími gat hafizt. Hann mótmælti frávísunarkröfu stefnda á þeim forsendum, að hin ívitnaða lagagrein ætti ekki við, taldi, að bótakrafan væri aðeins áskilnaður um rétt og taldi rök beggja málsaðilja svo mikilvæg, að ekki kæmi til mála að sekta stefnanda skv. 188. gr. laga 85/1936 fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun. Loks taldi hann fráleitt að meta þrætulandið svo hátt sem umboðsmaður stefnda gerði og leggja það til grundvallar málskostnaðarkröfu, sem hann mótmælti sem fjarstæðukenndri.

Umboðsmaður stefnda taldi frávísunarkröfu sína eðlilega, þar sem Landsbankaútibúið kveðst í afsalinu til stefnanda svara til vanheimildar og hefði því borið að stefna því.

Hann taldi sér ekki fast í hendi, að frávísunarkrafan hefði orðið flutt sérstaklega og úrskurðuð fyrr í málinu, þar eð til-

gangurinn með henni væri ekki að tefja málið. Hann taldi afsölin ekki ógreinileg, eins og haldið var fram af stefnanda hálfu, ef þau væru lesin öll og tiltækra skýringa aflað, m. a. vætti Benedikts Guttormssonar skoðað, en á þýðingu þess lagði hann aðaláherzlu. Þá taldi hann, að „túngirðing Leifs Helgasonar" ætti ekki við túngirðingu föður Leifs og að lóðin, sem stefndi fékk afsal fyrir, hafi öll verið inngirt, sýni, að átt er við aðra girðingu. Hann féll frá kröfunni um skaðabætur í þessum rétti, en heldur fast við kröfu sína um, að stefnandi verði látinn sæta sekt skv. 188. gr. laga 85/1936 fyrir bersýnilega tilefnislausa málshöfðun og taldi málskostnaðarkröfu sína hóflega.

Þá skulu hinar einstöku dómkröfur virtar.

Fallizt er á mótmæli umboðsmanns stefnanda gegn frávísunarkröfu stefnda. Auk þess er réttum aðilja stefnt, þar sem stefndi hefur notað hið umdeilda land sem sína eign frá 1945 og varð því að stefna honum til að fá viðurkenndan rétt stefnanda yfir því. Málinu verður því ekki vísað frá dómi.

Einnig er fallizt á mótmæli af stefnanda hálfu gegn skaðabótakröfu umboðsmanns stefnda, og verður hún ekki tekin til greina. Af stefnda hálfu var fallið frá skaðabótakröfunni.

Um efnishlið málsins hefur þegar verið fjallað, og verður ekki hægt að taka kröfu stefnanda um viðurkennigu á eignarrétti hans á þrætulandinu, svokölluðum „Kúahaga", til greina með vísun til þess, sem þar segir, heldur verður að taka varakröfu stefnda um sýknu af kröfum stefnanda til greina.

Um úrskurðun á kostnaði við einstakar dómsathafnir er það að segja, að stefnandi greiddi þingfestingarkostnað, en síðan voru engar dómsathafnir framkvæmdar, sem kostnað báru, fyrr en gengið var á vettvang og málinu lokið í tveim þinghöldum dag eftir dag. Eftir úrslitum málsins ber stefnanda að greiða þann kostnað, sem af þeim dómsathöfnum leiðir, ásamt öðrum kostnaði málsins. Stefnandi hefur á sinn kostnað aflað uppdráttar af þrætusvæðinu.

Kostnaður við dómsathafnir og dómsstörf er þóknun meðdómsmanna, þinghöld og dómsuppsaga, kr. 1.500.00 til hvors = 3.000.00.

Annar málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Dómurinn getur þess, að aðiljar málsins voru við öll þinghöld í málinu staddir. Dóm þennan kváðu upp Axel V. Tulinius sýslumaður og meðdómsmennirnir Ásgeir Júlíusson fulltrúi og Guðni Jónsson trésmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndi, Leifur Helgason, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Einar J. Snædal, greiði stefnda í málskostnað kr. 6.000.00. Enn fremur greiði hann kostnað við dóminn, kr. 3.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. maí 1967.

Nr. 141/1966. **Dánarbú Sigtryggs Péturssonar**
(Ragnar Steinbergsson hrl.)
gegn
Helga Hálfdánarsyni og
Bæjarstjóranum á Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar (Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sigtryggur Pétursson hefur látizt, eftir að málinu var áfrýjað, og dánarbú hans komið í hans stað.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. júlí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. júní 1966. Krefst hann þess, að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf bæjarstjórans á

Húsavík, dags. 25. janúar 1967, þar sem segir, að Stefán Sörensson lögfræðingur, annar meðdómsmanna í héraði, hafi verið „3. maður á lista Framsóknarflokksins við bæjarstjórnarkosningar 1958, og var hann 1. varamaður flokksins í bæjarstjórn á kjörtímabilinu 1958—1962.

Við kosningar 1962 var Stefán 6. maður á lista Framsóknarflokksins, og var hann 3. varamaður flokksins í bæjarstjórn á tímabilinu 1962—1966".

Af gögnum málsins sést, að Stefán Sörensson hafi setið bæjarstjórnarfund Húsavíkurkaupstaðar hinn 11. nóvember 1964, þar sem rætt var um lóðina nr. 15 við Garðarsbraut, og greitt atkvæði m. a. um stærð hennar. Þar sem annar meðdómenda í héraði, Stefán Sörensson, var fyrirsvarsmaður stofnunar, sem er aðili máls þessa, og tók sem bæjarfulltrúi afstöðu til afgreiðslu máls um hina umdeildu lóð, ber að ómerkja héraðsdóminn og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 20. október 1965, er meðdómendur í héraði voru tilnefndir, sbr. 1. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 20. október 1965 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjandi, dánarbú Sigtryggs Péturssonar, greiði stefndu, Helga Hálfdánarsyni og bæjarstjóranum á Húsavík f. h. Húsavíkurkaupstaðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Þingeyjarsýslu og Húsavíkur 2. desember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember s.l., hefur Sigtryggur Pétursson bakarameistari, Garðarsbraut 15, Húsavík, höfðað fyrir merkjadómi Húsavíkur með stefnu, útgefinni 12.

maí 1965, gegn Helga Hálfdánarsyni lyfsala, nú til heimilis að Sólheimum 45 í Reykjavík, og bæjarstjóranum á Húsavík fyrir hönd Húsavíkurbæjar til viðurkenningar á lóðamerkjum milli húseignanna Garðarsbrautar nr. 15 í Húsavík, sem er eign stefnanda, og Garðarsbrautar nr. 13, sem er eign stefnda Helga Hálfdánarsonar.

Stefnandi gerir þær kröfur, að lóðamörk húsanna verði ákveðin þannig, að dregin verði lína á milli lóðanna hornrétt á Garðarsbraut í átt til Ketilsbrautar, sem sé í 3.15 metra fjarlægð frá tröppum norðan við upphaflegt hús hans, og ráði sú lína lóðamörkum. Til vara krefst hann þess, að umrædd lína verði dregin í 3.15 metra fjarlægð frá norðurhlið upprunalega hússins að frádregnum áðurgreindum tröppum.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi Helgi Hálfdánarson verði dæmdur til að fjarlægja girðingu þá, er hann setti upp á lóð stefnanda, innan 30 daga frá dómsuppsögu að viðlögðum dagsektum, enda hafi hann eigi verið í góðri trú um uppsetningu girðingarinnar.

Að lokum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eftir framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Stefndi Helgi Hálfdánarson krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda. Einnig krefst hann hæfilegs málskostnaðar samkvæmt mati dómsins og verði þar tekið tillit til ferðakostnaðar lögmanns síns.

Stefndi bæjarstjórinn í Húsavík fyrir hönd Húsavíkurkaupstaðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda. Einnig krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1923 sótti Páll Jónsson, bakari í Húsavík, um lóð til byggingar brauðgerðar- og íbúðarhúss í Húsavík. Hinn 22. nóvember sama ár var Páli með lóðarleigusamningi leigð lóð, sem nú er nr. 15 við Garðarsbraut. Stærð lóðarinnar var ákveðin 18×18 metrar, eða 324 fermetrar. Hinn 7. apríl 1925 sótti Páll Jónsson um leyfi til þess að lengja íbúðarhús sitt um 8 álnir til norðurs. Heimilaði byggingarnefnd Húsavíkur umbeðna lengingu á fundi 15. apríl 1925.

Fyrst á árinu 1942 sótti stefnandi máls þessa, sem þá var orðinn eigandi húseigna Páls Jónssonar bakara, um leyfi til þess að byggja viðbótarbyggingu við suðausturstafn húss síns, 16 metra langa og jafnbreiða húsinu. Leyfði byggingarnefnd þetta á fundi 6. janúar 1942.

Árið 1946 sótti stefnandi um leyfi til þess að byggja 15 metra

byggingu austur af viðbyggingunni, sem leyfð hafði verið 4 árum áður.

Samþykkti byggingarnefnd beiðni þessa.

Stefnandi fékk útgefinn lóðarleigusamning á árinu 1953 vegna breytinga þeirra, sem heimilaðar höfðu verið árin 1942 og 1946. Er stærð lóðar þar ákveðin 982 fermetrar.

Árið 1943 sótti Helgi Hálfdánarson lyfsali, þá nýfluttur til Húsavíkur, um lóð undir lyfjabúð. Árið 1947 var honum veitt lóðin nr. 13 við Garðarsbraut, og byggði hann á lóðinni. Var staðsetning hússins á lóðinni ákveðin af tveimur trúnaðarmönnum byggingarnefndar, og ákváðu þeir fjarlægð milli húsanna nr. 13 og nr. 15 6.30 metra með það fyrir augum að eigin sögn, að fullnægt væri brunavarnasamþykkt bæjarins.

Hinn 15. júní 1951 ritaði Helgi Hálfdánarson bæjarstjórn Húsavíkur út af því, að lóð hans við Garðarsbraut 13 hefði ekki verið mæld og afmörkuð. Á fundi byggingarnefndar 25. september 1951 er byggingarfulltrúa bæjarins falið að mæla lóðina nákvæmlega daginn eftir. Það mun þó ekki hafa verið framkvæmt að sinni.

Árið 1955 sótti Helgi Hálfdánarson um lóðarauka að Ketilsbraut. Var það veitt, eftir að skipulagsstjóri hafði staðfest tillögur byggingarnefndar þar að lútandi. Byggingarfulltrúi Húsavíkurkaupstaðar mældi lóðina sumarið 1958, og lét Helgi Hálfdánarson girða lóðina samkvæmt þeirri mælingu. Greiddu eigendur húsanna nr. 11 og 15 við Garðarsbraut sinn hluta í girðingarkostnaðinum.

Hinn 17. febrúar 1959 fékk Helgi síðan útgefinn lóðarleigusamning fyrir lóð nr. 13 við Garðarsbraut. Markalína milli lóðanna nr. 13 og 15 var samkvæmt mælingu byggingarfulltrúa ákveðin 5.20 metrum sunnan hússins nr. 13, og var fyrrnefnd girðing sett þar niður. Þegar girt var, var stefnandi máls þessa sjúklingur og kveður sig ekki hafa vitað um staðsetningu girðingarinnar.

Stefnandi sótti um leyfi til endurbyggingar gamla hússins að Garðarsbraut 15 fyrri hluta árs 1962 sem verzlunar- og íbúðarhúsnæðis. Lagði hann fram teikningar. Féllst byggingarnefnd á umsóknina, og skyldi byggt á sama grunni og gamla húsið hafði staðið á.

Hinn 10. júlí 1962 ritaði Helgi Hálfdánarson bæjarstjórn og tjáði henni, að hann gæti ekki fallizt á, að byggt yrði á lóð Garðarsbrautar nær lóðarmörkum sínum en 3.15 metra. Byggingarnefnd svaraði, að heimilt væri samkvæmt byggingarsamþykkt

Húsavíkur að byggja að lóðamörkum, ef byggingin væri með eldvarnarvegg við mörkin.

Stefnandi ritaði bæjarstjórn bréf 17. sama mánaðar í tilefni af bréfi Helga Hálfdánarsonar. Kvartaði hann þar yfir, að mörk milli lóðanna nr. 13 og 15 við Garðarsbraut hefðu ekki verið rétt sett niður, hefði átt að skipta bili milli húsanna til helminga. Óskaði hann leiðréttingar á þeim mistökum. Spurði hann einnig, hvort leyfilegt væri að byggja á lóðamörk, ef um brunagafl væri að ræða. Byggingarnefnd svaraði, að lóðamörk væru þannig til orðin, að hús nr. 13 hefði fengið lóð að mörkum lóðar nr. 15, sem því húsi hefði verið úthlutað á sínum tíma. Spurningu stefnanda varðandi byggingu á lóðamörk var svarað játandi.

Helgi Hálfdánarson ritaði bæjarstjórn 19. sama mánaðar og mótmælti niðurstöðu byggingarnefndar í svari við bréfi hans frá 10. sama mánaðar.

Síðar á sumrinu 1962 sótti stefnandi um leyfi til þess að byggja forstofu norðan við nýbygginguna á Garðarsbraut 15. Forstofuhúsið var með eldvarnarvegg, og var hann 35 cm frá lóðamörkum. Byggingarnefnd tók umsóknina fyrir á fundi 5. september og veitti leyfi til byggingarinnar með því skilyrði, að umsækjandi tæki á sig skaðabótaábyrgð gagnvart nágranna í sambandi við forstofubygginguna. Bæjarstjórn vísaði þessari afgreiðslu byggingarnefndar til umsagnar skipulagsstjóra, sem svaraði 27. september og taldi sig eigi geta mælt með erindinu. Taldi hann skilyrði byggingarnefndar Húsavíkur um skaðabótaábyrgð eðlilegt og réttmætt.

Bæjarstjórn Húsavíkur tók síðan mál þetta fyrir að nýju hinn 17. október og synjar þá umsókn stefnanda um forstofubygginguna. Stefnandi hafði þá látið grafa fyrir eldvarnarveggnum.

Dómarar í máli þessu ásamt málafærslumönnum aðilja fóru á staðinn hinn 20. október s.l. og athuguðu staðhætti.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að ranglega hafi verið sett niður girðingin milli lóðanna 13 og 15 sumarið 1958 og gengið á rétt hans með því. Samkvæmt lóðarleigusamningi, dagsettum 22. nóvember 1923, var Páli Jónssyni leigð lóð að flatarmáli 324 ferm., eða 18×18 metrar. Eigi hefur komið fram, að breyting hafi verið gerð á lóðarstærð árið 1925, þegar Páli var heimiluð lenging húss síns til norðurs um 8 álnir, og eigi verður því fundinn staður, að leyfi til lengingar hússins hafi sjálfkrafa haft í för með sér breytingu á lóðarstærð, þar sem lenging hússins rúmaðist á hinni veittu lóð samkvæmt lóðarsamningnum frá

22. nóv. 1923. Lóðarsamningur þessi var ekki innfærður í veðmálabækur fyrr en 3. desember 1926, og var því nægur tími til breytinga á honum, ef lóðarsali eða lóðarhafi hefðu álitið, að leyfi til lengingar hússins hefði haft nokkrar breytingar á lóðarstærð í för með sér.

Þær breytingar, sem síðar hafa verið gerðar á lóð nr. 15 við Garðarsbraut, hafa í engu hróflað við mörkum hennar til norðurs. Það var því eðlilegt, er byggingarfulltrúi mældi út lóðina nr. 13 við Garðarsbraut, að hann afmarkaði hana til suðurs að þinglesnum og ómótmæltum mörkum nágrannalóðarinnar. Þá verður eigi fallizt á, að mæling Sigurðar Egilssonar og Páls Kristjánssonar, er þeir ákváðu stað húsi Helga Hálfdánarsonar, hafi valdið breytingu á lóðamörkum. Eins og fram kemur af dskj. nr. 8, var sjónarmið þeirra það, að fjarlægðin milli húsanna stæðist fyrirmæli brunavarnarsamþykktar.

Þá verður að telja eðlilegt, að girðingin milli lóðanna 13 og 15 væri sett niður á þeim mörkum, sem byggingarfulltrúi bæjarins mældi út.

Það er því álit dómsins, að sýkna beri stefndu í máli þessu af öllum kröfum stefnanda. Þá þykir rétt að dæma stefnanda til greiðslu alls kostnaðar máls þessa, þar með talin málsvarnarlaun lögmanna hinna stefndu, sem þykja hæfilega ákveðin með tilliti til ferðakostnaðar, krónur 7.000.00 til lögmanns Helga Hálfdánarsonar, hæstaréttarlögmanns Þorvalds Þórarinssonar, og krónur 3.000.00 til lögmanns Húsavíkurkaupstaðar, héraðsdómslögmanns Ásmundar Jóhannssonar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Helgi Hálfdánarson og bæjarstjórinn í Húsavík fyrir hönd Húsavíkurkaupstaðar, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Sigtryggs Péturssonar.

Stefnandi, Sigtryggur Pétursson, greiði allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, krónur 7.000.00, og Ásmundar Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. maí 1967.

Nr. 228/1966. **Óskar Þórðarson** og
Pétur Kr. Árnason (Jóhann Ragnarsson hdl.)
gegn
Þórmundi Hjálmtýssyni og gagnsök
(Guðrún Erlendsdóttir hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Fasteignakaup. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. október 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1966 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna og gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann gerir þær dómkröfur:

Að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til:

1. Að endurgreiða gagnáfrýjanda kr. **56.000.00**, sem hann greiddi upp í kaupverð hússins nr. 7 við Þverbrekku í Kópavogi (áður Nýbýlavegur 44 A), auk 6% ársvaxta af kr. 50.000.00 frá 26. janúar 1957 til 31. október s. á., af kr. 56.000.00 frá þeim degi til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember 1960, 8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1965, 7% ársvaxta frá þeim degi til 12. júní 1965 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

2. Að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur vegna tapaðs hagnaðar af húseigninni frá 26. janúar 1957 til 23. maí 1964, kr. **96.370.00**, auk 8% ársvaxta frá 30. september 1964 til 1. janúar 1965, 7% ársvaxta frá þeim degi til 12. júní 1965 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

3. Að greiða gagnáfrýjanda andvirði breytinga og umbóta, sem hann gerði á húseigninni, frá því að hann keypti hana

árið 1957 fram á árið 1959, er hann hætti slíkum umbótum, vegna þess að hann fékk ekki afsal fyrir eigninni ásamt lóðarréttindum frá áfrýjendum, kr. 246.150.00, auk 6% ársvaxta frá 1. október 1959 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim degi til 29. desember 1960, 8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1965, 7% ársvaxta frá þeim degi til 12. júní 1965 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

4. Að skila 2 skuldabréfum, útgefnum af gagnáfrýjanda, er áfrýjendur tóku við upp í kaupverð hússins, hvort bréf upphaflega að fjárhæð kr. 60.000.00, en til vara að skila andvirði þessara bréfa.

5. Að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, seldu aðaláfrýjendur hinn 27. janúar 1957 gagnáfrýjanda húseignina nr. 44 A við Nýbýlaveg, nú nr. 7 við Þverbrekku, Kópavogi. Kaupverðið var kr. 170.000.00, og skyldi greiða það kr. 50.000.00 út í hönd og svo með útgáfu tveggja skuldabréfa, hvoru að fjárhæð kr. 60.000.00, tryggðum með 2. veðrétti í hinni seldu húseign. Afsal gáfu aðaláfrýjendur til handa gagnáfrýjanda hinn 6. marz 1961. Húsið var selt „ásamt lóðarréttindum", en reyndist lóðarréttindalaust. Samkvæmt bréfi bæjarstjórans í Kópavogi 7. desember 1960 leyfðu yfirvöld Kópavogs þá, að húsið „fái að standa á lóðinni í tíu ár, enda verði húsið fjarlægt bæjarsjóði að kostnaðarlausu". Hinn 31. maí 1963 dæmdi héraðsdómur Kópavogs aðaláfrýjendum skylt að láta gagnáfrýjanda í té lóðarsamning um leigulóð nefnds húss, „er gildi í 50 ár frá útgáfudegi og með þeim skilmálum, að umbætur, sem löglega hafa verið gerðar eða gerðar verða á lóð og húsi á leigutímanum, verði að loknum leigutíma endurgreiddar leiguhafanum eftir samkomulagi eða mati, verði leigusamningurinn þá ekki endurnýjaður". Aðaláfrýjendur hafa eigi fullnægt þessum dómi, sem eigi var áfrýjað.

Með því að gagnáfrýjandi stóð eigi í skilum með afborganir og vexti af hinum tveimur skuldabréfum, er hann hafði gefið út fyrir kaupverði hússins, kröfðust aðaláfrýjendur

uppboðs á því. Var þeim lagt húsið út sem ófullnægðum veðhöfum á uppboðsþingi hinn 30. september 1964. Um þetta er bókað í uppboðsbók Kópavogs:

„Ár 1964, miðvikudaginn 30. september, var uppboðsréttur Kópavogs settur í skrifstofu réttarins og haldinn af Ólafi St. Sigurðssyni, fulltrúa bæjarfógeta, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Að gefa út uppboðsafsal fyrir Þverbrekku 7 (Nýbýlavegur 44 A), talin eign Þórmundar Hjálmtýssonar.

Mættur er í réttinum Gísli G. Ísleifsson hrl., sem mætir af hálfu uppboðskaupenda, Óskars Þórðarsonar og Péturs Árnasonar.

Á nauðungaruppboði, sem fram fór á eigninni Þverbrekku 7 (Nýbýlavegi 44 A), þriðjudaginn 14. júlí 1964, talin eign Þórmundar Hjálmtýssonar, varð hæstbjóðandi Gísli G. Ísleifsson hrl. f. h. Óskars Þórðarsonar, Njálsgötu 33, og Péturs Árnasonar, Bugðulæk 7, báðir í Reykjavík, með kr. 20.000.00 boði. Hann krafðist fyrir þeirra hönd útlagningar sem ófullnægðra 2. veðréttarhafa samkvæmt tveimur samhliða veðskuldabréfum, sem bæði eru upphaflega að upphæð kr. 60.000.00, útgefnum 26. 1. 1957. Mættur Gísli gerir nú kröfu um útlagningu til handa hæstbjóðendum samkvæmt ofansögðu. Þar sem eigi hafa komið fram athugasemdir við áðurnefnda kröfu um útlagningu, og skilyrði til útlagningar eru fyrir hendi, og uppboðsskilmálum hefur verið fullnægt, verður útlagningarkrafan tekin til greina.

Því er hér með þeim Óskari Þórðarsyni, Njálsgötu 33, og Pétri Árnasyni, Bugðulæk 7, Reykjavík, útlögð til eigna og umráða húseignin Þverbrekka 7 í Kópavogi (áður talin Nýbýlavegur 44 A), sú, sem talin hefur verið eign Þórmundar Hjálmtýssonar, en húseign þessi nýtur engra þinglýstra lóðarréttinda og mun standa á landspildu úr Digraneslandi nr. 13 A.

Útlagningarhafar hafa greitt fasteignagjöld, kr. 1.601.00, brunabótaiðgjöld, kr. 2.625.00, eftirstöðvar fjárnámsskuldar á 1. veðrétti með vöxtum og öllum kostnaði, kr. 4.846.00,

og uppboðskostnað, kr. 2.290.00, sem er samtals kr. 11.362.00. Útlagningarhafar taka undir sjálfum sér kr. 8.638.00, og er þá fyllt uppboðsandvirðið, kr. 20.000.00.

Samkvæmt ofansögðu afsalast því hér með Óskari Þórðarsyni og Pétri Árnasyni húseignin Þverbrekka 7 (Nýbýlavegur 44 A).

Afmá skal og aflýsa úr veðmálabókum þinglýstu fjárnámi í eigninni, dags. 6. 3. 1963, að upphæð upphaflega kr. 45.000.00 + kr. 29.000.00, sem greitt er upp að fullu af uppboðsandvirði. Eftir standa því með veði í eigninni þau tvö veðskuldabréf, sem útlagningarkrafan er byggð á og að ofan er lýst. Eru þau nú með 1. samhliða veðrétti.

Uppboðshaldarinn svarar ekki til vanheimildar".

Aðaláfrýjendur fullnægðu eigi héraðsdóminum frá 31. maí 1963. Þar sem dóminum var eigi fullnægt samkvæmt aðalefni sínu, átti gagnáfrýjandi bótakröfu á hendur aðaláfrýjendum, sem fullnægja mátti, sbr. 11. gr. laga nr. 19/1887. Að svo vöxnu máli var það ábyrgðarhluti af hendi aðaláfrýjenda að stofna til uppboðssölu á nefndu húsi lóðarréttindalitlu, áður en þeir gerðu gagnáfrýjanda skil samkvæmt dóminum frá 31. maí 1963. Afleiðingin varð og sú, að ekkert viðhlítandi boð fékkst í húsið. Leiðir öll þessi háttsemi aðaláfrýjenda til skaðabótaskyldu þeirra. Þykir samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936 rétt að dæma málið á þessum grundvelli þrátt fyrir kröfugerð gagnáfrýjanda, þar sem efndasjónarmið og riftunar eru höfð uppi samtímis. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, teljast skaðabætur, sem aðláfrýjendum ber að greiða, hæfilega ákveðnar kr. 280.000.00 ásamt vöxtum frá útgáfudegi stefnu í máli þessu, 30. september 1964. Krafa gagnáfrýjanda um afhendingu skuldabréfanna er eigi til greina tekin, enda var húseignin lögð aðaláfrýjendum út sem ófullnægðum veðhöfum samkvæmt skuldabréfunum við uppboð. Fjárnám, sem gagnáfrýjandi lét framkvæma hinn 29. júní 1966 í eignarhlut aðaláfrýjanda Óskars Þórðarsonar, 1. hæð í húsinu nr. 31 við Safamýri, skýtur eigi loku fyrir að dæma gagnáfrýjanda þá fjárhæð, er að ofan greinir.

Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Pétur Kr. Árnason og Óskar Þórðarson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Þórmundi Hjálmtýssyni, kr. 280.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 30. september 1964 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 60.000.00, allt að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 6. apríl s.l., hefur Þórmundur Hjálmtýsson, Þverbrekku 7, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. október 1964, gegn Pétri Kr. Árnasyni, Bugðulæk 7, og Óskari Þórðarsyni, Njálsgötu 33, báðum í Reykjavík. Dómkröfur á hendur hinum stefndu eru þessar:

1. *Að* þola riftun á kaupum, sem stefnandi gerði við þá um húsið nr. 7 við Þverbrekku í Kópavogi (áður Nýbýlavegur 44 A) með kaupsamningi, dagsettum 26. janúar 1957.

2. *Að* endurgreiða stefnanda kr. 56.000.00, sem hann greiddi upp í kaupverð framangreinds húss í peningum, auk 8% ársvaxta af kr. 50.000.00 frá 26. janúar 1957 til 31. október 1957 og af kr. 56.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

3. *Að* skila 2 skuldabréfum, útgefnum af stefnanda, er stefndu tóku við upp í kaupverð hússins, hvort bréf upphaflega að fjárhæð kr. 60.000.00, en til vara að skila andvirði þessara bréfa.

4. *Að* greiða stefnanda skaðabætur vegna tapaðs hagnaðar af húseigninni frá 1957 (sic) til 23. maí 1964, kr. 96.370.00, og til að greiða stefnanda andvirði breytinga og umbóta, sem hann gerði á húseigninni, frá því að hann keypti hana 1957 fram á árið 1959, er hann hætti slíkum umbótum, vegna þess að hann fékk ekki afsal fyrir eigninni frá stefndu, kr. 246.150.00. Þá er krafizt 8% ársvaxta af kr. 246.150.00 frá 1/10 1959 til greiðsludags og af kr. 96.370.00 frá stefnudegi til greiðsludags.

5. *Að* greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu eftir taxta

Lögmannafélags Íslands eða eftir mati dómsins, þar með talinn matskostnaður.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda vaxtakröfum breytt þannig, að krafizt var að öðru óbreyttu 6% ársvaxta til 22. febrúar 1960, 8% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1965, 7% ársvaxta frá þeim degi til 12. júní 1965 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu hinna stefndu eru þær dómkröfur gerðar *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati dómsins. *Til vara* er þess krafizt, að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð og hvor aðilja um sig verði látinn bera kostnað af málinu.

Málvöxtum er þannig lýst í stefnu:

„Með kaupsamningi, dags. 26. janúar 1957, seldu stefndu, þeir Pétur Árnason og Óskar Þórðarson, stefnanda húseignina, sem þá var númer 44 A við Nýbýlaveg í Kópavogi, nú Þverbrekku 7. Í samningi þessum stendur meðal annars orðrétt: „Seljendur lofa að selja kaupanda húseign sína nr. 44 A við Nýbýlaveg í Kópavogi ásamt lóðarréttindum. Um stærð lóðarinnar fer eftir skipulagsuppdrætti, og verður lóðinni skipt út úr erfðaleigusamningi, dags. 8. okt. 1942, um ræktunarland nr. 13 A í Digraneslandi í Kópavogskaupstað. Hið selda er selt í því ástandi, sem það nú er í og kaupandi hefur kynnt sér, þó skuldbinda seljendur sig til að pússa húsið að utan, og skal því verki vera lokið 31. júní 1957. Enn fremur skuldbinda seljendur sig til að fullgera viðbyggingu, þannig að hún verði fokheld. Skal byrja á verkinu, þegar veður leyfir og ljúka á mánuði, ef óviðráðanleg atvik eigi hamla. Kaupverðið er kr. 170.000.00 — eitt hundrað og sjötíu þúsund krónur — og greiðist þannig:

1. Við undirskrift kaupsamnings .. .. kr. 50.000.00
2. Eftirstöðvarnar greiðist með jöfnum afborgunum á næstu 10 árum í gjalddaga 31. október ár hvert og 6% ársvöxtum, er greiðist eftir á í sama gjalddaga, enda gefi kaupandi út tvö skuldabréf, hvort að upphæð kr. 60.000.00, er tryggð verði með 2. veðrétti í hinni seldu eign, samhliða .. .. — 120.000.00

Kaupandi á rétt til þess að fá afsal útgefið fyrir hinu selda 31. október 1959. Kaupandi tekur við hinu selda í dag og nýtur arðs frá sama tíma."

Að þessum kaupsamningi gerðum flutti stefnandi inn í húsið, borgaði þau 50.000.00, sem honum bar eftir samningnum, og

hugðist síðan endurbæta húsið og breyta því og hófst þegar handa um það. Þegar leið fram á árið 1959 fór stefnandi að ganga eftir afsali fyrir húsinu, sem lofað hafði verið í kaupsamningi. Ekki voru stefndu reiðubúnir til að láta afsalið af hendi þá, og frétti stefnandi, að ekki mundi allt með felldu um lóðarréttindin. Hætti hann þá að vinna við breytingar eða viðgerðir á húsinu og hugðist láta frekari slíkar aðgerðir bíða, þar til hann hefði fengið afsal með fullkomnum lóðarréttindum. Þegar afsalið var ókomið í júní 1960, fór stefnandi í mál við stefndu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, þingfest 25/6 1960, og gerði þær dómkröfur, að stefndu gæfu honum út afsal fyrir húsinu nr. 44 A við Nýbýlaveg ásamt lóðarréttindum, enn fremur til að greiða málskostnað. Með framhaldsstefnu í sama máli, þingfestri 17. maí 1961, krafðist stefnandi þess, að stefndu létu honum í té lóðarsamning um leigulóð hússins nr. 7 við Þverbrekku í Kópavogi, er gilti í 50 ár frá útgáfudegi og með þeim skilmálum, að umbætur, sem gerðar væru á lóð og húsi á leigutímanum, yrðu að loknum þeim tíma endurgreiddar leiguhafa eftir samkomulagi eða mati, ef leigusamningur yrði ekki endurnýjaður. Einnig var krafizt málskostnaðar. Þetta mál var rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar til 5. des. 1962, er það var hafið þar, en síðan þingfest að nýju á bæjarþingi Kópavogs hinn 4. apríl 1963. Dómur gekk í málinu hinn 31. maí 1963, og var niðurstaða dómsins sú, að stefndu bæri að útvega og láta stefnanda í té lóðarsamning um leigulóð hússins nr. 7 við Þverbrekku í Kópavogi (áður Nýbýlaveg 44 A), er gilti í 50 ár frá útgáfudegi og með þeim skilmálum, að umbætur, sem löglega hefðu verið gerðar eða gerðar yrðu á lóð og húsi á leigutímanum, yrðu að honum loknum endurgreiddar leiguhafanum eftir samkomulagi eða mati, verði leigusamningurinn þá ekki endurnýjaður. Þá var stefndu gert að greiða málskostnað. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Undir rekstri framangreinds máls höfðu stefndu lagt fram afsal til stefnanda fyrir húsinu „ásamt lóðarréttindum“. Þá var lagt fram í málinu skjal, undirritað af bæjarstjóranum í Kópavogi 7. des. 1960, en í því segir svo: „Með tilvísun til samþykktar byggingarnefndar Kópavogs hinn 6. sept. 1960 samþykkist hér með, að hús Óskars Þórðarsonar, Nýbýlavegur 44 A, sem talið er nú nr. 7 við Þverbrekku, fái að standa á lóðinni í tíu ár, enda verði húsið fjarlægt bæjarsjóði að kostnaðarlausu“. ... Í veðmálabókum hefur húsið engin skráð lóðarréttindi.

Framangreindur dómur var birtur stefndu, en ekki hafa þeir þrátt fyrir það látið stefnanda í té lóðarréttindi þau, sem honum ber samkvæmt niðurstöðu dómsins. Af yfirlýsingu bæjarstjórans í Kópavogi er ljóst, að þau einu lóðarréttindi, sem stefnandi gæti hugsanlega fengið, sé leyfi til að láta húsið standa til 6/9 1970, en jafna það þá við jörðu á sinn kostnað og án bóta.

Upp í skuldabréf þau, sem getið er í 2. tölulið hér að framan, greiddi stefnandi fyrstu afborgun og vexti af öðru bréfinu hinn 31/10 1957, og var þetta fært inn á bréfið. Af hinu bréfinu greiddi hann með vinnu, sem svaraði fyrstu afborgun og vöxtum, en þetta var ekki fært inn á bréfið. Vegna vanskila á bréfum þessum báðu stefndu um uppboð á húsinu vorið 1964. Fór uppboðið fram, og kom ekkert boð í húsið annað en kr. 20.000.00 frá stefndu, og mun þeim, öðrum eða báðum, hafa verið lagt húsið út fyrir það verð. Uppboðið sýnir, að enginn vildi þá kaupa húsið lóðarréttindalaust.

Um sama leyti og beðið var um uppboð, bað stefnandi um útnefningu matsmanna til að meta, hvers virði húsið væri nú miðað við það verð, sem hann keypti það á, hvers virði endurbætur á því væru, hvort tveggja miðað við, að húsið hefði fullkomin leigulóðarréttindi. Enn fremur, hvað ætla mætti, að hæfilegt endurgjald væri fyrir afnot hússins 1957 til matsgerðarinnar. Þegar matið lá fyrir, voru stefndu krafðir um bætur fyrir tjón hans, byggðar á matinu, en þeir vildu ekki sinna slíkum kröfum."

Hafa nú verið raktir málavextir samkvæmt stefnu.

Matsmennirnir, Einar Sveinsson múrarameistari og Jón Þorsteinsson húsasmíðameistari, hafa báðir komið fyrir dóm og staðfest þar matsgerð sína. Þá hefur og stefndi Óskar Þórðarson komið fyrir dóm og staðfest atvikalýsingu í greinargerð.

Stefnandi kveður kröfur sínar vera reistar á áðurgreindum kaupsamningi (dómsskj. nr. 3). Samkvæmt honum hafi hann átt arð af húsinu frá samningsdegi og hann hafi haft það til frjálsra afnota frá sama tíma. Hann kveðst hafa keypt það og endurbætt í þeirri trú, að hann mætti treysta því, að húsið hefði venjuleg, fullkomin lóðarréttindi. Dómur bæjarþings Kópavogs staðfesti og, að sú trú hans hafi verið rétt. Skuldbinding seljenda, þ. e. stefndu, í kaupsamningnum um að láta í té lóðarréttindi hafi verið forsenda fyrir kaupunum og eftirfarandi endurbótum á húsinu. Nú kveður stefnandi augljóst, að hann tapi eða megi búast við að tapa bótalaust húsinu sjálfu, endurbótum á því og áætluðum söluhagnaði í síðasta lagi árið 1970. Enga slíka áhættu

hafi hann tekið á sig með kaupsamningnum, heldur hafi honum þvert á móti verið lofað slíkum lóðarréttindum, að þessi áhætta væri ekki til. Séu því algerlega brostnar forsendur fyrir framangreindum kaupum og krafizt riftunar og enn fremur krafizt bóta fyrir það tjón, sem hann verði fyrir og hafi þegar orðið fyrir vegna kostnaðar við endurbætur á húsinu og misstan hagnað af að eiga það, allt miðað við, að það hefði haft lóðarréttindi þau, sem umsamið var.

Stefndu reisa dómkröfur sínar m. a. á því, að er sala hússins fór fram, hafi stefnanda verið um það kunnugt, að eigi hafi verið samið endanlega um lóðarréttindi hússins. Þar af leiði, að stefnandi hafi alls eigi getað treyst því, að lóðarréttindin fengjust til 50 ára. Stefnandi hafi gert kaupin þrátt fyrir það, að eigi hafi verið unnt að ábyrgjast honum fullkomin lóðarréttindi. Sé sýknukrafan við þetta miðuð. Og þar sem stefnandi hafi mátt sjá, er samningurinn var gerður, að allt var í óvissu með endanleg lóðarréttindi, hafi honum borið að kynna sér málið betur hjá réttum aðilja eða láta stefndu ábyrgjast þessi atriði berum orðum.

Þá halda stefndu því fram, að stefnandi hafi glatað þeim rétti, er hann kynni að hafa átt á hendur þeim, vegna aðgerðarleysis. Þrátt fyrir það að afsal skyldi fara fram þann 31. okt. 1959, hefjist stefnandi eigi handa fyrr en í júní 1960 um aðgerðir í þessu efni og þá með málssókn. Það mál sé síðar fellt niður, en hafizt sé svo handa á nýjan leik 4. apríl 1963. Hér megi vekja athygli á 52. gr. kaupalaganna. Stefnandi hafi hafizt handa um endurbætur og stækkun á hinni seldu eign, þrátt fyrir það að honum hafi verið ljóst, að allt var í óvissu um lóðarréttindin. Stefnandi hafi látið hjá líða að kynna sér hjá réttum aðilja, hvort lóðarréttindi þau, er hann gerði kröfu til, væru fáanleg eða ekki. Þegar af þessari ástæðu geti hann ekki krafizt bóta úr hendi hinna stefndu vegna þeirra breytinga og stækkana, sem hann hafi gert á eigninni. Eigi verður heldur séð, að stefnandi hafi leitað eftir samþykki löglegra yfirvalda á þessum aðgerðum sínum. Þar sem þessi háttsemi stefnanda hafi verið ólögleg, þá verði honum eigi dæmdar bætur vegna breytinga á húsinu. Hér hafi stefnandi því engan að sakast við nema sjálfan sig. Er því haldið fram af hálfu hinna stefndu, að bótakrafa stefnanda hafi fallið niður, þar sem hann með saknæmri háttsemi hafi stuðlað að því, að endurbætur áttu sér stað. Stefndu hafi mátt vænta þess, að stefnandi hæfist eigi handa um slíkar breytingar án löglegs samþykkis réttra yfirvalda.

Stefndu segjast eigi geta séð, að unnt sé að taka kröfu stefnanda um riftingu til greina. Stefnandi sé eigi lengur eigandi hinnar umræddu eignar. Eignin hafi verið seld nauðungarsölu sumarið 1964, þar sem stefnandi hafi látið hjá líða að greiða umsamdar afborganir og vexti af áhvílandi lánum. Hinir stefndu séu nú eigendur hinnar umdeildu eignar eftir að hafa fengið hana útlagða sem ófullnægðir veðhafar.

Eins og þegar er fram komið, liggur fyrir í málinu dómur bæjarþings Kópavogs, uppkveðinn 31. maí 1963, þar sem stefndu eru samkvæmt kröfu stefnanda dæmdir til að láta honum í té lóðarleigusamning um leigulóð hússins nr. 7 við Þverbrekku í Kópavogi (áður Nýbýlavegur 44 A), er gildi í 50 ár. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað og ekki heldur fullnægt af hálfu stefndu, enda liggur fyrir í málinu yfirlýsing bæjarstjórans í Kópavogi, dags. 7. des. 1960, þar sem aðeins er leyft, að umrætt hús fái að standa á lóðinni í 10 ár og verði þá fjarlægt bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

Með framangreindum dómi þykir þegar vera skorið úr um það, að um vanefndir sé að ræða af hálfu hinna stefndu og þeir því bótaskyldir gagnvart stefnanda í máli þessu, þar sem þeir hafa eigi getað fullnægt ákvæðum kaupsamnings við stefnanda, dags. 26. janúar 1957, um lóðarréttindi með hinni seldu eign.

Skulu nú hinir einstöku kröfuliðir í stefnu athugaðir.

Um kröfulið 1. Undir þessum kröfulið krefst stefnandi riftunar á kaupunum á umræddri húseign, sem hann keypti af hinum stefndu með framangreindum kaupsamningi.

Að því er séð verður af gögnum málsins, hefur umrædd húseign eigi lengur verið í eigu stefnanda, er mál þetta var höfðað, heldur hefur hún þá aftur verið orðin eign hinna stefndu, sem fengu hana útlagða sem ófullnægðir veðhafar við nauðungarsölu vegna vanskila stefnanda.

Verður af þessum sökum eigi fallizt á riftunarkröfu stefnanda, þar sem skilyrði til riftunar eru þegar niður fallin samkvæmt því, er að framan greinir, enda liggur ekki fyrir í málinu, að stefnandi hafi nokkru sinni tilkynnt hinum stefndu ákvörðun sína um riftun, áður en málshöfðun átti sér stað.

Hins vegar þykir stefnandi, eins og áður greinir, eiga rétt til skaðabóta úr hendi hinna stefndu vegna vanefnda af þeirra hálfu og þess tjóns, sem af því hefur leitt fyrir hann. En telja verður vanefndir þessar svo miklar og þess eðlis, að með þeim hljóti að vera brostin ákvörðunarforsenda stefnanda fyrir kaup-

unum, enda verður ekki fallizt á það sjónarmið hinna stefndu, að stefnandi hafi glatað rétti gagnvart þeim vegna aðgerðarleysis.

Um kröfuliði 2—4. Þessir kröfuliðir hljóða um endurgreiðslu á því, sem stefnandi lagði út í peningum við kaup umræddsa húss, kr. 56.000.00, ásamt þar tilgreindum vöxtum, um að tveimur skuldabréfum, útgefnum af honum vegna kaupanna, verði skilað aftur, hvoru að fjárhæð kr. 60.000.00, en til vara, að andvirði þeirra verði greitt, svo og um greiðslu skaðabóta, kr. 96.370.00, vegna tapaðs hagnaðar af húseigninni og um greiðslu á andvirði breytinga og umbóta á húsinu, kr. 246.150.00, báðar síðastnefndu fjárhæðarinnar með þar tilgreindum vöxtum.

Kröfur stefnanda um skaðabætur vegna tapaðs hagnaðar og um greiðslu andvirðis vegna breytinga og umbóta eru reistar á matsgerð tveggja dómkvaddra matsmanna, en matsgerðin er dags. 23/5 1964, og hefur eigi farið fram yfirmat.

Í matsgerðinni, dómsskj. nr. 9, segir svo m. a. orðrétt:

„Mánudaginn 11. maí fór fram skoðun á húsinu. Viðstaddir voru auk matsmanna matsbeiðandinn og núverandi eigandi hússins, Þórmundur Hjálmtýsson, og með honum Haukur Jónsson, hrl. Einnig voru fyrri eigendur hússins viðstaddir, þeir Pétur Árnason, múraram., og Óskar Þórðarson og með þeim Ragnar Aðalsteinsson, lögfr.

Aðilar gáfu matsmönnum þær upplýsingar viðvíkjandi matinu, er óskað var eftir. Þá var og lesin upp greinargerð Þórmundar Hjálmtýssonar um ásigkomulag hússins, er kaupin voru gerð, en það var rétt eftir áramót 1957, sem hann fluttist í húsið. Seljendur gerðu engar athugasemdir við greinargerðina, og hafa matsmenn stuðzt við þessa lýsingu við útreikningana.

Rétt þykir að láta greinargerð Þórmundar Hjálmtýssonar, er hann lét matsmönnum í té á matsstað, fylgja með:

„Er ég keypti húsið nr. 44 við Nýbýlaveg, nú Þverbrekku 7, Kópavogi, var ástand þess sem hér segir:

Útveggir kjallara voru steyptir á sökkla, en skólplagnir var ekki búið að leggja í grunn, og ekki var heldur búið að steypa gólfplötu. Á kjallaraveggi var komið fyrir timburhúsi, aðfluttu, en til að standa undir gólfi hæðarinnar, sem var úr timbri, var komið fyrir dregara, og var hann borinn uppi af tveimur stoðum, er gengu í grunn niður. Hæðin var múrhúðuð innan og múrlag lagt á gólfið. Aðflutta húsið var gamalt. Málning hafði verið dregin á veggi og loft, en gluggar voru ómálaðir. Í eldhúsi voru komnir skápar og vaskur, en ómálaðir. Ekkert salerni var í hús-

inu svo og ekkert þvottahús. 2 dyraop voru á tröppupalli, annað að stofuhæð, og var hurð í því, en hitt að stiga, er lá á loft upp, og var það hurðarlaust.

Viðbygging, hlaðin úr hraunsteini, var við austurenda timburhússins, en aðeins að kalla fokheld, þó var þak ófrágengið. Reykháfur náði aðeins upp úr kjallaralofti, hafði áður verið hærri, en var nú hruninn.

Í timburhúsinu voru 2 herbergi og eldhús, en ekkert salerni, eins og framar segir.

Ris var ca. 1.80 m í topp, er ég keypti húsið, en var hækkað síðar.

Við mælingu reyndist húsið 71.54 m^2 með viðbyggingu.

Sundurliðun.

Hæð kjallara	2.45×71.54 =	175.27 m^3
Stofuhæð	2.75×71.54 =	196.74 m^3
Rishæð, meðalh.	2.40×71.54 =	171.70 m^3
	Eða samtals	543.71 m^3"

Samkvæmt þeim upplýsingum, er við fengum á matsstað, var ástand hússins við sölu 1957 sem hér segir:

Kjallari óinnréttaður, gólfplata engin og engar skólplagnir í grunni, tröppur að kjallara ósteyptar, en mót uppslegin, 175.27 m^3.

Stofuhæð, gamla húsið, að kalla íbúðarhæf, 135.14 m^3.

Viðbygging hlaðin úr hraunsteini, þak ófrágengið, reykháfur enginn fyrir ofan kjallaraloft, 61.60 m^3.

Ris yfir aðalhúsi, óinnréttað, járnvarið, 53.23 m^3.

Endurbætur og viðaukar, sem Þórmundur Hjálmtýsson hefur gert á eigninni síðan hann tók við henni 26/2 1957, virðast því vera þær, er hér segir:

Þak hækkað úr 0.90 meðalh. í 2.40 m meðalhæð. Aukning í rúmmetrum 118.47. Þak er nú ófrágengið og ójárnvarið.

Stofuhæð, viðbyggingin. Standsett eitt herbergi, bað og lítill gangur. Í baðherbergi er baðker, handlaug og salerni. Viðbyggingin er einangruð með Wellit og múrhúðuð. Í timburhúsinu, stofuhæð, málaðir gluggar og eldhúsinnrétting svo og íbúðin öll.

Kjallari. Standsett 2. herbergja íbúð ásamt eldhúsi og salerni. Steypt gólfplata, lögð skólplögn í grunn og að rotþró, er kaupandi byggði á lóðinni.

Þá hefur miðstöðvarketill verið endurnýjaður, sett útidyrahurð úr furu í kjallara, þó ekki í viðbyggingu. Kjallaratröppur

steyptar og timburhúsinu fest á veggi, einnig voru póstar settir í kjallaraglugga.

Við athugun á kaupverði hússins við sölu þess 1957, kr. 170.000.00, kemur í ljós, að það jafngildir kr. 900.00 pr. m^3 full unnið.

Sundurliðaður byggingarkostnaður verður þá sem hér segir:

Íbúðarhæðin (timburhúsið) ásamt þaki.

135.14 + 53.23 = 188.37 m^3 á 60% af 900.00 = 540.00 .. .. kr. 101.719.80

Kjallari og viðbygging. 175.27 + 61.60 = 236.87 m^3 á 40% af 900.00 = 360.00 .. .. — 85.273.20

Kr. 186.993.00

Frádráttur. Málning á íbúðina. Vöntun baðs og V. S. Skólplögn og steypa á kjallaragólfi svo og á tröppum að kjallara. Áætlaður kostnaður .. .. — 17.222.00

Kr. 169.771.00

Eftir að Þórmundur Hjálmtýsson tekur við eigninni, gerir hann nokkrar breytingar á húsinu. Hann hækkar þakið úr 0.90 m meðalhæð í 2.40 m meðalhæð, eða um 118.47 m^3.

Þá hefur hann einnig innréttað í útbyggingunni 1 herbergi, bað og gang. Einnig hefur Þórmundur innréttað 2 herbergi, eldhús og snyrtiklefa í kjallara. Þá hefur Þórmundur komið fyrir þvottahúsi í kjallara, en það er ekki að fullu frágengið, útihurð vantar. Einnig hefur hann byggt rotþró í lóðinni og lagt rör að henni. Hann endurnýjaði miðstöðvarketilinn fyrir um tveimur árum síðan.

Geta skal þess, að seljendur lögðu til utanhúss múrhúðun á húsið.

Endurbætur þær og viðaukar, er Þórmundur hefur gert á eigninni, verða því sem hér segir, og virðum við þær til verðs á sama dýrleika og kaupverðið á húsinu miðað við byggingarár.

Þak. Stækkað úr 53.27 m^3 í 171.70 m^3 — stækkun 118.47 m^3 ófrágengið (geimur) ójárnvarið, vindskeiðar og rennur vantar svo og niðurföll, 118.47 $m^3 \times 35\%$ af 900.00 = 315.00 .. .. kr. 37.318.00

Stofuhæð. Viðbygging innréttuð, 61.60 $m^3 \times 60\%$ af 900.00 = 540.00 .. .. — 33.264.00

Kjallari. Innréttuð 2. herbergja íbúð 120.39 $m^3 \times$

60% af 900.00 = 540.00 ..... kr. 65.010.00
Lagt fram efni og vinna vegna upphafl. hússins .. — 17.222.00
Rotþró, efni og vinna ásamt skólpl. ..... — 6.375.00
Miðstöðvarketill ..... — 2.500.00

Kr. 161.689.00

Það, sem kemur einkum til álita við mat á húseigninni, er það, að timburhúsið er gamalt og aðflutt, og er ekki hægt að sannprófa styrkleika þess, þar sem allt er nú múrhúðað utan og innan. Þá er og viðbyggingin hlaðin. Húsið verður því að teljast til 3. flokks í dýrleika, og miðast mat okkar við þann flokk. Að öðru leyti miðast matið við það, að húsið hefði öll réttindi, hvað lóð og aðra aðstöðu áhrærir.

Mat okkar verður því sem hér segir:

Húsið, eins og það var, er kaup fóru fram 26. janúar 1957, áður en breyting og umbætur voru gerðar á því, og miðast sú upphæð við áætlað verðgildi þess nú ..... kr. 266.370.00
Endurbætur þær og viðaukar, er Þórmundur Hjálmtýsson hefur framkvæmt á eigninni, þar í innifalið bygging rotþróar, lögn að henni og í grunni og steypuverk svo og endurnýjun miðstöðvarketils, metum við á ..... — 246.150.00

Í lögum um húsaleigu o. fl. nr. 30/1952 segir svo í 1. gr.: Leiga eftir íbúðarhúsnæði, sem leigt hefur verið eftir 1. janúar 1946, skal vera kr. 11.00 á fermetra miðað við utanmál.

Samkvæmt því áætlast fjárupphæð fyrir húsnæði það, er Þórmundur Hjálmtýsson hefur haft til umráða í húsinu nr. 7 við Þverbrekku í Kópavogskaupstað, kr. 11.00 pr. m^2 í húsnæði því, er telst íbúðarhæft, og kr. 4.40 pr. m^2, eða 40% af kr. 11.00 fyrir þann hluta, er fokheldur verður talinn.

Mat okkar á leigu fyrir húsnæði verður því:

Íbúðarhæð 49.14 + 5.0 m^2. Ketilstæði í kjallara = 54.14 m^2 á kr. 11.00 pr. m^2 ..... kr. 595.54
Kjallari og viðbygging (fokhelt) 66.54 + 22.40 m^2 = 88.94 m^2 á kr. 4.40 ..... — 391.34

Mánaðarleiga samtals kr. 986.88

Leigufjárhæð frá 1. febrúar 1957 til 1. júní 1964, eða alls 88 mán., verður þá sem hér segir:

Kr. 986.88×88 mán. = kr. 86.845.44".

Eins og fram kemur í matsgerðinni, verða niðurstöður matsmanna þær, að þeir meta verðgildi hússins á matsdegi miðað við ásigkomulag þess, er kaup fóru fram 26. janúar 1957, á kr. 266.370.00, eða verðhækkun á tímabilinu kr. 96.370.00 miðað við venjuleg lóðarréttindi til 50 ára. Endurbætur þær og viðauka, sem stefnandi framkvæmdi á eigninni, meta þeir á kr. 246.150.00. Þá hafa matsmennirnir eftir beiðni metið hæfilega leigu eftir umrædda húseign á tímabilinu 1. febrúar 1957 til 1. júní 1964 á kr. 86.845.44.

Verða þá kröfur stefnanda sem hér segir:

Matsverð hússins á matsdegi miðað við það, eins og það var, er kaup fóru fram	kr. 266.370.00
Umsamið kaupverð	— 170.000.00
Verðhækkun á tímabilinu	kr. 96.370.00
Endurbætur og viðaukar stefnanda	— 246.150.00
Greitt af stefnanda upp í kaupverðið	— 56.000.00
	Kr. 398.520.00

auk þess sem stefnandi krefst þess, að honum verði skilað aftur tveimur skuldabréfum, útgefnum af honum vegna kaupanna, hvoru að fjárhæð kr. 60.000.00, en til vara andvirði þeirra, sem fyrr segir.

Af hálfu hinna stefndu hefur kröfum stefnanda um bætur vegna verðhækkunar á eigninni svo og kröfum vegna breytinga og endurbóta verið mótmælt. Er því haldið fram af þeirra hálfu, að þeir verði ekki skyldaðir til þess að kaupa breytingar þær, sem stefnandi hafi gert á eigninni og þeir hafi hvorki óskað eftir né samþykkt. Eigi verður heldur séð, að stefnandi hafi leitað eftir samþykki löglegra yfirvalda á þessum aðgerðum sínum, og þar sem þessi háttsemi stefnanda sé ólögleg, þá verði honum eigi dæmdar bætur vegna breytinga á húsinu.

Með tilvísan til þess, sem áður greinir, sbr. og dóm bæjarþings Kópavogs á dómsskj. nr. 6, mátti stefnandi ætla, að hann hefði keypt húseign með venjulegum lóðarréttindum og gæti því án þess að taka á sig fjárhagslega áhættu gagnvart hinum stefndu endurbætt hana og aukið að vild.

Hins vegar þykir mega fallast á þá röksemd hinna stefndu, að þeir verði ekki krafðir endurgjalds fyrir þær breytingar stefn-

anda á eigninni, sem hann kann að hafa framkvæmt í óleyfi viðkomandi yfirvalda, þ. e. byggingarnefndar Kópavogs, en á vottorði byggingarfulltrúa á dómsskj. nr. 14 hefur engin samþykkt verið gerð í byggingarnefnd Kópavogs varðandi hús þetta, og hafa því allar breytingar á því verið gerðar án leyfis umræddrar byggingarnefndar.

Kemur þá til álita, hverjar af framkvæmdum stefnanda við umrædda húseign séu þess eðlis, að þær beinlínis brjóti í bága við byggingarsamþykkt.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað umrætt hús að viðstöddum byggingarfulltrúa Kópavogs.

Í matsgerðinni kemur fram, að ris hússins, sem er timburhús á steyptum kjallara, hefur verið hækkað úr 0.90 m meðalhæð í 2.40 m meðalhæð. Hér er um útlitsbreytingu að ræða, sem viðurkennt er, að stefnandi hafi framkvæmt, eftir að hann keypti húsið, og tvímælalaust er óheimil án leyfis byggingaryfirvalda, sbr. 1. tölul. 4. gr. auglýsingar nr. 97/1948 um fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sbr. og auglýsingu nr. 102/1954 um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Kópavog. Ekki er upplýst, að stefnandi hafi gert aðrar útlitsbreytingar á húsinu. En í matsgerðinni, dómsskj. nr. 9, kemur einnig fram, að stefnandi hefur, eftir að hann keypti húsið, innréttað tveggja herbergja íbúð ásamt eldhúsi og salerni í kjallara þess. Við skoðun þá, er dómendur gerðu á húsinu, kom í ljós, að lofthæð í kjallara reyndist aðeins vera 2.22 m, og brýtur því þessi framkvæmd stefnanda einnig í bága við áðurgreinda byggingarsamþykkt, sbr. 2. tölul. 31. gr. hennar. Ekki verður séð af gögnum málsins, að aðrar framkvæmdir stefnanda við margumrætt hús brjóti beinlínis í bága við byggingarsamþykkt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir ekki rétt að dæma hina stefndu til endurgreiðslu á kostnaði við umræddar framkvæmdir stefnanda, sem hann hefur án leyfis og í algeru trássi við byggingarsamþykkt Kópavogs gert. Það er og álit hinna sérfróðu dómenda, að húsið, sem er múrhúðað utan, verði ekki flutt úr stað án niðurrifs.

Matsmenn hafa í matsgerð sinni metið sér í lagi kostnað við hækkun rissins á kr. 37.318.00 og innréttingu íbúðar í kjallara á kr. 65.010.00, eða samtals þær framkvæmdir, sem stefnandi verður talinn hafa gert í óleyfi, á kr. 102.328.00.

Ber því að lækka kröfur stefnanda um endurgreiðslu á kostnaði vegna endurbóta og viðauka um þessa fjárhæð. Enn fremur hafa

matsmenn metið hæfilega leigu stefnanda fyrir tímabilið 1/2 1957 til 1/6 1964 á kr. 86.845.00. Þykir og rétt, að sú fjárhæð komi einnig til frádráttar stefnukröfunum.

Verður því niðurstaða málsins sú, að hinir stefndu verða dæmdir til að greiða stefnanda samtals kr. 209.347.00, auk þess sem þeim verður gert að skila honum aftur tveimur skuldabréfum, útgefnum af honum vegna kaupa á umræddri húseign, hvoru að fjárhæð kr. 60.000.00.

Stefndu greiði stefnanda 9% ársvexti af kr. 199.822.00 frá 30. sept. 1960 til 29. desember 1960, 7% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 30. september 1964, sömu ársvexti af kr. 209.347.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 12. júní 1965 og 7% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 35.000.00, þar í innifalinn matskostnaður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Einari Kristjánssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Pétur Kr. Árnason og Óskar Þórðarson, greiði in solidum stefnanda, Þórmundi Hjálmtýssyni, kr. 209.347.00 ásamt 9% ársvöxtum af kr. 199.822.00 frá 30. september 1960 til 29. desember 1960, 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 30. september 1964, sömu ársvöxtum af kr. 209.347.00 frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 12. júní 1965 og 7% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags. Stefndu skili einnig stefnanda tveimur skuldabréfum, útgefnum af honum vegna kaupa á framangreindri húseign, hvoru að fjárhæð kr. 60.000.00.

Stefndu greiði in solidum stefnanda í málskostnað kr. 35.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudagur 2. júní 1967.

Nr. 26/1965. **Gunnar A. Pálsson**
gegn
Sveini Jónssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar A. Pálsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudagur 2. júní 1967.

Nr. 29/1966. **Magnús Einar Ingimarsson**
gegn
Sigríði Gunnhildi Kristjánsdóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Magnús Einar Ingimarsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudagur 2. júní 1967.

Nr. 79/1967. **Karl Sigurbergsson**
gegn
Runólfi Sölvasyni f. h. Eldeyjar h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Karl Sigurbergsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudagur 2. júní 1967.

Nr. 83/1967. **Eldey h/f**
gegn
Karli Sigurbergssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eldey h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudagur 2. júní 1967.

Nr. 176/1965. **Ásmundur h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Silfurborgu h/f og
dánarbúi Jóns B. Hjaltalíns
(Sveinn Snorrason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Um gildi samnings.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. október 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. september s. á. Gerir hann þær dómkröfur, að afsal Jóns heitins B. Hjaltalíns til stefnda Silfurborgar h/f, dags. 22. júní 1961, „verði dæmt ógilt, að því er varðar helming fasteignanna Hjaltalínsreita 1 og 2 á Siglufirði, þar með talin lóðarréttindi, hús, bryggjur og önnur mannvirki, svo og helming í söltunaráhöldum þeim, er í afsali þessu greinir". Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Jón B. Hjaltalín lézt 6. janúar 1965. Hefur dánarbú hans komið í hans stað.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Kaup- og starfrækslusamningur sá, sem áfrýjandi reisir kröfur sínar í máli þessu á, var gerður 9. apríl 1953, og var undirritaður af Jóni B. Hjaltalín sem seljanda og af þeim Júlíusi Þórðarsyni og Jóni Árnasyn pr. pr. Ásmundur h/f sem kaupanda. Hljóðar hann svo:

„1. Jón Hjaltalín selur Ásmundi h/f hálfa síldarsöltunarstöð sína, svonefndan Hjaltalínsreit No. 1 og 2 á Siglu-

firði. Öll hús, bryggjur, söltunaráhöld, ásamt öllu múr- og naglföstu fyrir umsamið verð, kr. 96.000.00 — níu tíu og sex þúsund krónur — er greiðist sem hér segir: Ásmundur h/f tekur að sér greiðslu að hálfu á skuldum við Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, sem tryggðar eru með 1., 2. og 3ja veðrétti í hinni seldu eign, samtals að upphæð kr. 150.000.00 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur —. Eftirstöðvarnar, kr. 21.000.00, hefur kaupandi þegar greitt, og gengu þær til greiðslu á framlengingarkostnaði vegna lánanna við Útvegsbanka Íslands h/f, brunabótagjöldum, fasteignagjöldum og atvinnurekstrargjöldum.

2. Verði söltunarstöðin starfrækt á komandi sumri, skal það gert sameiginlega af báðum aðilum, og reiknast ekkert gjald fyrir afnot af stöðinni, fyrr en allur rekstrarkostnaður vegna síldarsöltunarinnar hefur fengizt greiddur af rekstrinum. Það, sem umfram kann að verða, skiptist að jöfnu.
3. Jóni Hjaltalín heimilast að endurgreiða fyrir 31. des. n. k. þær kr. 21 þúsund ásamt vöxtum og kostnaði af þeirri upphæð, er að framan getur, og er þá samningur þessi úr gildi fallinn. Að öðrum kosti er Ásmundur h/f eigandi samkv. samningi þessum".

Áfrýjandi telur, að Jón B. Hjaltalín hafi eigi endurgreitt þær kr. 21.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði, sem getur í 3ja tölulið samningsins, og hafi áfrýjandi því orðið eigandi nefndrar söltunarstöðvar hálfrar samkvæmt beinum orðum samningsins. Jón B. Hjaltalín kvaðst hafa rekið söltunarstöðina árin 1953 og 1954 í félagi við áfrýjanda. Hafi framkvæmdarstjórnarlaun sín verið kr. 84.000.00 þessi ár og áfrýjandi átt að greiða helming þeirra, kr. 42.000.00, og hafi sú fjárhæð gengið til skuldajafnaðar við kröfur áfrýjanda, þ. á m. „kr. 21.000.00 skv. áðurgreindum kaupsamningi". Hins vegar hefur áfrýjandi talið nefnda fjárhæð með kostnaði, kr. 21.136.00, Jóni B. Hjaltalín til skuldar á reikningum sínum á þeim tímum, er hér skiptir máli. Þá hefur áfrýjandi

ekki talið hálfa söltunarstöðina fram til skatts sem sína eign, a. m. k. ekki fram til 1960.

Samkvæmt gögnum málsins, þ. á m. vottorði Útvegsbanka Íslands h/f, dags. 13. ágúst 1963, er í ljós leitt, að áfrýjandi innti eigi af hendi greiðslu þeirra víxilskulda, er hann samdi sig undir samkvæmt 1. tl. kaup- og starfrækslusamningsins. Árið 1961 tók stefndi Silfurborg h/f að sér greiðslu víxilskulda þessara.

Hinn 25. maí 1959 gerðu þeir Jón B. Hjaltalín, Björn Þórðarson, áfrýjandi og Fiskiver h/f samning um sameiginlega síldarsöltun á svonefndri Hjaltalínsstöð á Siglufirði sumarið 1959. Hinn 4. júní 1960 sömdu þeir Jón B. Hjaltalín, áfrýjandi, Fiskiver h/f og Jón Gíslason um sameiginlega síldarsöltun á sömu söltunarstöð sumarið 1960. Í báðum þessum samningum er Jón B. Hjaltalín talinn „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar" og honum áskilin leiga fyrir afnot stöðvarinnar. Undir fyrri samninginn er ritað m. a. pr. Ásmundur h/f Jón Árnason og undir hinn síðari pr.pr. Ásmundur h/f Júlíus Þórðarson.

Áfrýjandi lét hinn 23. apríl 1960 þinglýsa áðurnefndum kaup- og starfrækslusamningi frá 9. apríl 1953. Eigi verður séð, að hann hafi krafið um afsal fyrir þann tíma.

Eins og kaup- og starfrækslusamningnum frá 9. apríl 1953 var háttað, verður að telja, að hátterni fyrirsvarsmanna áfrýjanda, sem að framan er lýst, hafi leitt til niðurfalls þess réttar, sem áfrýjandi hefur átt samkvæmt honum.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefndu kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásmundur h/f, greiði stefndu, Silfurborgu h/f og dánarbúi Jóns B. Hjaltalíns, kr. 40.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 15. ágúst 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 27. febrúar s.l., hefur Jón Árnason, alþingismaður á Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu í nafni stefnanda, Ásmundar h/f, Akranesi, með stefnu, útgefinni 9. desember 1961 og birtri 11. s. m., gegn Silfurborgu h/f, Siglufirði, og Jóni B. Hjaltasyni, útgerðarmanni s. st., til ógildingar afsali, útgefnu 22. júní 1961 af stefnda Jóni B. Hjaltalín, til hins stefnda hlutafélags svo og til greiðslu málskostnaðar in solidum.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi vera þessa:

Hinn 22. júní 1961 afsalar stefndi Jón Hjaltalín fasteignunum Hjaltalínsreitum I og II, síldarsöltunarstöð, Siglufirði, til hins stefnda félags. Afsalinu er þinglýst hinn 18. ágúst s. á. Afsal þetta telur stefnandi ólögmætt og óskuldbindandi gagnvart sér, með því að stefnandi hafi árið 1953 gerzt lögmætur eigandi að helmingi framangreindra eigna, en sala þessi hafi farið fram án vitundar hans og samþykkis.

Fram hefur verið lagt (sem dskj. nr. 3) samrit skjals þess, er stefnandi byggir stefnukröfur sínar á. Er hér um að ræða svonefndan kaup- og starfrækslusamning, dags. 9. apríl 1953, þar sem stefndi Jón kveðst í 1. grein selja stefnanda hálfa söltunarstöð sína, Hjaltalínsreiti I og II á Siglufirði, ásamt tilheyrandi fyrir kr. 96.000.00. Þar segir, að kaupverðið greiðist svo, að stefnandi taki að sér greiðslu að hálfu á skuldum við Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, tryggðum með 1., 2. og 3. veðrétti í umræddri eign, alls að fjárhæð kr. 150.000.00. Eftirstöðvarnar er sagt, að stefndi hafi greitt, þ. e. kr. 21.000.00, en sú fjárhæð hafi gengið til greiðslu á framlengingarkostnaði vegna lánanna við Útvegsbanka Íslands, brunabótagjöldum og atvinnurekstrargjöldum.

Í annari grein ræðir svo um starfrækslu stöðvarinnar á komandi sumri, en í 3. grein er loks ákvæði um, að stefnda Jóni heimilist að endurgreiða fyrir næstu áramót „þær kr. 21 þúsund ásamt vöxtum og kostnaði af þeirri upphæð, er að framan getur", og sé samningur þessi þá úr gildi fallinn, ella sé stefnandi eigandi.

Samningi þessum var síðan þinglýst af hálfu stefnanda rúmum 7 árum síðar, eða hinn 23. apríl 1960.

Fyrir því er samningsins getið með athugasemd við þinglýs-

ingu afsalsins til stefndu Silfurborgar h/f, en í sjálfu meginmáli þess skjals getur nefndur Jón um samning þennan, sem þá hafði verið þinglesinn fyrir ári, en lýsir jafnframt því áliti, að hann sé ekki lengur í gildi, enda hafi hann verið skilyrðum bundinn. Í afsalinu (sem er óundirritað til samþykkis af Silfurborgar hálfu) kveður Jón kaupandann (þ. e. h/f Silfurborgu) taka við öllum réttindum og skyldum skv. samningnum við h/f Ásmund. Að lyktum er því lýst yfir í afsalinu (dskj. nr. 4, sbr. dskj. nr. 12, bls. 6), að kaupverðið sé að fullu greitt, að kaupandi hafi m. a. yfirtekið áhvílandi skuldir og Silfurborg h/f að lokum lýst réttur og löglegur eigandi umræddrar eignar með venjulegum clausulis.

Á veðbókarvottorði, framlögðu af stefnanda í ljósriti (dskj. nr. 6), útg. 13/5 '61, eða skömmu eftir þinglýsingu áðurnefnds afsals, er söltunarstöðin, það er „eignin Hjaltalínsreitur I og II (síldarsöltunarstöð) m. öllum mannvirkjum" lýst eign Jóns Hjaltalíns, Siglufirði, samkvæmt 2 afsalsbréfum. Þar er þinglýsingar kaupsamningsins (þ. e. „kaup- og starfrækslusamnings") getið, en tekið fram, að afsal sé óþinglesið. Loks getur kvaðar vegna forkaupsréttar, sem síðar verður vikið að.

Er ofangreint veðbókarvottorð er útgefið, hvíla á eigninni skv. því kr. 150.000.00 á 1. og 2. veðrétti skv. 3 veðbréfum til Útvegsbanka Íslands, Siglufirði, og með 3. veðrétti kr. 376.000.00 skv. (tveim) veðbréfum frá 22. 10. 1951 til Ásmundar h/f, Akranesi, þ. e. stefnanda í málinu. Eftir því sem bezt verður séð af gögnum málsins, hvíla þannig við útgáfu vottorðsins nákvæmlega sömu skuldir á eignunum og á þeim hvíldu við undirritun kaup- og starfrækslusamnings.

Næst skeður það í málinu, að mánudaginn 16. október 1961 kemur í skrifstofu bæjarfógeta á Siglufirði stjórnarformaður h/f Silfurborgar, Vigfús Friðjónsson, og afhendir til þinglýsingar handhafaskuldabréf að fjárhæð kr. 975.000.00, tryggt með 4. veðrétti í umræddri söltunarstöð (hér eftir nefnd „stöðin"). Mun firmað hafa fengið vilyrði fyrir bankaláni út á veð þetta til viðhalds og endurbyggingar og rekstrar stöðvarinnar á komandi vertíð. Kemur nú í ljós, að einungis 2 dögum áður, eða hinn 14. október, hefur verið móttekið til þinglýsingar og þinglesið sama dag tryggingarbréf (allsherjarveð) með sama (þ. e. 4.) veðrétti og í sömu stöð, útgefið af stefnanda, Ásmundi h/f, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu með vöxtum og kostnaði á hvers konar skuldum, sem útgefandi nú eða síðar, á hvaða tíma sem er, kann að standa í við Landsbanka Íslands, Reykja-

vík, hvort heldur víxilskuldir eða víxilábyrgðir, yfirdráttarskuldir eða aðrar skuldir, þ. m. t. ábyrgðir bankans útgefandans vegna, samtals að fjárhæð kr. 600.000.00.

Tekið er fram í bréfinu, að réttur útgefanda til stöðvarinnar hvíli á umræddum kaupum, þ. e. kaup- og starfrækslusamningi um stöðina hálfa, „en afsali hafi" ekki „verið þinglýst".

Svo virðist sem láðst hafi að setja athugasemd á bréf þetta við þinglýsingu þessa varðandi skort á eignarheimild útgefanda, en eigi hefur stefnandi reist neinn rétt á þeirri vangá.

Bréfi þessu (framlögðu í endurriti sem dskj. nr. 7) hafði áður verið þinglýst á heimilisvarnarþingi útgefanda.

Er stjórnarformaðurinn komst að raun um, að eigi fengist athugasemdalaus þinglýsing handhafabréfsins á 4. veðrétti, dró hann beiðni sína um þinglýsinguna til baka að sinni. En hinn 20. s. m. berst bæjarfógetaembættinu bréf frá h/f Silfurborgu ásamt fylgiskjölum, er með fylgdi formleg kæra félagsins á hendur h/f Ásmundi „fyrir athæfi þetta" og þess krafizt m. a., að hinir seku verði látnir sæta refsingu, en þess einnig krafizt, að „veðlýsingin" verði „afmáð úr bókum embættisins með undangengnum dómi". Í bréfinu, sem er eins konar greinargerð kærunnar, en ritað á undan, er enn fremur krafizt athugasemdalausrar þinglýsingar handhafabréfsins á 4. veðrétti að undangenginni útstrikun hins „ólöglega" bréfs Landsbankans (þ. e. 600 þús. kr. bréfsins) úr veðmálabókum og tafarlausrar ógildingar þess. Til vara er krafizt afhendingar andvirðis 600 þús. kr. lánsins, með því að hér hafi verið um að ræða stofnlánadeildarlán, sem um hafi verið sótt af fyrrverandi eiganda stöðvarinnar, Jóni B. Hjaltalín, en afsalað til kæranda samkvæmt samningi, dags. 1. 7. 1961. Kröfur þessar hefur stefnda Silfurborg þó eigi haft uppi í einkamáli, enda þótt lögmaður hennar hafi í greinargerð sinni í máli þessu (dskj. nr. 17) áskilið sér rétt til að gera gagnkröfur svo og varakröfur með eða án gagnstefnu.

Í greindum skjölum er að því látið liggja, að „ókunnur aðili", sennilega stefnandi í máli þessu, hafi framið ólöglegt athæfi, sem fólgið sé í því að láta þinglýsa afgömlum, úr gildi föllnum kaupsamningi í þeim tilgangi að geta síðan veðsett eignina og fengið lán út á hana í Landsbankanum, eins og komið sé á daginn. Með því að aðili þessi hafi enga heimild til að veðsetja eignir félagsins, sé hér um varhugavert atferli að ræða samhliða því að torvelda þinglýsingu skuldabréfs þess, er félagið hugðist nota til lántöku. Hafi þetta í för með sér, að hætta verði framkvæmdum

við endurbyggingu söltunarstöðvarinnar. Þar við bætist, að lánið út á allsherjarveð þetta með tryggingu í söltunarstöð á Siglufirði hafi verið fengið til þess að greiða „óreiðuskuldir á Suðurlandi".

Þá er og veitzt að Landsbanka Íslands fyrir að tekið sé gott og gilt, að „ókunnur aðili við Faxaflóa" „fái peningalán út á eignir manna í öðrum landshlutum", ekki hirt um, hvort löglegar og nægar tryggingar séu fyrir eða hvort andvirði bréfa fari í réttar hendur, en jafnframt sé kæranda valdið ófyrirsjáanlegum skaða. Er loks að því látið liggja, þar eð því verði eigi trúað að óreyndu og án rannsóknar, að bankastjórar ríkisbanka geri sig seka um svo tortryggilegt athæfi, að líta verði á mál þetta allt sem „mistök" af hálfu viðkomandi starfsmanna stofnunarinnar og án vitundar ábyrgra aðilja.

Kærunni og bréfinu fylgdu síðan 4 fylgiskjöl því til sönnunar, að Jón B. Hjaltalín hefði einn verið löglegur eigandi stöðvarinnar allrar alla tíð frá 1953 og fram að afsalinu 1961: Kaup- og starfrækslusamningurinn (dskj. nr. 3 í máli þessu) í ljósriti og auk hans ljósrit af viðskiptareikningi Jóns B. Hjaltalíns frá h/f Ásmundi, er sýni, að kaup- og starfrækslusamningurinn hafi verið felldur úr gildi um hálfum mánuði eftir undirritun hans, og tvenn ljósrit af leigusamningnum milli stefnda Jóns annars vegar og stefnanda í máli þessu o. fl. aðilja hins vegar um stöðina, gerðum *eftir* undirritun kaup- og starfrækslusamningsins, þar sem stefndi Jón sé glögglega greindur *„eigandi* Hjaltalínsstöðvarinnar", þ. e. umræddrar stöðvar.

Skjöl þessi hafa verið endurframlögð í máli þessu sem dskj. nr. 9, 10 og 11.

Dskj. nr. 9 kemur síðar við sögu, en dskj. nr. 10 og 11 eru í aðalatriðum efnislega samkynja með þeirri undantekningu, að í stað Björns Þórðarsonar, Siglufirði (dskj. nr. 10), árið 1959 kemur Jón Gíslason, Hafnarfirði (dskj. nr. 11), árið 1960 inn í félagsskap, sem að öðru leyti er myndaður af stefnda Jóni, stefnanda (h/f Ásmundi) og Fiskiveri h/f á Akranesi. Félagsskapur þessi í heild gerir þarna samning við stefnda Jón, sem er í báðum tilfellum nefndur „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar", sem áður segir, um leigu á margræddri stöð til síldarsöltunar til eins árs í senn. Þá er stefnda Jóni, sem í báðum tilfellum er ráðinn matsmaður og framkvæmdastjóri, veitt mjög víðtækt umboð í síðari samningum til hvers konar skuldbindinga í nafni félagsskaparins í heild, þ. á m. til veðsetninga afurða og tækja og til ávísana á inneignir o. fl.

Að svo vöxnu var mál þetta — kæra á hendur fyrirsvarsmönnum Ásmundar h/f, þeim Jóni Ágústi Árnasyni, Ólafi Frímanni Sigurðssyni og Júlíusi Þórðarsyni, fyrir veðsvik — tekið til rannsóknar fyrir sakadómi Siglufjarðar. Hófst rannsóknin þar hinn 26. október 1961 og stóð yfir til 5. marz 1962, en í desembermánuði 1961 höfðu farið fram yfirheyrslur fyrir sakadómi Akraness. Endurrit rannsóknar þessarar hafa verið lögð fram hér fyrir dómi sem dskj. nr. 12 og 13.

Vigfús Friðjónsson, stjórnarformaður stefndu Silfurborgar og kærandi sakadómsmálsins, kom fyrir dóm hinn 28/10 og sætti yfirheyrslum þann dag allan og þegar aftur næsta virkan dag, eða hinn 30. s. m., og stóðu yfirheyrslur þá einnig til kvölds. Hinn 30. okt. kom og fyrir dóm Árni Friðjónsson, framkvæmdastjóri og stjórnarmeðlimur stefndu og annar tveggja framkvæmdastjóra h/f Íslenzks fisks, er að undanförnu hafði rekið margrædda stöð, en stefnda hafði upphaflega ekki annað hlutverk en að eiga stöðina. Um miðjan nóvember var svo þriðji stjórnarmeðlimur stefndu, Ármann Jakobsson héraðsdómslögmaður, kallaður fyrir sakadóm í sama tilefni.

Í framburði þessara aðilja kom eftirfarandi fram til viðbótar því, er áður greinir:

Vigfús bar, að stefnda hefði þá um vorið keypt umrædda stöð með öllu, er heyrði til rekstrar síldarsöltunar, en leigt eignina systurfyrirtæki því, er áður en nefnt, en Vigfús er einnig stjórnarformaður og annar tveggja framkvæmdastjóra þess. Fullkunnugt kvað Vigfúsi sér hafa verið um kaup- og starfrækslusamninginn (enda þá þegar þinglýstur). Hafi hann og þá þegar gengið úr skugga um, að hann væri úr gildi fallinn (þ. e. sem samningur) skv. ákvæðum sínum, þegar stefnandi færði stefnda Jóni til skuldar fé það, kr. 21 þús. rúmar, sem stefnandi samkvæmt samningnum hafði lagt fram sem hluta af kaupverðinu til greiðslu ýmissa áfallinna gjalda vegna stöðvarinnar (sbr. færslu á dskj. nr. 9: „1953 Apr. 23. An. gr. Útv. Ísl. (sic) Sigluf., 21.136.00"). Þá hafi stefnandi og tekið að sér greiðslu helmings skuldanna við Útvegsbankann á Siglufirði, eða kr. 75.000.00, en Vigfús hafi þegar gengið úr skugga um, að sá liður greiðsluskyldu stefnanda samkv. samningnum hafði heldur aldrei verið efndur (sbr. enn fremur dskj. nr. 8 og nr. 19). Þá hafi stefndi Jón við gerð kaupsamnings stefnda Jóns og stefndu um stöðina, er var undanfari afsalsins til stefndu, skýrt Vigfúsi frá því, að samningurinn hafi fallið úr gildi á eðlilegan hátt eftir eigin ákvæðum, eins og áður

segir, enda hafi afsal aldrei verið útgefið samkvæmt honum. Taldi þessi forsvarsmaður stefndu því eigi þurfa frekar vitnanna við um löglega og skilorðslausa eignarheimild stefnda Jóns að allri stöðinni allar götur frá því löngu fyrir 9. apríl 1953 (útgd. samkv. dskj. nr. 3) og fram að útgáfu afsalsins, 22. 6. 1961, með því að margræddur samningur hafi aldrei gengið í gildi sem eignarréttaryfirfærsla, þveröfugt við samninga hinna stefndu í málinu, er leiddu til útgáfu afsalsins (dskj. nr. 4), og auk þess endanlega samninga um yfirfærslu eignanna til hins stefnda firma hinn 1. 7. 1961 (en þeir samningar voru aldrei lagðir fram). Þá hafði stefndi Jón ritað með eigin hendi yfirlýsingu um ógildi samningsins frá 1953 á kaupsamninginn við Silfurborgu, en sú yfirlýsing sé felld inn í megimál afsalsins, dskj. nr. 4. Loks hafi Vigfús svo haft undirskriftir Jóns Árnasonar og Júlíusar Þórðarsonar, fyrirsvarsmanna stefnanda og kærða í sakadómsmálinu, á dskj. nr. 10 og 11, er greindu stefnda Jón sem eiganda stöðvarinnar.

Þá lagði Vigfús fram (rskj. nr. 8 í sakadómsmálinu) endurrit af reikningi stefnda Jóns til stefnanda, er nær yfir sama tímabil og viðskiptareikningur stefnda við stefnanda á dskj. nr. 9 (sbr. dskj. nr. 12, bls. 7), er tekur að vísu til þrengra sviðs, að því er virðist, þar telur stefndi Jón stefnanda, h/f Ásmund, skulda sér pr. 1/4 1958 kr. 46.812.65, en stefnandi telur samkv. dskj. nr. 9 hins vegar, að Jón skuldi pr. 13/11 1958 kr. 71.869.30. Á síðara stigi máls þess, sem hér er til dómsúrlausnar, hefur lögmaður beggja stefndu þó viðurkennt, sem síðar kemur að, að skuldaskil þessara aðilja verði ekki útkljáð í þessu máli.

Þá benti þessi talsmaður á, að því er virðist til að sýna fram á pro forma eðli samningsins frá 1953, að þar væri ekki getið tveggja veðskulda, kr. 300.000.00 og kr. 76.000.00, útg. til stefnanda, sem þó hafi verið þinglýst nær 1½ ári áður.

Að öllu þessu athuguðu kveðst talsmaður aldrei hafa sinnt fyrirsjáanlegri athugasemd á afsalið til stefndu, er hann vissi, hvernig allt var í pottinn búið. Þar á móti hafi fyrirsvarsmenn stefnanda verið fullkomlega mala fide, er þeir þinglýstu hinum gamla samningi og fengu síðan lán með 4. veðrétti í eigninni og ollu þar með stefndu Silfurborgu áðurtöldu fjárhagstjóni og óþægindum, en mætti upplýsti nú, að Útvegsbankinn hefði gefið loforð um lán út á 975 þúsund króna bréfið (m. a. til niðurgreiðslu annarra lána), en áður hafi þegar verið fest mikið fé með beinum

fjárframlögum og skuldbindingum til endurbyggingar á stöðinni, er hætta varð við, vegna þess að lánið var nú ófáanlegt eftir þinglýsingu 600 þúsund króna bréfsins. Hin síðastgreinda staðhæfing hefur hvorki verið staðfest né vefengd. Á þessu stigi krafðist talsmaðurinn fyrst formlega, að hinir seku framkvæmdastjórar og stjórnarmeðlimir h/f Ásmundar yrðu sóttir til saka og þeim refsað fyrir athæfi sitt, sem hann nefndi hið „skuggalega atferli þeirra, unnið í vondri trú".

Þá tilkynnti Vigfús, að hann undirbyggi nú málshöfðun til ógildingar umræddri veðsetningu stefnanda, þar sem jafnframt yrði skorið úr með dómi um eignarrétt að stöðinni allri. Til þessarar málssóknar kom þó eigi, þar eð stefnandi höfðaði einkamál sitt um sömu úrlausnarefni, áður en ofangreindri sakadómsrannsókn lauk.

Í framburði Árna Jóhanns Friðjónssonar, bróður Vigfúsar, kom ekkert nýtt fram, en hann lagði höfuðáherzlu á framgang refsikröfunnar.

Í framburði Ármanns Jakobssonar upplýstist, að „atferli" forsvarsmanna stefnanda hefði leitt til þess, að Landsbanki Íslands hefði krafizt nauðungaruppboðs á margræddri stöð, en þá kröfu hafði dómari máls þessa, er jafnframt er dómari sakadómsmálsins og uppboðsráðandi, rétt áður tilkynnt forsvarsmönnum Silfurborgar. Bar þessa staðhæfingu svo að skilja, að þar eð bankinn krafðist uppboðsins á grundvelli veðskuldabréfa stefnda Jóns til stefnanda, sem bankinn hafði að handveði, bæri að rekja þá handhöfn til margræddrar veðsetningar stefnanda, og að í annan stað stöfuðu óvænt vanskil að rýrnaðri greiðslugetu Silfurborgar, er Útvegsbankalánið brást, einnig af sömu rótum. Frumrit skjala þessara voru lögð fram sem dómsskj. nr. 14 og 15, og bera þau með sér, að Hjaltalínsstöð var upphaflega aukaveð með gömlum línuveiðara, e/s Ólafi Bjarnasyni, en skip þetta hafði stefnandi selt stefnda Jóni, er gaf bréfið út til tryggingar greiðslu kaupverðs (sbr. dskj. nr. 17 og 18).

Er hér var komið, þótti óhjákvæmilegt, að tekin yrði vitnaskýrsla af Jóni Hjaltalín, og hvíldi rannsóknin um sinn vegna veikinda Jóns, eða fram í miðjan desember, er hann loks varð yfirheyrður á heimili sínu.

Jón skýrði þá frá í meginatriðum á þessa leið:

Í fyrsta lagi kvað hann aldrei nokkurn vafa hafa á því leikið, að „kaupsamningurinn" frá 1954 hefði verið hreinn málamynda-

samningur, gerður í þeim tilgangi einum að bjarga stöðinni frá uppboði, en h/f Ásmundur hefði þá átt í stöðinni kr. 376.000.00, er væntanlega hefði tapazt að mestu, ef til uppboðs hefði komið.

Í öðru lagi benti Jón á, að ekki einasta þær kr. 21.000.00, sem um getur í kaup- og starfrækslusamningnum, heldur og vextir af þeirri upphæð hafi jafnan verið taldir sér til skuldar af h/f Ásmundi (sbr. færslur á dskj. nr. 9). Stefndi Jón kvað í réttarhaldi þessu Jón Árnason, forsvarsmann stefnanda, hafa sagt, er stefndi benti honum á, að í kaup- og starfrækslusamningnum væri ekki minnzt á veð h/f Ásmundar í stöðinni, „að það gerði ekkert til, þar eð þeir (Ásmundur h/f) ættu veðréttinn sjálfir". Þá hafi hann talið þarflaust að þinglýsa samningnum, hann mætti endurnýja árlega, unz viðskipti þeirra stefnanda og stefnda Jóns væru endanlega uppgerð, en *aldrei* hafi það verið ætlunin, að stefnandi yrði *raunverulegur eigandi* skv. samningnum.

Eigi skýrði stefndi Jón frekar en að ofan greinir (um uppboð), hver hafi verið tilgangurinn með „málamyndasamningnum" né hvort tilætlunin hafi verið stofnun einhvers konar hlutbundinna réttinda eða ekki.

Þá lagði stefndi Jón fram (sem rskj. nr. 10 í sakadómsmálinu) símskeyti frá lögmanni stefnanda, dags. 30. 11. '61, þar sem Jón persónulega er krafinn um viðskiptaskuld við h/f Ásmund að fjárhæð kr. 63.164.12 og nokkuð, sem kallað er í skeytinu skuld „vegna söltunarstöðvar að hálfu, kr. 29.992.00", auk vaxta og innheimtukostnaðar (sbr. rskj. nr. 12, bls. 13). Stefndi Jón tók og fram, að viðskipta- eða yfirlitsreikningurinn, dskj. nr. 9, hefði ekki verið sendur sér, fyrr en árið 1958 og enginn slíkur samningur áður.

Þá benti Jón á, að á dskj. nr. 9 (í máli þessu) sé ein færsla frá 1955: „Apríl I 3 ávísun á Landsbankann ... 5.000.00". Þar sé um að ræða greiðslu vaxta af veðskuldum við Útvegsbankann (kr. 150.000.00). Benti Jón á, að nefnd greiðsla, sem stefnandi innti af höndum fyrir stefnda, sé sér færð til skuldar á reikningnum *að fullu*, en eigi að hálfu. Þessari staðhæfingu var síðan ekki svarað beint af stefnanda hálfu, en sagt, að Jón B. Hjaltalín hefði bókhaldið fyrir Hjaltalínsstöð og væri framkvæmdaratriði af Jóns hálfu að færa stefnanda til skuldar fjárhæðir, er stefnandi krefur stöðina um, og vísar í því sambandi til vaxtagreiðslu þessarar, kr. 5.000.00, en gætir þess eigi, að hér ræðir um yfirlitsreikning skv. bókum stefnanda, en eigi stöðvarinnar.

Stefndi Jón benti við yfirheyrslu þessa á aðra færslu frá s. á.:

„Maí 3. I. v/Ól. Ragnars (sic) ... 10.000.00“. Hér sé um að ræða greiðslu, er stefnda sé talin til skuldar *að fullu,* og sé hér um að ræða greiðslu á timbri, er fór til stöðvarinnar *sjálfrar* árið 1954, en allar greiðslur, er inntar voru af höndum vegna rekstrar stöðvarinnar þessi ár, séu taldar sér til *skuldar aðeins að hálfu,* enda hafi stefnandi og stefndi rekið stöðina í helmingafélagi árin 1953—54 og 1954—55. Þessum staðhæfingum hafa forsvarsmenn stefnda ekki mótmælt sérstaklega og eigi því, er stefndi því næst hélt fram, að þessi ár hefði stöðin verið rekin á grundvelli kaup- og starfrækslusamningsins, dskj. nr. 3 (þ. e. væntanl. starfræksluákvæðisins), heldur fremur þvert á móti staðfest þessi ummæli með því að ítreka, að samningurinn hafi ekki verið orðinn „virkur“ „strax“ (þ. e. væntanlega kaupákvæðið).

Næstu ár, þ. e. a. m. k. árin 1955—56 og 1956—57, virðist stefndi Jón reka stöðina í venjulegu helmingafélagi við áðurnefndan Björn Þórðarson. Ekki sést, að stefndi hafi þar komið við sögu, en skjöl varðandi rekstur þessara ára hafa ekki verið lögð fram. Gegn þessum staðhæfingum hefur stefnandi einungis fært fram þá staðhæfingu, „að stöðin hafi frá árinu 1954 verið rekin og ráðstafað í samráði við kærða öll árin“.

Þá var stöðin árin 1957—58, 1958—59 og 1959—60 rekin af fjórðungafélagi stefnda Jóns, stefnanda og aðilja þeirra, er greindi í sambandi við dskj. nr. 10, er stefndi þarna staðhæfði ómótmælt, að væru einungis sýnishorn varðandi reksturinn öll þessi ár. Starfsárið 1960—61 verður sú breyting ein að formi (sbr. áður), að nýr aðili kemur inn í stað margnefnds Björns Þórðarsonar (sbr. dskj. nr. 11). Árið 1961—62 er stöðin síðan rekin af Íslenzkum fiski h/f í umboði h/f Silfurborgar, svo sem fram er komið að nokkru, og hefur verið svo síðan.

Þá er bókað eftir stefnda Jóni, að vorið 1961, nánar tiltekið snemma í júní, hafi Jón Árnason f. h. h/f Ásmundar hringt í stefnda og spurt, hvort hann teldi ekki, að stefnandi „ætti fyrir því“ að fá stöðina leigða eitt sumar og átti að sjálfsögðu við sumarvertíðina 1961. Hafi stefndi tekið hér vel í, „ef þeir greiddu góða leigu“. Hafi af Jóns hálfu Árnasonar verið talið litlu skipta um leiguna („aukaatriði“), enda gengu skuldir stefnda upp í hana. Lýsti stefndi síðan í löngu máli, hversu gefnir höfðu verið frestir og ákveðnum samningaumleitunum af hálfu stefnanda, unz öllu var lokið og stöðin seld, enda stóð stefndi á sama tíma í samningum við Vigfús Friðjónsson f. h. hins stefnda hlutafélags

um kaup á eigninni. Ítrekaði stefndi hins vegar, að Jón alþm. Árnason hafi þarna rætt um mögulega leigu við stefnda sem einkaeiganda stöðvarinnar og að um hafi verið að ræða, að stefnandi fengi alla stöðina á leigu.

Þessum síðastgreindu frásögnum var síðan ekki mótmælt að öðru en því, að forsvarsmenn stefnanda héldu hér sem jafnan því fram, að átt hefði verið við „hlut Jóns í stöðinni".

Að lokinni yfirheyrslu yfir stefnda var tekið endurrit af rannsókninni og því lokið rétt fyrir jól og rannsóknin síðan send til Akraness hinn 28. desember 1961 til skýrslutöku af kærðu, forsvarsmönnum stefnanda. Þau próf fóru fram hinn 12. og 13. janúar n. á. og endurrit tekið í mánaðarlok og málið endursent eftir miðjan febrúar með fskj., en síðasta þinghald í sakadómsmálinu fór fram hinn 5. marz s. á., er fram voru lögð framangreind endurrit, framlagt sem dskj. nr. 13 í þessu máli, og greinargerð, undirrituð f. h. Ásmundar af Jóni Árnasyni (sbr. óstaðf. samrit dskj. nr. 6).

Í millitíðinni, eða með stefnu, útgefinni og birtri sem áður greinir, er svo mál það, er hér er til úrlausnar, höfðað, og var það þingfest hinn 14. desember 1961. Í síðasta þinghaldi sakadómsmálsins er þess og getið, að umþrættar eignir hafi verið auglýstar til nauðungarsölu á opinberu uppboði hinn 14. apríl 1962. Uppboð þetta var síðan enn auglýst í blöðum og útvarpi.

Runnu nú ágreiningsmál aðilja þannig um skeið í 3 farvegum. Hvarf stefnda Silfurborg þó síðan frá því að freista þess að láta uppboðsrétt skera úr um hér greind ágreiningsefni. Varð úr, að stefnda greiddi upp veðskuldabréfin, upphaflega útgefin til stefnanda, fékk þeim aflýst, svo sem bréfin, dskj. nr. 14 og 15 m. fskj., bera með sér, og var uppboðið síðan hafið hinn 5. maí s. á. að undangenginni afturköllun.

Sakadómsmálinu hafði og verið lokið nokkru áður (eða hinn 31. marz), svo að það var fellt niður, eftir að saksóknari ríkisins hafði lýst því yfir, að af ákæruvaldsins hálfu væri eigi krafizt frekari aðgerða í málinu. Síðan hafa lögskipti aðilja einungis verið rekin fyrir einum dómstóli.

Við áðurgreindar yfirheyrslur fyrir sakadómi Akraness kom eftirfarandi fram auk þess, sem áður er getið, af hálfu kærðu, þ. e. forsvarsmanna stefnanda í máli þessu.

Jón Ágúst Árnason kvað, „að allir bankastjórar Landsbankans hafi vitað um, að Jón Hjaltalín seldi Silfurborgu h/f á Siglu-

firði umræddar eignir". Hafi þeir og fengið „afrit af kaup- og starfrækslusamningi á dskj. nr. 3" (dskj. nr. 3 einnig í þessu máli).

Hélt þessi forsvarsmaður stefnanda því og fram við þetta tækifæri, að kaup- og starfrækslusamningurinn væri í fullu gildi sem afsal fyrir umræddri eign.

Varðandi færsluna á kr. 21.136.00 (dskj. nr. 9) bar forsvarsmaðurinn, að stefndu hafi „með því" „verið haldin opin leið til að fá á ný eignaryfirráð yfir eigninni, ef Ásmundi h/f sýndist svo". Kallaði forsvarsmaðurinn það aðeins hafa verið „framkvæmdaratriði" að færa umrædda skuld stefnda sem greiðslu til stefnanda, „en jafnskjótt væri Ásmundur h/f orðinn eigandi að hálfri eigninni" ... „að öllu formi til". „Hins vegar lægi það ljóst fyrir, að þar sem Jón ekki greiddi umsamda upphæð fyrir áramótin 1953—1954, hafi Ásmundur h/f alla tíð síðan verið raunverulegur eigandi".

Mótmælti hann og, að um málamyndagerning hefði verið að ræða.

Á sama hátt og áður greinir um færslu 21 þús. krónanna til skuldar í bókum stefnanda viðurkenndi forsvarsmaðurinn og, að vextir af þeirri fjárhæð hefðu verið færðir að fullu stefnda til skuldar. Var það útskýrt með því, „að Jóni var þannig haldin opin leið til að greiða".

Hann viðurkenndi og að hafa viðhaft þau ummæli, „að það gerði ekkert til, þar eð þeir ættu veðréttinn sjálfir". Þetta útskýrði forsvarsmaðurinn svo að merkti: „að þó að veðið hvíldi á allri stöðinni", „þar sem það kæmi niður á Ásmundi h/f, ef sá hluti stöðvarinnar, sem Jón Hjaltalín ætti áfram, reyndist ekki fullnægjandi trygging fyrir veðskuldabréfinu" (sic), en tilvitnuð ummæli stefnda höfðu þó einungis hnigið að því að benda á, að tilteknir veðréttir væru ekki nefndir í tilteknum samningi.

Forsvarsmaðurinn kvað það ávallt hafa verið „á valdi Ásmundar h/f" frá 1953—54 „að fella samninginn úr gildi" „eða þinglýsa honum sem eignarheimild".

Þá var og mótmælt, að eigi hefði verið ætlunin, að stefnandi yrði raunverulegur eigandi stöðvarinnar. Hann fullyrti, að umræddar kr. 21.000.00 væru eigi innifaldar í kröfu lögmanns stefnanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns (bls. 13 í dskj. nr. 12), en þar greindar fjárhæðir hafa síðan aldrei verið sundurliðaðar. Hann rökstuddi þessa yfirlýsingu svo: „enda hafi

samningurinn þá verið orðinn virkur sem eignarheimild". Eigi útskýrði forsvarsmaður þessi frekar, hvað átt væri við með orðinu „virkur".

Þá tekur hann fram, að stefnandi hafi í bókhaldi sínu „fært stöðina upp" „sérstaklega frá árinu 1960", en áður hafi „hluti af kaupverði stöðvarinnar verið á sérstökum viðskiptareikningi", án þess að útskýra raunhæfa merkingu hinna tilvitnuðu orða né setningu þessa í heild.

Í framburði stjórnarformanns stefnanda, Ólafs Frímanns Sigurðssonar, kom ekkert nýtt fram, en hann kvað umrædda veðsetningu hafa verið framkvæmda af Jóni Árnasyni með fullu samþykki sínu.

Í framburði þriðja stjórnarmeðlims stefnanda kom einnig fram, að honum hefði um veðsetninguna verið kunnugt og hún framkvæmd með samþykki hans.

Þessi fulltrúi stefnanda sagði síðan, að „með því að færa Jóni Hjaltalín á sínum tíma kr. 21.000.00 til skuldar" hafi stefnandi „verið að gefa honum möguleika til að rétta við" „og kaupa stöðina að nýju". Síðan segir, að þar sem stefndi hafi ekki getað fullnægt því ákvæði að greiða kr. 21.000.00, „ákvaðst loks með stjórn Ásmundar h/f" — „að láta samninginn taka gildi sem eignarheimild fyrir Ásmund h/f".

Orðin „eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar" aftan við nafn stefnda, m. a. á dskj. nr. 11, er undirritað var af Júlíusi sjálfum f. h. stefnanda, útskýrir hann svo, „að það sé með sama fyrirvara og ávallt", „þ. e. fyrirvara skv. 3. gr. samnings ...".

Þessi fulltrúi stefnanda staðhæfði síðan, að stefnandi hefði um árabil séð Hjaltalínsstöð fyrir skipum og verkafólki og hafi þessi viðleitni miðað að því að gera stefnda kleift að standa við skuldbindingar sínar gagnvart stefnanda, „og enn fremur kom Ásmundur h/f með þessu fram sameigandi" (sic).

Allir óskuðu þessir fulltrúar stefnanda eftir að fá að leggja fram greinargerð. Greinargerð þessi, dags. 9. 2. '62, undirrituð af Jóni Árnasyni, var síðan lögð fram í sakadómsmálinu, svo sem greint hefur verið, en óstaðfest samrit hennar liggur frammi í máli þessu, þingmerkt nr. 6. Þá var síðar í þessu máli lögð fram eins konar viðbótargreinargerð (auk hinnar eiginlegu greinargerðar lögmanns), sem tekin var gild af dómaranum svo sem aðiljaskýrsla væri og þingmerkt nr. 18, og var skjal þetta, dags. 29. 8. '62, undirritað af nefndum Jóni og Júlíusi „pr. pr.

Ásmundur h.f.", ritað í formi einkabréfs, til þáv. lögmanns stefnanda, Gunnars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns. Skjal þetta hefur þó aldrei verið staðfest fyrir dómi sem aðiljaskýrsla.

Þá þykir rétt að rekja um sinn gang máls þessa (þ. e. aðalmálsins) hér fyrir dómi.

Við þingfestingu var einungis lagt fram eitt skjal, stefnan, og er efni hennar áður rakið.

Á dómþingi hinn 1. marz 1962 er síðan lögð fram auk annarra skjala greinargerð af hálfu lögmanns stefnanda (dskj. nr. 2).

Þar er þeirri skoðun haldið fram, að í dskj. nr. 4 (afsalinu til Silfurborgar) „felist aðeins vilji Jóns B. Hjaltalíns til þess að selja og afsala þeim réttindum einum, sem hann raunverulega eigi til (sic), hinna afsöluðu eigna, þ. e. aðeins hálfum *eignunum*". Í greinargerð talar lögmaður í lítilsvirðandi tón um kæru forráðamanna hins stefnda hlutafélags, er hann telur halda rétti sínum til eignanna allra „á lofti með íburðarmiklum hætti" og nefnir sakadómskæruna ógeðfelldan áburð, er svarað sé að nokkru í dskj. nr. 6 (þ. e. sakadómsgreinargerð kærðu, þ. e. stefnanda).

Í síðastnefndu dómsskjali eru því gerðir skórnir, að forráðamenn hins stefnda hafi með kærugerðinni unnið til víta eða þyngri ábyrgðar, en slík krafa hefur eigi verið formlega fram sett í málinu sjálfu og kemur því eigi til álita.

Auk annarra skjala, er áður er gerð grein fyrir, var þennan dag lagt fram óstaðfest afrit af símskeyti (dskj. nr. 5), þar sem lögmaður stefnanda mótmælir formlega sölunni til Silfurborgar h/f. Símskeyti þetta, sem dags. er 30. nóv. 1961, (en efni þess og dags. hefur eigi verið mótmælt) felur í sér fyrstu mótmælin, sem kunn eru gegn greindri sölu. Í greinargerð stefndu (dskj. nr. 17) er því haldið fram, að stefnanda hafi þegar eftir söluna, 22. júní 1961, orðið um hana kunnugt, en þeirri staðhæfingu er mótmælt sem rangri í „aðiljaskýrslu", dskj. nr. 18.

Í „sakadómsgreinargerðinni", dskj. nr. 6, eru ítrekuð ýmis atriði, er fram komu í prófun sakadómsmálsins, en til viðbótar koma m. a. eftirfarandi röksemdarfærslur:

Hér er því haldið fram m. a., að kaup- og starfrækslusamningurinn feli í sér skýlausa „söluráðstöfun og eignarafsalsgerð", „eigi verði breytt", nema til komi „tilskyldar (sic) og áritaðar viljayfirlýsingar beggja samningsaðilja ...".

Í annan stað er því haldið fram, að orðalagið „heimilast" í 3. tl. dskj. nr. 3 feli í sér „óvenjulegt hagræðisatriði og fríðindi" til handa seljanda (stefnda Jóni), en jafnframt sé heimildin

tímatakmörkuð. Til rýmkunar á endurgreiðsluréttinum eða framlengingu hans í tíma þurfi að koma skýlaust samþykki ábyrgra forráðamanna stefnanda. Gefið er í skyn, að margnefndur frestur á dskj. nr. 9 sé „bókfærsla" eða „færsluvanræksla" starfsmanns stefnanda. Vanræksla þessi gat eigi haft áhrif í málinu, en á hinn bóginn hafði stefndi Jón aldrei „skriflega né munnlega" farið þess á leit, að endurgreiðsluréttur hans yrði framlengdur eða rýmkaður. Einhliða hafi stefnandi hins vegar haft á valdi sínu að veita lengri eða rýmri frest til þess arna og á sama hátt einhliða „hætt við (sic) halda seljanda þannig opinni leið til að eignast margnefnda eign aftur". Sé því skilningur stefnanda „ákveðinn og óhagganlegur", að samningurinn frá 1953 „sé enn og hafi alltaf verið í fullu gildi", enda stefndi „hvorki greitt né boðið fram margnefnda endurgreiðslu með vöxtum og kostnaði ...". Því hafi ekki til þess komið, „að við höfum verið beðnir um að endurafsala til J. B. H. umræddri hálfri eign okkar".

Annað efni dskj. þessa er ýmist bein endurtekning fyrri atriða ellegar atriði, er lúta að sakadómsmálinu sem slíku og hafa eigi sjálfstætt gildi hér. Þó er á það bent, að yfirlýsing stefnda Jóns á dskj. nr. 4 um, að kaup- og starfrækslusamningurinn sé ekki lengur í gildi, sé órökstudd.

Á dómþingi hinn 28. júní 1962 leggur lögmaður stefndu fram sín fyrstu gögn. Auk sjö skjala, er áður hefur verið greint frá að meira eða minna leyti, lagði hann nú fram vottorð frá lögfræðingadeild Landsbanka Íslands, dags. 4. 5. 1962, þess efnis, að þann dag hafi stefnda Silfurborg greitt að fullu bæði 3. veðréttarbréfin í Hjaltalínsstöð (kr. 300.000.00 + 76.000.00 ásamt vöxtum, innheimtulaunum og málskostnaði (uppb.málið) með kr. 463.342.00 samtals) (dskj. nr. 16).

Lagði lögmaður svo að síðustu fram, þingmerkta nr. 17, greinargerð af hálfu stefndu. Þar er m. a. eftirfarandi rökstuðning að finna:

Stefndu byggja rétt sinn og þar með sýknukröfu og málskostnaðar í málinu fyrst og fremst á því, að kaup- og starfrækslusamningurinn á dskj. nr. 3 sé ógildur málamyndasamningur.

Gerir lögmaður síðan þá grein fyrir kröfum: Í fyrsta lagi, *að* er stefnandi árið 1951 seldi stefnda Jóni línuveiðarann Ólaf Bjarnason, AK 57, er hafi verið gamalt skip og lélegt og mjög dýrt í rekstri, hafi stefndi, er greiddi kaupverðið m. a. með veðskuldabréfunum á dskj. nr. 14 og 15 og verið hafi áður „allvel efnum búinn", brátt komizt í fjárbrot. Hafi skipið síðan verið

selt nauðungarsölu og engin greiðsla komið upp í veðskuldirnar skv. dskj. nr. 14 og 15. Hafi veðréttirnir hvílt einvörðungu á Hjaltalínsreitum I og II, „stöðinni“ í máli þessu, sem upphaflega var aukaveð. Nú hafi árið 1952 verið lélegt síldarár fyrir Norðurlandi. Þetta hafi haft þau áhrif, að síldarsöltunarstöðvar, sem raunar aðrar fasteignir á Siglufirði, hafi veturinn á eftir verið lítt seljanlegar. Því hafi stefnandi í máli þessu talið lítt hyggilegt að láta þá um veturinn bjóða upp veðið Hjaltalínsstöð. Hafi því „eftir kröfu stefnanda“ hinn 9. apríl 1953 verið „gerður til málamynda kaup- og starfrækslusamningur“ — „um hálfa söltunarstöðina“ (sic). Hafi stefnandi talið hagsmunum sínum betur borgið með því að fresta uppboði. Stefndi Jón hafi hins vegar verið í algerum greiðsluvandræðum og því neyðzt til að „skrifa undir, hvað sem var“, til þess að forðast yfirvofandi gjaldþrot. Ætlunin hafi hins vegar aldrei verið, að hér væri um raunverulega eignayfirfærslu að ræða, enda upphæð kaupverðsins bersýnilega ákveðin af handahófi. Upphæðin sé (sbr. dskj. nr. 3) kr. 96.000.00. Gangverð slíkra stöðva á Siglufirði í dag sé hins vegar 2—3 millj. kr., eða ½ stöðin þá u. þ. b. kr. 1—1½ milljón. Þrátt fyrir almennar verðhækkanir á þessum 9 árum (grg. dskj. nr. 17 er dags. 6. 6. '62) sé þó augljóst, að framangreint verð sé „fjarri öllu skynsamlegu viti“.

Með þessu telur lögmaður sig hafa sýnt fram á, að samningurinn, dskj. nr. 3, sé málamyndasamningur og skýrt tildrög samningar hans.

Í annan stað kveðst lögmaður telja samninginn *ógildan þegar af þeirri ástæðu, að hann sé bersýnilega málamyndasamningur.*

Í þriðja lagi sé ljóst, að verði samningurinn ekki metinn sem pro forma gerningur, sé augljóst, að stefnandi hafi „með því að krefjast samningsgerðarinnar notað sér fjárhagsvandræði“ stefnda Jóns „til þess að afla sér hagsmuna“ — „í bersýnilegu ósamræmi við endurgjald“, m. ö. o., að samningurinn sé ógildur vegna misneytingar.

Í fjórða lagi telur lögmaður stefndu, að „stefnandi hafi á margvíslegan hátt viðurkennt“, að samningurinn hafi „ekki rauverulegt gildi“, og færir lögmaður síðan rök fyrir þessum skoðunum sínum í ellefu liðum:

Í fyrsta lagi sé í samningnum *ekkert ákvæði um afsal eða afhendingu eignarinnar.*

Í öðru lagi verði margnefnd 21 þús. kr. færsla, eða „kr. 21.136.00 pr. 27/4 1953, þ. e. útborgun sú, sem stefnandi innti af hendi

skv. 1. gr. samningsins á dskj. nr. 3" (sbr. dskj. nr. 9), að skoðast sem yfirlýsing stefnanda um það, að Jón hafi endurgreitt umrædda fjárhæð árið 1953, enda hafi hann (stefndi) jafnan litið svo á og aldrei að honum hvarflað, að stefndi léti sér til hugar koma að gera kröfur um eignarrétt að stöðinni. Þá telur hann áðurræddar vaxtafærslur á dskj. nr. 9 styrkja þessa niðurstöðu.

Í þriðja lagi sýni samningurinn á dskj. nr. 5 og 6, að stefnandi hafi viðurkennt stefnda Jón réttan og löglegan eiganda *allrar* stöðvarinnar.

Í fjórða lagi sýni það atriði, að samningurinn á dskj. nr. 3 geti eigi bréfanna á dskj. nr. 14 og 15, sem þinglesin voru nær 1½ ári fyrir gerð samningsins, hið sama, þ. e. að stefnandi hafi viðurkennt, að samningurinn á dskj. nr. 3 hafi ekki haft raunverulegt gildi.

Í fimmta lagi hafi forkaupsréttur sá, er Siglufjarðarkaupstaður átti að stöðinni, ekki verið boðinn, enda hafi ekki verið um kauptilgang að ræða af stefnanda hálfu.

Hér tilkynnir lögmaður, að hann hafi tilkynnt forkaupsréttarhafa um málssóknina, ef hann kynni að óska eftir meðalgöngu sakar.

Hins vegar var í sakadómi Siglufjarðar hinn 30. október 1961 innfærð með bókun af hálfu dómarans yfirlýsing um, að Siglufjarðarkaupstað hafi fyrir sölu til Silfurborgar h/f verið boðinn forkaupsréttur, en hann þá afsalað sér rétti sínum skv. kvöð þessari, og að gögn þar að lútandi hafi verið sýnd, er afsalinu til Silfurborgar var þinglýst, enda engin athugasemd hér að lútandi gerði við þinglýsinguna. Endurrit úr sakadómsbók með bókun þessari liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 12 (sjá bls. 8 a. n.).

Er því svo að sjá, að stefndu telji vanrækslu á boði forkaupsréttar því eiga að valda ógildi samningsins, dskj. nr. 3, eo ipso, með því að kvaðarafsalið hafi einungis haft gildi gagnvart sölu Silfurborgar h/f sem innanbæjarfyrirtækis.

Í sjötta lagi sé samningurinn þegar ógildur af þeirri ástæðu, að stefnandi, sem taka skyldi að sér að hálfu víxilskuldir (stefnda eða stöðvarinnar) við Útvegsbankann á Siglufirði, hafi þar aldrei nærri komið (síðan hann „lánaði Jóni áðurgreindar kr. 21.136.00"), en stefndi Jón hafi „frá upphafi" *séð einn um víxla þessa.*

Í sjöunda lagi rökstyður lögmaður mál sitt með því, að Jón B. Hjaltalín hafi ávallt talið *alla söltunarstöðina fram* sem sína eign í skattframtölum. Fullyrti lögmaður síðan, að stefnandi hafi *aldrei talið hálfa stöðina fram* sem sína eign. Væri þessi full-

yrðing vefengd, væri þar með skorað á stefnanda að leggja fram tiltekin gögn, er sannað gætu hið gagnstæða.

Staðhæfing stefndu um, að stefndi Jón hafi talið stöðina alla fram sem sína eign allan umþráttaðan tíma er ómótmælt og óvefengt með öllu í málinu. Þá hafi forráðamenn stefnanda og viðurkennt, að rétt sé, að stefnandi hafi eigi talið stöðina hálfa fram (dskj. nr. 18, bls. 3, sbr. síðar).

Í áttunda lagi byggir lögmaður stefndu hér á því atriði, að stefnandi hafi aldrei krafið Jón B. Hjaltalín um afsal fyrir eigninni „fyrr en með þessari málssókn", eða í 8 ár frá gerð kaupsamnings, og að látið hafi verið dragast í 7 ár að þinglýsa samningnum. Beri hér að sama brunni með upphaflegt mat stefnanda á gildi samningsins.

Í níunda lagi komi það atriði, að stefndi Jón hafi alla tíð annazt einn allt viðhald eignarinnar án þátttöku eða afskipta stefnanda.

Í tíunda lagi hljóti orð Jóns Árnasonar, framkvæmdastjóra stefnanda, fyrir sakadómi Akraness hinn 12/1 1962 (dskj. nr. 13, bls. 4) þess efnis, að samningurinn hafi ekki orðið „virkur", fyrr en löngu eftir að hann var gerður, og orð Júlíusar Þórðarsonar framkvæmdastjóra fyrir sama dómi hinn 13 s. m. (sama skjal, bls. 6) þess efnis, að með samningnum hafi átt að gera stefnda Jóni kleift að „rétta við", að skiljast sem játningar þess, að samningurinn hafi verið gerður til málamynda.

Loks getur (nr. 11) áður rakinnar og síðar mótmæltrar staðhæfingar um, að stefnanda hafi þegar orðið kunnugt um söluna til Silfurborgar, er hún fór fram, er lögmaður kveðst munu sanna. Þessi sönnun kom og aldrei fram.

Á dómþingi hinn 4. október 1962 er lagt fram af hálfu stefnanda skjal það, er áður hefur verið nefnt „viðbótargreinargerð" eða aðiljaskýrsla, að formi til bréf til lögmanns stefnanda, en að efni til svar við greinargerð lögmanns stefndu.

Þar ítrekar stefnandi í upphafi mótmælin gegn pro forma eðli gerningsins, sem þó „gat" „ekki orðið virkur fyrr en 31. des. 1953", en síðan er tekið fram, að stefndi Jón hafi sótzt mjög eftir því, að fá l/v Ólaf Bjarnason keyptan árið 1951, enda stefnanda með öllu óviðkomandi, þótt tap kunni að hafa orðið á rekstri skipsins, en kaupverðið að öllu leyti lánað stefnda og „engin trygging til greiðslu þess önnur en veð í söltunarstöð J. B. H. á Siglufirði".

Þá er því mótmælt, að margræddur samningur frá 1953 hafi

verið gerður eftir kröfu stefnanda. Hafi samningurinn verið gerður af fúsum og frjálsum vilja beggja, og eigi er þess minnzt, að yfirvofandi nauðungarsala á stöðinni hafi haft áhrif á gerð hans. Telja forráðamenn stefnanda framkomna aðdróttun um „nauðung" því tilefnislausa og mjög meiðandi, sem ástæða er til að krefja stefnda Jón sérstaklega sagna, en víta lögmann stefndu fyrir og jafnvel beita hann réttarfarssekt.

Síðastnefnd krafa, sem einungis kemur fram óljóst og óákveðið í ofannefndu plaggi, en er ekki tekin upp síðar á formlegan máta í málinu, þykir hins vegar ekki þess eðlis, að til úrlausnar komi í dómi.

Þá er bent á, að stefnandi hafi aldrei krafið stefnda um „skuldir hans við félagið", sem hafi verið mun meiri, „en vegna kaupa á Ólafi Bjarnasyni og kr. 21 þúsund, sem var fyrsta greiðsla samn., dskj. nr. 3", „hvorki með málssókn né á annan hátt (kröfu um sölu) ...". Þetta eigi að sýna ljóslega, að stefnandi hafi á engan hátt viljað ganga hart að stefnda „á þessum erfiðu tímum hans". Eigi er unnt að sjá af framhaldinu né á annan hátt, að setningar þessar beri að skilja á annan hátt en þann, að verið sé að mótmæla frekar „aðdróttun" „um nauðung".

Því er og mótmælt, að verðið, kr. 96.000.00, sé ekki eðlilegt og leitað raka í greinargerð stefndu sjálfra, þ. e. árið 1952 hafi verið lélegt síldarár og yfirleitt allar fasteignir á Siglufirði lítt seljanlegar veturinn eftir. Þannig er og ítrekað mótmælt misneytingaráburði stefndu, sem sagður er vera ósvífin „aðdróttun um óheiðarleika í viðskiptum" og „rakalaus með öllu".

Taka forsvarsmenn stefnanda síðan í aðiljaskýrslu þessari til við að ræða rökfærslu greinargerðar stefndu tölulið fyrir tölulið. Með því að hér er snert við mörgum þýðingarmestu efnis- og sönnunarþáttum málsins, þykir hlýða að gera grein fyrir þeim á svipaðan hátt og gert var við greinargerð, dskj. nr. 17.

Ad. 1. Stefnandi telur, að lokasetningin í 3. tl. dskj. nr. 3 jafngildi afsali og því óþarfi að hafa sérstakt ákvæði um afsal í samningnum, ef ekki sé um að kenna lögfræðilegri vanþekkingu aðilja.

Ad. 2. Stefnandi „fær ekki skilið, hvernig það á að sanna, að J. B. H. hafi greitt stefnanda kr. 21.136.00, þótt honum sé færð greind upphæð til skuldar". Telur stefnandi rökfærslu þessa tl. sanna sitt mál, að svo miklu leyti sem hún sé ekki meiningarleysa.

Ad. 3. Viðurkennt, að stefndi Jón hafi haft *framkvæmdastjórn* stöðvarinnar allrar allt til 1961 með fullu samkomulagi við stefnda. Viðurkennt er, að einhverjir leigusamningar kunni að vera svo klaufalega gerðir, að þeir gefi til kynna, að stefndi hafi einn átt stöðina, en vefengt er, að slíkur klaufaskapur skapi stefnanda eignarrétt og mótmælt, að í þessu þurfi að felast viðurkenning af hálfu stefnanda á sjónarmiðum stefndu.

Ad. 4. Viðurkennt, að rétt sé hermt, að greindra verðbréfa sé ekki getið á dskj. nr. 3, en stefnandi telur sér í sjálfsvald sett „að rýra veð það, er tryggði þau um helming", þar eð hann hafi átt greind bréf og þar með rétt til að ákveða, hvort hætta skyldi á, að „hluti skulda" kynni að tapast af þessum ástæðum.

Ad. 5. Sagt, að það sé seljanda að sjá um að bjóða forkaupsréttarhöfum. Bæjaryfirvöld á Siglufirði hafi ekki gert athugasemd við „þinglýsingu eignarheimildarinnar". Stefnandi mótmælir því, að sér verði kennt um „þessa yfirsjón J. B. H.".

Ad. 6. Viðurkennt, að þar greind skuld við Útvegsbankann á Siglufirði muni enn í dag vera ógreidd. „Hafi vextir verið greiddir af skuldinni", muni stefndi Jón hafa gert það „og þá væntanlega af hagnaði af rekstri söltunarstöðvarinnar".

Ad. 7. Viðurkennt er, svo sem áður er greint, að stefnandi hafi ekki fært söltunarstöðina til eignar í bókhaldi né skattframtölum, „þar til að samningnum dskj. nr. 3 var þinglýst", „eða þar til að við sáum, að J. B. H. ætlaði ekki að gera skuldaskil og uppfylla ákvæði 3. gr. samningsins þrátt fyrir mjög langan frest til þess" (sic), en síðan tekið fram, að *skuldin hafi verið færð til eignar allan tímann.* Eigi verður á nokkurn hátt ráðið af sambandinu, hvort stefnandi þykist nokkurn tíma hafa fært stöðina sér til eignar á framtali og í því tilfelli frá hvaða tíma.

Ad. 8. Vísað til svars ad 1, en því bætt við, að ætlunin hafi verið *að gefa stefnda kost á að greiða umræddar* 21 þúsund krónur, *eftir að fresturinn* skv. dskj. nr. 3 *var liðinn,* „en þar sem hann gerði það ekki og hefur aldrei imprað á því að fá stöðina aftur, létu eigendur loks á árinu 1960 verða af því að þinglýsa samningnum".

Ad. 9. Staðhæfingu þessa tl. er mótmælt sem rangri með öllu. Meðal mótraka er notað, að stefnandi hafi í maí 1955 greitt Byggingavöruverzlun Ól. Ragnars, Siglufirði, kr. 10.000.00. Ekki er annað að sjá en að hér sé um að ræða sömu greiðslu (og færslu, sjá dskj. nr. 9), sem stefndi Jón Bjarnason Hjaltalín taldi fram og benti á máli sínu til stuðnings, að lögð hefði verið út af stefn-

anda og síðan *talin stefnda til skuldar að fullu,* sbr. dskj. nr. 12, bls. 12. Önnur mótrök ad. 9 eru einungis, að stefndi hafi ætíð haldið stöðinni við „í fullu samráði við stefnanda" og hafi stefndi tilkynnt stefnanda, hvað aðhafzt hafi verið í því sambandi, en einnig megi vitna til 2. tl. í samningnum („um allan reksturskostnað") (sic).

Ad. 10. Viðurkennd eru þar greind ummæli Júlíusar Þórðarsonar. Bendi kaupin og ákvæði 3. gr. samningsins (ef endurkaupin hefðu farið fram) í sömu átt, en stefndi hefði látið „tækifæri með öllu ónotað". Mótmælt, að þetta geti sannað, að um málamyndasamning sé að ræða. Jafnframt því sem greind ummæli Jóns Árnasonar eru viðurkennd rétt eftir höfð (um að samningurinn hafi síðan orðið „virkur"), er mótmælt, að þau ummæli sanni heldur nokkuð í ofangreinda átt.

Þá er og ad. 10 bætt við þeirri skýringu á ummælum Júlíusar um að „rétta við", að stefnandi hafi alla tíð útvegað síldveiðiskip og verkafólk til söltunar, „sem gaf J. B. H. aukna getu til þess að standa við nefndan samning og greiða aðrar skuldir stöðvarinnar".

Loks er staðhæfingunni ad. 11 mótmælt, sbr. áður.

Ofangreindu dómsskjali mótmælti síðan lögmaður stefndu við framlagningu þess sem röngu og að engu hafandi, þar eð um væri að ræða nýja greinargerð, „eða öllu heldur sóknarskjal, samið af lögfræðingi". Áskildi hann sér og rétt til að krefjast þess, að þeir, er að skjalinu stæðu, yrðu látnir staðfesta skýrslu sína fyrir dómi. Eigi mótmælti lögmaður hins vegar framlagningu skjalsins sem slíkri. Staðfesting skýrslunnar fór aldrei fram, en hún var undirrituð pr. pr. Ásmundur h/f af Júlíusi Þórðarsyni og Jóni Árnasyni.

Var nú þingað í málinu öðru hverju næsta vetur, en lítið skeði í þinghöldum þeim annað en ítrekaðar frestveitingar til gagnaöflunar og einkum borið við sjúkleika stefnda Jóns, en hins vegar nauðsyn aðiljaskýrslu af hans hendi. Áður hafði lögmanni stefndu ítrekað verið veittur frestur til framlagningar greinargerðar af sömu sökum. Á þessu tímabili brann við, að eigi var mætt í málinu af hálfu stefnanda, en það var þó eigi hafið vegna tilmæla gagnaðilja.

Hinn 15. ágúst staðfestir Jón B. Hjaltalín svo aðiljaskýrslu sína fyrir dómi, en hún var lögð fram þann sama dag sem dskj. nr. 20. Skýrslunni mótmælti umboðsmaður stefnanda „lið fyrir lið og í heild sem rangri", en án frekari rökstuðnings.

Í aðiljaskýrslu sinni tekur stefndi Jón sérstaklega fram eða ítrekar þessi atriði:

I. *Að* það hafi verið ótvíræður vilji hans við undirritun afsalsins til meðstefndu að afsala allri eigninni, en eigi helmingi, en hins vegar talið sér skylt að geta um málamyndasamninginn við stefnanda frá 9. 4. 1953.

II. *Að* stefnandi hafi aldrei tekið að sér greiðslu víxlanna við Útvegsbankann á Siglufirði samkv. 1. gr. samningsins, en stefndi framlengt þá einn, unz stefnda Silfurborg tók við þeim.

III. *Að* við gerð leigusamninganna hafi stefndi komið fram sem einkaeigandi og enginn fyrirvari gerður af stefnanda hálfu um, að einungis væri verið að leigja hálfa stöðina og að stefnandi hafi rekið stöðina árin 1955 og 1956 í félagi við Björn Þórðarson án þess að afla sér nokkurs leyfis hjá stefnanda, sem hins vegar hafi að sjálfsögðu verið hér um kunnugt, en engan fyrirvara gert þar á.

IV. *Að* er hann árin 1953 og 1954 rak stöðina í félagi við stefnanda (einan), hafi hluti stefnanda af framkvæmdastjóralaunum stefnda numið kr. 42.000.00, en eigi hafi hann krafið stefnanda um þá fjárhæð, með því að launin gengu til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, þ. á m. marggreindar kr. 21 þúsund, enda ráð gert fyrir frekari viðskiptum við stefnanda.

V. *Að* rangt sé, að stefnandi hafi útvegað verkafólk og síld, nema þegar stefnandi var sjálfur aðili að söltun og sé það „venjulegur viðskiptamáti".

VI. *Að* árið 1957, um vorið, hafi stefndi Jón ritað undir yfirlýsingu, samda af og eftir ósk Jóns Árnasonar, þess efnis, að stefndi lofaði að láta helming af leigu stöðvarinnar 1957 ganga upp í skuld sína við stefnanda. Afriti skjals þessa, sem m. a. sanni, að stefnandi viðurkenni stefnda sem einkaeiganda stöðvarinnar, hafi stefndi glatað, en frumritið hljóti að vera í vörzlum stefnanda. Frumrit þetta hafi ekki komið fram síðan í máli þessu né afritið.

Loks gerir stefndi grein fyrir sjúkleika sínum undanfarin 1—2 ár og langæum fjarvistum hans vegna og áhrifum þessa á allan drátt málsins.

Í sama þinghaldi er svo lagt fram (og þingmerkt nr. 19) vottorð frá Útvegsbanka Íslands, Siglufirði, þess efnis: I. *Að* eignin Hjaltalínsreitir I og II væri veðsett bankanum með 1. veðrétti skv. tryggingarbréfi, útgefnu 18/10 '45, til tryggingar víxli að fjárhæð kr. 70.000.00 og með 2. veðrétti skv. bréfi frá 12/9 '46

til tryggingar víxli að fjárhæð kr. 30.000.00 og með 3. veðrétti með bréfi frá 6/9 '47 vegna víxils, kr. 50.000.00, og II. Að greindir víxlar, upphaflega eigin vixlar, útgefnir af stefnda, hafi síðan verið framlengdir af honum afborgunarlaust, unz stefnda Silfurborg tók þá að sér og hafi hún framlengt þá síðan. Sé Silfurborg samþykkjandi víxlanna, sem séu útgefnir af Vigfúsi Friðjónssyni og ábektir auk hans af Árna Friðjónssyni.

Í sama þinghaldi var gagnaöflun lýst lokið og málið tekið til skriflegs flutnings.

Var stefnanda veittur frestur til sóknar til 17. október s. á. Þann dag var eigi mætt af hans hálfu, en málið þó eigi hafið vegna tilmæla stefndu og frestur veittur til 24. s. m. Þann dag lagði dómarinn ex officio fram símskeyti, dags. 19. s. m., þess efnis, að Benedikt hrl. Sigurjónsson hefði tekið við málinu af Gunnari Þorsteinssyni (dskj. nr. 21). Þá lét dómarinn bóka, að hinn nýi lögmaður stefnanda hefði haft samband við hann og skýrt svo frá, að með því að hann (lögmaður) hefði hinn 22. s. m. fallizt á að taka við máli stefnanda, eftir að það hafði verið tekið úr höndum áðurnefnds lögmanns, og væri málinu með öllu ókunnur, væri sér nauðugur einn kostur að biðja um venjulegan viðbótarfrest, en sér skipaður sérstakur talsmaður, yrði frestsbeiðninni mótmælt, til úrskurðar.

Að yfirlýsingu þessari bókaðri lýsti lögmaður stefndu því yfir, að hann þættist búinn til að samþykkja umbeðinn frest vegna breyttra viðhorfa.

Sókn var síðan lögð fram hinn 21. nóvember 1963.

Vörn var lögð fram hinn 23. janúar s. l. að undangengnum framhaldsfresti.

Í reifun málsins við frumflutning komu ekki fram nýjar staðhæfingar um málsatvik, utan hvað stefnandi hélt því fram, að stefndi Jón hefði ekkert haft við þinglýsingu kaupsamningsins að athuga. Staðhæfingunni er mótmælt af stefndu sem rangri, enda hafi stefndi Jón hreyft athugasemdum, þegar er honum var hér um kunnugt, en eigi hafi verið gert aðvart um þinglýsingu þessa og hann því eigi getað komið í veg fyrir hana.

Stefnandi leggur síðan áherzlu á, að stefnda Silfurborg hafi verið „mala fide" um tilvist kaupsamningsins, er duga muni til ógildingar afsalinu, en stefndu leggja áherzlu á, að stefnandi geti eigi gert hvort tveggja í senn að teljast eigandi ½ eignarinnar og á sama tíma fært hluta kaupverðsins stefnda til skuldar.

Báðir viðurkenna aðiljar, að skuldaskipti stefnanda og stefnda

Jóns séu máli þessu óviðkomandi, enda þótt flutningur málsins snúist að miklu leyti um þann ás.

Í framhaldssókn, framlagðri hinn 6. febrúar s. l. að undangenginni framhaldsfrestun, mótmælir stefnandi því, að stefndi Jón hafi „greitt þær kr. 21.136.00, sem um ræðir í kaupsamningnum, enda muni reikningar þeir, er stefndi vísar til, vera úr bókhaldi Jóns B. Hjaltalíns sjálfs". Virðist stefnandi hér vísa til dskj. nr. 12, bls. 7, enda höfðu stefndu í frumsókn imprað á tilorðningu réttar stefnda Jóns til framkvæmdastjóralauna. Þá andmælti stefnandi hér þýðingu vangreiðslu stefnanda á frumskuldum skv. 1.—3. veðrétti í fasteigninni og endurnýjun víxlanna, með því að stefnandi „átti þess ekki kost" og „sá heldur enga ástæðu til ... meðan víxlarnir fengust framlengdir ... og hafði Jón ... ekkert við það að athuga".

Lokaskjal málsins, dskj. nr. 25, framhaldsvörn, var svo lagt fram á bæjarþingi hinn 20. febrúar s. l., en málið dómtekið viku síðar.

Lagði lögmaður stefnda í lokavörninni höfuðáherzlu á báða þá þætti, er lögmaður stefnanda hafði mótmælt í lokasókn; að framkvæmdastjóralaun stefnda hafi eðli samkvæmt hlotið að koma til skuldajafnaðar kröfum stefnanda, þ. m. t. umræddar kr. 21.136.00, *að* stefnda Jóni hafi verið færð upphæð þessi til skuldar í bókhaldi stefnanda sjálfs og *að* réttmæti launakrafna Jóns hafi aldrei verið mótmælt. Enn fremur, *að* stefndu hafi samanlagt greitt á 10 árum í vexti og framlengingarkostnað af margræddum víxlum um kr. 150.000.00, en þessa upphæð að hálfu, eða kr. 75.000.00, hafi stefnanda samkvæmt kaup- og starfrækslusamningnum borið að greiða, væri hann talinn gildur, en skyldu þessa hafi stefnandi vanefnt, eins og segir í frumsókn, jafnoft og víxlarnir eindöguðust, eða „alls ellefu sinnum". Sérstaklega mótmælir lögmaður stefndu því, að stefnandi hafi ekki átt kost greiðslnanna, hefði þess verið óskað, en til þess hafi stefnandi aldrei boðizt. Loks viðurkennir lögmaður stefndu, að bæði stefnandi og stefndi Jón hefðu sýnt vítavert skeytingarleysi með því að láta fyrirfarast að gera upp viðskipti sín og væri vanræksla þessi orsök og ástæða málaferla þessara. Aðrar staðhæfingar í framhaldsvörn eru þess eðlis, að eigi tjáir að rekja, með því að þeim varð eigi mótmælt. Þá var lögmanni stefnanda veittur sérstakur kostur á að gera einfalda, munnlega athugasemd við framhaldsvörnina fyrir milligöngu umboðsmanns, en hann lýsti

því yfir við dómtöku hinn 27. febrúar s. l., að hann hefði engar athugasemdir að gera.

Dómurinn lítur svo á, að skuldaskipti aðilja í máli þessu séu dómi í málinu óviðkomandi og verði að útkljást á öðrum vettvangi. Með því hins vegar hversu þau eru samofin sönnunarþáttum málsins, hefðu gleggri reikningsskil mátt liggja fyrir til skýringar höfuðatriðum.

Þá lítur dómurinn svo á, að forkaupsréttur Siglufjarðarkaupstaðar, sem eigi hefur gengið inn í málið, sé eigi lengur neitt höfuðatriði, enda þótt vera megi, að höfnun á neytingu réttarins gagnvart sölu til stefndu Silfurborgar geti ekki skapað nokkurn rétt í þá átt fyrir stefnanda, sem eigi hefur að heldur gert varakröfur til skaðabóta vegna hugsanlegrar vanheimildar.

Dómurinn lítur hins vegar svo á, að mál þetta snúist um það, hvort stefnandi hafi öðlazt þann rétt samkvæmt kaup- og starfrækslusamningnum, dskj. nr. 3, til ½ eignarinnar Hjaltalínsreitir I og II, að nægja megi til ógildingar afsalsins til stefndu Silfurborgar h/f (dskj. nr. 4) í heild sinni eða að því er tekur til hálfrar eignarinnar.

Dómurinn fær aftur á móti ekki séð, að stefnanda hafi tekizt slík sönnun. Þvert á móti lítur dómurinn svo á, að stefndu hafi fært svo sterk rök að því, að kaupsamningurinn sé ógildur sem slíkur, að hann sé að engu hafandi til úrslita í máli þessu.

Framkoma beggja aðilja, stefnda Jóns B. Hjaltalíns og stefnanda, öll árin 1954—1960 virðist einungis styrkja staðhæfingar stefndu, en á engan hátt vera dómkröfum stefnanda til stuðnings.

Afsali hefur aldrei verið þinglýst skv. kaupsamningnum, og gögn málsins bera hvergi með sér, að slíkt afsal hafi nokkru sinni verið gefið út.

Sú staðreynd annars vegar, *að* kaupsamningurinn er skilyrtur, og *að* við þinglýsingu hans eru eigi lögð fram nein gögn til sönnunar því, að skilyrðin séu niður fallin, og hins vegar þær staðreyndir, að stefnandi hefur í viðskiptareikningi fært stefnda andvirðishluta þann, er greinir í 1. gr. dskj. nr. 3, til skuldar, *að* sannað er, að stefnandi hefur vanrækt það ákvæði samningsins að taka að sér greiðslu veðtryggðra víxilskulda stefnda Jóns við Útvegsbankann á Siglufirði, án þess að stefnandi hafi fært að því nokkrar líkur, að sér hafi verið ófært að inna þá skyldu af höndum af ástæðum, er stefnda Jón varðaði, hníga allar til sömu áttar um ógildi kaupsamningsins.

Þótt þinglýsing kaupsamnings veitti að vísu kaupanda aukna vernd gagnvart þriðja manni, skiptir það eigi máli hér, enda vissu kaupendur, stefnda Silfurborg h/f, viðsemjandi stefnda Jóns, um tilvist samningsins, sem auk þess að vera skilyrtur var allur óljós, og öll vitneskja stefndu Silfurborgar um framkomu stefnanda og stefnda Jóns öll greind ár, fram að og í Jóns tilfelli fram yfir þinglýsingu samningsins, gerði það að verkum, að þeir höfðu fulla ástæðu til að vera í góðri trú um óskerta ráðstöfunarheimild Jóns, en vangildi kaupsamningsins.

Hvergi er í málinu neitt, er bendir til, að stefnandi hafi nokkru sinni krafizt útgáfu afsals fyrir eigninni, og mátti honum þó vera ljóst, að kaupsamningurinn var lítt hæfur til þinglýsingar sem eignarafsal, eins og í pottinn var búið, enda var samningnum einungis þinglýst sem kvöð, sbr. veðbókarvottorð (dskj. nr. 8) (en eigi sem eignarafsali). Óupplýst er með öllu, hvers vegna afsals var eigi krafizt, annað hvort eftir áramót 1953—54 eða í síðasta lagi, þegar stefnandi ákvað einhliða að gera samninginn „virkan" sem eignarréttaryfirfærslu.

Því verður að telja, að mjög sterk rök hafi verið færð fyrir því, að stefnandi hafi látið meðferð stefnda Jóns á stöðinni að mestu óátalda og afskiptalausa, er stefnandi var sjálfur ekki aðili að söltun.

Stefnandi hefur m. a. lagt fram afrit af símskeyti (dskj. nr. 5) 30. nóv. 1961, þar sem sölunni er mótmælt og staðhæft, að fyrr en nefndan dag hafi hann ekkert um söluna vitað. Hins vegar kemur hvergi fram, að stefnandi hafi átalið, skipt sér af eða yfir höfuð hreyft nokkrum athugasemdum við því, að hlutafélagið Íslenzkur fiskur, systurfyrirtæki h/f Silfurborgar, rak umþrætta stöð allt sumarið á undan, og verður þó að telja útilokað, að stefnandi hafi ekki um það vitað.

Það verður dómkröfum stefnanda eigi til styrktar, að dskj. nr. 10 og 11, sem ómótmælt eru sögð vera sýnishorn leigumála fleiri ára á tímabilinu eftir undirritun kaupsamningsins, en fyrir söluna til Silfurborgar h/f, bera með sér, að þar hafi stefnandi án fyrirvara ritað undir leigusamning, þar sem í standa m. a. orðin: „Ég Jón B. Hjaltalín, eigandi Hjaltalínsstöðvarinnar, sel þessum félagsskap á leigu síldarsöltunarstöðina ..." o. s. frv.

Það er hins vegar mjög athyglisvert, að hinn síðari greindra samninga er undirritaður af stefnanda hinn 4. júlí 1960, eða *eftir* að kaupsamningnum var *þinglýst*.

Síðastgreind tvö atriði auk alls orðalags samningsins sjálfs

verða því mjög til að styrkja þær staðhæfingar stefndu, að samningurinn hafi frá upphafi verið málamyndagerningur. Þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir bæði athafnaleysi stefnanda í þá átt að reka réttar síns skv. samningnum til afsals og „pro forma"-einkenni samningsins sjálfs þykir þó varhugavert að telja sannað, að svo hafi verið í upphafi.

Það virðist hins vegar ljóst og ótvírætt sannað, að stefnandi hefur í veigamiklum og mjög verulegum greinum vanefnt samninginn af sinni hálfu og að þær vanefndir hafi komið fram mjög fljótlega eftir undirritun hans, fyrst og fremst með því að vanrækja með öllu að taka að sér greiðslu víxilskulda þeirra, veðtryggðra í umþrættri eign, er að framan greinir. Þegar þessar vanefndir, sem telja verður þess eðlis, eins og allt var í pottinn búið, að samningurinn hafi verið óskuldbindandi fyrir stefnda Jón, jafnvel án formlegrar riftunar, eru skoðaðar í ljósi innri framkomu stefnanda, þ. á m. þess, að skuldfæra stefnda Jóni eftirstöðvar söluandvirðisins þegar fljótlega eftir samningsgerðina og síðan árum saman með vöxtum, svo og ytri framkoma hans, sbr. athafnaleysi og undirritun dskj. nr. 10 og 11, þykir mega fullljóst vera, að samningurinn er ekki þess eðlis, að hann veiti stefnanda nokkurn þann rétt hlutbundinn eða annars eðlis, er á megi byggja heimild til ógildingar afsali stefnda Jóns til þriðja manns árið 1961.

Þinglýsing téðs samnings getur engu breytt hér um, og því síður skapar stefnanda endurvakinn eða nýjan rétt einhliða ákvörðun hans um að láta samninginn verða „virkan".

Þegar af greindum ástæðum þykir ástæðulaust að taka afstöðu til skuldajafnaðarréttar Jóns Hjaltalíns vegna framkvæmdastjórnarlauna gagnvart kröfum stefnanda né þýðingu þess, að viðskipti þessara aðilja urðu ekki gerð upp af ástæðum, sem samkvæmt eðli máls verður að telja stefnanda bera höfuðábyrgð á sem þess aðilja, er betri afstöðu hafði til reikningsskila.

Þá þykir eigi ástæða til að taka afstöðu til þýðingar þessa atriðis, þótt til sömu áttar hnígi og fullsannað þyki í málinu, að umrætt árabil taldi stefndi Jón Hjaltalín umrædda stöð alla sem sína eign í skattframtölum, en það gerði stefnandi hins vegar aldrei, að því er umþrættan helming varðaði.

Af framangreindum ástæðum má vera ljóst, að engin rök eru til að taka dómkröfur stefnanda í málinu til greina, og ber því að sýkna hina stefndu.

Vítakröfur og sekta hafa eigi verið hafðar uppi í málinu á þann hátt og í því formi, að til álita komi.

Eftir úrslitum málsins þykir bera að dæma stefndu málskostnað úr hendi stefnanda. Þykir málskostnaður með hliðsjón af áætluðu verðmæti hins umdeilda eignarhluta hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00, og er þá tekið tillit til þess, að skeytingarleysi stefnda Jóns og heimildarmanns meðstefndu, Silfurborgar h/f, um uppgjör viðskipta átti sinn þátt í að gera málið flóknara en ella hefði þurft.

Áður hefur verið gerð grein fyrir drætti á málarekstri í sambandi við ítrekaðar frestveitingar til framlagningar greinargerðar og síðar aðiljaskýrslu o. fl. af hálfu stefndu, en hins vegar meintri framlagningu fleiri greinargerða, útivistum, fyrirvaralausum málflytjendaskiptum og drætti á málflutningi af hálfu stefnanda.

Dráttur sá, er orðið hefur á dómsuppsögu, stafar af öðrum þræði af óhemju önnum dómarans, er auk aðalstarfa síns var settur bæjarfógeti í fjarveru hins reglulega bæjarfógeta vegna setu á Alþingi, en í annan stað er mál þetta allumfangsmikið, flókið og illt viðureignar. Dráttur sá, er enn varð eftir þinglok, helgast af enn óviðráðanlegum önnum dómarans, er nú var jafnframt settur bæjarfógeti í öðru lögsagnarumdæmi.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Silfurborg h/f og Jón B. Hjaltalín, skulu sýknir vera af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi, Ásmundur h/f, greiði stefndu sameiginlega kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1967.

Nr. 66/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Baldri Guðmundssyni
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Er ákærði hélt eftir af kaupi Péturs Jóhannssonar kr. 75.000.00, gaf hann honum kvittun hinn 20. desember 1965 þess efnis, að Pétur hefði af kaupi sínu greitt þessa fjárhæð til Gjaldheimtunnar í Reykjavík.

Brot ákærða er í héraðsdómi réttilega heimfært undir 247. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 3. apríl 1967, um, að ákærði hafi hinn 30. marz s. l. greitt Gjaldheimtunni kr. 75.000.00 vegna Péturs Jóhannssonar, Ljósvallagötu 22.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að eigi hefur fyrr en 17. febrúar 1967 verið höfðað opinbert mál út af sams konar atferli og því, er ákærði er nú saksóttur fyrir, þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar hans, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi 4 mánuði, skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlag nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði al-

mennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1967.

Ár 1967, mánudaginn 27. febrúar, var á dómþingi sakdóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 69/1967: Ákæruvaldið gegn Baldri Guðmundssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útg. 17. þ. m., gegn Baldri Guðmundssyni útgerðarmanni, Goðheimum 9 hér í borg, fæddum 14. maí 1911 á Patreksfirði, „fyrir fjárdrátt með því að standa Gjaldheimtunni í Reykjavík ekki skil á og þannig draga sér kr. 75.000.00, sem hann hélt eftir til greiðslu opinberra gjalda af kaupi Péturs Jóhannssonar sjómanns, Ljósvallagötu 22 í Reykjavík, skipverja á m/s Guðmundi Þórðarsyni, eign ákærða, samkvæmt kvittun, dagsettri 20. desember 1965.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar."

Í máli þessu er leitt í ljós, að á árinu 1965 hélt ákærði eftir til greiðslu opinberra gjalda kr. 75.000.00 af kaupi Péturs Jóhannssonar, Ljósvallagötu 22, en hann var á því ári skipstjóri á v/b Guðmundi Þórðarsyni, sem þá var eign ákærða. Ákærði skilaði þessu innheimtufé ekki til Gjaldheimtunnar. Hinn 18. júlí 1966 krafði Gjaldheimtan ákærða um skil á fé þessu, en ekki greiddi ákærði féð að heldur. Hins vegar galt hann kr. 4.240.00, sem hann hafði haldið eftir af kaupi annars manns í sama skyni, en um fjárhæð þessa var krafa gerð í sama bréfi Gjaldheimtunnar.

Í málinu er komið fram, að 28. sept. kærði Gjaldheimtan ákærða enn fyrir vanskil á kr. 22.933.00, er hann hafði haldið eftir af launum eins starfsmanns síns, en ákærði greiddi kröfu

þessa, eftir að lögreglurannsókn hafði farið fram, og tekur málshöfðunin ekki til þessa atriðis.

Með því að nota í eigin þarfir kr. 75.000.00, er ákærði hafði haldið eftir af launum starfsmanns síns og voru þannig orðnar eign opinberra sjóða, hefur ákærði gerzt sekur um fjárdrátt og unnið til refsingar skv. 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingu fyrir auðgunarbrot, en 14 sinnum sætzt á greiðslu sekta, þar á meðal 4 sinnum fyrir misnotkun tékka (brot gegn 261. gr. hegnl.).

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Ekki þykir fært að skilorðsbinda refsinguna, þar sem um verulega fjárhæð er að tefla, og ákærði hefur ekki bætt að neinu leyti tjón af þessu broti sínu, og eru þó liðnir 7 mánuðir, frá því að Gjaldheimtan krafði ákærða um greiðslu og yfir 4 mánuðir, frá því að lögreglurannsókn hófst út af brotinu.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar.

Í ákæru er málið sagt höfðað einnig til skaðabótagreiðslu. En með því að Gjaldheimtan hefur í kærubréfi sínu ekki krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til fjárgreiðslu, enda er hér um að ræða opinber gjöld, er lögtaksréttur fylgir, verða bætur ekki dæmdar í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. júní 1967.

Nr. 67/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Haraldi Bjarna Bjarnasyni
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Er haldið var eftir af kaupgreiðslum starfsmanna ákærða, Guðmundar Jónssonar og Þorleifs Vagnssonar, var þeim gefin kvittun fyrir hverri einstakri greiðslu, sem þannig var haldið eftir af kaupi þeirra, og þess getið á kvittununum, að um væri að ræða greiðslu opinberra gjalda.

Brot ákærða er í héraðsdómi réttilega heimfært undir 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Gjaldheimtunnar í Reykjavík, dags. 4. apríl s.l., þar sem segir, að ákærði hafi hinn 28. febrúar s.l. greitt Gjaldheimtunni vegna Guðmundar Jónssonar, Höfðaborg 64, kr. 9.700.00 og vegna Þorleifs Vagnssonar, Vesturvallagötu 1, kr. 21.000.00.

Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að eigi hefur fyrr en 17. febrúar 1967 verið höfðað opinbert mál út af sams konar atferli og því, sem ákærði er nú saksóttur fyrir, þykir mega ákveða að fullnustu refsingar hans, sem er hæfilega tiltekin í héraðsdómi, fangelsi 3 mánuði, skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Bjarni Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 66/1967: Ákæruvaldið gegn Haraldi Bjarna Bjarnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með kæru, útg. 17. þ. m., gegn Haraldi Bjarna Bjarnasyni múrarameistara, forstjóra Byggingafélagsins Goða h/f, til heimilis Reynimel 28 hér í borg, fæddum 27. janúar 1909 á Stokkseyri, „fyrir fjárdrátt með því að standa ekki Gjaldheimtunni í Reykjavík skil á og þannig draga sér eða félaginu eftirtaldar fjárhæðir, sem hann á árinu 1966 hélt eftir til greiðslu opinberra gjalda af kaupi eftirtalinna tveggja starfsmanna félagsins:

1. Guðmundur Jónsson, Höfðaborg 64, kr. 9.700.00.
2. Þorleifur Vagnsson, Vesturvallagötu 1, kr. 21.000.00.

Telst þetta varða við 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta, annað hvort persónulega eða fyrir hönd félagsins, og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir.

Ákærði er forstjóri Byggingafélagsins Goða h/f. Á árinu 1966 unnu hjá félaginu meðal annarra þeir Guðmundur Jónsson, Höfðaborg 64, og Þorleifur Vagnsson, Vesturvallagötu 1. Ákærði hélt eftir af launum Guðmundar sumarið 1966 samtals kr. 9.700.00

til greiðslu á opinberum gjöldum hans. Ákærði stóð Gjaldheimtunni ekki skil á fé þessu. Gjaldheimtan krafði hann um skil með bréfi 12. sept. og kom fyrir ekki, og kærði Gjaldheimtan ákærða hinn 16. sept. Í tilefni af kærunni kom ákærði fyrir rannsóknarlögreglu 7. okt., viðurkenndi brotið, kvaðst ekki geta staðið skil á fénu þá þegar, en lofaði að gera það fyrir 31. okt., en ekki stóð ákærði við það. Þá er einnig leitt í ljós, að ákærði hélt á sama hátt eftir kr. 21.000.00 af launum Þorleifs Vagnssonar og stóð ekki skil á þeirri fjárhæð þrátt fyrir áskorun Gjaldheimtu í bréfi 8. nóv. Ákærði kom 19. des. f. á. fyrir rannsóknarlögreglu vegna kæru, sem Gjaldheimtan hafði sent 21. nóv. Viðurkenndi hann þá vanskil sín og kvaðst ekki hafa fé handbært til greiðslunnar, en vonaðist til, að það yrði fyrir áramót. Ekki varð þó úr greiðslu.

Við meðferð máls þessa hefur ákærði kannazt við, að hann hafi haldið eftir þeim fjárhæðum, sem í ákæru greinir, en ekki haldið þeim sérgreindum og hafi fé þessu runnið inn í rekstur fyrirtækisins. Hafi vegna fjárhagsvandræða félagsins ekki verið hægt að standa skil á fénu enn.

Er þannig sannað, að ákærði hefur notað samtals kr. 30.700.00, sem opinberir sjóðir voru eigendur að, í þágu fyrirtækis þess, er hann veitir forstöðu, og þannig gerzt sekur um fjárdrátt og unnið til refsingar skv. 247. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði hefur tvisvar verið dæmdur til refsingar fyrir umferðarbrot og 23 sinnum sætzt á greiðslu sekta fyrir umferðarbrot. Hann hefur einnig hinn 27. okt. f. á. sætzt á 13.000 kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. alm. hegningarlaga (misnotkun tékka).

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði.

Ákærði hefur að vísu ekki sætt fyrr kæru fyrir auðgunarbrot. En þar sem hér er um auðgunarbrot, er tekur til samt. kr. 30.700.00, að ræða, og ákærði hefur engan lit sýnt á að bæta fyrir brotið þrátt fyrir áskoranir og þótt liðnir séu meira en 4 mánuðir, frá því að lögregluransókn hófst, verður refsingin ekki skilorðsbundin.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar.

Í ákæru er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til skaðabótagreiðslu. En með því að Gjaldheimtan hefur í kærubréfum sínum ekki krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til fjárgreiðslna, enda er hér um að ræða opinber gjöld, er lögtaksréttur fylgir, verða bætur ekki dæmdar í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Haraldur Bjarni Bjarnason, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1967.

Nr. 40/1966. **Magnús Einarsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Guðrún Erlendsdóttir hdl.)
og
Samvinnutryggingum
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Farmflutningur. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. marz 1966 og gert þær dómkröfur, að stefndu verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 88.000.00 með 8% ársvöxtum frá 14. maí 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Áfrýjandi hafði árum saman flutt út sams konar vörur, sem í máli þessu greinir. Af málflutningi hans hér fyrir dómi verður það ráðið, að hann telji, að nauðsynlegt hefði verið að flytja vörurnar í kæligeymslu vegna flutningsvegalengdar og árstíma þess, sem flutningurinn fór fram á. Í farmskír-

teini því, sem stefndi H/f Eimskipafélag Íslands gaf út fyrir vörum þessum 14. maí 1963, er þess eigi getið, að vörurnar skuli fluttar í kæligeymslu, og eigi hefur áfrýjandi sannað, að svo hafi verið sérstaklega umsamið.

Stefndi H/f Eimskipafélag Íslands tilkynnti áfrýjanda fyrst munnlega 4. eða 5. júlí 1963 og síðar bréflega 10. og 12. s. m., að vörurnar lægju í Liverpool og fengjust ekki fluttar vestur um haf vegna skemmda á þeim, sem talið væri, að rekja mætti til mistaka við niðurlagningu síldarinnar í dósirnar. Þá væri þess krafizt af heilbrigðisyfirvöldum á geymslustaðnum, að vörurnar yrðu fjarlægðar. Þrátt fyrir þetta gerði áfrýjandi engar ráðstafanir til að láta rannsaka vörurnar og orsakir til skemmda á þeim. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er varðar stefnda H/f Eimskipafélag Íslands.

Í 5. gr. vátryggingarskilmála stefnda Samvinnutrygginga undanþiggur félagið sig allri ábyrgð á tjónum, sem stafa af töfum eða eðlislægum göllum hinna vátryggðu vara. Samkvæmt þessu ákvæði, sem samrýmist 62. gr. laga nr. 20/1954, og svo því, sem fram er komið um orsakir til skemmdanna á hinum vátryggðu vörum, verður eigi talið, að hér hafi verið um bótaskylt tjón að ræða. Ber því einnig að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar stefnda Samvinnutryggingar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu og með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 20. desember 1965.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 26. nóvember s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 5. nóvember 1964 og þingfest 13. sama mánaðar. Stefnandi er Magnús Einarsson forstjóri, Hátúni 8 í Reykjavík. Hann stefnir

H/f Eimskipafélagi Íslands og Samvinnutryggingum, Reykjavík, og krefst þess, að félögin verði in solidum dæmd til að greiða honum 88.000.00 krónur ásamt 8% ársvöxtum frá 14. maí 1963 til greiðsludags svo og málskostnað. H/f Eimskipafélag Íslands krefst aðallega sýknu og málskostnaðar, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og vextir reiknaðir 7% p. a. frá stefnudegi. Samvinnutryggingar krefjast sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi máls þessa flutti út niðurlagða síld í dósum með m/s Lagarfossi, skipi H/f Eimskipafélags Íslands, sem fór frá Reykjavík 14. maí 1963. Með Lagarfossi fór vörusending þessi til Hamborgar, en þaðan skyldi hún flutt til Halifax í Kanada. Umboðsmaður H/f Eimskipafélags Íslands í Hamborg kom vörusendingunni í skip, sem flutti hana til Liverpool, þar sem henni skyldi skipað um borð í annað skip til flutnings vestur um haf. Í Liverpool kom í ljós, að síldin var skemmd orðin, og fór svo, að henni var fleygt að boði heilbrigðisyfirvalda. Sjóvátrygging hafði verið keypt hjá Samvinnutryggingum. Í málinu gerir stefnandi kröfu um, að stefndu greiði honum tjón hans af þessum sökum.

Dómendur hafa haft frumkvæði að því, að aflað var gagna um ástand síldarinnar um það leyti, sem hún var flutt frá Reykjavík. Stefnandi skýrir svo frá, að hér hafi verið um að ræða síld, sem söltuð hafi verið í tunnur á Seyðisfirði seint í ágúst 1961. Tunnurnar virðast síðan hafa verið fluttar til Reykjavíkur og geymdar þar úti við þar til árið eftir. Eitthvað mun þó hafa verið tekið af síldinni og lagt niður í dósir að fyrirsögn stefnanda, en síðan flutt út sem sýnishorn. Einhvern tíma um mitt árið 1962, að því er stefnandi skýrir frá, var öll síldin síðan lögð niður í dósir. Voru þær af tveimur stærðum og ýmist 5 eða 15 ensk pund í hverri. Dósunum var komið í kælda geymslu í Fiskhöllinni í Reykjavík, og þar voru þær þar til í maí 1963. Þess er að geta, að stefnandi mun um allmargra ára skeið hafa látið leggja niður síld með sérstakri aðferð og flutt hana út.

Áður en stefnandi flutti út síldina í maí 1963, fór hann ekki að fyrirmælum 3. greinar reglugerðar um framleiðslu, mat og útflutning á niðursoðnum og niðurlögðum fiskafurðum nr. 14/1958. Fór engin rannsókn fram hjá Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans, svo sem fyrirskipað er í reglugerðinni. Venja er, að athugað sé við afgreiðslu tollskjala, hvort slík rannsókn hefur verið gerð, en upplýst er, að stefnandi fékk tollskjöl sín afgreidd án þess að sýna vottorð frá iðnaðardeild. Hann fékk útflutnings-

leyfi frá viðskiptamálaráðuneytinu með venjulegum hætti, en við útgáfu slíkra leyfa mun ekki vera venja að ganga úr skugga um, hvort iðnaðardeildin hafi dæmt vöruna hæfa til útflutnings samkvæmt áðurnefndri reglugerð.

Lögmaður stefnanda hefur lagt fram nokkur vottorð, sem hann kveður veita upplýsingar um ástand síldarinnar, sem málið snýst um. Samkvæmt vottorði frá Hótel Borg h/f, undirrituðu af Pétri Daníelssyni hótelstjóra, keypti hann 12 dósir af síldarflökum af stefnanda 29. apríl 1963. Kveður hann hér hafa verið um að ræða afbragðsgóða og ljúffenga neyzluvöru. Í vottorði frá Steingrími Magnússyni, forstjóra Fiskhallarinnar, segir m. a.: „Ég undirritaður var viðstaddur, er Magnús Einarsson tók dósasíldina úr kæliklefanum, og fékk ég nokkrar dósir keyptar af Magnúsi Einarssyni, og reyndist það vera hin bezta vara. Ekki var ég þess var, að nokkur þrýstingur hefði myndazt í dósunum, en það kemur fljótt í ljós á endum eða botnum og lokum dósanna, ef þrýstingur hefur myndazt, — verða þá botnarnir kúptir að meira eða minna leyti.“ Þeim tveim vottorðum, sem hér um ræðir, hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem málinu óviðkomandi. Þá er því og haldið fram af þeirra hálfu, að hér sé ekki fjallað um síld úr sömu sendingu og málið snýst um. Síðar voru lögð fram vottorð frá fjórum mönnum í Reykjavík, og segir í þeim, að þeir hafi keypt síld í dósum af stefnanda veturinn 1962—1963 og að um góða vöru hafi verið að ræða.

Sem fyrr segir, var síld sú, sem málið snýst um, flutt til Hamborgar með m/s Lagarfossi. Skipið mun hafa látið úr höfn í Reykjavík 14. maí 1963. Upplýst er, að varan var flutt sem hver önnur stykkjavara, hvorki í kæli- né frystirúmi. Ekki er fram komið, að henni hafi sérstaklega verið valinn staður í lest. Í málinu hefur verið lagt fram afrit farmskírteinis þess, sem H/f Eimskipafélag Íslands gaf út. Nokkur atriði úr því skulu tekin hér upp.

„... BILL OF LADING.

... 4. THE SCOPE OF THE VOYAGE. The contract is for liner service and includes all usual departures from the direct and immediate transport. Thus the voyage herein contracted for shall include usual or customary or advertised ports of call whether named in this contract or not, also ports in or out of the advertised, geographical, usual or ordinary route or order ...

5. FORWARDING, SUBSTITUTE OF VESSEL, THROUGH

CARGO AND TRANSSHIPMENT. Whether arranged beforehand or not, the Carrier to be at liberty to carry the goods to their port of destination by the said or other vessel or vessels either belonging to the Carrier or other persons or companies ... and to transship, land and store the goods either on shore or afloat and reship and forward the same at Carrier's expense but at Shippers risk, also to convey the goods in lighters to and from the vessel at Shipper's risk. In cases where the ultimate destination at which the Carrier may have engaged to deliver goods is other than the vessel's port of discharge, the Carrier acts as Forwarding Agent only.

The responsibility of the Carrier shall be limited to the port of the transport performed by him in a vessel under his management and no claim will be acknowledged by the Carrier for damage and/or loss arising during any other part of the transport even though the freight for the whole transport has been collected by him.

The cargo to be forwarded as soon as practicable but the Carrier not to be liable for any delay. ...
SHIP: M.S. „LAGARFOSS". PORT OF LOADING: REYKJAVIK.
PORT OF DESTINATION: HALIFAX/CANADA.
with trans-shipment at Hamburg ...".

Á eftir þessu er rakið í farmskírteininu, hverjar upplýsingar um vöruna stefnandi hafi látið í té. Segir þar, að um sé að ræða 129 kassa, samtals 1.820 kg. að þyngd. Þess er að engu getið á farmskírteininu, að vöruna eigi að flytja með sérstökum hætti, en vörulýsingin sjálf er þannig: „Matjes Herring Fillets (canned)". Loks segir í skírteininu m. a., að varan hafi virzt í góðu ástandi, er henni var skipað um borð. Farmskírteinið var gefið út 14. maí 1963.

Reynt hefur verið að fá upplýsingar um viðræður og hugsanlega munnlega samninga stefnanda og starfsmanna H/f Eimskipafélags Íslands. Sama dag og málið var dómtekið komu fyrir dóm og gáfu skýrslur stefnandi sjálfur svo og Kjartan Hjaltested, fulltrúi á skirfstofu skipafélagsins. Bar mjög á milli í skýrslum þeirra. Stefnandi kvaðst „hafa tekið stranglega fram við Eimskipafélagið, þegar samið var um flutninginn í maí 1963, að varan skyldi alltaf vera í kæli". Hann sagði, að á umbúðirnar hefði verið stimplað: „Keep in a cool place". Þá skýrði stefnandi enn fremur svo frá, að um það hefði verið samið, að vörunum skyldi ekki umskipað nema einu sinni á leiðinni til Halifax.

Eftir Kjartani Hjaltested var m. a. bókað:

„Mætti kveðst geta fullyrt, að ekki hafi verið minnzt á það, að varan skyldi flutt í kæli. Tekur hann fram, að kælirými sé í Lagarfossi, en niðurlögð og niðursoðin vara sé aldrei flutt í kæli í skipum félagsins og aldrei sé um slíkt talað.

Mætti segir, að þess sé getið á farmskírteininu, ef vöru á að flytja í kæli, og sérstaklega er um það beðið. Mætti tekur fram, að niðurlögð vara sé falin Eimskipafélaginu til flutnings á öllum tímum árs, en þó minna að sumarlagi, og aldrei flutt í kæli.

Að ósk lögmanns stefnanda er vitnið spurt, hverju svarað mundi, ef beðið væri um flutning í kælirými á niðurlagðri síld. Vitnið segir, að viðkomanda mundi bent á, að slík vara væri yfirleitt ekki flutt í kæli. Hann kveðst búast við, að félagið mundi ekki hafa tekið að sér flutning í kæli, enda hafi verið um lítið magn að ræða, um 2 tonn, og því erfitt að koma kæliflutningi við ... Vitnið segir, að þeir stefnandi hafi alls ekki samið um, að vörunni skyldi einungis umskipað í Hamborg."

Síðar kom fram í framburði vitnisins, að sérstakt aukagjald er greitt til skipafélagsins, ef vara er flutt í kælirými. Er ekki fram komið, að stefnandi hafi greitt slíkt gjald.

Þess er áður getið, að hin niðurlagða síld, sem málið snýst um, var flutt út með m/s Lagarfossi, sem sennilega lagði úr höfn í Reykjavík 14. maí 1963. Ekki er fram komið, hvenær skipið kom til Hamborgar. H/f Eimskipafélag Íslands hefur ekki sjálft skrifstofu í Hamborg, en umboðsmaður þess er fyrirtækið Theodor & P. Eimbcke. Í skeyti frá þessu fyrirtæki til skipafélagsins segir, að við komuna til Hamborgar hafi einn kassi (af 129) verið opinn og ekki fullur, en skemmdir hafi orðið á vörum og umbúðum í tveim kössum. Um þessar skemmdir er ekkert annað fram komið í málinu.

Síldin var flutt frá Hamborg til Liverpool með skipinu m/s Finkenau. Þetta skip virðist hafa farið frá Hamborg 6. júní og komið til Liverpool 13. júní. Ljóst er, að umboðsmaður H/f Eimskipafélags Íslands í Hamborg hefur útvegað skiprúmið, og er því haldið fram af hálfu beggja félaganna, að ekki sé um að ræða reglulegar siglingar frá Hamborg til Halifax að sumarlagi og að hér hafi verið um eðlilegustu leið að ræða.

Svo er frá skýrt af hálfu H/f Eimskipafélags Íslands, að ætlunin hafi verið, að síldin yrði send til Halifax með skipinu Heering Rose, sem lagði úr höfn í Liverpool 20. júní. Hins vegar kom fram, áður en til útskipunar kæmi, að skemmd var í síldinni.

Hinn 1. júlí var gefin skýrsla um skoðun, sem fram fór á vegum The Liverpool & Glasgow Association for the Protection of Commercial Interests as respects Wrecked and Damaged Property, Ltd. Skoðunarmaðurinn segir m. a.:

„Upon attendance at the loading berth I found mostly all the cartons stained by own contents or from the contents of others.

Upon opening a number of cartons both stained and otherwise, I found a very high proportions of the cans „blown" and some had burst allowing the oil in which the contents of the cans are packed to escape.

Whilst there are isolated cans which have been crushed and are burst in consequence, the main cause of the external staining is attributable to cans burst as the results of blowing.

A very high proportion of the cans of both sizes are blown and if the intended transit is being considered I recommend for account of whom it may concern and without prejudice to liability that the 129 cartons should be placed into the hands of a local firm who specialise in class of work in order that the sound cans may be separated from the damaged and the sound repacked.

A "blown" can is, in my opinion, the results of faults during the canning process ...".

Í bréfi frá A. B. Semple prófessor, yfirmanni heilbrigðismála við Liverpoolhöfn, sem dagsett er 6. ágúst 1963, segir svo um síldina, sem mál þetta snýst um:

„... I have to state that this consignment was examined by an inspector of the Authority and it was found that all the cans were blown and the majority were leaking: the whole of the contents of the cans were unfit for human consumption."

Samkvæmt vottorði sama prófessors frá 9. október 1963 var síldinni að lokum fleygt sem óhæfri til manneldis.

Í bréfi frá fyrirtæki því, sem annaðist geymslu vörunnar í Liverpool, til H/f Eimskipafélags Íslands, sem dagsett er 28. nóvember 1963, segir m. a.: „... It is the opinion of the Cargo Surveyers of the "FINKENAU", Messrs. Hicks Parkes & Hoyke, that the cause of the damage was attributed to the failure of the cans to withstand normal ocean transit."

Fjöldamörg skjöl, sem hér hefur að engu verið getið, hafa verið lögð fram í málinu til að upplýsa það, sem fram fór, eftir að hin umdeilda síld var komin á hafnarbakka í Liverpool. Þykir eigi ástæða til að rekja efni þeirra. Þess er þó að geta, að stefnanda málsins barst tilkynning frá Theodor & F. Eimbcke, dag-

sett 18. júní 1963, þar sem segir, að vörusendingu hans hafi verið umskipað í Hamborg í skipið „Herring roose" og að búizt sé við því, að skipið komi til Halifax 29. júní eða þar um bil. Sem fyrr greinir, var síldinni skipað um borð í skipið Finkenau í Hamborg, en til stóð, að henni yrði síðar skipað um borð í áðurnefnt skip í Liverpool, þó að úr því yrði ekki.

Síld sú, sem um er deilt, var sjóvátryggð hjá Samvinnutryggingum, og var skírteini útgefið af félaginu 20. maí 1963. Segir þar, að um sjóvátryggingu sé að ræða með „All Risks" skilmálum. „Certificate of Insurance" var einnig gefið út, og er það dagsett fjórum dögum fyrr en tryggingarskírteinið sjálft, þ. e. 16. maí 1963. Í hinum prentaða texta þess skjals segir m. a.:

„... INSTITUTE CARGO CLAUSES (ALL RISKS).

... 5. This insurance is against all risks of loss or damage to the subject-matter insured but shall in no case be deemed to extend to cover loss damage or expense proximately caused by delay or inherent vice or nature of the subject-matter insured ...".

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verðmæti síldar þeirrar, sem fleygt var í Liverpool, hafi verið 88.000.00 krónur og að hún hafi verið óskemmd og útflutningshæf, þegar henni var skipað um borð í m/s Lagarfoss í Reykjavíkurhöfn.

Því er haldið fram, að H/f Eimskipafélag Íslands sé ábyrgt vegna tjóns stefnanda, þar sem félagið hafi vanrækt að flytja síldina í kældri lest til Hamborgar, vanrækt að útvega skiprúm beint til Halifax og vanrækt að sjá um, að síldin væri í kæli alla leið þangað. Sagt er, að skipafélaginu hafi borið að sjá um þessi atriði, þar sem um þau hafi verið samið milli stefnanda og starfsmanns félagsins. Að því er varðar flutninginn beint frá Hamborg til Halifax, er því einnig haldið fram, að farmskírteinið beri með sér, að skipafélagið hafi lofað að sjá um hann, þar sem þess sé þar getið, að vörunni eigi að umskipa í Hamborg, en ekki minnzt á, að það skuli annars staðar gert. Einnig er af hálfu stefnanda sagt, að tilkynning sú frá umboðsmanni skipafélagsins í Hamborg, sem nýnefnd er, staðfesti þetta.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Samvinnutryggingar séu skuldbundnar til að bæta tjón það samkvæmt sjóvátryggingarsamningi stefnanda og félagsins. Því er mótmælt, að síldin hafi orðið ónýt vegna eigin eðlis, en því haldið fram, að ástæðan hafi verið röng meðferð vörunnar, eftir að hún hafði verið afhent H/f Eimskipafélagi Íslands.

Af hálfu H/f Eimskipafélags Íslands er því haldið fram, að félagið hafi aðeins tekið að sér að flytja síld fyrir stefnanda til Hamborgar og útvega þar skiprúm til Halifax með eða án umhleðslu. Ekkert hafi verið um það samið, að varan skyldi flutt í kæli. Sýknukrafan, sem félagið gerir, er á því byggð, að það hafi uppfyllt skyldur sínar, enda hafi það, eins og á stóð, verið eðlilegt, að síldin væri send til Liverpool til umhleðslu. Því er haldið fram, að félaginu beri ekki að bæta neitt tjón, sem kunni að hafa orðið á vörunni, ef aðiljar, sem við henni hafi tekið í Hamborg, eigi sök á því, og er um það vitnað til farmskírteinisins. Jafnframt er því haldið fram, að ekki sé um neina slíka sök að ræða. Af hálfu skipafélagsins er tekið fram, að bersýnilegt sé, að síldin hafi eyðilagzt vegna spillingar í henni sjálfri og á slíkum skemmdum beri farmflytjandi enga ábyrgð, sbr. 147. gr. laga nr. 56/1914.

Varakrafa H/f Eimskipafélags Íslands er á því byggð, að ósannað sé, hvert verið hafi verðmæti síldarinnar, sem eyðilagðist, svo og á því, að stefnandi hafi vanrækt að gera nokkrar ráðstafanir til að vernda og ráðstafa síldinni í Liverpool.

Af hálfu stefndu Samvinnutrygginga er því haldið fram, að síldin, sem málið snýst um, hafi ekki verið í því ástandi, er hún var flutt frá Reykjavík, að hún hafi verið útflutningshæf. Hvort sem svo hafi verið eða ekki, hafi hún orðið ónýt á leið til Ameríku, þar sem hún hafi ekki þolað flutning, sízt að sumarlagi. Hér sé um að ræða tjón vegna innra eðlis vörunnar sjálfrar, en beint sé fram tekið í skilmálum þeim, sem settir voru um tryggginguna, að slíkt tjón beri ekki að bæta.

Niðurstaða.

Dómendur telja, að byggja verði á því í málinu, að síldin hafi ekki verið hæf til útflutnings, þegar hún var flutt frá Reykjavík 14. maí 1963. Stefnandi vanrækti að fá síldina rannsakaða samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 14/1958. Síldin var orðin allgömul og almennt vafasamt, að hún væri hæf til útflutnings. Með tilliti til þessara tveggja atriða verður að telja, að stefnandi verði að sanna, að um útflutningshæfa vöru hafi verið að ræða. Vottorð þau, sem af hans hálfu hafa verið lögð fram, verða ekki talin fela í sér slíka könnun þegar af þeirri ástæðu, að gæði til neyzlu eins og þeirrar, sem lýst er í vottorðunum, segja ekki til um hæfni til útflutnings. Verður og ekki um gæði síldarinnar dæmt eftir því einu, hvort dósir halda enn lagi sínu, en um það atriði ræðir í vottorði Steingríms Magnússonar, sem áður er

vikið að. Verður því niðurstaðan sú, að ósannað sé, að síldin, sem um er deilt, hafi verið hæf til útflutnings.

Þegar af þeirri ástæðu, sem nú hefur verið nefnd, verður að telja, að síldin hafi orðið ónýt vegna eigin eðlis. Ber því að sýkna bæði hin stefndu fyrirtæki: H/f Eimskipafélag Íslands, sbr. 147. gr. laga nr. 56/1914, sem voru í gildi til 1. júlí 1963, og Samvinnutryggingar vegna ákvæðis þess í tryggingarskilmálunum, sem áður er rakið.

Dómendur telja, að sýkna bæri stefndu, þótt fyrir lægi, að síldin hefði verið hæf til útflutnings í nægilega góðu flutningarými. Það er álit dómenda, að í málinu verði að byggja á því, að ekkert hafi verið um það samið milli stefnanda og H/f Eimskipafélags Íslands, að hin umdeilda síld skyldi flutt í kæli til Hamborgar eða lengra. Um þetta segir ekkert í farmskírteininu, — vitað er, að félagið tekur slíka flutninga yfirleitt ekki að sér, og skýrsla stefnanda eins sannar ekki hið gagnstæða. Samkvæmt ákvæði farmskírteinisins ber skipafélagið aðeins ábyrgð vegna flutnings til Hamborgar svo og á því, að vörusendingunni sé komið þar til flutnings til Halifax.

Vegna áskilnaðar í 5. tölulið farmskírteinisins verður að telja, að heimilt hafi verið að senda vöruna til Liverpool til umhleðslu. Tilkynning umboðsmanns félagsins í Hamborg til stefnanda, sem áður er nefnd, breytir hér engu. Með tilliti til þessa yrði bótaábyrgð aðeins byggð á hinni almennu reglu 147. greinar siglingalaga nr. 56/1914. Það er þó ljóst, að skemmdir þær, sem fram komu í vörusendingunni, stöfuðu af spillingu í henni sjálfri, og um bætur samkv. þessu lagaákvæði verður því ekki að ræða.

Þess er að geta, að bótakrafan á hendur skipafélaginu verður eigi byggð á því einu, að á umbúðir síldarinnar hafi verið skráð, að hún þyrfti að geymast á köldum stað. Ákvæði 148. gr. laga nr. 56/1914 eiga ekki hér við, þar sem ekki verður talið, að skipafélagið hafi tekið að sér að flytja síldina í kældri lest. Er það því niðurstaða dómenda, að sýkna beri hið stefnda skipafélag, þótt áðurnefnd sýknuástæða kæmi ekki til. Að því er varðar Samvinnutryggingar, er þess að geta, að það var skylda stefnanda að sjá svo um, að síldin fengi nægilega góða meðferð, til að varnað yrði skemmdum af spillingu í henni sjálfri. Ljóst er, svo sem nýnefnt er, að slíkar skemmdir eyðilögðu vörusendinguna, og verður því ekki um að ræða bætur úr hendi tryggingafélagsins, sbr. áðurnefnt ákvæði tryggingarskilmálanna.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Árni Ólafsson fiskiðnfræðingur og Sveinn Helgason stórkaupmaður.

Dómsorð:

Stefndu, H/f Eimskipafélag Íslands og Samvinnutryggingar, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Magnúsar Einarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 12. júní 1967.

Nr. 49/1967. **Theódóra Stefánsdóttir**
(Árni Grétar Finnsson hdl.)
gegn
Húsatryggingum Reykjavíkurborgar
(Jón P. Emils hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1967. Málinu var upphaflega áfrýjað með stefnu 9. september 1966, en útivistardómur gekk 1. marz 1967. Dómkröfur áfrýjanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 192.000.00 með 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júlí 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., hefur Baldvin Jónsson hæstréttarlögmaður höfðað fyrir hönd Theódóru Stefánsdóttur, Álftamýri 14, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með utanréttarstefnu, dags. 15. janúar 1966, gegn Páli Líndal f. h. Húsatrygginga Reykjavíkurborgar til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 192.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 19. janúar 1965 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hennar hendi eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. júlí 1920 seldi borgarstjórinn í Reykjavík Þórunni Guðmundsdóttur á leigu sem erfðafestuland landspilduna Kringlumýrarblett V, sem er 0.87 hektarar að stærð. Þormóður heitinn Sveinsson, sonur fyrrnefndrar Þórunnar og eiginmaður stefnanda máls þessa, fékk umrædda landspildu að erfðum eftir foreldra sína hinn 6. marz 1959. Þormóður reisti á sínum tíma einlyft íbúðarhús úr timbri á landi þessu og enn fremur skúrbyggingar. Voru mannvirki þessi reist án leyfis bæjaryfirvalda.

Í fyrrgreindum erfðafestusamningi var svofellt ákvæði í 7. gr.: „Hvenær sem bæjarstjórnin telur sig þarfnast landsins handa bænum eða öðrum, er leiguliða skylt að láta af hendi erfðafesturétt sinn, hvort heldur er að öllu landinu eða nokkrum hluta þess, gegn 30 aura endurgjaldi fyrir hvern fermeter af landi í fullri túnrækt.“ Hinn 2. júní 1959 samþykkti bæjarráð að neyta heimildar sinnar samkvæmt þessu ákvæði til að taka landið úr erfðafestu. Voru nú teknir upp samningar við áðurnefndan Þormóð um afhendingu landsins og önnur atriði í því sambandi. Lauk samningum með því, að Þormóður undirritaði hinn 20. júlí 1961 svofellda yfirlýsingu: „Ég undirritaður Þormóður Sveinsson, Kringlumýrarbl. V, Reykjavík, lýsi því hér með yfir, að jafnframt því sem ég hefi afsalað til bæjarsjóðs Reykjavíkur erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti V, hefur bæjarsjóður greitt mér að fullu bætur fyrir íbúðarhús og skúra, sem hafa verið á landinu án leyfis bæjaryfirvalda, svo og bætur fyrir hvers konar átroðning í sambandi við töku landsins.

Umræddar bætur eru kr. 54.400.00, og er endurkaupsverð erfðafestulandsins, kr. 2.610.00, innifalið í þeirri upphæð. Umræddar byggingar eru eign Þormóðs.“ Vitundarvottar að yfirlýsingu þessari eru þau Heiða Tryggvadóttir og Baldur Andrésson. Yfirlýsing þessi var hinn 20. júlí árituð af borgarritara, Gunnlaugi Péturssyni, á þessa leið: „Erfðafestuhafinn, Þormaður Sveinsson, má búa í húsinu á landinu, þar til íbúð hans í Álftamýri 12 er fullgerð.“ Sama dag undirritaði Þormóður svohljóðandi afsalsbréf: „Ég undirritaður Þormóður Sveinsson, Kringlumýrarbl. V, Reykjavík, sel hér með og afsala til bæjarsjóðs Reykjavíkur rétti mínum að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti V, að stærð 0.87 ha., fyrir umsamið endurkaupsverð skv. 7. grein erfðafestubréfsins, útg. 24. júlí 1920, kr. 2.610.00.

Með því að ég hefi fengið að fullu greitt framangreint endurkaupsverð, lýsi ég hér með bæjarsjóð Reykjavíkur réttan og löglegan eiganda landsins og ábyrgist ég söluheimild mína.

Á hinni seldu eign hvíla engin veðbönd.“

Verulegur ágreiningur er með málsaðiljum um, hvern skilning eigi að leggja í fyrrnefnda yfirlýsingu Þormóðs heitins Sveinssonar og hvað hafi raunverulega samizt um með honum og Reykjavíkurborg. Af þeim sökum þykir rétt að rekja nokkuð framburði Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns og fyrrnefnds vitundarvotts Baldurs Andréssonar um samningsgerðina, en þeir hafa báðir komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Vitnið Baldur Andrésson, fulltrúi borgarstjóra, kveðst ekki muna glögglega eftir atvikum, en kjarna málsins þó alveg. Vitnið kveður Gunnlaug Pétursson borgarritara hafa séð um þessa samninga af hálfu borgarinnar og sé sér ókunnugt um, að Tómas Jónsson borgarlögmaður hafi komið þar nærri. Minnir vitnið, að borgarritari hafi gefið því fyrirmæli um að semja fyrrgreinda yfirlýsingu. Hafi það fengið gefna upp punkta og það síðan samið skjalið. Hafi þetta afsal verið tilbúið til undirskriftar á skrifstofu borgarinnar, þegar Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður hafi komið með skjólstæðing sinn, Þormóð Sveinsson, þangað. Vitnið kveður síðustu setningunni hafa verið bætt inn í að beiðni Baldvins Jónssonar og hafi þá verið viðstaddir auk sín aðeins þeir Baldvin og Þormóður. Kveður vitnið Baldvin Jónsson hafa orðað setninguna. Kveðst vitnið hafa talið, að enginn meiningarmunur yrði á skjalinu við þetta, enda hafi það skilið setninguna svo, að Þormóður væri þar með að undirstrika söluheimild sína, taka það fram, að umræddar byggingar væru

hans eign en ekki annarra. Hafi ekki verið óeðlilegt að taka þessa setningu upp í skjalið, þar sem oft séu fleiri en erfðafestuhafar eigendur skúra á slíkum eignum. Vitni þetta, er kveðst hafa gert fjölda af slíkum gerningum sem þeim, er hér um ræðir, segir, að það hafi ekki talið þörf á að benda borgarritara á síðastgreint ákvæði, þar sem það hafi álitið sig gera þetta á réttan hátt. Eigi kveðst vitnið minnast þess, að Baldvin Jónsson hafi orðað skilning sinn á þessu ákvæði, en hins vegar eitthvað um það rætt, að Þormóður mætti hagnýta sér eignirnar, en vitnið segist hafa skilið það þannig, að átt væri við afnotarétt aðeins, og telur ekki minnsta vafa bundið, að samkvæmt afsalinu hafi Þormóður afsalað borgarsjóði til fullrar eignar þeim mannvirkjum, sem þar geti um.

Vitnið Baldvin Jónsson hæstaréttarlögmaður var, svo sem áður er fram komið, Þormóði heitnum til aðstoðar við umræddá samninga hans við Reykjavíkurborg. Vitnið kveður sig og Tómas Jónsson borgarlögmann hafa gert umræddan samning, a. m. k. í aðalatriðum. Hafi samningsþóf staðið í marga mánuði, en ekki kveðst vitnið minnast þess, að Gunnlaugur Pétursson hafi komið nærri samningsgerðinni. Vitnið telur, að yfirlýsing sú, sem Þormóður heitinn undirritaði, hafi verið samin af Tómasi Jónssyni. Segist vitnið hafa rekið augun í það, eftir að skjalið hafði verið samið, en áður en það var undirritað, að bætur væru greiddar fyrir íbúðarhúsið, en vitnið segir þá borgarlögmann hafa samið um, að Þormóður héldi húsinu. Hafi síðustu setningunni þá verið bætt inn í á borgarskrifstofunum og hafi sú setning átt að vera leiðrétting á því, að íbúðarhúsið hefði verið bætt af borgarsjóði. Ekki man vitnið samt, hvort með orðinu „byggingar" hafi verið átt við fleira en íbúðarhúsið. Vitnið segir, að Baldur Andrésson hafi fært inn setninguna, en það hafi áreiðanlega ekki upp á sitt eigið eindæmi gefið honum fyrirmæli um að gera það, en eigi man vitnið samt, hver hafi samið setninguna og eigi heldur, hverjir hafi verið viðstaddir, er það átti sér stað. Ekki minnist vitni þetta þess, að það hafi látið skoðun sína á setningunni í ljós við Baldur Andrésson, enda hafi Baldur ekki tekið þátt í samningsgerðinni.

Ekki er upplýst, hvenær íbúð Þormóðs og stefnanda að Álftamýri 14 var fullgerð, en væntanlega hefur hún verið það, er borgaryfirvöld kröfðust niðurrifs á húsi Þormóðs og stefnanda með bréfi hinn 27. janúar 1962. Ekki varð samt af því, að húsið yrði rifið, og bjuggu Þormóður heitinn og stefnandi máls þessa

í húsinu, unz Þormóður lézt hinn 11. janúar 1964 og stefnandi einn eftir það fram í október sama ár. Þá flutti stefnandi úr húsinu, en stefnandi, sem hafði atvinnu af að baka kökur fyrir verzlanir, vann að bakstri þessum í húsinu fram til þess tíma, er það brann hinn 19. janúar 1965. Munu starfsmenn Reykjavíkurborgar hafa hreinsað burtu brunarústirnar.

Þormóður heitinn Sveinsson hélt áfram að greiða brunabótaiðgjald af húsinu eftir 20. júlí 1961. Nam vátryggingarfjárhæð hússins stefnukröfunni, er það brann. Reisir stefnandi kröfur sínar á því, að umrædd húseign hafi verið í tryggingu hjá stefnda, er það brann, og það þá verið eign stefnanda. Eignarrétti sínum til sönnunar bendir stefnandi á, að Þormóður hafi gefið húsið upp til skatts sem sína eign, að Þormóður hafi greitt fasteignagjöld af húsinu og að Þormóður hafi, svo sem fyrr greinir, greitt brunabótaiðgjald af húsinu. Telur stefnandi, að síðasta setningin í fyrrnefndri yfirlýsingu Þormóðs, „umræddar byggingar eru eign Þormóðs", hafi verið gerð til að leiðrétta það, sem ofar stendur í yfirlýsingunni, að Þormóður hafi þegið bætur fyrir íbúðarhúsið og það þar verið komið í eigu borgarinnar. Hafi bætur þær, sem í yfirlýsingunni greinir, auk bóta fyrir erfðafestulandið verið bætur fyrir skúra, sem á landinu hafi verið, og bætur fyrir hvers konar átroðning í sambandi við töku landsins. Er í því sambandi tekið fram af hálfu stefnanda, að vegagerðarmenn borgarinnar hafi, áður en samningaumleitanir hófust, þurft að brjótast inn á landið og þá rutt einum skúr niður í skurð með öllu, sem í honum hafi verið, þar á meðal bátavél og nokkru af grásleppunetjum. Þá hafi þeir enn fremur rutt burtu vatns- og rafmagnsleiðslum, sem legið hafi að öðrum skúr, þar sem Þormóður heitinn hafi haft hænsni og hafi hann orðið að drepa þau, er skrúinn var rifinn. Fyrir tjón af þessum spjöllum hafi hann fengið kr. 54.400.00 í bætur. Telur stefnandi fráleitt, að þessi fjárhæð hafi átt að vera bætur fyrir húsið, sem hafi haldið fullu verðgildi sínu, enda hafi stefnandi ætlað að flytja það á þann stað, þar sem hún gæti nýtt það til íbúðar. Eignarrétti sínum til sönnunar bendir stefnandi enn fremur á, að afsal hafi aðeins verið gefið fyrir landinu, en ekki húsinu, að í vottorði frá skrifstofum Reykjavíkurborgar sé húsið talið eign Þormóðs og loks, að borgarsjóður hefði átt að hafa frumkvæði um niðurrif eða brottflutning hússins, ef hann hefði verið eigandi þess.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar í fyrsta lagi á því, að Reykjavíkurborg hafi með áðurnefndri yfirlýsingu Þormóðs öðlazt beinan

eignarrétt að umræddu húsi. Telur stefndi, að síðasta setningin í yfirlýsingu Þormóðs eigi aðeins að gefa til kynna, að Þormóði væri heimilt að notfæra sér byggingarnar til niðurrifs. Skírskotar stefndi í því sambandi til vottorðs Gunnlaugs Péturssonar borgarritara, en þar segir, að sá háttur hafi mjög verið tíðkaður af hálfu Reykjavíkurborgar í viðskiptum við fyrrverandi erfðafestuhafa. Telur stefndi það hreina fjarstæðu, að með bótunum, að fjárhæð kr. 54.400.00, hafi borgin eingöngu verið að bæta tjón og spjöll vegna átroðnings. Vitnar stefndi því til stuðnings í nokkur gögn um skilning nokkurra borgarstarfsmanna á umræddum samningum. Er það álit stefnda, að ekki verði um það deilt, að bæjarsjóður hafi á sínum tíma greitt Þormóði fullar bætur fyrir húsið og borgin því átt beinan eignarrétt að húsinu, þótt borgin hafi hins vegar veitt Þormóði rétt til niðurrifs og til að búa í húsinu um stundarsakir. Ekki telur stefndi, að skattskýrslur Þormóðs hafi neina þýðingu, er skera eigi úr um eignarrétt að húsinu, þar sem í þeim dómi komi aðeins fram einhliða viðhorf framteljanda, sem engu máli skipti fyrir lögskipti hans og borgarsjóðs. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að algengt sé í viðskiptum borgarinnar við fyrrverandi erfðafestuhafa, sem borgin leyfi að búa um stundarsakir leigulaust í húseignum sínum, að þeir greiði fasteignagjöld til borgarinnar sem eins konar endurgjald fyrir afnotin. Vitnar stefndi þar til vottorðs Jóns B. Jónssonar, deildarstjóra hjá Reykjavíkurborg, um þessa venju. Ekki telur stefndi heldur, að greiðsla Þormóðs á brunagjaldi af húsinu skeri á neinn hátt úr um eignarrétt að því. Liggi þar næst að ætla, að með því hafi átt sér stað óbeðinn erindisrekstur, þ. e. Þormóður hafi haldið tryggingunni í gildi í umboði borgarsjóðs á sama hátt og hann hafi greitt fasteignagjöldin.

Í öðru lagi telur stefndi hugsanlegt, að Þormóður hafi ætlað að notfæra sér heimild 54. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga og tryggja þá hagsmuni sína í húsinu, sem hann kynni að hafa af niðurrifi þess. Þá hagsmuni verði hins vegar að telja einskis virði, þar sem umboðsmenn borgarinnar hafi leyft Þormóði að nýta húsið til niðurrifs án nokkurs gjalds. Þetta mat borgaryfirvalda verði að telja almennt mat, sem leggja verði til grundvallar, þegar meta eigi þá hagsmuni Þormóðs eða stefnanda, sem kynnu að hafa verið bundnir við húsið. Telur stefndi með tilliti til verðleysis hússins, að vátryggingarsamningurinn sé óskuldbindandi fyrir stefnda samkvæmt 4. gr. laga nr. 20/1954, þar eð alrangar upplýsingar hafi legið fyrir. Beri þar einnig að

gæta þess, að stefnandi hafi stundað bakstur í húsinu, sem staðið hafi mannlaust á milli. Hafi þetta eðlilega aukið áhættusjónarmiðið, sem hafi verið leynt fyrir stefnda.

Þá bendir stefndi loks á, að hvorki Þormóður né erfingjar hans hafi sinnt fyrirmælum borgarstjóra frá 27. janúar 1962 um niðurrif umrædds húss. Hafi Þormóður og þeir, sem rétt sinn reki til hans, firrt sig með þessu aðgerðarleysi öllum rétti til hússins, bæði afnotarétti og rétti til niðurrifs.

Um þetta atriði, sem hér skiptir máli, ber að skýra framangreindan samning milli Þormóðs heitins Sveinssonar og Reykjavíkurborgar svo, að Þormóður hafi átt rétt á að búa um stundarsakir í húsinu og til að hagnýta sér það til niðurrifs eða brottflutnings. Hefur Þormóður samkvæmt því verið aðili að þeim fjárhagslegu hagsmunum, sem samkvæmt þessum lögskiptum voru tengdir húsinu. Á sínum tíma, áður en Reykjavíkurborg neytti heimildar sinnar til að taka úr erfðafestu land það, sem umrætt hús stóð á, hafði Þormóður brunatryggt húsið hjá stefnda. Verður að gera ráð fyrir, að húsið hafi verið metið til brunabótaverðs með mati dómkvaddra manna, sbr. 4. gr. laga nr. 25/1954 og áður 2. gr. laga nr. 1/1924, en brunabótafjárhæðin síðan hækkuð eftir ákveðinni vísitölu, og var hún komin upp í kr. 192.000.00, er húsið brann.

Eftir að Þormóður heitinn hafði gert umrædda samninga við Reykjavíkurborg, hélt hann engu að síður áfram að greiða stefnda brunabótaiðgjald af húsinu. Verður því að líta svo á, að áfram hafi gilt fyrrgreindur samningur um brunatryggingu hússins og með honum verið tryggðir áðurnefndir fjárhagslegir hagsmunir, sem Þormóður og síðar stefnandi átti í húsinu, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 20/1954, að svo miklu leyti sem um þá gat verið að ræða. Verður ekki fallizt á með stefnda, að upp hafi komið nein þau atvik, er leyst hafi stefnda frá ábyrgð sinni samkvæmt umræddum vátryggingarsamningi, þar sem bæði brestur gögn um þá hugrænu afstöðu Þormóðs heitins Sveinssonar og stefnanda máls þessa, sem máli skipta samkv. 7. gr., sbr. 6. gr. og 45. gr. laga nr. 20/1954, og um þá vátryggingarskilmála af hálfu stefnda, er þýðingu hafa skv. lagaákvæðum. Einnig brestur öll rök til að beita ákvæðum 4. gr. laga nr. 20/1954.

Tvímælalaust er, að stefnandi hefur eigi, er húsið brann, átt aðra hagsmuni, sem hann gat skv. framansögðu gert kröfu út af á hendur stefnda, en þá, er fólgnir voru í rétti stefnanda til að hagnýta sér það með niðurrifi eða brottflutningi. Verður ekki

fallizt á með stefnda, að stefnandi hafi þá verið búinn að fyrirgera þessum réttindum, þótt hvorki hún né Þormóður hafi sinnt fyrirmælum borgaryfirvalda um að fjarlægja húsið, enda var í tilkynningu þess efnis eigi settur neinn ákveðinn frestur í því skyni.

Eigi liggja fyrir nein skýr gögn um það, hver sjónarmið hafi verið lögð til grundvallar brunabótamati því á umræddu húsi, sem framangreind brunabótafjárhæð, kr. 192.000.00, byggist á. Augljóst er samt, að gagnger breyting hefur orðið á verðmæti þeirra fjárhagslegu hagsmuna, sem húsinu voru tengdir, frá því að mat þetta var framkvæmt og fram til þess tíma, er húsið brann. Verður af þeirri ástæðu ekki talið, að í umræddum vátryggingarsamningi hafi lengur verið gengið út frá ákveðnu verði hinna vátryggðu hagsmuna, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 20/1954. Ekki fór fram neitt mat á tjóni því, sem stefnandi taldi sig verða fyrir við húsbrunann, sbr. 4. gr. laga nr. 25/1954. Eigi hefur stefnandi heldur lagt fram nein önnur skýr gögn um, að hún hafi beðið tjón við húsbrunann, en með öllu er óvíst, að verðmæti hússins til niðurrifs eða brottflutnings hafi svarað þeim kostnaði, sem þeim framkvæmdum voru óhjákvæmilega samfara. Verður samkvæmt því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristni R. Sigurjónssyni húsasmíðameistara og Guðjóni Hansen tryggingafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Húsatryggingar Reykjavíkurborgar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Theódóru Stefánsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 65/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kristjáni Arnfinni Kjartanssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði var ekki starfsmaður í pósthúsinu í Reykjavík, er hann framdi misferli það um póstávísanir, sem í málinu greinir. Afbrot þetta varðar því einungis við 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940, en hvorki 138. gr. né 139. gr. nefndra laga.

Eins og í héraðsdómi greinir, falsaði ákærði ökuskírteini sitt í þeim tilgangi að villa á sér heimildir í sambandi við greiðslu póstávísana þeirra, er getið var. En þar sem ákærði notaði eigi hið falsaða skírteini í því skyni, tekur 1. mgr. 155. gr. lag nr. 19/1940 ekki til þessa atferlis hans. Ákærða verður því dæmd sýkna, að því er þetta ákæruatriði varðar.

Að öðru leyti hefur héraðsdómari fært sakaratriði til réttra refsiákvæða.

Með hliðsjón af 77. gr. laga nr. 19/1940 þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði, en samkvæmt 76. gr. sömu laga er rétt, að gæzluvarðhald ákærða frá 19. til 23. nóvember 1966 komi refsivistinni til frádráttar.

Samkvæmt 81. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ævilangt leyfi til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslur til Landsbanka Íslands og málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Arnfinnur Kjartansson, sæti fangelsi 8 mánuði, en framangreindur gæzluvarðhaldstími skal koma refsingunni til frádráttar.

Ákærði er ævilangt sviptur leyfi til bifreiðarstjórnar.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 10.000.00, og laun verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. marz 1967.

Ár 1967, mánudaginn 6. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 81/1967: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Arnfinni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, útgefinni 18. f. m., gegn Kristjáni Arnfinni Kjartanssyni, Ægissíðu 115 hér í borg, fæddum 12. janúar 1944 í Reykjavík, „fyrir að:

I. Falsa í júlí og ágúst 1966 eftirgreinda 4 víxla, samtals að fjárhæð kr. 40.000.00, með því að rita á þá í heimildarleysi nöfn annarra manna eða nöfn af handahófi sem útgefenda, samþykkjenda og ábekinga og selja þá síðan í bönkum í Reykjavík, svo sem hér er nánar rakið:

1. Víxill, seldur Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 22. ágúst 1966, með gjalddaga 22. nóvember sama ár, útgefandi og ábekingur Gísli Guðmundsson, Sólheimum 27 (svo ritað á víxli).

2. Víxill, seldur Útvegsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 8. júlí 1966, með gjalddaga 8. október sama ár, útgefandi og ábekingur Guðmundur Gíslason, Sólheimum 25, samþykkjandi Kristján Kristjánsson, Fálkagötu 23.

3. Víxill, seldur Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 10. ágúst 1966, með gjalddaga 10. nóvember sama ár,

útgefandi og ábekingur Guðmundur Gíslason, samþykkjandi Kristján Kristjánsson, Fálkagötu 21.

4. Víxill, seldur Búnaðarbanka Íslands, að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn 26. ágúst 1966, með gjalddaga 26. nóvember sama ár, útgefandi og ábekingur Guðmundur Gíslason, samþykkjandi Kristján Kristjánsson.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Falsa, laugardagskvöldið 15. október 1966, eftirgreindar þrjár póstávísanir, allar stílaðar á Harald B. Hallgrímsson, að fjárhæð samtals kr. 65.000.00, með því að nota í heimildarleysi stimpla póststofunnar í Reykjavík og undirrita þær með nafni starfsmanns á póststofunni, G. Einarsson, lauma ávísunum þessum 3 dögum síðar tilbúnum til sendingar í bréfalyftu á póststofunni og taka síðan sjálfur við fjárhæðum nefndra ávísana á póststofunum í Keflavík, Sandgerði og Hveragerði og kvitta á þær með nafnrituninni Haraldur B. Hallgrímsson:

1. Póstávísun nr. 21151, að fjárhæð kr. 20.000.00, stíluð á Harald B. Hallgrímsson, c/o Náttúrulækningaheimilið, Hveragerði, leyst út á pósthúsinu í Hveragerði 20. október 1966.

2. Póstávísun nr. 21152, að fjárhæð kr. 20.000.00, stíluð á Harald B. Hallgrímsson c/o Miðnes h/f, Sandgerði, leyst út á pósthúsinu í Sandgerði 21. október 1966.

3. Póstávísun nr. 21154, að fjárhæð kr. 25.000.00, stíluð á Harald B. Hallgrímsson, c/o Barnaskólinn, Keflavík, leyst út á pósthúsinu í Keflavík 19. október 1966.

Teljast þessi brot varða við 139. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III. Falsa ógilt ökuskírteini í október 1966 með því að vélrita á það nafnið Haraldur B. Hallgrímsson í stað eigin nafns í því skyni að framvísa skírteininu, ef hann yrði inntur eftir persónuskilríkjum við móttöku póstávísanafjárhæða þeirra, er getur hér að framan í II.

Telst þetta varða við 155. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Aka, föstudagsnóttina 21. október 1966, undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 18112 frá veitingahúsinu Þórscafé í Reykjavík að Hólmgarði 56 og þaðan aftur að Þórscafé.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlag nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga."

Málavextir.

Ákærði réðst að loknu prófi úr verzlunarskóla árið 1963 til starfa í pósthúsinu í Reykjavík. Starfaði hann þar til vors 1966, er hann tók við starfi í bókhaldi Landssímans, og hélt hann því, unz rannsókn var hafin út af brotum þeim, sem þetta mál snýst um.

Leitt er í ljós með framburði ákærða sjálfs og öðrum gögnum, að ákærði seldi á s.l. ári fjóra víxla með fölsuðum nafnritunum í bönkum hér í borg, og verða nú rakin einstök atriði varðandi hvern víxil um sig.

1. Víxill, útgefinn 22. ágúst 1966, gjalddagi 22. nóv. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði samþykkti sjálfur þennan víxil, en falsaði nafnið Gísli Guðmundsson, Sólheimum 27, sem útgefanda og framseljanda á víxlinum. Gísli Tómas Guðmundsson heitir póstafgreiðslumaður, er býr í Sólheimum 25, og hafði ákærði hann í huga. Komið er fram, að hann hafði áður gefið út víxla að beiðni ákærða. Ákærði kannast við, að hann hafi aldrei fengið leyfi Gísla til að rita nafn hans á víxil þann, er áður greinir, en segist hafa gert það, af því að hann hafi ekki náð í hann, en hann hafi treyst því, að Gísli Tómas mundi hafa gefið út víxilinn, ef hann hefði náð til hans. Víxillinn var afsagður vegna greiðslufalls 24. nóv., en hinn 28. nóv. greiddi ákærði víxilfjárhæðina.

2. Víxill, útgefinn 8. júlí, með gjalddaga 8. okt. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Ákærði ritaði nafnið Kristján Kristjánsson (Fálkagötu 23) sem samþykkjanda á víxilinn og Guðm. Gíslason, Sólheimum 25, sem útgefanda og framseljanda. Víxil þennan seldi ákærði Útvegsbanka Íslands, greiddi hann ekki á gjalddaga og synjaði fyrir það í fyrstu við lögreglurannsókn málsins, að hann hefði selt víxilinn, en kannaðist síðar við það. Á Fálkagötu 23 býr Kristján Kristjánsson, en ákærði telur sig ekki hafa haft neinn sérstakan mann í huga, er hann ritaði nafn þetta, og hafi hending ráðið, að þannig tókst til.

3. Víxill, útgefinn 10. ágúst, gjalddagi 10. nóv. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Sem samþykkjanda ritaði ákærði nú Kristján Kristjánsson(Fálkagötu 21) og Guðm. Gíslason, Sólheimum 25, sem útgefanda og framseljanda. Þennan víxil seldi ákærði í

Landsbanka Íslands. Samkvæmt bréfi Landsbanka Íslands 22. des. f. á. hefur ákærði endurgreitt bankanum víxilfjárhæðina.

4. Víxill, útgefinn 26. ágúst, gjalddagi 26. nóv. 1966, fjárhæð kr. 10.000.00. Nafnritanir á víxli þessum eru á sama veg og frá greinir hér í næsta lið á undan. Þennan víxil seldi ákærði Búnaðarbanka Íslands og greiddi bankanum víxilinn 29. nóv. 1966.

Ákærði kveðst ekki hafa átt í neinum sérstökum fjárhagskröggum á s.l. ári, en mann vanti alltaf peninga.

Ákærði kveðst hafa komið í pósthúsið í Reykjavík laugardaginn 15. október og hafi sér hugkvæmzt að falsa póstávísanir til þess að afla sér fjár. Hann hafi haft með sér tvær útfylltar póstávísanir, er hann hafi hugsað sér að stimpla. Póstávísanirnar voru handritaðar, og kveðst hann hafa horfið frá að nota þær, enda mundi betra að vélrita ávísanirnar. Hann hafi því tekið 4 ávísanaeyðublöð og stimplað þær móttökustimpli deildarinnar, frímerkt þær síðan og stimplað frímerkin dagstimpli. Því næst fór hann í skrifstofu sína og vélritaði ávísanir á eyðublöðin. Eina stílaði hann til Haralds B. Hallgrímssonar, c/o Náttúrulækningaheimilið, Hveragerði, aðra á sama nafn, c/o Miðnes h/f, Sandgerði, þriðju á sama nafn, c/o Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi, og hina fjórðu á sama nafn, c/o Barnaskólinn, Keflavík. Bætti ákærði við heimilisföngin á öllum ávísununum innan sviga: Verður sótt. Ákærði kveðst þriðjudaginn 18. okt. hafa farið með ávísanirnar út á pósthús, sett þær í viðeigandi umslög og komið þeim í bréfalyftu.

Ákærði átti gamalt ökuskírteini, sem fallið var úr gildi. Breytti hann nafninu á skírteininu í Haraldur B. Hallgrímsson. Gerði hann þetta til að hafa tiltæk persónuskilríki, er hann færi að leysa út ávísanirnar.

Miðvikudaginn 19. okt. fór ákærði austur í Hveragerði og leysti út póstávísunina, sem borizt hafði þangað. Næsta dag fór hann og leysti út ávísunina í Keflavík.

Aðfaranótt föstudagsins 21. okt. var ákærði að skemmta sér í samkomuhúsinu Þórscafé hér í borginni, og ók hann kunningja sínum heim þaðan og að því búnu aftur að Þórscafé. Var hann þá handtekinn af lögreglumönnum vegna gruns um ölvun við akstur. Ákærði kannast við, að hann hafi neytt nokkurs áfengis í Þórscafé, en kveðst þó varla hafa fundið á sér við aksturinn. Í blóðsýni, sem lögreglan lét taka ákærða rúmum klukkutíma eftir handtöku, fundust reducerandi efni, er svara til 1.03‰ af alkóhóli. Lögreglumenn fundu nú á ákærða hið falsaða ökuskírteini.

Við rannsókn, sem fram fór hjá rannsóknarlögreglunni næsta dag, bjó ákærði til þá skýringu á skírteininu, að hann ætti kunningja með þessu nafni og hefði ætlað að gefa honum skírteinið til að nota sem nafnskírteini.

Ákærði þóttist nú sjá, að skírteinið mundi koma upp um hann. Ákvað hann að reyna að ná aftur ávísunum þeim, sem hann hafði sent út, án þess að taka þær greiðslur, sem ekki höfðu verið inntar af höndum, og með því að endurgreiða hinar. Fór hann á föstudag suður í Sandgerði í þessu skyni. Ákærði segir, að póstafgreiðslumaðurinn hafi einhvern veginn ekki skilið, hvað hann átti við, og talið peningana fram á borðið og hafi hann úr því sem komið var orðið að taka við þeim. Hann reyndi að fá að endurgreiða ávísunina í Keflavík, en fékk það ekki. Sama dag ók ákærði austur í Hveragerði í sama tilgangi, en ekki tókst honum heldur að fá að endurgreiða ávísunina, sem þar hafði verið greidd. Hins vegar tókst honum að fá afhenta ávísunina á Selfossi, en eins og áður greinir, hafði hún ekki verið greidd.

Ákærði segist hafa verið einn um brot sín og enginn hafi verið í vitorði með sér.

Ákærði greiddi 2 víxilskuldir með fé því, er hann fékk fyrir ávísanirnar. Einnig greiddi hann bróður sínum 30 þús. kr. skuld.

Ákærði endurgreiddi hinn 21. desember s.l. pósti og síma ávísanafjárhæðirnar, samtals kr. 65.000.00.

Niðurstöður.

Með því að selja í bönkum 4 víxla með fölsuðum nafnritunum, að fjárhæð samtals kr. 40.000.00, hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga, svo sem segir í I. kafla ákæru.

Með því að nota í lögskiptum 3 póstávísanir, er hann hafði falsað, hefur ákærði einnig brotið gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga. Fjárvinningur ákærða af brotum þessum nam kr. 65.000.00. Ákæra tekur ekki til ávísunar þeirrar, sem ákærði sendi í pósthúsið á Selfossi.

Ákærði misnotaði stöðu sína sem starfsmaður pósts og síma til þess að falsa póstávísanirnar og koma þeim áleiðis. Þykir því eiga að ákveða refsingu hans fyrir skjalafalsbrot þetta með hliðsjón af 138. gr. alm. hegningarlaga, og verður ákvæði þessu beitt samkvæmt heimild 118. gr. laga nr. 82/1961, en 139. gr., sem vísað er til í ákæru, þykir ekki eiga hér við.

Með því að falsa ökuskírteini sitt í því skyni að nota það í lögskiptum, ef á þyrfti að halda, hefur ákærði brotið gegn 155. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga, svo sem ákæra segir.

Ákærði ók bifreið sinni, sem í IV. ákærulið segir, og reyndist alkóhólmagn í blóði hans 1.03‰. Hann hefur með því að aka bifreið í því ástandi unnið til refsingar samkvæmt þeim ákvæðum áfengis- og umferðarlaga, sem í ákæru greinir.

Ákærði hefur ekki fyrr sætt neinum kærum né refsingum, ef frá er talin ein sekt fyrir of hraðan akstur.

Þá er rétt að gæta þess við ákvörðun refsingar, að ákærði hefur bætt tjón af brotum sínum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði.

Ákærði var í gæzluvarðhaldi 19.—23. nóv. 1966, en skilyrði þykja vera til þess samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga að draga vist þessa, 4 daga, frá refsivist hans.

Samkvæmt ákvæðum áfengis- og umferðarlaga, er í ákæru getur, ber að svipta ákærða ökuleyfi bifreiðarstjóra 6 mánuði frá birtingu dóms þessa. Ber samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga og lögum nr. 82/1961, 178. gr. i. f., að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Af hálfu Landsbanka Íslands var þess krafizt, að ákærði yrði dæmdur til greiðslu kr. 10.000.00 ásamt 1% mánaðarvöxtum frá 10. nóv. 1966 til greiðsludags, kr. 145.00 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Hinn 22. des. tilkynnti bankinn, að ákærði hefði greitt höfuðstólinn, kr. 10.000.00, en að öðru leyti hefur krafan ekki verið greidd. Ber að dæma ákærða til að greiða bankanum 1% mánaðarvexti af kr. 10.000.00 frá 10. nóv. til 22. des. 1966 og svo afsagnarkostnaðinn, kr. 145.00. Málskostnaður verður hins vegar ekki dæmdur, þar sem krafa er uppi höfð og dæmd í opinberu máli.

Aðrar fjárkröfur eru ekki gerðar á hendur ákærða í málinu. Póstur og sími gerði á sínum tíma kröfu að fjárhæð kr. 65.000.00 ásamt vöxtum, en ákærði galt höfuðstólinn, og var þá fallið frá kröfunni að öðru leyti.

Rétt er að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Arnfinnur Kjartansson, sæti fangelsi 10 mánuði. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans 4 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu 6 mánuði frá birtingu dóms þessa. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði Landsbanka Íslands kr. 145.00 og 1% mán-

aðarlega vexti af kr. 10.000.00 frá 10. nóv. til 22. des. 1966. Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 76/1967. **Fríða Kristjánsdóttir**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Bjarna Kristmundssyni
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Fasteign. Lögbannsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 2. nóvember 1966, en málið var fellt þar niður hinn 3. maí 1967 sökum útivistar umboðsmanns hennar. Hún skaut málinu öðru sinni til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 8. maí 1967 og gerir þessar dómkröfur: *Aðalkrafa, að* staðfest verði lögbann það, sem lagt var hinn 4. janúar 1966 við smíð bílskúrs á lóðinni nr. 58 við Flókagötu, *að* dæmt verði, að stefnda sé óheimil smíð bílskúrs á nefndri lóð og *að* honum verði dæmt skylt að færa í fyrra lag það rask, sem hann hefur gert á lóðinni, innan eins mánaðar frá uppsögu dóms í máli þessu að viðlögðum 100 króna dagsektum eða annarri fjárhæð að mati dómsins. *Varakrafa, að* stefnda verði dæmd óheimil smíð skúrsins, nema skemmsta fjarlægð hans frá tröppum kjallaraíbúðar verði 2.9 metrar og skemmsta fjarlægð hans frá húsinu 1.5 metrar. *Önnur varakrafa, að* smíð skúrsins verði

dæmd óheimil, nema skemmsta fjarlægð hans frá tröppum og frá húsinu verði 1.5 metrar og að hurð skúrsins sé eigi opnuð út.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sem eigandi kjallaraíbúðar í húsinu nr. 58 við Flókagötu greiða og eðlilega fararleið um lóð hússins til íbúðar sinnar og frá henni. Hinn fyrirhugaði bílskúr stefnda, staðsettur á lóðinni svo nærri inngangi á íbúð áfrýjanda sem í málinu greinir, mundi svipta áfrýjanda réttmætu athafnafrelsi á lóð hússins. Er smíð skúrsins því ólögmæt á þeim stað, sem stefndi ætlar honum. Samkvæmt þessu ber að staðfesta lögbann það, sem fógeti lagði við smíð skúrsins hinn 4. janúar 1966, og dæma stefnda til að lagfæra jarðrask sitt á lóðinni að viðlögðum 100 króna dagsektum, sem renni til áfrýjanda, og skal fullnægingarfrestur skyldunnar vera 3 mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Krafa áfrýjanda um, að stefnda verði dæmt óheimilt að smíða bílskúr á nefndri lóð, hefur eigi við lög að styðjast, sbr. 10. gr. laga nr. 19/1959. Að svo stöddu er það eigi dómstóla að kveða á um fjarlægð bílskúrs á lóð nefnds húss frá kjallaratröppum áfrýjanda, þar sem það ber fyrst undir rétt yfirvöld að fjalla um það mál, að gengnum dómi í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Staðfest er lögbann það, sem í málinu greinir.

Stefnda, Bjarna Kristmundssyni, ber að lagfæra jarðrask sitt á lóðinni nr. 58 við Flókagötu í Reykjavík að viðlögðum 100 króna dagsektum, sem renni til áfrýj-

anda, Fríðu Kristjánsdóttur, og er fullnægingarfrestur skyldunnar 3 mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Stefndi á að vera sýkn af kröfu áfrýjanda um, að honum sé dæmd óheimil smíð bílskúrs á lóð nefnds húss.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 22. sept. s.l., hefur Fríða Kristjánsdóttir, Flókagötu 58, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. janúar 1966, gegn Bjarna Kristmundssyni, Flókagötu 58, Reykjavík, til staðfestingar á lögbanni, sem borgarfógetinn í Reykjavík lagði á eftir beiðni stefnanda hinn 4. janúar 1966, við því, að stefndi héldi áfram byggingu bílskúrs á lóð hússins nr. 58 við Flókagötu hér í borg. Þess er enn fremur krafizt, að staðfest verði, að stefnda sé óheimil bygging bílskúrs á lóð hússins og að hann verði skyldaður til að færa í fyrra lag það rask, er hann hefur gert, innan eins mánaðar frá birtingu dóms í máli þessu að viðlögðum kr. 100.00 dagsektum eða annarri upphæð að mati dómsins.

Varakrafa stefnanda er sú, að staðfest verði, að stefnda sé óheimil bygging bílskúrs á lóðinni, nema hann greiði stefnanda bætur að fjárhæð kr. 70.000.00 fyrir skerðingu á verðmæti kjallaraíbúðar hennar og lóðarréttindum, sem yrði við byggingu bílskúrs á lóðinni, og skemmsta fjarlægð bílskúrs trá tröppum að kjallaraíbúð stefnanda verði a. m. k. 2.90 metrar og skemmsta fjarlægð bílskúrsins frá húsinu verði 1.50 metrar.

Til þrautavara krefst stefnandi þess, að staðfest verði, að stefnda sé óheimil bygging bílskúrs á lóðinni, nema hann greiði stefnanda bætur að fjárhæð kr. 100.000.00 fyrir skerðingu á verðmæti kjallaraíbúðar stefnanda og lóðarréttindum, sem yrði við byggingu bílskúrs á lóðinni, og skemmsta fjarlægð bílskúrsbyggingarinnar frá tröppum að kjallaraíbúð og húsinu verði a. m. k. 1.50 metrar og hurð bílskúrsins opnist ekki út.

Þá krefst stefnandi þess, að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað á lögbannsmálinu og máli því, sem hér er

höfðað til staðfestingar á heimildarleysi stefnda til bílskúrsbyggingar á lóð hússins nr. 58 við Flókagötu, eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að lögbann það, sem um ræðir, verði fellt niður og að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hennar, þ. á m. lögbannskostnaður, eftir mati dómsins. Til varúðar kveðst stefndi mótmæla vara- og þrautavarakröfum stefnanda sem röngum og órökstuddum og allt of háum og tekur fram, að verði litið svo á, að smíði bílskúrs þess, sem um ræðir í málinu, falli undir 1. mgr. 10. gr. laga nr. 19/1959, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, og skilning þann, sem fram komi í sératkvæði Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara, Hrd. 1964, bls. 83—84, þá bjóðist hann til að greiða stefnanda fullar bætur samkvæmt mati dómkvaddra manna eða samkomulagi fyrir þá verðrýrnun, sem bílskúrinn mundi valda á eignarhluta hennar í húsinu Flókagötu 58, Reykjavík.

Loks er af hálfu stefnda tekið fram, að verði varakröfur stefnanda að einhverju leyti teknar til greina, sé aðallega krafizt málskostnaðar, þ. á m. lögbannskostnaðar, úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi lýsir málsatvikum á þá leið, að með lóðarsamningi, sem gerður hafi verið 2. desember 1949 af borgarstjóranum í Reykjavík, stefnda og Sveini Hauki Valdimarssyni, hafi hinum síðarnefndu verið heimiluð bygging húss á lóðinni nr. 58 við Flókagötu hér í borg. Ekki verði annað séð af leigulóðarsamningnum en leigulóðarréttindin, sem veitt voru með honum, hafi verið veitt stefnda og Sveini Hauki Valdimarssyni sameiginlega, hins vegar sé ekkert vikið að rétti til byggingar bílskúrs á lóðinni. Húsið, sem þeir hafi byggt, sé allstórt steinhús, íbúðarkjallari, tvær hæðir og ris.

Í samningi, sem stefndi og Sveinn Haukur hafi gert með sér hinn 26. desember 1949, en þá muni byggingu hússins hafa verið komið alllangt, hafi verið samið um, að stefndi skyldi fá sem sinn hluta af húsinu efri hæð þess og ris, en Haukur neðri hæð og kjallara. Enn fremur hafi þá verið samið um, að verðmætahlutföll hússins fokhelds skyldu vera 52% fyrir efri hlutann og 48% fyrir neðri hlutann, viðhald sameiginlegra húshluta inni og úti skyldi skiptast í sömu hlutföllum, en kostnaður við frágang lóðar skyldi skiptast til helminga. Ekki hafi sérstaklega verið vikið að skiptingu lóðarréttinda og bílskúr ekki nefndur á nafn. Með afsali, dags. 24. febrúar 1950, hafi Sveinn Haukur

Valdimarsson afsalað þeim Gunnari Guðmundssyni og Vilhjálmi Guðmundssyni kjallaraíbúð hússins og sé hún í því afsali talin 16% af öllu húsinu. Þar segi enn fremur: „Íbúðin er þrjú herbergi, eldhús, baðherbergi, innri og ytri forstofa og geymsluklefi undir stiga og ennfremur eignarréttur og aðgangur að þvottahúsi, miðstöðvarherbergi, útigeymslu og öllum öðrum sameiginlegum hlutum hússins svo og lóðarréttindum ásamt með og á móts við aðra eigendur hússins.“ Ekki kveður stefnandi vera um það getið á afsalinu, í hverju ástandi íbúðin hafi verið seld, en hún muni hafa verið seld fokheld eða nálægt því byggingarstigi. Með afsali, dags. 6. júlí 1957, kveður stefnandi Vilhjálm Guðmundsson hafa afsalað Fríðu Kristjánsdóttur (þ. e. stefnanda), konu Gunnars Guðmundssonar, öllum eignarhluta sínum í íbúðinni. Gunnar Guðmundsson og stefnandi hafi skilið lögskilnaði og gert samning um skiptingu eigna sinna á árinu 1962 og hafi þá stefnandi fengið allan eignarhluta Gunnars Guðmundssonar í kjallaraíbúðinni í sinn hlut.

Laugardaginn 8. nóvember 1965 hafi stefndi hafið framkvæmdir við byggingu bílskúrs á vestanverðri lóð hússins. Gera verði ráð fyrir, að áform stefnda hafi verið að haga byggingu hans í samræmi við teikningu Jörundar Pálssonar arkitekts, sem samþykkt hafi verið af byggingarnefnd Reykjavíkur 28. október s.l. og af borgarstjórn Reykjavíkur 4. nóvember s.l., enda hafi grefti fyrir undirstöðum (sökkli) bílskúrsins verið hagað í samræmi við hana. Á nefndri teikningu sé miðað við, að bílskúrinn verði í aðeins 90 cm fjarlægð frá tröppum íbúðar stefnanda, svo að gangvegur að íbúð hans geti ekki orðið breiðari, nema brotið verði úr vegg kjallaratrappanna. Á teikningunni virðist einnig vera gert ráð fyrir, að hurð bílskúrsins opnist að nokkru leyti út, en það hefði í för með sér, að gangvegur að íbúðinni gæti þrengzt miklum mun meira en áður er sagt, auk þess sem opnun hurðarinnar kynni að valda slysum á þeim, sem leið eiga úr eða í kjallaraíbúðina, og valda spjöllum á íbúðinni að ýmsu öðru leyti.

Stefnandi segir, að um leið og vart hafi orðið við, að hafnar voru framkvæmdir við byggingu bílskúrs á lóðinni, hafi af hennar hálfu verið borin fram mótmæli við stefnda gegn því, að bílskúrinn yrði byggður og jafnframt hafi stefndi verið að því spurður, hvort ekki væru möguleikar á því, að hann féllist á að breyta stærð eða staðsetningu bílskúrsins, svo að gangvegur að kjallaraíbúðinni þyrfti ekki að þrengjast til muna. Þessum málaleitunum hafi stefndi svarað neitandi.

Stefnandi kveður íbúð sína vera 16% af öllu húsinu og henni fylgi lóðarréttindi á móts við aðra eigendur hússins í sama hlutfalli. Stefnandi kveður sér ekki kunnugt um, að leitað hafi verið samþykkis borgaryfirvalda til byggingar bílskúrs á lóðinni, fyrr en stefndi hafi lagt fram umsókn þá, sem samþykkt hafi verið 28. október og 4. nóvember s.l., en jafnvel þótt svo hefði verið, skipti það ekki máli, því að aldrei hafi verið samið um það af hálfu eigenda kjallaraíbúðar, að nokkrum öðrum eiganda íbúðar í húsinu væri heimil bygging bílskúrs á lóðinni. Kveður stefnandi nefnda byggingu stefnda vera freklegt brot á rétti stefnanda, er skerði verulega lóð hússins, sem sé sameign allra eigenda þess, auk þess sem bygging bílskúrs á vestanverðri lóð hússins svo nærri kjallartröppunum, sem teikning Jörundar Pálssonar miði við, rýri stórlega notagildi og verðmæti íbúðar stefnanda.

Málsatvikalýsing og málsvörn stefnda í greinargerð er á þá leið, að byggingarnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur hafi leyft honum og öðrum manni að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 58 við Flókagötu, stærð 111.92 ferm., sbr. bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 2. sept. 1949. Með lóðarleigusamningi 2. des. 1949 hafi svo honum og Sveini Hauki Valdimarssyni verið leigð lóðin nr. 58 við Flókagötu til þess að byggja á henni íbúðarhús. Lóðin sé þar að flatarmáli talin vera 666 ferm. Lögun lóðarinnar hafi verið sýnd á viðfestum uppdrætti og sýni uppdráttur þessi, sem þinglesinn hafi verið með lóðarleigusamningnum, að gert sé ráð fyrir bílskúrum sitt hvorum megin við íbúðarhúsið. Sé því ekki vafi á, að strax frá byrjun hafi stefndi og Sveinn Haukur Valdimarsson átt rétt á að byggja tvo bílskúra við húsið. Þessi réttur hafi aldrei verið látinn af hendi. Við skiptingu á eigninni 26. des. 1949 kveðst stefndi vera talinn eiga 52% allrar eignarinnar og meðeigandi hans 48%. Samkvæmt grundvallarreglum laga og þeirri meginreglu, sem fram komi í 10. gr. laga nr. 19/1959, kveðst stefndi hafa átt forgangsrétt til að byggja bílskúr á lóð hússins. Nú hafi ekki verið hafizt handa um byggingu nema þessa eina bílskúrs og sé þar ekki um annað að ræða en stefnandi mátti alltaf gera ráð fyrir. Það sé alkunna, að í þessu hverfi og þar sem svipað hagi til séu bílskúrar byggðir sitt hvorum megin við húsin. Hinn 24. febrúar 1950 hafi Sveinn Haukur Valdimarsson afsalað þeim Vilhjálmi Guðmundssyni og Gunnari Guðmundssyni íbúðinni í kjallara hússins nr. 58 við Flókagötu. Sé íbúðinni lýst nokkru nánar og hún talin 16% af

öllu húsinu. Ekki sé í afsali þessu sérstaklega minnzt á bílskúrsréttindi. En Vilhjálmur hafi afsalað til stefnanda þessa máls hálfri kjallaraíbúðinni, „þ. e. helmingur þeirrar kjallaraíbúðar, er ég hef til þessa átt í óskiptri sameign með Gunnari Guðmundssyni", eins og orðrétt standi í afsalinu. Þá segi á eftir: „Hinum selda eignarhluta fylgir hlutdeild að $^{8}/_{100}$ í leigulóðarréttindum (þó svo, að bílskúrsréttindi eru ekki innifalin í hinum seldu lóðarréttindum)...". Sýni þetta, að kaupandi kjallaraíbúðarinnar hafi vitað það, að kjallaraeigendur áttu þar engin réttindi og engan hlut að máli. Gunnar Guðmundsson og stefnandi þessa máls munu hafa gengið í hjónaband og búið í kjallaraíbúðinni um tíma, en skilið síðar. Muni því stefnanda alltaf hafa verið kunnugt, að kjallaraíbúðin átti engan hlut að bílskúrsréttindum þarna. Sýni afsalsbréf Vilhjálms til stefnanda þetta ljóslega og að hún, búandi í kjallaraíbúðinni og gift hinum eiganda íbúðarinnar, skuli taka við afsalsbréfi fyrir hálfum eignarhlutanum með slíku orðalagi. Stefndi kveður stefnanda hafa fengið afsalsbréf sitt frá Vilhjálmi Guðmundssyni 6. júlí 1957. Með afsali, dags. 27. nóv. 1956 og færðu í veðmálaskrá Reykjavíkur 28. nóv. 1956, hafi Pétur Andrésson verzlunarmaður, Flókagötu 58, afsalað Sigurði B. Gröndal allri fyrstu hæð hússins Flókagötu 58 með öllu tilheyrandi, eins og nánar sé rakið í afsalinu, „og réttindum til þess að byggja bifreiðarskýli, er kaupandi fái einn eignarrétt yfir, öðru hvoru megin við húsið." Stefnanda þessa máls hafi því verið í lófa lagið að fá vitneskju um það úr veðmálaskránni, að bílskúr gæti komið þeim megin við húsið, sem inngangur var í hennar íbúð.

Stefndi segir, að í máli þessu sé um að ræða leigulóð frá Reykjavíkurborg. Lög nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa heimili byggingu bílskúra á lóðum með sambýlishúsum. Stefndi kveðst þó halda því fram, að ekki þurfi að beita ákvæðum þeirra laga í þessu tilfelli, þar sem bílskúrsréttindi þau, er fylgdu efri hæðum hússins, hafi aldrei verið látin af hendi, auk þess sem bílskúrsréttindi hafi beinum orðum verið undanskilin við afsalið til stefnanda. En til varúðar kveðst stefndi benda á, að 10. gr. laga nr. 19/1959 veiti honum samkvæmt eignarhlutföllum í húsinu ótvíræðan forgangsrétt til byggingar bílskúrs á lóð hússins, enda muni lög þessi taka til þeirra bílskúra við hús hvert, sem eðlilegt sé þar að byggja og yfirvöld leyfa. Byggingarsamþykkt Reykjavíkur frá 1945, sbr. 6. gr., 4. tl., heimili byggingu bílskúra á leigulóðum borgarinnar. Skipulagsyfirvöld ákveði svo, hvort leyfa

skuli bílskúrsbyggingu á tiltekinni lóð og ákveði bílskúrnum stað og útlit í samræmi við gildandi byggingarsamþykkt. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að staðsetning eða stærð hins fyrirhugaða bílskúrs samkvæmt hinni samþykktu teikningu brjóti í bága við byggingarsamþykktina. Þá kveðst stefndi mótmæla því til varúðar, að samþykki stefnanda eða annarra eigenda hússins skipti hér nokkru máli, þar sem enginn slíkur áskilnaður sé gerður í lögum nr. 19/1959 eða öðrum lagaboðum. Auk þess hafi stefnandi mátt vita, að það sé algild regla, að hæðum slíkra húsa og þarna sé um að ræða fylgi bílskúrsréttindi, en ekki kjallaraíbúðum. Kveðst stefndi mótmæla þeim ástæðum sem röngum og órökstuddum, sem stefnandi hafi fært fram fyrir því, að honum verði synjað um byggingarréttindi fyrir bílskúr á lóðinni. Kveðst hann telja, að eignarréttur hans að meiri hluta fasteignar þessarar yrði stórlega rýrður, ef þessum stóra eignarhluta væri neitað um bílskúrsréttindi. Væri það og brýnt brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar að rýra þennan stóra eignarhluta á þennan hátt. Kveðst hann gera kröfu til fullra bóta fyrir slíka rýrð á eignarhluta sínum. Hagsmuni sína af byggingu bílskúrs á lóðinni kveður stefndi vera mjög mikla, en hann kveðst telja ástæður þær, sem stefnandi færi fram, algerlega rangar og órökstuddar. Hér sé ekki heldur á neinn máta um óeðlilega eða óvenjulega nýtingu lóðarinnar að ræða. Þá er því algerlega mótmælt af hálfu stefnda, að nokkur skerðing verði á notagildi eða verðmæti íbúðar stefnanda, þótt hann byggi umræddan bílskúr. Kveður hann ljóst vera af afsalinu 24. febr. 1950 til þeirra Gunnars Guðmundssonar og Vilhjálms Guðmundssonar, að þeim séu ekki seld nein bílskúrsréttindi á lóð hússins. Stefndi mótmælir og, að bílskúrshurðin eigi að opnast „að nokkru leyti út", svo og því, að hann hafi gefið í skyn við starfsmenn Reykjavíkurborgar, að hann ætti allt húsið Flókagötu 58. Á borgarskrifstofunum sé nákvæm skrá um allar eignarheimildir manna að fasteignum í borginni og engin skjöl fáist þinglýst, nema stimpill lóðarskrárritara sé á þeim. Borgarstarfsmenn hafi því ekki þurft neinar upplýsingar um þetta frá stefnda. Og engin fyrirstaða hafi verið hjá borgaryfirvöldunum, er hann sótti um leyfi fyrir bílskúrsbyggingunni.

Hefur nú í höfuðdráttum verið rakin málsatvikalýsing, eins og hún kemur fram í skjölum beggja málsaðilja, svo og rökstuðningur þeirra hvors fyrir sig á dómkröfum.

Þegar athuguð eru gögn málsins og samkvæmt því, sem á

annan hátt hefur komið fram í því, eru eftirgreind atriði upplýst:

1. Stefnandi á ekki bílskúrsrétt, sbr. dómsskj. nr. 7 í lögbannsmálinu, innifalið í dómsskj. nr. 7 í lögbannsmálinu, innifalið í dómsskj. nr. 8 í staðfestingarmáli þessu.
2. Á uppdrætti, sem festur er við lóðarleigusamning, eru sýndir tveir bílskúrar, sitt hvorum megin við húsið nr. 58 við Flókagötu.
   Stefndi fékk leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur fyrir bílskúr á lóð hússins nr. 58 við Flókagötu 28. október 1965 samkvæmt teikningu þeirri, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, sem sé dómsskj. nr. 7.
4. Stefndi, sem er eigandi efri hæðar og rishæðar nefnds húss, telst samkvæmt skiptasamningi á dómsskj. nr. 4 í máli þessu vera eigandi 52% allrar húseignarinnar.
5. Í veðbókarvottorði á dómsskj. nr. 16 er tekið fram, að eigandi neðri hæðar eigi bílskúrsrétt, sbr. og afsal á dómsskj. nr. 10, þar sem kaupanda þeirrar hæðar er m. a. afsalað réttindum til að reisa bílskúr, er hann fái einn eignarrétt yfir, öðru hvorum megin við húsið.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga, þykir eigi verða litið svo á, að stefnandi hafi þurft að ganga þess dulin, er hún eignaðist kjallaraíbúð umræddS húss, að bílskúr kynni að rísa á lóðinni, þar sem stefndi hefur nú hafið bílskúrsbyggingu, sbr. veðbókarvottorðið á dómsskj. nr. 16 og afsalið á dómsskj. nr. 10.

Með hliðsjón af 10. gr. laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa svo og gildandi venjum þykir heldur eigi verða dreginn í efa réttur stefnda til byggingar bílskúrs á lóð hússins, enda er stærð skúrsins og staðsetning ákveðin af löglegum byggingaryfirvöldum.

Sú athugasemd byggingarfulltrúa á dómsskj. nr. 15, að í samtali við stefnda, Bjarna Kristmundsson, hafi ekki verið annað að heyra en að hann væri eigandi eða umráðamaður yfir kjallaraíbúð hússins Flókagötu 58, þykir eigi breyta neinu hér um, þar sem byggingarfulltrúa var í lófa lagið að fá upplýst hið sanna um eiganda kjallaraíbúðarinnar hjá lóðarskrárritara, þar sem getið er réttra eigenda allra fasteigna í borginni.

Að öllu þessu athuguðu verður ekki talið, að lögbann stefnanda, það, sem hér um ræðir, hafi við næg rök að styðjast, og ber því að fella það úr gildi.

Af sömu ástæðum og áður greinir þykja varakröfur stefnanda

heldur eigi koma til greina í máli þessu, enda þykir stefnandi eigi hafa fært að því nægar sönnur, að umræddar framkvæmdir stefnda valdi henni tjóni, sem fébótaskylt sé lögum samkvæmt.

Verður því niðurstaða málsins sú, að stefndi á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5.000.00, þar með talinn málskostnaður í lögbannsmálinu fyrir fógetadómi.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðriki Helgasyni múrarameistara og Indriða Níelssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Bjarni Kristmundsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Fríðu Kristjánsdóttur, í máli þessu.

Lögbann það, sem að framan greinir, er úr gildi fellt.

Stefnandi greiði stefnda kr. 5.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 42/1966. **M** (Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
K og gagnsök (Ingi Ingimundarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 24. marz 1966. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðr úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýj-

andi þess, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu og að um málskostnað fari, eins og að framan greinir um aðalkröfu hans.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með áfrýjunarstefnu 25. marz 1966. Krefst hún aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir drengsins X, sem fæddur er 11. október 1961, og að honum verði dæmt að greiða meðlag með drengnum frá fæðingu hans til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald gagnáfrýjanda árið 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms. Í báðum tilvikum hefur gagnáfrýjandi krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi hefur fengið leyfi til málshöfðunar þessarar 21. júní 1965.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og vitnið S hefur komið fyrir dóm og eiðfest vætti sitt.

Svo sem í héraðsdómi greinir, ól gagnáfrýjandi hinn 11. október 1961 sveinbarn. Var það skírt hinn 18. marz 1962 og hlaut nafnið X. Föður að barninu lýsti gagnáfrýjandi H, sem hún kvaðst hafa haft samfarir við seint í desember 1960, að afstöðnum dansleik. Var að beiðni gagnáfrýjanda hafin rannsókn á hendur H, með því að hann neitaði að tjá sig um málið, fyrr en blóðrannsókn hefði farið fram. Við blóðrannsókn reyndist loku skotið fyrir faðerni H að barninu. Blóðrannsóknin var endurtekin, og varð niðurstaðan óbreytt. Að svo komnu máli lýsti gagnáfrýjandi fyrir dómi 8. janúar 1965 aðaláfrýjanda máls þessa, M, föður barnsins. Kveður gagnáfrýjandi sig hafa „kynnzt“ aðaláfrýjanda „í lok október eða nóvember 1959“. Hafi „þau frá þeim tíma“ haft „iðulega samfarir, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í apríl 1961“, en þá hafi hún verið orðin þunguð af hans völdum. Aðaláfrýjandi viðurkennir, að aðiljar hafi kynnzt í október eða nóvember 1959 og þau haft samfarir öðru hverju. Hann telur, að slitnað hafi upp úr kunningsskap sín-

um við gagnáfrýjanda „í síðasta lagi í október 1960 og hafi þau ekki haft samfarir eftir það.“ Vitnið S, sem gagnáfrýjandi dvaldist hjá veturinn 1960—1961, kveður aðaláfrýjanda hafa komið iðulega á næturþeli og heimsótt gagnáfrýjanda. Segist vitni þetta hafa séð aðaláfrýjanda í tvö skipti, þegar hann kom í næturheimsóknir sínar. „Var það örugglega í janúar 1961 í annað skiptið og jafnvel bæði“. Kveðst vitnið þess fullvisst, að kunningsskapur aðilja hafi staðið fram í febrúar 1961. Eigi kveðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, að aðrir karlmenn en aðaláfrýjandi væru í tygjum við gagnáfrýjanda. Vitni þetta hefur staðfest vætti sitt með eiði. Blóðrannsókn útilokaði aðaláfrýjanda eigi.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að þau hafi verið í þingum og komið saman að líkamslosta frá því síðla árs 1959 og fram í október 1960. Aðaláfrýjandi telur þau hafa þá skilið að skiptum, en gagnáfrýjandi heldur því fram, að líkamsmök þeirra hafi haldizt fram í apríl 1961. Kynferðismök þeirra um eins árs tíma og svo framburður S veitir nokkrar líkur fyrir því, að kynferðismök þeirra hafi haldizt lengur en aðaláfrýjandi vill vera láta. Málsstaður gagnáfrýjanda veikist hins vegar mjög við það, að hún lýsti annan mann föður að barninu, lét það að nokkru heita í höfuð þess manns, gerði reka að því að höfða faðernisrannsókn á hendur honum og nefndi aðaláfrýjanda eigi til sögu, fyrr en hinn maðurinn hafði verið lýstur úr leik með blóðrannsókn. Þá hefur eigi farið fram erfðarannsókn og mannfræðis á aðiljum og barninu. Þegar litið er til hinna löngu kynlífskynna aðilja og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdóms, þykir þó rétt að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði gagnáfrýjanda. Þegar það er virt, að gagnáfrýjandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við aðaláfrýjanda og H á mögulegum getnaðartíma barnsins, þykir rétt að láta eiðstafinn taka til þess, að gagnáfrýjandi hafi aðeins haft samfarir við þessa tvo menn á greindum tíma.

Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að vinni gagnáfrýjandi á löglegu varnarþingi eið að því innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá

og með 15. nóvember 1960 til og með 13. febrúar 1961 einungis haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda og H, skal telja aðaláfrýjanda föður að barni gagnáfrýjanda, X, fæddu 11. október 1961. Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, staðfestast málskostnaðarákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, er renni í ríkissjóð.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef gagnáfrýjandi, M, vinnur eið að því á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 15. nóvember 1960 til og með 13. febrúar 1961 einungis haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda, M, og H, skal telja aðaláfrýjanda föður að barni gagnáfrjanda, X, fæddu 11. október 1961. Þá skal og aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu, X, frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Vinni gagnýfrýjandi eiðinn, skulu vera óröskuð málskostnaðarákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, er renni í ríkissjóð.

Verði gagnáfrýjanda eiðfall, skal aðaláfrýjandi vera

sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli þá niður.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1966.

Ár 1966, föstudaginn 28. janúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur sem haldið var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1966: K gegn M, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, sem er ógift, til heimilis að ... hér í borg, fædd ... 1944, ól 11. október 1961 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barni þessu hefur hún lýst M bifreiðarstjóra, ... hér í borg, fæddan ... 1939, en hann hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað mál gegn honum. Hefur hún krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1961, allt skv. yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður. Málskostnaðar kvaðst varnaraðili ekki krefjast, er hann mætti í dómi, en í greinargerð hefur talsmaður varnaraðilja krafizt þess, að hvernig sem málið fari, þ. e. hvort sem aðalkrafa eða varakrafa varnaraðilja verði tekin til greina, verði varnaraðilja tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til talsmannsins.

Sóknaraðili höfðaði barnsfaðernismál upphaflega út af framangreindu barni fyrir bæjarþingi Siglufjarðar í árslok 1962. Lýsti hún þá H flugmann, ..., Kópavogi, föður að barninu. Krafðist hún þess, að gegn honum yrði höfðað barnsfaðernismál og hann yrði dæmdur faðir barnsins, en til vara, að henni yrði dæmdur

fyllingareiður. Í hvoru tveggja tilfellinu krafðist hún málskostnaðar að skaðlausu. Sóknaraðili óskaði ekki eftir að tjá sig um samband sitt við H, unz niðurstöður blóðrannsóknar lægju fyrir. Við blóðrannsókn kom í ljós, að H gat ekki verið faðir að barni sóknaraðilja, og kvaðst hún þá að betur athuguðu máli óska eftir því, að málið yrði hafið.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að hún hafi upphaflega talið, að H væri faðir að barni hennar og stæði það því á fæðingarvottorði þess.

Sóknaraðili kveðst hafa kynnzt varnaraðilja, M, í október eða nóvember 1959. Höfðu þau frá þeim tíma oftsinnis samfarir, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í apríl 1961, en þá var sóknaraðili orðin ófrísk að barni því, sem mál þetta er risið af. Sóknaraðili kveður þau varnaraðilja iðulega hafa haft samfarir á getnaðartíma barnsins og hafi aldrei verið gerðar neinar ráðstafanir af þeirra hálfu til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður samfarirnar yfirleitt alltaf hafa farið fram á heimili varnaraðilja að ... Seint í desember 1960 kveðst sóknaraðili hafa haft samfarir við H í húsi einu hér í borginni að afstöðnum dansleik, og voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra, að hún yrði ófrísk. Sóknaraðili kveðst hafa talið, að H gæti verið faðir að barni hennar, en hann útilokaðist frá faðerninu við blóðrannsókn, eins og áður greinir. Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, einhvern tíma í desember 1960, en hvaða dag það var, man hún ekki. Hún kveðst ávallt hafa haft reglulegar tíðir. Sóknaraðili staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við aðra karlmenn á framangreindum tíma en þá varnaraðilja og H.

Sóknaraðili kveður varnaraðilja hafa viðurkennt fyrir sér að vera faðir að barni hennar, en tekið jafnframt fram, að hann mundi aldrei viðurkenna það fyrir opinberum aðiljum. Varnaraðili hefur tvisvar heimsótt sóknaraðilja til að sjá barn hennar, og í síðara skiptið fór hann með það út með sér. Að öðru leyti hefur hann ekki skipt sér af barninu. Sóknaraðili skýrir frá því, að er varnaraðili var búinn að neita algerlega að gangast við barni hennar, hafi hún farið út í það að benda fyrst á H til að ganga úr skugga um, hvort hann gæti verið faðir þess.

Varnaraðili, M, kveður það vel geta verið rétt, að hann hafi kynnzt sóknaraðilja í október eða nóvember 1959 hér í borginni. Tókst með þeim kunningsskapur, er hélzt þar til í september eða október 1960. Á þessu tímabili höfðu þau samfarir annað

slagið, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði. Samfarirnar fóru fram stundum í herbergi, sem varnaraðili hafði við Snorrabraut, en annars á hinum og þessum stöðum. Voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra, að sóknaraðili yrði ófrísk. Varnaraðili kveður sóknaraðilja ekki hafa tjáð sér, að hann væri faðir að barni hennar, fyrr en vorið 1964. Varnaraðili kveður hafa slitnað upp úr kunningsskap þeirra sóknaraðilja í síðasta lagi í október 1960 og hafi þau ekki haft samfarir eftir það. Varnaraðili kveðst ekki geta bent á neinn mann, er hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnartíma barnsins að undanskildu því, að hann kveðst hafa frétt, að hún hafi verið í barnsfaðernismáli við H.

Vitnið S, sem er kunningjakona sóknaraðilja, kveður hana hafa verið í fæði hjá sér veturinn 1960—1961 og einnig sofið um tíma heima hjá sér þennan vetur. Vitnið kannast við varnaraðilja, M, og kveður hann hafa komið iðulega í heimsókn til sóknaraðilja umræddan vetur, en eingöngu á næturnar. Barði hann þá upp á hjá henni, og vaknaði vitnið iðulega við hávaðann. Vitnið kveður sóknaraðilja alltaf hafa farið fram og opnað fyrir varnaraðilja, en síðan farið á brott með honum.

Vitnið varð ekki vart við það, að neinn annar en varnaraðili væri í kunningsskap við sóknaraðilja þennan vetur. Vitnið sá varnaraðilja í tvö skipti, þegar hann kom í næturheimsóknir sínar. Var það örugglega í janúar í annað skiptið eða jafnvel bæði. Vitnið er öruggt um það, að kunningsskapur sóknaraðilja og varnaraðilja stóð fram í febrúar 1961. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því seinni part vetrar 1961, að hún væri ófrísk. Ekki minntist hún á það, hver væri faðirinn, en vitnið taldi ekki öðrum til að dreifa en varnaraðilja, þar sem þau voru alltaf meira og minna saman. Vitnið kveðst hafa margbeðið sóknaraðilja að hætta að vera með varnaraðilja, vegna þess hve ung hún væri, en það hafi engan árangur borið. Sóknaraðili minntist aldrei á það við vitnið, að hún væri heitbundin varnaraðilja.

Vitnið B lögregluþjónn hefur skýrt frá því, að sóknaraðili sé búinn að vera ráðskona hjá sér frá því í september 1964 og hafi hún haft barn sitt með sér. Stuttu eftir að hún kom til vitnisins, skýrði hún frá því, að varnaraðili, M, væri faðir barnsins. Vitnið kveðst hafa verið eitt sinn við lögreglustörf í samkomuhúsinu Þórskaffi, skömmu eftir að sóknaraðili fór að starfa hjá því. Kom þá varnaraðili, sem vitnið kannast við, til þess og tók það tali. Spurði hann vitnið eitthvað á þessa leið, hvort því litist ekki vel á strákinn og hvort hann væri ekki líkur sér.

Vitnið kveður varnaraðilja hafa átt við dreng sóknaraðilja, enda frétti það síðar, að hann hafi komið heim til þess sama dag og tekið drenginn með sér í ökuferð. Jafnframt heyrði vitnið, að varnaraðili hefði gefið drengnum einhver leikföng. Varnaraðili var talsvert ölvaður, er þetta gerðist, en þó ekki meira en það, að hann hafði fengið inngöngu í samkomuhúsið. Einhver bifreiðarstjóri var með varnaraðilja, en vitnið man ekki nafn hans.

Vitnið J, er býr í sama húsi og sóknaraðili, hefur skýrt frá því, að dag einn haustið 1964 hafi sóknaraðili skroppið að heiman og hafi drengur hennar, sem þá var 3 ára að aldri, verið hjá því á meðan. Á meðan sóknaraðili var á brott, varð vitnið vart við það, að barið var að dyrum hjá henni. Vitnið fór til dyra og hitti þar mann, er spurði eftir sóknaraðilja. Maðurinn var eitthvað með áfengisáhrifum. Í fylgd með manninum var leigubifreiðarstjóri. Vitnið sagði manninum, að sóknaraðili væri ekki heima. Drengur sóknaraðilja hafði farið með vitninu til dyra, og þegar maðurinn sá hann, sagði hann, að þetta væri sonur sinn. Spurði hann vitnið, hvort því fyndist hann ekki líkur sér. Maðurinn spurði einnig, hvort hann mætti ekki fá drenginn með sér. Vitnið vildi fyrst ekki fallast á þetta, en lét þó að lokum til leiðast, og fór maðurinn á brott með drenginn í bifreið. Kom hann aftur eftir um það bil 1 klst. og skilaði drengnum. Hafði maðurinn keypt handa honum leikföng og sælgæti. Maðurinn kvaðst hafa farið með drenginn heim til móður sinnar til að sýna hann. Ítrekaði maðurinn þá ummæli sín um, að hann ætti drenginn og hafði enn á orði og þá við tilvonandi tengdamóður vitnisins, að drengurinn væri líkur sér. Vitnið minnir, að sóknaraðili hafi ekki komið heim, fyrr en maðurinn var farinn á brott. Vitnið kveður unnusta sinn hafa verið heima í umrætt sinn. Kvaðst hann kannast við manninn og kallaði hann D.

Vitnið P leigubifreiðarstjóri hefur skýrt frá því, að það hafi verið að aka með varnaraðilja í bifreið sinni dag einn haustið 1964. Varnaraðili hafði verið við drykkju um nóttina og var enn með áfengisáhrifum. Varnaraðili hafði orð á því, að verið væri að kenna sér barn, en það gæti ekki staðizt, að hann ætti það, þar sem kona sú, er hlut ætti að máli, hlyti þá að hafa gengið með í 1 ár. Vitnið kveðst hafa rætt málið við varnaraðilja. Stakk hann upp á því, að þeir skyldu fara í Suðurgötu ..., þar sem barnið væri, til að sjá það og gæti vitnið þá sannfærzt um, að það væri ekkert líkt honum. Var nú ekið að Suðurgötu ..., og fór varnaraðili þar úr bifreiðinni, en vitnið varð þar eftir að það

minnir. Nokkru síðar kom varnaraðili aftur, og var þá lítill drengur með honum. Vitnið fór nú með varnaraðilja heim til móður hans, og fór hann þar inn með drenginn. Eftir nokkra stund kom hann aftur og ók vitnið að Suðurgötu ..., þar sem drengurinn varð eftir. Vitnið kveðst ekki muna eftir því, að varnaraðili gæfi drengnum leikföng eða sælgæti. Vitnið kveður varnaraðilja hafa haft orð á því, að hann væri mest hissa á því, að verið væri að kenna honum barn, sem orðið væri 3 ára gamalt, en hann hefði aldrei heyrt neitt getið um áður.

Samkvæmt blóðflokkarannsóknum þeim, sem gerðar hafa verið, er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu, en niðurstöður þeirra eru sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
Sóknaraðili	O	MN	+	+	—	—	+
Barnið	O	N	+	+	—	+	+
Varnaraðili	O	MN	—	+	+	+	+
H	A_1	MN	+	+	—	—	+

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 4.250 gr. að þyngd og 59 cm að lengd.

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um það, hvenær barnið geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans, dags. 20. apríl s.l.:

„Af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, sbr. vottorð ljósmóðurinnar, dags. 5. þ. m., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestu líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 1. til 23. jan. 1961.

Ef höfð er hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindner's, Málmey, yfir þyngd og lengd nýfæddra barna verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 15. nóv. 1960 til 13. febr. 1961. Samkvæmt sömu töflum eru 831‰ líkur til að barnið sé getið á tímabilinu 13. des. 1960 til 16. jan. 1961."

Eins og nú hefur verið rakið, hefur varnaraðili neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hafa því ekki fengizt lögfullar sannanir fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af framburðum vitnanna, sem leidd

hafa verið í máli þessu, verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. nóvember 1960 til 13. febrúar 1961 að báðum dögum meðtöldum haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skuli hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 11. október 1961 og skírt var X, enda greiði hann þá með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1961, allt skv. yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar vegna máls þessa kr. 1.975.00. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða 6.975.00 kr. í málskostnað, er renni til ríkissjóðs.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmæltu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 15. nóvember 1960 til 13. febrúar 1961 að báðum dögum meðtöldum haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, M, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 11. október 1961 og skírt var X, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir 1961, allt skv. yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 6.975.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1967.

Nr. 65/1966. K (Guðrún Erlendsdóttir hdl.)
gegn
M (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl s. á. Hún fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 26. marz 1966. Krefst hún þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að stefndi verði dæmdur faðir sveinbarns þess, X, er hún ól 30. apríl 1963, og dæmt skylt að greiða henni fæðingarstyrk, almennt tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1963 og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, allt eftir yfirvaldsúrskurði. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Til vara krefst áfrýjandi þess, að henni verði dæmdur fyllingareiður.

Lögmaður áfrýjanda krefst þess, að honum verði dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði, hver sem úrslit málsins verða.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Rannsóknarstofu Háskólans, dags. 14. júní 1967, undirritað af prófessor Ólafi Bjarnsyni, dr. med., um endurtekna rannsókn á blóði úr aðiljum máls þessa og barninu. Í vottorðinu segir svo:

„Niðurstaðan varð þessi:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
K, f. 1935	O	M	+	+	—	+	+
X, f. 30/4 1963	O	M	—	+	+	+	+
M, f. 1941	A_2	M	+	+	—	+	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu getur M ekki verið faðir X, þar eð eigindin E, sem finnst í blóði barnsins, finnst hvorki í blóði þess né M.

Er þessi niðurstaða í fullu samræmi við fyrri niðurstöður í máli þessu, sbr. meðal annars bréf prófessors Nielsar Dungal til sakadómara, dags. 11/6 1963".

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera órskaður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðrúnar Erlendsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 10.000.00.

Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. desember 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 30. desember, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 16/1965: K gegn M, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, ógift, til heimilis ... hér í borg, fædd ... 1935, ól hinn 30. apríl 1963 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst M, til heimilis ... hér í borg, fæddan ... 1941, en hann hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast. Hefur sóknaraðili því höfðað

mál þetta gegn honum og krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1963, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst sóknaraðili fyllingareiðs. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja, enda hafi hann útilokazt við blóðrannsókn frá því að geta verið faðir að barni hennar. Þá krefst hann þess, að sóknaraðili verði dæmd til að greiða allan málskostnað.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá, að hún hafi kannazt við varnaraðilja, frá því að hann var drengur, en bróðir hans er kvæntur hálfsystur sóknaraðilja. Haustið 1961 fór varnaraðili að sögn sóknaraðilja að draga sig eftir henni. Hittust þau endrum og eins, en ekki var þó um kunningsskap að ræða á milli þeirra.

Laugardaginn 30. júní eða næsta laugardag á eftir, hinn 7. júlí 1962, sóknaraðili getur ekki staðhæft hvort heldur er, hittust sóknaraðili og varnaraðili á dansleik í samkomuhúsinu Glaumbæ hér í borg. Þegar dansleiknum lauk, kveður sóknaraðili þau hafa farið saman heim til varnaraðilja og haft samfarir um nóttina í herbergi hans. Voru ekki við samfarirnar gerðar neinar ráðstafanir til að varna því, að sóknaraðili yrði ófrísk. Sóknaraðili kveður þetta vera í eina skiptið, sem hún hafi haft samfarir við varnaraðilja, og staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við neina aðra karlmenn sumarið 1962. Sé því engum öðrum til að dreifa um faðerni barns síns en varnaraðilja. Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, í kringum 20. júní framangreint sumar. Sóknaraðili kveðst hafa verið talsvert með áfengisáhrifum, er samfarirnar fóru fram.

Sóknaraðili skýrir enn fremur frá því, að hún hafi hringt á varnaraðilja, einhvern tíma eftir að hún var orðin viss um, að hún væri ófrísk, og beðið hann að hitta sig. Kom varnaraðili til fundar við hana, og ræddu þau málið á veitingahúsi einu hér í borginni.

Varnaraðili hefur ekki neitað því að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í umrætt sinn, en skýrt nokkuð öðru vísi frá málavöxtum. Varnaraðili kveðst hafa þekkt sóknaraðilja í sjón, en bróðir hans er kvæntur hálfsystur hennar, eins og í framburði sóknaraðilja greinir. Varnaraðili þekkti sóknaraðilja annars ekkert nánar og man ekki til þess að hafa talað við hana. Einhvern

tíma sumars árið 1962 hittust þau á dansleik í veitingahúsinu Glaumbæ. Varnaraðili kveðst ekki geta tilgreint daginn nákvæmlega, en telur þó það hafa verið frekar laugardaginn 30. júní en 7. júlí. Byggir hann þetta á því, að hann hafi farið í sumarleyfi um mánaðamótin júní—júlí, en samfarir hans og sóknaraðilja fóru fram sömu helgina og sumarleyfi hans byrjaði. Varnaraðili var þarna með bræðrum sínum og konu annars þeirra. Þegar dansleiknum lauk, kveðst varnaraðili hafa farið einn heim til sín að Grenimel ... og lagzt til svefns. Varnaraðili vaknaði við það, að sóknaraðili var kominn upp í rúm til hans og lögst þar fyrir. Varnaraðili var talsvert með áfengisáhrifum, og eins telur hann, að hafi verið ástatt um sóknaraðilja. Varnaraðili kveður þau sóknaraðilja hafa haft samfarir, og voru ekki gerðar ráðstafanir til að hindra það, að sóknaraðili gæti orðið ófrísk. Varnaraðili kveðst ekki hafa haft samfarir við sóknaraðilja í annan tíma. Varnaraðili tók fram, að hann hafi séð sóknaraðilja í nokkur skipti á dansleikjum og hafi hún þá oft verið talsvert drukkin.

Varnaraðili kveður Z, bróður sinn, hafa skýrt sér frá því, að hann hafi farið umræddan nótt af dansleiknum ásamt sóknaraðilja og fleira fólki í hús eitt við Nesveg hér í borginni og drykkju verið haldið þar áfram. Seinna um nóttina hafi svo sóknaraðili komið með sér að Grenimel ..., en hann sofnað þar í stofunni.

Þá hefur varnaraðili skýrt frá því, að hann hafi hitt sóknaraðilja við hús eitt hér í borg að næturlagi, stuttu eftir að þau höfðu samfarnir, um viku síðar að varnaraðili telur. Skýrði sóknaraðili varnaraðilja frá því, að hún hefði orðið ófrísk af hans völdum í umrætt sinn. Varnaraðili kveðst hafa talið þetta fjarstæðu eina, þar sem svo skammt hafi verið um liðið frá samförum þeirra. Sóknaraðili var með áfengisáhrifum, en ekki varð hann þess var, að hún segði þetta í gamni. Einhvern tíma nokkru síðar hittust þau aftur af tilviljun, en hvar eða hvenær það var, kveðst varnaraðili ekki muna. Tók sóknaraðili það þá aftur, sem hún hafði áður sagt um þetta.

Varnaraðili kveður móðursystur sína hafa komið til sín fyrir sóknaraðilja, er sóknaraðili var orðin ófrísk, og tilkynnt sér um það.

Vitnið Z, bróðir varnaraðilja, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á margnefndum dansleik í Glaumbæ framanskráða nótt ásamt 2 bræðrum sínum, þ. e. varnaraðilja og Y, svo og konu Y. Sóknaraðili var á dansleik þessum, og kom hún að borðinu til þeirra og ræddi við þau. Vitnið kveðst hafa orðið viðskila við

varnaraðilja, en farið á brott af dansleiknum með sóknaraðilja og öðrum manni og konu. Var haldið að Nesvegi ... heim til mannsins, sem heitir B, og dvalizt þar um stund. Þaðan var haldið í hús eitt, sem er beint á móti hinum megin við götuna, en stúlkan, sem var með þeim sóknaraðilja, kannaðist við mann, er býr þar í kjallaranum. Þegar dvalizt hafði verið þarna nokkra stund, fór sóknaraðili á brott og hélt aftur í húsið hinum megin við götuna til manns þess, sem þau höfðu verið að koma frá. Vitnið kveðst hafa heyrt, að sóknaraðili og stúlkan, sem með þeim var, voru að ræða þetta, og virtist stúlkan hafa á móti því, að sóknaraðili væri að fara á brott. Eftir á að gizka klukkutíma kom sóknaraðili aftur, og skömmu síðar fóru vitnið og sóknaraðili á brott saman. Ekki var ákveðið, hvert halda skyldi, en það varð úr, að sóknaraðili fór með vitninu að Grenimel ... í boði þess. Vitnið kveðst hafa tekið eftir því, er það kom heim til sín, að herbergi varnaraðilja var opið. Vitnið bauð sóknaraðilja upp á kaffi, en á meðan það var að laga það, hvarf sóknaraðili frá því. Vitnið fór að huga að henni og sá þá, að hún var lögzt fyrir í rúminu hjá varnaraðilja. Hafði hún farið úr kápunni og breitt sængina yfir sig. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að varnaraðili var sofandi. Vitnið kveðst telja, að sóknaraðili hafi komið tvisvar sinnum að Grenimel ... í sínu boði nokkuð löngu áður, en varnaraðili var þá ekki heima að það vissi til.

Sóknaraðili kannast við það að hafa farið með vitninu að Nesvegi ... sumarið 1962 eftir dansleik í veitingahúsinu Glaumbæ, en neitar því, að hún hafi þá nótt farið að Grenimel ... Kveður sóknaraðili það hafa verið síðar umrætt sumar, sem það fór með varnaraðilja að Grenimel ..., og þau höfðu samfarir. Sóknaraðili kveðst hafa farin ein síns liðs úr húsinu við Nesveg, en neitar alveg að hafa orðið vitninu samferða þaðan.

Vitnið B bifreiðarstjóri, Nesvegi ..., kveðst þekkja sóknaraðilja í sjón. Vitnið kveður það geta meira en verið, að hún hafi komið einhvern tíma heim til þess, jafnvel sumarið 1962, eftir dansleik í Glaumbæ, enda þótt það muni ekki sérstaklega eftir því. Þegar vitninu hafði verið kynntur framburður sóknaraðilja og vitnisins Z, skýrði það frá því, að það myndi óljóst eftir þessu. Ekki kvaðst vitnið þó muna eftir því, að sóknaraðili hafi komið heim til þess aftur ein síns liðs, eftir að hún fór á brott frá því ásamt umræddu fólki. Kemur þeim sóknaraðilja og vitninu saman um, að hún hafi ekki komið aftur til þess, eftir að hún fór á brott frá því ásamt Z og stúlkunni umrædda nótt.

Vitnið D, Akranesi, kveður sig minnast þess, að það hafi einhvern tíma farið heim til B, sem vitnið kannast við, að afstöðnum dansleik í Glaumbæ. Ekki man vitnið, hvenær þetta var né hverjir voru með því, en kveður þó vel geta verið, að sóknaraðili hafi verið þar. Frekar getur vitnið ekkert um þetta borið.

Í vottorði frá Pétri H. J. Jakobssyni, yfirlækni á fæðingardeild Landspítalans, er lagt var fram í dóminum, segir á þessa leið:

„K, fædd ... '35, ógift skrifstofustúlka, ..., Reykjavík, fæddi á V. deild Landspítalans þann 30. apríl 1963 lifandi dreng.

Þyngd 3760 gr., lengd 51 cm. Hafði meðgöngueitrun og djúpa þverstöðu á höfðinu í fæðingu, þess vegna gerð tangarfæðing. Heilsaðist báðum vel, en vegna meðgöngueitrunar var K látin liggja 15 daga eftir fæðinguna, og var þá ekki aðeins hækkaður blóðþrýstingur og eggjahvíta í þvagi."

Í öðru vottorði sama læknis, dagsettu 15. janúar s.l., segir enn fremur:

„Síðustu tíðir konunnar voru að hennar sögn 20. júní 1962, og eru þá liðnir 314 dagar frá þeim, þegar barnið fæddist. Hvort heldur reiknaður væri getnaðardagur 30. júní eða 7. júlí, mundi meðgöngutíminn verða 304 eða 297 dagar. Allavega er þetta óvenjulega langur meðgöngutími, og þó ekki sé getið neinna yfirburðar einkenna á barninu í sjúkrablaði konunnar, þá kemur alltaf annað slagið fyrir, að konur ganga 3 til 4 vikur fram yfir meðaltíma, án þess að þess séu greinanleg einkenni á barninu við fæðingu.

Í fæðingarfræðinni hefur verið viðurkenndur sem stytzti og lengsti tími meðganga fullburða barns 229 og 323 dagar post conceptionem. Samkvæmt töflu Föllmer og Könningen (1951) um, hvað telst sennilegt miðað við síðustu tíðir mundi barn, sem er 51 cm á lengd í 3,69%, geta fæðzt 305 til 314 dögum eftir að síðustu tíðir byrjuðu hjá móðurinni."

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um það, hvenær barn það, er mál þetta er risið af, geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans, dags. 23. september s.l.:

„Af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, sbr. vottorð ljósmóðurinnar, dags. 21. 5. 1963, má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 22. júlí til 13. ágúst 1962.

Ef höfð er hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það

samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindner's, Málmey, yfir lengd og þyngd nýfæddra barna verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 5. júní til 10. september 1962. Samkvæmt sömu töflum eru 879‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 3. júlí til 13. ágúst sama ár."

Blóðflokkarannsóknir fóru fram á aðiljum máls þessa svo og á barninu.

Niðurstaða rannsóknar frá Rannsóknarstofu Háskólans er sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	O	M	+	+	—	+
Barnið	O	M	—	+	+	+
Varnaraðili	A_2	M	+	+	—	+

Í vottorði um rannsókn þessa segir prófessor Níels Dungal, er hana framkvæmdi, að blóð allra þriggja aðilja hafi verið rannsakað tvívegis fyrir C, E og c.

Þá er niðurstaða rannsóknar frá Blóðbankanum, er Valtýr Bjarnason læknir hafði á hendi, sem hér segir:

Sóknaraðili

Anti-A	Anti-B	Anti-abs. A_1	Anti-M	Anti-N	Anti-C	Anti-D	Anti-E	Anti-c	Anti-e	ABO- og Rhesus-flokkur.
0	0	0	+	0	+	+	0	+	+	O M Rh: CD/ce

Barnið

Anti-A	Anti-B	Anti-abs. A_1	Anti-M	Anti-N	Anti-C	Anti-D	Anti-E	Anti-c	Anti-e	ABO- og Rhesus-flokkur.
0	0	0	+	0	0	+	+	+	+	O M Rh: DE/ce

Varnaraðili

Anti-A	Anti-B	Anti-abs. A_1	Anti-M	Anti-N	Anti-C	Anti-D	Anti-E	Anti-c	Anti-e	ABO- og Rhesus-flokkur.
+	0	+	+	+	+	+	0	+	+	A_1 MN Rh: CD/ce

	Genotype	
Sóknaraðili	O/O, M/M,	DCe/dce (R_1r) eða DCe/Dce (R_1R_0)
Barnið	O/O, M/M,	DcE/dce (R_2r) eða Dce/Dce (R_2R_0)
Varnaraðili	A_1/A_1, M/N, A_1/O,	DCe/dce (R_1r) eða DCe/Dce (R_1R_0)

Loks framkvæmdi Ólafur Bjarnason yfirlæknir blóðrannsókn á barninu, og varð hún í samræmi við framangreindar niðurstöður.

Samkvæmt blóðflokkarannsóknum þessum getur varnaraðili ekki verið faðir barns sóknaraðilja. Barnið hefur E í sínum Rh-flokki, sem það hlýtur að hafa fengið frá föðurnum, en það er ekki fyrir hendi, hvorki hjá varnaraðilja né sóknaraðilja, móður þess.

Málið var lagt fyrir Læknaráð og beiðzt svars við þeirri spurningu, hvort hugsanlegt sé, að varnaraðili geti verið faðir barns sóknaraðilja þrátt fyrir niðurstöður blóðrannsóknanna. Svar Læknaráðs við spurningu þessari var sem hér segir:

„Útilokun varnaraðilja, M, frá faðerni umrædds barns skv. niðurstöðum blóðrannsókna byggist á því, að Rh-eiginleikinn E, sem fannst í blóði barsins, fannst hvorki hjá móður þess né varnaraðilja. Fyrir kemur þó, að Rh-eiginleiki — ekki sízt E — sé svo lítið áberandi, að erfitt sé að greina hann. Þykir vafasamt, að enn sé fengið nægilegt öryggi í greiningu ýmissa þátta Rh-kerfisins, til þess að útilokun faðernis skv. rannsóknarniðurstöðu varðandi einn einstakan Rh-eiginleika geti talizt hafa jafn sterkt sönnunargildi og útilokun skv. ABO eða MN flokkunum.

Samkvæmt þessu er hugsanlegt, að annað hvort móðir eða varnaraðili hafi eiginleikann E í svo veikum mæli, að ekki hafi tekizt að finna hann, og því er ekki með öllu útilokað, að varnaraðili geti verið faðir umrædds barns."

Í vottorði sínu hér að framan kveður Pétur H. J. Jakobsson yfirlæknir meðgöngutímann hjá sóknaraðila vera óvenjulega langan, hvort heldur 30. júní eða 7. júlí 1962 væri reiknaður sem getnaðardagur barns hennar. Þá segir í vottorði borgarlæknis, að mestar líkur ættu að vera á því, að barn sóknaraðilja sé getið á tímabilinu frá 22. júlí til 13. ágúst 1962, en geti þó verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu frá 5. júní til 10. september umrætt ár.

Enda þótt þetta útiloki ekki varnaraðilja frá því að geta verið faðir að barni sóknaraðilja, hlýtur þetta að draga úr gildi þeirrar

staðhæfingar hennar, að barnið sé getið við samfarir hennar við varnaraðilja.

Við blóðflokkarannsóknir þær, sem gerðar hafa verið í máli þessu og leitt hafa til sömu niðurstöðu, hefur varnaraðili útilokazt frá því að geta verið faðir að barni sóknaraðilja. Rh-kerfið, þar á meðal E-flokkur þess, sem útilokunin er byggð á, hefur verið lagt til grundvallar í dómum í barnsfaðernismálum, og þar sem ekkert er fram komið, er bendi til annars en blóðflokkarannsóknirnar hafi verið rétt framkvæmdar, þykir verða með hliðsjón af óvenjulega löngum meðgöngutíma hjá sóknaraðilja að byggja á þeim við úrslit máls þessa. Ber því að sýkna varnaraðilja af kröfum sóknaraðilja í máli þessu.

Samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 skulu málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, greiðast úr ríkissjóði, en að öðru leyti skal málskostnaður niður falla.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, á að vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, K, í máli þessu.

Málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00, skulu greiðast úr ríkissjóði, en að öðru leyti skal málskostnaður niður falla.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. júní 1967.

Nr. 226/1966. **Stefán Árnason**
(Volter Antonsson hdl.)
gegn
Ármannsfelli h/f
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lóðamörk.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1966 og krafizt þess *aðallega,* að lóðamörk milli lóðanna nr. 3 og 5 við Fálkagötu annars vegar og nr. 7 við Fálkagötu hins vegar sé rauða línan, sem dregin er á mörkum lóðanna frá götu suður að innri húsalínu á lóðinni nr. 5 við Fálkagötu á uppdrættinum á héraðsdómsskjali nr. 16, *en til vara,* að lóðamörkin verði talin vera í miðjum grjótgarði þeim, sem var á mörkum lóðanna. Þá krefst áfrýjandi staðfestingar á lögbanni því, sem lagt var á framkvæmdir á lóðinni nr. 5 hinn 7. júní 1966, og svo málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Til viðbótar því, sem rakið er í forsendum héraðsdóms og á má fallast, er þess að geta, að áfrýjandi hefur eigi í tæka tíð haft uppi vefengingu á yfirlýsingu sinni um lóðamörkin frá 28. júní 1949. Ber að staðfesta héraðsdóminn samkvæmt þessu.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Stefán Árnason, greiði stefnda, Ármannsfelli h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 8. október 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. september s.l., hefur Stefán Árnason, Fálkagötu 7, Reykjavík, höfðað fyrir merkjadómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. júní 1966, gegn Ármannsfelli h/f, Reykjavík.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að „merkjalína milli lóðanna nr. 3—5 og nr. 7 við Fálkagötu verði færð til austurs í samræmi við lóðarafsal bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, dags. 15. október 1919, til stefnanda og lóðaruppdrátt, sem því fylgdi.“ Þá er í stefnu krafizt staðfestingar á lögbanni, sem lagt var á framkvæmdir á lóðinni nr. 5 hinn 7. júní 1966, og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þá kröfu, að lóðamörk milli lóðanna nr. 3—5 annars vegar og nr. 7 hins vegar yrðu ákveðin rauð lína, sem dregin er á dskj. nr. 16 frá götulínu við Fálkagötu, unz hún skerst af brotinni línu, sem sést á dskj. nr. 2 í fógetagerðum, dskj. nr. 3, og liggur í gegnum punkt á skálínu þar, sem auðkennt er með tölunni 19.75. Þá er krafizt sem fyrr staðfestingar á fyrrgreindu lögbanni og málskostnaðar úr hendi stefnda.

Með stefnu, sem dagsett er 18. júní 1966, höfðaði stefndi, Ármannsfell h/f, gagnsök á hendur aðalstefnanda, Stefáni Árnasyni. Gerir gagnstefnandi þær aðalkröfur í gagnsök, að viðurkennt verði, að merkjalína (mörk) milli lóðanna nr. 3—5 og 7 við Fálkagötu sé lína sú, sem sýnd sé á uppdrætti, dags. 28. 6. 1949, en uppdráttur þessi hafi verið lagður fram sem dskj. nr. 4 í lögbannsmálinu og sé samkv. því að finna í fógetagerðunum. Til vara krefst gagnstefnandi þess í gagnsök, að mörk milli lóðanna nr. 3—5 og 7 við Fálkagötu sé sú lína, sem markist af þeirri brún grjótgarðsins, er staðið hafi á mörkum lóðanna, sem nær sé Fálkagötu 7, þ. e. talið verði, að grjótgarðurinn og hjallurinn, sem tilheyrt hafi nr. 3—5, verði talinn hafa staðið að öllu leyti inni á lóðinni nr. 3—5. Í báðum tilvikum krefst gagnstefnandi málskostnaðar í gagnsök úr hendi gagnstefnda.

Í aðalsök krefst aðalstefndi sýknu af kröfum aðalstefnanda svo og þess, að lögbannið verði úr gildi fellt og að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða aðalstefnda málskostnað, þar á meðal málskostnað vegna lögbannsgerðar.

Í gagnsök krefst gagnstefndi sýknu af kröfum gagnstefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Rétt þykir að fjalla um aðalsök og gagnsök í einu lagi, og eru málavextir þessir:

Með afsali, dags. 15. október 1919, seldi Reykjavíkurbær aðalstefnanda, Stefáni Árnasyni, byggingarlóðina nr. 9 við Fálkagötu, en austurhluti þessarar lóðar telst nú nr. 7, en sá vestari nr. 9. Er í afsali þessu tekið fram, að lóðin sé 787 m^2 að stærð og að lögun hennar og afstaða sé sýnd á viðfestum uppdrætti. Afsali þessu og uppdrættinum, sem því fylgdi, var þinglýst þegar hinn 16. október 1919. Uppdrátturinn er í mælikvarðanum 1:500 og ber fyrirsögnina: „Nokkrar lóðir á Grímsstaðaholti." Eintak það af uppdrættinum, sem þinglýst var samkvæmt framansögðu, sýnir lögun lóðarinnar og flatarmál, 787 m^2, en er að öðru leyti ómálsett. Engin mannvirki eru sýnd á þessum uppdrætti, er gefa til kynna legu lóðarinnar, nema hús það, sem nefnt var Kvöldroðinn, sem stóð á lóð þeirri, Kvöldroðalóðinni, sem nú er eign aðalstefnda og er nú talin nr. 3—5 við Fálkagötu, en áður nr. 7. Húsið Kvöldroðann lét stefndi rífa, er hann hóf byggingarframkvæmdir á lóðinni. Hins vegar sýnir uppdrátturinn fyrirhugaða götulínu Fálkagötu og austurlínu Garðavegar. Lagt hefur verið fram í máli þessu annað eintak af umræddum uppdrætti. Mun það vera úr fórum lóðaskrárritara. Inn á eintak þetta hafa verið færð nokkur lengdarmál, m. a. lengdarmál allra fjögurra hliðarlína lóðar aðalstefnanda og auk þess fjarlægð norðvesturhorns Kvöldroðans frá austurmörkum lóðar aðalstefnanda við götulínu og hún talin 2.7 m. Hliðarlína lóðar aðalstefnanda við götu er talin 30 m, en austurlínan, sem er jafnframt vesturmörk lóðar aðalstefnda, 38.7 m, og eru þarna mörk þau, sem deilt er um í máli þessu. Árni Þ. Árnason lóðaskrárritari hefur skýrt svo frá fyrir merkjadóminum, að lengdarmál þessi séu rituð af fyrrverandi lóðaskrárritara, Halldóri Pálssyni, og telur, að til grundvallar þessum málum liggi eigi aðrar mælingar en mælingar á korti.

Framangreindan uppdrátt frá 1919 hefur Sigurhjörtur Pálmason, starfsmaður borgarverkfræðings, mælt. Reyndist stærð lóðar aðalstefnanda samkvæmt mælingu hans vera 777 m^2, en ekki 787 m^2, og meðalskekkja vera 1.2 m^2, dskj. nr. 10.

Svo sem áður greinir, sýnir framangreindur uppdráttur ekki önnur mannvirki en húsið Kvöldroðann. Þegar uppdráttur var gerður, voru þó a. m. k. tvö mannvirki önnur á þessum slóðum, hjallur og grjótgarður.

Ekki liggja fyrir skýr gögn um það, hvenær grjótgarðurinn var hlaðinn. Af hálfu aðalstefnda hefur það komið fram, að Þorsteinn nokkur Gamalíelsson, eigandi Kvöldroðalóðarinnar, hafi hlaðið garðinn 1901, skömmu eftir að hann eignaðist lóðina. Ekki er það vefengt af hálfu aðalstefnanda, að umráðamenn Kvöldroðalóðarinnar hafi hlaðið grjótgarðinn, en aðalstefnandi telur sennilegt, að garðurinn hafi verið hlaðinn upp úr 1880, þegar Kvöldroðinn var reistur. Verulegur ágreiningur er með aðiljum um afstöðu grjótgarðsins til hinna umdeildu lóðamarka. Telur aðalstefndi, að garðurinn standi allur á Kvöldroðalóðinni, en aðalstefnandi heldur því hins vegar fram, að skýrt hafi verið tekið fram við sig, þegar lóðin var mæld út 1919, að lóð hans takmarkaðist að austan af miðju grjótgarðsins.

Fyrrgreindur hjallur mun hafa verið reistur árið 1904. Var hann reistur á þeirri byggingarlóð, sem bæjaryfirvöld seldu stefnanda síðar árið 1919. Er aðalstefnandi hóf byggingu íbúðarhúss þess á lóðinni, sem enn stendur og er nú talið nr. 7, færði hann hjallinn til austurs, en hann var eign forráðamanna Kvöldroðans. Kveður aðalstefnandi sig og verkamenn sína hafa fært hjallinn á þann stað, þar sem hann síðan stóð, unz hann var rifinn og fluttur að Árbæ fyrir skömmu. Segir aðalstefnandi, að sér hafi verið ljóst, að hjallurinn stæði enn inni á lóð hans þrátt fyrir flutninginn. Hafi ekki verið unnt að koma hjallinum austar, þar sem gangurinn milli hans og hússins (Kvöldroðans) hefði þá orðið of þröngur. Benedikt Jónsson, stjórnarmaður og hluthafi í Ármannsfelli h/f, hefur það hins vegar eftir föður sínum, Jóni Þorsteinssyni, syni Þorsteins Gamalíelssonar, sem fyrr er nefndur, að hjallurinn hafi verið fluttur alveg inn á lóð hans, enda hafi verið tekið úr grjótgarðinum til að koma hjallinum í mörk.

Í málinu liggur frammi uppdráttur af Grímsstaðaholti, sem er í hlutföllunum 1:500 og er gerður af Árna Daníelssyni á árunum 1926—'27. Sýnir uppdráttur þessi auk Kvöldroðans, grjótgarðsins og hjallsins íbúðarhús það, sem aðalstefnandi reisti á lóðinni þegar árið 1919, og einnig hesthús og hlöðu, sem aðalstefnandi hefur verið búinn að reisa á lóð sinni, þegar uppdrátturinn var gerður. Svo er að sjá af uppdrætti þessum, að úr norðvesturhorni hjallsins hafi legið girðing, eða a. m. k. er þar gert fyrir lóðamörkum. Ef tekinn er punktur sá, þar sem girðing þessi eða lína endar við Fálkagötu, gæti hann virzt benda til

þess, að mörk hefðu verið talin liggja eftir grjótgarðinum miðjum. Svipað er að segja um staðsetningu hesthússins, sem stendur enn.

Í júní 1949 var gerður uppdráttur af lóð aðalstefnanda af lóðaskrárritara og starfsmönnum hans. Uppdráttur þessi sýnir auk fyrrgreindra gripahúsa bæði íbúðarhúsin, sem standa á lóð aðalstefnanda, en um þetta leyti var reist nýtt hús á lóð hans vestanverðri, sem nú telst nr. 9. Einnig sést fyrrnefndur hjallur á uppdrætti þessum, og er hann samkvæmt honum austan lóðamarkanna. Tilgreint er stórum stöfum á uppdrættinum, að lóðin sé 766 m^2, og enn fremur eru skráð ýmis lengdarmál, m. a. allra hliðarlína lóðarinnar. Undir uppdrátt þennan hefur aðalstefnandi ritað svofellda yfirlýsingu hinn 28. júní 1949: „Ég undirritaður eigandi lóðarinnar nr. 9 við Fálkagötu viðurkenni hérmeð, að mörk lóðarinnar séu rétt samkv. uppdrætti þessum.“ Aðalstefnandi hefur skýrt svo frá tildrögum þessarar undirritunar, að fyrirsvarsmaður Fálkagötu 11 (Skotgrafir), Sigurður Sigmundsson, hafi komið að máli við sig og farið þess á leit, að hann léti af hendi smáræmu af lóð sinni vestanverðri, þar sem að öðrum kosti yrði ekki unnt að komast inn í húsið á Fálkagötu 11. Síðan hafi það næst gerzt í málinu, að Árni Árnason lóðaskrárritari hafi hringt í sig. Hafi þá líklega allt að því tvö ár verið liðin, frá því að Sigurður Sigmundsson kom að máli við hann. Hafi Árni í þetta sinn farið þess á leit við hann, að hann viðurkenndi rétt mörk lóðar sinnar að vestanverðu. Hafi Árni beðið sig að líta til sín einhvern tíma, og kveðst aðalstefnandi hafa gert það nokkru síðar. Telur aðalstefnandi vafalaust, að tekin hafi verið nokkur spilda af lóð sinni vestanverðri og hún verið lögð undir lóð nr. 11, en ekki hafi hann fengið neitt endurgjald fyrir. Í þinghaldi hinn 7. september s.l. var aðalstefnandi gagngert að því spurður, hvort hann teldi, að hann hefði með áritun á uppdráttinn frá 1949 verið að láta af hendi spildu af lóð sinni vestanverðri, og svaraði hann þá því til, að Árni Árnason hefði aðeins sagt við sig, að með árituninni væri hann aðeins að viðurkenna, að rétt væru vesturmörk lóðarinnar og að hann mundi fá í makaskiptum ræmu við lóðina austanverða, en það væri samt „óklárað“ enn. Annað hafi þeim Árna ekki farið á milli og ekkert verið á það minnzt, að verið væri að hnika til austurlóðamörkunum. Ekki kvaðst aðalstefnandi minnast þess, að framkvæmdar hefðu verið neinar mælingar fyrir þann tíma, er uppdrátturinn var gerður, sem hann skv. framansögðu áritaði.

Árni Þ. Árnason lóðaskrárritari hefur hér fyrir dómi skýrt frá aðdraganda þess, að umræddur uppdráttur var gerður, og að undirritun aðalstefnanda undir yfirlýsingu þá, sem undir uppdráttinn er rituð. Er sú frásögn mjög á annan veg en skýrsla aðalstefnanda. Árni segir, að mælingar hafi hann sjálfur framkvæmt ásamt aðstoðarmanni sínum, Alexander Jóhannessyni. Telur hann, að mælingin hafi verið framkvæmd að beiðni aðalstefnanda, Stefáns Árnasonar, enda telur hann líklegt, að hann mundi muna eftir því, ef einhver annar hefði beðið um mælinguna. Enn fremur skýrir Árni svo frá, að aðalstefnandi hafi sjálfur gengið á mörk með þeim mælingamönnum og þeir síðan dregið mörkin eftir sögn hans og því, sem líklegast hafi verið. Hafi aðalstefnandi síðan verið látinn skrifa undir, eins og oft hafi verið gert, þegar eigendur hafi gengið á mörk og verið viðriðnir markalýsingar. Ekki minnist Árni þess, að í þessu sambandi hafi neitt verið um það talað, að taka ætti lóðarspildu af lóðinni vestanverðri, og synjar algerlega fyrir að hafa lofað aðalstefnanda spildu við lóðina austanverða. Hann telur hugsanlegt, að hann hafi hringt í aðalstefnanda, þegar teikningin var tilbúin til undirskriftar.

Eigendur fasteignarinnar nr. 3—5 við Fálkagötu munu um skeið hafa haft hug á að ráðast í byggingarframkvæmdir á lóð sinni. Af slíkum framkvæmdum varð samt ekki, fyrr en aðalstefndi, Ármannsfell h/f, var orðinn eigandi lóðarinnar. Áður en í framkvæmdir var ráðizt, hafði fyrri eigandi, Jón Þorsteinsson, gert samning við Reykjavíkurborg um makaskipti á ýmsum lóðaskikum á og við lóð hans, og auk þess keypti hann af Reykjavíkurborg lóðarskika, samtals 20 m^2. Tveir uppdrættir fylgja samningi þessum. Eru þeir báðir á því byggðir, að hin umdeildu lóðamörk skulu dregin svo sem gert er á uppdrætti þeim, sem aðalstefnandi undirritaði hinn 28. júní 1949. Sömuleiðis munu byggingaryfirvöld hafa gengið út frá sömu lóðamörkum við leyfisveitingar sínar. Aðalstefndi hefur þegar reist hús á þeim hluta lóðar sinnar, sem talinn er nr. 3, en byggingarframkvæmdir á vesturhlutanum, nr. 5, voru stöðvaðar með fyrrgreindu lögbanni að kröfu aðalstefnanda hinn 7. júní 1966, þar sem aðalstefnandi taldi, að með þeim væri gengið á sína lóð.

Aðalstefnandi og aðalstefndi byggja mjög á tveimur þeirra uppdrátta, sem að framan greinir. Aðalstefnandi á uppdrættinum frá 1919, en aðalstefndi á uppdrætti þeim, sem aðalstefnandi áritaði hinn 28. júní 1949. Báðir þessir uppdrættir hafa verið

markaðir inn á kort af Grímsstaðaholti frá 1949, dskj. nr. 16. Kortið, dskj. nr. 16, grundvallast á mælingum, sem miða við fasta punkta, og eru engin vandkvæði á því að leggja mörk út í landið, sem sýnd eru á honum. Engin vandkvæði voru á því að færa uppdrátt þann af lóð aðalstefnanda, sem hann undirritaði hinn 28. júní 1949, inn á kortið, dskj. nr. 16, þar sem hann styðst einnig við mælingar, er miða við þekkta fasta punkta, er koma heim við kortið, dskj. nr. 16. Er lega lóðar aðalstefnanda miðuð við uppdráttinn af henni frá 1949 sýnd með grænum lit á kortinu, dskj. nr. 16.

Hins vegar eru vandkvæði á að færa uppdráttinn frá 1919 inn á kortið, dskj. nr. 16, og þá auðvitað sömuleiðis að leggja mörk eftir honum út í landið. Ingi Ú. Magnússon gatnamálastjóri, starfsmaður borgarverkfræðings, sem fært hefur framangreinda uppdrætti af lóð aðalstefnanda inn á kortið, dskj. nr. 16, hefur gert grein fyrir þessum vandkvæðum í bréfi og jafnframt skýrt, eftir hverjum sjónarmiðum uppdrátturinn frá 1919, sem sýndur er með rauðum lit, hefur verið markaður inn á kortið, dskj. nr. 16. Í bréfi sínu segir Ingi, að gengið sé út frá því, að núverandi götulína Fálkagötu sé sú sama og sýnd er á uppdrættinum frá 1919 og að skurðpunktur suðurlínu Fálkagötu og austurlínu Garðavegar á sama uppdrætti sé húshornið merkt A á kortinu, dskj. nr. 16. Samkvæmt þessu verði mörkin milli Fálkagötu 3—5 og 7 austan við grjótgarðinn og fari í gegnum miðjan hjallinn, en þá verði fjarlægð Kvöldroðans frá mörkum minni en uppdrátturinn frá 1919 sýni. Kveður Ingi muninn vera 0.2—0.3 m við norðurhorn hússins og um 1.0 m við suðurhornið, þannig að ætti afstaða hússins Kvöldroðans til lóðamarka samkvæmt uppdrættinum frá 1919 að ráða, ættu mörkin að færast til vesturs miðað við það, sem sýnt sé á korti mælingadeildar, dskj. nr. 16, um 0.2—1.0 m eftir því, hvort húshornið sé látið ráða. Er það niðurstaða Inga, að uppdrátturinn frá árinu 1919 beri ekki með sér, svo að óyggjandi sé, hvar lóðamörk Fálkagötu 7 hafi verið fyrirhuguð, er lóðinni var útvísað, og verði því ekki staðsett eftir þeim uppdrætti með neinni vissu.

Í aðalsök og gagnsök styður aðalstefnandi kröfur sínar þeim rökum, að uppdrátturinn frá 1919, eins og hann sé markaður á kortið á dskj. nr. 16, sýni rétt lóðamörk. Jafnframt er því haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að það sé staðleysa ein, að allur grjótgarðurinn hafi að öllu leyti verið hlaðinn á Kvöldroðalóðinni, þar sem lóðamörk hafi verið í miðjum garðinum, svo sem

merkjasteinn við götu sýni. Er því haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að leggja verði til grundvallar í málinu staðhæfingar aðalstefnanda um lóðamörk, þar sem aðalstefndi hafi ekki sýnt neinar eignarheimildir fyrir lóð sinni og auk þess eyðilagt þann eina fasta punkt, sem uppdrátturinn frá 1919 hafi miðað við, horn á Kvöldroðanum. Er það vefengt af hálfu aðalstefnanda, að hjallurinn hafi alfarið staðið inni á Kvöldroðalóðinni og enn fremur, að uppdráttur sá og yfirlýsing sú, sem aðalstefnandi undirritaði 26. júní 1949, sé bindandi um nokkuð annað en vesturmörk lóðarinnar, enda hafi undirritun aðalstefnanda verið gerð í þeim tilgangi einum, þar sem hann hafi verið búinn að samþykkja að láta af hendi spildu af lóðinni vestanverðri, ca. 80 cm breiða, samtals 21 m^2 að stærð. Þá mótmælir aðalstefnandi því í þessu sambandi, að nokkur merkjaganga hafi farið fram árið 1949. Loks telur aðalstefnandi það óhjákvæmilegt skilyrði eignarhefðar, að hefðandi sýni einhverjar eignarheimildir, en það hafi aðalstefndi ekki gert.

Kröfur sínar í aðalsök og aðalkröfur sínar í gagnsök styður aðalstefndi fyrst og fremst þeim rökum, að um mörk milli lóðanna verði að byggja á uppdrætti þeim, sem aðalstefnandi undirritaði samkvæmt framansögðu hinn 28. júní 1949. Tekur aðalstefndi í því sambndi fram, að frá gamalli tíð hafi á Grímsstaðaholti verið mikið um smálóðarskika, sem hver hafi haft sinn eiganda, en lóðamörk lengst af verið mjög óljós. Í nokkrum tilfellum hafi mörk verið fastsett og skipulag og byggingaframkvæmdir verið miðaðar við slíka fastsetningu merkja. Hafi svo verið gert, að því er lóð aðalstefnanda varði, árið 1949. Telur aðalstefndi, að aðalstefnandi sé bundinn við uppdrátt þennan, sem sé fortakslaus og skilyrðislaus, og mótmælir aðalstefndi öllum staðhæfingum aðalstefnanda í gagnstæða átt. Þá er því mótmælt af hálfu aðalstefnda, að mörk verði með nokkru móti ákveðin eftir uppdrættinum frá 1919, þar sem hann sé til þess allt of óljós og ófullkominn. Af hálfu aðalstefnda er því og mótmælt, að nokkur merkjasteinn sé eða hafi nokkru sinni verið til.

Varakröfu sína í gagnsök styður aðalstefndi þeim rökum, að grjótgarðurinn, sem stendur á mörkum lóðanna og stendur að hluta enn, hafi verið byggður 1901 og samkvæmt því verið búinn að standa í 18 ár, er aðalstefnandi hafi eignazt sína lóð. Hafi grjótgarðurinn verið hlaðinn að öllu leyti inni á Kvöldroðalóðinni. Hjallinn telur aðalstefndi hafa staðið algerlega inni á Kvöldroðalóðinni eftir flutning hans. Hafi aðalstefnandi aldrei gert

kröfu til þess lands, sem undir hjallinum hafi verið, fyrr en til málssóknar kom, en hjallurinn verið byggður og jafnan notaður af eigendum Kvöldroðalóðarinnar. Telur aðalstefndi ljóst, að eignarhefð hafi skapazt fyrir eigendur Kvöldroðans á þeirri spildu, sem undir hjallinum var. Grjótgarðurinn hafi verið í beinu framhaldi af neðra horni hjallsins. Hafi aðalstefnandi aldrei gert kröfu um eignarhlutdeild í grjótgarðinum né því landi, sem undir honum var, fyrr en til málssóknar kom. Hafi aðalstefnandi þvert á móti alltaf hegðað sér eins og hann ætti ekki lóð lengra en að garðinum. Megi og í því sambandi hreyfa þeim rökum, að eignarhefð hafi skapazt fyrir eigendur Kvöldroðans á landi því, sem undir garðinum sé.

Lögum samkvæmt fara borgaryfirvöld með skipulags- og byggingamál. Við rækslu þessa hlutverks er þeim nauðsynlegt, að mörk lóða séu sem skýrust. Er og gert ráð fyrir því í lögum nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, að borgaryfirvöld hafi forgöngu um mælingu og skrásetningu lóða og gerð uppdrátta af þeim. Skal í því sambandi leitast við að fá fram, eftir því sem kostur er, rétt lóðamörk. Er ljóst af 3. og 4. gr. laga nr. 35/1914, að lóðaeigendur verða að reikna með því, að þeir verði bundnir af þeim yfirlýsingum, sem þeir gefa fyrir mælingamönnum um lóðamörk, sérstaklega þó auðvitað af samþykki sínu á merkjalýsingum, t. d. uppdráttum. Mega þeir og búast við, að borgaryfirvöld hegði sér í skiptum sínum við eigendur grannlóða í samræmi við slíka viðurkenningu eða samþykki á lóðamörkum og að eigendur grannlóða, sem skipti eiga við borgaryfirvöld, fari fram í trausti þess, að rétt séu þau mörk, er þannig hafa verið fengin fram. Verður af þessum ástæðum að líta svo á, að umráðamenn lóða séu almennt bundnir af slíkum yfirlýsingum, sem að framan greinir, eigi aðeins gagnvart borgaryfirvöldum, heldur og eigendum grannlóða, ekki sízt ef þeir hafa átt skipti við borgaryfirvöld, sem byggð eru á gildi og réttmæti slíkra yfirlýsinga. Skiptir ekki höfuðmáli um bindandi gildi slíkra yfirlýsinga, hvort til fullnustu hafi verið farið eftir ákvæðum laga nr. 35/1914 um merkjastefnur. Framangreind rök eiga við um skipti lóðaskrárritara við aðalstefnanda og borgaryfirvalda við aðalstefnda og Jón Þorsteinsson, sem aðalstefndi leiðir rétt sinn frá í ýmsu tilliti. Verður samkvæmt því að telja aðalstefnanda bundinn við yfirlýsingu þá, er hann undirritaði hinn 28. júní 1949 fyrir lóðaskrárritara, og leggja til grundvallar, að mörk lóðar hans, sem þar eru sýnd,

séu rétt lóðamörk, einnig milli lóðar aðalstefnanda og lóðar aðalstefnda. Hefur aðalstefnandi hvorki sýnt fram á, að undirritun þessarar yfirlýsingar hafi verið ákveðnum skilyrðum eða takmörkunum bundin né að hann sé af öðrum ástæðum óbundinn af þessari yfirlýsingu, enda er yfirlýsingin sjálf stutt og skýrt orðuð og uppdrátturinn, sem hún vísar til, glöggur og einfaldur, þannig að hverjum manni má vera auðvelt að átta sig á honum.

Í samræmi við það, sem að ofan hefur verið rakið, verða úrslit máls þessa í aðalsök og gagnsök þau, að mörk milli lóðar aðalstefnanda og lóðar aðalstefnda eru ákveðin sá hluti grænnar línu, sem dregin er á kortinu á dskj. nr. 16, sem liggur frá götulínu, unz komið er 19.75 m frá mörkunum, enda er ekki ágreiningur með aðiljum um, að eftir það liggi lóðir aðalstefnanda og aðalstefnda ekki lengur hvor að annarri. Miðað við þau mörk, sem þannig hafa verið ákveðin, hefur aðalstefndi haldið sig innan marka lóðar sinnar um byggingarframkvæmdir að öðru leyti en því, að mót, sem þegar hefur verið slegið upp, ganga á 5 m kafla syðst lítillega út fyrir lóðamörk og inn á lóð aðalstefnanda. Þessa skekkju hefur aðalstefndi boðizt til að lagfæra, jafnskjótt og honum er heimilt að hefja framkvæmdir á ný, og er þessi skekkja út af fyrir sig ekki tilefni þess réttarágreinings, sem dæmt er um í máli þessu. Ber því samkvæmt framanröktu að fella fyrrgreint lögbann frá 7. júní 1966 við framkvæmdum á lóðinni nr. 5 við Fálkagötu úr gildi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Hákon Guðmundsson, formaður merkjadóms Reykjavíkur, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Snævarr verkfræðingi og Einari B. Guðmundsson hæstaréttarlögmanni.

Dómsorð:

Mörk milli lóðanna nr. 3—5 og 7 við Fálkagötu skulu vera sá hluti grænnar línu á kortinu á dskj. nr. 16, sem liggur frá götulínu við Fálkagötu og er 19.75 m á lengd, frá sömu götulínu talið.

Framangreint lögbann er úr gildi fellt.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Miðvikudaginn 21. júní 1967.

Nr. 61/1967. **Sigurður Pálsson**
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
gegn
Skarphéðni Kristbergssyni og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. apríl 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m. Málinu var upphaflega áfrýjað með stefnu 21. september 1966, en útivistardómur gekk í febrúar 1967. Aðaláfrýjandi krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1967. Upphaflega var málinu gagnáfrýjað með stefnu 4. október 1966, en útivistardómur gekk einnig í gagnsökinni hinn 1. febrúar 1967. Gagnáfrýjandi gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 28.160.00 með 6% ársvöxtum frá 8. ágúst 1959 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eins og greint er í héraðsdómi, er ósannað, að aðaláfrýjandi hafi verið undir áberandi áfengisáhrifum, þegar gagnáfrýjandi brotnaði um öklann. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi játað að hafa verið ölvaður. Til einhverra góðlátlegra átaka mun hafa komið, en ósannað er með öllu, að aðaláfrýjandi hafi ráðizt á gagnáfrýjanda, og óvíst er, að meiðslin hafi orðið í þessum átökum. Eina vitnið, sem var viðstatt, er gagnáfrýjandi ökklabrotnaði, hefur borið fyrir dómi, að

það hafi ekki séð „neitt það til gerða“ aðaláfrýjanda, „að hann hefði getað valdið meiðslunum“. Af gögnum málsins verður því ekki talið sannað, að aðaláfrýjandi eigi sök á meiðslum gagnáfrýjanda. Verður aðaláfrýjanda því dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sigurður Pálsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Skarphéðins Kristbergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. júní s.l. að loknum munnlegum flutningi, var höfðað með stefnu, sem birt var 10. júní 1964. Þingfesting fór fram 11. júní sama ár. Stefnandi er Skarphéðinn Kristbergsson múrari, Reykjalundi, Mosfellssveit, en stefndi Sigurður Pálsson bifreiðarstjóri, Karlagötu 10, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 28.160.00 auk 6% vaxta p. a. frá 8. ágúst 1959 til 22. febrúar 1960, 9% vaxta p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960 og 7% vaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi einnig málskostnaðar að skaðlausu. Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi málsins brotnaði á hægri ökkla að kvöldi laugardagsins 8. ágúst 1959. Slysið varð heima hjá honum að Njálsgötu 35, Reykjavík. Skýrir stefnandi svo frá aðdraganda þessa, að hann hafi verið heima og nokkuð undir áfengisáhrifum. Þar hafi verið kona að nafni Ellen Hallgrímsson. Um níuleytið um kvöldið hafi stefndi komið í heimsókn og þá verið lítið eitt undir áhrifum víns. Hafi stefndi fljótlega haft á orði, að hann vildi fleygja stefnanda í gólfið, en nokkru síðar hafi hann ráðizt á stefnanda og það leitt til þess, að stefnandi ökklabrotnaði.

Stefndi neitar því með öllu að hafa ráðizt á stefnanda. Hann hafi komið til stefnanda og þá verið mjög lítið undir áfengis-

áhrifum, en stefnandi talsvert. Hafi stefnandi haft stór orð og tiltæki. Þegar stefndi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 6. október 1959 var eftir honum bókað um stefnanda: „Um leið stóð hann á miðju gólfinu þarna og fór að sveifla hægri hendinni yfir höfuð sér, og er hann var farinn að snúa hendinni þar, þá byrjaði hann strax að rugga, og m. a. valt hann utan í mig, en rétti hann af, en hratt honum ekkert frá mér. Skyndilega sá ég, að Skarphéðinn féll í gólfið, og sá ég ekki, hvernig hann féll, og hélt ég, að hann væri að leika sér að því að detta. Skarphéðinn kvartaði um eymsli í öðrum fætinum, og ákvað hann því að fara upp á slysavarðstofu ...".

Stefndi gaf skýrslu á bæjarþingi 16. júní 1965. Var þá m. a. bókað: „Mætti er ítrekað aðspurður um það, hvernig stefnandi hafi meiðzt. Hann kveðst ekki muna það, en segist ekki hafa átt í átökum við stefnanda. Mætta er bent á framburð Ellenar Hallgrímsson um handalögmál aðilja. Segir hann þá, að þeir hafi ef til vill farið í sjómann, þótt hann muni það ekki".

Ellen Hallgrímsson gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 13. nóvember 1959 og kom fyrir sakadóm 27. janúar 1960. Var þá bókað:

„Vitnið kveðst hafa komið heim til kæranda nokkru fyrir kvöldverðarleyti 8. ágúst s.l. Veitti kærandi vitninu vín og drakk jafnframt af því sjálfur fram til klukkan um 2100 um kvöldið, en þá kom þangað kærði í máli þessu. Vitnið kveðst ekki hafa séð á honum áfengisáhrif, en sjálft var það þá komið nokkuð undir áhrif áfengis svo og kærandi. Ekki getur vitnið fullyrt, hvort kærði neytti víns hjá kæranda, en kærandi sjálfur var við vínneyzlu. Vitnið segist þekkja kæranda vel og hætti honum til að vera með raus um styrkleika sinn og hæfni, er hann kemst undir áhrif áfengis, og sé ekki laust við, að svo hafi verið umrætt sinn. Hafði hann eitthvað á orði, að hann væri mjög sterkur og vildi koma í krók eða sjómann við kærða, en ella hafði ekkert kastazt í kekki með þeim, þegar vitnið fór út úr herbergi því, er þau voru inni í. Vitnið segist ekki hafa verið lengi á brott, en er það kom aftur, voru kærandi og kærði komnir í handalögmál. Virtist vitninu þó nánast um leik að ræða, rétt eins og þegar krakkar stympast á. Bað vitnið þá hætta leik þessum, en nær í sama mund sá vitnið, að kærandi var farinn að hoppa á öðrum fæti, og kvaðst hann hafa meitt sig í fæti. Ítrekað aðspurt kveðst vitnið alls ekkert geta borið um, hvernig fótameiðsl kæranda hafi orðið, enda það talsvert undir áhrifum áfengis, eins og fyrr

greinir. Ekki sá vitnið neitt það til gerða kærða, að hann hefði getað valdið meiðslunum, og kveðst vitnið alls ekki geta borið um, hvernig slysni þessi vildi til. Vitnið kveðst síðan hafa farið með kæranda á slysavarðstofuna til aðgerða." Ellen Hallgrímsson staðfesti þennan framburð með eiði. Stefnandi hefur borið, að Ellen hafi ekki farið út úr herberginu í umrætt sinn. Um framburð Jennýjar Ólafsdóttur þar að lútandi ræðir hér á eftir.

Fyrir liggur í málinu vottorð, undirritað af Jennýju Ólafsdóttur 10. nóvember 1960. Jenný gaf skýrslu á bæjarþingi 16. júní 1965. Hún kvaðst hafa talið, er hún undirritaði vottorðið, að Ellen Hallgrímsson hefði ekki farið út úr herberginu eftir komu stefnda og áður en slysið varð. Hún sagðist hafa heyrt úr herbergi stefnanda, að þar voru einhver átök, en ekki hafa heyrt orðaskil. Jenný var ekki í herbergi stefnanda, en í húsinu.

Málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda er á því byggð, að stefndi hafi með árás bakað honum tjón, sem nemur hinni umstefndu fjárhæð, þar af er atvinnutjón kr. 13.160.00 og miski kr. 15.000.00.

Krafa stefnda um sýknu er á því byggð, að hann hafi enga áverka veitt stefnanda. Fjárhæð bótakröfunnar er eigi mótmælt.

Niðurstaða.

Fram er komið, að aðiljar málsins voru saman í herbergi og höfðu neytt víns, en ósannað er, að stefndi hafi verið undir áberandi áfengisáhrifum. Fram er komið, að stefnandi brotnaði um ökkla, meðan stefndi var hjá honum, og er harla ósennilegt, að það hafi orðið, án þess að þeir tækjust á. Þykir verða að leggja til grundvallar skýrslu Ellenar Hallgrímsson þar að lútandi og hafa um það hliðsjón af framburði Jennýjar Ólafsdóttur og stefnanda. Þar sem telja verður, að til átaka hafi komið milli aðilja og að meiðsli stefnanda stafi af því, verður að telja, að stefndi eigi sök á tjóni hans. Hins vegar er fram komið, að framkoma stefnanda var með þeim hætti, að hann á einnig nokkra sök á átökunum og þar með á tjóni sínu. Þykir rétt að dæma stefnda til að bæta stefnanda tjón hans að hálfu. Er fjárhæð þess óumdeild. Dæma ber stefnda til að greiða vexti af kr. 14.080.00, sem hér segir: 6% p. a. frá 8. ágúst 1959 til 22. febrúar 1960, 9% p. a. frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir vera hæfilega ákveðinn kr. 4.000.00.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Pálsson, greiði stefnanda, Skarphéðni Kristbergssyni, kr. 14.080.00 auk 6% vaxta p. a. frá 8. ágúst 1959 til 22. febrúar 1960, 9% vaxta p. a. frá þeim degi til 29. desember 1960, 7% vaxta frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% vaxta p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 4.000.00 í málskostnað. Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 30/1967. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. júní 1967, áfrýjað málinu með stefnu 17. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að framkvæmt verði lögtak í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar gjaldföllnum eftirstöðvum aukagjalds (tengigjalds) til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 499.000.00,

ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Er á aðaláfrýjanda var lagt gjald það til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem í málinu greinir, var jafnframt níu öðrum fyrirtækjum gert að greiða sams konar gjald til vatnsveitunnar, þar á meðal Ströndinni h/f. Fyrir Hæstarétti hefur það komið fram, að héraðsdómarinn er stjórnarformaður nefnds félags. Í máli þessu er deilt um lögmæti gjaldsins almennt og álagningar þess. Að svo vöxnu bar héraðsdómara samkvæmt 7. tölulið 36. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 85/1936 að víkja sjálfkrafa sæti í málinu. Þar af leiðir, að ómerkja verður hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 30. janúar 1967.

Með bréfi, dags. 2. janúr 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola lögtaks þessa, Síldarverksmiðjur ríkisins á Seyðisfirði, um kr. 499.000.00, eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), gjaldfallins 1966, sem hann taldi gerðarþola bera að greiða samkvæmt reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu 28. des. 1966. Var skorað á gerðarþola að greiða upphæðina fyrir 10. janúar 1967. Gerðarþoli virðist ekki hafa sinnt þessu.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1967, bað bæjarstjóri bæjarfógetann á Seyðisfirði að úrskurða, að lögtak mætti fram fara á áðurgreindum, gjaldföllnum aukagjöldum, og kvað bæjarfógeti upp úrskurð um lögtak á gjöldum þessum almennt 14. janúar 1967. En úrskurður þessi hefur verið birtur gerðarþola sérstaklega. Lögtak hófst síðan hjá gerðarþola hér á bæjarfógetaskrifstofunni 27. þ. m. fyrir áðurnefndum eftirstöðvum, kr. 499.000.00, auk 7% ársvaxta frá gjalddaga til greiðsludags og kostnaði við lögtak þetta, þar á meðal málskostnaði gerðarbeiðanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur í framlögðum skjölum og við munnlegan flutning máls hér fyrir fógetadómi gert þá grein fyrir umkröfðum eftirstöðvum aukagjalds til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 499.000.00, að þar sé um að ræða 40% af gjaldi, sem lagt var upphaflega á gerðarþola af bæjarstjórn 13. apríl 1966 samkvæmt heimild 11. greinar reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965, að upphæð kr. 6.000.000.00. En í þessari álagningarheimild var gjaldið nefnt tengigjald. Síðan hafi umrædd vatnsveitureglugerð verið endurskoðuð af bæjarstjórn og félagsmálaráðneytinu. Hafi sú endurskoðun farið fram í framhaldi af samkomulagi við gjaldendur 29. ágúst 1966 og vegna deilu um upphæð gjaldanna. Félagsmálaráðneytið hafi síðan staðfest breytingu á vatnsveitureglugerðinni, dags. 28. des. 1966, sem er nr. 281 í B-deild Stjórnartíðinda 1966, en útgáfudagur viðkomandi heftis Stjórnartíðinda 30. des. 1966. Í reglugerðarbreytingunni sé breytt um heiti á áðurnefndu tengigjaldi, sem nefnist nú aukagjald, og sé 20% lægra en tengigjaldið hafi verið ákveðið áður, en lagt á eftir gjaldskrá, sem er í reglugerðarbreytingunni, en var engin varðandi tengigjald í reglugerð nr. 169/1965. Aukagjald (tengigjald), upphaflega lagt á gerðarþola, kr. 6.000.000.00, hafi í samræmi við gjaldskrána í reglugerðarbreytingu nr. 281/1966 lækkað í kr. 4.800.000.00. Þar af séu 40% gjaldfallin 1966, þ. e. kr. 1.920.000.00, en af þeirri upphæð hafi gerðarþoli greitt 30. ágúst 1966 kr. 1.421.000.00. Mismunur kr. 499.000.00.

Lögmaður gerðarþola hefur í greinargerð og munnlegum málflutningi sínum fyrir fógetadómi krafizt þess, að neitað verði um framgang umbeðins lögtaks. Fyrst og fremst kveður hann gerðarþola ekki skylt að greiða það gjald, sem krafizt er lögtaks fyrir, vegna þess að gerðarþoli er ríkisfyrirtæki og sé tæmandi upptalningu á opinberum gjöldum, sem honum sé skylt að greiða, að finna í 14. gr. laga nr. 1/1938 um Síldarverksmiðjur ríkisins, þar sem hér umkrafið gjald sé ekki talið. Þessu til stuðnings hefur hann einnig vitnað í Hrd. nr. 110/1959, þar sem Sementsverksmiðju ríkisins var talið óskylt að greiða bæjarsjóði Akraness byggingargjald. Þá telur lögmaðurinn álagningu umrædds aukagjalds ekki fá staðizt vegna þess, að með henni séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í Seyðisfjarðarkaupstað. Loks kveður hann gjald þetta vera mörg þúsund sinnum hærra en sambærileg gjöld annars staðar. Álagning þess sé því sambærileg við eignarnám.

Verði ekki á framangreindar synjunarástæður lögtaks fallizt, krefst lögmaður gerðarþola þess, að umbeðið lögtak nái samt ekki fram að ganga, þar eð fyrirmæla reglugerðar um álagningu gjaldsins hafi ekki verið gætt og sé það ekki í gjalddaga fallið. Í því sambandi bendir hann á, að umrætt aukagjald hafi ekki verið lagt á, eftir að reglugerð nr. 281/1966 tók gildi 28. des. 1966 og því síður eftir 30. des. 1966, er reglugerðarbreyting þessi kom út í Stjórnartíðindum. Heimild reglugerðar til álagningar gjaldsins hafi því enn ekki verið notuð af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Loks krefst lögmaður gerðarþola málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Verður nú vikið að því, hvort andmæli gerðarþola fái staðizt, lið fyrir lið.

Við úrlausn þess, hvort Síldarverksmiðjur ríkisins eigi að vera undanþegnar gjöldum til vatnsveitna að einhverju eða öllu leyti samkvæmt ákvæði 14. greinar laga nr. 1/1938, sem fjallar um gjöld, sem þeim ber að greiða til sveitarfélaga, ber að hafa í huga, að vatnsveitur eru ekki alltaf fyrirtæki sveitarfélaga og gjöld til þeirra þurfi ekki eðli málsins samkvæmt að vera sveitarsjóðsgjöld. Ef stofnað er vatnafélag um vatnsveitu samkvæmt heimild XI. kafla vatnalaga, verður að telja, að skylda mætti ríkisfyrirtæki, þar með taldar Síldarverksmiðjur ríkisins, til þátttöku og væri þá Síldarverksmiðju ríkisins á því félagssvæði vafalaust skylt að greiða gjöld til vatnsveitunnar samkvæmt gjaldskrá. Ekki mun löggjafinn ætlast til þess, að önnur regla gildi, þar sem sveitarfélag annast rekstur vatnsveitu. Hrd. nr. 110/1959 fjallar um mál, sem ekki er sambærilegt við þetta, enda hefur 7. gr. laga nr. 35/1848, sem dómurinn byggist á, síðar verið gerbreytt með lögum nr. 39/1962. Ekki hafa verið færðar líkur að því, að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi neins staðar komizt hjá að greiða gjöld til vatnsveitna. Þessa mótbáru gegn gjaldskyldu gerðarþola er því ekki hægt að taka til greina.

Ekki verður heldur fallizt á þá staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að með álagningu umræddra aukagjalds séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í bænum. Í fyrsta lagi er vandséð, hve margir gjaldendur þess kunna að verða að lokum. Í öðru lagi virðist eðlilegt, að gjaldendur greiði mishá gjöld með hliðsjón af mismunandi vatnsnotkun, misdýrum vatnsveitulögnum o. fl. Virðist því ákvæði 3. málsgreinar 8. greinar laga nr.

93/1947, sem heimilar álagningu aukagjalds á fáeina notendur vatns, eiga fyllsta rétt á sér.

Ekki liggja fyrir sönnunargögn um þá staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að aukagjöld til vatnsveitunnar hér séu mörg þúsund sinnum hærri en sambærileg gjöld annars staðar og álagning þeirra sé því sambærileg við eignarnám. Hér verður því einkum að hafa í huga, að samkvæmt reglugerð nr. 281/1966 er aukagjald ákveðið með hliðsjón af kostnaði við nýjar vatnsveitulagnir til viðkomandi gjaldenda sjálfra. Samanburður við eignarnám á því ekki rétt á sér.

Við ákvörðun þess, hvort umrætt aukagjald skuli teljast fallið í gjalddaga, verður að hafa í huga, að reglugerð nr. 281/1966 er ekki sjálfstæð sem slík, heldur er hún breyting á vatnsveitureglugerð nr. 169/1965. Af orðalagi reglugerðar nr. 281/1966 má ráða, að aukagjald samkvæmt henni er hið sama og kallað var tengigjald upphaflega í reglugerð nr. 169/1965, þar sem segir, að greinarnar nr. 11—16 verði 10.—15. grein. Að þessu athuguðu verður að telja, að aukagjaldið hafi verið á lagt og gjalddagi þess ákveðinn með samþykki bæjarstjórnar 13. apríl 1966. Verða því síðari ákvarðanir bæjarstjórnar og félagsmálaráðuneytis að teljast breytingar á þeirri álagningu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða andmæli lögmanns gerðarþola ekki tekin til greina, og ber að framkvæma umbeðið lögtak fyrir aukagjaldi, vöxtum og aðfarargjöldum í ríkissjóð.

Um málskostnað málsaðilja telur fógetinn rétt að hafa hliðsjón af því, að bæjarstjórnin hefði átt að geta aflað sér skýrari heimilda í upphafi til innheimtu gjaldsins, t. d. með lögtaksákvæði í upphaflegri reglugerð, með því að gefa gjaldi strax það heiti, sem bezt þótti henta, og með gjaldskrárákvæðum um gjalddaga. Birting reglugerðar nr. 281/1966 fór fram í Stjórnartíðindum, sem komu út 30. des. 1966, en sá dagur virðist talinn gjalddagi eftirstöðva ákveðins hluta aukagjaldsins. Var þetta til þess fallið að valda réttaróvissu. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að láta málskostnað aðilja falla niður.

Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 31/1967. **Sunnuver h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. júní 1967, áfrýjað málinu með stefnu sama dag. Hann gerir þær dómkröfur, að framkvæmt verði lögtak í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar gjaldföllnum eftirstöðvum aukagjalds (tengigjalds) til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 40.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Er á aðaláfrýjanda var lagt gjald það til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem í málinu greinir, var jafnframt níu öðrum fyrirtækjum gert að greiða sams konar gjald til vatnsveitunnar, þar á meðal Ströndinni h/f. Fyrir Hæstarétti hefur það komið fram, að héraðsdómarinn er stjórnarformaður nefnds félags. Í máli þessu er deilt um lögmæti gjaldsins almennt og álagningar þess. Að svo vöxnu bar héraðsdómara samkvæmt 7. tölulið 36. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 85/1936 að víkja sjálfkrafa sæti í málinu. Þar af leiðir, að ómerkja verður hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 1. febrúar 1967.

Með símskeyti, dags. 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola lögtaks þessa, Sunnuver h/f, Seyðisfirði, um kr. 40.000.00, eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), gjaldfallins 1966, sem hann taldi gerðarþola bera að greiða samkvæmt reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu 28. des. 1966. Var greiðslu óskað fyrir 10. janúar 1967. Gerðarþoli virðist ekki hafa sinnt þessu.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1967, bað bæjarstjóri bæjarfógetann á Seyðisfirði að úrskurða, að lögtak mætti fram fara á áðurgreindum gjaldföllnum aukagjöldum, og kvað bæjarfógeti upp úrskurð um lögtök á gjöldum þessum almennt 14. janúar 1967. En úrskurður þessi hefur verið birtur gerðarþola sérstaklega. Lögtak hófst síðan hjá gerðarþola hér á bæjarfógetaskrifstofunni í gær fyrir áðurgreindum eftirstöðvum, kr. 40.000.00, auk 7% ársvaxta frá gjalddaga til greiðsludags og kostnaði við lögtak þetta, þar á meðal málskostnaði gerðarbeiðanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur í framlögðum skjölum og við munnlegan flutning máls hér fyrir fógetadómi gert þá grein fyrir umkröfðum eftirstöðvum aukagjalds til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 40.000.00, að þar sé um að ræða 40% af gjaldi, sem lagt var upphaflega á gerðarþola af bæjarstjórn Seyðisfjarðar 13. apríl 1966 samkvæmt heimild 11. greinar reglugerðar nr. 169/1965, að upphæð kr. 500.000.00. En í þessari álagningarheimild var gjaldið nefnt tengigjald. Síðan hafi umrædd vatnsveitureglugerð verið endurskoðuð af bæjarstjórn og félagsmálaráðuneyti. Hafi sú endurskoðun farið fram í framhaldi af samkomulagi við gjaldendur 29. ágúst 1966 og vegna deilna um upphæð gjaldanna. En með þessu samkomulagi telur hann, að gerðarþoli hafi samið um að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar um gjaldið. Félagsmálaráðuneytið hafi síðan staðfest breytingu á vatnsveitureglu-

gerðinni, dags. 28. des. 1966, sem er nr. 281 í B-deild Stjórnartíðinda 1966, en útgáfudagur viðkomandi heftis Stjórnartíðinda 30. des. 1966. Í reglugerðarbreytingunni sé breytt um heiti á áðurnefndu tengigjaldi, sem nefnist nú aukagjald, og sé 20% lægra en tengigjaldið hafi verið ákveðið áður, en lagt á eftir gjaldskrá, sem er í reglugerðarbreytingunni, en var engin varðandi tengigjald í reglugerð nr. 169/1965. Aukagjald (tengigjald), upphaflega lagt á gerðarþola, kr. 500.000.00, hafi í samræmi við gjaldskrána í reglugerðarbreytingu nr. 281/1966 lækkað í kr. 400.000.00. Þar af séu 40% gjaldfallin 1966, þ. e. kr. 160.000.00. En af þeirri upphæð hafi gerðarþoli greitt 31. ágúst 1966 kr. 120.000.00. Mismunur er kr. 40.000.00.

Lögmaður gerðarþola hefur í greinargerð og munnlegum málflutningi sínum fyrir fógetadómi krafizt þess, að neitað verði um framgang umbeðins lögtaks. Kveður hann gjaldið ólöglega á lagt og fái álagningin ekki staðizt vegna þess, að með henni séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í Seyðisfjarðarkaupstað. Auk þess kveður hann gjald þetta úr hófi hátt, svo að álagning þess sé sambærileg við eignarnám og andstæð stjórnarskránni.

Verði ekki á framangreindar synjunarástæður lögtaks fallizt, krefst lögmaður gerðarþola þess, að umbeðið lögtak nái samt ekki fram að ganga, þar eð fyrirmæla reglugerðar um álagningu gjaldsins hafi ekki verið gætt og sé það ekki í gjalddaga fallið. Í því sambandi bendir hann á, að umrætt aukagjald hafi ekki verið lagt á, eftir að reglugerð nr. 281/1966 tók gildi 28. des. 1966 og því síður eftir 30. des. 1966, er reglugerðarbreyting þessi kom út í Stjórnartíðindum. Heimild reglugerðar til álagningar gjaldsins hafi því enn ekki verið notuð af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Loks krefst lögmaður gerðarþola málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Verður nú vikið að andmælum gerðarþola lið fyrir lið og athugað, hvort staðizt fái.

Ekki verður fallizt á þá staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að með álagningu umræddra aukagjalds séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í bænum. Í fyrsta lagi er vandséð, hve margir gjaldendur þess kunna að verða að lokum. Í öðru

lagi virðist eðlilegt, að gjaldendur greiði mishá gjöld með hliðsjón af mismunandi vatnsnotkun, misdýrum vatnsveitulögnum o. s. frv. Virðist því ákvæði 3. málsgreinar 8. greinar laga nr. 93/1947, sem heimilar álagningu aukagjalds á fáeina notendur vatns, eiga rétt á sér.

Ekki liggja fyrir í máli þessu gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að umrætt aukagjald sé úr hófi hátt, svo að álagning þess sé sambærileg við eignarnám og því andstæð stjórnarskránni. Fógetinn hefur ekki við önnur gögn að styðjast í þessu efni en reglugerð nr. 281/1966 sjálfa. En samkvæmt henni er aukagjald ákveðið með hliðsjón af kostnaði við nýjar vatnsveitulagnir til viðkomandi gjaldenda sjálfra. Samanburður við eignarnám á því ekki rétt á sér.

Við ákvörðun þess, hvort umrætt aukagjald eða eftir atvikum umkrafinn hluti þess skuli teljast þegar á lagt og fallið í gjalddaga, verður að hafa í huga, að reglugerð nr. 281/1966 er ekki sjálfstæð sem slík, heldur er hún breyting á vatnsveitureglugerð nr. 169/1965. Af orðalagi reglugerðar nr. 281/1966 má ráða, að aukagjald samkvæmt henni er hið sama og kallað var tengigjald upphaflega í reglugerð nr. 169/1965, þar sem segir, að greinarnar 11.—16. verði 10.—15. grein. Að þessu athuguðu verður að telja, að aukagjaldið hafi verið á lagt og gjalddagi þess ákveðinn við tengingu heimæða 1966 með samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 13. apríl 1966. Verða því síðari ákvarðanir bæjarstjórnar og félagsmálaráðuneytis að teljast breytingar á þessari álagningu.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, verða andmæli lögmanns gerðarþola ekki tekin til greina, og ber að framkvæma umbeðið lögtak fyrir aukagjaldi, vöxtum og aðfarargjöldum í ríkissjóð.

Um málskostnað málsaðilja telur fógetinn rétt að hafa hliðsjón af því, að bæjarstjórnin hefði átt að geta aflað sér skýrari heimilda í upphafi til innheimtu gjaldsins, t. d. með lögtaksákvæði í upphaflegri reglugerð, með því að gefa gjaldi strax það heiti, sem bezt þótti henta, og með gjaldskrárákvæðum um gjalddaga. Birting reglugerðar nr. 281/1966 fór fram í Stjórnartíðindum, sem komu út 30. des. 1966, en sá dagur virðist talinn gjalddagi eftirstöðva aukagjaldsins. Var þetta til þess fallið að valda réttaróvissu. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að láta málskostnað aðilja falla niður.

Því úrskurðast:
Um beðið lögtak á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 32/1967. **Hafsíld h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. bæjarsjóðs og gagnsök
(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Erlendur Björnsson, bæjarfógeti á Seyðisfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. febrúar 1967. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að synjað verði um framkvæmd lögtaks og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. júní 1967, áfrýjað málinu með stefnu sama dag. Hann gerir þær dómkröfur, að framkvæmt verði lögtak í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar gjaldföllnum eftirstöðvum aukagjalds (tengigjalds) til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 171.000.00, ásamt 7% ársvöxtum frá 31. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Er á aðaláfrýjanda var lagt gjald það til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem í málinu greinir, var jafnframt níu öðrum fyrirtækjum gert að greiða sams konar gjald til vatnsveitunnar, þar á meðal Ströndinni h/f. Fyrir Hæstarétti hefur

það komið fram, að héraðsdómarinn er stjórnarformaður nefnds félags. Í máli þessu er deilt um lögmæti gjaldsins almennt og álagningar þess. Að svo vöxnu bar héraðsdómara samkvæmt 7. tölulið 36. gr., sbr. 37. gr. laga nr. 85/1936 að víkja sjálfkrafa sæti í málinu. Þar af leiðir, að ómerkja verður hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnaður hér fyrir dómi þykir eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 31. ágúst 1967.

Með símskeyti, dags. 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola lögtaks þessa, Hafsíld h/f, Seyðisfirði, um kr. 171.000.00, eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), gjaldfallins 1966, sem hann taldi gerðarþola bera að greiða samkvæmt reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu 28. des. 1966. Gerðarþoli virðist ekki hafa sinnt þessu.

Með bréfi, dags. 13. janúar 1967, bað bæjarstjóri bæjarfógetann á Seyðisfirði að úrskurða, að lögtak mætti fram fara á áðurgreindum gjaldföllnum aukagjöldum, og kvað bæjarfógeti upp úrskurð um lögtök á gjöldum þessum almennt 14. janúar 1967. En úrskurður þessi hefur verið birtur gerðarþola sérstaklega. Lögtak hófst síðan hjá gerðarþola hér á bæjarfógetaskrifstofunni í gær fyrir áðurgreindum eftirstöðvum, kr. 171.000.00, auk 7% ársvaxta frá gjalddaga til greiðsludags og kostnaði við lögtak þetta, þar á meðal málskostnaði gerðarbeiðanda samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Lögmaður gerðarbeiðanda hefur í framlögðum skjölum og við munnlegan flutning máls hér fyrir fógetadómi gert þá grein fyrir umkröfðum eftirstöðvum aukagjalds til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 171.000.00, að þar sé um að ræða 40% af gjaldi, sem lagt var upphaflega á gerðarþola af bæjarstjórn Seyðisfjarðar 13. apríl 1966 samkvæmt heimild 11. greinar reglugerðar nr. 169/1965, að upphæð kr. 2.000.000.00. En í þessari álagningarheimild var gjaldið nefnt tengigjald. Síðan hafi umrædd vatnsveitureglugerð verið endurskoðuð af bæjarstjórn og félagsmála-

ráðuneyti. Hafi sú endurskoðun farið fram í framhaldi af samkomulagi við gjaldendur 29. ágúst 1966 og vegna deilna um upphæð gjaldanna. En með þessu samkomulagi telur hann, að gerðarþoli hafi samið um að hlíta ákvæðum reglugerðarinnar um gjaldið. Félagsmálaráðneytið hafi síðan staðfest breytingu á vatnsveitureglugerðinni, dags. 28. des. 1966, sem er nr. 281 í B-deild Stjórnartíðinda 1966, en útgáfudagur viðkomandi heftis Stjórnartíðinda 30. des. 1966. Í reglugerðarbreytingunni sé breytt um heiti á áðurnefndu tengigjaldi, sem nefnist nú aukagjald og sé 20% lægra en tengigjaldið hafi verið ákveðið áður, en lagt á eftir gjaldskrá, sem er í reglugerðarbreytingunni, en var engin varðandi tengigjald í reglugerð nr. 169/1965. Aukagjald (tengigjald), upphaflega lagt á gerðarþola, kr. 2.000.000.00, hafi í samræmi við gjaldskrána í reglugerðarbreytingu nr. 281/1966 lækkað í kr. 1.600.000.00. Þar af séu 40% gjaldfallin 1966, þ. e. kr. 640.000.00, en af þeirri upphæð hafi gerðarþoli greitt 31. ágúst 1966 kr. 469.000.00. Mismunur er kr. 171.000.00.

Lögmaður gerðarþola hefur í greinargerð og munnlegum málflutningi sínum fyrir fógetadómi krafizt þess, að neitað verði um framgang umbeðins lögtaks. Kveður hann gjaldið ólöglega á lagt og fái álagningin ekki staðizt, vegna þess að með henni séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeis lagt á 9—11 aðilja í Seyðisfjarðarkaupstað. Auk þess kveður hann gjald þetta úr hófi hátt, svo að álagning þess sé sambærileg við eignarnám og andstæð stjórnarskránni.

Verði ekki á framangreindar synjunarástæður lögtaks fallizt, krefst lögmaður gerðarþola þess, að umbeðið lögtak nái samt ekki fram að ganga, þar eð fyrirmæla reglugerðar um álagningu gjaldsins hafi ekki verið gætt og sé það ekki í gjalddaga fallið. Í því sambandi bendir hann á, að umrætt aukagjald hafi ekki verið lagt á, eftir að reglugerð nr. 281/1966 tók gildi 28. des. 1966 og því síður eftir 30. des. 1966, er reglugerðarbreyting þessi kom út í Stjórnartíðindum. Heimild reglugerðar til álagningar gjaldsins hafi því enn ekki verið notuð af bæjarstjórn Seyðisfjarðar.

Loks krefst lögmaður gerðarþola málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Verður nú vikið að andmælum gerðarþola lið fyrir lið og athugað, hvort staðizt fái.

Ekki verður fallizt á þá staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að

með álagningu umrædds aukagjalds séu þverbrotnar almennar reglur um jafnrétti þegnanna í skattamálum, þar sem gjaldið sé aðeins lagt á 9—11 aðilja í bænum. Í fyrsta lagi er vandséð, hve margir gjaldendur þess kunna að verða að lokum. Í öðru lagi virðist eðlilegt, að gjaldendur greiði mishá gjöld með hliðsjón af mismunandi vatnsnotkun, misdýrum vatnsveitulögnum o. s. frv. Virðist því ákvæði 3. málsgreinar 8. greinar laga nr. 93/1947, sem heimilar álagningu aukagjalds á fáeina notendur vatns, eiga rétt á sér.

Ekki liggja fyrir í máli þessu gögn til stuðnings þeirri staðhæfingu lögmanns gerðarþola, að umrætt aukagjald sé úr hófi hátt, svo að álagning þess sé sambærileg við eignarnám og því andstæð stjórnarskránni. Fógetinn hefur ekki við önnur gögn að styðjast í þessu efni en reglugerð nr. 281/1966 sjálfa. En samkvæmt henni er aukagjald ákveðið með hliðsjón af kostnaði við nýjar vatnsveitulagnir til viðkomandi gjaldenda sjálfra. Samanburður við eignarnám á því ekki rétt á sér.

Við ákvörðun þess, hvort umrætt aukagjald eða eftir atvikum umkrafinn hluti þess skuli teljast þegar á lagt og fallið í gjalddaga, verður að hafa í huga, að reglugerð nr. 281/1966 er ekki sjálfstæð sem slík, heldur er hún breyting á vatnsveitureglugerð nr. 169/1965, þar sem segir, að greinarnar nr. 11—16 verði 10.—15. grein. Að þessu athuguðu verður að telja, að aukagjaldið hafi verið á lagt og gjalddagi þess ákveðinn við tengingu heimæða 1966 með samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 13. apríl 1966. Verða því síðari ákvarðanir bæjarstjórnar og félagsmálaráðuneytis að teljast breytingar á þeirri álagningu.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, verða andmæli lögmanns gerðarþola ekki tekin til greina, og ber að framkvæma umbeðið lögtak fyrir aukagjaldi, vöxtum og aðfarargjöldum í ríkissjóð.

Um málskostnað málsaðilja telur fógetinn rétt að hafa hliðsjón af því, að bæjarstjórnin hefði átt að geta aflað sér skýrari heimilda í upphafi til innheimtu gjaldsins, t. d. með lögtaksákvæði í upphaflegri reglugerð, með því að gefa gjaldi strax það heiti, sem bezt þótti henta, og með gjaldskrárákvæðum um gjalddaga. Birting reglugerðar nr. 281/1966 fór fram í Stjórnartíðindum, sem komu út 30. des. 1966, en sá dagur virðist talinn gjalddagi eftirstöðva aukagjldsins. Var þetta til þess fallið að valda réttaróvissu. Að öllu þessu athuguðu þykir rétt að láta málskostnað aðilja falla niður.

Því úrskurðast:
Umbeðið lögtak á fram að fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.
Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 202/1966: **Hulda Kolbeinsdóttir**
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.)
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
og
Stefáni Karlssyni
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, yfirborgardómari í Reykjavík, hefur framkvæmt hið áfrýjaða uppboð.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. ágúst 1966, skotið uppboðsmáli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1966 og krafizt þess, að hin áfrýjaða uppboðsgerð verði úr gildi felld og uppboðsbeiðendum, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Landsbanka Íslands, og uppboðskaupanda, Stefáni Karlssyni, verði dæmt að greiða henni óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinir stefndu Landsbanki Íslands og Gjaldheimtan í Reykjavík hafa krafizt staðfestingar á uppboðinu og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Stefán Karlsson hefur krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að uppboðs-

gerðin verði staðfest. Hann krefst málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Hinn 17. janúar 1966 krafðist stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík uppboðs á fasteigninni Selásbletti 22 A, Reykjavík, sem hún taldi vera eign Axels Svanbergssonar Hjelms, en var raunverulega þinglesin eign áfrýjanda, til lúkningar á opinberum gjöldum ásamt vöxtum og kostnaði, alls kr. 72.365.00, samkvæmt lögtaksgerð frá 15. september 1965. Samkvæmt vottorði yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 21. júní 1967, var Axel Hjelm tilkynnt hinn 10. febrúar 1966, að eignin yrði auglýst í Lögbirtingablaðinu 26. s. m. og uppboðið yrði tekið fyrir í skrifstofu borgarfógeta mánudaginn 18. apríl 1966 kl. 1005 f. h.

Hinn 16. febrúar 1966 krafðist Jón Magnússon, nú hæstaréttarlögmaður, uppboðs á sömu fasteign samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, útgefnu 12. júní 1965 af áfrýjanda og samþykktu af eiginmanni hennar, nefndum Axel Svanbergssyni Hjelm, að fjárhæð kr. 50.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði, en skuldabréfið var þá talið fallið í gjalddaga vegna vanskila. Samkvæmt nefndu vottorði yfirborgarfógetans í Reykjavík var áfrýjanda tilkynnt þessi krafa 1. marz 1966.

Hinn 17. febrúar 1966 krafðist stefndi Landsbanki Íslands uppboðs á nefndri fasteign til lúkningar skuld, tryggðri fjárnámi í eigninni 10. september 1964, að eftirstöðvum kr. 21.700.00 ásamt vöxtum og kostnaði, en fjárnám þetta var framkvæmt til fullnægingar dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 8. apríl 1964, þar sem þeim áfrýjanda og eiginmanni hennar ásamt þriðja manni var dæmt að greiða skuldina óskipt ásamt vöxtum og kostnaði.

Hinn 3. maí 1966 krafðist stefndi Gjaldheimtan í Reykjavík uppboðs á umræddri fasteign fyrir opinberum gjöldum áfrýjanda að fjárhæð kr. 2.100.00 ásamt vöxtum og kostnaði „samkvæmt lögtaksgjörð 9. marz 1966.“ Samkvæmt vottorði yfirborgarfógetans í Reykjavík var áfrýjanda tilkynnt þessi uppboðskrafa hinn 10. maí 1966.

Í vottorði sínu frá 21. júní 1967 segir yfirborgarfógetinn um tilkynningar þær, sem áður voru nefndar: „Tilkynningar

þessar höfðu verið sendar í almennum bréfum á skráð heimilisfang aðila á Selásbletti 22 A".

Hinn 5., 19. og 29. marz 1966 auglýsti yfirborgarfógetinn í Reykjavík samkvæmt kröfu stefnda Gjaldheimtunnar í Reykjavík nauðungaruppboð á „Selásbletti 22 A, talinn eigandi Axel Hjelm, skv. lögtaki 15. sept. 1965 fyrir kr. 65.005.00 auk vaxta og kostnaðar". Skyldi uppboðið halda á nefndri fasteign hinn 18. apríl 1966 kl. 1005 f. h. Á tilsettum stað og tíma háði yfirborgarfógeti uppboðsþing: „Fyrir var tekið: Að selja við nauðungaruppboð Selásblett 22 A, eigandi Axel Hjelm, eftir kröfu Gjaldh. í Reykjavík, Jóns Magnússonar hdl. og Landsbanka Íslands. Fram er lagt í réttinum nr. 1 sölubeiðni, nr. 2 lögtak, nr. 3 sölubeiðni Jóns Magnússonar hdl., nr. 4 veðskuldabréf, nr. 5 sölubeiðni Landsbanka Ísl., nr. 6 fjárnám, nr. 7 veðbókarvottorð og nr. 8 söluskilmálar" ... „Í réttinum er mættur af hálfu uppboðsbeiðanda Kristinn Kristjánsson, og eigandi eignarinnar er ekki mættur. Frestur er veittur þar til 18. maí n. k., kl. 3 e. h.".

Á uppboðsdómþingi hinn 18. maí 1966 er bókað: „Af hálfu uppboðsbeiðanda er mættur Kristinn Kristjánsson, Sig. Sigursson hdl., Jóhs. Jóhannessen, en eigandinn er ekki mættur. Samkomulag varð um að fresta uppboði þessu þar til 27. júní n. k., kl. 10 f. h.". Á þessu síðastnefnda dómþingi er bókað: „Af hálfu uppboðsbeiðanda er mættur Kristinn Kristjánsson, en eigandinn er ekki mættur. Eftir kröfu mætts fer uppboðið fram á eigninni 20. júlí n. k., kl. 3 e. h., og verður það augl. í dagbl." Bókun á uppboðsþingi 20. júlí 1966 hljóðar svo: „Ár 1966, miðvikudaginn 20. júlí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur á Selásbletti 22 A og haldinn af yfirborgarfógeta, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Að halda áfram nauðungaruppboði á Selásbletti 22 A, eigandi er talinn Axel Hjelm, eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík o. fl. Sömu skjöl og áður eru til staðar í réttinum.

Uppboð þetta hafði verið augl. í 13., 17. og 19. tölubl. Lögbirtingablaðsins 1966, einnig hefur uppboðið verið auglýst í Morgunblaðinu.

Í réttinum eru mættir Kristinn Kristjánsson f. Gjaldheimtuna, og fyrir Landsbankann er mættur Jóhs. Jóhannessen.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Þessi boð komu í eignina:

Kr. 20.000.00 Jóhs. Jóhannessen f. Landsbanka Íslands, kr. 180.000.00 Stefán Karlsson, Selásbl. 22 A.

Fleiri boð komu ekki í eignina.

Uppboðshaldari tók sér 14 daga frest til að taka ákvarðanir um boðin."

Hinn 25. júlí 1966 háði yfirborgarfógeti uppboðsdómþing, og var þá bókað:

„Ár 1966, mánudaginn 25. júlí, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn af yfirborgarfógeta, Kristjáni Kristjánssyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið: Að taka til athugunar boð þau, er komu í Selásblett 22 A, áður talin eign Axels Hjelm.

Miðvikudaginn 20. júlí s.l. fór fram nauðungaruppboð á eign þessari, og var hæstbjóðandi í hana Stefán Karlsson, Selásbletti 22 A, og bauð hann kr. 180.000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund —.

Hann er nú mættur í réttinum, og greiðir hann áfallinn kostnað svo og ¼ hluta uppboðsverðs, og er boðið þar með samþykkt, og nýtur hann arðs af eigninni frá 1. október n. k. að telja, enda hefur hann greitt fyrri eiganda leigu til þess tíma. Eftirstöðvar kaupverðsins greiðir hann innan 2ja mánaða hér frá".

Svo sem áður segir, krafðist Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður uppboðs á fasteigninni Selásbletti 22 A hinn 16. febrúar 1966 samkvæmt handhafaveðskuldabréfi, útgefnu 12. júní 1965 af áfrýjanda og samþykktu af eiginmanni hennar, að fjárhæð kr. 50.000.00 ásamt vöxtum og kostnaði. Af hendi Jóns Magnússonar var mætt á uppboðsþingi hinn 18. maí 1966, en eigi síðar. Jón Magnússon varð aðili uppboðsmálsins í héraði, sbr. 3. tl. 8. gr. og 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949. Efnisdómur í Hæstarétti um uppboðið mundi og binda hann. Honum hefur eigi verið stefnt fyrir Hæstarétt. Verður því að vísa þessu máli frá Hæstarétti.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða hverjum hinna stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00, til hvers þeirra.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Hulda B. Kolbeinsdóttir, greiði stefndu, Landsbanka Íslands, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Stefáni Karlssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvers þeirra, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. júní 1967.

Nr. 209/1965. **Jón Arngrímsson**
(Magnús Óskarsson hdl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón P. Emils hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Skaðabótakrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. september 1966 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 140.535.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 25. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi réðst til varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi án milligöngu íslenzkra aðilja. Þegar af þeirri ástæðu eru eigi efni til í máli þessu að dæma á hendur ríkissjóði skaðabætur til handa áfrýjanda vegna ráðningarslitanna. Ber að dæma ríkissjóði sýknu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti er felldur niður.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Jóns Arngrímssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. ágúst 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. júlí s.l., hefur Jón Arngrímsson, Lynghaga 4, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 25. febrúar 1966, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu kröfu að fjárhæð kr. 140.535.00 með 8% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hafa þær kröfur verið gerðar, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að fullu eða eftir mati réttarins.

Til vara krefst stefndi þess, að stefnukröfur stefnanda verði lækkaðar, bæði höfuðstóll og vaxtafótur, enda verði málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að stefnanda var sagt upp starfi sínu sem skrifstofustjóra verzlunar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í lok nóvembermánaðar s.l. Var uppsögnin gerð með þriggja mánaða fyrirvara, og gegndi stefnandi starfi til 31. desember s.l., en fékk greidd laun til loka febrúar 1966. Stefnandi kveður engar ástæður hafa verið greindar fyrir uppsögn sinni, en hann hafi starfað í þágu varnarliðsins við ýmis störf síðan 1. febrúar 1952, en síðasti ráðningarsamningur sinn hafi verið gerður 8. ágúst 1961. Stefnandi telur, að sér hafi borið 6 mánaða uppsagnarfrestur, og eru stefnukröfur hans reiknaðar út með það í huga. Sundurliðar stefnandi útreikning sinn þannig:

Samkvæmt tilkynningu varnarliðsins til skattstofunnar um tekjur stefnanda árið 1964 hafi þær numið kr. 515.016.00. Sé greiðsla fyrir orlof innifalin í þeirri upphæð. Séu þetta grunnlaun og séu skv. því þriggja mánaðalaun með orlofi kr. 128.754.00. Á árinu 1964 hafi ekki verið greidd vísitöluuppbót á laun, en hún greiðist nú skv. lögum á allt kaup. Frá 1. marz 1966 hafi vísitöluuppbótin numið 9.15%, er leggist við kr. 128.754.00 og komi þá út stefnufjárhæðin, kr. 140.535.00. Stefnandi kveður hér

aðeins vera um föst laun að ræða, en í upphæðinni sé ekki fólgin neins konar sérstök greiðsla fyrir yfir- og aukavinnu.

Við munnlegan flutning málsins hefur lögmaður stefnanda lagt fram afrit af launayfirliti, er sent var skattayfirvöldum yfir tekjur stefnanda á árinu 1965. Kemur þar í ljós, að árslaun hans hafa þá hækkað í kr. 561.654.00.

Einnig hefur stefnandi lagt fram launaseðil frá 24. 4. 1965 varðandi hann, sem hljóðar upp á kr. 18.143.00, en varnarliðið mun hafa greitt stefnanda laun hálfsmánaðarlega.

Samkvæmt launaseðlinum hefur stefnandi reiknað út laun sín fyrir hina umdeildu þrjá mánuði á eftirfarandi hátt:

„Árslaun, kr. 18.143×26 ..... kr. 471.718.00
Mánaðarlaun, kr. 471.718:12 ..... — 39.309.83
Mánaðarlaun með vísitölu, 9.15% ..... — 42.906.68
Laun í 3 mánuði ..... — 128.720.00
Laun í 3 mánuði að viðbættu orlofi, 8% ..... — 139.017.64".

Kveður stefnandi laun þessi vera grunnlaun, þar eð varnarliðið hafi ekki greitt vísitöluuppbót.

Stefnandi hefur hins vegar ekki breytt stefnukröfum sínum í máli þessu með tilliti til hinna nýju gagna.

Stefnandi byggir kröfur sínar um greiðslu launa í þrjá mánuði í viðbót á því, að sér hafi borið 6 mánaða uppsagnarfrestur. Sér hafi verið sagt upp starfi, án þess að fyrir því væru gefnar nokkrar ástæður. Hann hafi þvert á móti notið trausts yfirboðara sinna, og hefur stefnandi lagt fram í málinu gögn því til stuðnings. Þar sem sér verði ekkert gefið að sök, þá telur stefnandi, að samkvæmt viðurkenndri reglu um starfsmenn í yfirmannastöðum hafi átt að segja sér upp starfinu með 6 mánaða fyrirvara. Stefnandi hafi gegnt mjög þýðingarmiklu starfi, eins og launakjör hans sýni, og verði starfinu helzt jafnað við umfangsmikil framkvæmdastjórastörf hjá íslenzkum fyrirtækjum. Hefur stefnandi lagt fram í málinu nánari skilgreiningu á starfi sínu, er sýnir, að starf hans hefur verið bæði fjölþætt og umfangsmikið. Mótmælir stefnandi því eindregið, að um launakjör sín geti farið eftir kjarasamningum almennra verzlunarmanna, þar eð starf sitt hafi verið þess eðlis, að það falli utan ramma almennra kjarasamninga. Hér verði að byggja á venju, er stefnandi kveður ríkjandi um uppsagnarfrest framkvæmdastjóra fyrirtækja.

Stefndi hefur stutt sýknukröfu sína þeim rökum í fyrsta lagi,

að ríkissjóður sé ekki réttur aðili að málinu. Telur hann, að verzlanir varnarliðsins falli ekki undir varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna sem slíkan né heldur falli fjárkröfur í máli þessu undir 2. tl. 12. gr. fskj. laganna nr. 110/1951.

Í annan stað séu ekki efnisrök til kröfu stefnanda, þar eð í ráðningarsamningi stefnanda gagnvart varnarliðinu frá 8. ágúst 1961 séu fyrst ákvæði um stöðuheiti stefnanda, síðan um launakjör og þar næst segi:

„Other provisions: Same as for Non-Manuals as prescribed by the committee for compilation of Wage Data." Samkvæmt þessu ákvæði fari um önnur atriði ráðningarsamnings stefnanda, þ. á m. um uppsagnarfrest hans, eftir fyrirmælum kaupskrárnefndar, sem starfi í sambandi við launamál íslenzkra starfsmanna varnarliðsins. Eigi hér við fyrirmæli nefndarinnar um þá starfsmenn, sem ekki vinni erfiðisvinnu.

Kaupskrárnefnd hefur haft mál þetta til meðferðar, og segir svo í úrskurði hennar:

„Af því tilefni vill Kaupskrárnefnd taka fram eftirfarandi:

1. Í ráðningarsamningi Jóns Arngrímssonar, dags. 8. ágúst 1961, rskj. nr. 3, segir í 3. gr., að um önnur ákvæði en kaup fari eftir fyrirmælum Kaupskrárnefndar um þá starfsmenn, sem ekki vinni erfiðisvinnu (non-manuals).
2. Með bréfi, dags. 31. júlí 1961, tilkynnti Kaupskrárnefnd varnarliðinu um kaup og kjör verzlunar- og skrifstofufólks, eins og þau voru samkvæmt kjarasamningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur frá og með 1. júlí 1961, en þar var m. a. ákveðið, að starfsuppsögn þessa fólks og vinnuveitanda þeirra skyldi af beggja hálfu vera 3 mánuðir að loknum þriggja mánaða reynslutíma. Kaupskrárnefnd hefur síðan tilkynnt varnarliðinu um allar breytingar á kaupi og kjörum þessa starfsfólks jafnóðum og samningar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hafa breytzt, m. a. með tilkynningu til varnarliðsins, dags. 10. febrúar 1964, sem er síðasta tilkynning nefndarinnar um heildarbreytingar á kaupi og kjörum umræddds starfsfólks, áður en Jóni Arngrímssyni er sagt upp starfi í nóvember 1965. Í þeirri tilkynningu, eins og öllum öðrum, er uppsagnarákvæði V. R.-samninganna það sama, þ. e. 3 mánaða gagnkvæmur uppsagnarfrestur að loknum reynslutíma.
3. Samkvæmt framansögðu telur Kaupskrárnefnd, að nefnd-

um Jóni Arngrímssyni hafi borið 3 mánaða uppsagnarfrestur úr starfi."

Samkvæmt framangreindum úrskurði telur stefndi augljóst, að um uppsagnarfrest stefnanda eigi að fara eftir reglum í almennum kjarasamningum verzlunarmanna, en þar sé miðað við 3 mánaða uppsagnarfrest. Hafi stefnandi með áðurgreindum kjarasamningi firrt sig rétti til að bera úrskurð kaupskrárnefndar undir dómstóla og sé úrskurðurinn bindandi fyrir hann.

Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að ekki komi fram í ráðningarsamningi stefnanda frá 8. ágúst 1961, að hann eigi að hafa hærri laun en kr. 20.000.00 á mánuði og sé það óútskýrt, að honum hafi borið hærri laun. Þá eigi vaxtafótur að lækka í samræmi við almennar vaxtabreytingar.

Við úrlausn máls þessa verður í fyrsta lagi að telja, að stefnandi beini kröfum sínum réttilega að ríkissjóði Íslands, þar eð hér er um að ræða kröfu, er stafar beint frá starfsemi varnarliðs Bandaríkjanna hér á landi, en telja verður, að ríkissjóður beri ábyrgð á því, að stofnanir varnarliðsins fullnægi ákvæðum um ráðningarkjör í sambandi við ráðningar íslenzkra þegna í sína þágu í samræmi við 4. tl. 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sem veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, enda nýtur varnarliðið hér útlendisréttar skv. þeim lögum.

Í öðru lagi verður á það fallizt með stefnanda, að störf hans í þágu varnarliðsins hafi verið svo umfangsmikil að jafna megi til framkvæmdastjórnarstarfa. Þá verður eigi talið, að með framangreindu ákvæði í ráðningarsamningi um fyrirmæli kaupskrárnefndar hafi stefnandi firrt sig rétti til að leggja kröfu sína undir almenna dómstóla. Það er hins vegar álit dómsins, að stefnandi hafi eigi sýnt fram á, að honum beri lengri uppsagnarfrestur en 3 mánuðir, og það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að sé eigi sérstaklega öðru vísi um samið, þá eigi 3 mánaða uppsagnarfrestur við í slíku tilfelli sem þessu.

Samkvæmt framansögðu verður því að taka sýknukröfu stefnda til greina, og kemur því varakrafa hans eigi til álita.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Björn Friðfinnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Þorvarði Jóni Júlíussyni framkvæmdastjóra og Sigurði Guðmundssyni skrifstofustjóra. Hefur dómsuppsaga dregizt nokkuð sökum sumarleyfis dómenda.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Arngrímssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. júní 1967.

Nr. 39/1967. **Landhelgisgæzla Íslands**
(Ingólfur Jónsson hrl.)
gegn
Ásgrími Ásgeirssyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 1. marz 1967. Áfrýjandi áfrýjaði málinu af nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 2. marz 1967. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að dæmdir verði 7% ársvextir frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, þar á meðal leiðarbókar og skipshafnarskrár v/b Gauts.

V/b Gautur, sem er 85 rúmlestir að stærð, var eign áfrýjanda og skráður sem varðskip til 3. marz 1962, er skráningarstarfsheiti skipsins var breytt í björgunarskip að ósk áfrýjanda. Í skipshafnarskrá er tekið fram 1. janúar 1962,

að skipið stundi „björgun“, og er því starfsheiti haldið til 3. september s. á., en þá er skráð í skipshafnarskrána, að starfsemi skipsins sé landhelgisgæzla. Stefndi var lögskráður á skipið 8. marz 1962, en skráður úr skiprúmi 15. júní s. á. Af leiðarbók skipsins verður ekki séð, að það hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verið notað til landhelgisgæzlu. Var því eigi skylt að hafa tvo stýrimenn lögskráða á skipið umræddan tíma. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Landhelgisgæzla Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Ásgríms Ásgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 12. marz 1965.

Mál þetta var tekið til dóms 12. marz 1965. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 20. september 1962. Sóknaraðili er Ásgrímur Ásgeirsson stýrimaður, Hátúni 19 í Reykjavík. Stefnir hann íslenzku landhelgisgæzlunni og krefst greiðslu á kaupi að fjárhæð kr. 5.508.50 auk 7% vaxta p. a. frá 1. júlí 1962 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar. Er þetta aðalkrafa sóknaraðilja. Til vara krefst hann lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að hann hafi verið 1. stýrimaður á varðskipinu Gauti frá 1. marz til 9. júní 1962. Hafi hann verið eini stýrimaðurinn á skipinu þenna tíma og því hafi hann ásamt skipstjóra orðið að vinna störf þau, sem 2. stýrimaður hefði átt að gegna. Launum 2. stýrimanns fyrir marz mánuð hafi því, eins og lög standa til, verið skipt milli þeirra, en hins vegar hafi hann ekki fengið þessa greiðslu fyrir tímann frá 1. apríl til 9. júní. Er málið höfðað til að innheimta þetta kaup.

Í málinu hefur verið lagt fram siglingavottorð, þar sem segir, að stefnandi hafi verið lögskráður 1. stýrimaður á varðskipið Gaut frá 8. marz 1962 til 15. júní sama ár. Í dálk fyrir athugasemdir er skráð:

„Björgunarstörf frá 10/3".

Fram er komið, að 1. marz 1962 ritaði forstjóri íslenzku landhelgisgæzlunnar bréf til skipaskoðunarstjóra og fór þess á leit, að Gautur yrði skráður „einvörðungu sem björgunarskip" vegna breyttrar notkunar. Skipaskoðunarstjóri svaraði 3. marz, og segir m. a. í bréfi hans: „Vér höfum því í dag breytt skrásetningarstarfsheiti áðurnefndra skipa, og eru þau nú skráð aðeins sem björgunarskip".

Af hálfu stefnda er svo frá skýrt, að Gautur hafi ekki verið varðskip nema til 3. marz 1962 og að fallbyssa, sem verið hafi í skipinu, hafi þá verið fjarlægð. „Stefnanda var strax sagt frá þeirri breytingu, sem orðin var á starfsemi Gauts", segir í greinargerð lögmanns stefnda, „en vildi ekki trúa, að rétt væri hermt."

Sigurður Árnason, sem var skipstjóri á Gauti á þessum tíma, hefur gefið skýrslu í málinu. Segir hann, að skipsmönnum hafi verið fækkað og hásetar eftir það fjórir, eða einum færri en áður. Vinnutilhögun kveður hann eftir þetta hafa verið þá, að hafðar hafi verið skútuvaxtir, þ. e. staðnar 10 klst. annan sólarhringinn, en 14 klst. hinn. Skipstjóri og 1. stýrimaður skiptu þessum vöktum með sér og höfðu einn háseta með sér á vakt. Skipstjóri sagði, að sóknaraðili hefði losnað við helming af umsjón með vinnu háseta og helming af vinnu við hreinritun dagbókar, ef stýrimenn hefðu verið tveir á Gauti. Þá mundi hann og ekki hafa verið kallaður jafnoft upp og raun varð á. Óumdeilt er, að sóknaraðili fékk yfirvinnu sína greidda.

Um notkun skipsins sagði skipstjórinn, að það hefði eftir stækkun fiskveiðilögsögunnar ekki reynzt nothæft sem varðskip. Hafi það því hætt öllum afskiptum af togurum og verið skráð sem björgunarskip. Hefði það aðallega verið í Faxaflóa til aðstoðar við fiskibáta. Þegar skipstjórinn kom fyrir dóm 9. maí 1963, var m. a. bókað:

„Vitnið er spurt um það, hvort skipið hafi tekið tvo dragnótabáta að ólöglegum veiðum sumarið 1962.

Segist vitnið ekki minnast ákveðinna tilvika í því sambandi, en hins vegar hafi þeir verið af og til það sumar að stugga við dragnótabátum".

Lagðir hafa verið fram í málinu kaupgreiðsluseðlar, þar sem greint er kaup stefnanda í marz, apríl og maí 1962. Er talað um *v/s* (þ. e. varðskipið) Gaut á seðlunum fyrir apríl og maí. Af kaupgreiðsluseðlunum verður ráðið, að í marz fékk stefnandi í kaup kr. 7.716.52, hálf laun 2. stýrimanns (2.427.00) og sérstaka

greiðslu að fjárhæð kr. 1.866.90, sem mun hafa verið greidd vegna þess, að stefnandi hafði 12 stunda vaktir. Að auki fékk hann greidda yfirvinnu o. fl., sem ekki skiptir hér máli. Í apríl var kaupið kr. 7.467.60, og áðurnefndar kr. 1.866.90 voru greiddar sem fyrr. Í maí var kaupið kr. 7.716.52, og greiddar voru kr. 1.866.90 að auki. Hins vegar fékk stefnandi ekki hálft kaup 2. stýrimanns, hvorki í apríl né maí.

Í málinu hefur verið lagður fram samningur milli Stýrimannafélags Íslands og Skipaútgerðar ríkisins og fleiri útgerðarfélaga, og þar eru ákvæði um lágmarkskaup stýrimanna á skipum þeirra útgerðarfélaga, sem eru aðiljar að samningnum. Segir þar m. a., að stýrimenn í 1. flokki skuli hafa þetta kaup:

„1. stýrimaður .. .. kr. 6.767.51
2. stýrimaður .. .. — 6.067.43".

Í 1. flokki eru stýrimenn á skipum, er hafa vélar, sem eru frá „250—500 I.H.K." Samkvæmt sjómannaalmanaki fyrir 1962 (útg. 1961) er Gautur varðskip með 425 hestafla vél.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að allan þann tíma, er hér skiptir máli, hafi Gautur verið notaður bæði til gæzlu- og björgunarstarfa og því verið varðskip í skilningi 46. greinar laga nr. 66/1946 um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum. Notkun skipsins við gæzlustörf komi nægilega fram í skýrslu Sigurðar Árnasonar skipstjóra. Skýrslunni til viðbótar komi, að byggja verði á því í málinu, sem haldið er fram af hálfu sóknaraðilja um þetta atriði, þar sem ekki hafi verið sinnt áskorun um að sýna í sjódómi leiðarbók skipsins.

Þá er á það bent af hálfu sóknaraðilja, að afleiðing þess, að Gautur hafi verið varðskip, sé sú skv. áðurgreindri grein í lögum nr. 66/1946, að skylt hafi verið að hafa tvo stýrimenn á skipinu. Það leiði og til sömu niðurstöðu, að gengið sé út frá því, að stýrimenn eigi að vera tveir á skipum af sömu stærð og Gautur, í samningi þeim, sem á þessum tíma var í gildi milli Stýrimannafélags Íslands og Skipaútgerðar ríkisins og fleiri útgerðarfélaga. Skilja verði ákvæði samningsins, sem ekki minnist á skip með einum stýrimanni, þannig, að útgerðarfélögin hafi skuldbundið sig til að hafa jafnan tvo stýrimenn á skipum þeim, sem þau eiga. Þetta sé þá jafnframt skylda á skipum Landhelgisgæzlunnar skv. 2. mgr. 6. greinar laga nr. 32/1935 um varðskip landsins og skipverja á þeim. Í grein þessari segir m. a., að stýrimenn

á varðskipunum skuli hafa kaup og kjör í samræmi við greiðslur á strandferðaskipum ríkisins.

Á þeim grundvelli, að skylt hafi verið að hafa tvo stýrimenn á Gauti, er því síðan haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að hann eigi rétt á hálfu kaupi 2. stýrimanns eftir 23. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, en þau lög voru enn í gildi 1962. Greinin er þannig: „Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skal kaup það, er við það sparast, meðan skipið er í hafi, skiptast milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda með borgun fyrir yfirvinnu.“ Er því haldið fram, að beita eigi grein þessari, þegar þannig stendur á, að skip lætur úr höfn með færri menn en vera ber.

Um aðalkröfu sóknaraðilja er ekki deilt tölulega. Varakrafa hans er á því byggð, að dómurinn kynni að komast að þeirri niðurstöðu, að aukin vinna hans hafi ekki numið að tiltölu jafnmiklu og aukin vinna skipstjóra. Ekki hefur vinnunni þó verið lýst nánar, en lækkun fjárhæðar lögð undir mat dómsins.

Af hálfu stefnda, íslenzku landhelgisgæzlunnar, er því haldið fram til stuðnings sýknukröfu hans, að Gautur hafi ekki verið varðskip á þeim tíma, er sóknaraðili var stýrimaður á skipinu. Er því til stuðnings bent á þá breytingu, sem gerð var á skráningu þess í marz 1962. Afleiðing þessa er sú, að því er haldið er fram, að ekki hafi verið skylt að hafa tvo stýrimenn á skipinu, enda hafi það verið algerlega óþarft. Af þessu leiðir síðan, eftir málsútlistun af hálfu Landhelgisgæzlunnar, að sóknaraðili á ekki rétt á meira kaupi en samningur stýrimannafélagsins og Skipaútgerðar ríkisins áskilur, að 1. stýrimaður skuli fá.

Þá er því enn fremur haldið fram til stuðnings sýknukröfu stefnda, að 23. gr. laga nr. 41/1930 gæti ekki til þess leitt, að taka ætti til greina kröfu sóknaraðilja, þó að svo yrði litið á, að Gautur hefði verið varðskip þann tíma, sem um er að ræða. Grein þessi í þágildandi sjómannalögum hafi aðeins mælt fyrir um, hvernig færi, ef skipverjum fækkaði, meðan ferð stæði. Hins vegar hafi hún ekki gilt, ef lagt hafi verið úr höfn með færri skipsmenn en vera áttu um borð.

Niðurstaða.

Líta verður svo á, að Gautur hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, verið varðskip í skilningi 46. greinar laga nr. 66/1946, enda verður að byggja á því, að skipið hafi að einhverju leyti verið við eftirlit með dragnótabátum. Bar því, eins og áður er fram komið, að hafa tvo stýrimenn á skipinu. Dómendur hafa fram-

kvæmt athugun á venjum, sem leitt hefur í ljós, að almennt skiptist kaup þeirra stýrimanna, sem ekki fara í ferð, milli þeirra, sem vinna þau störf, sem þeir hefðu unnið, ef þeir hefðu verið á skipinu. Ber að leggja þessa venju til grundvallar og taka dómkröfur stefnanda til greina. Þó verða vextir ekki dæmdir hærri en 6% frá 1. janúar 1965. Málskostnaður þykir vera hæfilega ákveðinn kr. 1.900.00.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Einar Thoroddsen yfirhafnsögumaður og Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Dómsorð:

Stefndi, íslenzka landhelgisgæzlan, greiði stefnanda, Ásgrími Ásgeirssyni, kr. 5.508.50 auk 7% vaxta p. a. frá 1. júlí 1962 til 1. janúar 1965 og 6% vaxta p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 1.900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 113/1967. **Hörður Einarsson**
gegn
Verzluninni Krónunni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Sóknaraðili hefur samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b, laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hefur engin greinargerð borizt Hæstarétti.

Víxill sá, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu, er samþykktur af Guðmundi Kristjánssyni „pr. pr. Verzlunin Krónan".

Lagt hefur verið fram í máli þessu vottorð borgarfógetans í Reykjavík, dags. 3. ágúst 1967, svohljóðandi: „Krónan verzlun, er skrásett í Reykjavík 10. júní 1922.

Einkaeigandi: Ágúst Elíasson.

Engin breyting á firma þessu hefur síðan verið skráð".

Að svo vöxnu máli er ósannað, að Guðmundur Kristjánsson sé bær til að skuldbinda verzlunina Krónuna. Ber því að staðfesta héraðsdóminn. Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 27. júní 1967, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. júní 1967 af Herði Einarssyni héraðsdómslögmanni, Aðalstræti 9, Reykjavík, gegn Guðmundi Kristjánssyni, Básenda 6, Reykjavík, f. h. Verzlunarinnar Krónunnar, Mávahlíð 25, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð krónur 50.000.00, útgefins 18. maí 1967 af stefnanda og samþykkts af stefnda f. h. Krónunnar til greiðslu í Landsbanka Íslands hér í bæ 18. júní 1967, en á víxli þessum eru engir ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 50.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 18. júní 1967 til greiðsludags, kr. 150.00 í stimpil- og bankakostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega birt stefna. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins, sem hann er útgefandi að. Í skjölum málsins er þess ekki getið, hvort eða þá hvert samband Guðmundar Kristjánssonar er við téða verzlun, og verður því ekki séð, hvort hann getur skuldbundið verzlunina fyrir dómi. Af þessum sökum verður að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður er ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 114/1967. **Ólafur Sigurðsson**
gegn
Búðaósi h/f
og Gísla Indriðasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dags. 1. ágúst 1967, sem Hæstarétti barst 14. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, vitninu Gísla Indriðasyni verði synjað að staðfesta vætti sitt og að varnaraðilja Búðaósi h/f verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Búðaós h/f krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi dómkröfur, og málsatvikum er eigi lýst nema að litlu leyti. Héraðsdómarinn hefur því eigi gætt fyrirmæla 2. mgr. 190. gr. né 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins þykir verða að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Keflavíkur 18. júlí 1967.

Málavextir eru sem hér segir:

Í vitnaleiðslum þeim, sem fóru fyrir réttinum í bæjarþingsmálinu nr. 48/1966: Búðaós h/f gegn Ólafi Sigurðssyni, varð ágreiningur um, hvort heimila bæri vitninu Gísla Indriðasyni staðfestingar vættis síns með eiði eða drengskaparheiti fyrir dóminum.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að vitninu Gísla Indriðasyni yrði heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði, en lögmaður stefnda mótmælti, og var ágreiningurinn lagður undir úrskurð dómarans, sem tók sér frest til þriðjudagsins 18. júlí til að kveða upp úrskurðinn.

Nefndur Gísli Indriðason var framkvæmdastjóri Búðaóss h/f á þeim tíma, er bílakaup þau urðu, er fyrrnefnt mál er sprottið af, en hefur nú látið af því starfi. Einnig á vitnið hlutabréf að nafnverði kr. 25.000.00 í fyrirtækinu, en alls mun innborgað hlutafé þess vera 1½—2 milljónir króna. Þá hefur lögmaður stefnanda lagt fram á þingmerktu dskj. nr. 15 skýrslu nefnds Gísla um starfrækslu stefnda hjá fyrirtækinu Búðaósi h/f. Einnig hefur verið lagt fram á dskj. nr. 12 bréf Gísla til lögmanns stefnda.

Mótmælti lögmaður stefnda eiðfestingu vitnisins á þeim forsendum, að vitnið sé viðriðið málið, þar sem það hafi á umræddum tíma verið starfsmaður stefnanda og að verulegt missætti hafi komið upp á milli vitnisins og stefnda, eins og fram komi á dskj. nr. 15.

Lögmaður stefnanda krafðist þess, að nefndur Gísli fengi að staðfesta framburð sinn fyrir dóminum á þeim forsendum:

1) Að vitnið sé ekki viðriðið málið í þeim skilningi 2. mgr. 1. tl. 127. gr. einkamálalaga, að synja beri því að staðfesta framburð sinn. Vitnið sé ekki í fjárhagslegum tengslum við stefnanda, ef frá séu taldar 25.000.00 krónur, hlutafé í fyrirtækinu.

2) Að ekkert það missætti sé á milli vitnisins og stefnda, sem geti haft áhrif á leyfi til staðfestingar. Á dskj. nr. 15 komi ekki annað fram en skýrsla vitnisins um, að stefndi hafi ekki fullnægt þeim vonum og skyldum, sem á hann hafi verið lagðar, auk rökstuðnings fyrir því.

3) Að vitnið hafi reynzt mjög stöðugt í framburði sínum.

Í 2. mgr. 1. tl. 127. gr., sbr. 2. tl. 125. gr. laga nr. 85/1936 er rætt um þá fjárhagslegu og siðferðislegu hagsmuni vitnis af málalokum, sem valdið geti því, að synja beri um staðfestingu fyrir dómi. Ef athugað er orðalag nefndrar lagagreinar, sést, að löggjafinn gerir nokkuð strangar kröfur til þess, að víkja beri frá þeirri almennu skyldu, að vitni sé heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, sbr. orðin „verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki".

Eins og áður segir, var Gísli Indriðason forstjóri Búðaóss h/f, er viðskipti þau urðu, er þetta mál er sprottið af. Hann hefur nú látið af því starfi og á aðeins mjög lítinn hluta í fyrirtækinu. Hefur ekki komið fram, að hann eigi nokkrar aðrar fjárkröfur á hendur því eða það á hendur honum, sem máli skipta. Verður því ekki talið, að vitnið hafi slíka verulega fjárhagsmuni af málalokum, að synja beri því heimildar til staðfestingar á framburði sínum.

Eigi er heldur í ljós leitt neitt slíkt missætti milli vitnisins og stefnda, sem gæti haft áhrif á heimild þess til staðfestingar á framburði sínum fyrir dómi.

Með vísun til framanritaðs verða mótmæli stefnda gegn staðfestingu á framburði Gísla Indriðasonar fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Vitninu Gísla Indriðasyni skal heimilt að staðfesta framburð sinn fyrir bæjarþingi Keflavíkur hinn 14. júlí s.l. fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti.

Úrskurðurinn var lesinn á dómþingi að viðstöddum lögmanni stefnda, Vilhjálmi Þórhallssyni hæstaréttarlögmanni.

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 124/1967. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Þórarinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Hin kærða sátt var gerð fyrir Jakob Þ. Möller, fulltrúa sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Með kæru 28. ágúst 1967, sem hingað barst 29. s. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breytingu á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar þá ákvörðun héraðsdómarans á dómþingi 27. júní 1967 að ljúka máli á hendur kærða, Guðmundi Þórarinssyni, með sáttargerð.

Með dómi, uppkveðnum í sakadómi Suður-Múlasýslu 20. apríl 1964, var kærði dæmdur til að greiða kr. 2.000.00 í sekt og sviptur ökuleyfi 6 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr. 17. gr., 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr. 41. gr. og 49. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 28. nóvember 1965 var kærði kærður af lögreglumönnum í Reykjavík fyrir ölvun við akstur. Við rannsókn á blóði hans fundust í því efni, er svara til 0.87‰ af vínanda. Héraðsdómarinn lauk máli þessu með dómssátt, þannig að kærði skuldbatt sig til að greiða kr. 4.000.00 sekt í ríkissjóð, en til vara að sæta 8 daga varðhaldi og vera sviptur ökuleyfi 6 mánuði.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 varða ítrekuð brot gegn 1., 2., sbr. 3. mgr., 25. gr. sömu laga varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 1. gr. sömu laga að fella dómssáttina úr gildi.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem Guðmundur Þórarinsson gekkst undir fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu 27. júní 1967, er úr gildi felld.

Dómssátt í sakadómi Suður-Múlasýslu 27. júní 1967.

Mættur er í réttinum kærði, Guðmundur Þórarinsson, Sólheimum, Reyðarfirði, iðnnemi, fæddur 6. 3. 1945 á Reyðarfirði, áminntur um sannsögli. Ákvæðis 2. mgr. 77. gr. laga nr. 82/1961 er gætt.

Kærða eru kynnt hin framlögðu skjöl, og kannast hann við það, að skjölin varði hann og séu í öllum greinum rétt. Kærði segist aðspurður vera þess albúinn að undirrita dómssátt í málinu. Var síðan í dóminum undirrituð svolátandi

dómssátt:

Ég, Guðmundur Þórarinsson, Sólheimum, Reyðarfirði, viðurkenni að hafa gerzt brotlegur við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og samþykki að greiða í sekt til ríkissjóðs kr. 4.000.00, enda komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 14 daga frá deginum í dag. Þá hlýði ég ökuleyfissviptingu í 6 mánuði frá deginum í dag og skuldbind mig til að greiða kostnað sakarinnar.

Upplesið. Staðfest.
Samþykkur:
Guðmundur Þórarinsson.

Þriðjudaginn 19. september 1967.

Nr. 130/1967. **Valdstjórnin**
gegn
Sigfúsi J. A. Johnsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Pétur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 29. júní 1967, sem hingað barst 4. sept. 1967, hefur varnaraðili skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 4. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 og krafizt þess, að hann verði úr gildi felldur, lagt verði fyrir dómara að skipa honum verjanda í málinu og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Málsatvikum er eigi lýst í hinum kærða úrskurði. Þá hefur héraðsdómari eigi fært fram rök fyrir því, að varnaraðilja skuli synja um skipaðan verjanda, er sé við dómprófun málsins. Ber því að ómerkja hinn kærða úrskurð.

Greiða ber varnaraðilja kærumálskostnað úr ríkissjóði, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er ómerkur.

Kærumálskostnaður, kr. 5.000.00, greiðist varnaraðilja, Sigfúsi J. A. Johnsen, úr ríkissjóði.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 28. júní 1967.

Mál þetta hófst með sjóprófum hinn 17. apríl vegna vélarbilunar o. fl. m/b Sæfaxa, NK 102.

Inn í prófin drógust atriði, er urðu þess valdandi, að 5 menn, þ. á m. Sigfús J. Á. Johnsen, hafa orðið grunaðir samkvæmt eiðfestum framburðum ýmissa vitna svo og játningum sakborninga um alvarlegt hegningarlagabrot.

Dómurinn mun ekki neita að skipa Jón Hjaltason hæstaréttarlögmann sem verjanda eða réttargæzlumann kærða Sigfúsar, og það nú þegar á eftir, verði fram á það farið, sbr. og bókun í þinghaldi hinn 6/5 s.l., en kærði hefur krafizt þess, að lögmaðurinn mæti með honum í réttarhaldi þessu, sem lýst hefur verið lokað.

Dómendur eru sammála um, að kærði Sigfús hafi gert allt, sem unnt er, til þess að torvelda rannsókn máls þessa utan réttar sem innan, svo sem fram kemur af bókunum, og hefur dómurinn ríka ástæðu til að ætla, að koma hans í dóminn á þessu stigi málsins, þar sem sjálfri rannsókn er hvergi nærri fulllokið, með lögfræðing við hlið sér sé sízt til þess fallin að auðvelda lok rannsóknar, heldur þvert á móti.

Jafnframt því sem bera þykir að úrskurða, að réttarhaldið fari að öllu leyti fram fyrir luktum dyrum, sbr. 16. gr. oml. nr. 82/1961, álítur rétturinn óhjákvæmilegt að úrskurða með vísan til 4. málsliðar 1. mgr. 86. gr. laga nr. 82/1961, að hvorki Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður né annar lögfræðingur mæti með kærða í réttarhaldi þessu, enda álit dómenda, að kærði sé fullfær að gæta hagsmuna sinna á þessu stigi málsins.

Ályktarorð:

Réttarhald þetta er lokað.

Hvorki Jón Hjaltason né öðrum lögmönnum, verjendum né réttargæzlumönnum er heimilt að mæta í þinghaldi þessu með kærða Sigfúsi Jörundi Árnasyni Johnsen.

Mánudaginn 2. október 1967.

Nr. 98/1967. **Eldey h/f**
gegn
Karli Sigurbergssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Eldey h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu,

greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1967.

Nr. 126/1967. **Haukur Pétursson h/f**
gegn
Gjaldeimtunni í Reykjavík.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haukur Pétursson h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 4. október 1967.

Nr. 87/1967. **Valdstjórnin**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
X (Magnús Thorlacius hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Svipting lögræðis. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um lögræðissviptingu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 á allur kostnaður af málinu að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutnings-

laun talsmanns varnaraðilja í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, er svipt lögræði, sjálfræði og fjárræði.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 20.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. marz 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 30. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 111/1967: Ákæruvaldið gegn X, sem tekið var til dóms 16. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 24. janúar s.l., „af valdstjórnarinnar hálfu samkvæmt heimild í 6. tölulið b, sbr. 2. tölulið 7. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sbr. 4. tölulið 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 82/1961 gegn X, ... í Reykjavík, fæddri 28. marz 1926 í Hafnarfirði, til sviftingar lögræðis (sjálfræðis og fjárræðis) vegna ofnautnar áfengis samkvæmt 3. tölulið 5. gr. nefndra laga nr. 95/1947 og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Með beiðni, dagsettri 16. desember s. l., fóru þau A, ... hér í borg, dóttir varnaraðilja, X, B, ..., og C, ..., systir hennar, og E, ..., mágur hennar, þess á leit við dóminn, að varnaraðili verði svipt sjálfræði vegna langvarandi óreglu og andlegrar vanheilsu, sem geri dvöl á geðspítala óhjákvæmilega. Í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur mánudaginn 19. desember s.l. fóru framangreindir aðiljar þess einnig á leit, að varnaraðili verði svipt fjárræði.

Framangreindri beiðni fylgdu vottorð læknanna Jakobs Jónassonar og Skúla Thoroddsens um varnaraðilja, bæði dagsett sama dag og beiðnin.

Segir í vottorði Skúla Thoroddsens á þessa leið:

„Fyrir um 1 viku var undirritaður konsulteraður í síma vegna X, ... í Reykjavík. Bauðst ég til að fara heim til hennar og gerði það um hádegisbilið sama dag. Bar heimilið vott um vanhirðu.

X var hálfsofandi og vildi ekki láta ónáða sig. Tókst mér þó með eftirgangsmunum að fá að skoða hana. Fann ég hnút í brjósti og þrýstieymsl yfir brjóstkassa, og var mér ekki grunlaust um, að eymsli þessi væru eftir högg, en engan marblett sá ég þó. Skildist mér, að um margra daga óreglu hefði verið að ræða hjá X, og byggist sú skoðun mín einnig á upplýsingum annarra aðilja, sem ég tel trúverðuga. Var ég mjög kvíðinn um framtíðarhorfur hennar, ef hún héldi áfram uppteknum hætti.

Hinn 14/12 1966 hringdi ég í X og hvatti hana til að leggjast inn á Borgarspítalann tafarlaust, en þar lá fyrir loforð um pláss. X tók því fjarri og virtist ekki hafa neinn skilning á heilsufarsástandi sínu. Fór ég um hádegisbilið sama dag að ..., en var ekki hleypt inn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hinn 14/12 um kl. 2100 tókst aðstandendum með miklum eftirgangsmunum að fá X til að leggjast inn í Borgarspítalann til rannsóknar, en áður en þessari rannsókn væri lokið, strauk X fáklædd af spítalanum um klukkan 1900 hinn 15/12 1966.

Þar eð X hefur ekki skilning á því, að hún þarfnist sjúkrahússvistar, en slíkrar vistar tel ég aðkallandi þörf, þá álít ég nauðsynlegt að svifta X tímabundið sjálfræði".

Vottorð Jakobs Jónassonar er á þessa leið:

„Það vottast hér með, að X, f. 28/3 '26, Reykjavík, þarfnast vistunar á lokaðri deild vegna óhóflegs drykkjuskapar.

Samkv. upplýsingum aðstandenda X hefur hún neytt áfengis í óhófi síðustu 2—3 mánuði og vanrækt heimili sitt og börn. Hinn 14. des. s.l. var ég kvaddur í skyndivitjun á heimili hennar, og var hún þá sýnilega langdrukkin og öll vegsummerki á heimilinu báru vott um langvarandi drykkjuskap og vanrækslu. X var þá um kvöldið lögð inn á Borgarspítalann til bráðabirgða, en strauk af spítalanum daginn eftir.

Þar sem X hefur ekki skilning á hættum þeim, sem drykkjuskapur hennar hefur í för með sér gagnvart henni sjálfri og börnum hennar og hefur þar að auki hótað að farga sér, ber nauðsyn til þess að svipta hana sjálfræði og flytja hana á Kleppsspítalann með aðstoð lögreglu".

Lögræðissviptingarbeiðendur hafa allir mætt í dómi og staðfest beiðni sína. Auk þess hafa mætt af aðstandendum varnaraðilja til að bera vitni F, bróðir hennar, og G, tengdasonur hennar. Hafa vitni þessi bæði lýst því yfir, að þau væru því meðmælt, að varnaraðili verði svipt lögræði. Varnaraðili hefur mætt í dómi svo og eiginmaður hennar, H, ..., Kópavogi, og bæði mót-

mælt því, að lögræðisviptingarkrafan nái fram að ganga. Þá hafa báðir læknarnir, er að framan greinir, mætt og staðfest vottorð sín. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið í framburðum þessum.

Varnaraðili, X, er alin upp hjá foreldrum sínum, I, ..., og J, konu hans, sem bæði eru látin. Hinn 8. júní 1944 giftist hún fyrri eiginmanni sínum, K, ..., og eignuðust þau 3 börn, A, sem ritar undir beiðnina, L, 15 ára að aldri, og M, 10 ára. K andaðist 15. ágúst 1965. Eftir það bjó varnaraðili áfram með börnum sínum og sat í óskiptu búi. Í janúar 1966 giftist A og fluttist þá í aðra íbúð í húsi því, er varnaraðili býr í. Eldri sonur varnaraðilja var farinn að heiman, áður en mál þetta kom til sögunnar, og yngri sonurinn fór af heimilinu, er varnaraðilja var ráðstafað á Kleppsspítala, eins og síðar mun rakið. Hinn 24. desember 1966, meðan á dvöl varnaraðilja á Kleppsspítala stóð, giftist hún síðari eiginmanni sínum, H, en fékk leyfi til lögskilnaðar frá honum 22. febrúar s. l. vegna líkamsárásar. Skilnaður þeirra varð þó eigi langvinnur, því að hinn 3. þ. m. giftist hún H að nýju. Hafa þau dvalizt að ... í Kópavogi í húsi H, eftir að varnaraðili fór á brott af Kleppsspítala hinn 11. janúar s.l.

Vitnið A kveður lögræðissviptingarbeiðnina fram komna vegna langvarandi drykkjuskapar varnaraðilja, sem nú sé komið í algert óefni með, og sömuleiðis vegna andlegrar vanheilsu hennar. Þurfi varnaraðili af þessum sökum að dveljast á hæli eða sjúkrahúsi til lækninga, en á það hafi hún ekki viljað fallast, enda hafi hún engan skilning á ástandi sínu. Þá kveður vitnið vera hættu á því, að varnaraðili sói fé sínu vegna drykkjuskaparins og slæms félagsskapar og sé fjárræðissviptingarbeiðnin fram komin af þeim sökum. Vitnið kveður hafa farið að bera á drykkjuskap hjá varnaraðilja eftir lát manns hennar. Hefur drykkjuskapurinn stöðugt ágerzt, og er varnaraðili nú orðin alger drykkjusjúklingur. Drekkur hún oft dögum saman ásamt H. Vitnið kveður varnaraðilja hafa verið einu sinni á sjúkrahúsi vegna drykkju sinnar, en að öðru leyti hafi hún ekki fengizt til að leita sér lækninga. Varnaraðili hefur ekkert unnið utan heimilis. Vitnið kveður varnaraðilja hafa vanrækt uppeldi sona sinna. Hefur eldri sonurinn flúið að heiman, vegna þess að H hefur lagt hendur á hann.

Vitnið B kveður lögræðissviptingarbeiðnina fram komna vegna langvarandi drykkjuskapar varnaraðilja og andlegrar vanheilsu. Þurfi óhjákvæmilega að vista hana á geðsjúkrahúsi til lækninga

af þessum sökum. Þá kveður vitnið vera hættu á, að hún sói fjármunum sínum vegna drykkjuskaparins. Vitnið kveður andlát eiginmanns varnaraðilja hafa orðið mikið áfall fyrir hana. Tók að bera á drykkjuskap hjá henni eftir það, er hefur stöðugt ágerzt, sérstaklega eftir að hún fór að vera með H. Vitnið kveður varnaraðilja ekki hafa viljað fallast á að vera á sjúkrahúsi vegna drykkjuskapar síns, enda hafi hún engan skilning á ástandi sínu. Vitnið C kveður varnaraðilja hafa tekið að neyta áfengis í óhófi eftir andlát manns hennar. Hefur áfengisneyzla varnaraðilja stöðugt ágerzt, þannig að nú er svo komið, að hún er orðin alger drykkjusjúklingur og nauðsyn að koma henni á hæli af þessum sökum. Eins kveður vitnið bera nauðsyn til að svipta hana fjárræði til að hindra, að hún eyði eignum sínum í reiðuleysi.

Vitnið E kveður beiðnina fram komna vegna langvarandi óreglu varnaraðilja og andlegrar vanheilsu hennar. Varnaraðili hefur ekki viljað fallast á að vera á sjúkrahúsi af þessum sökum. Var henni ráðstafað á Borgarsjúkrahúsið, en eftir sólarhringsdvöl fór hún þaðan í óleyfi, íklædd sloppi einum ytri fata. Þá kveður vitnið eignir varnaraðilja geta verið í hættu vegna óreglu hennar og slæms félagsskapar. Synir varnaraðilja voru hjá henni eftir lát manns hennar, en eldri sonurinn hefur orðið að flýja heimilið vegna drykkjuskapar hennar og félagsskapar þess, sem hún hefur valið sér. Þá kveður vitnið hafa verið vanhirðu á yngri syni varnaraðilja. Dóttir varnaraðilja er gift og býr ekki á heimili hennar. Vitnið kveður varnaraðilja ekki hafa haft neitt starf á hendi utan heimilis. Vitnið kveður hafa farið að bera á drykkjuskap hjá varnaraðilja, eftir að eiginmaður hennar lézt. Hefur hann stöðugt ágerzt, og er nú svo komið, að varnaraðili er orðin alger drykkjusjúklingur. Auk þess er varnaraðili mjög þunglynd og hefur rætt um að svipta sig lífi. Tekur vitnið fram, að dómgreind varnaraðilja sé mjög ábótavant. Varnaraðili var á Sjúkrahúsi Hvítabandsins í nóvember árið 1965 til lækninga vegna drykkjuskapar. Var hún þá búin að drekka dögum saman, og var þetta gert til að stöðva drykkju hennar. Að öðru leyti hefur varnaraðili ekki verið undir læknishendi vegna drykkjuskapar síns. Vitnið var búið að biðja um viðtal fyrir varnaraðilja hjá geðlækni. Fór hún í biðstofu hans, en hafði ekki eirð í sér til að bíða þar. Nú er svo komið, að varnaraðili fæst ekki til að leita sér lækninga, enda hefur hún engan skilning á ástandi sínu.

Vitnið F kveður varnaraðilja hafa verið mjög drykkfellda upp á síðkastið og lent í slæmum félagsskap. Kveður vitnið ekki vera

um annað að ræða en koma henni á hæli til lækninga. Þá hefur eyðzt fé hjá henni vegna óreglu hennar. Hefur vitnið heyrt, að hún hafi tekið út úr sparisjóðsbók kr. 25.000.00, skömmu áður en það var yfirheyrt, og það fé hafi eyðzt hjá henni á einni viku. Vitnið kveðst því ekki sjá annað en svipta þurfi varnaraðilja fjárræði til að koma í veg fyrir, að hún eyði fé sínu í reiðuleysi.

Vitnið G kveðst hafa búið í kjallaraíbúð að ... síðan í febrúar á fyrra ári og því fylgzt nokkuð með varnaraðilja frá þeim tíma. Vitnið kveður varnaraðilja hafa drukkið mjög mikið áfengi frá framangreindum tíma. Kvað sérstaklega mikið að þessu síðustu 3 mánuði á fyrra ári, eftir að varnaraðili tók að leggja lag sitt við H. Hafa varnaraðili og H verið ölvuð flesta daga síðan, þótt runnið hafi af þeim dag og dag. Vitnið kveður nú vera komið í algert óefni með drykkjuskap varnaraðilja og þurfi að grípa í taumana. Vitnið kveður þau varnaraðilja og H hafa verið bæði erfið viðskiptis, og hefur það bitnað mjög á sonum varnaraðilja. Hefur eldri sonurinn orðið að flýja heimilið vegna barsmíða H. Drykkjuskapur varnaraðilja hefur leitt til þess, að íbúð hennar er í niðurníðslu. Hafa flestar hurðir verið sprengdar upp og húsgögn verið brotin. Sem dæmi um drykkjuskapinn nefnir vitnið, að frá því í sumar hafi ótal mörgum áfengisflöskum, jafnvel í hundraða tali, verið safnað saman um íbúðina og þær fluttar á brott. Vitnið kveðst mjög oft hafa orðið vart við ferðir leigubifreiða að húsinu. Vitnið kveður hljóta að eyðast mikið fé hjá varnaraðilja vegna drykkjuskapar hennar, enda veit það ekki til, að H eigi neitt fé. Vitnið kveðst hafa séð í sparisjóðsbók, sem varnaraðili hafði undir höndum, að 2. desember s.l. höfðu verið teknar út úr bókinni kr. 25.000.00. Vitnið veit ekki, hvað varð af peningum þessum, en kveðst ekki geta álitið annað en varnaraðili hafi eytt þeim, enda var hún stöðugt drukkin um þetta leyti. Vitnið kveður varnaraðilja hafa haft orð á því að svipta sig lífi. Í eitt skipti hringdi H í E, að sögn E, mjög miður sín og sagði, að varnaraðili hefði verið að hóta þessu. Vitnið kveður varnaraðilja hafa fengið antabus-töflur tvisvar að það veit til að hamla á móti áfengislöngun sinni. Í seinna skiptið drakk hún, á meðan á notkun lyfsins stóð, og varð fárveik af. Vitnið kveðst telja, að hælisvist sé nauðsynleg fyrir varnaraðilja vegna þess, hve hún er orðin langt leidd í drykkjuskap sínum.

Vitnið Jakob Jónasson kveðst auk afskipta þeirra, sem það hafði af varnaraðilja og frá er skýrt í vottorði þess, hafa átt tal við hana á Borgarsjúkrahúsinu. Viðurkenndi hún þar fyrir því

að hafa neytt áfengis í óhófi með H. Vitnið kveður E lækni hafa skýrt sér frá því, að H hafi komið á Borgarsjúkrahúsið undir einhvers konar áhrifum, daginn eftir að varnaraðilja var ráðstafað þangað. Vísaði yfirlæknir sjúkrahússins honum á brott, en hann kom síðar sama dag aftur, og fór varnaraðili þá á brott með honum.

Aðstandendur varnaraðilja létu flytja hana á Kleppsspítalann til lækninga mánudaginn 19. desember s.l. Áður en skýrt verður frá dvöl hennar þar og því, er gerðist, eftir að hún fór þaðan, þykir rétt að rekja nokkuð kærur barna varnaraðilja, þeirra A og L, á hendur H vegna líkamsárása, þar sem þær snerta mál þetta.

Að kvöldi sunnudagsins 27. nóvember s.l. var óskað eftir aðstoð lögreglunnar að ... vegna ölvaðs manns, er væri að berja heimilisfólk. Þegar lögreglan kom þangað, hitti hún fyrir heimilisfólkið á stigagangi hússins, og virtist það allt vera mjög æst. Þar var og H, og var hann mjög æstur og ölvaður. Segir í lögregluskýrslunni, að H muni hafa barið annan son varnaraðilja og hafi hann ætlað að kæra til rannsóknarlögreglunnar út af því. H var handtekinn og fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla.

Með bréfi, dagsettu 28/11 s.l., kærði A nefndan H fyrir líkamsárás á sig laugardaginn 26. sama mánaðar að ... Með bréfi, dagsettu sama dag, kærði L hann einnig fyrir að hafa ráðizt á sig 27. nóvember á sama stað .

Hefur rannsóknarlögreglan yfirheyrt þau A og L út af kærum þessum svo og H og varnaraðilja. A kveður H hafa ráðizt á sig eftir orðaskipti, sem hún hafi átt við móður sína í íbúð hennar. Kveður A hann hafa tekið á sér, hrint sér og fjarlægt sig úr íbúðinni. Hafi hún hlotið meiðsli í árás þessari, sem eigi eru þó veruleg. Framburðir H og varnaraðilja eru samhljóða um tildrögin að framangreindum átökum. Kveða þau A hafa komið inn í íbúð varnaraðilja í umrætt sinn og viðhaft skammaryrði um H. Hafi hún þá verið beðin að hverfa á brott, en ekki sinnt því og hafi þá H að beiðni varnaraðilja fjarlægt hana með valdi úr íbúðinni.

L kveðst hafa farið upp í íbúðina til móður sinnar í umrætt sinn og verið að finna að við hana út af óreglu hennar undanfarið. Hafi hún og H verið bæði með áfengisáhrifum, er hann kom þangað. Eftir að orðaskiptin milli sín og móður sinnar byrjuðu, kveður hann H hafa ráðizt á sig, hrint sér og slegið sig, svo

að hann hafi hlotið nokkur meiðsli af. L kveður H hafa tvisvar áður ráðizt á sig á heimili sínu, þó án þess að áverkar hlytust af. H sé búinn að vera á heimili hans undanfarið, þrásinnis undir áfengisáhrifum og margoft hótað sér líkamsárásum. Þau varnaraðili og H hafa bæði viðurkennt að hafa verið með áfengisáhrifum í umrætt sinn, og kvað varnaraðili í skýrslu sinni það rétt, að þau væru búin að drekka nokkuð mikið undanfarið. Þau varnaraðili og H hafa hins vegar skýrt öðruvísi frá átökum þessum. Kveðast þau hafa verið að koma heim í umrætt sinn, en börn varnaraðilja hafi viljað varna þeim að komast inn í íbúðina. Hafi L ráðizt á H og orðið átök á milli þeirra. Kveðst H aldrei hafa lagt hendur á L, nema til að banda honum frá sér, en hann og A, systir hans, hafi eftir megni reynt að hindra veru hans í íbúðinni. Eins og áður greinir, fjarlægði lögreglan H úr íbúð varnaraðilja eftir átökin við L, og kveður varnaraðili það hafa verið gert gegn mótmælum sínum.

Áður en aðstandendur varnaraðilja létu færa hana á Kleppsspítalann, hafði verið beðið um aðstoð barnaverndarnefndar til að kanna aðstæður á heimili hennar. Kom starfsmaður nefndarinnar þangað í þessu skyni, og segir í vottorði hans, dags. 21. desember s.l., m. a. á þessa leið:

„Þegar ég kom á heimilið, var verið að flytja X sökum ofdrykkju á sjúkrahús (Borgarsp.). Eldhús, svefnherb. og bað báru með sér undangengna óreglu, og ægði öllu saman. Stofurnar hirðulausar, en umgengni þar eitthvað skárri". Enn fremur segir í vottorðinu: „Einnig var staddur á heimilinu H, sem var alldrukkinn".

Varnaraðili kom fyrst fyrir dóm hinn 21. desember s.l. á Kleppsspítala. Hún kvaðst eindregið mótmæla lögræðissviptingarbeiðninni, en vildi að svo stöddu ekki tjá sig um málsatvik.

Varnaraðili og H fengu útgefið leyfisbréf til hjónavígslu 22. desember s.l., og hinn 24. sama mánaðar gengu þau í hjónaband.

Varnaraðili var á Kleppsspítala til 11. janúar s.l., eins og áður greinir. Segir svo í vottorði Þórðar Möllers, yfirlæknis spítalans, um hana:

„Að ósk yðar, herra sakadómari, skal frá því skýrt, að X, f. 28. 3. '26, til heimilis ..., var innlögð hér á spítalann 19. 12. '66 vegna absus alchoholi.

Sjúkdómsgreining spítalans er:

Psychopatia,

Inferioritas l. g. (levi gradu),

Absus alchoholi.

X hvarf héðan af sjúkrahúsinu að eigin frumkvæði og án þess að gera vart um brottför sína 11. 1. '66 (sic), en hringt var í síma nokkru síðar til þess að láta vita, að hennar væri ekki von aftur".

Varnaraðili mætti aftur í dómi hinn 9. febrúar s.l. og gaf þá skýrslu í málinu. Kveðst hún búa með eiginmanni sínum H að ... í Kópavogi.

Varnaraðili mótmælti því að hafa neytt áfengis í óhófi á s.l. ári. Kveðst hún hafa neytt einhvers áfengis, en það hafi ekki verið að ráði. Varnaraðili kveðst aldrei hafa þurft að leita sér lækninga vegna áfengisdrykkju. Hún var lögð inn á Sjúkrahús Hvítabandsins í nóvember 1965 af öðrum orsökum. Varnaraðili neitar að hafa eytt fé í óhófi.

Hún kveðst ekki vita, hve mikla fjárhæð hún hafi þurft á s.l. ári til eigin þarfa.

Varnaraðili tók fram í sambandi við vottorð Skúla Thoroddsens læknis, að hann hefði ekki komið á heimili hennar árum saman, þótt hann hafi verið heimilislæknir hjá henni, nema í það skipti, er í vottorðinu greinir, enda hafi hún ekki leitað neitt til hans. Þá tók varnaraðili fram í sambandi við vottorð Jakobs Jónassonar læknis, að hann hefði ekki komið á heimili hennar nema í eitt skipti og ekki að beiðni hennar. Varnaraðili mótmælir því, er í vottorði læknisins greinir, að hún hafi verið langdrukkin. Þá skýrir varnaraðili frá því, að hafi verið um vanhirðu á heimili hennar að ræða, hafi það verið vegna lasleika, en ekki vegna drykkjuskapar. Þá neitar varnaraðili, að það sé rétt, er í framburði læknisins greinir, að hún hafi viðurkennt fyrir honum að hafa neytt áfengis í óhófi með núverandi eiginmanni sínum.

Varnaraðili kveður vistun sína á Kleppsspítalann hafa borið þannig að höndum, að hún hafi mætt hjá rannsóknarlögreglunni mánudaginn 19. desember s.l. ásamt eiginmanni sínum, H, vegna kæru barna sinna á hendur honum. Varnaraðili gaf fyrst skýrslu, en að því búnu fór eiginmaður hennar til yfirheyrslu. Á meðan varnaraðili beið eftir honum á ganginum í húsakynnum rannsóknarlögreglunnar, kom N, mágur hennar, og sagðist ætla að fara með hana á Kleppsspítalann. Færði hann varnaraðilja þangað með aðstoð tveggja manna gegn mótmælum hennar.

Varnaraðili kveðst hafa farið á brott af Kleppsspítalanum hinn 11. janúar s.l. án samráðs við lækna þar. Kveðst hún hafa átt erfitt um svefn og liðið illa. Hafi það verið ástæðan til þess, að

hún fór á brott. Varnaraðili telur sig hafa beðið heilsutjón á Kleppsspítala, og kvaðst hún ekki vera búin að ná sér eftir dvölina þar. Varnaraðili tók engin lyf, á meðan hún dvaldist á spítalanum, að undanskildum krampapillum, sem hún tók fyrst, eftir að hún kom, eftir kröfu starfsfólks. Varnaraðili kveðst tvisvar hafa fengið bæjarleyfi, á meðan hún var á Kleppsspítala. Í fyrra leyfinu, hinn 24. desember, giftist hún H. Var fyrir giftinguna gerður kaupmáli, en samkvæmt honum verða allar eignir, sem koma í hlut hennar við skiptin á dánar- og félagsbúi fyrra manns hennar, K, og hennar, séreign hennar.

Varnaraðilja var gefinn kostur á að kynna sér framburði vitnanna í máli þessu.

Hún kvað framburð A, dóttur sinnar, meira og minna rangan.

Í sambandi við framburð B, systur sinnar, kvaðst varnaraðili vilja taka fram, að B geti ekki borið um drykkjuskap hennar, þar sem hún hafi verið búsett erlendis.

Þá tók varnaraðili fram, að C, systir sín, hefði komið einu sinni á heimili sitt, eftir að varnaraðili kynntist H, og hafi þá ekki verið um neina vínneyzlu þar að ræða.

Varnaraðili mótmælti framburði G, tengdasonar síns, um drykkjuskap sinn sem meira og minna röngum. Í sambandi við þann framburð hans, að hann hafi borið út ótal áfengisflöskur úr íbúð varnaraðilja, tók hún fram, að flöskur þessar hafi verið frá þeim tíma, er fyrri eiginmaður hennar var á lífi. Þá tók varnaraðili fram út af þeim framburði G, að hurðir hafi verið sprengdar upp að ..., að hvorki hún né H hafi gert það.

Í sambandi við framburð F, bróður síns, tók varnaraðili fram, að hann hafi aðeins komið tvisvar á heimili sitt, eftir að hún kynntist H.

Varnaraðili mótmælti því, er greinir í skýrslu hennar hjá rannsóknarlögreglunni út af kæru barna hennar á hendur eiginmanni hennar, að þau H hafi drukkið nokkuð mikið undanfarið. Kveður varnaraðili sér hafa sézt yfir þetta, er skýrslan var lesin upp fyrir henni.

Varnaraðili tekur að lokum fram, að hún telji lögræðissviptingarbeiðnina fram komna, vegna þess að börn hennar hafi ekki getað sætt sig við, að H byggi með henni og kvæntist henni síðar. Enn fremur tekur hún fram, að E hafi hringt í séra Árelíus Níelsson, á meðan hann var að gefa þau H saman í hjónaband, og farið þess á leit, að hætt yrði við giftinguna. Kvað hann giftinguna ólöglega og heimtaði, að presturinn talaði við ráðuneytis-

stjórann í kirkjumálaráðuneytinu. Var þetta gert. Átti Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður tal um þetta við ráðuneytisstjórann að sögn varnaraðilja.

Eiginmaður varnaraðilja, H, hefur mætt sem vitni í máli þessu og mótmælt lögræðissviptingarbeiðninni, eins og áður greinir. Kveður vitnið beiðnina sprottna af afbrýðisemi eins og fleiri lögræðissviptingarbeiðenda, sem varnaraðili hafi reynzt bezt. Vitnið kveðst ekki sjá ástæðu til þess að skýra frá því, hvenær kynni þess og varnaraðilja hófust. Þau tóku hins vegar upp sambúð fyrstu dagana í október s.l., og kveðst vitnið hafa flutt á heimili hennar. Fljótlega eftir þetta heitbundust varnaraðili og vitnið, og var börnum varnaraðilja tilkynnt, að gifting stæði fyrir dyrum. Börn varnaraðilja tóku þessu ekki vel, og kveðst vitnið telja, að um afbrýðisemi hafi verið hjá þeim að ræða. Börn varnaraðilja vildu ekki alls kostar sætta sig við, að hún giftist vitninu. Kveður vitnið hafa komið til átaka tvisvar við börnin. Hafi þau átt upptökin að því, en það verið í varnarstöðu. Þessi sambúð varnaraðilja og vitnisins stóð fram til 19. desember s.l., er varnaraðili var færð á Kleppsspítalann. Vitnið kveður þau hafa neytt áfengis einstaka sinnum á heimilinu, á meðan á sambúð þeirra stóð, en aldrei í óhófi, og mótmælir vitnið því, að um drykkjuskap hafi verið að ræða hjá þeim. Sambúð varnaraðilja og vitnisins gekk í alla staði vel að öðru leyti en að framan greinir. Neitar vitnið því, að þau hafi nokkurn tíma brotið hurðir eða húsgögn í íbúðinni. Lögregla var kvödd þrisvar að ..., á meðan á sambúð varnaraðilja og vitnisins stóð. Vitnið veit ekki nákvæmlega um, hver kvaddi lögregluna þangað. Í fyrsta skiptið, sem lögreglan kom á staðinn, voru varnaraðili og vitnið að neyta áfengis, í annað skiptið höfðu orðið átök milli vitnisins og barna varnaraðilja, þar sem þau vildu ekki hleypa vitninu og varnaraðilja inn í íbúðina, og í þriðja skiptið var leitað fulltingis lögreglu til að koma varnaraðilja gegn vilja sínum á Borgarsjúkrahúsið. Í það skipti var brotin upp hurð í íbúðinni af fólki því, sem kom á staðin. Varnaraðili dvaldist einn sólarhring í Borgarsjúkrahúsinu, en þá sótti vitnið hana þangað að beiðni hennar. Mánudaginn 19. desember s.l. voru vitnið og varnaraðili kvödd til rannsóknarlögreglunnar til yfirheyrslu út af árásarmálinu, er að framan greinir. Á meðan á yfirheyrslu vitnisins stóð og varnaraðili beið eftir því, var hún handtekin og færð á Kleppsspítalann gegn eindregnum mótmælum hennar. Varnaraðili og vitnið voru gefin saman í hjónaband á aðfangadag, og framkvæmdi séra Árel-

íus Níelsson vígsluna. Vitnið kveður E hafa hringt til séra Árelíusar, á meðan á vígslunni stóð, og reynt að hindra, að hún næði fram að ganga. Var vígsluathöfnin stöðvuð á meðan. Varnaraðili fór alfarin á brott af Kleppsspítala hinn 11. janúar s.l., en ekki vill vitnið svara því, með hvaða hætti það bar að höndum. Upp frá því hefur varnaraðili búið hjá vitninu að ... í Kópavogi. Vitnið kveður varnaraðilja hafa neytt áfengis, á meðan á sambúð þeirra hefur staðið, en ekki í það ríkum mæli, að það telji nokkra þörf að svipta hana lögræði af þeim sökum og raunar fráleitt. Vitnið kveður varnaraðilja ekki hafa vanrækt heimili sitt vegna áfengisneyzlu.

Vitnið tók fram, að Skúli Thoroddsen læknir hafi viðurkennt fyrir sér í viðtali hinn 23. desember s.l., að hann hafi gefið út læknisvottorð um varnaraðilja fyrir orð E læknis. Kveðst vitnið líta svo á, að efni vottorðsins sé samkvæmt ósk E og verði að hafa hliðsjón af því.

Í þinghaldi hinn 11. febrúar s.l. lagði verjandi varnaraðilja fram vottorð, dagsett 10. sama mánaðar, undirritað af Einari Björnssyni æðstatemplar, um, að varnaraðili og eiginmaður hennar, H, hefðu gengið í stúkuna „Víking" nr. 104 hinn 6. þess mánaðar.

Fimmtudaginn 16. febrúar s.l. fóru varnaraðili og eiginmaður hennar, H, á bifreiðinni R 7948, sem er eign bús varnaraðilja, áleiðis að Fossvogskapellu til að vera þar við jarðarför föður H. Var varnaraðili við stjórn bifreiðarinnar. Þegar að kapellunni kom, ók varnaraðili fyrst á mannlausa bifreið, er þar stóð, og síðan á dyr, er liggja inn í kapelluna. Varnaraðili sat undir stýri bifreiðarinnar, þegar lögreglan kom á staðinn, og eiginmaður hennar við hlið hennar. Lá hann með höfuðið á öxl varnaraðilja og virtist vera mjög máttfarinn. Varnaraðili virtist og vera mjög miður sín og ekki hafa fulla stjórn á hreyfingum sínum. Þegar hún stóð upp, kvað hún sig svima, og varð að styðja hana. Viðurkenndi hún að hafa tekið inn töluvert af pillum, sem þau hefðu fengið í lyfjabúð, skömmu áður en þau lögðu af stað. Kvaðst hún sjálf hafa tekið inn 4 pillur úr glasinu, en eigi vissi hún, hve margar eiginmaður hennar hefði tekið. Þegar á slysavarðstofuna kom, missti eiginmaður varnaraðilja meðvitund og var fluttur í sjúkrabifreið á Landakotsspítala til nánari rannsóknar. Varnaraðili var með glas, er í voru 5 pillur. Í bifreiðinni fannst einnig pilluglas. Eigi kom fram, að varnaraðili eða maður hennar hefðu neytt áfengis í umrætt sinn. Í skýrslu sinni hjá

rannsóknarlögreglunni taldi varnaraðili sig hafa tekið 3 pillur úr glasi, er á stóð valíum, á leiðinni að kapellunni. Hún kvað orsök árekstrarins hafa verið þá, að þegar hún var að leggja bifreiðinni hjá kapellunni, hafi eiginmaður hennar fallið á öxl hennar og við það hafi sér fipazt í akstrinum.

Í vottorðum Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 10. þ. m., er skoðaði varnaraðilja og eiginmann hennar á slysavarðstofunni, segir á þessa leið:

„Þann 16. 2. '67, kl. 1600, kom X, til heimilis ..., Reykjavík, hingað á Slysavarðstofuna. Með henni var maður að nafni H. Tveir lögregluþjónar færðu þau X hingað og höfðu tekið þau við akstur vegna gruns um, að þau væru undir áhrifum deyfilyfja. Þau játuðu að hafa tekið bæði meprobamat- og valíumtöflur.

X svaraði skýrlega spurningum. Hún virtist þó augljóslega undir áhrifum einhverra deyfilyfja. Göngulag var óstyrkt, röddin var drafandi og „ataktisk". Almennt ástand var gott. Púls og blóðpr. eðlil. Engin ástæða þótti til að gera magaskolun. Augnskoðun og reflexar voru eðlilegir.

X fékk að hvíla sig hér á Slysavarðstofunni. (H var aftur á móti lagður inn á Landakotsspítalann). Sofnaði hún brátt, enda var hún stillt og viðmótsgóð. Um kl. 1830 fór hún frá Slysavarðstofunni í fylgd E læknis".

„Þann 16. febr. 1967, kl. 1600, komu tveir lögregluþjónar með mann, sem kallaði sig H, til heimilis ..., Kópav., hingað á Slysavarðstofuna. Með honum var einnig X.

Höfðu þau H verið á ferð í bíl, sem lögregluþjónarnir sáu ástæðu til að stöðva vegna kynlegs ökulags. H var með fulla meðvitund og svaraði adequad þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar.

Hann gat ómögulega gengið óstuddur og virtist ekki hafa stjórn á fótum sínum. Röddin var óskýr, drafandi og þvogluleg. Sagðist H hafa verið á leið í jarðarför, en fengið sér róandi töflur áður. Heldur, að hann hafi tekið 9 töflur af meprobamati og nokkrar valíum-töflur á 10 mg. til viðbótar.

Blóðpr. var 105/70 og púls var 96/mín. Litarháttur var eðlil. Húð vel heit. Ekki sveittur. Pupillur voru þröngar og reageruðu treglega við ljósi. Hreyfingar á extremitetum voru ataktiskar.

H var lagður til á bekk, þegar hann kom. Ekki höfðu liðið nema fáar mínútur (mesta lagi 5 mín.), þegar hann var sofnaður djúp-

um svefni, sem engin leið var að vekja hann af. Ljósreflex hvarf svo til alveg.

Ekki þótti rétt að magaskola manninn í svo djúpri narcosu, og var beðið fyrir hann á lyfjadeild Landakotsspítalans.

Var H síðan tafarlaust fluttur þangað, og er Slysavarðstofunni ekki kunn afdrif hans".

Laugardaginn 18. febrúar s.l. kl. 1450 hringdi O, kona E læknis, á lögreglustöðina í Kópavogi og óskaði skjótrar aðstoðar vegna líkamsárásar. Hélt lögreglan heim til þeirra og síðan eftir tilvísun E og konu hans að ... Sögðu þau lögreglumönnunum, að varnaraðili hefði hringt í O úr íbúð eiginmanns síns, H, og beðið um aðstoð vegna misþyrminga, sem hún hefði orðið fyrir af hans hendi. Þegar lögreglan kom að ..., var þar allt lokað, og var lögreglunni ekki hleypt inn. Tóku því lögreglumennirnir það til bragðs að spyrna upp ytri hurð og brjóta gler í millihurð, og komust þeir þannig inn í íbúðina. Segir í skýrslu lögreglunnar, hvernig þar var umhorfs, á þessa leið: „Er inn í íbúðina kom, var þar ófagurt um að litast. Ægði þar öllu saman. Var gólf og húsmunir þakið fataleppum, blaðarusli, sængurfatnaði, vindlingastubbum og öðrum óþrifaði, sem vart er hægt að lýsa með orðum". Varnaraðili sat á stól inni í íbúðinni. Virtist hún vera mjög miður sín, blóðstorkin á vörum og framtönn laus í henni. Kvað hún eiginmann sinn hafa ráðizt á sig og barið sig. Óskaði hún eftir lögregluvernd vegna hugsanlegra ofbeldisaðgerða hans. Eiginmaður varnaraðilja var á staðnum. Var hann færður á lögreglustöðina í Kópavogi, en vegna ölvunar var ekki hægt að taka þar af honum skýrslu, og var hann því færður í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík.

Varnaraðili skýrði lögreglunni í Kópavogi svo frá málsatvikum, að þau H hefðu búið saman síðan í október s.l. Hafi farið vel á með þeim, þar til eftir lát föður H, en hann var jarðsettur fimmtudaginn 16. febrúar s.l. Komust þau H ekki að jarðarför hans, eins og áður er rakið. Að kvöldi 17. febrúar kveður varnaraðili H hafa farið að rifja upp atburðinn, sem varð þess valdandi, að hann gat ekki verið við útförina, og kennt henni um. Hafi hann orðið alveg brjálaður og ráðizt á sig, slegið sig í andlitið, sparkað í sig og kastað í sig stól. Varnaraðili kveðst ekki hafa þorað að hringja á hjálp fyrr en daginn eftir, að hún hringdi á O. Kvaðst varnaraðili vilja slíta samvistum við H, þar sem hún óttist, að hann muni leggja hendur á hana, ef hún færi til hans aftur.

O hefur skýrt lögreglunni svo frá, að varnaraðili hafi hvíslað í símann, er hún hringdi, og sagt, að hún væri svo hrædd, að hún þyrði ekki að tala, en eiginmaður sinn væri búinn að berja sig svo, að hún væri bæði blá og blóðug. O hringdi á lögregluna, eins og áður greinir. Hún kvað sig og mann sinn mundu veita varnaraðilja alla þá aðstoð, sem þau gætu, en þau óttuðust, að þau fengju ekki frið fyrir manni hennar. Kveður hún það hafa komið fyrir, að H hafi haldið fyrir þeim vöku með símahringingum. S.l. nýjársnótt hafi sér og manni sínum ofboðið munnsöfnuður hans í símanum. Kveðst vitnið ekki hafa heyrt annað eins.

H skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði ekki lagt hendur á konu sína. Gaf hann þá skýringu á framburði hennar, sem hann fékk að heyra, að þegar hún hafi neytt áfengis að einhverju ráði, sé henni mjög gjarnt til að gera ýmis þau axarsköft, sem hún sjái eftir, þegar af henni sé runnið. Upptökin að átökunum milli þeirra í umrætt sinn kveður hann hafa verið þau, að hann hafi óttazt, að hún mundi framkvæma eitthvað, sem hún sæi eftir, og því hafi hann varnað henni útgögu. Hafi hún þá ráðizt á sig og veitt sér sýnilega áverka á andlit með höggum og klóri. Við þau átök hafi hún slegizt utan í vegg eða húsgögn og sé það skýringin á áverkum þeim, sem hún sé með.

Samkvæmt vottorði Sverris Bergmanns, læknis á slysavarðstofunni hér í borg, dags. 18. febrúar s.l., voru meiðsli varnaraðilja sem hér segir:

„Andlit: Á neðri vör eru tveir skurðir þaktir blóðstorku og undir þeim mikið mar. Í efri góm er laus framtönn, mjög aum átöku. Tönnin kann ekki aðeins að vera laus, heldur einnig með t. t. eymslanna einnig brotin. Það er ekki nánar kannað, en X vísað með það til tannlæknis, sem mundi um þetta atriði gefa endanlegt vottorð.

Útlimir: Það eru dreifðir marblettir og fleiður víðs vegar á báðum handleggjum og ganglimum. Mest áberandi er stór marblettur (5×5 cm) á utan- og aftanverðum hægri upphandlegg og annar af svipaðri stærð á aftanverðu vinstra læri. Mikil eymsli eru á þessum stöðum, en ekki er grunur um beinbrot. X hefur mikil eymsli í vinstri framhandlegg, sem er áberandi bólginn. Segir hún eiginmann sinn hafa snúið upp á þennan handlegg, og hefur hún mikil eymsli við minnstu hreyfingar á þessu svæði.

X hefur einnig óþægindi í baki, en ekkert er þar að sjá eða finna. Hún neitar einkennum frá brjóst- eða kviðarholi, og eru þau svæði ekki skoðuð.

Fleira sérlegt er ekki að taka fram að svo stöddu".

Á slysavarðstofuni undirritaði varnaraðili svohljóðandi yfirlýsingu:

„Ég undirrituð óska eftir, að lögreglan verndi mig fyrir eiginmanni mínum H".

Að kvöldi þriðjulagsins 21. febrúar s.l. var óskað aðstoðar að ... hér í borg. Héldu lögreglumenn þangað. Var þar kominn H inn í íbúð varnaraðilja, og óskaði E læknir eftir því, að hann yrði fjarlægður þaðan. H var áberandi ölvaður og var færður í fangageymslu lögreglunnar.

Eins og áður greinir, fékk varnaraðili leyfi til lögskilnaðar frá eiginmanni sínum, H, hinn 22. f. m., en hinn 2. þ. m. gengu þau í hjónaband að nýju.

Hinn 2. þ. m. úrskurðaði bæjarfógetinn í Kópavogi eftir kröfu borgarstjórans í Reykjavík eiginmann varnaraðilja, H, til að vinna af sér barnsmeðlagsskuld við borgarsjóð Reykjavíkur að fjárhæð kr. 91.369.82 á hælinu að Kvíabryggju, og skal vist hans á hælinu nema 7½ mánuði með vinnuskyldu.

Í þinghaldi í skiptarétti Reykjavíkur hinn 22. desember s.l. var lagt fram bréf frá Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni, þar sem þess er farið á leit f. h. varnaraðilja, að dánar- og félagsbú K og hennar verði tekið til opinberra skipta, og í þinghaldi í skiptaréttinum hinn 9. janúar s.l. var þetta gert. Erfingjar lýstu því yfir, að þeir tækju ekki ábyrgð á skuldum búsins. Samkvæmt upplýsingum frá skiptaráðandanum, Unnsteini Beck, og Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni eru eignir búsins sem hér segir:

1.	Hálf húseignin ..., að fasteignamati	kr. 129.750.00
2.	Íbúð að Háaleitisbraut 36, kaupverð kr. 1.100.000.00, að fasteignamati ca.	— 100.000.00
3.	Íbúð við Meistaravelli 11, kaupverð kr. 1.100.000.00, að fasteignamati	— 78.719.89
4.	Bifreiðin R 7948, Opel Record 1964	— 110.000.00
5.	Innbú skv. mati	— 239.150.00
6.	Á sparisjóðsbók nr. 80263 v/Samvinnubankann	— 36.637.73
7.	Innstæða hjá Sveini H. Valdimarssyni skv. reikningsuppgjöri	— 11.018.20
8.	Veðskuldabréf, útg. af Guðsveini Guðjónssyni 4. okt. 1957, að eftirstöðvum	— 9.333.31
9.	Spariskírteini	— 500.000.00

10. Ófullnægður dómur á hendur Guðbjarti Pálssyni o. fl. Krafa þessi talin óviss, en gert var fjárnám fyrir henni í eignum Vátryggingafélagsins h/f .. .. kr. 2.273.325.00
11. Geymslukvittun Sparisjóðs Kópavogs fyrir veðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs, 84 að tölu, fjárhæðin samtals að nafnverði .. .. — 650.000.00
12. Á sparisjóðsbók nr. 1930 við Sparisjóð Kópavogs .. .. — 7.514.49
13. Á sparisjóðsbók við Samvinnubanka Íslands h/f .. .. — 610.00
14. Víxill, samþykktur af Steinverki h/f, og meðfylgjandi tryggingarbréf í Hraunbæ 98 .. .. — 218.000.00
15. Víxill, samþykktur af Svani Þór Vilhjálmssyni — 1.690.00
16. 2 veðtryggð spariskírteini 1964, 2. fl., hvort að fjárhæð kr. 10.000.00 .. .. — 20.000.00
17. Innstæða á ávísanareikningi nr. 80 v/Samvinnubakann .. .. — 11.898.87

Þá hefur talsmaður varnaraðilja talið, að búið ætti 80.000.00 kr. hjá A, einni af erfingjunum í búinu. Þessu hefur talsmaður A mótmælt, en tekið fram, að A hafi fengið hjá skrifstofu sinni kr. 25.000.00 eftir beiðni varnaraðilja.

Sveinn Haukur Valdimarsson hefur getið þess, að enn sé ólokið nokkrum málum, sem hann hafi tekið við eftir lát K og e. t. v. eigi búið einhverja hlutdeild í málskostnaði úr þeim málum, þegar þar að kemur.

Samkvæmt upplýsingum frá Guðmundi Péturssyni eru skuldir búsins, eftir því sem bezt verður vitað, þessar:

1. Veðskuldir, ca. .. .. kr. 480.000.00
2. Skattar, álagðir á árinu 1966, ca. .. .. — 250.000.00
3. Skuld við Samband ísl. samvinnufélaga .. .. .. — 50.000.00
4. Skuld við málflutningsskrifstofu Einars B. Guðmundssonar, Guðlaugs Þorlákssonar og Guðmundar Péturssonar skv. reikningsuppgjöri .. .. — 128.860.64
5. Ógreiddur málskostnaður v/dómskuldar, sbr. 10. lið, ca. .. .. — 130.000.00

Í bréfi Guðmundar Péturssonar segir um tekjur varnaraðilja, að hún hafi fengið greiddan ekkjulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, en hve mikið, sé eigi vitað. Einnig hafi hún fengið greitt úr lífeyrissjóði Sambands ísl. samvinnufélaga, en hve mikið, viti hann eigi. Skrifstofa Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlög-

manns hefur veitt móttöku húsaleigugreiðslum til nóvemberloka 1966 að fjárhæð kr. 162.000.00. Þar af hefur varnaraðili fengið sjálf útborgað kr. 52.000.00. Mismunur á húsaleigu og úttekt hefur gengið í endurbætur á húsum og lóð og greiðslur á lánum. Hefur það ekki hrokkið til, eins og áður kemur fram, sbr. skuld búsins við skrifstofuna. Í bréfi Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns segir og, að samkv. uppgjöri Sveins H. Valdimarsson hæstaréttarlögmanns hafi hann greitt til varnaraðilja beint og inn á sparisjóðsbækur, sem eru í vörzlu hennar, samtals kr. 165.000.00, en þessar greiðslur munu vera vegna ólokinna verkefna, sem K hafði undir höndum.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja hlaut hún í sakadómi Reykjavíkur með dómi 20/12 1965 10 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga og var svipt ökuleyfi í 1 ár.

Áður en lögræðissviptingarmál þetta var tekið til dómsálagningar, var varnaraðilja tjáð, að löfræðissviptingarbeiðendur hefðu gefið í skyn, að þeir mundu fyrir sitt leyti ekki óska frekari aðgerða í því, vildi hún fallast á að fara til dvalar á hæli erlendis í allt að 6 mánuði, sbr. 3. tl. 11. gr. laga nr. 39/1964. Varnaraðili kveðst ekki vilja á þetta fallast.

Með tilvísun til þess, sem að framan hefur verið rakið, þykir sannað, að varnaraðili sé vegna ofnautnar áfengis ófær um að ráða högum sínum og fé. Ber því að taka framkomna kröfu til greina og svipta hana lögræði (sjálfræði og fjárræði), sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947, enda gera aðrir annmarkar í fari hennar, er í vottorði Þórðar Möllers yfirlæknis greinir, lögræðissviptingu enn brýnni af framangreindum orsökum.

Varnaraðilja ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, skal svipt lögræði (sjálfræði og fjárræði).

Hún greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. október 1967.

Nr. 125/1967. **Theódóra Bjarnadóttir**
gegn
Haraldi Skúlasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Uppboð. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. júlí 1967, sem Hæstarétti barst 4. september 1967. Hún krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, dómkröfu hennar samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1967, kr. 26.158.33, verði skuldajafnað við eftirstöðvar uppboðskrafna varnaraðilja pr. 24. júlí 1967 á hendur sóknaraðilja sömu fjárhæðar, sóknaraðilja verði framseldur veðréttur, er tryggir uppboðskröfur varnaraðilja, og að varnaraðilja verði dæmt að greiða kostnað af máli þessu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili áfrýjaði með stefnu hinn 11. ágúst 1967 dómi bæjarþings Reykjavíkur frá 7. júní 1967, þeim, er í hinum kærða úrskurði greinir. Sóknaraðili gagnáfrýjaði dóminum með stefnu 29. september 1967. Bæði aðalsök og gagnsök voru þingfestar í Hæstarétti hinn 2. október 1967, og fengu umboðsmenn aðilja frest í málinu til 1. réttardags í desember 1967.

Samkvæmt endurriti úr uppboðsbók Vestmannaeyja, sem lagt hefur verið fram í Hæstarétti, ákvað bæjarfógeti hinn 29. september 1967 í uppboðsdómi að fresta uppboði á húseigninni nr. 11 við Miðstræti til föstudagsins 13. október 1967 kl. 1330.

Að þessu athuguðu og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Vestmannaeyja 28. júlí 1967.

Með beiðni, dags. 24. nóv. 1966, krafðist Bragi Björnsson héraðsdómlögmaður fyrir hönd Útvegsbanka Íslands, að húseignin Miðstræti 11, Vestmannaeyjum, eign varnaraðilja, yrði seld á opinberu uppboði til lúkningar skuld samkvæmt þremur tryggingarbréfum, útg. 6. júlí 1955, 5. júní 1963 og 24. júní 1965, samkvæmt dómi að eftirstöðvum kr. 91.000.00 auk vaxta og kostnaðar.

Uppboðið var auglýst og tekið fyrir 17. febrúar s.l. Var þá m. a. lögð fram uppboðsbeiðni frá Þorvaldi Þórarinssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Haralds Skúlasonar samkvæmt heimild í tryggingarbréfi, útg. 16. okt. 1964 af Theódóru Bjarnadóttur til handhafa, að fjárhæð kr. 140.000.00, en að eftirstöðvum samkvæmt dómum 9. og 21. júní 1966 kr. 28.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Krafðist uppboðsbeiðandi þess að ganga inn í uppboðið sem sjálfstæður uppboðsbeiðandi.

Á uppboðsþingi 17. þ. m. var þess krafizt af hálfu Þorvalds Þórarinssonar vegna Haralds Skúlasonar, að eignin yrði seld til lúkningar kröfu hans án frekari dráttar. Var uppboðinu þá frestað til auglýsingar í viku, eða til 24. þ. m. Uppboðið var auglýst í útvarpi föstudaginn 21. þ. m. og síðan fyrir tekið á tilsettum tíma. Umboðsmaður Þorvalds Þórarinssonar gaf þá upp, að krafa hans næmi kr. 45.626.00 með vöxtum og kostnaði, og sætti sá útreikningur ekki andmælum.

Af hálfu uppboðsþola, Theódóru Bjarnadóttur, mætti Jón Hjaltason hæstaréttarlögmaður. Hann lagði fram endurrit af bréfi stefnuvotta Reykjavíkur, dags. 17. þ. m., þar sem þeim var falið að annast birtingu á dómi, uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 7. júní 1967, í málinu: Theódóra Bjarnadóttir gegn Haraldi Skúlasyni. Samkvæmt endurriti af dómsorði var Haraldur Skúlason, uppboðsbeiðandi í máli þessu, dæmdur til að greiða Theódóru

Bjarnadóttur, uppboðsþola, kr. 16.000.00 auk vaxta og málskostnaðar. Samkvæmt útreikningi Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns nam dómskuld þessi samtals kr. 26.158.33. Hann krafðist nú skuldajafnaðar á dómkröfu þessari við uppboðskröfu uppboðsbeiðanda og greiddi jafnframt mismun krafnanna, kr. 19.468.00, sem umboðsmaður uppboðsbeiðanda veitti móttöku. Enn fremur greiddi hann uppboðskostnað. Hann krafðist svo að fá veðréttinn, sem fylgir uppboðskröfunni, framseldan til sín.

Umboðsmaður uppboðsbeiðanda mótmælti skuldajöfnuði, enda stæði til að áfrýja umræddum dómi og áfrýjunarfrestur ekki liðinn. Umboðsmaður uppboðsþola krafðist hins vegar, að krafa sín um skuldajöfnuð næði fram að ganga. Umboðsmenn aðilja lögðu atriðið undir úrskurð og kröfðust báðir málskostnaðar sér til handa.

Krafa uppboðsbeiðanda er tryggð með IV. veðrétti í húseigninni, sem selja skal, Miðstræti 11. Á veðréttunum á undan, 1.—3. veðrétti, hvíla kr. 150.000.00, en á veðréttunum á eftir, 5.—8. veðrétti, hvíla kr. 2.146.000.00.

Krafa uppboðsþola á hendur uppboðsbeiðanda byggist á áfrýjanlegum dómi, sem er ekki enn aðfararhæfur. Uppboðsbeiðandi hefur ekki viljað una dóminum og kveðst munu áfrýja honum. Að svo vöxnu máli eru skilyrði ekki fyrir hendi til þess að skuldajafna dómskuldinni við kröfu uppboðsbeiðanda gegn vilja hans. Verður því, eins og sakir standa, ekki tekin til greina krafa uppboðsþola um skuldajöfnuð.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Krafa uppboðsþola, Theódóru Bjarnadóttur, um skuldajöfnuð á kröfu sinni samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1967 við uppboðskröfu Haralds Skúlasonar er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. október 1967.

Nr. 239/1966. **Guðrún E. Jónsdóttir**
(Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Magnúsi H. Valdimarssyni
(Jón Bjarnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. nóvember 1966 og fengið gjafsóknarleyfi 25. febrúar 1967. Krefst hún þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak og svo að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og svo fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Aðiljar máls þessa fengu leyfi til lögskilnaðar hinn 17. apríl 1967.

Með leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 17. febrúar 1965, var stefnda gert að greiða áfrýjanda lífeyri, kr. 4.000.00 á mánuði frá 1. nóvember 1964 að telja, meðan skilnaður að borði og sæng stendur yfir. Í máli þessu krefst áfrýjandi lögtaks fyrir lífeyrisgreiðslum samkvæmt leyfisbréfinu um tímabilið frá og með 1. nóvember 1964 til og með 30. júní 1966, samtals kr. 80.000.00, auk kostnaðar við lögtaksgerðina.

Í samkomulagi um búskipti aðilja, dags. 27. febrúar 1965, tókst áfrýjandi á hendur „að greiða skuld við Jón Bjarnason hrl., kr. 94.997.51, miðað við áramót 1964—65". Stefndi kveðst nú hafa greitt kr. 84.000.00 af skuld þessari til Jóns Bjarnasonar pr. 1. júlí 1966, og er það viðurkennt af Jóni Bjarnasyni. Vill stefndi skuldajafna kröfu þeirri, er hann eigi

á hendur áfrýjanda vegna greiðslunnar til Jóns Bjarnasonar, við lífeyriskröfu áfrýjanda samkvæmt nefndu leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, enda hafi áfrýjandi fallizt á þenna greiðsluhátt. Þessu neitar áfrýjandi, og er það eigi sannað gegn andmælum hennar.

Telja verður lífeyriskröfu áfrýjanda það réttháa, að stefndi megi eigi lúka henni með skuldajöfnuði við kröfu Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, er stefndi hefur leyst til sín. Styðst þessi niðurstaða við eðli máls og undirstöðurök 31. gr., 2. tl., laga nr. 19/1887. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir borgarfógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, kr. 18.000.00, og hljóti talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti þar af kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir borgarfógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Magnús H. Valdimarsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu E. Jónsdóttur, málskostnað fyrir fógetadómi og Hæstarétti, kr. 18.000.00, og hljóti skipaður talsmaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 1. nóvember 1966.

Gerðarbeiðandi, Guðrún E. Jónsdóttir, Réttarholtsvegi 1, hefur krafizt þess, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Magnúsar Harðar Valdimarssonar, nú til heimilis að Melabraut 7 í Hafnarfirði, til tryggingar lífeyriskröfu samkvæmt leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng, kr. 80.000.00, auk kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Málskostnaðar er krafizt úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur mótmælt því, að lögtak verði látið fram fara,

og krefst þess, að gerðarbeiðandi verði úrskurðuð til að greiða sér málskostnað.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 14. þ. mán.

Leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng milli hjónanna Guðrúnar E. Jónsdóttur og Magnúsar H. Valdimarssonar var gefið út af dómsmálaráðuneytinu 17. febrúar 1965. Sjá rskj. nr. 1.

Hinn 27. sama mánaðar gerðu aðiljar með sér samkomulag um búskipti, og er sá gerningur lagður fram í málinu sem rskj. 2. Þar var gengið frá skiptingu á fasteign búsins Réttarholtsvegi 1, og fékk maðurinn hluta hennar svo og bifreið og ýmsa persónulega muni. Konan fékk aðrar eignir búsins og tók að sér áhvílandi skuldir á Réttarholtsvegi 1, skuldir Verzlunarinnar Réttarholts og ýmsar aðrar nánar tilteknar skuldir, þar á meðal skuld við Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann, sem nam 94.997.51 pr. áramót 1964—65. Þessu samkomulagi hefur verið þinglýst hér í borg 16. júní 1965.

Leyfisbréfið á rskj. 1 tiltekur, að maðurinn skuli greiða konunni kr. 4.000.00 á mánuði í lífeyri, meðan skilnaður að borði og sæng varir, frá og með 1. nóvember 1964 að telja. Samkomulagið á rskj. 2 getur ekki um þessa lífeyrisgreiðsluskyldu mannsins. Ekki er þar heldur getið neinna skilyrða fyrir skyldum þeim til afhendingar eigna eða viðgöngu skulda, sem skjalið fjallar um.

Að kröfu gerðarbeiðanda var hinn 1. júní s.l. kveðinn upp lögtaksúrskurður um, að fram skyldi fara lögtak í eignum gerðarþola fyrir lífeyrisskuld, áfallinni frá og með 1. nóvember 1964 til og með 30. júní 1966, samtals kr. 80.000.00, auk kostnaðar við lögtaksgerðina. Úrskurður þessi var ritaður á leyfisbréfið og birtur fyrir gerðarþola hinn 7. júní s.l. Lögtakið var svo tekið fyrir hinn 9. sama mánaðar, enda var fallið frá birtingarfresti.

Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður hefur flutt mál þetta fyrir gerðarþola. Vísar hann til þess ákvæðis rskj. 2, að gerðarbeiðandi undirgekkst að greiða skuld við hann, kr. 94.997.51. Samkomulag hafi orðið um það milli hans og gerðarþola, að meðlagsgreiðslurnar samkvæmt rskj. 1 skyldu ganga til hans upp í framangreinda skuld gerðarbeiðanda. Þessi tilhögun hafi borið á góma, er unnið var að samningnum á rskj. 2, þó að ekki væri hún þar skjalfest. Jón segir það, að þessi háttur hafi síðan verið á hafður, gerðarþoli hafi greitt sér lífeyrisupphæðirnar og sé nú svo komið, að skuld gerðarbeiðanda hafi lækkað um kr. 84.000.00 pr. 1. júlí

s.l. og krafa sú, sem lögtaks er beiðzt fyrir, gerð upp. Sé því bersýnilegt, að synja beri um lögtaksgerð þessa.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því mótmælt, að hún hafi samþykkt, að lífeyrisgreiðslur til hennar skyldu ganga til þess að kvitta skuld hennar við Jón Bjarnason. Samningurinn á rskj. 2 nefni þetta ekki, og hefði þó legið beinast við að geta þar um svo verulegt atriði sem þetta og þó að frávik frá þeim samningi hafi máske komið til umræðu, hafi þau ekki náð fram að ganga. Aftur á móti hafi loforð gerðarbeiðanda um viðgöngu skuldarinnar við Jón Bjarnason verið bundið því skilyrði, að Jón héldi áfram að skipta við Verzlunina Réttarholt, meðan skuldin væri að jafnast, enn fremur, að og ekki hvað sízt, að hann skilaði ítarlegri greinargerð um þessa kröfu sína. Hann hafi brugðizt þessu hvoru tveggja, steinhætt að skipta við verzlunina og þrátt fyrir endurteknar kröfur, sbr. rskj. 6 og 7, hafi hann aldrei skilað greinargerð, sem mark mætti á taka. Komi ekki til mála, að órökstudd krafa hans geti komið til skuldajafnaðar svo glöggum kröfum sem lífeyriskröfum samkvæmt leyfisbréfinu, enda væri það sama sem að fógetaréttur legði almennan dóm á réttmæti fjárkröfu Jóns.

Mætt hefur sem vitni í máli þessu Kjartan Helgason, Langholtsvegi 184. Hann er prókúruhafi fyrir Verzlunina Réttarholt, sem gerðarbeiðandi rekur, og hann og gerðarbeiðandi eru systkinabörn. Kveðst hann hafa verið viðstaddur samningsgerðina á rskj. 2 og segir, að loforð gerðarbeiðanda um að greiða Jóni Bjarnasyni kröfu hans hafi að sjálfsögðu verið bundið því skilyrði, að upplýst væri, hvernig í skuld þessari lægi og greinargerð um það hafi verið lofað innan viku, en ekki við það staðið. Þá hafi það og verið skilyrði, að ef svo reyndist, að krafa þessi væri réttilega tilkomin, þá skyldi Jón halda áfram viðskiptum við verzlunina. Kjartan segir, að við samningsgerðina hafi verið rætt um, að lífeyriskrafan og fleiri kröfur yrðu gerðar upp með skuldajöfnuði og þá auðvitað að því áskildu, að vafi léki ekki á um réttmæti krafnanna.

Eins og rskj. 2 ber með sér, hefur gerðarbeiðandi undirgengizt að greiða 94.997.51 kr. skuld búsins við Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann. Ekki er getið um greiðslumáta í samningnum, og verður ekki annað fyrir hendi en að telja, að skuld þessa hafi mátt krefja þegar í stað. Samningurinn getur þess ekki, að þessi greiðsluskylda gerðarbeiðanda sé á nokkurn hátt skilyrðum bundin, en innan handar hefði verið að láta slík skilyrði koma

fram í samningnum, er aðiljar gerðu upp allar sínar fjármálasakir. Þykir ekki hafa komið fram í málinu, svo að sannað verði, að gerðarbeiðandi hafi sett skilyrði fyrir greiðsluskyldu sinni.

Með því að semja um það sín á milli, að áfallandi lífeyrisgreiðslur samkvæmt rskj. 1 gengju upp í margnefnda kröfu Jóns Bjarnasonar, hafi þeir gerðarþoli og Jón á eigin eindæmi ráðstafað fjármálum hennar, sem þeir höfðu ekki rétt til, enda kemur ekki fram, að þeir hafi fengið samþykki hennar til þessa fyrirkomulags, þó að rætt hafi verið um skuldajöfnun í sambandi við gerð samningsins á rskj. 2.

En með tilliti til þess, að gerðarbeiðandi hefst ekki handa um innheimtu lífeyrisfjárins, fyrr en á fallnar voru greiðslur fyrir 20 mánuði, og lögtakskröfurnar hafa verið jafnaðar með þessum greiðslum gerðarþola til Jóns Bjarnasonar, þykir ekki rétt, úr því sem komið er, að láta umbeðið lögtak ná fram að ganga.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtaksgerðin fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 6. október 1967.

Nr. 81/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Steingrími Aðalsteinssyni.
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvik benda til þess, að hraði bifhjólsins Y 46 hafi verið meiri en ökumaður þess heldur fram. Þrátt fyrir það verður ákærði eigi talinn hafa sýnt næga aðgæzlu, þar sem

honum bar skilyrðislaust að víkja fyrir umferð um Fríkirkjuveg. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Steingrímur Aðalsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 12. desember 1966.

Ár 1966, mánudaginn 12. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 607/1966: Ákæruvaldið gegn Steingrími Aðalsteinssyni, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 29. ágúst 1966, höfðað gegn ákærða Steingrími Aðalsteinssyni atvinnubifreiðarstjóra, Álfheimum 44, Reykjavík, fæddum 13. janúar 1903 að Mýralóni, Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, fyrir að hafa að kvöldi þriðjudagsins 28. september 1965 ekið bifreiðinni R 1505 vestur Skothúsveg í Reykjavík og inn á Fríkirkjuveg án þess að gæta nægilega biðskyldu þar á gatnamótunum með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli bifreiðar ákærða og létts bifhjóls, Y 46, sem ekið var suður Fríkirkjuveg.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 48.

gr. og c-lið 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1953 8/9 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1954 11/6 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar.

1954 15/7 í Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 26. og 27. gr. 2. gr. (sic) umferðarlaga og 46. gr. lögreglusamþykktar.

1954 8/11 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar og 26. og 27. gr. bifreiðalaga.

1959 6/2 í Reykjavík: Áminning fyrir rangstefnuakstur.

1960 18/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.

1960 18/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 48. gr. umferðarlaga.

1961 17/3 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1961 16/11 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum.

1962 27/6 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarlagabrot.

1962 8/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ökuhraða.

Málsatvik eru þessi:

Þriðjudaginn 28. september 1965 klukkan 1855 var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr á gatnamótum Skothúsvegar og Fríkirkjuvegar hér í borg. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman bifreiðin R 1505 og létt bifhjól, Y 46. Miklar skemmdir urðu á bifhjólinu og nokkrar á bifreiðinni.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi greint sinn ekið vestur Skothúsveg og dregið úr ferð, er að gatnamótunum kom. Kvaðst ákærði fyrst hafa litið til vinstri eftir Sóleyjargötu og enga umferð séð þar, en síðan til hægri eftir Fríkirkjuvegi „og ekki séð neina umferð aðra þar en bíla, er hafi verið það langt frá, að ekki hafi verið ástæða til að nema staðar fyrir þeim". Sagðist ákærði því hafa haldið áfram ferð sinni áleiðis yfir gatnamótin, en heyrt högg á afturhluta bifreiðarinnar, er hann var kominn yfir miðja götuna, og þá strax numið staðar. Ákærði sagði, að regnúði hefði verið og skyggni því ekki gott „og eins hafi farþegi verið við hægri hlið hans í bifreiðinni og geti það verið ástæðan fyrir því, að hann sá ekki piltinn á hjólinu".

Vitnið Gunnar Bergmann Arnkelsson kvaðst hafa ekið bifhjólinu á lítilli ferð suður Fríkirkjuveg við vinstri götulínu. Sagði vitnið, að ákærði hefði ekið viðstöðulaust inn á aðalbrautina og í veg fyrir það. Kvaðst vitnið þá hafa verið komið það nálægt bifreiðinni, að ógerlegt hefði verið fyrir það að forða árekstri, þótt það beitti hemlum og reyndi að sveigja aftur fyrir bifreiðina. Vitnið sagðist hafa haft hvítan hjálm á höfði og taldi því, að vel hefði átt að sjást til þess.

Ákærði hefur í vörn sinni m. a. haldið því fram sem sýknuástæðu, að honum hafi verið vítalaust að aka inn á gatnamótin, þar sem ekki hafi verið unnt að sjá til bifhjólsins frá þeim stað, er matið um biðskylduna var framkvæmt. Fullyrðing þessi er ekki í samræmi við þá frásögn ákærða, að hann hafi séð bifreiðar, sem fjær voru en bifhjólið, en auk þess ber ákærða að hafa stöðugar gætur á umferð aðalbrautarinnar og gæta þess, að akstur hans ylli henni ekki hættu eða óþægindum. Verður dómurinn að telja, að ákærði hafi ekki gætt þessa nægilega, og er háttsemi hans rétt lýst í ákæru og varðar við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 dagar, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Steingrímur Aðalsteinsson, greiði 3.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 9. október 1967.

Nr. 151/1967. **Ólafur Gestsson**
gegn
Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps f. h. hreppsins.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 28. september 1967, sem Hæstarétti barst 2. október 1967. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta sætir eigi kæru, sbr. 21. gr., 3. tl., laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands. Ber því að vísa því frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Ólafur Gestsson, greiði varnaraðilja, hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps f. h. hreppsins, kærumálskostnað, kr. 4.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. september 1967.

Með úrskurði, uppkveðnum 17. ágúst s.l., var í fógetadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu úrskurðað, að Ólafur Gestsson, Sveinsstöðum, Neshreppi utan Ennis, skyldi rýma húsnæði það, sem hann hefur búið í að Sveinsstöðum, og er úrskurðarorð svohljóðandi:

„Umbeðin útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður".

Úrskurði þessum áfrýjaði úrskurðarþoli með áfrýjunarstefnu, útgefinni af hæstaréttarritara þann 29. ágúst s.l., með þingfestingardegi 2. október 1967. Áfrýjunarstefna þessi mun hafa verið birt þann 25. þ. m. Með bréfi, dagsettu 11. þ. m., ritaði oddviti Ólafsvíkurhrepps gerðarþola og tilkynnti honum, að hann yrði að vera búinn að rýma húsnæðið fyrir 25. þ. m. að viðlögðum útburði. Gerðarþoli hefur ekki rýmt húsnæðið ennþá, og var því beðið um atbeina fógeta til þess að framkvæma útburð.

Gerðarþoli rökstyður kröfu sina um frestun útburðar með því, að áfrýjun útburðarúrskurðarins valdi því, að framkvæmd hans eigi að fresta, þar til dómur sé genginn um málið í Hæstarétti.

Fógetadómurinn lítur svo á, að úrskurðurinn frá 17. ágúst s.l. í framangreindu máli sé bindandi fyrir báða aðilja og að áfrýjun fresti ekki framkvæmd samkvæmt honum, þar sem slíkum úrskurðum megi jafnan framfylgja þegar í stað.

Því úrskurðast:

Útburður samkvæmt framangreindum úrskurði fógetadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 17. ágúst 1967 skal fara fram.

Miðvikudaginn 11. október 1967.

Nr. 68/1967. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Guðmundi Benediktssyni
(Friðrik Magnússon hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skattar. Aðstöðugjald. Fyrning. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Halldórsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. apríl 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur, að framkvæmt verði lögtak það, sem í málinu greinir, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi, sem veitt hefur verið gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Stefndi er yfirverkstjóri í þjónustu Vegagerðar ríkisins. Á árunum 1962 og 1963 átti stefndi bifreið, eins og í úrskurði fógeta greinir. Auk eigin nota ók stefndi bifreiðinni við framkvæmd starfs síns í erindum vegagerðarinnar gegn endurgjaldi fyrir hvern ekinn kílómetra eftir gjaldskrá, settri af fjármálaráðherra. Vegna þessara nota bifreiðarinnar var stefnda gert að greiða áfrýjanda aðstöðugjald árin 1963 og 1964. Um álagningu gjaldsins segir svo í greinargerð skattstjóra í Norðurlandsumdæmi eystra:

„Samkvæmt rekstursreikningi bifreiðarinnar fyrir árið 1962 eru tekjur af henni taldar kr. 61.780.65 og gjöld kr. 65.074.36, sem voru lækkuð af skattstofunni í kr. 50.480.98 vegna offærðrar fyrningar um kr. 7.293.38, ófrádráttarbærs stofnkostnaðar, kr. 2.300.00, og áætlaðrar eigin notkunar í

rekstri bifreiðarinnar, kr. 5.000.00. Nettótekjur bifreiðarinnar urðu því kr. 11.300.00.

Kostnaður til aðstöðugjalds var því ákveðinn kr. 50.480.98, gjaldstigi 1.5% og aðstöðugjald kr. 757.00, sem var hækkað í kr. 800.00, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald.

Samkvæmt rekursreikningi bifreiðarinnar fyrir árið 1963 eru tekjur af henni taldar kr. 69.312.20 og gjöld kr. 70.513.17, sem voru lækkuð af skattstofunni í kr. 58.962.00 vegna offærðrar fyrningar um kr. 1.551.00 og áætlaðrar eigin notkunar í rekstri bifreiðarinnar kr. 10.000.00.

Nettótekjur af bifreiðinni urðu því kr. 7.662.00.

Kostnaður til aðstöðugjalds var því ákveðinn kr. 58.962.00, gjaldstigi 1.5% og aðstöðugjald kr. 884.00, sem var hækkað í kr. 900.00, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald".

Í málinu er krafizt lögtaks hjá stefnda til tryggingar aðstöðugjöldum þessum.

Að því er varðar aðstöðugjald, sem á stefnda var lagt árið 1963 og féll í gjalddaga 1. júlí s. á., var lögtaksréttur fyrndur, er réttargerðir hófust í máli þessu hinn 7. janúar 1966, sbr. 11. gr. laga nr. 69/1962 og 2. gr. laga nr. 29/1885. Þegar að svo vöxnu verður ekki framkvæmt lögtak fyrir greindu aðstöðugjaldi.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 og 1. mgr. 8. gr. laga nr. 51/1964 segir svo:

„Heimilt er sveitarstjórnum að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa í sveitarfélaginu".

Þegar litið er til þeirra tengsla, sem voru milli nota bifreiðar stefnda í þágu vegagerðarinnar og aðalverkstjórastarfs hans, verður umrædd nýting bifreiðarinnar eigi talin sjálfstæður atvinnurekstur eða atvinna í merkingu nefndra lagaboða. Ber því einnig að synja um framkvæmd lögtaks fyrir aðstöðugjaldi því, sem stefnda var gert að greiða árið 1964.

Úrskurður fógeta, sem eigi hefur verið gagnáfrýjað, verður samkvæmt framangreindu staðfestur að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum á áfrýjandi að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, er renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, þar með talinn ferðakostnaður hans, ákveðst alls kr. 15.000.00, er greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að fógeti hefur eigi í úrskurði sínum kveðið á um málflutningslaun talsmanns stefnda, sem veitt hafði verið gjafvörn í héraði, sbr. 3. tölulið 173. gr. og 2. mgr. 174. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, er renni í ríkissjóð.

Laun skipaðs talsmanns stefnda, Guðmundar Benediktssonar, fyrir Hæstarétti, Friðriks hæstaréttarlögmanns Magnússonar, kr. 15.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Akureyrar 1. nóvember 1966.

Gerð þessi byrjaði hér í fógetadómi hinn 7. jan. s.l. með fyrirtöku lögtaksbeiðni bæjargjaldkera Akureyrar á hendur Guðmundi Benediktssyni, yfirverkstjóra hjá Vegagerð ríkisins hér í bæ. Gerðarbeiðandi krefst þess, að lögtak verði gert til tryggingar aðstöðugjöldum, sem lögð hafa verið á gerðarþola í þágu Akureyrarbæjar árin 1963 og 1964 að upphæð: 1963 kr. 800.00 og 1964 kr. 900.00 með áföllnum og áfallandi dráttarvöxtum og kostnaði við lögtaksgerð og uppboð, ef til kemur.

Af hálfu gerðarbeiðanda er staðhæft, sbr. dskj. nr. 14, að gerðarþoli sé gjaldskyldur, þótt hann reki ekki sjálfstæða atvinnu, þar eð hann sé atvinnurekandi í merkingu 8. gr. laganna. Hins vegar er því haldið fram af hálfu umboðsmanns gerðarþola, að gerðarþoli hafi ekki hér í bæ nokkra aðstöðu né starfsemi, sem verði talin sjálfstæður atvinnurekstur, og sjálfur hefur gerðarþoli á dskj. nr. 10 mótmælt því, að hann reki nokkra atvinnustarfsemi

hér í bæ né annars staðar, og krafizt þess, að synjað verði um gerðina.

Af hálfu gerðarþola er og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en gerðarþola hefur verið veitt gjafsókn í málinu.

Bæði eru aðstöðugjöldin lögð á eftir sömu lagaheimild, þar eð 8. gr. laga nr. 69/1962 er samhljóða 8. gr. laga nr. 51/1964. Samkvæmt óvefengdum skýrslum gerðarþola og Vegagerðar ríkisins sem og skattstjóra er gjaldálagning þessi þannig tilkomin, að gerðarþoli þáði af vegagerðinni gjald fyrir að nota eigin bifreið, Landrover-jeppann A 702, í þágu vegagerðarinnar „vegna starfs síns hjá Vegagerð ríkisins", eins og skattstjóri tekur til orða, sbr. dskj. nr. 13. Gjaldið miðaðist við „ekinn kílómeter". Af umsögn vegamálastjóra (e. u.) á dskj. nr. 2 kemur fram, að slíkar leigðar bifreiðar í eigu verkstjóra eru notaðar við eftirlit, mælingar, sendiferðir o. s. frv. og endurgjaldið sé greitt samkvæmt gjaldskrá, er fjármálaráðuneytið hefur sett. Fyrrnefnd lagagrein mælir svo fyrir, að sveitarstjórnum sé heimilt að innheimta aðstöðugjald í sveitarsjóð *hjá atvinnurekendum og öðrum þeim, sem sjálfstæða atvinnu hafa* í sveitarfélaginu o. s. frv. Ekki er finnanleg í þessum lagakafla frekari afmörkun þessa gjaldendahóps. Þó fer því fjarri, að tilætlun löggjafans hafi verið sú að gera gjaldskyld öll viðskipti manna á meðal, kaup, sölur, leigur, lán, greiðasemi gegn þóknun o. s. frv. Löggjafinn ætlast að sjálfsögðu til, að sjálfstæðir atvinnurekendur verði ákvarðaðir samkvæmt málvenju. Hverjum þeim, er um þá úrtínslu fjalla, ber þó að gæta þess að afmarka gjaldendahópinn fremur þrengri en víðari, því að óhæfa væri það, ef skattstjóra eða dómara yrði það á að skapa mönnum gjaldskyldu fremur en löggjafinn hefur ætlazt til.

Í stuttu máli má segja, að samkvæmt almennri málvenju þýði (sjálfstæður) atvinnurekstur fjárhagsleg viðskipti rekandans við almenning, svo sem vörusala, vörukaup, leiga, leiðbeiningar, þjónusta ýmiss konar o. s. frv., og nefnist þetta einnig kaupsýsla eða starfræksla andstætt launaðri atvinnu. „Sjálfstæður" í þessu sambandi mundi helzt tákna áherzlu á það, sem raunar felst í hugtakinu, hvort heldur atvinnurekstur eða -rekandi, að atvinnurekandinn sé ekki „í þjónustu" viðskiptamanna sinna. Tækifæriskenndir, einstakir viðskiptagerningar, gerðir af þeim, er ekki hafa slík viðskipti fyrir atvinnu, falla samkvæmt ofanrituðu utan þeirra gjaldstofna, sem löggjafinn hyggst skattleggja með aðstöðugjaldi. Einmitt þannig virðist farið bílleigu gerðar-

þola til Vegagerðar ríkisins. Gerðarþoli rekur ekki bílaakstur eða bílaleigu fyrir almenning. Hann ekur þessum bíl í vinnutíma sínum hjá vegagerðinni, og leigan fyrir bílinn er ákveðin í almennri gjaldskrá vegagerðarinnar. Skýtur þetta mjög skökku við fyrirkomulag atvinnurekenda, svo sem sjálfseignarbílstjóra. Þessi „atvinna" gerðarþola er þar að auki fjarri því að geta talizt „sjálfstæð", þar eð hún er bundin við starf hans hjá vegagerðinni; með tilliti til gjaldskipaninnar (taxta vegagerðarinnar), mætti enda segja með gildum rökum, að leigan á bílnum sé þáttur í launakjörum gerðarþola hjá vegagerðinni.

Framanritaðar ályktanir leiða til þess, að synja verður um gerðina. Rétt þykir, að gerðarbeiðandi, Akureyrarbær, greiði gerðarþola, Guðmundi Benediktssyni, málskostnað, er ákveðst kr. 1.500.00.

Úrskurðarorð:

Umbeðin lögtaksgerð skal ekki fara fram. Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 1.500.00 í málskostnað.

Föstudaginn 13. október 1967.

Nr. 54/1966. **Jóhanna Fossberg** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn
Þórarni Steingrímssyni og gagnsök
(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Yfirúttekt. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. apríl 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m., og gert þær dómkröfur, *„aðallega* að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar dóms af nýju, en *til vara,* að" hún „verði sýknuð af öllum kröfum" gagnáfrýjanda. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. maí 1966 og krafizt þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 117.763.77 ásamt 7% ársvöxtum frá 8. júní 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Yfirúttektargerð sú, sem mál þetta fjallar um, er eigi í eðli sínu dómsathöfn og verður eigi að lögum dómsathöfn fyrir þær sakir, að yfirúttektarmenn eru í 53. gr. ábúðarlaga nr. 36/1961 nefndir yfirúttektar- og virðingardómur, og sýslumaður er skipaður oddviti þeirra. Verður yfirúttektargerðinni því hvorki skotið sem dómsathöfn til Hæstaréttar samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962 né öðrum réttarreglum. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Yfirúttektargerð Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. október 1965.

Frú Jóhann Fossberg í Reykjavík hefur með bréfi, dags. 11/8 1964, krafizt yfirúttektar vegna úttektar á eignarjörð sinni, Gljúfurá í Borgarhreppi í Mýrasýslu, sem fram fór 30. júlí 1964 og framkvæmd var af úttektarmönnum Borgarhrepps, þeim Sigþóri Þórarinssyni, hreppstjóra í Einarsnesi, og Kristjáni Fjeldsteð, bónda í Ferjukoti. Fráfarandi er Þórarinn Steingrímsson, nú bóndi á Langárfossi í Álftaneshreppi. Landeigandi leggur málið fyrir yfirúttektar- og virðingardóm Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem stofnaður var með lögum nr. 36/1961 og er skipaður skv. 53. gr. þeirra laga sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og tveim meðdómsmönnum, þeim Kristjáni Guðmundssyni afgreiðslumanni, Borgarnesi, og Oddi Kristjánssyni hreppstjóra, Steinum í Stafholtstungum.

Dómurinn lítur svo á, að með setningu hinna nýju ákvæða í 53. gr. laga nr. 36/1961 hafi verið settar réttarfarsreglur, sem eðlilegt sé, að komi strax til framkvæmda, enda þótt um lögskipti aðiljanna í máli þessu fari að öðru leyti eftir því, sem við á eftir lögum nr. 19/1933. Til ábúðar þeirrar, sem hér er

fjallað um, var stofnað á gildistíma þeirra laga. Þessi skilningur virðist samrýmanlegur orðalagi 55. gr. laga nr. 36/1961, og bæði sóknaraðili- og varnar hafa samþykkt þessa málsmeðferð, þótt þá greini að öðru leyti á um það, eftir hverjum lagaákvæðum fjallað skuli um úttekt jarðarinnar Gljúfurár.

Málið var dómtekið hinn 2. október 1965.

Sóknaraðili gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum varnaraðilja, Þórarins Steingrímssonar, og að hann verði dæmdur til þess að greiða sóknaraðilja málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu varnaraðilja eru gerðar þær kröfur, að kröfum sóknaraðilja verði eigi sinnt, enda verði hin áfrýjaða úttekt staðfest með þeim breytingum í hag varnaraðilja, sem hann gerir grein fyrir í greinargerð. Þá krefst varnaraðili þess, að honum verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 24. janúar 1944 byggði Gunnlaugur J. Fossberg, kaupmaður í Reykjavík, eiginmaður sóknaraðilja, eigandi Gljúfurár í Borgarhreppi, þá jörð varnaraðilja, Þórarni Steingrímssyni, nú bónda á Langárfossi í Álftaneshreppi, sbr. dskj. nr. 4. Landskuld átti ábúandi að greiða með því að 1) bera hæfilegan húsdýraáburð í tvo jarðeplagarða og stinga þá upp að vori, 2) láta af hendi húsdýraáburð í trjágarða, 3) láta í té hagagöngu handa tveim hestum og fóðra þá að vetrinum eða sem því svarar.

Gunnlaugur Fossberg lézt 28. okt. 1949. Eftir lát hans virðist ábúandi eigi hafa greitt landskuld.

Hinn 17. janúar 1964 sagði varnaraðili jörðinni lausri. Úttekt fór fram 6. júní þ. á. að kröfu varnaraðilja, dskj. nr. 2.

Í úttektargerðinni frá 30. júlí 1964 meta úttektarmenn ógreitt jarðarafgjald í 10 ár á kr. 32.500.00, og er fráfarandi ábúanda, Þórarni Steingrímssyni, gert að greiða landeiganda þá fjárhæð. Undir úttektargerðina ritaði fráfarandi ábúandi nafn sitt sem samþykkur henni.

Fyrir þessum dómi hefur hann krafizt þess, að sér verði eigi gert að greiða nema fjögurra ára landskuld, þ. e. endurgjald fyrir leigu jarðarinnar síðustu fjögur árin, sem hann bjó á Gljúfurá. Byggir varnaraðili þessa kröfu sína á því, að landskuldin sé fyrnd nema síðustu fjögur árin. Sóknaraðili hefur mótmælt fyrningu, m. a. vegna þess, að varnaraðili hafi samþykkt þessa kröfu.

Í lögum nr. 14 frá 1905 segir í 3. gr., að kröfur um landskuld fyrnist á 4 árum.

Formleg heimild til fyrningar í þessu tilviki svo og innri skilyrði fyrir henni virðast vera fyrir hendi.

Hér er um kröfu að ræða, sem greiðast átti árlega í fríðu, vinnu og afnotum peningahúss. Það er viðurkennt í málinu, að varnaraðili hafi eftir lát Gunnlaugs Fossbergs á árinu 1949 ekki verið krafinn um eftirgjald af jörðinni. Þótt varnaraðili hafi eigi beinlínis gagnáfrýjað úttektargerðinni, verður að telja, að krafa hans um fyrningu frá upphafi meðferðar máls þessa komi nægilega fram, þannig að hún verði tekin til greina, enda ljóst, að forsendur þess, að varnaraðili ritaði undir úttektarbókina, voru þær, að heildarniðurstaða úttektarinnar næði fram að ganga. Það er föst venja, að yfirúttekt fjalli um úttektina í heild, og verður ekki talið, að varnaraðili hafi fyrrt sig rétti til þess, að krafa um landskuld væri endurskoðuð svo sem aðrir þættir úttektarinnar, þótt hann hafi ritað undir úttektargerðina.

Fellst dómurinn á, að landskuldin sé fyrnd nema eftirgjald síðustu ára. Í ábúðarsamningi, dags. 24. 1. 1944, milli aðilja er talið upp, í hverju landskuldin skuli greiðast, sbr. dskj. nr. 4. Eigi verður landskuld þeirra fjögurra ára, sem ófyrnd er, lengur greidd með þeim hætti, sem segir í samningi aðilja. Verður því að meta hana til peninga, og er það raunar í samræmi við orðalag samningsins, sbr. 3. lið í síðasta hluta samningsins, sem fjallar um aðalatriði landskuldarákvæðisins, en þar virðist gert ráð fyrir, að ábúandi greiði það, sem svarar fóðrun og hirðingu tveggja hesta. Verður eigi öðru vísi skilið en að átt sé við andvirði fóðurs og vinnu í peningum. Haft var samráð við ráðunaut Búnaðarsambands Borgarfjarðar um, hvernig skyldi meta til peningaverðs vinnu og fóður, sem samsvarar ákvæðum ábúðarsamningsins, sbr. 53. gr. laga nr. 36/1961.

Meðalkostnaður við fóðrun og hirðingu hests er metin á kr. 3.000.00 árin 1961—64 fyrir hvert ár. Kostnaður vegna tveggja hesta í fjögur ár .. .. kr. 24.000.00
Önnur landskuld skv. samningnum er metin á kr. 1.000.00 á ári í fjögur ár .. .. — 4.000.00
Eftir athugun íbúðarhússins á Gljúfurá þykir dómnum rétt að ákveða sóknaraðilja álag á húsið .. .. — 20.000.00
Þá viðurkennir dómurinn skyldu varnaraðilja til þess að greiða lán það, sem tekið var í Ræktunarsjóði Íslands 14. 2. 1957 og virðist að mestu hafa verið notað til húsabóta .. .. — 16.800.00
Þá er og viðurkennd skylda varnaraðilja til þess að

greiða ræktunarsjóðslán að fjárhæð kr. 14.000.00 (var upphaflega kr. 15.000.00), en sjálfur hefur varnaraðili greitt kr. 1.000.00 ..... kr. 14.000.00

Samkvæmt framansögðu ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja ..... kr. 78.800.00

Aðrar kröfur sóknaraðilja um greiðslur frá varnaraðilja verða eigi teknar til greina, þar sem þær eru eigi nægilega rökstuddar.

Að því er varðar einstakar kröfur varnaraðilja á hendur sóknaraðilja:

1) Í úttektinni er ákveðið, að sóknaraðili skuli greiða varnaraðilja kr. 9.600.00 sem álag á íbúðarhúsið. Þar sem loft, veggir, eldhúsborð og skápar eru í svo slæmu ástandi, að telja verður húsið óíbúðarhæft, þykir rétt að fella þá ákvörðun niður.

2) Heyhlaða og votheysgryfja var í úttektinni metin á kr. 23.876.00. Virðist eðlilegt mat og stendur óraskað. Krafan um greiðslu er í samræmi við ákvæði 13. gr. laga nr. 87/1933, og verður krafa sóknaraðilja um fyrningu því eigi tekin til greina ..... Kr. 23.876.00

3) Fjárhús á Gljúfurá eru eldri en fram kemur í úttektargerðinni. Þar eru þau sögð endurbyggð á árunum 1945 og 1958. En samkvæmt dskj. nr. 40 virðist síðari endurbygging þeirra hafa farið fram 1955. Ber að taka tillit til þess í matinu, að því er fyrningu varðar. Þykir hæfilegt að meta þennan lið á ..... — 19.000.00

4) Girðingar á Gljúfurá hefur dómurinn skoðað, og virðist rétt, að sóknaraðili greiði þær þannig:

a) Standi óbreytt svo sem er í úttektinni ..... — 2.400.00

b) Í þeirri girðingu þykir sanngjarnt að meta metrann á kr. 10.00 ..... — 1.800.00

c) Hæfilega metið á kr. 5.00 metrann × 670 ..... — 3.350.00

d) Hæfilega metið á kr. 12.00 metrann × 422 ..... — 5.064.00

e) Hæfilega metið á kr. 15.00 metrann × 360 ..... — 5.400.00

5) Vatnsveita þykir hæfilega metin á ..... — 5.000.00

6) Dómurinn hefur rannsakað ræktunarframkvæmdir allar á Gljúfurá og framkvæmt nýtt mat á þeim. Við matið er lagt til grundvallar áætlaður ræktunarkostnaður á hektara, kr. 12.000.00, og er þá gert ráð fyrir því, að landið hafi áður verið þurrkað með opnum skurðum, en skurðarruðningnum hafi ekki verið jafnað út. Frá þessum kostnaði dregst 7%

árleg fyrning fyrir ræktun hvers einstaks árs. Þó er fyrning ekki reiknuð næsta ár, eftir að nýrækt er tekin út og mæld vegna jarðræktarframlags. Á þennan hátt verður fyrning af nýræktinni talin alls kr. 46.713.84, en upphaflega verðmæti ræktunarinnar, sem er 11.890 hektarar, verður 142.680.00. Verðmæti ræktunarinnar að frádreginni fyrningu verður kr. 95.966.16.

Eigi verður sóknaraðili þó dæmdur til að greiða þá fjárhæð alla sökum þess, að frá þeirri upphæð ber að draga ræktunarstyrk þann, sem ríkissjóður hefur sannanlega greitt vegna þessara ræktunarframkvæmda. Verður það kr. 27.000.00. Verður verðmæti ræktunarinnar þá kr. 68.966.16. Kemur þá enn til að meta frádrátt vegna vanræktar á 1.3 hektara af umræddu ræktunarlandi, og lægra mat verður að viðhafa á þeim hluta túnsins, sem er endurræktun á gömlu túni. Verður hvoru tveggja þetta metið á kr. 8.966.16. Endanlegt mat túnsins verður þá .. .. .. kr. 60.000.00

7) Skurðirnir. Samkvæmt framlögðum reikningi á dómsskjali nr. 81 hefur varnaraðili greitt kr. 17.517.00 fyrir gröft á framræsluskurðum. Verður að viðurkenna skyldur sóknaraðilja til þess að greiða þann kostnað að frádregnu ríkisframlagi, heildarkostnaður við skurðina er kr. 44.000.00. Framlag ríkisins kr. 29.500.00. Mismunur er því .. .. — 14.500.00

8) Safnþró er hæfilega metin á .. .. — 174.00

Samtals kr. 140.564.00

Frá dregst skuld varnaraðilja .. .. — 78.800.00

Mismunur kr. 61.764.00

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Ferðakostnaður og þóknun meðdómsmanna greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Sóknaraðili, frú Jóhanna Fossberg, greiði varnaraðilja, Þórarni Steingrímssyni, kr. 61.764.00 með 7% ársvöxtum frá 30. júlí 1964 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður. Ríkissjóður greiði þóknun og ferðakostnað meðdómsmanna.

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 49/1966. **Ívar H. Jónsson** (sjálfur)
gegn
Sigurgeiri Jónssyni
(Sigurður Reynir Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ærumeiðingar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. marz 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m., og gert þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Þá ber og einnig að staðfesta ákvæði hans um ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar. Dæma ber áfrýjanda samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940 til að greiða stefnda fébætur, sem ákveðast kr. 5.000.00. Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og þ. á m. ákvæða hans um birtingu forsendna og dómsorðs. Ekki hefur verið gerð krafa um birtingu dóms Hæstaréttar. Að svo vöxnu máli og þar sem héraðsdómi er breytt, ber að vísa frá dómi þessari kröfu stefnda.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu eiga að vera órösk-

uð, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og greiðslu málskostnaðar eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Ívar H. Jónsson, greiði stefnda, Sigurgeiri Jónssyni, kr. 5.000.00 í fébætur.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 11. þ. m., hefur Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti, Skjólbraut 20, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni hinn 30. apríl 1965, á hendur Ívari H. Jónssyni, Borgarholti, Ægissíðu 123 hér í borg, ritstjóra og ábyrgðarmanni Þjóðviljans, út af ummælum, sem birtust í 89. tbl. 30. árgangs blaðsins, sem út kom hinn 21. apríl 1965. Hin umstefndu ummæli birtust í fréttagrein á 8. blaðsíðu undir fyrirsögninni „Fógetinn í Kópavogi athafnasamur: Lét innsigla Blómaskálann og bera út köttinn og steikina". Höfundar greinarinnar er ekki getið. Í greininni er fjallað um þann atburð, að stefnandi, sem er bæjarfógeti í Kópavogi, lét á föstudaginn langa og páskadag í ár stöðva blómasölu í Blómaskálanum í Kópavogi, sem Þórður Þorsteinsson rekur, með því að loka húsakynnum blómasölunnar. Af því tilefni kvaddi Þórður blaðamenn á sinn fund og skýrði þeim frá aðgerðum þessum og skoðunum sínum á þeim. Munu flest dagblaðanna í Reykjavík hafa birt frétt af þessum fundi og m. a. birt skoðanir Þórðar Þorsteinssonar, sem þar komu fram.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

1. „Þórður kvaðst telja þessa framkomu bæjarfógeta í sinn garð fólskulega persónulega árás ...".
2. „... að fógeti væri að hefna sín á sér með þessum aðgerðum".

Stefnandi telur ásakanir þær, sem fram koma í ummælum þessum, mjög móðgandi fyrir sig, enda tilhæfulausar með öllu. Sumar ásakanirnar séu svo alvarlegar, að varða mundi embættismissi, ef sannar væru. Telur stefnandi slíkar árásir til þess fallnar

að draga úr trausti hans sem lögreglustjóra og héraðsdómara og líklegar til að auka á erfiðleika hans í umfangsmiklu og erfiðu embætti.

Stefnandi telur ummælin birt á ábyrgð stefnda sem ábyrgðarmanns Þjóðviljans. Telur hann ummælin varða við 234. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga, en til vara við 235. gr. sömu laga.

Gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

Að hin tilgreindu ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt ákvæði 241. gr. almennra hegningarlaga.

Að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa fyrir birtingu ummælanna.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum miskabætur samkvæmt ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga, er nemi kr. 100.000.00.

Að stefndi verði með dómi skyldaður til að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins fyrir stefnda, samkvæmt ákvæði 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómarans.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en sér jafnframt dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Sýknukrafa stefnda er studd þeim rökum, að hin umstefndu ummæli verði á engan hátt skýrð sem vilhöll afstaða blaðsins til deilumála, sem annar aðili hafi gert opinber. Ummælin séu höfð eftir nafngreindum aðilja, Þórði Þorsteinssyni, á fundi, sem hann hafi kvatt fréttamenn allra dagblaðanna í Reykjavík til, og hafi eigi verið færðar að því sönnur, að ummælin séu ekki höfð rétt eftir Þórði. Er því haldið fram, að af framangreindum ástæðum sé ekki við stefnda eða blaðið að sakast út af hinum umstefndu ummælum, heldur Þórð Þorsteinsson.

Þá er því haldið fram, að þótt birting ummælanna verði út af fyrir sig talin móðgandi fyrir stefnanda, þá geti birtingin ekki talizt saknæm eða refsiverð, þar sem það hafi ekki verið tilgangur blaðsins að kasta rýrð á bæjarfógetann í Kópavogi eða embættisstörf hans eða undirmanna hans.

Höfundur fréttagreinarinnar, sem hin umstefndu ummæli birtust í, er ekki nafngreindur. Samkvæmt ákvæði 3. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. laga nr. 57/1956 ber því stefndi sem ábyrgðarmaður

Þjóðviljans refsi- og fébótaábyrgð á efni greinarinnar. Þykir það ekki fyrra stefnda ábyrgð, þótt ummælin séu höfð eftir Þórði Þorsteinssyni á almennum blaðamannafundi, sem hann boðaði til.

Verður nú afstaða tekin til hinna umstefndu ummæla.

Um 1. Í ummælum þessum felst aðdróttun um, að stefnandi hafi gerzt sekur um valdníðslu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Eru þau meiðandi fyrir stefnanda. Þykir birting ummælanna varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga ber að ómerkja ummælin.

Um 2. Í ummælum þessum felst einnig aðdróttun um það, að stefnandi hafi gerzt sekur um valdníðslu. Ummælin hafa ekki verið réttlætt. Eru þau meiðandi fyrir stefnanda. Þykir birting ummælanna varða við 235. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. grein sömu laga ber að ómerkja ummælin.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 1.500 króna sekt í ríkissjóð, en sæta skal stefndi varðhaldi í þrjá daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Þá verður stefnda gert að greiða stefnanda bætur samkvæmt 1. mgr. 264. greinar almennra hegningarlaga. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00. Samkvæmt ákvæði 22. gr. laga nr. 57/1956 verður stefnda gert að birta forsendur og niðurstöðu dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Ívar H. Jónsson, greiði 1.500 króna sekt í ríkissjóð, en sæti ella varðhaldi í þrjá daga, verði sektin eigi greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefnda skal skylt að birta forsendur og niðurstöðu dóms í málinu í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Stefndi greiði stefnanda, Sigurgeiri Jónssyni, kr. 10.000.00 og kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 77/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Kristni Reyni Jónssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik. Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða eru í héraðsdómi rétt færð til refsiákvæða. Þykir refsing hans með hliðsjón af 77., 72. og 255. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristinn Reynir Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 13. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 134/1967: Ákæruvaldið gegn Kristni Reyni Jónssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 21. febr. s.l., gegn Kristni Reyni Jónssyni bifreiðarstjóra, Vesturgötu 66 hér í borg, fæddum 14. júlí 1937 í Reykjavík,

„fyrir tékkasvik með því að gefa út á tímabilinu október 1966 til janúar 1967 eftirtalda 14 tékka á ávísanareikning sinn nr. 66737 í Verzlunarbanka Íslands h/f og nota þá í viðskiptum í Reykjavík, án þess að innstæða væri fyrir þeim á bankareikningnum:

1. L. Nr. 52376, kr. 3.500.00, til handhafa, dagsettur 17. október 1966. Seldur í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

2. L. Nr. 52378, kr. 1.000.00, til Bílaleigunnar Vakurs h/f, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla bifreiðarleigu.

3. L. Nr. 52379, kr. 5.500.00, til handhafa, dagsettur 17. október 1966. Seldur í útibúi Útvegsbanka Íslands á Laugavegi 105 í Reykjavík.

4. L. Nr. 52380, kr. 2.200.00, til Andrésar Andréssonar h/f, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

5. L. Nr. 52381, kr. 1.670.00, til „Geysir h/f", dagsettur 17. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

6. L. Nr. 52382, kr. 1.166.00, til handhafa, dagsettur 17. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

7. L. Nr. 52383, kr. 7.045.00, til handhafa, dagsettur 18. október 1966. Greiðsla fyrir vörur.

8. L. Nr. 52384, kr. 7.800.00, til handhafa, dagsettur 18. október 1966. Seldur í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

9. L. Nr. 52387, kr. 7.500.00, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1966. Seldur í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands.

10. L. Nr. 52388, kr. 7.500.00, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1966. Seldur í Sjarisjóði Kópavogs.

11. L. Nr. 52389, kr. 6.500.00, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1966. Seldur í Langholtsútibúi Landsbanka Íslands.

12. L. Nr. 52391, kr. 8.200.00, til handhafa, dagsettur 13. desember 1966. Greiðsla á skuld.

13. L. Nr. 52393, kr. 12.470.00, til handhafa, dagsettur 10. janúar 1967. Seldur í banka.

14. L. Nr. 52394, kr. 7.200.00, til handhafa, dagsettur 11. janúar 1967. Seldur í banka.

Verknaður sá, sem lýst er í 12. lið, þykir varða við 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir þeir, sem lýst er í 1.—11., 13. og 14. lið, þykja varða við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir.

Ákærði hefur haft ávísanareikning nr. 66737 í Verzlunarbanka Íslands h/f og kveðst hafa stofnað hann í okt. 1966 með 5 eða 6 þús. króna innleggi, en ekki lagt inn á reikninginn síðan. Reikningnum var lokað 20. október.

Sannað er, að á tímabilinu okt. 1966 til jan. 1967 hefur ákærði gefið út og hagnýtt í viðskiptum 14 tékka á þennan bankareikning, og reyndust tékkarnir innstæðulausir, er þeir voru sýndir til greiðslu.

Tékkar þessir eru taldir í ákæru, og er þeim þar að öllu leyti rétt lýst, eyðublaðsnúmerum, fjárhæðum, viðtakendum og dagsetningum.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna.

1. Ákærði seldi þennan tékka í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

2. Ákærði tók á leigu bifreið hjá Bifreiðaleigunni Vakri og greiddi leiguna með þessum tékka.

3. Ákærði seldi þennan tékka í útibúi Útvegsbanka Íslands, Laugavegi 105.

4. Staðgreiðsla á frakka, sem ákærði keypti í Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar.

5. Staðgreiðsla á vörum, sem ákærði keypti í Verzluninni Geysi.

6. Staðgreiðsla á skóm, sem ákærði keypti í Skóverzlun Péturs Andréssonar, Framnesvegi 2.

7. Staðgreiðsla á fötum, sem ákærði keypti hjá G. Bjarnason & Fjeldsted.

8. Tékka þennan seldi ákærði í Austurbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

9. Tékka þennan seldi ákærði í Austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands.

10. Tékka þennan seldi ákærði í Sparisjóði Kópavogs.

11. Tékka þennan seldi ákærði í Langholtsútibúi Landsbanka Íslands.

12. Með tékka þessum kveðst ákærði hafa greitt skuld til Valdimars Friðrikssonar, Hamrahlíð 27. Annað hefur ekki upplýstst um tékkann, enda hefur ekki náðst til Valdimars Friðrikssonar.

13. Ákærði sendi hálfbróður sinn Hörð Helga Gilsberg með

tékka þennan til að selja hann í banka, og skyldi hann taka af andvirðinu 4.600 kr. til greiðslu á skuld ákærða við hann. Hörður Helgi fór með tékkann í Landsbankann, opnaði þar tékkareikning og ávísaði strax á 7.800 kr., fékk greiðsluna í hendur og færði ákærða.

14. Tékka þennan fékk ákærði Hörð Helga til að selja fyrir sig í Vesturbæjarútibúi Búnaðarbanka Íslands.

Ákærði hefur ekki greitt neitt af tékkunum og sér ekki fram á, að hann geti það.

Niðurstöður.

Ákærði hefur með sölu tékkanna, sem ákæruliðir 1—11 og 13—14 lúta að, aflað sér fjárvinnings með sviksamlegum hætti og unnið til refsingar samkvæmt 248. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir. Fjárvinningurinn nemur samtals kr. 71.051.00.

Með notkun tékkans, er ákæruliður 12 varðar, hefur ákærði gerzt brotlegur við 261. gr. alm. hegningarlaga, eins og í ákæru greinir.

Ákærði var 29. júní 1961 dæmdur í 8 mán. skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað og hefur staðizt skilorð dómsins. Áður (1956) hafði ákæru á hendur honum fyrir þjófnað verið frestað skilorðsbundið.

Hinn 14. febr. 1966 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. og 249. gr. hegningarlaga.

Ákærði sættist 24. maí 1965 á greiðslu 15 þús. kr. sektar fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi eitt ár.

Bótakröfur hafa einungis komið fram frá eftirtöldum tékkahöfum:

1. Bílaleigan Vakur (ákærul. 2), kr. 1.000.00.
2. Fatamiðstöðin (4.), kr. 2.200.00. Fyrirtæki þetta hefur tekið við rekstri Klæðaverzlunar Andrésar Andréssonar s/f.
3. Verzlunin Geysir h/f (5.), kr. 1.670.00.
4. Axel Ólafsson (7.), kr. 7.045.00.

Ákærði hefur samþykkt kröfur þessar. Verða þær teknar til greina.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Reynir Jónsson, sæti fangelsi eitt ár.

Ákærði greiði í fébætur:

1. Bílaleigunni Vakri kr. 1.000.00.
2. Fatamiðstöðinni kr. 2.200.00.
3. Verzluninni Geysi h/f kr. 1.670.00.
4. Axel Ólafssyni kr. 7.045.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 21/1967. **Hótel Saga** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Lögtak. Aðstöðugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, settur borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. febrúar 1967. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi, synjað verði um framkvæmd lögtaks og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. febrúar 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og lögtak leyft í eignum aðaláfrýjanda, þó einungis til tryggingar eftirstöðvum aðstöðugjalds að fjárhæð kr. 45.500.00 með 12% ársvöxtum frá 8. nóvember 1966 til greiðsludags auk lögtakskostnaðar. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar í fógetadómi og fyrir Hæstarétti.

Aðiljar eru sammála um, að skuld aðaláfrýjanda sé kr. 45.500.00, verði hann talinn aðstöðugjaldsskyldur.

Hótel- og leigurekstur aðaláfrýjanda fellur eigi undir undanþágu þá frá aðstöðugjaldi, sem greinir í 8. og 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt þessu ber að taka kröfu gagnáfrýjanda til greina, en rétt þykir, að málskostnaður í fógetadómi og fyrir Hæstarétti falli niður, þar sem krafan fyrir fógetadómi reyndist kr. 692.129.00 of há vegna mistaka af hálfu skattayfirvalda.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Hótel Sögu, fyrir kr. 45.500.00 ásamt 12% ársvöxtum frá 8. nóvember 1966 til greiðsludags og kostnaði.

Málskostnaður í fógetadómi og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 9. janúar 1967.

Við reglulega álagningu opinberra gjalda ár 1966 var gerðarþola, Hótel Sögu hér í borg, gert að greiða hér eftirtalin gjöld:

Lífeyristr.gjald atvinnurekenda ..	kr. 206.472.00		
Lækkað 4. okt. 1966 um	— 3.052.00	kr.	203.420.00
Slysatryggingargjald	— 14.748.00		
Lækkað 4. okt. 1966 um	— 218.00	—	14.530.00
Atvinnuleysistryggingargjald	— 108.842.00		
Lækkað 4. okt. 1966 um	— 7.781.00	—	101.061.00
Kirkjugarðsgjald		—	24.426.00
Launaskattur		—	1.543.00
Aðstöðugjald		—	1.628.400.00
		Samtals kr.	1.973.380.00

Upp í fjárhæð þessa hafa verið greiddar kr. 1.235.751.00, og standa því eftir ógreiddar kr. 737.629.00. Þar eð gerðarþoli hefur eigi gert athugasemdir um álagningu annarra en aðstöðugjaldsins, verður að líta svo á, að framangreind ógreidd fjárhæð sé eftirstöðvar hins álagða aðstöðugjalds, enda kemur það fram í málflutningi aðilja, þar eð þar er eingöngu fjallað um aðstöðugjaldsskyldu gerðarþola. Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða

framangreinda fjárhæð, kr. 737.629.00, hefur gerðarbeiðandi krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu ásamt 12% ársvöxtum frá þingfestingardegi þessa máls, þ. e. 8. nóvember 1966, til greiðsludags auk lögtakskostnaðar og málskostnaðar að mati dómarans.

Umboðsmaður gerðarþola hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 4) og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær dómkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati dómsins.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola reist á því, að umkrafið aðstöðugjald sé lagt á starfsemi hinnar svonefndu Bændahallar og Hótel Sögu, en fyrirtæki þessi séu eign Búnaðarfélags Íslands að ⅔ og Stéttarsambands bænda að ⅓ hluta og rekin af þeim félögum eða félagi, því að hér sé í raun og veru um eitt félag að ræða, er starfi eingöngu til þrifa öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, þ. e. landbúnaðinum, og því tvímælalaust til þjóðarheilla og eigi því að vera undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt 8. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Húsið Bændahöllin hafi verið reist af þessum félögum eða félagi og hafi verið rekið af þeim síðan og einnig Hótel Saga. Bændahöllin hafi verið reist til þess að vera rekin sem þáttur í starfsemi þessara félaga eða félags og því með sama markmiði og geti í lögum og samþykktum félaganna. Starfsemi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda sé þann veg farið, að óhjákvæmilegt sé fyrir þessa aðilja að hafa hús fyrir starfsemi sína og enda þótt húsið Bændahöllin sé það stórt, að það geri enn meira en að fullnægja þörf félaganna, þá hafi þótt rétt að sníða stærð hússins við framtíðarstarfsemi þeirra, því að að sjálfsögðu muni starfsemin aukast og þörfin fyrir húsið þar með einnig. Það sé einnig fullvíst, að þeir, sem gisti Hótel Sögu, séu að talsverðu leyti á vegum nefndra félaga, þótt einnig gisti þar ýmsir aðiljar, sem komi eigi við starfseminni sem slíkri. Enda þótt Hótel Saga og Bændahöllin séu eigi sérstakir réttaraðiljar, eins og að framan greini, þá séu mótmæli varnaraðilja í þessu máli eigi byggð á því, ef rétturinn sjái sér fært að kveða upp úrskurð á hendur Hótel Sögu. Mál þetta snúist um það, hvort Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda séu meðal þeirra, sem greiða beri aðstöðugjald samkvæmt lögum nr. 51/1964, og þá af rekstri Bændahallarinnar og Hótel Sögu.

2. gr. laga Búnaðarfélags Íslands (rskj. nr. 13), sem samþykkt hafi verið á búnaðarþingi ár 1960, hljóði þannig:

„Grundvöll félagsins mynda eftirtalin félagssamtök bænda:

1. Búnaðarfélög hreppanna.
2. Búnaðarsamböndin.

Aðrir félagar Búnaðarfélags Íslands eru:

a. Ævifélagar, hver sá karl eða kona, sem greitt hefur ævifélagsgjald.
b. Heiðursfélagar, innlendir og útlendir, er Búnaðarfélag Íslands kýs vegna verka þeirra í þágu félagsins eða landbúnaðarins.

Enn fremur mynda búnaðarfélög hreppanna með sér sérstakt samband, er nefnist Stéttarsamband bænda, sem fer með sérstök hagsmunamál bændastéttarinnar samkvæmt verkaskiptingu, er Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa orðið ásátt um".

5. gr. sömu laga hljóði þannig:

„Tilgangur og starfssvið Búnaðarfélags Íslands er:

1. Að hafa forgöngu í starfandi félagsskap bænda til eflingar landbúnaðinum.
2. Að vera málsvari bændastéttarinnar og beita sér fyrir nýmælum og breytingum, er til framfara horfa á öðrum lögum, er snerta bændastéttina eða landbúnaðinn.
3. Að vinna að verklegum framförum landbúnaðarins, t. d. með rannsóknum, tilraunum, fjárstyrk, fræðslu og leiðbeinandi eftirliti.
4. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar í öllum landbúnaðarmálum og öðrum hagsmunamálum bændastéttarinnar.
5. Að hafa á hendi framkvæmd mála, er Alþingi eða ríkisstjórn felur því.
6. Að gefa út rit, er sérstaklega varða landbúnað".

Stéttarsamband bænda hafi verið stofnað ár 1945. Fyrsta grein samþykkta þess (rskj. nr. 15) hljóði þannig:

„Búnaðarfélög hreppanna mynda sérstakt samband, er nefnist Stéttarsamband bænda. Starfar það að ákveðnum verkefnum eftir því sem fyrir er mælt í samþykktum þessum.

Félagar í Stéttarsambandinu eru allir meðlimir hreppabúnaðarfélaganna, er hafa kosningarrétt til Búnaðarþings.

2. gr. samþykktanna hljóði svo:

„Hlutverk Stéttarsambandsins er:

1. Að sameina bændur um sérstök hagsmunamál stéttarinnar

og hafa forystu um, að þeir beiti samtakamætti sínum til að fá framgengt sanngjörnum og sameiginlegum kröfum þeirra í verðlags- og viðskiptamálum.

2. Að vera baráttuaðili bændastéttarinnar og þá einkum um eftirtalin atriði:
   a. Að vera fulltrúi og framkvæmdaaðili um verðlag og verðskráningu landbúnaðarafurða gagnvart Alþingi, ríkisstjórn og öðrum, er um þau mál kunna að fjalla.
   b. Koma fram fyrir hönd bænda við samninga um kaup og kjör verkafólks til landbúnaðarstarfa, s. s. Ráðningaskrifstofu landbúnaðarins og annars staðar, eftir því sem þörf krefur.
   c. Vera málsvari og samningsaðili bænda gagnvart öðrum stéttarfélögum og stofnunum og gæta í hvívetna hagsmuna þeirra".

Eins og að framan greini, séu félagar í Stéttarsambandi bænda eingöngu meðlimir hreppabúnaðarfélaganna, og þeir einir, en hreppabúnaðarfélögin séu aftur annar aðalþátturinn í Búnaðarfélagi Íslands. Búnaðarsamböndin séu aftur sambönd hreppabúnaðarfélaganna. Það sé þannig skilyrði fyrir veru í Stéttarsambandi bænda, að meðlimirnir séu jafnframt meðal félaga í Búnaðarfélagi Íslands. Stéttarsamband bænda sé, sem að framan greini, eingöngu nánari framkvæmd á fyrsta lið í starfi Búnaðarfélags Íslands. 1. gr. laga nr. 38/1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs hljóði svo:

„Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarsjóður. Sjóður þessi skal vera í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, er hefur á hendi alla stjórn hans og reikningshald. Fé sjóðsins skal verja til stuðnings og eflingar sameiginlegum nauðsynjamálum bændastéttarinnar samkvæmt ákvörðun búnaðarþings, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Gjald til búnaðarmálasjóðs er ½% af því verði, sem framleiðendum er greitt fyrir vöruna á hverjum tíma".

Meginhluti tekna Stéttarsambands bænda komi úr búnaðarmálasjóði, sem, eins og að framan greini, sé undir stjórn Búnaðarfélags Íslands og eftirliti ríkisins. Af framangreindu sé ljóst, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda séu í raun og veru sama félagið og vinni að sama markmiði. Bæði félögin séu eingöngu skipuð bændum landsins og því sömu aðiljum og starfsemi þeirra öll sé til þrifa landbúnaðinum og því tvímælalaust

til þjóðarheilla. Hinn aðalatvinnuvegur landsmanna sé sjávarútvegurinn og Fiskifélag Íslands því algerlega sambærilegt við Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda, en Fiskifélagið hafi jafnan notið skattfrelsis, að því er varði tekjuskatt, útsvar, aðstöðugjald og hvers konar aðra skatta. Í 2. lið 8. gr. laga nr. 51/1964 segi:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr.", og 29. gr. sömu laga fjalli um þá, sem undanþegnir séu útsvörum. Í þeirri grein segi:

„Undanþegnir úrsvari eru: ... f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl. g. Ríkissjóður, stofnanir, svo og aðrir sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka".

Eins og að framan greini, séu Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda eingöngu starfrækt til aðstoðar landbúnaðinum. Allar tekjur af starfsemi nefndra félaga renni til bænda og þannig til almenningsheilla og þjóðþrifa. Atvinnu reki þessi félög þannig eigi og tekjur þær, sem af starfsemi þeirra hljótist, séu skattlagðar á annan hátt í tekjum bænda þeirra, sem góðs njóti af starfsemi félaganna. Tvímælalaust sé, að öll starfsemi félaganna og sjóðir séu undir umsjón ríkisstjórnarinnar og starfsemi undir eftirliti hennar. Mikill hluti kostnaðarins við félögin sé greiddur úr ríkissjóði og af tekjum bænda. Samkvæmt 5. gr. laga Búnaðarfélags Íslands sé félagið þjónustustofnun Alþingis, ríkisstjórnarinnar og bændastéttarinnar í landinu í landbúnaðarmálum, m. a. sem framkvæmdaraðili á ýmsum fyrirskipunum Alþingis og ríkisstjórnar, vísindastofnun, ráðgefandi og bókaútgefandi o. fl. Félagið sé þannig starfsaðili í þágu þess opinbera. Af öllu þessu sé það ljóst, að starfsemi félaga þessara eigi að vera undanþegin aðstöðugjaldi, enda renni allar tekjur af Bændahöllinni, bæði húsaleigutekjur og tekjur af hótelrekstrinum, til félaganna og mikill hluti rekstrarins sé óhjákvæmilegur þáttur í starfsemi félaganna, þótt erfitt sé að greina nákvæmlega milli þess hluta starfseminnar, sem þannig sé þáttur í rekstri félaganna, og þess þáttar starfseminnar, er sé afleiðing af félagsrekstrinum, svo sem sala gistingar og matvæla til annarra en meðlima félaganna. Í sambandi við álagningu aðstöðugjalds á Bændahöllina og Hótel Sögu ár 1964 hafi endurskoðandi fyrirtækjanna

leitað til Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns með beiðni um lögfræðilega álitsgerð hans, að því er varðaði nefnda álagningu, sbr. rskj. nr. 10. Það sé að vísu rétt, að aðstöðugjald hafi verið lagt á framangreinda aðilja, frá því er það gjald hafi verið leitt í lög, og að gjaldið hafi enn fremur verið greitt að verulegu leyti af gerðarþola, en þó jafnan með fyrirvara og sé geymdur réttur til að endurkrefja gjaldið úr hendi gerðarbeiðanda, ef rétturinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að gerðarþola bæri eigi að greiða þetta gjald. Í máli þessu sé eingöngu ætlazt til, að úrskurður verði kveðinn upp um gjaldskylduna, en eigi fjallað um álagningu gjaldsins sérstaklega.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni (rskj. nr. 3) og við munnlegan flutning málsins mótmælt sjónarmiði og kröfum umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann lagt áherzlu á, að gerðarþoli hafi haft og hafi enn með höndum umsvifamikinn atvinnurekstur, sem sé þess eðlis, að hann eigi ekki að njóta góðs af neinum undanþáguákvæðum laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er þennan atvinnurekstur varðar, og því beri honum að greiða hið álagða aðstöðugjald. Aðstöðugjald hafi fyrst verið lagt á gerðarþola ár 1963, sbr. rskj. nr. 9, enn fremur ár 1964, en þá hafi gjald þetta verið lagt á Hótel Sögu og Bændahöllina hvort í sínu lagi sem sjálfstæða gjaldendur, sbr. rskj. nr. 10, og ár 1965 á Hótel Sögu, Bændahöllinni við Hagatorg, sbr. rskj. nr. 11. Gjöld þessi, eins og þau hafi endanlega verið ákveðin af ríkisskattanefnd, hafi öll verið skilvíslega greidd á sínum tíma og án fyrirvara, að því er bezt verði vitað. Nú hafi einnig verið greiddur hluti aðstöðugjalds, álögðu ár 1966, jafnvel að nokkru fyrirfram. Að sjálfsögðu séu þessar greiðslur þó eigi bindandi fyrir gerðarþola á þann hátt, að þær taki af öll tvímæli um það, að hann sé aðstöðugjaldsskyldur, og beri því einnig að greiða þær eftirstöðvar aðstöðugjaldsins, sem um ræðir í þessu máli. Á greiðslur þessar megi þó líta sem vísbendingu um það, að gerðarþoli hafi eigi verið mjög sannfærður um málstað sinn, úr því nú fyrst sé beðið um úrskurð um aðstöðugjaldsskyldu hans. Í þessu sambandi hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að gerðarbeiðandi líti svo á, að gerðarþoli sé skattskyldur almennt séð, enda þótt enn hafi eigi komið til álagningar á hann, að því er varðar útsvar á tekjuskatt, en það stafi einungis af því, að tekjur gerðarþola hafi enn eigi gefið tilefni til slíkrar álagningar. Með tilvísun til greinargerðar umboðsmanns gerðarþola svo og samnings Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands

bænda (rskj. nr. 17) um byggingu Hótels Sögu eða Bændahallarinnar við Hagatorg, sem byggingin sé jöfnum höndum nefnd, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á, að Búnaðarfélag Íslands sé eigandi hússins að ⅔ hlutum, en Stéttarsamband bænda að ⅓ hluta. Hér sé um stórhýsi að ræða, sem eigendurnir hafi ráðstafað til margvíslegra nota og komi þetta fram í úrskurði ríkisskattanefndar, rskj. nr. 10, bls. 8, en þar segi:

„Eins og fram hefur komið, eru Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda eigendur fasteignar, sem nefnd er „Bændahöllin" og stendur við Hagatorg í Reykjavík. Fasteign þessi er skv. brunabótamati talin vera að stærð 37.700 m^3 og samkv. því sem umbm. kæranda hefur upplýst, er húsnæðið nýtt sem hér segir:

1. Til afnota fyrir skrifstofur eigenda um 10% af heildareign.
2. Til útleigu fyrir skrifstofur, bókasafn, verzlanir, rakarastofu, gufubað, nuddstofu o. fl. um 20% af heildareign.
3. Til hótelreksturs um 70% af heildareign, og greindur hótelrekstur er rekinn af eigendum hússins undir nafninu „Hótel Saga" ...".

Þarna komi sem sé fram, að enda þótt eigendurnir hafi haft í huga byggingu fyrir bændasamtökin í stað þess húss, sem þeir fluttu sig úr við Tjörnina, þá hafi aðeins verið þörf á 10% byggingarinnar í þeirra þágu, þurfi vissulega talsvert hugmyndaflug til þess að láta að sér hvarfla, að þörf verði fyrir þetta mikla húsrými í þágu bændastéttarinnar í fyrirsjáanlegri framtíð, eins og umboðsmaður gerðarþola virðist gera ráð fyrir í greinargerð sinni. Þá sé það og á allra vitorði, að Hótel Saga sé ekki fyrst og fremst notuð fyrir bændur landsins, hvorki sem gististaður né samkomuhús, og ætti eigi að þurfa um það að deila. Hins vegar sé vitað, að þarna séu til húsa meðal annars skrifstofa Flugfélags Íslands, Upplýsingaþjónusta Bandaríkjanna o. fl. auk Hótels Sögu, en óhætt muni að fullyrða, að öll sú hagnýting hússins, sem sé fram yfir hin framangreindu 10%, sé ekki í neinum tengslum við bændastétt landsins sem slíka eða hennar sérstöku hagsmuni.

Um skattálagninguna sjálfa hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda vísað til rskj. nr. 5 og að öðru leyti haldið því fram, að það skipti eigi máli í þessu tilviki, hverja nafngift umræddur skattgreiðandi hafi hlotið í meðförum skattstofunnar. Álagningin sé byggð á reikningum þeim, er skattstofunni hafi verið sendir, sbr. rskj. nr. 7 og 8 og enn fremur nr. 6. Þeir séu raunar báðir

nafnlausir, en beri það með sér, að sá fyrri (rskj. nr. 7) sé rekstrar- og efnahagsreikningur Hótels Sögu, en hinn síðari (rskj. nr. 8) Bændahallarinnar, eða hússins, eins og sjá megi meðal annars af athugasemdum endurskoðenda. Skattstofan hafi valið það form að leggja aðstöðugjald á þennan skattstofn undir nafninu Hótel Saga. Hins vegar sé á Bændahöllina sjálfa aðeins lögð tryggingargjöld vegna starfsmannahalds, eins og fram komi á rskj. nr. 12. Annars sé eigi um þetta deilt í málinu né heldur um það, hverjir séu eigendur Hótels Sögu og í hverjum hlutföllum, þ. e. í sömu hlutföllum og áður greinir um Bændahöllina. Umboðsmaður gerðarþola hafi haldið því fram í málflutningi sínum, að gerðarþoli sé eigi aðstöðugjaldsskyldur, þar eð hann falli undir undanþáguákvæði 8., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Í 2. lið 8. gr. laganna segi svo:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr.“. Í 29. gr. laganna segi:

„Undanþegnir útsvari eru: ... f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl.

g. Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka“.

Þessi undanþáguákvæði taki eigi til gerðarþola í því tilviki, sem um ræðir í máli þessu, og umrædd álagning sé því rétt að lögum. Hér komi þá fyrst til athugunar, hvort hér eigi við f.-liður 29. gr. framangreindra laga. Augljóst sé, að eigi sé hægt að flokka eigendur Bændahallarinnar og Hótels Sögu undir félög, sem enga atvinnu reki, og eigi það við báða aðilja. Rekstrar- og efnahagsreikningar þeir, sem fyrir liggi í málinu, segi til um, að aðiljar þessir reki mjög umfangsmikla atvinnu. Á rskj. nr. 5 komi fram, að aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar hússins sé rúmar 9.2 milljónir króna og Hótels Sögu rúmar 47.6 milljónir króna. Af þessu sjáist, að hér sé um geysimikinn atvinnurekstur að ræða í þeim skilningi, sem venjulega sé lagður í það orð. Hvort sú starfsemi, sem félög þessi reki og hér sé um að ræða, sé til almenningsheilla og þjóðþrifa, eins og umboðsmaður gerðarþola haldi fram í greinargerð sinni, geti orkað tvímælis, en jafnvel þó að viðurkennt væri, að markmið þessara félagssamtaka væru almenningsheill og þjóðþrif, þá skipti það engu máli hér, því að undanþáguákvæði 29. gr. laga nr. 51/1964 nái aðeins

til slíkra félaga, ef þau reki eigi atvinnu. Að vísu hafi gengið hæstaréttardómur í málinu: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Múlalundi (Hæstard. XXXV, bls. 687), sem beri það með sér, að þetta undantekningarákvæði sé talið eiga við vissa aðilja, jafnvel þó að þeir reki atvinnu, ef atvinnan sé „eðlisþáttur" í líknarstarfsemi, eins og það sé orðað í dóminum. Hér eigi þetta eigi við, það verði með engu móti sagt, að hótelrekstur eða útleiga á skrifstofuhúsnæði til erlendra sendiráða eða innlendra flugfélaga sé „eðlisþáttur" í starfsemi búnaðarfélaga eða annarra bændasamtaka. Um þetta mætti miklu fremur vitna til annars hæstaréttardóms, nefnilega í málinu: Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Sjómannadagsráði f. h. Laugarásbíós (Hæstard. XXX, bls. 309), en þar segi, að rekstur kvikmyndahúss til tekjuöflunar elliheimili sé eigi sá eðlisþáttur í starfrækslu slíkrar stofnunar, að hann megi telja udanþeginn aðstöðugjaldi samkvæmt því lagaákvæði, sem hér sé um að ræða. Af framansögðu sé ljóst, að gerðarþoli eigi ekki að njóta góðs af undanþáguákvæði f-liðar 29. gr. laga nr. 51/1964. Þá sé að athuga g-lið sömu lagagreinar, en til hennar hafi einnig verið vitnað í málinu. Þar segi, að undanþegnir útsvari séu:

„Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka".

Komi þá væntanlega helzt til athugunar, hvort þessir aðiljar geti talizt vera sama og ríkissjóður eða ríkisstofnanir eða sjóðir, sem standi undir beinni umsjón ríkisstjórnarinnar. Hér sé vissulega eigi um neina sjóði að ræða í venjulegum skilningi, svo að útiloka megi strax þann möguleika. Það skipti sem sé eigi máli í þessu sambandi, hvort afskipti ríkisstjórnarinnar séu meiri eða minni af þessum aðiljum. Þetta séu eigi sjóðir og lagaákvæðið eigi því eigi við þegar af þeirri ástæðu. Enn síður sé hægt að segja um þessa aðilja, að þeir séu sjálfur ríkissjóðurinn og komi þá væntanlega helzt til álita, hvort hér sé um að ræða ríkisstofnanir. Að því er varðar Stéttarsamband bænda, virðist liggja í augum uppi, að það sé eigi ríkisstofnun, sbr. 1. og 2. gr. samþykkta fyrir Stéttarsamband bænda, rskj. nr. 15. Þar komi ljóst fram, að hér sé um að ræða frjáls félagasamtök einnar stéttar til gæzlu eigin hagsmuna, en eigi til hagsmuna ríkisins sem slíks, enda sé sýnilegt af sumum þessara ákvæða, að hagsmunir samtakanna annars vegar og ríkisins hins vegar séu algerlega

andstæðir, sbr. 2. gr., 1. lið og 2. lið a. Ætti þetta að nægja til að sýna, svo að eigi verði um deilt, að Stéttarsamband bænda sé eigi ríkisstofnun. Þá komi að því að athuga, hvort Búnaðarfélag Íslands eigi að teljast ríkisstofnun. Ljóst sé, að félagið sé að mjög verulegu leyti styrkt af ríkissjóði og hafi á hendi margvísleg hlutverk, sem því séu fengin af Alþingi og ríkisstjórn í þágu landbúnaðarins, sbr. einkum 4. og 5. lið 5. gr. laga Búnaðarfélagsins, rskj. nr. 13. Hins vegar sé hér óumdeilanlega um félag að ræða, sbr. 1. og 2. gr. laga félagsins. Það felist fyrst og fremst í sjálfu félagsnafninu, að hér sé eigi um ríkisstofnun að ræða, það sjáist og af 2. gr. og reyndar lögunum í heild, að menn gangi í félagið af frjálsum vilja og gerist meðlimir þess, en þannig verði menn eigi eðli málsins samkvæmt aðiljar að ríkisstofnunum. Því hafi starfsmenn Búnaðarfélagsins eigi verið á launalögunum, meðan þau giltu, og heyri eigi undir Kjaradóm, sbr. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 55/1962. Hins vegar munu þeir vera félagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins samkvæmt sérstökum lögum nr. 15/1928, en það sanni ekkert um, að þeir séu ríkisstarfsmenn, þar eð fjöldi starfsmanna sé í þeim sjóði, sem eigi séu ríkisstarfsmenn, svo sem starfsmenn Samábyrgðarinnar, Slysavarnafélagsins, Alþýðusambandsins og Sjúkrasamlagsins. Þá komi og ekkert fram um það í lögum félagsins, að eignir þess renni til ríkissjóðs, ef það yrði lagt niður, og ekkert af tekjum félagsins renni í ríkissjóð. Enn fremur megi í þessu sambandi benda á hæstaréttardóm í málinu: Samábyrgð íslenzkra fiskiskipa gegn Gjaldheimtunni í Reykjavík (Hæstard. XXXVI, bls. 417). Af öllu þessu sé ljóst, að Búnaðarfélag Íslands verði eigi talið ríkisstofnun. Af framansögðu verður því að líta svo á, að gerðarþoli falli eigi í því tilviki, sem um ræðir í máli þessu, undir undanþáguákvæði 8., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 og sé því aðstöðugjaldsskyldur.

Aðiljar hafa lagt málið undir úrskurð réttarins.

Eins og að framan greinir, er mál þetta höfðað gegn Hótel Sögu við Hagatorg hér í borg til greiðslu eftirstöðva aðstöðugjalds fyrir ár 1966 samkvæmt gjaldseðli nr. 661—600 að fjárhæð kr. 737.629.00, en eigendur gerðarþola eru Búnaðarfélag Íslands að ⅔ hlutum og Stéttarsamband bænda að ⅓ hluta. Enda þótt gjaldseðillinn og álagningin af hálfu skattstofunnar hljóði á nafn Hótels Sögu, er hér raunverulega um að ræða álagningu aðstöðugjalds á Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda vegna rekstrar Bændahallarinnar og Hótels Sögu, sbr. greinargerð um-

boðsmanns gerðarþola, rskj. nr. 4, og skattframtölin, rskj. nr. 7 og 8, svo og greinargerð skattstofunnar, rskj. nr. 5. Að þessu hefur umboðsmaður gerðarþola vikið í greinargerð sinni, rskj. nr. 4, bls. 6 og 2, en þar segir:

„Þótt Hótel Saga sé eigi sérstakur réttaraðili, eins og skýrt hefur verið hér að framan, þá eru mótmæli af hálfu varnaraðila eigi byggð á því, ef virðulegur fógetaréttur sér sér fært að kveða upp úrskurð á hendur Hótel Sögu, en eins og skjöl málsins bera með sér, þá er málinu einnig beint að Bændahöllinni, sem heldur eigi er sérstakur réttaraðili.

Mál þetta snýst um það, hvort Búnaðarfélagið og Stéttarsamband bænda séu meðal þeirra, er greiða beri aðstöðugjald samkvæmt lögum nr. 51/1964 af rekstri Bændahallarinnar og Hótels Sögu".

Rétturinn lítur svo á, að enda þótt réttara hefði verið að láta umrædda álagningu hljóða á Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda vegna Bændahallarinnar og Hótels Sögu í stað einungis Hótels Sögu, þá skipti það eigi máli hér, þar eð greinilega liggur fyrir í upphafi af hálfu skattstofunnar, að lagt er á rekstur Bændahallarinnar og Hótels Sögu samkvæmt þeim framtölum, sem fyrir liggja í málinu, sbr. rskj. nr. 7 og 8. Vísast um þetta efni að öðru leyti til greinargerðar skattstofunnar, rskj. nr. 5. Telur rétturinn því, að kveða beri upp efnislegan úrskurð í máli þessu.

Umboðsmaður gerðarþola hefur, sem að framan greinir, mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á þeim forsendum, að eigendur Bændahallarinnar og Hótels Sögu, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, séu starfrækt eingöngu til aðstoðar landbúnaðinum í landinu og þannig til almenningsheilla og þjóðþrifa og að atvinnu reki þessi félög þannig eigi. Tvímælalaust sé, að öll starfsemi félaganna og sjóðir séu undir umsjón ríkisstjórnarinnar og starfsemin undir eftirliti hennar, enda sé mikill hluti kostnaðar við félögin greiddur úr ríkissjóði. Samkvæmt lögum Búnaðarfélagsins sé félagið þjónustustofnun Alþingis og ríkisstjórnarinnar og bændastéttar landsins í landbúnaðarmálum, m. a. sem framkvæmdaraðili að ýmsum fyrirskipunum Alþingis og ríkisstjórnar, vísindastofnun, ráðgjafi, bókaútgefandi o. fl. Bændahöllin hafi verið reist eingöngu sem þáttur í starfsemi félaganna og hafi að sjálfsögðu verið byggð stærri en þörf hafi verið á á þeim tíma, en með hliðsjón af framtíðarvexti og auknum þörfum félaganna síðar. Það sé því ljóst, að gerðarþoli,

þ. e. Bændahöllin og Hótel Saga, eigi að njóta undanþáguákvæða 8. gr., sbr. f.- og g-lið 29. gr. laga nr. 51/1964, að því er aðstöðugjald varðar.

Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarþola getur rétturinn eigi fallizt. Þar eð eigendur Bændahallarinnar og Hótels Sögu eru tveir, sem sé Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, þykir rétt að taka til athugunar hvorn aðilja fyrir sig og þá fyrst Búnaðarfélagið. Vitaskuld verður á engan hátt dregið í efa, að Búnaðarfélag Íslands gegnir veigamiklu hlutverki í þágu íslenzks landbúnaðar og að starfsemi þess miðar að því leyti að sjálfsögðu til almenningsheilla og þjóðþrifa, þar eð hér er um að ræða annan aðalatvinnuveg þjóðarinnar. Þá er það enn fremur vitað, að Búnaðarfélagið nýtur mikils styrks úr ríkissjóði til starfsemi sinnar og að búnaðarmálasjóður er undir umsjón ríkisstjórnarinnar. Engu að síður lítur rétturinn svo á, að staðreyndir þessar leiði eigi til þess, að Búnaðarfélagið, að því er varðar rekstur þess á Bændahöllinni og Hótel Sögu, falli udir undanþáguákvæði laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga. Í 2. lið 8. gr. nefndra laga segir svo:

„Undanþegnir aðstöðugjaldi eru þeir, sem um ræðir í 29. gr.". Í 29. grein segir:

„Undanþegnir útsvari eru: ... f. Félög, sem enga atvinnu reka, svo sem félög til eflingar listum og vísindum, skemmtifélög, líknarfélög, stjórnmálafélög, trúarbragðafélög o. fl.".

Verður vart talið að áliti réttarins, að Búnaðarfélagið sé meðal þeirra félaga, sem talin eru upp í þessum lið nefndrar lagagreinar. Auk þess er það gert að skilyrði í upphafi þessa ákvæðis, að þau félög, sem þar eru nefnd, njóti því aðeins undanþágu frá umræddri skattskyldu, að þau reki enga atvinnu. Af rekstrar- og efnahagsreikningum þeim, sem fyrir liggja í málinu, sést, enda vitað, að gerðarþoli, þ. e. Bændahöllin og Hótel Saga, stundar mjög umfangsmikinn atvinnurekstur. Á rskj. nr. 5 er það upplýst, að aðstöðugjaldsstofn vegna rekstrar hússins er rúmar 9.2 milljónir króna og vegna rekstrar Hótels Sögu rúmar 47.6 milljónir króna. Er af þessu ljóst, að hér er um stórfelldan atvinnurekstur að ræða á íslenzkan mælikvarða og að Búnaðarfélagið fullnægir að því leyti eigi heldur þeim skilyrðum að reka enga atvinnu, sem í þessu lagaákvæði er sett fyrir undanþágu frá aðstöðugjaldsskyldu.

Í g-lið 29. gr. eru enn fremur taldir undanþegnir útsvari og þar með einnig aðstöðugjaldi samkvæmt 8. gr. laganna:

„Ríkissjóður, ríkisstofnanir, svo og sjóðir, sem standa undir umsjón ríkisstjórnarinnar, sveitarfélögin sjálf og fyrirtæki, sem þau reka, og sjóðir sveitarfélaga, og enn fremur aðrir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka".

Kemur þá til álita, hvort Búnaðarfélag Íslands geti talizt til einhverra þeirra aðilja, sem í þessum lið umræddrar lagagreinar eru nefndir. Rétturinn verður að fallast á það sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda, að Búnaðarfélag Íslands geti eigi fallið undir hugtakið sjóður í venjulegum skilningi þess orðs, og breyti engu í því efni, að ríkisstjórnin hefur eftirlit með búnaðarmálasjóði, sem er í vörzlum Búnaðarfélagsins, sem annast stjórn hans og reikningshald. Því síður verður litið svo á, að Búnaðarfélagið sé sjálfur ríkissjóður eða hluti hans, enda þótt félagið njóti mikils fjárframlags úr ríkissjóði. Þá verður að áliti réttarins eigi talið, að Búnaðarfélag Íslands sé ríkisstofnun, enda þótt félagið annist ýmis störf á vegum Alþingis og ríkisstjórnar, heldur félag í venjulegri merkingu þess orðs, svo sem 1. og 2. gr. félagslaganna, rskj. nr. 13, ber með sér. Og enn fremur er það samkvæmt þessum lið umræddrar lagagreinar gert að skilyrði fyrir skattfrelsi þar nefndra aðilja, að þeir reki enga atvinnu. Rétturinn lítur því svo á, að Búnaðarfélagið njóti eigi undanþágu frá aðstöðuskyldu samkvæmt 29. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar rekstur þess á Bændahöllinni og Hótel Sögu, og á það bæði við hótelreksturinn og leigutekjurnar af húsnæðinu í Bændahöllinni. Á rskj. nr. 10, bls. 8, er nýting húsnæðis í Bændahöllinni sundurliðuð sem hér segir:

1. Til afnota fyrir skrifstofur eigenda 10% af heildareign.
2. Til útleigu fyrir skrifstofur, bókasafn, verzlanir, rakarastofu, gufubað, nuddstofu o. fl. um 20% af heildareign.
3. Til hótelrekstrar um 70% af heildareign.

Tölur þessar, sem eigi hafa verið vefengdar, sýna, að Bændahöllin eða húsnæðið þar er aðeins að litlu leyti notað í beinar þarfir eigendanna sjálfra, þ. e. Búnaðarfélagsins og Stéttarsambands bænda, en um 90% húsnæðisins fer til útleigu og hótelrekstrar. Enda þótt rétturinn fallist á, að eðlilegt hafi verið að byggja mun stærra hús en þörf var fyrir, er byggt var, með hliðsjón af framtíðarvexti og þar af leiðandi vaxandi þörf félaganna, þá er hér um svo mikið útleiguhúsnæði að ræða í hlutfalli við það, sem félögin sjálf nota, að rétturinn lítur svo á, að tekjur félaganna af þessari útleigu, einnig til hótelrekstrar, eigi að

vera aðstöðugjaldsskyldar, meðan það ástand ríkir, að húsnæðið sé leigt út.

Það, sem hér að framan hefur verið sagt um aðstöðugjaldsskyldu Búnaðarfélags Íslands, tekur einnig og eigi síður til Stéttarsambands bænda, og vísast til þess, að því er það varðar, sbr. 2. og gr. (sic) samþykkta Stéttarsambandsins, rskj. nr. 15, bls. 106.

Samkvæmt framanskráðu lítur rétturinn svo á, að eigendur Bændahallarinnar og Hótels Sögu, þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, hafi verið aðstöðugjaldsskyldir vegna rekstrar Bændahallarinnar og Hótels Sögu, þegar umrætt aðstöðugjald var lagt á, enda sé umræddur atvinnurekstur eigi sá eðlisþáttur í starfrækslu þessara aðilja, að slík starfsemi megi eftir ákvæðum 2. mgr. 8. gr., sbr. 29. gr. laga nr. 51/1964 teljast undanþegin aðstöðugjaldi samkvæmt III. kafla laganna, enda þótt þeir kynnu að vera undanþegnir þessu gjaldi af beinni starfsemi sinni í þágu landbúnaðarins samkvæmt lögum sínum og samþykktum.

Þykir því verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 18. október 1967.

Nr. 155/1967. **Auðunn Þorsteinsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Sigríði Þorsteinsdóttur
(Jón Bjarnason hrl.)
og Jóni Ísberg sýslumanni f. h. dánar- og félagsbús Þorsteins Bjarnasonar og Margrétar Kristjánsdóttur
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. okt. 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi s. d. Krefst hann þess, að húseignin „Margrétarhús" á Blönduósi verði talin sameign sín og bróður síns Kristjáns Þorsteinssonar og henni haldið utan við skipti á dánar- og félagsbúi foreldra þeirra, Þorsteins Bjarnasonar og Margrétar Kristjánsdóttur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, Sigríðar Þorsteinsdóttur.

Stefnda, Sigríður Þorsteinsdóttir, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst þess, að hrundið verði kröfu áfrýjanda og honum gert að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Stefndi, Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, krefst þess f. h. dánar- og félagsbúsins, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Er Margrét Kristjánsdóttir gerði hinn 15. ágúst 1948 kaupsamning við syni sína, áfrýjanda Auðunn og Kristján Þorsteinssyni, um sölu á íbúðarhúsi sínu, „Margrétarhúsi", hafði hún eigi fengið leyfi skiptaráðanda til setu í óskiptu félags- og dánarbúi sínu og látins eiginmanns síns, Þorsteins Bjarna-

sonar, og brast því heimild til slíkrar ráðstöfunar á eign búsins án samþykkis allra samerfingja sinna. Verður kröfu áfrýjanda því þegar af þeirri ástæðu hrundið.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, en dæma ber skipuðum málflytjanda stefndu, Sigríðar Þorsteinsdóttur, fyrir Hæstarétti málsvarnarlaun úr ríkissjóði, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Kröfu áfrýjanda, Auðuns Þorsteinssonar, í máli þessu er hrundið.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu, Sigríðar Þorsteinsdóttur, fyrir Hæstarétti, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður skiptadóms Húnavatnssýslu 13. desember 1966.

Sóknaraðiljarnir, Auðunn Þorsteinsson, Bergstaðastræti 9 B hér í borg, og Kristján Þorsteinsson, Blönduósi, hafa gert þær réttarkröfur, *að* húseignin „Margrétarhús" á Blönduósi verði talin eign þeirra sameiginlega og henni þannig haldið utan við skipti á dánar- og félagsbúi Þorsteins Bjarnasonar og Margrétar Kristjánsdóttur í skiptarétti Húnavatnssýslu og *að* þeim verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi varnaraðiljans, Sigríðar Þorsteinsdóttur.

Varnaraðilinn, Sigríður Þorsteinsdóttir, Grenimel 31 hér í borg, hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og *að* sér verði úrskurðaður málskostnaður úr höndum sóknaraðiljanna in solidum.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 2. þ. mán.

Hinn 25. júlí 1937 andaðist Þorsteinn Bjarnason, búsettur á Blönduósi. Dánar- og félagsbúi hans og konu hans, Margrétar Kristjánsdóttur, var þá ekki skipt. Margrét andaðist 19. maí 1964.

Uppskrift á eignum dánar- og félagsbús þessa fór fram á Blönduósi 12. ágúst 1964, sjá rskj. 5/I. Þar kom fram, að erfingjar í búinu eru 3 börn hinna látnu hjóna, Auðunn, Kristján og Sigríður, öll lögráða. Við uppskriftina komu fram auk innan-

stokksmuna, sem metnir voru á kr. 5.400.00, íbúðarhúsið „Margrétarhús“ á kr. 35.200.00 og bankainnstæða, kr. 11.521.46. Skuldir eru ekki tilfærðar nema útfararkostnaður, kr. 15.000.00. Í lok uppskriftar kom fram samningur um sölu „Margrétarhúss“ til sóknaraðiljanna, sjá rskj. 5/II, og verður síðar gerð grein fyrir þeim gerningi.

Í máli þessu liggur fyrir sem rskj. 5/IV bréf sóknaraðiljans Auðuns til sýslumanns Hánavatnssýslu, dags. 8. sept 1963, þar sem hann spyr, hvort skipti hafi farið fram á dánarbúi föður síns. Þá liggur fyrir bréf umboðsmanns Auðuns til sýslumanns, dags. 27. júní 1964, þar sem þess er óskað, að dánar- og félagsbúið verði tekið til opinberrar skiptameðferðar. Erindi þetta ítrekar hann með bréfi 7. janúar 1965. Sjá hér að lútandi rskj. 5/VII.

Skiptafundir voru haldnir í búinu 14. júní og 13. júlí 1965, og vísast þar um til rskj. 2 og 3. Kom þá fram ágreiningur um það milli erfingjanna Auðuns og Kristjáns annars vegar og Sigríðar hins vegar, hvort með „Margrétarhús“ skyldi farið sem eign búsins, og var ákveðið, að sérstakt skiptaréttarmál skyldi rekið um þann ágreining. Hinn 19. júlí 1965 kvað sýslumaður Jón Ísberg upp úrskurð þess efnis, að hann viki sæti í þessu skiptaréttarmáli, enda hafði hann á sínum tíma aðstoðað við gerð samnings þess, sem kröfugerð sóknaraðiljanna byggist á. Er þessi úrskurður sýslumanns lagður fram sem rskj. 4 í máli þessu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 25. nóvember 1965, rskj. 1, var Þorsteinn Thorarensen lögfræðingur skipaður til þess að fara með og úrskurða skiptaréttarmál þetta sem setuskiptaráðandi, og hefur hann kveðið upp þennan úrskurð.

Það er komið fram í máli þessu, að í búi þessu voru byggingar auk íbúðarhússins — vörugeymsluhús, sláturhús með viðbyggingu, enn fremur fjós með hlöðu, haughús og gryfju. Lagðir hafa verið fram í málinu 3 uppdrættir, rskj. 8, 9 og 10, sem sýna afstöðu þessara bygginga. Þá hefur komið fram ljósmynd, sem sýnir nokkur húsanna, en hefur ekki verið lögð fram sem réttarskjal.

Í málinu liggur fyrir sem rskj. 5/VIII kaupsamningur, dagsettur 3. ágúst 1952. Þar selur og afsalar Margrét Kristjánsdóttir Konráði Diomedessyni, kaupmanni á Blönduósi, eiginmanni dóttur hennar, Sigríðar, útihúsum þeim, sem „tilheyra dánarbúi“ Þorsteins Bjarnasonar, sem sé: byggingum þeim öllum, sem hér að framan er getið, að undanteknu íbúðarhúsi, og með tilheyr-

andi lóðarréttindum samkvæmt nánar tilgreindum mörkum. Kaupverð er kr. 13.500.00, og segir í samningnum, að það sé greitt með „skuldabréfi, útgefnu í dag". Á samning þennan hafa börn Margrétar, Auðunn, Kristján og Sigríður, ritað, að þau séu „samþykk ofanrituðu afsali ásamt veðskuldabréfi, útgefnu af Konráði Diomedessyni í dag til greiðslu ofannefnds kaupverðs".

Konráð Diomedesson er nú látinn fyrir allmörgum árum.

Sóknaraðiljarnir hafa bent á það, að enda þótt nýnefndur kaupsamningur sé dagsettur á árinu 1952, hafi Konráð Diomedesson fengið umrædd hús til umráða miklu fyrr, eða um það bil árið 1945. Fram hafa komið gögn í málinu, sem hníga í þessa átt, og umboðsmaður varnaraðilja tók sérstaklega fram í munnlegum flutningi málsins, að hann mótmælti ekki þessari staðhæfingu sóknaraðiljanna.

Þá hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. 5/II kaupsamningur Margrétar Kristjánsdóttur við syni hennar, Auðun og Kristján. Þessi samningur er dagsettur 15. ágúst 1948. Þar selur Margrét þeim bræðrum íbúðarhús sitt á Blönduósi, „tilheyrandi dánarbúi" Þorsteins Bjarnasonar, með lóðarréttindum. Kaupverð er kr. 32.000.00, og lýsa kaupendurnir því yfir, að þeir greiði það „á þann hátt, sem ákveðið verður, þegar skipti fara fram á dánarbúi Þorsteins sál. Bjarnasonar". Þá segir svo í samningnum: „Afsalsbréf fyrir eigninni geta kaupendur fengið, þá er þeir óska, en greiða skal þann kostnað, sem leiðir af þinglestri og stimplun þess". Þá getur þess í samningnum, að kaupendur taki að sér að greiða skatta og skyldur af eigninni að liðnum 1. september 1948.

Um leið og sóknaraðiljarnir benda á, að þau Sigríður og Konráð Diomedesson hafi verið búin að fá útihús afhent, alllöngu áður en samningurinn á rskj. 5/II var gerður, staðhæfa þeir, að salan á „Margrétarhúsi" til þeirra hafi aðeins verið gerð til þess að jafna hlut þeirra sem erfingja gagnvart Sigríði og aldrei hafi verið ætlunin, að þeir skyldu greiða neitt kaupverð, þótt samningurinn geri ráð fyrir því. Segja megi, að báðar þessar afhendingar hafi verið fyrirframgreiðsla upp í arf úr hinu óskipta búi. Þannig telja þeir sig hafa orðið eigendur að „Margrétarhúsi" þegar hinn 15. ágúst 1948, þótt ekki hafi verið formlega tekið við eigninni, og sé hús þetta því óviðkomandi búinu.

Auðunn Þorsteinsson hefur gefið skýrslu hér í réttinum. Kveðst hann ekki hafa greitt nein opinber gjöld af „Margrétarhúsi" fyrr en í janúar 1966, að hann hafi greitt tveggja ára fasteignagjöld og eins árs brunabótagjald að beiðni sveitarstjóra Blönduós-

hrepps, sem hafi vitjað gjaldanna til hans. Hann kveðst engar tekjur hafa haft af húseigninni, en leyft móður sinni leigulausa dvöl þar. Hann kveðst muna, að varnaraðilinn Sigríður hafi verið viðstödd undirritun á rskj. 5/II, og minnir, að maður hennar Konráð hafi einnig verið þar.

Varnaraðili mótmælir því, að móðir þeirra aðiljanna hafi haft leyfi til setu í óskiptu búi. Sú muni hafa verið skoðun allra erfingja, sbr. það, að þörf muni hafa verið talin á, að allir samþykktu þeir ráðstöfun hennar á útihúsunum til Konráðs. Þannig hafi hún ekki haft heimild til að ráðstafa húseign búsins til sóknaraðiljanna án síns samþykkis.

Því er mótmælt af varnaraðilja hálfu, að jafna hafi þurft hlut sóknaraðilja gagnvart henni. Gjöld hafi komið fyrir þau hús, er hún og maður hennar fengu, og hafi þar ekki verið meiri kostakaup en sóknaraðiljum voru boðin með samningum til þeirra. Jafnframt er því mótmælt, að þeir skyldu ekki inna af hendi kaupverð íbúðarhússins. Auðsætt sé, að samningurinn á rskj. 5/II sé ekki annað og meira en samkomulag um, að sóknaraðiljar skyldu eiga heimtingu á að fá afsal fyrir húsinu að uppfylltum skilyrðum, einkum því að greiða af hendi kaupverðið. Þetta hafi þeir þó látið hjá líða allan þann tíma, sem móðir þeirra lifði, og jafnvel hafi þeir ekki boðið slíkt fram í máli þessu, — hún hafi haldið áfram að greiða skatta og skyldur af húsinu og þeir hafi ekki talið sér húsið til eignar á neinum vettvangi. Máske muni aldrei hafa verið tilætlunin, að samningur þessi kæmi til framkvæmda, og eins og nú sé málum komið, sé alsendis útilokað að taka tillit til ákvæða hans, t. d. séu nú allar forsendur fallnar niður fyrir þeirri ákvörðun kaupverðs, sem ef til vill hafi þótt sanngjörn árið 1948.

Jón Ísberg, sýslumaður Húnavatnssýslu, hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu. Kveður hann, að vel megi vera, að hann hafi skjalfest samning Margrétar Kristjánsdóttur við sóknaraðiljana, en nú orðið kveðst hann lítið geta borið um viðræður aðilja, sem fram kunni að hafa farið af því tilefni, en þeir aðiljarnir muni hafa verið búnir að koma sér saman um efni samningsins. Hann kveðst hafa litið svo á, að samningurinn hafi verið gerður í þeim tilgangi að jafna hlut þeirra bræðra gagnvart Sigríði, sem þá hafi verið búin fyrir nokkru að fá eignir úr búinu. Hann segist hafa talið, að greiðsla kaupverðs samkvæmt þessum samningi hafi ekki endilega átt að fara fram, þó kveðst hann nú ekki muna, á hverju hann byggði þetta álit sitt.

Sýslumaður hefur upplýst, að ekki finnist í skjölum sýslumannsembættisins beiðni frá Margréti Kristjánsdóttur um setu í óskiptu búi. Heldur ekki liggi þar fyrir, að hún hafi fengið til þess skriflegt leyfi og hafi það lengst af ekki tíðkast við embættið, að skrifleg plögg væru gerð um þess háttar atriði. En aldrei hafi verið bornar á það brigður, að Margrét hefði búsetuleyfi.

Þá hefur Pétur Sæmundsen bankastjóri, Guðrúnargötu 9, mætt sem vitni í máli þessu, en hann er vitundarvottur á rskj. 5/VII, samningi Margrétar Kristjánsdóttur við Konráð Diomedesson. Hann segist álíta, að samningur Margrétar við Konráð hafi aðeins verið staðfesting á löngu orðnum hlut, enda hafi Konráð þá fyrir löngu verið búinn að fá þessi hús og gerbreyta þeim. Kaupverðið hafi verið mjög lágt, en um það hafi ráðið bæði ástand húsanna og tillit til kaupverðs í samningi Margrétar við sóknaraðiljana. Segir Pétur Sæmundsen það skoðun sína, að síðarnefndur samningur hafi átt að koma til jöfnunar afhendingunni á útihúsunum til Konráðs og Sigríðar. Kveðst hann nú ekki muna, hvort hann var vottur að skuldabréfi því, sem getur á rskj. 5/VIII, eða hvort það var gefið út.

Fram er komið í máli þessu, að varnaraðilinn, Sigríður Þorsteinsdóttir, og maður hennar, Konráð Diomedesson, hafi fengið húseignir úr búinu, og þykir ekki ástæða til að efa, að Konráð hafi um leið gefið út skuldabréf fyrir kaupverðinu, þó að ekki sé sérstaklega upplýst um afdrif þess.

Nú orðið eru engin tiltök að gera sér grein fyrir innbyrðis verðmæti húseigna þeirra, sem um getur í máli þessu, og þannig er ekkert sérstaklega fram komið um, að þörf hafi verið á að jafna hlut þeirra bræðra, sóknaraðiljanna, sem erfingja í búinu.

Þess getur ekki í samningi Margrétar Kristjánsdóttur við syni sína, að þar hafi vakað fyrir aðiljum að gera jöfnunargerð og hefði það þó legið beint við, ekki hvað sízt, þegar á það er litið, að afhending útihúsanna til Konráðs Diomedessonar hafi þá þegar farið fram. Í þessum samningi er þvert á móti gert ráð fyrir því, að þar greint kaupverð skuli gert upp, þá er skiptagerð fer fram.

Verður ekki komizt hjá því að vísa á bug þeirri staðhæfingu sóknaraðiljanna, að þeir hafi orðið eigendur að „Margrétarhúsi" við það, að samningurinn á rskj. 5/II var gerður án frekari athafna af þeirra hálfu, þegar jafnframt er á það litið, að ekki verður séð, að þeir hafi á öllum þeim tíma, sem frá samningsgerð er liðinn, neytt aðilda eigenda að húseign þessari.

Verður ekki annað fyrir hendi en að vísa réttarkröfum sóknar-

aðiljanna á bug. Að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:
Réttarkröfur sóknaraðiljanna eru ekki teknar til greina.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 20. október 1967.

Nr. 84/1966. **Guðmundur Agnar Ásgeirsson og Björn Davíðsson** (Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
oddvitum Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps f. h. hreppanna
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun. Landamerkjamál. Botns-, vatns- og veiðiréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1966 og haft uppi þessar dómkröfur: *Aðallega*, að héraðsdómurinn verði ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi og stefndu dæmdir til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og hér fyrir dómi, en *til vara*, að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefndu í málinu og dæmdur málskostnaður bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 3. júlí 1965 afsalaði áfrýjandi Guðmundur Agnar Ásgeirsson Veiðifélaginu Bláskógum s/f jörðinni Þverfelli

„með öllum gögnum og gæðum, þar með töldum öllum veiðiréttí óskoruðum í Reyðarvatni“, en í afsalinu er þess getið, að veila sé um veiðiréttinn og sé mál rekið um það fyrir héraðsdómi. Tólf nafngreindir menn, þar með talinn áfrýjandinn Guðmundur Agnar Ásgeirsson, eru taldir eigendur Veiðifélagsins Bláskóga s/f og undirrituðu afsalið. Afsal þetta var afhent til þinglestrar 6. ágúst 1965.

Umráðamönnum Veiðifélagsins Bláskóga s/f hefur eigi verið stefnt til að svara til sakar í héraði, enda kveðst umboðsmaður sækjenda í héraði, sem eru stefndu hér fyrir dómi, eigi hafa vitað um afsal þetta fyrr en að gengnum héraðsdómi. Hefur hann óskað þess með tilvísun til 54. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að málið verði dæmt á hendur áfrýjandanum Guðmundi Agnari Ásgeirssyni einum vegna jarðarinnar Þverfells.

II.

Áfrýjendur reisa kröfu sína um ómerkingu á því, að stefndu hafi í upphaflegri kröfugerð sinni, sem leitað var sátta um, eigi sundurgreint, hvað hvor þeirra ætti mikinn hluta af strandlengju Reyðarvatns, og eigi tiltekið, hvað réttur þeirra tæki langt út í vatnið. Hefði því eigi verið leitað réttilega sátta í málinu. Þá er ómerkingarkrafan á því reist, að um óheimilt aðiljasamlag sé að tefla og að fyrirsvarsmönnum Þingvalla hafi eigi verið veittur kostur á að gæta réttar þeirrar jarðar í málinu.

Samkvæmt 4. tl. kaupsamnings um Oddsstaðatungur frá 17. júní 1933 skulu lönd Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps meðfram Reyðarvatni „notuð og leituð í sameiningu framvegis, eins og verið hefur hin síðari ár“. Eiga hrepparnir því þegar af þeirri ástæðu samaðild um þessi lönd.

Eftir að mál þetta kom fyrir Hæstarétt, hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið átt þess kost að kanna skjöl málsins. Hefur ráðuneytið í bréfi 14. október 1967 lýst því, að ekki verði talið, „... að umrætt mál varði landsréttindi Þingvallakirkju“.

Að öðru leyti verður rætt um ómerkingarkröfu áfrýjenda í IV. kafla hér á eftir.

III.

Í landamerkjaskrá Þverfells frá 10. september 1886, sem þinglesin var 2. júní 1887, segir svo í staðfestu endurriti, þar sem texti skrárinnar hefur verið færður til nútímastafsetningar: „Fyrst úr Kaldagili, þar sem fellur í Tunguá, í stein þann, sem stendur á Langamel, merktur með +, sem höggginn er í steininn, síðan beina stefnu í lágan hellustein, sem er vestanverðu í svokölluðu Áreiðarskarði, merktan með sama +. Úr þessum steini ræður bein stefna eftir mýrardragi upp á hálinn um og yfir vesturenda á syðri tjörninni og í stein þar norður á hryggnum, sem er með höggnum +, svo ræður bein stefna norður hálsinn og í Grímsá, þar sem Kaldá fellur í hana að norðanverðu, á þessari stefnu á að vera steinn merktur með +. Svo ræður Grímsá fram til Reyðarvatnsóss. Svo eru merkin með austurströnd Reyðarvatns suður að Reyðarlæk. Svo ræður hann merkjum til Grunnavatns. Svo ræður bein sjónhending merkjum milli Þverfells og Þingvallakirkju í háhnjúkinn á Kvígindisfelli. Þaðan vestur í gil það, sem fellur syðst í krókinn, sem er vestan undir því og Tunguá kemur úr. Síðan ræður Tunguá merkjum ofan fjallið, þar til Kaldagil rennur í hana“.

Landamerkjaskrá þessa undirrituðu þeir Björn Sveinbjarnarson, þáverandi ábúandi Þverfells, Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli, en lönd Þverfells og Vörðufells liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn, séra Jens Pálsson vegna Þingvallakirkju og Jón Guðmundsson á Reykjum, en lönd Þverfells og Reykja liggja saman, þó eigi við Reyðarvatn. Réttháfar að landi norðan og austan megin Reyðarvatns undirrituðu ekki landamerkjaskrána. Samkvæmt landamerkjaskrá þessari telja eigendur Þverfells sig eiga botns-, vatns- og veiðirétt í öllu Reyðarvatni.

Stefndu hér fyrir dómi, sem lönd eiga að Reyðarvatni að norðan og austan, vefengja þennan rétt.

Ákvæði Jónsbókar, landsleigubálkur, 56. kapituli, „um

veiðivötn ok veitur ok veiðiár", voru gildandi lög um þetta efni, þegar landamerkjaskrá Þverfells var gerð. Þar segir: „Hverr maðr á vatn ok veiðistöð fyrir sinni jörðu ok á sem at fornu hefur verit, nema með lögum sé frá komit". Þá segir í 59. kapitula landsleigubálks Jónsbókar um almenninga: „Fiskivötn öll í almenningu eru öllum jafnheimil". Um þessi efni gilda nú ákvæði 4. gr. laga nr. 15/1923 og 4. til 8. gr. laga nr. 53/1957.

Ábúandi Þverfells mátti eigi með einhliða gerð og þinglestri landamerkjaskrárinnar frá 10. september 1886 auka rétt Þverfells til Reyðarvatns umfram það, sem áður hafði verið. Áfrýjendur hafa eigi fært fram gögn fyrir því, að eigandi Þverfells hafi á þeim tíma, er landamerkjaskráin var gerð, átt frekari botns-, vatns- eða veiðirétt í Reyðarvatni en hin almennu ákvæði Jónsbókar sögðu til um.

Stefndu, málshöfðendur í héraði, gera kröfu til þess, að dæmdur verði gildur botns-, vatns- og veiðiréttur þeirra í Reyðarvatni frá Grímsármynni norður og austur um vatnið til þess staðar, þar sem Reyðarlækur fellur í það.

Stefndu skipta landi því, sem um er að tefla í málinu, í þrjá hluta:

1. Frá Grímsárósi að Fossármynni, sem þeir telja eign Andakílshrepps.
2. Frá Fossármynni að Drang eða Drangshlíð.
3. Frá Drang eða Drangshlíð að mynni Reyðarlækjar.

Hina tvo síðastgreindu hluta telja stefndu eign Lundarreykjadalshrepps.

Verða nú heimildir stefndu til lendna þessara kannaðar.

Um 1. Svonefnd Gullberastaðatunga, er stefndu telja liggja milli Fossár og Lambár, var hluti jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadalshreppi. Var hún seld Andakílshreppi árið 1898.

Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðatungu frá 17. júní 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jónssyni f. h. Lundarreykjadalshrepps, er landamerkjum við Reyðarvatn lýst þannig: „Að sunnan ræður Grímsá merkjum allt austur, þar til hún fellur úr Reyðarvatni. Þaðan ræður Reyðarvatn

þangað, sem Fossá rennur í það". Í landamerkjaskrá fyrir Gullberastaðastungu frá 2. júlí 1923, sem undirrituð er af Sigurði Jakobssyni f. h. Andakílshrepps og Áskatli Hjálmssyni f. h. Þverfells, er þessum sömu merkjum lýst þannig: „Úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá". Deila reis milli Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps um austurlandamerki Gullberastaðatungu, en á það mál var sætzt með samningi 17. júní 1933.

Um 2. Í lögfestu séra Þorsteins Helgasonar frá 18. maí 1837 um eignir og ítök Reykholtskirkju segir m. a.: „Þá lögfesti ég einnig land við Reidarvatn austan frá Drangshlíð og útundir Fossárflóa". Í vísitaziuskýrslu Péturs biskups Péturssonar 21. júlí 1869 segir, að Reykholtskirkja „á og hefur lengi haft í hefðarhaldi land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út um Fossárflóa ...". Þá segir í lögfestu séra Þórðar Þórðarsonar Jónassonar fyrir staðnum í Reykjaholti, dagsettri 29. maí 1876: „Þá lögfesti ég einnig land við Reyðarvatn austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa". Að fengnu leyfi bærra yfirvalda seldi Guðmundur prófastur Helgason f. h. Reykholtskirkju hinn 9. september 1895 Lundarreykjadalshreppi afréttarlönd Reykholtskirkju á suðurfjalli, þar á meðal „land við Reyðarvatn".

Um 3. Í lögfestu Markúsar prests Snæbjarnarsonar frá 16. maí 1740 um landamerki Þingvalla segir m. a.: „... Skjaldbreið hvöria eg lögfesti alla itra: Þaðann beint á Leirárhöfða og svo epter allt þar til vötnum hallar að Borgarfyrði. Þaðann beint epter til Steinkyrkiu eða Steinkistu (af sumum kallaðri)".

Í lýsingu Stefáns Pálssonar frá Oddgeirshólum á landamerkjum Þingvalla frá 10. janúar 1832 segir m. a.: „... Þaðan í gegnum Súlur og í Hrosshædir úr þeim eftir Uxahrygg og í Leyrárhöfða úr hönum í skurði, sunnan til vid Kaldadal, þadan í Eyríks-Nýpu í Baldjökli".

Þá segir meðal annars í sóknarlýsingu Þingvallasveitar, undirritaðri af séra Birni Pálssyni 5. febrúar 1840, um vötn í Þingvallasókn: „Stöðuvötn eru Lítil vík af Reyðarvatni, kölluð Selvík, Oxavatn kippkorn fyrir vestan Sæluhús".

Í landamerkjaskrá Þingvalla, sem undirrituð er 1. september 1886 af séra Jens Pálssyni f. h. Þingvalla, Davíð Snæbjarnarsyni f. h. eiganda Vörðufells og Birni Sveinbjarnarsyni f. h. eiganda Þverfells, segir svo m. a.: „... í austur rætur fjallsins Skjaldbreiðs, sem allt er eign Þingvallakirkju, og svo kringum það norður fyrir meðfram rótum þess og úr norðurrótum þess eftir beinni stefnu í Leirárhöfða og þar til vötnum hallar að Borgarfirði, en það er um þá línu, sem liggur sjónhending úr norðvesturhorni Geitlandsjökuls í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þar sem þessi síðasta lína sker línuna úr norðurrótum Skjaldbreiðs í Leirárhöfða, er hornmark.

Úr hornmarki þessu liggja landamerkin sjónhending í hæsta tind Kvikfjáryndisfells. Þaðan í mjóu Súlu (eður háu Súlu) ...".

Samkvæmt endurriti úr dóma- og þingbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu var hinn 29. maí 1890 á manntalsþingi fyrir Lundarreykjadalshrepp lesið skjal, dagsett 27. s. m., „þar sem hreppsnefndin í Lundarreykjadalshreppi lögfestir hreppnum land það á fjalli, er liggur fyrir norðan Reyðarlæk á milli Þingvallakirkju- og Reykholtskirkjulands".

IV.

Í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi, dags. 19. apríl 1963, krafðist umboðsmaður stefndu þess, „að merki landa umbjóðenda minna að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin frá svonefndum Reyðarlæk, austur og norður um að Grímsármynni og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndu landi verði talinn eign umbjóðenda minna".

Dómari leitaði sátta um þessa kröfu 12. júlí 1963. Á dómþingi 15. nóvember 1965 áréttaði umboðsmaður stefndu kröfur sínar um efni máls þannig:

„Að merki landa umbjóðenda minna að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin, að því er varðar Lundarreykjadalshrepp, frá svonefndum Reyðarlæk norður um að Fossá og að því er varðar Andakílshrepp, frá

Fossá að Grímsármynni, eftir miðju vatnsins, og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndum löndum verði talin eign umjóðenda minna í samræmi við framangreind landamerki". Eigi var leitað sátta um þessa framhaldskröfu.

Eigi verður séð, að málið hafi verið sótt og varið um víðtæki veiðiréttarins í Reyðarvatni fyrir héraðsdómi. Í dómi landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, uppkveðnum 2. apríl 1966, segir í forsendum: „Um veiðirétt og annan vatnsrétt í Reyðarvatni fer að landslögum, þannig að hver stefnenda á veiði- og vatnsrétt fyrir sínu landi". Af hendi stefndu var krafizt staðfestingar þessa ákvæðis dómsins fyrir Hæstarétti.

Nefnd yfirlýsing héraðsdómara um, að úrslit sakarefnis þess, sem ráða skal til lykta, skuli fara að landslögum, geymir eigi slíka afmarkaða niðurstöðu um kröfur stefnenda í héraði og sakarefnið, að talið verði, að málið hafi hlotið þann dóm í héraði, sem lagður verði til grundvallar áframhaldandi efnismeðferð þess í Hæstarétti. Verður því eigi hjá því komizt að ómerkja héraðsdóminn og málsmeðferðina í héraði frá og með dómþingi 12. júlí 1963 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með dómþingi 12. júlí 1963 eru ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 2. apríl 1966.

Með bréfi, dags. 8. apríl 1963, tilkynnti Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. oddvita Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps, að ágreiningur væri milli nefndra

hreppa annars vegar og eiganda Þverfells í Lundarreykjadal hins vegar, stefnda Guðmundar Agnars Ásgeirssonar, um landamerki Þverfells og veiðirétt í Reyðarvatni. Er málið var tekið fyrir á dómþingi hinn 20. júlí 1964, var einnig ábúanda Þverfells, Birni Davíðssyni, stefnt sem hagsmunaaðilja inn í málið.

Kröfur sóknaraðilja, eins og þær voru settar fram í þinghaldi hinn 14. marz s.l., eru þær, að merki landa þeirra að svonefndu Reyðarvatni í Lundarreykjadalshreppi verði ákveðin, að því er varðar Lundarreykjadalshrepp, frá svonefndum Reyðarlæk norður um að Fossá og að því er varðar Andakílshrepp, frá Fossá að Grímsármynni eftir miðju vatnsins og að veiðiréttur og annar vatnsréttur í Reyðarvatni fyrir nefndum löndum verði talinn eign sóknaraðilja í samræmi við framangreind landamerki. Enn fremur krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati réttarins.

Varnaraðiljar krefjast sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða þeim málskostnað eftir reikningi eða að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Upp af Lundarreykjadal í Borgarfirði liggur svonefnt Reyðarvatn. Vatnsstæðið er aflangt að lögun og liggur að meginstefnu frá norðri til suðurs. Jörðin Þverfell í Lundarreykjadal á land að vestur- og suðurströnd vatnsins, en að norðan þess og austan liggja afréttarlönd Andakílshrepps og Lundarreykjadalshrepps. Samkvæmt landamerkjabréfi fyrir Þverfell frá 10. sept. 1886 er Reyðarvatn allt innan landamerkja Þverfells, þ. e. þau eru frá Grímsárósi með austurströnd vatnsins suður að Reyðarlæk. Landamerkjabréf þetta undirritar Björn Sveinbjarnarson f. h. eiganda Þverfells, Davíð Snæbjarnarson á Vörðufelli, séra Jens Pálsson vegna Þingvallakirkju og Jón Guðmundsson á Reykjum.

Sóknaraðiljar vilja hnekkja þessu ákvæði í landamerkjabréfi Þverfells og telja, að þeir eigi hvor fyrir sínu landi full veiðiréttindi í Reyðarvatni og önnur vatnsréttindi. Byggja sóknaraðiljar þetta á eftirgreindum ástæðum:

I. Landamerkjabréfið var ekki undirritað af öllum þeim, sem lönd áttu að Reyðarvatni að norðan og austan frá Reyðarlæk að Grímsárósi, þar sem Grímsá fellur úr vatninu, en þessir aðiljar voru: Lundarreykjadalshreppur, Reykholtskirkja og eigandi Gullberastaða í Lundarreykjadal.

II. Lunddælingar hafa óslitið síðan fyrir aldamót stundað sil-

ungsveiði í Reyðarvatni án þess að leita leyfis Þverfellsbónda eða að nokkrum mótmælum hafi verið hreyft.

III. Lundarreykjadalshreppur hefur öðru hverju leigt veiði í Reyðarvatni frá árinu 1932 til 1958.

IV. Fram til ársins 1886 átti Þingvallakirkja land úr Skinnhúfuhöfða við Hvalvatn um Drang norðan við Reyðarvatn í Fanntófell vestan Kaldadals samkvæmt sóknarlýsingu séra Björns Pálssonar, prests á Þingvöllum. Samkvæmt undirskrift Jens Pálssonar, prests á Þingvöllum, á landamerkjabréfi fyrir Þverfell, dags. 10. sept. 1886, og landamerkjaskrá Þingvallakirkju, dags. 1. sept. sama ár, hafa landamerkin færzt allmikið til, og er það talið stafa af ágreiningi um greiðslu á refaveiðikostnaði, sem Lundarreykjadalshreppur greiddi og átti endurkröfu á Þingvallakirkju, en þáverandi prestur á Þingvöllum, Jens Pálsson, neitaði að greiða og vildi heldur láta landið af hendi til Lundarreykjadalshrepps, án þess að önnur greiðsla kæmi fyrir, sbr. dóma- og þingbók Borgarfjarðarsýslu 29. maí 1890.

Við breytingu þessa lagðist undir Þverfell landið sunnan Reyðarlækjar, en landið norðan lækjarins varð eign Lundarreykjadalshrepps og hefur verið svo síðan.

V. Samkvæmt Reykholtsmáldaga frá 12. öld og ýmsum fleiri gögnum átti Reykholtskirkja selland við Reyðarvatn og ástemmu í Reyðarvatnsósi (Grímsárósi), sem enn sér merki. Þessa landareign ásamt Þóreyjartungum seldi Reykholtskirkja Lundarreykjadalshreppi um áramótin 1895—1896. Sé það því óskiljanlegt, hvernig Þverfell hefur þá eignazt veiðina fyrir sellandinu, tíu árum eftir að landamerkjabréf Þverfells var samið.

VI. Gullberastaðatunga, sem liggur milli Fossár og Lambár, tilheyrði Gullberastöðum í Lundarreykjadalshreppi til ársins 1898, en var þá seld Andakílshreppi og er síðan notuð sem afréttarland. Á tímabili eftir miðja 19. öld var byggð í svokölluðu Illugakoti, sem liggur í tungunni milli Leirár og Fossár, og var silungsveiði í Reyðarvatni eitt aðalframfæri fjölskyldnanna þar.

VII. Í landamerkjaskrám fyrir Gullberastaðatungu, sem liggur í Lundarreykjadalshreppi og er upprekstrarland Andakílshrepps, dags. 17. júní og 2. júlí 1923, segir: „... úr því ræður Fossá að Reyðarvatni. Reyðarvatn ræður að Grímsá ...“. Undir merkjalýsinguna frá 2. júlí 1923 hafa umboðsmenn stefnenda skrifað til samþykkis og auk þess vegna Oddsstaða Sigurður Bjarnason og vegna Þverfells Áskell Hjálmsson. Er þessi merkjalýsing því sam-

þykkt af varnaraðilja, 39 árum eftir að merkjalýsingin frá 1886 var undirrituð.

VIII. Samkvæmt ísl. lögum fyrr og síðar er talið, að vatnsréttur heyri því landi til, er að vatni liggur, sé eigi öðru vísi ákveðið. Það er því sjónarmið stefnenda, að landamerkjaskrá Þverfells frá 10. sept. 1886 sé röng að þessu leyti, og er það krafa þeirra, að henni verði breytt með dómi og rétturinn til vatnsins dæmdur þeim.

Stefndu, sem hafa uppi allar hinar sömu varnarástæður og kröfur, mótmæla sjónarmiðum stefnenda um réttindi þeirra til Reyðarvatns, og hafa þeir uppi í málinu þessi rök helzt:

1. Sóknaraðiljar viðurkenni sjálfir, að Lundarreykjadalshreppur hafi ekki verið orðinn aðili að landamerkjum gagnvart Þverfelli, þegar bréfið var gert 10. sept. 1886, enda hafi því verið afsalað til hreppsins 29. maí 1890 og hafi það gert Jens Pálsson, þáverandi prestur á Þingvöllum. Þannig hafi Þingvallakirkja, sem þeir leiða rétt sinn frá, samþykkt merkin og stefnandi Lundarreykjadalshreppur hafi síðan tekið við afsali að landinu án þess að hreyfa nokkrum athugasemdum, að því er séð verður.

Þá benda varnaraðiljar á, að ekki liggi annað fyrir en séra Jens Pálsson hafi haft fullt samþykki kirkjuyfirvalda til að undirrita landamerkjabréfið frá 10. sept. 1886.

Að því er varðar aðild Andakílshrepps, hafa sóknaraðiljar sjálfir upplýst, að Gullberastaðatunga hafi tilheyrt Gullberastöðum í Lundarreykjadalshreppi til ársins 1898, en hafi þá verið seld Andakílshreppi og síðan notuð sem afréttarland. Beri hér því að sama brunni. Andakílshreppur sé ekki orðinn aðili að landamerkjum gagnvart Þverfelli, þegar bréfið er undirritað, 10. sept. 1886.

Þá hafa stefndu mótmælt því, að Gullberastaðatunga liggi milli Fossár og Lambár, heldur liggi hún milli Lambár og Kaldár og því ekki að Reyðarvatni. Hins vegar hafi landið milli Kaldár og Fossár verið í umráði Reykholtskirkju, er landamerkjabréfið var gert 1886. Verði því að telja, að Reykholtskirkja hafi samþykkt landamerkjabréfið í verki, þar sem engar athugasemdir hafi komið fram af hálfu kirkjuyfirvalda að þessu lútandi. Land þetta á Lundarreykjadalshreppur að hafa eignazt með afsali Reykholtskirkju frá um áramót 1895—1896.

2. Stefndu telja, að Þverfellsbændur hafi ávallt haldið fram eignarrétti sínum að Reyðarvatni og þar með veiði í því. Telja þeir, að enda þótt einhverjir nágrannar hafi farið í vatnið í leyfisleysi, þá skapi slíkt engan rétt hreppsfélögunum til handa, enda

sé slík háttsemi brot á landslögum. Umsagnir íbúa viðkomandi hreppsfélaga, sem fram hafa komið í málinu, telja þeir hafa sáralítið sem ekkert sönnunargildi, enda verði að telja þá hlutdræga í þessu máli.

3. Að því er varðar leigu Lundarreykjadalshrepps á veiði í Reyðarvatni, telja stefndu, að slíkt hafi verið gert í heimildarleysi. Tilfærð leiga árið 1932 í framlagðri skrá yfir tekjur Lundarreykjadalshrepps af veiðileigu í Reyðarvatni árin 1932, 1948 og öll árin 1952—1958 telja stefndu, að sé tjaldleiga í afréttarlandi, en alrangt sé að telja það greiðslu fyrir veiðileyfi. Þá benda stefndu á það, að samkvæmt fasteignamatsbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu verði ekki séð, að sóknaraðiljar hafi talið sér neinar tekjur eða hlunningi af veiði í Reyðarvatni.

4. Varðandi landamerkjabréf Gullberastaðatungu frá 17. júní og 2. júlí 1923 mótmæla stefndu því eindregið, að þau breyti nokkru hinu gamla landamerkjabréfi Þverfells að því leyti, að samkvæmt því ráði vatnið merkjum, en ekki austurströndin, sem þá hefði í för með sér, að sóknaraðiljar ættu allan venjulegan vatns- og veiðirétt fyrir sínu landi. Það sé ljóst þegar af fyrirsögn bréfanna, að tilefni hafi verið til að ákveða landamerki fyrir upprekstrarlandi Andakílshrepps gagnvart aðliggjandi jörðum. Ein þessara jarða er Þverfell. Benda stefndu á það, að fráleitt sé að ætla, að þáverandi eigandi Þverfells hafi verið að afsala frá jörð sinni dýrmætri eign og hlunnindum til annars hreppsfélags endurgjaldslaust, enda kemur hvergi fram, að um endurgjald hafi verið að ræða til eiganda Þverfells í neinni mynd.

Davíð Björnsson tók Þverfell til ábúðar í fardögum 1923. Telur hann, að hefði verið um að ræða breytingu á landamerkjum hinnar leigðu jarðar á landamerkjabréfinu frá 2. júlí 1923, hefði þurft að koma til samþykki hans sem leiguliða.

Sóknaraðiljar, Andakílshreppur og Lundarreykjadalshreppur, hafa höfðað mál þetta sameiginlega, eins og um sameign væri að ræða. Hvor hreppanna um sig er þó algerlega sjálfstæður aðili gagnvart Þverfellseiganda, enda eru að lokum settar kröfur um, að hvor sóknaraðili fái veiðirétt og annan vatnsrétt fyrir sínu landi. Þótt þannig sé um tvo sjálfstæða málsaðilja að ræða, þá lítur rétturinn svo á, að þeim sé heimilt að sækja rétt sinn í sama máli, sbr. 8. gr. landamerkjalaganna nr. 41/1919 og þá staðreynd einnig, að báðir vilja hnekkja hinu sama ákvæði í landamerkjabréfi Þverfells, sem þeir telja ólöglegt gagnvart sér. Verður því ekki talið, að um ólöglegt málasamlag sé að ræða.

Heimildir sóknaraðilja fyrir afréttarlöndunum að Reyðarvatni virðast að ýmsu leyti óljósar og afhending Þingvallaprests á landi til þeirra næsta vafasöm á sínum tíma. Hins vegar hafa varnaraðiljar ekki beinlínis vefengt rétt þeirra og hafi þeir óátalið af öllum hagnýtt sér afréttarlöndin síðan fyrir aldamót, þá ætti aðildarskortur ekki að standa því í vegi, að málið verði dæmt að efni til um veiðiréttinn.

Það er ljóst, að ákvæði í landamerkjabréfi Þverfells 1886 bindur ekki þá landeigendur eða síðari réttartaka þeirra, sem ekki samþykktu landamerkjabréfið. Hins vegar liggur það ekki fyrir, og verður ekki fjallað um það í þessu máli, hver voru merkin milli einstakra afréttareigna austan Reyðarvatns, þegar landamerkjabréf Þverfells var gert. Þó má ætla, að jafnvel verulegur hluti landsins að austurströnd Reyðarvatns hafi þá verið í eigu aðilja, sem ekki samþykktu umrætt landamerkjabréf. Gagnvart þeim aðiljum gildir hin almenna regla í 4. gr. vantalaga nr. 15/1923, sbr. og 6. og 8. gr. laga nr. 53/1957.

Að því er varðar uppáskrift Þingvallaprests á landamerkjabréf Þverfells, sem gilda ætti um þann hluta af austurströnd Reyðarvatns, sem 1886 var í eign Þingvallaprestakalls, þá er ekki séð, að sá réttur, sem Þverfell fékk þá, hafi síðar fallið niður eða af jörðinni gengið, ef séra Jens hefur haft heimild til að binda Þingvallakirkju með uppáskrift sinni. Hins vegar hefur aldrei verið litið svo á, að prestar séu umráðamenn prestssetranna í þeirri merkingu, að þeir hafi heimild til án samþykkis kirkjustjórnar að gera bindandi samninga um landamerki prestssetranna, sbr. hæstaréttardóm frá 13. marz 1933 (Hrd. 1933, bls. 102—103). Þar sem réttartakar þeirra aðilja, sem hlut áttu að máli um landamerki Þverfells árið 1886 og eigi samþykktu þau þá, hafa andmælt gildi landamerkjabréfsins að þessu leyti, og eigi er fram komið, að séra Jens hafi haft heimild kirkjustjórnarinnar til að samþykkja landamerki Þverfells með austurströnd Reyðarvatns, þá lítur rétturinn svo á, að ekki beri að meta gilda þessa ráðstöfun hans.

Því er fram haldið sem þrautavaraástæðu af hálfu stefndu, að langt hefðarhald Þverfells á Reyðarvatni og veiði í því geri það að verkum, að útilokað sé að hrófla nú við landamerkjabréfinu frá 1886, þótt dómurinn teldi, að eigi hafi upphaflega verið fyllilega frá því gengið.

Rétturinn getur eigi fallizt á þessi sjónarmið stefndu, þar sem fram hefur komið í málinu samkvæmt fjölmörgum yfirlýsingum

þar að lútandi, að íbúar Lundarreykjadalshrepps hafa um áratuga skeið og allt frá því síðan fyrir aldamót hagnýtt sér veiði í Reyðarvatni, án þess að Þverfellsbóndi hafi haft uppi nokkrar almennar ráðstafanir til að hindra það. Er því ekki séð, að skilyrði hafi verið fyrir hendi, til að Þverfell hafi helgað sér rétt yfir Reyðarvatni fyrir hefð.

Samkvæmt framangreindu ber því að taka til greina kröfur sóknaraðilja að því leyti, að merki lands Lundarreykjadalshrepps að Reyðarvatni verði ákveðin frá Reyðarlæk að Fossá og að merki Andakílshrepps frá Fossá að Grímsármynni. Um veiðirétt og annan vatnsrétt í Reyðarvatni fer að landslögum, þannig að hvor stefnenda á veiði- og vatnsrétt fyrir sínu landi. Samsvarandi breytingar verða á landamerkjum Þverfells.

Eftir lyktum málsins þykir mega ákveða, að stefndi Guðmundur Agnar Ásgeirsson greiði stefnendum kr. 25.000.00 í málskostnað, en málskostnaður gagnvart stefnda Birni Davíðssyni falli niður.

Ásgeir Pétursson sýslumaður og meðlómendurnir Torfi Magnússon, hreppstjóri í Hvammi, og Sigþór Þórarinsson, hreppstjóri í Einarsnesi, kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Merki lands stefnanda Lundarreykjadalshrepps að Reyðarvatni eru frá Reyðarlæk norður um að Fossá.

Merki lands stefnanda Andakílshrepps að Reyðarvatni eru frá Fossá norður og vestur um að Grímsármynni.

Sóknaraðiljar eiga vatns- og veiðirétt í Reyðarvatni, hvor fyrir sínu landi, samkvæmt gildandi landslögum.

Stefndi Guðmundur Agnar Ásgeirsson greiði stefnendum kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. október 1967.

Nr. 118/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Guðbirni Helga Ríkharðssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skjalafals. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjun máls þessa tekur einungis til ákærða Guðbjörns Helga Ríkharðssonar.

Hinn 15. marz 1967 keypti ákærði í verzlun Jóns Magnússonar kaupmanns vindlinga fyrir kr. 900.00, er ákærði greiddi með falsaðri ávísun að fjárhæð kr. 1.500.00 og fékk til baka kr. 500.00, en hvarf á brott, áður en hann fengi kr. 100.00 til viðbótar. Hafði ákærði þannig af Jóni kaupmanni í vörum og reiðufé samtals kr. 1.400.00. Af þessum verðmætum hafði ákærði meðferðis, er hann var handtekinn, þriðjung vindlinganna og í peningum kr. 400.00, sem komið var til skila. Er skuld ákærða vegna greindra skipta því kr. 700.00, sem honum verður dæmt að greiða Jóni Magnússyni. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbjörn Helgi Ríkharðsson, greiði Jóni Magnússyni kr. 700.00. Að öðru leyti er héraðsdómurinn staðfestur, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. maí 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 31. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 198—200/1967: Ákæruvaldið gegn Guðbirni Helga Ríkharðssyni, Baldri Rúnari Álfssyni og Páli Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. þ. m., gegn:

1. Guðbirni Helga Ríkharðssyni sjómanni, Eiríksgötu 11, fæddum 11. febrúar 1935 í Reykjavík,
2. Baldri Rúnari Álfssyni sjómanni, Kleppsvegi 128, fæddum 6. maí 1943 í Reykjavík,
3. Páli Sigurðssyni sjómanni, Ásgarði 41, fæddum 8. september 1948 í Reykjavík,

fyrir skjalafals, sem lýst er þannig í ákæru:

„I. Gegn öllum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir tilbúning og notkun tékka, A. Nr. 41274, kr. 1.500.00, til handhafa, á sparisjóðsávísanareikning nr. 134 í Landsbanka Íslands, Langholtsútibú, dagsetts 14. marz 1967, skráður útgefandi Ágúst Stefánsson, skráður framseljandi Ingvar Diðrik, D-götu 2, Blesugróf. Eyðublaðið var úr tékkhefti, sem ákærði Baldur tók í heimildarleysi, þar sem hann var gestkomandi. Lét hann útfylla meginmál tékkans, ritaði framangreint nafn útgefanda og fól ákærða Páli hinn 14. marz 1967 að selja tékkann, og var ákærða Páli ljóst, að hann var falsaður. Hinn 15. marz 1967 hitti ákærði Páll ákærða Guðbjörn Helga, og talaðist svo til milli þeirra, að sá síðarnefndi reyndi að selja tékkann. Hann tók við tékkanum, ritaði á hann framangreint nafn og heimili framseljanda og tókst síðan að nota tékkann til vörukaupa í söluturni á Barónsstíg 3 í Reykjavík. Þar keypti hann vindlinga fyrir kr. 900.00, fékk kr. 500.00 til baka, en fór á brott, áður en hann fengi til baka það, sem á vantaði. Andvirði tékkans eyddu ákærðu Guðbjörn Helgi og Páll í óreglu.

Teljast þessir verknaðir hinna ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærða Guðbirni Helga Ríkharðssyni einum er málið höfðað fyrir að falsa nafn Þorkels Valdimarssonar heildsala, Bergþórugötu 23 í Reykjavík, sem útgefanda eftirtalinna sex

tékka til handhafa á hlaupareikningseyðublöð úr tékkahefti á Verzlunarbanka Íslands h/f, sem ákærða tókst að taka í heimildarleysi af Þorkeli skömmu fyrir mót marz og apríl 1967 og nota þessa fölsuðu tékka í viðskiptum með reikningsnúmerum af handahófi og eftirtöldum fjárhæðum, svo sem rakið verður:

1. M. Nr. 38494, kr. 10.000.00, dagsettur 29. marz 1967. Framseldur af ákærða. Notaður sem greiðsla fyrir útvarpsviðtæki í útsölu Viðtækjaverzlunar ríkisins á Snorrabraut 22.

2. M. Nr. 38489, kr. 1.200.00, dagsettur 29. marz 1967. Framseldur af ákærða. Notaður sem greiðsla fyrir vörur í Smjörbrauðsstofunni Birninum, Njálsgötu 49.

3. M. Nr. 38483, kr. 2.000.00, dagsettur 28. (sic) 1967. Framseldur af ákærða. Notaður sem greiðsla fyrir vörur í Nætursölunni á Digraneshálsi.

4. M. Nr. 38492, kr. 900.00, dagsettur 29. marz 1967. Notaður sem greiðsla fyrir vörur í Nætursölunni á Digraneshálsi.

5. M. Nr. 38485, kr. 1.500.00, dagsettur 29. marz 1967. Ákærði fékk tékka þennan í hendur Ingvari Diðriki Júníussyni sjómanni, Laugarnesvegi 88, til áfengiskaupa, en sá greiddi með tékkanum ökugjald og fékk mismun greiddan í peningum.

6. M. Nr. 34487, kr. 1.200.00, dagsettur 29. marz 1967. Ákærði fékk tékka þennan í hendur Ingvari Diðriki Júníussyni sjómanni, Laugarnesvegi 88, til áfengiskaupa, en sá notaði hann til að leysa út tösku sína, sem hann hafði sett að handveði fyrir ökugjaldsskuld.

Þykja þessir verknaðir ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabótakreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar".

Málavextir.

1. Mánudagskvöldið 13. marz s.l. var ákærði Baldur Rúnar Álfsson við drykkju með Árna Sveinssyni verkamanni, Miðstræti 6, og fylgdist hann með Árna heim til hans. Þar sofnaði Árni, og eftir það tók ákærði í heimildarleysi tékkhefti, sem Árni átti og geymdi í ólæstri skrifborðsskúffu heima hjá sér.

Ákærði Baldur Rúnar segir, að næsta morgun hafi hann komið í Kjörbarinn í Lækjargötu. Hann hafi þar hitt tvo menn, sem hann þó kann ekki deili á. Kveður hann annan manna þessara hafa fyllt út eyðublað úr áðurnefndu tékkhefti og gert það eftir fyrirsögn sinni. Fjárhæð tékkans var ákveðin 1.500.00 kr., tékkinn var gefinn út til handhafa á ávísanareikning 137, en það er

reikningur Árna. Eftir að maðurinn hafði fyllt út tékkann, kveðst ákærði Baldur Rúnar hafa undirritað hann með nafninu Ágúst Stefánsson. Hafði hann misminnt um nafn drykkjufélaga síns.

Sama dag hittust ákærðu Páll Sigurðsson og Baldur Rúnar Álfsson. Um kvöldið bað Baldur Rúnar Pál að selja tékkann. Tók Páll þetta að sér og vissi þó, að tékkinn var falsaður. Hann kveðst hafa ritað nafn sitt aftan á tékkann og reynt að selja hann sama kvöld, en án árangurs. Um kvöldið skildi með þeim Baldri Rúnari og Páli, og var lokið afskiptum Baldurs af tékkanum.

Næsta morgun, miðvkiudag 15. marz, hittust ákærðu Páll og Guðbjörn Helgi Ríkharðsson. Páll sýndi Guðbirni Helga tékkann og bað hann að selja hann fyrir sig. Krotaði Páll fyrst vendilega yfir framsal sitt á tékkanum, svo að það varð ólæsilegt. Síðan ritaði ákærði Guðbjörn Helgi svohljóðandi framsal: Ingvar Diðrik, D-götu 2 Blesugróf, sími 17235. Notaði ákærði þarna nafn kunningja síns, Ingvars Diðriks Júníussonar. Reyndi ákærði fyrst að selja tékkann í vínbúð, en það tókst ekki. Þá fór hann að söluturni á Barónsstíg 3 og keypti þar sígarettur fyrir 900.00 kr. og greiddi með tékkanum. Hann fékk 500.00 kr. til baka, en meðan kaupmaðurinn var að ná í þær 100.00 kr., sem á vantaði, hvarf ákærði á braut. Ákærði Guðbjörn Helgi seldi tvö af þremur sígarettukartonum, sem hann hafði keypt. Þeir Páll notuðu síðan fé það, sem þeir höfðu aflað, til áfengiskaupa.

2. Sannað er með framburði ákærða Guðbjörns Helga Ríkharðssonar og öðrum gögnum, að hann hefur notað í lögskiptum 6 tékka með fölsuðum nafnritunum. Tékkana hafði ákærði sjálfur ritað á eyðublað úr hefti, sem hann hafði hnuplað af Þorkeli Valdimarssyni heildsala. Ritaði ákærði nafn Þorkels undir alla tékkana, en reikningsnúmer ritaði hann af handahófi.

Verður nú greint frá hinum einstöku tékkum og notkun þeirra.

a) Tékki, kr. 10.000.00, dags. 29. marz, útgefinn til handhafa á reikning 381. Ákærði Guðbjörn Helgi ritaði rétt nafn sitt sem framseljanda á tékka þennan. Fyrir hann keypti hann útvarpsviðtæki, sem kostaði kr. 9.998.00 í útsölu Viðtækjaverzlunar ríkisins, Snorrabraut 22. Tækið kveðst hann síðan hafa selt, og hefur ekki hafzt upp á því.

b) Tékki, kr. 1.200.00, dags. 29. marz, útgefinn til handhafa á reikning 181. Ákærði framseldi tékkann með réttri nafnritun. Fyrir tékka þennan keypti ákærði vörur í Smjörbrauðsstofunni Birninum, Njálsgötu 49, en fékk mismun á verði vörunnar og tékkafjárhæðinni greiddan í peningum.

c-d) Tékki, kr. 2.000.00, dags. 28. (mánuð vantar), og tékki, kr. 900.00, dags. 29. marz, báðir útgefnir til handhafa, hinn fyrri á reikning 381, en hinn á reikning 1453. Fyrir báða þessa tékka keypti ákærði einhverjar vörur í Nætursölunni á Digraneshálsi, en nokkur hluti tékkafjárhæða var þó goldinn í peningum.

e-f) Tékkar, kr. 1.500.00 og kr. 1.200.00, báðir dags. 29. marz, útgefnir til handhafa á reikning 381. Þessa tékka afhenti ákærði drykkjufélaga sínum, Ingvari Diðriki Júníussyni, til áfengiskaupa, en hann notaði tékkana í viðskiptum við Eggert Jochum Þórarinsson Víking bifreiðarstjóra, Njálsgötu 87.

Niðurstöður.

Ákærðu hafa allir gerzt sekir um hagnýtingu tékka þess, sem í ákærulið I. greinir, í lögskiptum, og þannig hafa þeir unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. alm. hegingarlaga.

Ákærði Guðbjörn Helgi hefur framið brot þau, sem í II. kafla ákæru greinir og eru rétt færð til refsiákvæðis, 155. gr. hegningarlaga.

Ákærði Guðbjörn Helgi hefur sætt refsidómum sem hér greinir:

1953	13/4	1.000.00 kr. sekt fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
1955	21/1	4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
1955	17/5	5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, gripdeild, svik, fjárdrátt o. fl. (hæstard. í sama máli 23. jan. 1956: 8 mánaða fangelsi).
1956	8/3	15 mánaða fangelsi fyrir rangar sakargiftir, þjófnað, svik o. fl.
1959	30/12	3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1960	11/2	10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, svik og brot gegn 168. og 219. gr. hegningarlaga o. fl.
1962	9/1	60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1962	23/5	18 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1963	23/3	Saksóttur fyrir fjárdrátt, en refsing ekki dæmd.
1964	24/7	6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1967	9/2	2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Með hliðsjón af 72. og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða Guðbjörns Helga hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Ákærði Baldur Álfsson hefur ekki verið dæmdur í refsingu, en sætt 4 sektum fyrir ölvun, og ákæru á hendur honum fyrir þjófnað var frestað skilorðsbundið 2 ár frá 6. okt. 1959. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en rétt þykir að fullnustu verði frestað og falli refsing niður eftir 3 ár frá upp-

kvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Páll Sigurðsson hefur sætt þessum refsidómum:

1965 25/8 3.000.00 kr. sekt fyrir brot gegn 247., sbr. 256. gr. hegningarlaga.

1966 13/5 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

Hann hefur auk þess sætzt 13 sinnum á greiðslu sekta.

Ákærði Páll hefur rofið skilorð dóms frá 13. maí 1965, er áður greinir. Ber nú að ákveða honum refsingu fyrir þau brot, er í þeim dómi greinir, auk þess, sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir sú refsing hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Eftir kröfu Jóns Magnússonar kaupmanns, Bergþórugötu 23, eiganda tékka þess, sem frá greinir í I. kafla ákæru, verða ákærðu in solidum dæmdir til greiðslu kr. 1.500.00.

Eftirtaldir aðiljar hafa krafizt þess, að ákærði Guðbjörn Helgi Ríkharðsson verði dæmdur til að greiða þeim fébætur sem hér greinir:

Viðtækjaútsalan, Snorrabraut 22 (ákærul. II. 1.) .. kr. 10.000.00
Smjörbrauðsstofan Björninn (II. 2.) ..... — 1.200.00
Guðmundur Karlsson (II. 3.—4.) ..... — 2.900.00

Kröfur þessar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Guðbjörn Helgi Ríkharðsson sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði Páll Sigurðsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Baldur Rúnar Pálsson sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar hans, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði allir in solidum Jóni Magnússyni kr. 1.500.00.

Ákærði Guðbjörn Helgi Ríkharðsson greiði:

1. Viðtækjaútsölunni, Snorrabraut 22, kr. 10.000.00.
2. Smjörbrauðsstofunni Birninum kr. 1.200.00.
3. Guðmundi Karlssyni kr. 2.900.00.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. október 1967.

Nr. 237/1966. **Sigurbjörn Eiríksson** (Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Þorsteini Jónssyni og
til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjað um framgang uppboðs.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Ingimundarson, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu s. d. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framgang uppboðs þess, sem í málinu greinir, og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Þorsteinn Jónsson, hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. nóvember 1966 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur um framgang uppboðsins og að aðláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti.

Uppboðs er í máli þessu krafizt á grundvelli fjárnáms, sem fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu er talinn hafa háð að Álfsnesi á Kjalarnesi hinn 28. maí 1965. Í endurriti því af réttargerð þessari, sem í dómsgerðum málsins eru, er þess eigi getið, að fógeti hafi lýst fjárnámi í fasteign þeirri, sem uppboðs er beiðzt á. Er nefnd réttargerð því eigi löglegur grundvöllur uppboðs, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1949. Verður af þessum sökum að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang uppboðsins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang uppboðs þess, sem í málinu greinir.

Gagnáfrýjandi, Þorsteinn Jónsson, greiði aðaláfrýjanda, Sigurbirni Eiríkssyni, málskostnað fyrir uppboðsdómi og Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. september 1966.

Ár 1966, föstudaginn 30. september, var í uppboðsrétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af Einari Ingimundarsyni sýslumanni, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu: Þorsteinn Jónsson gegn Sveini Sveinssyni, sem tekið var til úrskurðar þann 22. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Í máli þessu hefur Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður f. h. uppboðsbeiðanda, Þorsteins Jónssonar, krafizt þess, að uppboð fari fram á þeim hluta úr landspildu í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem áður var þinglýst eign Sveins Sveinssonar, Hátúni 19, Reykjavík, en landspilda þessi var áður óskipt sameign áðurnefnds Sveins Sveinssonar og Tómasar Tómassonar að ⅔ hlutum. Þá krefst hann og hæfilegs málskostnaðar úr hendi meðalgönguaðilja, Sigurbjörns Eiríkssonar.

F. h. Sigurbjörns Einarssonar, sem gekk inn í mál þetta á uppboðsþingi 15. júní s.l., hefur Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður mótmælt framgangi uppboðsins og krefst einnig málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Málavextir eru þeir, sem nú verður lýst:

Með afsali, dags. 3. ágúst 1954, afsalaði Ólafur Jónsson, þáverandi bóndi í Álfsnesi í Kjalarneshreppi, til Tómasar Tómassonar og Sveins Sveinssonar, báðum til heimilis í Reykjavík, eignarrétti yfir ⅔ hlutum af spildu úr landi Álfsness. Er í afsalsbréfi þessu lýst landamerkjum umræddrar landspildu, veðböndum, sem hvíla á allri jörðinni, kvöðum á landspildunni o. s. frv. Afsalsbréfið er skráð móttekið til þinglýsingar 11. ágúst 1954.

Með bréfi, dags. 26. maí 1965, sendi Axel Einarsson f. h. Málflutningsskrifstofu Einars B. Guðmundssonar o. fl., Reykjavík,

sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu endurrit úr fógetabók Reykjavíkur vegna fjárnámsgerðar, er fram fór 20. apríl 1965 hjá Sveini Sveinssyni, Hátúni 19, Reykjavík. Segir í bréfinu, að fjárnámið hafi verið gert til tryggingar kröfu samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur nr. 683/1964 að fjárhæð kr. 74.829.34 auk þar tilgreindra vaxta, málskostnaðar og annars kostnaðar. Enn fremur segir í bréfi þessu, að fjárnám það, sem gert hafi verið á heimili skuldara, hafi reynzt árangurslaust, áskilinn hafi verið réttur til að halda áfram fjárnámi, þar sem eignir kynnu að finnast. Þá segir loks í bréfi þessu, að þar sem bréfritara sé kunnugt um, að nefndur Sveinn Sveinsson sé eigandi að hluta af landspildu þessari úr Álfsneslandi, geri hann kröfu til, að fjárnámsgerðinni verði fram haldið og fjárnám gert í nefndri landspildu til tryggingar fyrir nefndri skuld. Lagt hefur verið fram við rekstur máls þessa endurrit úr fógetabók Reykjavíkur, sem sýnir, að fjárnám til tryggingar áðurnefndri kröfu hefur verið byrjað að Hátúni 19 (heimili uppboðsþola) 20. apríl 1965, og verður ekki annað séð en að réttilega sé tilgreint það, sem þar hefur farið fram í bréfi því til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem áður getur.

Þann 28. maí 1965 var fjárnámi til tryggingar nefndri dómskuld fram haldið að Álfsnesi í Kjalarneshreppi. Var þar mættur af hálfu gerðarbeiðanda Axel Einarsson hæstaréttarlögmaður, en enginn virðist hafa mætt fyrir gerðarþola. Lýsti fógeti við gerð þessa samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og eftir ábendingu hans yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola í Álfsnesi samkvæmt veðbókarvottorði ⅔ hluta, er hann á í óskiptri sameign með Tómasi Tómassyni. Á endurrit fjárnámsgerðar þessarar er skráð, að hún sé móttekin til þinglýsingar 8. júní 1965.

Með bréfi, dags. 10. febr. 1966, sendi Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður f. h. uppboðsbeiðanda sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu endurrit áðurnefndrar fjárnámsgerðar með beiðni um, að auglýst yrði nauðungaruppboð á eignarhluta dómþola, Sveins Sveinssonar, í lóð í Álfsneslandi, sem samkvæmt veðbókarvottorði sé ⅔ hlutar lóðar, sem hann eigi í óskiptri sameign með Tómasi Tómassyni. Gerð var í bréfi þessu krafa til, að eignarhluti þessi yrði seldur á nauðungaruppboði til fullnstu áðurnefndri kröfu, kr. 74.829.34, auk vaxta af henni og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, og fari uppboðið fram á kostnað skuldara og ábyrgð gerðarbeiðanda.

Með bréfi, dags. 16. marz 1966, tilkynnti uppboðshaldarinn í

Gullbringu- og Kjósarsýslu uppboðsþola, Sveini Sveinssyni, að eignarhluti hans í lóð í Álfsneslandi yrði seldur á opinberu uppboði til lúkningar margnefndri skuld auk vaxta og kostnaðar og mundi uppboðið hefjast á skrifstofu embættisins föstudaginn 27. maí 1966 klukkan 10 f. h., en síðan fara fram á eigninni sjálfri eftir ákvörðun uppboðsréttarins. Tilkynning þessi var send uppboðsþola í ábyrgðarbréfi.

Í 21., 22. og 24. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1966 auglýsti uppboðshaldarinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu nauðungaruppboð á ⅔ hlutum landspildu úr landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem væri þinglesin eign Sveins Sveinssonar o. fl., samkvæmt fjárnámi 28. maí 1965. Uppboðið var síðan tekið fyrir á skrifstofu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu í Hafnarfirði samkvæmt uppboðsauglýsingum 27. maí s.l. Mætti þar f. h. uppboðsbeiðanda Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður og krafðist þess, að sala á eigninni yrði auglýst sem fyrst. Af hálfu uppboðsþola mætti þar enginn. Þann 15. júní var eftir kröfu uppboðsbeiðanda auglýst í Morgunblaðinu, að ⅔ hlutar landspildu úr Álfsneslandi, þinglesin eign Sveins Sveinssonar o. fl., yrði seld á nauðungaruppboði, sem háð yrði á eigninni sjálfri þann sama dag klukkan 3 e. h. Á uppboðsstað áðurnefndan dag mætti auk uppboðsbeiðanda Sigurbjörn Eiríksson, núverandi eigandi jarðarinnar Álfsness. Lagði hann þá fram í uppboðsréttinum afsalsbréf, útgefið 4. júní 1962 og undirritað af Sveini Sveinssyni sem seljanda og Sigurbirni Eiríkssyni sem kaupanda, þar sem hinn fyrrnefndi seldi og afsalaði hinum síðarnefnda eignarrétti sínum yfir ⅓ hluta spildu úr Álfsneslandi, sem síðar í afsalsbréfinu var lýst landamerkjum á, veðbönd, sem á hinni seldu landspildu hvíldu, voru talin, en þó jafnframt tekið fram, að eigendum hinnar seldu spildu væru þau veðbönd þó að öðru leyti með öllu óviðkomandi, kvöðum á spildunni lýst o. s. frv.

Á afsalsalsbréf þetta var ritað, að það væri móttekið til þinglýsingar í Kjalarneshreppi þann 15. júní 1966 klukkan 12 á hádegi. Með skírskotun til framlagðs afsals mótmælti síðan Sigurbjörn Eiríksson framgangi uppboðsins, þar sem hann væri nú samkvæmt afsölum eigandi ⅔ hluta umræddrar landspildu (og þar á meðal þess hluta hennar, sem selja skyldi á uppboðinu). Umboðsmaður uppboðsbeiðanda mótmælti þá þegar gildi afsalsins, krafðist því, að uppboðið færi fram og krafðist úrskurðar um framgang þess. Síðan hefur máli þessu verið frestað nokkrum sinnum eftir beiðni uppboðsbeiðanda og meðalgöngumanns

til framlagningar greinargerðar og annarra gagna, unz það var tekið til úrskurðar þann 22. þ. m., eins og fyrr segir.

Kröfu sína um framgang uppboðsins rökstyður uppboðsbeiðandi með því, *að* fjárnámi því, sem til grundvallar liggur uppboði þessu, hafi ekki verið áfrýjað og verði það því eigi hrakið úr þessu, að fjárnáminu hafi þegar verið þinglýst og hvíli það hér með á 1. veðrétti í eignarhluta gerðarþola, *að* ekki gæti neinna þeirra formgalla við undirbúning uppboðsins, sem hindra eigi framgang þess, *að* mótbárur eiganda jarðarinnar Álfsness (meðalgönguaðilja) gegn framgangi uppboðsins séu of seint fram bornar, sbr. 25. gr. laga nr. 57/1947, *að* ástimplað og óþinglýst afsal, þótt fyrr sé dagsett en fjárnámsgerð, geti á engan hátt valdið því, að gerðarbeiðandi tapi þinglýstum rétti, *að* gildi þinglýsingar sé svo mikið, að sá, sem í góðri trú hefur lánað þinglýstum eiganda fé, hafi rétt til að tryggja skuld sína í eign skuldunauts með fjárnámsgerð, enda sé það oft forsenda fyrir láni, að lánveitanda sé kunnugt um ákveðnar eignir skuldara, sem hægt sé að ganga að, ef á reyni, *að* jafnan sé opin leið til að dagsetja afsal mánuðum eða árum áður en raunveruleg sala fer fram og skapi það öryggisleysi í réttarsamböndum, ef eigi má treysta á veðmálabækur, hvað snertir eignarheimild manna, og loks, *að* jafnvel þótt umrætt afsal hafi farið fram á þeim tíma, sem dagsetning segir til um, hafi afsalshafi vanrækt árum saman að þinglýsa rétti sínum og hljóti því að missa hann gagnvart þeim, sem í góðri trú hefur öðlazt rétt yfir eigninni.

Mótmæli sín gegn framgangi uppboðsins hefur meðalgöngumaður byggt á því, *að* landsvæði það, sem um ræðir, hafi hann keypt með samningi 4. júní 1962, eða 3 árum áður en fjárnámið fór fram, og sé afsalið stimplað og þinglesið, að vísu eftir að áðurnefnt fjárnám fór fram, *að* gerðarþoli (uppboðsþoli) hafi ekki mætt við fjárnámið, sem hér ræðir um, og enginn af hans hálfu, *að* uppboðsþoli hafi aldrei átt nema ⅓ hluta óskiptan úr umræddri landspildu, en fjárnámið og uppboðsbeiðnin, sem mál þetta er sprottið af, svo og uppboðsauglýsingin hljóði um ⅔ hluta landspildunnar, án þess að getið sé eignar Tómasar Tómassonar (hins eigandans að ⅔ hlutum landspildunnar á móti uppboðsþola) þar í, en uppboðsþola hafi aldrei verið gert aðvart um réttargerðirnar (fjárnám og uppboð) og sé því freklega gengið á rétt annarra og vilt um réttarheimildir við ábendingar gerðarbeiðanda (og síðar uppboðsbeiðanda) við fjárnámið.

Báðir krefjast málsaðiljar málskostnaðar úr hendi hvors annars, svo sem áður segir.

Nokkuð hefur verið um það deilt í máli þessu, hvort fjárnámsgerð sú, sem lögð er til grundvallar beiðni uppboðsbeiðanda um uppboð á umræddri eign eða hluta hennar, sé gild vegna ætlaðra galla í framkvæmd hennar. Um það verður ekki fjölyrt í úrskurði þessum, hvort svo sé, en staðreynd virðist þó vera, að fjárnámið hafi verið framkvæmt af þar til hæfum aðilja, byrjað á heimili gerðarþola að gerðarbeiðanda eða umboðsmanni hans viðstöddum, fógeti hafi við upphaf gerðarinnar látið mæta fyrir hann við gerðina og síðan hafi gerðinni verið fram haldið á eða við eign, sem þá var þinglýst eign gerðarþola, og loks, að fjárnáminu í heild hafi ekki verið áfryjað til æðri réttar. Þar til svo hefur verið gert og meðan fjárnáminu hefur ekki verið hrundið eða breytt, verður að telja það vera löglega uppboðsheimild samkv. 1. gr. laga nr. 57/1949.

Ekki verða hér bornar brigður á, að sala sú á eignarhluta uppboðsþola í umræddri landspildu hafi raunverulega farið fram á þeim tíma, sem afsalsbréfið á rskj. nr. 6 segir til um (þ. e. 4. júní 1962). Hitt er hins vegar öruggt og ómótmælt, að ekki hirti kaupandi eignarhlutans, meðalgönguaðili í máli þessu, um að tryggja heimild sína yfir eigninni á tilskilin hátt, þ. e. með þinglýsingu, fyrr en röskum 4 árum síðar, en þá hafði fjárnám verið gert í hinum selda eignarhluta til tryggingar skuld, sem fyrrverandi eigandi átti að ljúka, og síðan auglýst og tekið fyrir uppboð, þar sem selja skyldi hinn fjárnumda eignarhluta til lúkningar skuldinni. Er hér talið, að slík vangeymsla réttar valdi því, að grandlaus skuldareigandi geti með aðför leitað tryggingar í þeirri eign, sem ekki verður annað séð en að sé eign skuldara, og síðan krafizt uppboðs á eigninni til lúkingar skuldinni. Við þetta má svo bæta því, að bæði hinn raunverulegi uppboðsþoli og meðalgönguaðili (seljandi og kaupandi eignarhlutans samkv. afsali 4. júní 1962) gátu sem aðrir gert athugasemdir við uppboðsskilmála og önnur skjöl, sem vörðuðu sölu eignarinnar, þar á meðal veðbókarvottorð, sem var heimild uppboðshaldara fyrir því, hver var eigandi eignarinnar, áður en uppboðið var tekið fyrir, samkvæmt 4. tölulið 22. gr. laga nr. 57/1949. Ekki er vitað til, að nokkrar athugasemdir hafi verið gerðar við uppboðsskilmála né önnur skjöl uppboðinu viðkomandi. Var þó a. m. k. uppboðsþola á tryggilegan hátt tilkynnt um væntanlegt uppboð á eignarhluta hans í margnefndri eign, áður en auglýsing um nauð-

ungaruppboð á eigninni var birt í Lögbirtingablaði, svo sem áður hefur verið lýst.

Viðurkennt er hér, að auglýsing um uppboðið í Lögbirtingablaði og síðar í Morgunblaðinu 15. júní s.l. hafi ekki verið orðuð af þeirri nákvæmni, sem æskilegt hefði verið, þar sem tilkynnt var, að ⅔ hlutar landspildu (lóðar) úr Álfsneslandi, eign Sveins Sveinssonar o. fl., yrðu seldir á nauðungaruppboði á nánar ákveðnum tíma í stað eignarhluta Sveins Sveinssonar í landspildunni. Naumast verða þó þessi mistök talin svo stórvægileg, að ekki sé unnt á síðara stigi að leiðrétta þau. Því má og við bæta, að í Lögbirtingablaði (21., 22. og 24. tölubl. 1966) var tekið fram í auglýsingu um uppboðið, að það færi fram samkvæmt fjárnámi 28. maí 1965, en það fjárnám var gert í eignarhluta uppboðsþola (Sveins Sveinssonar) í ⅔ hlutum þess lands, sem hann áður átti í óskiptri sameign með Tómasi Tómassyni. Nær uppboðið að sjálfsögðu ekki til annars né meira verðmætis en þess, sem gert var fjárnám í við áðurnefnda gerð.

Með skírskotun til alls þess, sem hér að framan segir, verður því talið, að leyfa beri framgang umbeðins uppboðs á ábyrgð uppboðsbeiðanda, en á kostnað uppboðsþola, enda verði áður á tryggilegan hátt fram tekið, að uppboðið nái til fyrrum eignarhluta uppboðsþola, Sveins Sveinssonar, í þeirri landspildu í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem áður var að ⅔ hlutum þinglýst óskipt sameign hans og Tómasar Tómassonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Uppboð í fyrrum eignarhluta uppboðsþola, Sveins Sveinssonar, í þeirri spildu í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem áður var að ⅔ hlutum þinglýst óskipt sameign hans og Tómasar Tómassonar, skal fram fara á ábyrgð uppboðsbeiðanda, en á kostnað uppboðsþola, enda verði áður á tryggilegan hátt tekið fram, að uppboðið nái aðeins til áðurnefnds hluta úr greindri spildu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 25. október 1967.

Nr. 1/1967. **Kristján B. Magnússon**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Ísveri h/f (Sigurður Reynir Pétursson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Verðlagning fisks.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1967 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 14.413.95 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæsarétti.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/1960 skal setja á laggir stofnun, sem annist eftirlit með meðferð og gæðum nýs og ísaðs fisks, sem landað er til vinnslu, frá því að fiskurinn kemur í skip og þar til hann er tekinn til vinnslu. Nefnist stofnun þessi Ferskfiskeftirlitið. Í 2. gr. nefndra laga segir, að Ferskfiskeftirlitið skuli framkvæma gæðaflokkun á fiski, sem ætlaður er til vinnslu, þegar tímabært þykir. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 97/1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins eru ákvarðanir verðlagsráðs bindandi sem lágmarksverð, og má enginn selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið eftir ákvæðum þeirra laga. Hinn 18. maí 1962 birti verðlagsráð svohljóðandi tilkynningu í Lögbirtingablaðinu: „Með tilvísun til laga nr. 97 frá 18. desember 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins skal lágmarksverð á eftirtöldum fisktegundum á tímabilinu 1. júní til 31. desember 1962 vera sem hér segir:

... Skarkoli (plaice):

1. flokkur, 340 grömm (¾ lb) og yfir, hvert kg. .. kr. 5.35

...

2. flokkur, 340 grömm (¾ lb) og yfir, hvert kg. .. — 3.57

Verðflokkun samkvæmt framanrituðu byggist á gæðaflokkun Ferskfiskeftirlitsins.

Verðið er miðað við slægðan flatfisk og að seljandi afhendi fiskinn á flutningstæki við skipshlið (veiðiskip)". Á tímabilinu frá því í júní og til loka nóvember 1962 seldi áfrýjandi stefnda afla báts síns, Gyllis, ÍS 568, þar í skarkola að magni 10.677 kg. Ferskfiskeftirlitið taldi á nefndum tíma eigi ástæðu til að framkvæma gæðamat á skarkola á Suðureyri, og aðiljar máls þessa gerðu eigi reka að því, að slíkt mat færi fram. Sex reikningar voru á áminnztum tíma gefnir út fyrir afla þeim, er lagður var upp hjá stefnda úr m/b Gylli. Var hvert kg. af skarkola þar reiknað á kr. 4.00 upp til hópa. Fékk áfrýjandi greiðslur samkvæmt reikningum þessum og kvittaði þá fyrirvaralaust.

Verðákvörðun verðlagsráðs frá 18. maí 1962 var miðuð við það, að Ferskfiskeftirlitið framkvæmdi gæðaflokkun á fiski þeim, er verðlagður var. Ferskfiskeftirlitið framkvæmdi eigi gæðaflokkun á skarkola á Suðureyri á þeim tíma, er kaup aðilja máls þessa gerðust. Verður stefnda eigi gefin sök á aðgerðaleysi Ferskfiskeftirlitsins. Áfrýjandi krafðist eigi gæðamats. Hann kvittaði hvern reikninginn á fætur öðrum, þar sem honum var reiknað hvert kg. skarkola á kr. 4.00. Loks hófst hann eigi handa um að krefja stefnda um viðbótargreiðslur fyrir skarkolann, fyrr en liðnir voru um 22 mánuðir frá því viðskiptum aðilja lauk. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka kröfu áfrýjanda til greina. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sjó- og verzlunardómur Ísafjarðar 30. nóvember 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 30. nóvember, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni forstjóra og Símoni Helgasyni skipaskoðunarmanni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem var þingfest 9. júní 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóv. 1966, hefur Jón Grímsson, málfærslumaður á Ísafirði, f. h. Kristjáns B. Magnússonar, útgerðarmanns og skipstjóra, Aðalgötu 26, Suðureyri í Súgandafirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu gegn Ísveri h/f, Suðureyri, til greiðslu á vangreiddu andvirði skarkola, kr. 14.413.95, ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi.

Aðiljar gerðu það samkomulag með sér, að málið skyldi flutt fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar og það skyldi framvegis verða tekið fyrir í sýsluskrifstofunni.

Stefndi gerði þær dómkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda í máli þessu og að honum yrði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda.

Sáttaumleitun var reynd, en án árangurs.

Ákveðið var, að málið skyldi flutt skriflega.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að frá því í júní 1962 og til nóvemberloka sama ár hafi hann lagt inn hjá stefnda afla af vélbáti sínum, Gylli, ÍS 568, og þar á meðal kola, 10.677 kg. Allt hafi þetta verið stór skarkoli, veiddur á línu, og undantekning, ef smákoli hefði fundizt í aflanum. Samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins 18. maí 1962, sem birt var í Lögbirtingablaði nr. 59, 26. maí 1962, var verð á 1. fl. skarkola ákveðið kr. 5.35 fyrir kg. Stefnandi kvaðst hafa gert viðskiptin upp mánaðarlega og strax við fyrstu reikningsskil í júní haft uppi munnleg mótmæli, er hann sá, að skarkolinn var gerður upp með kr. 4.00 fyrir kg. Stefndi færðist undan að leiðrétta þetta, og fékkst ekki leiðrétting á verðinu fyrr en í septembermánuði 1963, er fyrir lá bréf frá Verðlagsráði sjávarútvegsins. En verðlagning skarkolans frá tímabilinu júní/nóvember 1962 fékkst ekki leiðrétt þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Stefnandi kvaðst því hafa neyðzt til þess að höfða mál þetta til greiðslu á mismuninum, kr. 1.35 á hvert kg. af þeim skarkola, sem seldur var stefnda. Mat á skarkola, veiddum á línu, hófst ekki fyrr en 1. júní 1963 og hafi þá

85—100% af kolanum farið í 1. fl. A, en í október hafi matsgrundvellinum verið breytt og fari síðan minna í 1. fl. A.

Þá hafi stefnandi haldið því fram, að stefndi hafi að eigin geðþótta ákveðið kr. 4.00 fyrir hvert kg. skarkolans og hafi hann aldrei samþykkt það verð.

Stefndi styður sýknukröfu sína með þeim rökum:

1. Að samkvæmt dómsskj. nr. 6—12 hafi stefnandi kvittað án nokkurs fyrirvara fyrir móttöku á andvirði þess kola, sem stefnt sé út af, og hafi stefnandi af þeirri ástæðu fyrirgert öllum hugsanlegum rétti til viðbótarfjárheimtu vegna kolans á hendur stefnda.
2. Að samkvæmt reglum, sem gildi um viðskipti sem þessi, verði að hafa uppi athugasemdir og mótmæli þegar í stað. Stefnandi hafi ekkert aðhafzt fyrri en komið var á þriðja ár, frá því að viðskiptin fóru fram. Mótmæli og kröfur stefnanda komi því of seint fram.
3. Að fullt verð hafi verið greitt fyrir kolann og alls ekki lægra en lög stóðu til. Verðið, sem greitt var, hafi verið jafnaðar- og hagræðingarverð, sem full eining var um og byggt á þeirri reynslu, að koli af Súgandafjarðarmiðum sé að jafnaði um 70—80% 2. flokks koli, þ. e. hrognakoli eða ógróinn eftir hrygningu. Eins sé nokkuð um það, að kolinn sé goggaður og svo að sjálfsögðu alltaf eitthvað um úrgangsfisk. Kolinn, sem stefnt er út af, hafi að mestu leyti verið 2. flokks koli, sem samkvæmt tilkynningu verðlagsráðs frá 18. maí 1962 átti að greiðast með kr. 3.57 fyrir hvert kg. Þannig hafi koli úr afla Gyllis í október 1964 verið um 75% 2. flokks koli (hrognakoli og goggaður).
4. Að stefnandi hvorki krafðist þess né hlutaðist til um það, að kolinn yrði metinn.
5. Að sama verð, þ. e. kr. 4.00 fyrir hvert kg., var greitt í báðum hraðfrystihúsunum á Suðureyri á Flateyri og í Bolungarvík.

Stefndi upplýsti, að á árinu 1962 hefði verið um framleiðslutap að ræða hjá stefnda á vinnslu skarkolans.

Báðir aðiljar hafa komið fyrir dóm. Stefnandi hélt því fram, að hann hefði þegar í júní 1962 og síðan iðulega haft uppi andmæli gegn verðlagningu skarkolans og hefði stefndi jafnan lofað að leiðrétta verðið, en af því hefði ekki orðið.

Framkvæmdastjóri stefnda, Óskar Kristjánsson, hefur hins vegar algerlega mótmælt því, að stefnandi hafi haft uppi mót-

mæli gegn reikningsskilunum fyrir júnímánuð. Hann hafi löngu síðar, og alls ekki á tímabilinu júní/nóvember 1962, haft uppi munnleg mótmæli. Kvaðst hann aldrei hafa lofað stefnanda að greiða kolann miðað við 1. fl. A samkvæmt tilkynningu verðlagsráðs, en þó lofað hærra verði, ef hraðfrystihúsin í nágrenninu greiddu meira en 4 krónur fyrir kg.

Í málinu hafa verið leidd tvö vitni.

Magnús Jónsson ferskfiskeftirlitsmaður bar það, að mat á línukola hafi byrjað seinni hluta sumars 1964 á Suðureyri, en annars staðar á Vestfjörðum hefði slíkt mat ekki farið fram. Hefðu fiskkaupendur á Suðureyri óskað eftir því, að matið færi fram. Ferskfiskmatið í Reykjavík hefði ekki farið fram á, að línukolinn yrði metinn, og kvaðst vitnið hafa skilið reglugerðina um ferskfiskmat svo, að ástæðulaust væri að meta línukolann.

Ásgrímur Ingibjartur Jónsson, ferskfiskeftirlitsmaður á Suðureyri, bar það, að hann gæti ekki sagt neitt ákveðið um það, hvenær mat á línukola hafi byrjað. Reglugerð um mat á línukola hafi verið gefin út 1961. Þegar hann byrjaði að meta kolann, hafi hann metið hann eftir goggstungu og hafi þá farið um 85—100% í 1. fl. A. Í október 1964 breyttist matsgrundvöllurinn þannig, að minna fór í 1. fl. A, en þó var hann ekki viss um tímann. Hann kvaðst ekki hafa farið eftir reglum Ferskfiskmatsins á dómsskj. nr. 12 fyrr en seinni hluta ársins 1964, en í júlímánuði 1965 breyttist matið. Þá fékk hann munnleg fyrirmæli frá starfsmanni Ferskfiskeftirlitsins og samræmist þær reglur alls ekki reglunum á dskj. nr. 12. Hann sagði, að eftir matsbreytinguna seinni hluta ársins 1964 hafi 60—95% af kolanum farið í 1. fl. B (2. verðflokk). Samkvæmt núgildandi matsreglum fari goggaður, illa slægður, hrognmikill og ógróinn koli í 1. fl. B og færi um 60—90% kolans í 1. flokk B. Þá sagði hann, að stefnandi hefði aldrei beðið sig um að meta kolann.

Samkvæmt upplýsingum Verðlagsráðs sjávarútvegsins á dskj. nr. 14 er flokkun kola þannig háttað, að það, sem Ferskfiskeftirlitið kallar 1. fl. A, nefnir verðlagsráð 1. fl., og 2. flokkur er sama sem Ferskfiskeftirlitið kallar 1. fl. B.

Stefnandi gerði í nafni Smáútvegsmannafélags Súgfirðinga 30. ágúst 1963 þá fyrirspurn til Verðlagsráðs sjávarútvegsins, hvort fiskkaupendur væru bundnir af því lágmarksverði, sem ákveðið væri á hverjum tíma. Verðlagsráðið svaraði 21. sept. s. á. Í því bréfi var tekið fram, að það ákvæði samkvæmt lögum lágmarksverð á ferskfiski tiltekin tímabil, en teldi sér hins vegar ekki fært

að gefa svar við því, hvernig skyldi fara með mál, ef um frávik frá einstökum verðákvörðunum væri að ræða og teldi það réttaratriði.

Hinn 7. desember 1965 skrifaði stefnandi í nafni sama félags til sjávarútvegsmálaráðuneytisins og skýrði frá því, að Ferskfiskmatið á Súgandafirði hefði í október 1964 eftir beiðni fiskkaupenda tekið upp aðrar matsreglur á kola, veiddan á línu, en áður giltu og verðfellt hann með þeim hætti um rúm 30%. Fór hann fram á það, að ráðuneytið sæi um, að sjómönnum væri endurgreitt það, sem þannig væri ranglega af þeim haft. Ráðuneytið bar málið undir Ferskfiskeftirlitið, og var svar þess á þá lund, að það teldi, að matið á kola hefði verið of strangt á Suðureyri samanborið við aðra staði á Vestfjörðum. Engin tök væru á því að endurmeta kolann, en gæðin mundu hafa verið svipuð og áður. Ferskfiskmatið kvaðst hafa ákveðið að fylgjast sérstaklega með matinu á Suðureyri og samræma það matinu annars staðar. Ef niðurstöður matsins yrðu þannig, að álíta mætti, að sjómenn hefðu fengið of lítið fyrir kolann, mundi það gera þá kröfu til fiskkaupenda á Suðureyri, að þeir greiddu sjómönnunum mismuninn. Þessa ákvörðun kvaðst Ferskfiskmatið hafa tilkynnt fiskkaupendunum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið skrifaði síðan 9. febrúar 1966 til stefnanda og skýrði honum frá því, að það hefði skrifað fiskkaupendum á Suðureyri í þá átt, að svo virtist af bréfum þeim, sem farið hefðu á milli um þetta mál, að matið á kola hefði verið of strangt á Suðureyri samanborið við aðra staði á Vestfjörðum. Það væri ósk ráðuneytisins, að fiskkaupendur tækju mál þetta til athugunar og reyndu að ná samkomulagi við sjómenn og útvegsmenn á Suðureyri um uppbætur á kolaverð s.l. ár.

Stefnandi hefur frekar rökstutt kröfur sínar með því að vísa til 10. gr. laga nr. 97 18. des. 1961 um Verðlagsráð sjávarútvegsins, en þar er svo ákveðið, að ákvarðanir verðlagsráðs séu bindandi sem lágmarksverð og að enginn megi selja sjávarafla undir því verði, sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum laganna.

Hann hefði þegar frá upphafi mótmælt því, að kolinn væri ranglega verðlagður, en hann hefði hins vegar ekki sérstaklega krafizt þess, að mat færi fram, þó að honum væri ljóst, að stefndi væri með framferði sínu að brjóta gildandi lög um mat og flokkun á fiski. Hins vegar hefði hann gert það óbeint með því að mót-

mæla verðlagningunni. Um jafnaðar- og hagræðingarverð hafi aldrei orðið neitt samkomulag. Hann hafi margsinnis mótmælt þessu gerræði af hendi stefnda og hafi hann um tíma fallizt á að bæta það upp, þó að hann hafi síðar ekki viljað kannast við það.

Þegar stefnandi sá fram á, að vanefndir yrðu, fékk hann Jón Grímsson, málfærslumann á Ísafirði, til þess 24. september 1964 að skrifa stefnda og gera kröfu til greiðslu á verðmismuninum og fól honum á hendur innheimtu á upphæðinni. Setti hann stefnda frest til 8. október 1964. Stefndi svaraði ekki þessu bréfi, og höfðaði Jón þá mál þetta.

Rök stefnda fyrir sýknukröfunni hafa áður verið rakin. En hann hefur vitnað til 2. gr. laga nr. 42/1960, en þar segir, að Ferskfiskeftirlitið skuli framkvæma gæðamat á fiski, þegar tímabært þyki. Af þessu sé ljóst, að Ferskfiskmatið, en ekki fiskkaupmenn, eigi að hefjast handa um gæðamat á fiski, en þó ekki fyrr en því þyki tímabært og að greinilegt sé, að það hafi ekki þótt tímabært á árinu 1962 og hafi á því ári hvergi á landinu farið fram gæðaflokkun á kola. Því hafi ekki verðlagsákvæði verðlagsráðs frá 18. maí 1962 komið til framkvæmda, að því er skarkolann varðaði. Heldur stefndi því fram, að fiskseljendur og fiskkaupendur hafi á þessum tíma haft frjálsar hendur um samninga á verði án afskipta verðlagseftirlits. Þess beri að gæta, að um þessar mundir hafi lögin um Verðlagsráð sjávarútvegsins og Ferskfiskeftirlitið verið ný af nálinni og framkvæmd öll á byrjunarstigi og í deiglunni. Þá kvaðst stefndi einnig byggja sýkukröfu sína á því, að með öllu sé ósannað, að stefnandi hafi fengið lægra verð en honum bar og vanræksla á mati eigi að leiða til þess, að stefnanda beri að greiða fyrir allan kolann, eins og hann hefði verið í 1. verðflokki. Reynsla sé fyrir því, að línukoli af Vestfjarðamiðum sé að jafnaði 70—80% í 2. verðflokki (1. fl. B), þ. e. hrognakoli, ógróinn eftir hrygningu, goggaður, og svo sé að sjálfsögðu eitthvað um úrgangsfisk. Samkvæmt verðlagstilkynningunni frá 18. maí 1962 eigi sá koli að greiðast með kr. 3.57 kg., en ekki með kr. 5.35, eins og stefnukrafan miðist við. Ef miðað sé við niðurstöður síðara mats á skarkolanum, hafi 4 krónur verið eðlilegt verð sumarið 1962.

Þá hefur stefndi bent á það, að það sé löngu viðurkennt, að lögfylgjur þess, að verðlagsákvæði séu brotin, séu ekki þær, að sá, sem greitt hefur of mikið eða borið of lítið úr býtum, geti heimt til sín mismuninn, nema slíkt sé tekið fram í viðkomandi

lögum, enda mundu slíkar endurheimtur og viðbótarfjárkröfur leiða út í réttarfarslegar ógöngur, og hefur hann vitnað til hæstaréttardóma til stuðnings máli sínu (Dómasafn XXVI., 633—635 o. v.). Hann kvaðst enn byggja sýknuástæður á þeirri forsendu, að jafnvel þó svo yrði talið, að stefndi hefði greitt stefnanda of lágt verð fyrir fiskinn, þá séu engin ákvæði í lögum fyrir því, að honum beri að greiða stefnanda mismuninn á því verði, sem hann tók á móti á auglýstu lágmarksverði. Þá hefur stefndi ennþá byggt sýknukröfu sína á því, að þótt talið yrði sennilegt, að stefnandi hafi fengið of lágt verð fyrir kolann, sé ógerlegt að sanna, hver sú upphæð sé, sem vangreidd er. Hann hefur og bent á, að varðandi aðgerðarleysi stefnanda verði að hafa hliðsjón af ákvæðum laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og viðurkenndum réttarvenjum í þá átt, að í viðskiptum sem þessum verði að hafa uppi kvartanir og mótmæli þegar í stað eða án ástæðulauss dráttar. Mætti hér hafa hliðsjón af grundvallarhugsun 6. gr. laganna, að verðákvörðun sé mótmælt þegar í stað.

Þá hefur stefndi bent á það, að stefnanda hafi verið innan handar að heimta mat, þar sem matsmaður var á staðnum. Sé alveg fjarstæða að teygja lögvernd fiskseljenda svo langt, að þeir geti fyrst samið við fiskkaupendur um ákveðið verð með þeim afleiðingum, að mat er ekki látið fara fram, og síðan mörgum árum síðar heimtað hæsta verð út á það, að mat var ekki framkvæmt. Þá bendir hann á, að hvergi í lögunum um Verðlagsráð sjávarútvegsins sé neitt bann við því, að fiskkaupendur og fiskseljendur komi sér saman um verð, enda sé það tíðkað í stórum stíl. Ferskfiskmat sé því ekki lögboðin nauðsyn og sízt að fiskkaupendum sé skylt að sjá um framkvæmd þess.

Þá hefur stefndi til vara mótmælt kröfunni sem allt of hárri með tilliti til þess, að verulegur hluti kolans fer ævinlega í 2. verðflokk, hvort sem beitt er hinni fyrstu, hinni réttu eða hinni síðustu matsaðferð.

Þá hefur stefndi mótmælt málskostnaðarreikningi stefnanda sem allt of háum og sérstaklega dagpeningum og ferðakostnaði.

Stefnandi hefur á hinn bóginn haldið því fram, að hann hafi aldrei samið um verð fyrir skarkolann við stefnda, heldur hafi hann ákveðið það sjálfur og að hann hafi strax gert athugasemdir við það. Hafi hann viljað fá það verð, sem verðlagsráð hafði ákveðið á skarkolanum. Þá hefur hann haldið því fram, að auglýsing verðlagsráðs sýni, að því hafi þótt tímabært, að mat færi fram. Hér hafi verið um hreint lögbrot að ræða af hendi

stefnda, er hann virti að vettugi fyrirmæli verðlagsráðs. Þá hefur stefnandi bent á það, að fyrst eftir að matið á kolanum hófst, hafi mestallur kolinn farið í 1. fl. A, eða 95—99%. Úr flestum sjóferðum hafi 100% farið í 1. fl. A, í nokkrum 95% og úr engri undir 90%, en eftir að stefnandi skrifaði stefnda 24. september 1964, snerist matið alveg við. Stefnandi kvað sér hafa verið ljóst, að ekki mátti selja aflann undir hinu ákveðna lágmarksverði og ekki nema því aðeins, að mat færi fram, ef farið væri að lögum, og hefði kaupanda borið skylda til að sjá um löglegt mat á kolanum. Það þekkist áreiðanlega hvergi hér á landi, að sjómennirnir, sem selji fiskkaupendunum afla sinn, sjái um mat á honum. Hann bendir einnig á það, að lögin um verðlagsráð hafi verið sett, nær því heilu ári áður en skuldin var stofnuð, og meira en tvö ár liðin frá því, að lögin um Ferskfiskeftirlitið hafi verið sett. Ekkert liggi heldur fyrir um það í málinu, að ekki hafi verið byrjað að meta skarkola annars staðar á landinu. Þá sýni tilkynning verðlagsráðs um verð á skarkola o. fl., að það hafi talið tímabært, að byrjað væri á mati á skarkola. Að öðru leyti mótmælti stefnandi öllum sýknukröfum og öllum sýknuástæðum stefnda.

Stefnanda hefur ekki tekizt að sanna í máli þessu, að hann hafi tímanlega haft uppi mótmæli gegn verði því, er stefndi ákvað á innlögðum skarkola árið 1962, eða sett fram kröfur um, að mat færi fram á honum. Sannanlega hefst hann ekki handa um gæzlu ætlaðs réttar síns fyrr en með bréfi því, sem umboðsmaður hans skrifaði stefnda 24. sept. 1964, eða um 22 mánuðum eftir að þessi viðskipti fóru fram síðast.

Þá er það sannað, að stefnandi veitti viðtöku andvirði skarkolans og kvittaði fyrir því án þess að rita á reikningsskilin neina athugasemd um þau.

Með þessu aðgerðarleysi og hinni fyrirvaralausu kvittun hefur stefnandi firrt sig rétti til þess að krefjast viðbótargreiðslna úr hendi stefnda fyrir seldan skarkola, og ber því af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Ísver h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns Grímssonar f. h. Kristjáns B. Magnússonar, í máli þessu.

Hvor aðili ber sjálfur kostnað sinn af málinu.

Miðvikudaginn 25. október 1967.

Nr. 60/1967. **Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs**
(Ingi Ingimundarson hrl.)
gegn
Húsgagnavinnustofunni Eini h/f
(Guðmundur Skaftason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Aðstöðugjald. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. apríl 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. sama mánaðar, og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Stefndi rekur húsgagnavinnustofu og verzlun á Akureyri. Í verzluninni selur hann meðal annars framleiðsluvörur sínar. Á árinu 1966 ákvað skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra, að stefnda bæri að greiða aðstöðugjald samtals að fjárhæð kr. 65.000.00 vegna viðskipta á árinu 1965. Samkvæmt málflutningi áfrýjanda hér fyrir dómi telur hann, að réttur aðstöðugjaldsstofn stefnda hafi verið kr. 6.299.048.15 og nemi aðstöðugjaldið 1% af kr. 6.049.048.15 og 2% af kr. 250.000.00.

Stefndi, sem greiddi með fyrirvara aðstöðugjaldið samkvæmt ákvörðun skattstjórans, telur hins vegar, að lækka beri aðstöðugjaldsstofninn um þessar fjárhæðir:

1. Birgðarýrnun á árinu 1965 .. .. kr. 85.641.00
2. Áætlun skattstjóra um verðmæti vara, afhentra frá vinnustofu til verzlunar .. — 1.050.000.00

Réttur aðstöðugjaldsstofn sé því kr. 5.163.407.15 og skuli aðstöðugjaldið reiknast 1% af kr. 4.913.408.15 og 2% af kr. 250.000.00, eða alls kr. 54.100.00. Eigi hann því rétt á að fá endurgreiddar kr. 11.400.00.

Um 1. Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga segir, að aðstöðugjald skuli „miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja". Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald segir, að vörukaup og efniskaup merki hér „birgðir í ársbyrjun að viðbættum kaupum á árinu, en að frádregnum birgðum í árslok". Þykir starfsregla sú, sem hér er fram sett og farið hefur verið eftir um nokkurt skeið, hafa næga stoð í lögunum. Verður því talið, að aðstöðugjaldsstofn áfrýjanda hafi að þessu leyti verið rétt ákveðinn af skattayfirvöldum. Verður því endurheimtukrafa áfrýjanda að því leyti, sem hún er á þessum atriðum byggð, eigi tekin til greina.

Um 2. Samkvæmt skýlausum ákvæðum 9. gr. laga nr. 51/1964, sem áður voru rakin, skal miða aðstöðugjald við samanlögð rekstrarútgjöld, fyrningarafskriftir svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja. Það á því enga stoð í lögum að telja það til vörukaupa verzlunar, þegar eigandi iðnaðarfyrirtækis setur framleiðsluvörur sínar til sölu í eigin verzlun. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms um þenna þátt málsins ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Samkvæmt framangreindu telst því réttur aðstöðugjaldsstofn stefnda, sem hér skiptir máli, hafa numið kr. 5.249.048.15. Aðstöðugjald af stofni þessum er samkvæmt málflutningi aðilja 1% af kr. 4.999.048.15 og 2% af kr. 250.000.00, eða alls kr. 55.000.00. Ber áfrýjanda því að endurgreiða stefnda kr. 10.500.00 með vöxtum, svo sem ákveðið er í héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað, um málskostnað ber að staðfesta.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað hér fyrir dómi, er þykir hæfilegur kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Húsgagnavinnustofunni Eini h/f, kr. 10.500.00 með 7% ársvöxtum frá 22. október 1966 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 12. desember 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 22. október 1966 — þingfest 24. s. m. — af Húsgagnavinnustofunni Eini h/f, Akureyri, gegn bæjarsjóði Akureyrarkaupstaðar og gerir (sic) þær kröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 11.400.00 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefnandi gerir í stefnu þá grein fyrir kröfu sinni, að við álagningu á s.l. vori hafi honum verið gert að greiða aðstöðugjald að fjárhæð kr. 65.500.00. En hann telur, að samkvæmt framtöldum gjaldstofni til álagningar og auglýstum gjaldstiga Akureyrarkaupstaðar hafi aðstöðugjaldið aðeins átt að nema kr. 54.100.00. Sé gjaldið þannig of á lagt um kr. 11.400.00. Hann kveðst hafa greitt hina álögðu fjárhæð að fullu að áskildum rétti til endurheimtu.

Meðal gagna, sem stefnandi hefur lagt fram í málinu, er skjal með útreikningi á aðstöðugjaldsstofni stefnanda árið 1966, og hljóðar það þannig, sbr. dskj. nr. 3:

„Útreikningur á aðstöðugjaldsstofni Húsgagnavinnustofunnar Einis h.f., Akureyri, árið 1966:

Gjöld alls skv. framlögðum rekstursreikningi ..	kr.	5.347.828.48
÷ rekstrarhalli	—	96.952.57
	Kr.	5.250.875.91
+ áæ. sala verkstæðis til verzlunar	—	1.050.000.00
	Kr.	6.300.875.91

Áætluð skipting:			*Aðstöðugjald:*
Iðnaður	kr. 4.050.000.00	× 1%	kr. 40.500.00
Verzlun	— 2.000.000.00	× 1%	— 20.000.00
Kostnaður vegna öflunar umboðslauna	— 250.000.00	× 2%	— 5.000.00
			Kr. 65.500.00".

Einnig hefur stefnandi lagt fram efnahags- og rekstrarreikning sinn, sem við er miðað við þessa álagningu.

Verður nú nánar vikið að gögnum og málsástæðum stefnanda. Í greinargerð hans segir svo: „Í upphafi er rétt að taka fram til skýringar málavöxtum, að atvinnurekstri umbjóðanda míns er svo háttað, að hann rekur aðallega húsgagnasmíðaverkstæði, en einnig rekur hann húsgagnaverzlun, sem hann selur í nokkurn hluta af framleiðslu sinni á verkstæðinu auk aðkeyptra húsgagna.

Á rekstrarreikningnum á dskj. nr. 4 er allt fyrirtækið gert upp sem ein heild og engin millifærsla gerð fyrir afgreiðslum húsgagna frá verkstæði til verzlunar.

Við síðustu álagningu var umbjóðanda mínum gert að greiða kr. 65.500.00 í aðstöðugjald. Um útreikning gjaldsins er vísað til bréfs skattstjóra á dskj. nr. 3. Umbjóðandi minn telur gjaldið of hátt reiknað um kr. 11.400.00, og fer hér á eftir útreikningur á gjaldinu, eins og umbjóðandi minn telur hann eiga að vera:

Gjöld skv. rekstrarreikningi, gjaldhlið	kr. 5.347.828.00	
Kostnaður, frádreginn í tekjulið	— 49.569.00	
Vaxtatekjur, frádregnar í gjaldahlið	— 702.00	
		Kr. 5.398.099.00
Frá dregst:		
Birgðalækkun á árinu, þ. e. kr. 1.558.775.00 — 1.473.134.00 ..	kr. 85.641.00	
Aðstöðugjald	— 52.100.00	
Tap	— 96.952.00	— 234.693.00
		Kr. 5.163.406.00

Gjaldstofn til álagningar, sem skiptist þannig milli gjaldstiga:

Útgjöld vegna umboðslauna skv. áætlun skattstjóra	kr. 250.000.00 á 2%
Önnur útgjöld (v. iðnaðar og verzlunar)	— 4.913.406.00 á 1%

Aðstöðugjald, álagt .. .. kr. 65.500.00
Aðstöðugjald skv. ofanrituðu .. .. .. — 54.100.00

Aðstöðugjald, of hátt á lagt .. .. .. kr. 11.400.00

Ágreininginn í málinu telur stefnandi vera tvö atriði:

1. Hvort heldur skuli telja með í gjaldstofninum vöru eða efniskaupin eða vöru eða efniseyðsluna.
2. Hvort heimilt sé að telja með í gjaldstofninum til álagningar hina áætluðu „milliveltu", kr. 1.050.000.00, sem skattstjóri hafi áætlað fyrir afgreiðslum frá verkstæði til verzlunar".

Stefnandi bendir á, að gjaldstofn til aðstöðugjalds sé í 9. gr. laga nr. 51/1964, þar sem segir: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið almanaksár, þar með taldar fyrningarafskriftir samkvæmt ákvæðum skattalaga, svo og vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja". Enn fremur í 6. gr. reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald, en þar segir: „Til útgjalda í þessu sambandi skal telja rekstrarkostnað, þ. e. þau gjöld, sem á árinu ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við, þar með talin vörukaup verzlana og efniskaup vegna framleiðslu iðnaðarfyrirtækja, fyrningarafskriftir í samræmi við ákvæði skattalaga, svo og opinber gjöld, sbr. þó 6. tölul. 6. mgr. þessarar greinar.

Vörukaup og efniskaup í næstu mgr. hér á undan merkja birgðir í ársbyrjun að viðbættum kaupum á árinu, en að frádregnum birgðum í árslok".

Um lið 1. Stefnandi telur, að um efnismun sé að ræða milli laganna og reglugerðarinnar, er byggist á því, að skýrgreiningin á gjaldstofninum í reglugerðinni sé byggð á öðrum hugtakagrundvelli en skýrgreiningin í lögunum. Lögin byggi á hugtaki útgjaldanna, en reglugerðin á hugtaki kostnaðarins. Við skýringu á þessum hugtökum verði að leita til rekstrarhagfræðinnar, þar sem engin skýring sé á þeim í lögunum. En í hagfræðilegri merkingu séu það „útgjöld", þegar aðili t. d. kaupir vörur eða þjónustu til framleiðslu. Rekstrarkostnaður sé það hins vegar, þegar þessi verðmæti séu notuð til framleiðslunnar. Ljóst sé, að lögin byggi á útgjaldahugtakinu með þessari einu undantekningu, að til gjaldstofnsins skuli telja afskriftir. Ákvæði reglugerðarinnar hljóti því að verða að víkja fyrir ákvæðum laganna um þetta efni, en samkvæmt því beri að telja vöru- og efniskaupin til gjaldstofnsins, eins og hann geri í sínum útreikningi og að framan er rakið. Loks bendir stefnandi á, að þetta atriði hafi ekki þýðingu fyrir

hæð aðstöðugjaldsins, þegar yfir lengri tíma sé litið, heldur sé hér aðeins um spurningu að ræða, hvernig það fellur á árin. Hins vegar hafi hann tekið þetta inn í málið til að fá ákvarðaðan þann grundvöll, sem gjaldheimtan sé byggð á.

Varnaraðili telur sig sammála stefnanda í því, að ágreiningur í máli þessu sé um framangreind tvö atriði, en þó fyrst og fremst um atriði nr. 2, þar sem hann tjáir sig sammála rökstuðningi og niðurstöðum gagnaðilja varðandi atriði nr. 1 þrátt fyrir ónákvæmt orðalag laganna og beinlínis villandi, enda virðist sú niðurstaða eðlileg samkvæmt eðli málsins.

Þar sem rétturinn getur fallizt á röksemdir sóknaraðilja um þennan lið, eins og þær eru raktar að framan, og gagnaðili hefur talið sig geta fallizt á þær, þykir rétt að taka þennan lið til greina.

Um lið 2. Um hina áætluðu „milliveltu" er því haldið fram af sóknaraðilja, að hvorki samkvæmt lögunum né reglugerðinni sé nein heimild til að telja hana með í gjaldstofni við álagningu aðstöðugjalds. Fyrirbæri þetta verði hvorki talið til útgjalda né rekstrarkostnaðar. Hér sé um að ræða reikningsfyrirbæri, sem lúti eingöngu að hinu innra reikningshaldi fyrirtækisins. Það sé hverjum í sjálfsvald sett, hvort hann geri færslur fyrir slíkum tilfærslum í fjárhagsbókhaldi sínu og megi segja, að fyrir því sé engin föst regla. Í því sambandi bendir stefnandi á, að fjárhagsbókhaldið sýni þá hlið reikningshaldsins, sem snýr út á við. Rekstrar- og kostnaðarbókhaldið sýni innri hreyfingar í fyrirtækinu og þá fyrst og fremst heimfærslu kostnaðar á deildir og afurðir. Af því verði hinar ýmsu „millifærslur" milli hinna ýmsu kostnaðar- og tekjuliða í bókhaldinu. Þessi hluti reikningsfærslunnar sé ekki lögskipaður. Varðandi bókhaldshliðina hefur stefnandi skírskotað til framlagðs útdráttar úr reikningslykli fyrir frystihús, sbr. dskj. nr. 5. Varðandi orðið rekstrarútgjöld, sem sé andlag skattsins, hefur stefnandi einnig skírskotað til sama dómsskjals og dskj. nr. 6, sem er útdráttur úr Norsk Standard 437 Terminologi for industriella og lignende kostnadsregninger m. v., en samkvæmt því sé inntakið í orðinu útgjöld skuldbinding um greiðslu.

Þá bendir stefnandi á, að samkvæmt 9. gr. nefndra laga sé aðeins heimild til að leggja á fyrningarafskriftir auk eiginlegra útgjalda og að í 2. mgr. sömu greinar sé tekið fram, að aldrei megi reikna aðstöðugjald af hærri upphæð en sem nemi bráttótekjum.

Þá telur stefnandi, að með því að taka „milliveltuna" til skattlagningar fylgi svo að segja óleysanleg skatta-„teknisk" vanda-

mál. Ein ástæða til þess sé sú, að „deild“ í fyrirtæki sé óskilgreint atriði í lögum og í rekstrarhagfræði. Hér sé því ekki við neitt fast að miða um ákvörðun gjaldstofnsins. Það verði að telja fráleitt, að löggjafinn hafi ætlazt til, að „milliveltan“ yrði skattlögð, meðan engin lögfræðileg skýrgreining sé til á henni sem gjaldstofni.

Stefnandi telur, að hugsunin, sem liggi á bak við þessa gjaldlagningu, sé sú, að gjaldið liggi sem jafnast á atvinnurekstrinum og að hver atvinnugrein greiði sem jafnast fyrir þá aðstöðu, sem sveitarfélögin láti í té. Í því tilefni, er hér liggi fyrir, sé hugsunin væntanlega sú, að það almenna sé, að húsgagnaframleiðsla sé stunduð af einu fyrirtæki og smásala húsgagnanna af öðru, sem hvort fyrir sig séu sjálfstæðir greiðendur aðstöðugjalds. En við þetta sé það að athuga, að skattur þessi sé fjölstigaskattur, en slíkur skattur leggist eins oft á vöruna og þjónustuna og viðskipti með hana fari fram. Þessu eðli slíks skatts verði ekki breytt með lögskýringum.

Skal nú vikið að röksemdum varnaraðilja. Hann segir, að við álagningu aðstöðugjalds á yfirstandandi ári hafi skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra gert þá breytingu á framtali stefnanda að hækka gjaldstofn aðstöðugjalds um kr. 1.050.000.00 vegna áætlaðrar sölu verkstæðis hans til verzlunar hans og hafi þessi hækkun gjaldstofnsins valdið hækkun aðstöðugjaldsins um kr. 10.500.00. Ástæðuna fyrir þessu kveður varnaraðili þá, að aðstæður sóknaraðilja séu þær, að hann reki hvort tveggja, húsgagnavinnustofu til framleiðslu húsgagna og verzlun með húsgögn, bæði frá eigin vinnustofu og öðrum, svo og aðrar skyldar vörur, s. s. gluggatjöld og gólfteppi, og séu þessir þættir aðskildir og að mestu sitt á hvorum stað. Hér sé því um að ræða hjá stefnanda svonefnd „typisk“ „millideildarviðskipti“ eða fjölstigarekstur, í þessu tilfelli tvíþættan rekstur hjá sama aðilja.

Stefndi viðurkennir, að í lögum nr. 51/1964 og reglugerð nr. 81/1962 séu ekki bein ákvæði um slík viðskipti, sem hér um ræðir, eða hversu með skuli fara, þegar eitt og sama fyrirtæki rekur tví- eða margþættan atvinnurekstur eða um verðmæti flutt innan sama atvinnufyrirtækis, sem í eðli sínu eru aðskildir atvinnuþættir. Hugtakið útgjöld, sem sé grundvöllur aðstöðugjaldsins, sé ekki skilgreint til hlítar, hvorki í téðum lögum né reglugerð, en upptalningin í útgjaldaþáttunum sé ekki tæmandi, svo að rangt virðist hjá stefnanda að gagnálykta, að lagaheimild bresti til téðrar álagningar. Þvert á móti virðist orðalagið „sam-

anlögð rekstrarútgjöld“ í 9. gr. laganna nr. 51/1964 benda til þess, að slík „milliþáttaviðskipti“ séu aðstöðugjaldsskyld. Hann telur og eðlilegra að miða álagninguna við framleiðslustig í stað eignaaðstöðunnar, enda mundi hið gagnstæða gera mjög upp á milli fyrirtækja að þessu leyti. Það sé enn fremur mjög algengt, að skattayfirvöld meti og túlki skattframtöl, einkum ef þau eru ekki fullnægjandi af hálfu framteljenda, og sé þetta eðlileg túlkun lagaákvæðanna eftir eðli málsins. Það hafi þau og gert í þessu og sams konar tilfellum og ekki talið neinn vafa á þessari framkvæmd laganna og allur þorri manna, sem reki slík fyrirtæki, hafi talið þetta sjálfsagt og eðlilegt og ekki hreyft neinum andmælum við álagningunni. Hefur stefndi í þessu sambandi sérstaklega vitnað til úrskurða ríkisskattanefndar, sbr. dskj. nr. 7 í máli þessu. Þá telur hann ekki meiri vandkvæði á mati skattayfirvalda í þessu sambandi en ýmsum öðrum tilvikum.

Ekki vill stefndi fallast á, að „milliveltan“ lúti eingöngu að innra reikningshaldi fyrirtækjanna sjálfra. Bókhaldslögin nr. 17 frá 1936 séu mjög ófullkomin og fyrirskipi t. d. ekki, að bókhaldið sýni allt, sem krafizt sé samkvæmt skattalögum, þannig að óverjandi sé að gagnálykta frá þeim lögum í þessu sambandi. Telur hann, að ef draga ætti einhverja ályktun af bókhaldslögunum í þessu sambandi, þá væri það helzt, sbr. upptalninguna í 2. gr. þeirra, að aðskilið bókhald ætti að vera fyrir verzlun annars vegar og iðnað hins vegar.

Eins og að framan er vikið að, segir í 9. gr. laga nr. 51/1964 um tekjustofna sveitarfélaga: „Aðstöðugjald skal miða við samanlögð rekstrarútgjöld næstliðið ár ...“. Í grein þessari eða annars staðar í lögunum né heldur í reglugerðinni er hvergi vikið að slíkum millideildarviðskiptum, sem í máli þessu greinir, og er þá úrlausnarefnið það, hvort slík viðskipti verði með beinni túlkun eða lögjöfnun færð undir ákvæði laganna.

Það virðist mergur málsins í röksemdum varnaraðilja, að skattayfirvöld hafi byggt þessa skattálagningu á eðli málsins, það er, að ef ekki væri lagt á „milliveltuna“, leiddi það til þess, að óeðlilega væri gert upp á milli fyrirtækja, annars vegar þeirra, er hefðu margstigarekstur, og hins vegar þeirra, er hefðu einstigarekstur. En eins og stefnandi hefur bent á, er hér um að ræða fjölstigaskatt, en eðli hans er, að hann leggst eins oft á vöru og þjónustu og raunveruleg viðskipti fara fram. Engin ákvæði eru í lögum, er takmarka þetta á hvorugan veginn. Það er því hending ein, eða hversu oft er verzlað með hið skattskylda,

hversu oft þetta gjald leggst á, hliðstætt því, sem áður var með söluskattinn. Það er því ljóst, að ekki verður komizt hjá því með túlkun skattayfirvalda, að gjald þetta leggist misjafnlega oft á hverja einingu vöru eða þjónustu eða annað, sem skattskylt er, enda hefur í dóminum ekki verið tekið tillit til þess, þótt söluskatturinn gamli legðist misjafnlega oft á andlag skattsins vegna þess, að það gekk misjafnlega oft milli manna í viðskiptum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður sú röksemd stefnda, að gjaldlagningin komi misjafnt niður á fyrirtækjunum, verði fallizt á kröfu stefnanda, ekki tekin til greina. Ekki verður heldur fallizt á þá röksemd stefnda, að það sé eðlilegt að leggja aðstöðugjaldið á hvert stig atvinnurekstrarins, án þess að viðskipti út á við hafi átt sér stað. Þar sem ekki verður heldur fallizt á aðrar röksemdir varnaraðilja, þykir þessi gjaldlagning ekki eiga nægilega stoð í lögum, og þar sem ekki er ágreiningur um fjárhæðina, þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina, einnig að því er varðar lið þennan. Samkvæmt þessu verður krafa stefnanda tekin til greina að fullu, og ber að dæma varnaraðilja til að greiða honum kr. 11.400.00 með 7% ársvöxtum frá 22. okt. 1966 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, greiði stefnanda, Húsgagnavinnustofunni Eini h/f, Akureyri, kr. 11.400.00 með 7% ársvöxtum frá 22. október 1966 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum má fullnægja, þegar 15 dagar eru liðnir frá birtingu hans, með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1967.

Nr. 24/1967. **Jón Ólafsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Gleri og Listum h/f
(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Riftun kaups. Kyrrsetning.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 21. júlí 1966, en málið var fellt þar niður hinn 1. febrúar 1967 sökum útivistar umboðsmanns hans. Hann skaut málinu öðru sinni til Hæstaréttar samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 hinn 15. febrúar 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna og að löghald, sem lýst var í íbúð hans að Laugarnesvegi 110 hér í borg hinn 12. september 1963, verði fellt úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón Ólafsson, greiði stefnda, Gleri og Listum h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. júlí 1966.

Mál þetta var tekið til dóms 26. júní s.l. að loknum munnlegum málflutningi. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 17. september 1963. Þingfesting fór fram 26. sama mánaðar. Stefnandi er Gler og Listar h/f, Reykjavík. Stefndi er Jón Ólafsson héraðsdómslögmaður, Laugarnesvegi 110, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða hlutafélaginu kr. 107.447.00 auk 8% vaxta p. a. frá 13. október 1962 til greiðsludags og málskostnað, þar á meðal löghaldskostnað. Þá er þess krafizt, að „með dómi verði riftað kaupum stefnanda hjá stefnda í sept. 1962 á raflömpum, og loks er þess krafizt, að löghaldsgerð sú, er gerð var í eignum stefnda hinn 12. þ. m. (þ. e. 12. september 1963) til tryggingar stefnukröfunni, verði staðfest með dómi".

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í september 1962 var gerður samningur milli stefnanda og félagsskapar, sem starfræktur var undir nafninu Rafblik h/f, um, að stefnandi skyldi kaupa lampa af félagsskapnum. Fyrir hönd hans kom fram stefndi í máli þessu, a. m. k. í einhverjum samskiptum tengdum samningsgerðinni. Hlutafélag með nafninu Rafblik hefur ekki verið skráð, og er óumdeilt, að stefndi sé persónulega aðili málsins. Hann gerði úr garði samning um kaup þessi, en ekki varð úr undirritun hans.

Seint í september 1962 afhenti stefnandi stefnda tvo víxla. Fjárhæð hvors um sig var kr. 40.000.00 og gjalddagi þeirra beggja 27. desember 1962. Stefndi kvittaði fyrir á þennan hátt:

„Rvík, 28. sept. 1962.

Í dag hefur Gler og Listar h.f. greitt mér upp í væntanleg lampakaup með víxlum pr. 27/12 '62 áttatíu þúsund 00/100 ————————
sem hér með viðurkennist.

pr. Rafblik h.f.
kr. 80.000.00 Jón Ólafsson".

Ágreiningslaust er, að engir lampar voru afhentir, er víxlarnir voru afhentir stefnda í septemberlok. Stefndi skýrir svo frá, að samið hafi verið um, að afhending á lömpunum færi fram um miðjan október, en stefnandi hafi þá ekki verið tilbúinn til að taka við þeim, þar sem yfir hafi staðið framkvæmdir í væntanlegu verzlunarhúsnæði hlutafélagsins að Laugavegi 178 hér í borg-

inni. „Þar sem lögð hafði verið áherzla á að hafa lampana tilbúna til afhendingar á réttum tíma“, segir í skýrslu stefnda, „og ekki unnið fyrir aðra en stefnanda, gerði stefnandi það að samþykkja tvo víxla með gjalddaga 27. des. 1962 til þess að standa við sitt, en bað Rafblik síðan að geyma lampana“. Stefndi skýrir enn fremur svo frá, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi í byrjun október séð lampa þá, sem félagið átti að fá.

Framkvæmdastjóri stefnanda, Sveinn M. Guðmundsson, sem gaf skýrslu á bæjarþingi 27. apríl 1964, skýrði þá svo frá, að stefndi og annar maður, Jóhannes Guðmundsson, hefðu sýnt sér og Guðbrandi Jörundssyni, sem mun vera stjórnarmaður í Gleri og Listum h/f, erlenda bók með myndum af þeim lömpum, sem félagsskapurinn Rafblik hafi boðið fram.

Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að lamparnir hafi verið afhentir, löngu eftir að fyrrnefnd afhending víxla fór fram, en afhendingartíminn ekki tilgreidur nánar, en hann hafi verið í nóvember. Stefndi hefur skýrt svo frá, að afhendingin á lömpunum hafi farið fram í nóvember, enda hafi verzlun stefnanda verið opnuð í lok þess mánaðar. Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að þegar eftir afhendingu hafi verið krafizt riftunar og sú krafa borin fram við sölumann Rafbliks. Því er hins vegar haldið fram af stefnda, að engin riftunarkrafa hafi komið fram fyrr en í janúar 1963, svo sem síðar mun nánar frá sagt. Sölumaður sá, sem hér er um að tefla, hefur ekki gefið skýrslu, enda er hann sagður farinn úr starfi þessu og dvalarstaður hans óþekktur.

Fram er komið í málinu, að stefnandi greiddi til Rafbliks í peningum kr. 33.598.00 eða kr. 33.368.00 um þetta leyti, en upplýsingar liggja ekki fyrir um, hvaða dag greiðslan fór fram. Stefnukrafan byggist á því, að lægri fjárhæðin hafi verið greidd.

Ljóst er, að í verzlun stefnanda hafa verið seldir einhverjir þeirra lampa, sem félagið hafði fengið frá Rafbliki. Er því haldið fram af stefnanda, að andvirði þeirra hafi verið kr. 5.921.00.

Hinn 9. janúar 1963 ritaði Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður bréf til „Rafblik h/f — c/o hdl. Jón Ólafsson ...“.

Þar segir m. a.:

„Herra Guðbrandur Jörundsson f. h. Gler og Listar h/f hefur falið mér að rifta kaupum við Rafblik h/f á lömpum, fá afhenta tvo víxla, samþ. af umbjóðanda mínum, samtals kr. 80.000.00, og fá endurgreiddar kr. 33.598.00, er þeir hafa greitt yður. Þó

er umbjóðandi minn fáanlegur til að taka ógallaða vöru fyrir þessum kr. 33.598.00 ...".

Síðan er tekin upp í bréfið skýrsla Guðbrands Jörundssonar:

Stefndi svaraði bréfi þessu næsta dag og sagði m. a.:

„Ég vil að öllu leyti mótmæla skýrslu umbj. yðar ... Er vara sú, er Rafblik h/f seldi Gleri og Listum h/f, var afhent í nóvember, var ekki nein óánægja látin í ljós, og er því riftunarkrafa umbj. yðar of seint fram komin, þó svo væri, að varan væri „gölluð og með óhóflegu verði", en því er eindregið mótmælt, að svo hafi verið.

Ég get því ekki fallizt á riftunarkröfu yðar og þar af leiðandi ekki á afhendingu víxlanna, enda voru þeir seldir þriðja aðila".

Í málinu hafa verið lögð fram þrjú bréf frá Rafmagnseftirliti ríkisins til stefnanda og lögmanns félagsins, og þykir rétt að taka meginmál þeirra upp í dóm þenna. Fyrsta bréfið er dagsett 23. janúar 1963, og segir í því:

„Rafmagnseftirliti ríkisins hefur borizt bréf yðar, dags. 18. þ. m., varðandi 6 sýnishorn af lömpum, sem fylgdu bréfi yðar.

Eins og yður mun kunnugt, er ekki skylt að senda raffangaprófuninni stofulampa til samþykktar. Hins vegar skal búnaður stofulampa fullnægja kröfum raffangaprófunarinnar.

Umrædd sýnishorn hafa nú verið tekin til athugunar í raffangaprófuninni, og fara hér á eftir athugasemdir þær, sem gerðar hafa verið við sýnishornin:

Standlampi, sýnishorn I:

1. Lampahalda er ekki af viðurkenndri gerð.
2. Illa er snarað úr pípu- og barkaendum, og er því hætt við, að taugar skerist á brúnum þeirra.
3. Á aðtaug er hnútur innan við umgerð lampafótar. Þar ætti að vera taugarklemma.

Standlampi (stál), sýnishorn II:

1. Ekki er snarað úr pípubrúnum, og eru þær víða egghvassar.
2. Hlíf vantar um aðtaug, þar sem hún gengur inn í fót lampans.
3. Fætur, sem eru stálpípur, hafa skorizt næstum í sundur, þegar þær voru snittaðar.

Standlampi (úr tré, stendur á þrem löppum), sýnishorn III:

1. Hvassar brúnir eru á pípu, sem heldur lampahöldu.

Borðlampi, sýnishorn IV:

1. Ekki er snarað úr pípubrúnum og úr innfærslugötum nippla.

Í ljós kom, að einangrun taugar var nudduð sundur í nippli á lampafæti.

2. Taugarklemmu vantaði á taugina við innfærslu.

Vegglampi (teak), sýnishorn V:

1. Ekki er snarað úr lampanippli, og eru á honum hvassar brúnir.

Lampi, sýnishorn VI:

1. Lampahalda er ekki samþykkt.

Hengilampi, sýnishorn VII:

1. Lampahalda er ekki af viðurkenndri gerð.
2. Illa snarað úr lampanippli.
3. Enginn burðarþáttur er í lampanum".

Þegar framkvæmdastjóri stefnanda kom fyrir dóm á bæjarþingi 27. apríl 1964, sagði hann, að starfsmenn rafmagnseftirlitsins hefðu sjálfir valið sýnishornin, sem talin eru hér að ofan. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að 6 lampar hafi verið valdir af starfsmönnum stefnanda.

Í bréfi rafmagnseftirlitsins frá 16. marz 1963 til stefnanda segir: „Hinn 14. þ. m. fóru samkvæmt beiðni yðar tveir af starfsmönnum Rafmagnseftirlits ríkisins í verzlun yðar og skoðuðu þar lampa af sömu gerð og þér sendur rafmagnseftirlitinu til umsagnar í janúar s.l.

Við athugun kom í ljós, að lömpunum, sem í verzluninni voru, var áfátt á sama hátt og lömpum þeim, sem þér senduð inn sýnishorn af. Sjá bréf rafmagnseftirlitsins til yðar, dags. þann 23. 1. 1963".

Hinn 27. janúar 1965 sendi lögmaður stefnanda, Guðlaugur M. Einarsson hæstaréttarlögmaður, bréf til rafmagnseftirlitsins. Af því tilefni ritaði það lögmanninum bréf 18. febrúar sama ár, og segir þar m. a.:

„Eins og fram er tekið í bréfi rafmagnseftirlitsins til firmans Gler og Listar h/f, dags. 23. jan. 1963, ... er ekki skylt að senda raffangaprófuninni stofulampa til samþykktar. Hins vegar skal búnaður stofulampa og frágangur allur fullnægja kröfum rafmagnseftirlitsins.

Athugasemdir rafmagnseftirlitsins í ofangreindu bréfi um sýnishorn þau, er tekin voru til athugunar í janúar 1963, bera það með sér, að samþykkt rafmagnseftirlitsins hefði ekki fengizt.

Athugasemdir rafmagnseftirlitsins voru einnig þess eðlis, að lamparnir gátu ekki talizt söluhæf vara án breytinga.

Hins vegar má geta þess, að nauðsynlegar breytingar til þess

að gera lampana viðurkenningarhæfa hefðu væntanlega ekki þurft að hafa orðið ýkjakostnaðarsamar".

Dómendur hafa farið á verkstæði stefnanda að Dugguvogi 23, þar sem þeir lampar, sem um er deilt og enn eru til hjá stefnanda, eru geymdir. Skoðun á lömpum, sem valdir voru af handahófi, leiddi í ljós margvíslega galla, og er ekki að þeim öllum vikið í bréfi Rafmagnseftirlits ríkisins frá 23. janúar 1963. Auk galla, sem þar er um rætt, kom fram á sýnishornunum, að lampahöldur voru ekki fastar, og gætu þræðir skorizt sundur, ef perur væru skrúfaðar fastar í höldurnar. Göt höfðu verið brennd með logsuðutæki á pípur til að ná út snúrum, og hafði þess ekki verið gætt að snara úr götunum. Víða vantaði hlífðarkraga, þar sem snúrur komu úr rörum. Á borðlömpum vantaði öryggisfestingar á nippla, og gætu snúrur skorizt í sundur af þeim sökum.

Stefndi gaf skýrslu á bæjarþingi 27. apríl 1964 og sagði þá m. a., að á verkstæði Rafbliks hefðu verið framleiddar flestar þær vörur, sem fjallað er um í málinu. Þó hafi hálfunnin vara verið keypt hjá Heklu h/f. Stefndi sagði, að þá lampa, sem framleiddir voru á verkstæðinu, hefðu starfsmenn Rafbliks sett saman og gengið endanlega frá. Hann sagði, að rafvirki hefði komið á verkstæðið til eftirlits, en ekki kvað hann rafvirkjann hafa unnið þar að staðaldri. Nafn mannsins hefur ekki komið fram í málinu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann hafi boðizt til að bæta úr göllum á lömpum, sem kynnu að vera gallaðir, er umræður um riftunarkröfu stefnanda fóru fram í janúar 1963. Þessu er mótmælt af hálfu stefnda.

Þeir tveir víxlar, sem áður eru nefndir, voru innheimtir með lögsókn og að lokum greiddir að gegnum hæstaréttardómi.

Hinn 12. september 1963 gerði borgarfógeti í Reykjavík lögbald í íbúð stefnda að Laugarnesvegi 110 í Reykjavík, 4. hæð til hægri, að beiðni stefnanda til tryggingar kröfu að fjárhæð kr. 107.447.00 auk vaxta og alls kostnaðar.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst sé af bréfum Rafmagnseftirlits ríkisins, að lampar þeir, sem stefnandi keypti af Rafbliki, hafi verið verulega gallaðir. Því hafi verið heimilt að rifta kaupunum eftir 43. gr. laga nr. 39/1922. Þetta hafi verið gert og yfirlýsingu þar að lútandi verið komið á framfæri við sölumann Rafbliks, enda hafi hann haft stöðuumboð til að taka við henni. Síðar hafi verið neitað að taka við fleiri lömpum á grundvelli heimildarinnar í 46. gr. laga nr. 39/1922. Því er haldið

fram, að ekki hafi þess verið neinn kostur að skoða hina umdeildu lampa, fyrr en þeir höfðu verið afhentir í nóvemberlok 1962, en þá hafi það þegar verið gert og síðan rift þegar í stað með áðurgreindum hætti. Til vara er því haldið fram, að riftunarkröfuna, sem sett er fram í máli þessu, beri að taka til greina, þótt það yrði talið ósannað, að slík krafa hafi verið sett fram fyrr en í bréfi Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns 9. janúar 1963. Er um þetta vitnað til 53. gr. laga nr. 39/1922 og því haldið fram, að Rafblik hafi sýnt vítaverða vanhirðu við gerð og afhendingu lampanna. Því er mótmælt, að stefndi eða aðrir fyrirsvarsmenn Rafbliks hafi boðið, að lamparnir yrðu lagfærðir stefnanda að kostnaðarlausu.

Krafa stefnanda um greiðslu á kr. 107.447.00 er fundin með því, að frá andvirði afhentra lampa, sem þá telst kr. 113.368.00, er dregið andvirði þeirra lampa, sem skýrt er frá, að seldir hafi verið í verzlun stefnanda (kr. 5.921.00).

Af hálfu stefnda er persónulegri aðild hans sem fyrr segir ekki mótmælt. Sýknukrafa hans er í fyrsta lagi rökstudd á þann veg, að ekki hafi aðrir lampar verið gallaðir en þeir 6, sem bréf rafmagnseftirlitsins frá 23. janúar 1963 fjallar um. Bréfi sömu stofnunar frá 16. marz 1963 er mótmælt sem þýðingarlausu fyrir mál þetta, þar sem þess sé að engu getið, hve margir lampar hafi verið skoðaðir í umrætt skipti. Því er haldið fram, að áðurnefndir gallar séu óverulegir í sjálfu sér og að auki í svo fáum lömpum, að ekki sé um verulegan galla á hinu selda að ræða. Þá er því haldið fram, að lamparnir hafi verið skoðaðir á vegum stefnanda, enda starfsstofur stefnanda og Rafbliks þá í sama húsi og samgangur á milli. Engar kvartanir um galla hafi verið gerðar fyrir eða við afhendingu, heldur hafi lamparnir þvert á móti verið settir í verzlun stefnanda til sölu. Verzlunin hafi gengið illa og riftunarkrafan komið fram, eftir að jólasölutíminn hafi verið liðinn. Er því haldið fram, að engin kvörtun vegna galla hafi komið fram fyrr en í bréfinu, sem dagsett er 9. janúar 1963. Er samkvæmt þessu krafizt sýknu á grundvelli 43. gr., 2. mgr., laga nr. 39/1922, þar sem gallar hafi verið óverulegir, og til vara á grundvelli 51. og 52. gr. sömu laga. Við munnlegan flutning málsins var fallið frá kröfum um bætur vegna löghalds, en áskilinn réttur til að hafa þær uppi síðar. Sams konar áskilnaður var hafður um skuldajöfnunarkröfu, sem um eitt skeið var gerð af hálfu stefnda.

Niðurstaða.

Ósannað er, að starfsmenn eða stjórnarmenn stefnanda hafi skoðað hina umræddu lampa, fyrr en þeir voru afhentir í nóvember 1962. Hér var um verzlunarkaup að tefla, og bar fyrirsvarsmönnum stefnanda því að skoða lampa þá, sbr. 51. gr. laga nr. 39/1922. Ekki er sannað í málinu, að kaupunum hafi verið rift þá þegar eða seljanda lampanna skýrt frá, að stefnandi vildi bera fyrir sig, að þeir væru gallaðir. Fyrirsvarsmenn stefnanda og stefndi hafa gefið gagnstæðar skýrslur hér að lútandi. Maður sá, sem sagt er, að athugasemd eða riftunaryfirlýsingu hafi verið komið á framfæri við og um þær mundir var sölumaður í þjónustu félagsskaparins Rafbliks, hefur ekki komið fyrir dóm. Af hálfu stefnanda er svo frá skýrt, að ekki sé vitað, hver dvalarstaður hans nú er, og eru ekki efni til, að dómurinn hafi frumkvæði að því að afla vitnaskýrslu frá honum. Það þykir styðja skýrslu stefnda um þetta atriði, að fram er komið, að lampar frá Rafbliki, sem afhentir voru í nóvember, voru til sölu í verzlun stefnanda og nokkuð af þeim selt. Samkvæmt framansögðu verður að byggja á því í málinu, að riftunarkrafa hafi komið fram með bréfi lögmanns stefnanda 9. janúar 1963, og að það hafi verið í fyrsta sinn, sem frá því var skýrt, að stefnandi vildi bera fyrir sig, að gallar væru á hinum seldu lömpum. Ósannað er, að stefndi hafi boðizt til að bæta úr göllum á hinum seldu lömpum, áður en mál þetta var höfðað.

Telja verður, að svo verulegir gallar hafi verið á lömpum, sem stefnandi keypti af Rafbliki og hér er um fjallað, að skilyrði riftunar hafi verið fyrir hendi við afhendingu samkvæmt 43. gr. laga nr. 39/1922, og var heimilt að rifta kaupum á öllum lömpunum. Af hálfu stefnanda var þess hins vegar ekki gætt að fara að ákvæðum 52. greinar laganna. Gallar á hinum seldu lömpum eru svo margvíslegir og miklir, að bersýnilega var brotið gegn ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki nr. 61/1933, 46. gr. a), b), d) og f) og 47. gr. b) og c).

Verður því að telja, að riftun sé heimil samkvæmt 53. gr. laga nr. 39/1922.

Dómendur hafa ekki gengið úr skugga um, hve mikið er til af hinum umdeildu lömpum, en um riftinguna fer samkvæmt 57. og 58. gr. laga nr. 39/1922, og verður að telja málið dómtækt. Rétt er, að stefndi greiði stefnanda vexti af andvirði þeirra lampa, sem honum verða afhentir, 7% p. a. frá 9. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Með tilliti til þessara málaloka ber að taka til greina kröfu stefnanda um staðfestingu kyrrsetningar.

Rétt er, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.000.00.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Jón Á. Bjarnason verkfræðingur og Óskar Hallgrímsson rafvirki.

Málið hefði að réttu lagi átt að reka fyrir sjó- og verzlunardómi, en í samræmi við fordæmi hefur því þó verið ráðið til lykta á bæjarþingi með sérfróðum meðdómendum.

Dómsorð:

Viðurkenndur er réttur stefnanda, Glers og Lista h/f, til að rifta kaupum á lömpum þeim, sem félagið keypti af félagsskapnum Rafbliki á árinu 1962. Stefndi, Jón Ólafsson, greiði stefnanda kr. 107.447.00 gegn afhendingu áðurnefndra lampa svo og 7% vexti p. a. frá 9. janúar 1963 til 1. janúar 1965, 6% vexti p. a. frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% vexti p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Framangreind kyrrsetning er staðfest.

Stefndi greiði stefnanda kr. 18.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. október 1967.

Nr. 166/1967. **Ólafur Sigurðsson**
gegn
Búðaósi h/f og Gísla Indriðasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Um staðfestingu vættis.

Dómur Hæstaréttar.

Ásgeir Thoroddsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru, dags. 16. október 1967, sem Hæstarétti barst

18. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. mgr. 1. tl. c, laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur, vitninu Gísla Indriðasyni verði synjað að staðfesta vætti sitt og að varnaraðilja Búðaósi h/f verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Búðaós h/f krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja Búðaósi h/f kr. 3.500.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ólafur Sigurðsson, greiði varnaraðilja, Búðaósi h/f, kr. 3.500.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Keflavíkur 27. september 1967.

Mál þetta, sem þingfest var 18. marz 1966, er höfðað með stefnu, útgefinni 14. marz 1966, af Jónasi A. Aðalsteinssyni héraðsdómslögmanni f. h. Búðaóss h/f, Tjaldbúðum, Staðarsveit, Snæfellsnessýslu, gegn Ólafi Sigurðssyni, Skólavegi 7, Keflavík, til afhendingar á bifreiðinni Ö 750, sem er af Austin Gypsi gerð, árgerð 1962, og bóta að fjárhæð kr. 400.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. nóvember 1964 til 1. maí 1965 og kr. 3.50 fyrir hvern ekinn kílómetra á því tímabili, kr. 450.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. maí 1965 til 1. júní 1965 og kr. 4.00 fyrir hvern ekinn km á því tímabili, kr. 550.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. júní 1965 til 1. október 1965 og kr. 5.00 fyrir hvern ekinn km á því tímabili, kr. 450.00 fyrir hvern sólarhring frá 1. október 1965 til 31. desember 1965 og kr. 5.00 fyrir hvern ekinn km á því tímabili auk málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Málavöxtum hefur stefnandi lýst svo í stefnu og greinargerð: Með samningi, dagsettum 5. júlí 1964, afsalaði stefndi bifreiðinni Ö 750, af Austin Gypsi gerð, til stefnanda. Kaupverðið var

kr. 180.000.00, sem er sundurliðað þannig í afsalsbréfi:

1. Kaupandi greiði með hlutabréfum í Búðaósi h/f kr. 40.000.00
2. Kaupandi samþykki víxil með gjalddaga 5. okt. 1964 að fjárhæð .. .. — 70.000.00
3. Kaupandi samþykki víxil með gjalddaga 5. jan. 1965 að fjárhæð .. .. — 70.000.00

Samtals kr. 180.000.00

Er samningur þessi var gerður, vann stefndi hjá stefnanda, m. a. við bifreiðarstjórn og þá á bifreið þeirri, sem að ofan greinir. Er stefndi hætti störfum hjá stefnanda 1. nóvember 1964, segir stefnandi stefnda hafa tekið bifreiðina með sér í heimildarleysi til Keflavíkur, þar sem hann á heima, og notað hana þar í eigin þágu síðan. Hafi stefndi þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ekki fengizt til að skila bifreiðinni. Er stefnukrafan um skaðabætur byggð á því, að auk þess, að stefnda beri skylda til að skila bifreiðinni, eigi hann að bæta stefnanda afnotamissi hennar og notkun í eigin þágu. Er upphæð stefnukröfunnar miðuð við leigu fyrir hliðstæða bifreið hjá bifreiðaleigum.

Í framhaldsgreinargerð hefur stefnandi fallið frá þeirri dómkröfu, að stefndi skuli afhenda umrædda bifreið. Auk þess takmarkar hann skaðabótakröfur sínar við tímabilið frá 1. nóvember 1964 til 8. marz 1966.

Stefndi hefur krafizt frávísunar vegna vanreifunar og hæfilegs málskostnaðar í þeim þætti málsins. Þá hefur stefndi krafizt algerrar sýknu og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara hefur hann krafizt stórfelldrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að honum hafi verið heimilaðar vörzlur bifreiðarinnar, eins og á stóð. Sama dag og áðurgreint afsalsbréf fyrir bifreiðinni var gefið út, hafi stefnandi gefið út tryggingarbréf að fjárhæð kr. 140.000.00, tryggt með 1. veðrétti í bifreiðinni, til tryggingar víxlum þeim, sem kaupandi samþykkti, er bílakaupin fóru fram. Í veðbréfinu væru ákvæði um skyldu stefnanda að fara vel með bifreiðina og ekki mætti selja hana nema með samþykki veðhafa. Ekki væri þess hins vegar getið í veðbréfinu, að um sjálfsvörzluveðsetningu væri að ræða. Þegar gjalddagi fyrra víxilsins hafi liðið, án þess að stefnandi greiddi víxilinn, kveðst stefndi hafa rætt við Gísla Indriða-

son, þáverandi framkvæmdastjóra stefnanda, um greiðslu. Gísli hafi þá vísað til stjórnarformanns stefnanda, Ólafs Finsens, er mundi sjá um greiðslu. Kveðst stefndi hafa farið til Ólafs og tjáð honum, að hann tæki bifreiðina og færi með hana til Keflavíkur, ef ekki yrði staðið í skilum með víxlana. Hafi Ólafur ekkert haft við það að athuga.

Telur stefndi, að hann hafi haft handveð í bifreiðinni og því verið heimilar vörzlur hennar vegna vanskila stefnanda á greiðslu kaupverðsins. En bifreiðin hafi verið vandmeðfarin á þessum stað og því hætta á, að veðið rýrnaði. Þarna á Tjaldbúðum séu óvenjulega miklar vegleysur, yfir sjálfan Búðaós og tvær ár að aka auk votlendis, sem aðeins sé fært á vetrum.

Einnig segir stefndi, að þegar hann tók bifreiðina af starfsstöð stefnanda, er hann hætti þar störfum, hafi engum athugasemdum verið hreyft af hálfu fyrirsvarsmanna stefnanda, hvorki þá né nokkurn tíma síðar. Ekki hafi heldur verið kært til lögreglu vegna þessa. Hafi það ekki verið fyrr en 9 mánuðum síðar, hinn 29. júlí 1965, að lögmaður stefnanda hreyfði athugasemdum. Hafi stefnandi því með algeru aðgerðarleysi sínu í 9 mánuði veitt þegjandi samþykki sitt fyrir töku bifreiðarinnar.

Enn fremur færir stefndi fram sem sýknuástæðu, að skaðabótaliður stefnukröfunnar sé byggður á rangri viðmiðun, ósundurliðaður og órökstuddur. Í reikningsgerð stefnanda sé ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði, sem bifreiðaleiga hafi af bifreiðum sínum, svo sem eldsneytis og fleira. Skaðabótakrafan sé byggð á rangri viðmiðun, þar sem hún sé ekki byggð á raunverulegu tapi stefnanda við töku bifreiðarinnar. Skaðabótakrafan sé ekki nægjanlega rökstudd, þar sem ekki sé sýnt fram á nokkurt tjón af töku bifreiðarinnar. Varakröfu sína styður stefndi þeim rökum, að verði stefndi talinn bótaskyldur, beri honum einungis að greiða lágar bætur.

Hinn 14. júlí s.l. fóru fram vitnaleiðslur í málinu, eins og áður greindi. Kom þá fyrir dóm Gísli Indriðason, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnanda. Nefndur Gísli var framkvæmdastjóri Búðaóss h/f í júlí 1964, er bílkaup þau voru gerð, sem um ræðir í máli þessu. Hann hefur nú látið af því starfi, en á hlutabréf í fyrirtækinu fyrir að nafnverði kr. 25.000.00. Hlutafé fyrirtækisins upplýsir stefnandi, að nemi innborgað kr. 1½ til 2 milljónir, og hefur því ekki verið mótmælt. Þá hefur verið lögð fram í málinu á réttarskjali nr. 15 skýrsla Gísla, dagsett 30. júní 1965, þar sem fjallað er um starfrækslu stefnda hjá stefn-

anda, Búðaósi h/f. Einnig hefur verið lagt fram á réttarskjali nr. 12 bréf Gísla til lögmanns stefnda.

Við áðurgreinda vitnaleiðslu mótmælti lögmaður stefnda eiðfestingu vitnisins á þeim forsendum, að vitnið væri viðriðið málið, þar sem það hafi á umræddum tíma verið starfsmaður stefnanda og að verulegt missætti hafi komið upp á milli vitnisins og stefnda, eins og fram komi á réttarskjali nr. 15.

Lögmaður stefnanda krafðist þess aftur á móti, að nefndur Gísli fengi að staðfesta framburð sinn fyrir dóminum á þeim forsendum: 1) Að vitnið sé ekki viðriðið málið í þeim skilningi 2. mgr., 1. tl., 127. gr. eml., að synja beri því að staðfesta framburð sinn. Vitnið sé ekki í fjárhagslegum tengslum við stefnanda, ef frá séu taldar 25.000.00 krónur, hlutafé í fyrirtækinu. 2) Að ekkert það missætti sé á milli vitnisins og stefnda, sem geti haft áhrif á leyfi til staðfestingar. Á réttarskjali nr. 15 komi ekki annað fram en skýrsla vitnisins um, að stefndi hafi ekki fullnægt þeim vonum og skyldum, sem á hann hafi verið lagðar, auk rökstuðnings fyrir því. 3) Að vitnið hafi reynzt mjög stöðugt í framburði sínum.

Í 2. mgr., 1. tl., 127. gr., sbr. 2. tl. 125. gr., sbr. 1. tl., laga nr. 85/1936 er rætt um þá fjárhagslegu og siðferðislegu hagsmuni vitnis af málalokum, sem valdið geti því, að synja beri um staðfestingu fyrir dómi. Ef athugað er orðalag nefndrar lagagreinar, sést, að löggjafinn gerir nokkuð stranga kröfu til þess, að víkja beri frá þeirri almennu reglu, að vitni sé heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti fyrir dómi, sbr. orðin „verulegu fjárhagstjóni eða alvarlegu óhagræði eða siðferðislegum hnekki".

Eins og áður segir, var Gísli Indriðason forstjóri Búðaóss h/f, er viðskipti þau urðu, er mál þetta er sprottið af. En hann hefur nú látið af því starfi og á aðeins mjög lítinn hlut í fyrirtækinu. Hefur ekki komið fram, að hann eigi nokkrar aðrar fjárhagskröfur á hendur því eða það á hendur honum, sem máli skipta. Verður því ekki talið, að vitnið hafi slíka verulega fjárhagsmuni af málalokum, að synja beri því heimildar til staðfestingar á framburði þess fyrir dómi.

Eigi er heldur í ljós leitt neitt slíkt missætti milli vitnisins og stefnda, sem gæti haft áhrif á heimild þess til staðfestingar á framburði þess fyrir dómi.

Með vísun til framanritaðs verða mótmæli stefnda gegn stað-

festingu á framburði Gísla Indriðasonar fyrir dómi með eiði eða drengskaparheiti ekki tekin til greina.

Málskostnaðar í þessum þætti málsins hefur ekki verið krafizt.

Því úrskurðast:

Vitninu Gísla Indriðasyni skal heimilt að staðfesta framburð sinn fyrir bæjarþingi Keflavíkur hinn 14. júlí s.l. fyrir dóminum með eiði eða drengskaparheiti.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1967.

Nr. 123/1967. **Vélsmiðja Njarðvíkur h/f**
gegn
Eyri h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vélsmiðja Njarðvíkur h/f, er eigi mætir í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. nóvember 1967.

Nr. 150/1966. **Óskar Smith** (Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Róbert Bjarnasyni
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).
Bjarna Sævari Róbertssyni
og
Samvinnutryggingum
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Málsaðilinn Bjarni Sævar Róbertsson er fæddur 18. september 1946 og því lögráða nú.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. ágúst 1966 og gert þessar dómkröfur:

1. Að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefnda Róberts Bjarnasonar og málskostnaður úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

2. Að lækkaðar verði bætur samkvæmt héraðsdómi til handa stefnda Bjarna Sævari Róbertssyni og að málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi falli niður, að því er hann varðar.

3. Áfrýjandi Óskar Smith krefst þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 7.124.83 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. desember 1964 til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjendum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjendur greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Óskar Smith og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, greiði stefndu, Róbert Bjarnasyni, Bjarna Sævari Róbertssyni og Samvinnutryggingum, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., hefur Róbert Bjarnason, Langeyrarvegi 18, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 21. apríl 1965, f. h. sjálfs sín og ófjárráða sonar síns, Bjarna Sævars Róbertssonar, til heimilis að sama stað, gegn Óskari Smith pípulagningameistara, Snorrabraut 87 hér í borg, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til greiðslu bóta in solidum að fjárhæð kr. 56.101.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu, allt að frádregnum kr. 29.000.00. Við hinn munnlega flutning 3. maí 1966 hækkaði stefnandi vaxtakröfu sina þannig, að hann krafðist 7% ársvaxta frá 1. janúar 1966 til greiðsludags, og samþykkti umboðsmaður stefndu, að sú hækkun vaxtakröfunnar kæmist að.

Aðalstefndu, Óskar Smith og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, hafa krafizt sýknu af öllum kröfum Róberts Bjarnasonar og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að mati dómarans. Aðalstefndu krefjast þess hins vegar, að kröfur Bjarna Sævars verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Aðalstefndi Óskar Smith hefur jafnframt höfðað gagnsök á hendur Róbert Bjarnasyni persónulega og honum f. h. ófjárráða

sonar hans, Bjarna Sævars, og sakaukamál gegn Samvinnutryggingum.

Í stefnu gagnsakar og sakaukamáls hefur Óskar Smith gert þær dómkröfur, að stefndu, Róbert Bjarnason, Róbert Bjarnason f. h. Bjarna Sævars Róbertssonar og Samvinnutryggingar, verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 7.124.83 með 6% ársvöxtum frá 15. desember 1964 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómarans. Við hinn munnlega flutning 3. maí 1966 hækkaði Óskar Smith vaxtakröfu sina þannig, að hann krafðist 7% ársvaxta frá 1. janúar 1966 til greiðsludags.

Í gagnsök og sakaukamáli gera gagnstefndu og sakaukastefndi þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum Óskars Smiths og að hann verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að rétt fyrir klukkan 9 um kvöldið þann 1. desember 1964 varð árkestur á milli bifreiðanna G 1764 og R 6975 á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði á móts við húsið nr. 70 við þá götu.

Aðalstefnandi, Róbert Bjarnason, var eigandi bifreiðarinnar G 1764, en hún var skylduvátryggð hjá Samvinnutryggingum. Bifreiðin R 6975 var eign gagnstefnanda Óskars Smiths, og var hún skylduvátryggð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f.

Bjarni Sævar Róbertsson ók G 1764 í umrætt sinn og var á leið norður Reykjavíkurveg, en ökumaður R 6975, Óskar S. Grímsson, á leið til Hafnarfjarðar frá Reykjavík og ók því Reykjavíkurveg til suðurs.

Bifreiðin G 1764 er af gerðinni N.S.U. Prinz, en R 6975 er af gerðinni Taunus 12 M.

Tveir lögreglumenn úr Hafnarfirði fóru á slysstaðinn. Gerði annar þeirra uppdrátt af vettvangi, og liggur sá uppdráttur frammi í málinu. Í skýrslu hins lögreglumannsins segir m. a.:

„Undirritaður fór strax á slysstaðinn ... Sjúkrabifreið kom á slysstaðinn rétt á eftir lögreglubifreiðinni, en á slysstaðnum voru staddir menn úr hjálparsveit skáta í Hafnarfirði, og voru þeir búnir að búa um til bráðabirgða sár þeirra, sem slösuðust. Nanna Ásmundsdóttir ... var mest slösuð af þessu fólki, sem var í bifreiðinni ... Bifreiðin R 6975 var með snjódekk að framan, en hún er framdrifin. G 1764 var á venjulegum dekkjum. Skemmdir á bifreiðunum voru: Vinstra framhorn R 6975 dældað og rifið. G 1764 var mikið skemmd að framan, og voru báðar

bifreiðarnar óökufærar eftir árekstúrinn. Ekki voru sjáanleg hjólför eftir bifreiðarnar á árekstursstaðnum".

Bjarni Sævar Róbertsson, fæddur 18. september 1946, gaf skýrslu hjá lögreglunni í Hafnarfirði 3. desember 1964. Þar segir m. a.:

„Ég var í umrætt skipti ökumaður bifreiðarinnar G 1764. Ég ók eftir Reykjavíkurvegi. Ég mun hafa verið með bifreiðina á 40 km hraða miðað við klukkustund. Ég var að fara úr Hafnarfirði áleiðis til Reykjavíkur. Þegar ég kom á móts við húsið nr. 70 við Reykjavíkurveg, sá ég bifreið fyrir framan mig í um það bil 25—30 metra fjarlægð. Bifreið þessi var í lest bifreiða, sem voru á leið til Hafnarfjarðar, en allt í einu tekur bifreiðin þannig stefnu, eins og hún ætli að fara fram úr næstu bifreið á undan. Ég var eins utarlega á veginum með bifreiðina og mögulegt var. Ég hemlaði, en hálka var á veginum, og því verkuðu hemlarnir ekki, eins og verið hefði undir öðrum kringumstæðum. Þegar 10 metrar voru eftir milli bifreiðanna, reyndi ég enn að víkja til hliðar, en um leið varð árekstúrinn. Ég get ekki sagt til um hraða þessarar bifreiðar, sem á móti mér kom, en ég sá, að ökumaðurinn var að reyna að komast hjá árekstri, en hann kom þvert í veg fyrir mig, og þar með lentu bifreiðarnar saman".

Þann 13. september 1965 gaf Bjarni Sævar Róbertsson skýrslu fyrir dómi. Tekur hann m. a. fram, „að myrkur hafi verið á slysstaðnum og sér hafi virzt, að bifreiðin R 6975 hafi ætlað fram úr næstu bifreið á undan, enda hafi sér virzt, að bifreiðin R 6975 hafi ætlað fram úr næstu bifreið á undan (sic), enda hafi sér virzt R 6975 vera á meiri hraða en bifreiðin næst á undan. Hann segist hafa ekið eins utarlega á malbikinu eins og mögulegt var og telur, að umferð eftir malarkantinum, sem sýndur er á uppdrætti lögreglunnar, sé ekki tálmunarlaus, og minnir, að staur sé í kantinum á móts við innkeyrslu að húsi nr. 70 við Reykjavíkurveg. Hann tekur fram, að þegar hann hafi orðið var við, að R 6975 tók sig út úr bifreiðalestinni, hafi hann verið að mæta bifreið. Síðan hafi verið auð bifreiðarlengd, þá önnur og síðan R 6975. Aðspurður segir mættur, að hraði sá, sem hann gefi upp í lögregluskýrslu, sé áætlaður, en hann telji, að hraðinn hafi ekki getað verið meiri. Hann tekur jafnframt fram, að hann hafi vitað, að hált var á veginum og því hægt á, örlitlu áður en slysið skeði. Mættur segir hálkuna hafa stafað frá rigningarskúr, sem gerði þá um kvöldið, en frost hafi verið á jörðu. Jörð hafi

verið auð og hálka aðeins á malbikuðum vegum. Aðspurður segir mættur, að hjólbarðar bifreiðarinnar, er hann ók, hafi verið nýir að aftan og hjólbarðarnir að framan óslitnir. Aðspurður segir mættur, að hann telji, að bifreiðin R 6975 hafi snúið í 45° horn til hægri frá aksturssstefnu, þegar árekstur inn varð".

Óskar S. Grímsson gaf skýrslu fyrir lögreglunni í Hafnarfirði 10. desember 1964. Skýrir hann þá m. a. svo frá:

„Ég var í umrætt skipti á leið til Hafnarfjarðar í bifreiðinni R 6975. Þegar ég nálgaðist Reykjanesbrautina í Engidalnum, þá fór fram úr mér bifreið og inn í fyrrnefnda braut. Ég ók svo af stað og var kominn í annað ganghraðastig, og þannig ók ég upp brekkuna upp á hraunið. Eftir að ég hafði farið lítið eitt lengra áfram, kom það fyrir vegna hálkunnar á veginum, að bifreiðin skrensaði til hægri. Ég náði aftur valdi yfir bifreiðinni og kom henni á vinstri kant, en þá varð fyrr auður blettur og stamur á veginum, og kom þá kast á bifreiðina, og við þetta fór hún til hægri aftur og lenti þá í vegi fyrir bifreið, sem móti mér kom, og rákust þær saman, og var þetta allsnarpur árekstur. Við áreksturinn snerist bifreið mín á veginum og stanzaði öfugt við aksturssstefnu. Við áreksturinn mun ég hafa lent með ennið á stýrinu, og skarst ég við það".

Óskar S. Grímsson kom fyrir dóm 13. september 1965, og segir m. a. svo í bókum um skýrslu hans: „Hann kveðst álíta, að G 1764 hafi verið um 20 metra í burtu, er bifreið hans „skrensaði", og þá um leið hafi hann orðið var við hana. Hann kveðst hafa reynt að hemla og skipti bifreiðinni niður til að reyna að forða árekstri, en haft lítið vald á bifreiðinni. Hann kveðst hafa verið á 30—40 km/klst., og segir hann, að töluvert bil hafi verið á milli bifreiðar hans og næstu bifreiðar á undan, að minnsta kosti eitthvað meira en bíllengd. Hann segir, að hraði bifreiðar þeirrar, er hann ók, hafi verið orðinn þó nokkuð minni, er árekstur inn varð, jafnframt álítur hann, að hraði G 1764 hafi verið 30—40 km/klst., og hann álíti, að bifreiðin hafi ekki dregið úr þeim hraða. Hann segist hafa séð, að ökumaður G 1764 hafi reynt að hemla og bifreiðin hafi „skrensað" aðeins til hjá honum. Hann segir sína bifreið hafa snúið í 35° horn til hægri frá aksturs-stefnu, þegar árekstur inn varð. Hann segir jafnframt, að G 1764 hafi verið beinna í aksturssstefnu, þegar bifreiðarnar skullu saman, heldur en uppdrátturinn sýnir. Aðspurður segir mættur, að hált hafi verið, en auðir blettir á milli. Hann kveður hálkuna hafa stafað frá rigningu, en snjólaust hafi verið.

Aðspurður segist mættur ekki hafa tekið eftir því, að bifreiðin G 1764 hafi kastazt aftur við slysið, en segir, að bifreiðin R 6975 hafi snúizt".

Þann 9. desember 1964 gaf Nanna Ásmundsdóttir skýrslu fyrir lögreglunni í Hafnarfirði. Segir þar m. a.: „Ég var í umrætt skipti farþegi í bifreiðinni G 1764, og var hún á Reykjavíkurvegi á leið til Reykjavíkur. Ég sat í framsæti. Bifreiðarstjórinn, Bjarni S. Róbertsson, hélt bifreiðinni á vinstri vegarbrún og ók hægt. Get ekki sagt til um hraðann. Þegar við vorum móts við húsið nr. 70, mættum við bílalest. Ein þessara bifreiða virtist mér ætla að aka fram úr öðrum og ók þá út á veginn, en þá þvert í veg fyrir bifreiðina, er ég var í. En þar sem mjög stutt var á milli bifreiðannna, lentu þær saman. Bjarni reyndi að fara enn utar en hann var, en þrátt fyrir það varð ekki komizt hjá árekstri. Þegar áreksturinn varð, greip ég fyrir andlitið, en samt lenti ég í framrúðunni, sem brotnaði".

Nanna Ásmundsdóttir kom fyrir dóm 14. september 1965. Lýsti hún þá ofangreinda skýrslu rétta. Jafnframt var þá bókað eftir henni: „Hún segir, að hún átti sig ekki á, hvernig bifreiðarnar sneru, þegar þær skullu saman, en kveður Bjarna hafa reynt að sveigja utar. Hún kveðst ekki geta sagt um hraða bifreiðarinnar, en kveður Bjarna hafa ekið hægt og utarlega á veginum. Hún kveðst ekki hafa bílpróf og hún geti ekki gert sér grein fyrir, hversu langt bil var milli bifreiðanna, er R 6975 tók sig úr bifreiðaröðinni, en kveður það hafa verið stutt. Hún kveður áreksturinn hafa orðið skyndilega. Hún kveðst ekki geta gert sér grein fyrir, hvort bifreiðarstjóra G 1764 hafi tekizt að draga úr ferðinni, eftir að hann varð var við R 6975".

Vitnið Ólína Klara Jóhannsdóttir hefur fyrir dómi þann 14. september 1965 skýrt svo frá m. a.:

„Mætta kveðst hafa verið farþegi í bifreiðinni R 6975, er áreksturinn varð. Bifreiðinni hafi verið ekið á 30—40 km/klst. Hálka hafi verið á veginum. Hún segist ekki hafa bílpróf og ekki minnast ökulags bifreiðarstjórans á R 6975 né hvað hann gerði til að forða árekstri. Aðspurð segir mætta, að hún muni ekki, að bifreið hafi nýlega farið fram úr R 6975. Hún segir, að bifreið hafi verið á undan og kveðst álíta, að eðlilegt akstursbil hafi verið á milli bifreiðar þeirrar og R 6975. Hún kveður bifreiðarstjóra R 6975 hafa ekið gætilega og ekki hafa ætlað fram úr bifreiðinni á undan. Aðspurð segir hún þann hraða, sem hún hafi gefið upp, verið ágizkaðan. Hún kveðst ekkert geta sagt

um ökulag bifreiðarstjórans á G 1764 né heldur hversu langt bil var á milli bifreiðanna, þegar R 6975 fór út úr bifreiðaröðinni. Hún kveður sig ekki geta gert sér frekari grein fyrir árekstrinum, því að hann hafi gerzt í einni svipan".

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að allar líkur bendi til þess, að ökumaður R 6975 hafi verið að breyta um stefnu til þess að fara fram úr næstu bifreið á undan í röð bifreiða, þegar hannn missti stjórn á bifreiðinni. Hvort sem var, skipti þó ekki öllu máli. Óvefengt sé, að hann hafi misst stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún rann út á hægri vegarhelming í veg fyrir bifreiðina G 1764. Ökumenn beggja bifreiðanna telji sig báðir hafa ekið rólega og sé sá framburður þeirra studdur af skýrslum farþega þeirra. Uppdráttur lögreglu af vettvangi sýni hins vegar, að G 1764 hafi kastazt aftur við árekstur-inn og að R 6975 snerist alveg við höggið. Þetta sjáist bezt á því, að glerbrot eftir áreksturinn séu öll fyrir norðan bifreiðarnar. Samkvæmt uppdrættinum sé ljóst, að þó nokkuð mikil ferð hljóti að hafa verið á R 6975. Orsök slyssins sé öll hjá ökumanni R 6975. Hann hafi greinilega ekið greitt og hvort heldur hann var að fara fram úr eða bifreið hans slengdist svona óvenjulega til á veginum, þá verði hvort tveggja að teljast mjög óvarlegur akstur. Við skyndilega atburði, eins og hér var um að ræða, sé erfitt að meta fjarlægðir, en framburðir ökumanns R 6975 og farþega hnigi í þá átt, að stutt hafi verið á milli bifreiðanna og því ekki tök á að forða árekstri, þegar R 6975 tók sig út úr röðinni, enda hafi fjarlægðin þá ekki verið meiri en á að gizka 15 metrar á milli bifreiðanna. Greinilegt sé, að ökumaður G 1764 hafi í fyrstu stigið á hemla, en er hann fann fyrir ísingunni, sleppi hann réttilega hemlum og reyni að víkja frá voðanum, en svigrúm hafi ekki verið til þess, enda hindranir og hættur vestan vegarins. Í ljósi alls þess og þar sem ekkert dragi úr þeirri fullyðingu, að G 1764 hafi verið ekið rólega og utarlega á vinstri kanti, verði að telja, að G 1764 hafi sýnt fyllstu aðgát í akstri, sem hægt sé af honum að krefjast, og ósannað sé, að honum hefði verið unnt að koma í veg fyrir áreksturinn. Beri því að leggja alla sökina á ökumann R 6975.

Aðalstefndu halda því fram, að af gögnum málsins sé ljóst, að ökumaður G 1764 hafi séð til ferða R 6975 það löngu fyrir árekst-urinn, að hefði hraði bifreiðar hans og viðbrögð verið í lagi, þá átti honum að vera unnt að stöðva bifreið sína og forða árekstri. Sé ljóst, að akstur hans hafi ekki verið forsvaranlegur miðað

við aðstæður og ástand bifreiðar hans, en á henni hafi hvorki verið snjókeðjur né snjóhjólbarðar. Eigi ökumaður G 1764 því nokkra sök á, hvernig fór, og hæfilegt sé að telja, að hann eigi sök að ⅓ hluta. Geti aðalstefnendur ekki fengið tjón sitt bætt að meiri hluta.

Dómendur hafa farið á árekstrarstaðinn og kynnt sér aðstæður. Kom þá í ljós, að í malarkantinum vestan við malbikið á Reykjavíkurveginum skammt frá árekstrarstaðnum eru tveir raflínustaurar. Er annar í um það bil 8 metra fjarlægð í suður frá afturenda G 1764, eins og hún er staðsett á uppdrætti lögreglunnar, en hinn 12 metrum sunnar. Eru ljósastaurarnir um einn metra frá malbikinu. Vestan við Reykjavíkurveginn á móts við slysstaðinn er djúp laut, sem nær að Reykjavíkurveginum, og er vegarkanturinn við hana allbrattur. Malbikið á Reykjavíkurveginum er samkvæmt uppdrætti lögreglunnar um 6 metrar á breidd. Er af þessu ljóst, að ökumaður bifreiðarinnar G 1764 hafði ekki möguleika til að forða árekstri með því að víkja lengra til vinstri, þegar bifreiðin R 6975 rann, að því er virðist stjórnlaust yfir á vestari vegarhelming Reykjanesbrautar í veg fyrir G 1764.

Eins og fyrr er frá greint, telur ökumaður R 6975, að fjarlægðin á milli bifreiðanna hafi verið um 20 metrar, þegar bifreiðin „skrensaði" til, en af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að fjarlægðin á milli þeirra hafi ekki verið nema um það bil 15 metrar, þegar R 6975 tók sig út úr bifreiðalestinni. Samkvæmt skýrslum ökumanna var ökuhraðinn um 30—40 km/klst.

Frá því að ökumaður skynjar, að þörf sé á að hemla af einhverjum ástæðum og þar til hann hefur stigið á fóthemilinn, þannig að hann taki að verka, líður ávallt nokkur tími. Sá tími er oft nefndur viðbragðstími. Viðbragðsflýtir manna er mjög mismunandi. Algengur viðbragðstími hjá ökumönnum er 0.9 sekúndur. Á þeim tíma fer ökutækið um 10 metra, ef ökuhraðinn er 40 km/klst., en um 8 metra, ef hraðinn er 32 km/klst. Frá því að hemlum er beitt og þar til bifreiðin stöðvast alveg, færist ökutækið ávallt nokkurn spöl. Ýmis atriði hafa áhrif á hemlunarvegalengdina.

Samkvæmt því, sem ráða má af gögnum málsins, var fjarlægðin á milli bifreiðanna svo lítil, þegar R 6975 rann út á vestari helming brautarinnar, að ósannað er gegn andmælum aðalstefnanda, að ökumaður G 1764 hefði getað forðað árekstri, enda þótt snjókeðjur hefðu verið á hjólum bifreiðarinnar. Ekki er

heldur í ljós leitt, að ökumaður G 1764 hafi ekið bersýnilega of hratt miðað við hindrunarlausa akbraut framundan. Verður því ekki hjá því komizt að leggja alla sök á árekstrinum á ökumann R 6975.

Verða nú teknir til athugunar einstakir kröfuliðir aðalstefnanda í aðalsök.

Í aðalsökinni sundurliðar aðalstefnandi kröfur sínar þannig:

A. Kröfur hans sjálfs vegna bifreiðarinnar G 1764:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr. 35.408.75
2.	Afnotamissir í 36 daga	— 7.200.00
		Kr. 42.608.75

B. Vegna sonar hans, Bjarna Sævars:

1.	½ mánaðarkaup	— 2.900.00
2.	7% orlof af sama	— 203.00
3.	Bílakostnaður vegna læknis	— 390.00
4.	Bætur fyrir þjáningar, óþægindi o. fl.	— 10.000.00
		Alls kr. 56.101.75

Um A.

1. Á dómsskjali nr. 4 hefur aðalstefnandi sundurliðað kostnaðinn við viðgerðina. Fjárhæð þessa kröfuliðar sætir ekki andmælum. Verður hann því tekinn til greina.

2. Því er ekki andmælt af hálfu aðalstefndu, að það hafi tekið 36 daga að gera við bifreiðina. Hins vegar er því mótmælt, að aðalstefnandi eigi rétt á kr. 200.00 í bætur á dag vegna þessa. Með hliðsjón af því, á hvaða tíma þetta gerðist, telja aðalstefndu hæfilegt að miða bætur að þessu leyti við kr. 100.00 á dag, eða kr. 3.600.00 alls.

Aðalstefnandi leggur áherzlu á, að bifreiðin hafi skemmzt í byrjun jólakauptíðar og hafi því verið mjög bagalegt að vera án bifreiðarinnar þann tíma, sem viðgerðin fór fram á henni.

Hæfilegt þykir að taka bótakröfu aðalstefnanda samkvæmt þessum lið til greina með kr. 4.500.00.

Samkvæmt þessu telst tjón Róberts Bjarnasonar kr. 39.908.75 (35.408.75 + 4.500.00).

Óumdeilt er í málinu, að aðalstefndi Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f greiddi Róbert Bjarnasyni kr. 18.000.00 þann 18. desember 1964 og kr. 11.000.00 þann 27. janúar 1965, eða samtals kr. 29.000.00 upp í tjónið. Ber að draga síðastgreinda fjárhæð frá kr. 39.908.75. Verða aðalstefndu því dæmdir til að greiða Róbert

Bjarnasyni kr. 10.908.75 ásamt vöxtum, sem eftir atvikum þykir rétt að reikna 6% frá 27. janúar 1965 til 1. janúar 1966, en 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags.

Um B. Kröfur Bjarna Sævars Róbertssonar.

1. Kauphæð og frátöf frá vinnu er ekki mótmælt. Aðalstefndu hafa hins vegar talið líklegt, að Bjarni hafi fengið bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Með því að engar upplýsingar liggja fyrir um það í málinu, verður þessi kröfuliður tekinn til greina.

2. Þessum kröfulið er ekki andmælt tölulega. Verður hann því tekinn til greina.

3. Þessi kröfuliður sætir ekki andmælum. Verður hann því tekinn til greina.

4. Hér er um að ræða kröfu um bætur fyrir þjáningar, óþægindi o. fl. Bjarna Sævari til handa.

Í málinu liggur frammi vottorð Hauks Árnasonar læknis, dagsett 15. desember 1964. Þar segir m. a. um áverka Bjarna Sævars:

„... Við skoðun kemur í ljós:

1. Eins cm langur skurður yfir miðju hægra kjálkabarði.
2. Svolítið hrufl yfir A-lið baugfingurs vinstri handar.
3. Svolítið aukinn vökvi í vinstra hnélið og bein og óbein eymsli yfir neðanverðri vinstri hnéskel, en annars virðast liðabönd hnésins eðlileg og heil við prófun.

Sár á hægri vanga var saumað með silki. Settur plástur á baugfingur og gipsspelkur settar á vinstra hné. Röntgenmynd sýndi ekki brot á hnéskel. Við eftirlit 5. desember var líðan betri í hnénu. Saumar teknir úr sári á kjálka, og var það gróið. Dálítil vökvaaukning í liðpoka neðan hnéskeljar (bursa infrapat). Ekki að finna aukinn vökva í hnéliðnum sjálfum núna. Sleppir gipsspelku. Settur teygjuplástursholkur á hnéð. Við eftirlit 10. desember er kliniskt útlit hnésins gott. Mar er að koma út neðan hnéskeljar og nokkur eymsli þar við fulla réttingu í hnéliðnum".

Aðalstefndu mótmæla þessum kröfulið sem allt of háum.

Rétt þykir að taka þennan kröfulið til greina með kr. 5.000.00.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst tjón Bjarna Sævars Róbertssonar kr. 8.493.00 (2.900.00 + 203.00 + 390.00 + 5.000.00). Verða aðalstefndu dæmdir til að greiða þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1964 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðalstefndu að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsökinni og ákveðst hann kr. 3.500.00.

Gagnsök og sakaukamál.

Eins og fyrr er rakið, hefur Óskar Smith höfðað gagnsök gegn Róbert Bjarnasyni persónulega og honum f. h. Bjarna Sævars og sakaukamál gegn Samvinnutryggingum.

Er það krafa gagnstefnanda, að gagnstefndu og sakaukastefndi verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 7.124.83.

Gagnstefnandi sundurliðar tjón sitt við árekstur inn þannig:

1. Viðgerðarkostnaður á bifreiðinni R 6975 .. .. kr. 17.874.50
2. Afnotamissir af sömu bifreið í 15 daga .. .. — 4.500.00

Samtals kr. 21.374.50

Eins og fyrr er rakið, hefur gagnstefnandi haldið því fram, að ökumaður bifreiðarinnar G 1764 eigi sök að ⅓ á árekstrinum, og eigi gagnstefndu og sakaukastefndi því að greiða ⅓ hluta af tjóni hans, eða kr. 7.124.83.

Gagnstefndu og sakaukastefndu hafa mótmælt öllum kröfum gagnstefnanda og krafizt málskostnaðar úr hans hendi að skaðlausu.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið í aðalsökinni, verður ekki talið, að ökumaður G 1764 eigi sök á árekstrinum. Ber því að sýkna gagnstefndu og sakaukastefndu af öllum kröfum gagnstefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsökinni og sakaukamálinu falli niður.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Gunnari Björnssyni bifreiðasmíðameistara og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkjameistara.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Óskar Smith og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, aðalstefnanda, Róbert Bjarnasyni, persónulega kr. 10.908.75 með 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1965 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og honum f. h. Bjarna Sævars Róbertssonar kr. 8.493.00 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1964 til 1. janúar 1966, en 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í aðalsök greiði aðalstefndu aðalstefnanda kr. 3.500.00 í málskostnað.

Í gagnsök og sakaukamáli eiga gagnstefndu, Róbert Bjarnason persónulega og f. h. Bjarna Sævars Róbertssonar, og sak-

aukastefndi, Samvinnutryggingar, að vera sýknir af kröfum gagnstefnanda, Óskars Smiths.

Málskostnaður fellur niður í gagnsök og sakaukamáli.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. nóvember 1967.

Nr. 56/1967. **Einar Magnússon**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Valdimar Guðmundssyni
(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1967 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 18. september 1962, allt að frádregnum kr. 7.500.00, viðteknum með fyrirvara 2. október 1967. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt samningi 29. október 1955 skyldi stefndi selja áfrýjanda á leigu um 25 ára tímabil frá nefndum degi rétt til sandnáms og malartekju í landi jarðar sinnar, Varmadals í Kjalarneshreppi. Áfrýjandi skyldi greiða í leigu 10% af andvirði brottflutts sands og malar, miðað við söluverð þess á vinnslustað þess í Varmadal. Samkvæmt leigusamningnum greiddi áfrýjandi stefnda við undirritun samningsins kr. 150.000.00, tryggingarfé, sem ganga skyldi vaxtalaust til greiðslu á leigunni á næstu 15 árum, þannig að árlegt leigugjald skyldi aldrei vera lægra en kr. 10.000.00 á ári í 15 ár.

Ef vanskil yrðu á leigusamningnum af hendi áfrýjanda, mátti stefndi rifta honum án skyldu til endurgreiðslu tryggingarfjár. Sama skyldi gilda, ef áfrýjandi hæfi eigi framkvæmdir, áður en tólf mánuðir væru liðnir frá undirritun leigusamningsins. Áfrýjandi hóf undirbúning undir námuvinnslu, en eigi sjálfa námuvinnsluna. Hinn 25. maí 1961 framleigði áfrýjandi með samþykki stefnda þriðja manni réttinn til námuvinnslu. Sá maður framkvæmdi hana um sinn og greiddi áfrýjanda endurgjald.

Hinn 18. september 1962 gerðu aðiljar málsins með sér nýjan samning, er feldi hinn eldra samning úr gildi. Er áfrýjandi í þessum nýja samningi nefndur ítakshafi, en stefndi jarðareigandi. Segir í hinum nýja samningi m. a. svo:

„1. Jarðareigandi samþykkir, að ítakshafi fái sem endurgjald fyrir áður framkvæmda undirbúningsvinnu og athuganir við vinnslu á byggingarefni úr landi Varmadals og fyrir að afsala sér öllum rétti samkv. samningi, dags. 29. okt. '55, 15/100 hluta af brúttótekjum jarðareiganda af sölu sands og malar úr landareign Varmadals næstu 18 ár, eða nánar tiltekið til 29. október 1980.

2 Jafnframt er samkomulag um það, að jarðareigandi eigi engar kröfur á ítakshafa vegna sands og malar, er ítakshafi hefur tekið eða látið taka úr landi Varmadals til þessa dags, og ennfremur, að ítakshafi eigi engar frekari kröfur til endurgjalds en fram kemur í lið 1 hér að framan á hendur jarðareiganda vegna fyrri samninga þeirra í millum um malar- og sandnám í Varmadalslandi, enda falla þeir samningar að öllu leyti úr gildi við undirskrift samnings þessa.

3. Jarðareiganda er rétt og skylt að gera ítakshafa kunnugt um alla sand- og malartöku úr landareigninni á nefndu 18 ára tímabili og tekjur af sölunni og ennfremur að láta ítakshafa í té endurrit af öllum samningum, er gerðir kunna að vera um þess konar sölu.

4. Hafi jarðareigandi gert samninga um sölu sands eða malar, skal uppgjör við ítakshafa fara fram jafnóðum á sömu gjalddögum og nefndir eru í samningum jarðareiganda og viðsemjanda hans um töku sands eða malar".

Við undirritun þessa samnings kveðst stefndi hafa greitt áfrýjanda kr. 88.370.00 í peningum.

Hinn 18. september 1962 gerði stefndi leigusamning við Vinnuvélar h/f, Esjubergi, Kjalarnesi. Er stefndi nefndur í samningnum leigusali, en Vinnuvélar h/f leigutaki. Segir í samningnum m. a. svo:

„1. Valdimar Guðmundsson selur hér með Vinnuvélum h/f á leigu rétt til sandnáms og malartekju í landi jarðar sinnar, Varmadals í Kjalarneshreppi, til vinnslu byggingarefnis. Er réttur leigutaka einkaréttur og nær á leigutímabilinu til vinnslu á öllum sandi og möl, sem kann að fyrirfinnast í landi Varmadals, þó svo, að ræktuðu landi jarðarinnar sé ekki spillt, hvorki með útgrefti né umferð. Leigusala er með öllu óheimilt að leyfa öðrum sandnám eða malartekju í landi jarðarinnar á leigutímanum.

2. Leigugjaldið ákveðst þannig:

a) Leigutaki greiðir í leigugjald 10% af andvirði brottflutts sands og malar, miðað við söluverð á Vinnslustað þess í Varmadal, þó aldrei minna en níutíu aura fyrir hverja tunnu. Leigugjaldið gerist upp og greiðist ársfjórðungslega.

b) Við undirskrift þessa samnings greiðir leigutaki fyrirfram upp í leigugjald og sem tryggingarfé kr. 250.000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — í peningum og kr. 250.000.00 í fjórum skuldabréfum til fimm ára, hvert að upphæð kr. 62.500.00 — sextíu og tvö þúsung og fimm hundruð —, er bera 7% vexti, eða samtals í tryggingarfé kr. 500.000.00 — fimm hundruð þúsund krónur. Tryggingarféð endurgreiðist vaxtalaust á næstu 10 árum, eftir að fimm ár eru liðin frá undirskrift þessa samnings, þannig að það kemur til frádráttar leigugjaldi leigutaka. Nemi leigugjald á ári eigi 1/10 af tryggingarfénu, skal það, sem vantar á 1/10 hluta, afskrifað. Verði eigi af framkvæmdum eða sé hætt við þær, endurgreiðist eigi tryggingarféð ...“. Verður að ætla eftir málflutningi, að skuldabréfin séu nú greidd.

Leigutaki skuldbatt sig til að „skipta leigugjaldinu hverju sinni“ í fjóra jafna hluta og greiða það fjórum nafngreindum aðiljum. Leigugjaldið skyldi lækka niður í 7%, ef hreinsa þyrfti byggingarefni.

Áfrýjandi telur sig eiga samkvæmt samningi aðilja rétt til 15% af þeirri fjárhæð, kr. 500.000.00, sem Vinnuvélar h/f greiddu hinn 18. september 1962, þ. e. kr. 75.000.00. Stefndi telur hins vegar, „að þá komi til útborgunar til“ áfrýjanda, „er 5 ár eru liðin frá samningsgerð, ef engin malartekja hefur farið fram“.

Nefnd fjárhæð, sem Vinnuvélar h/f inntu af hendi við undirritun samningsins 18. september 1962, er í eðli sínu fyrirframgreiðsla fyrir námuréttindi þau, sem stefndi seldi hlutafélagi þessu á leigu. Er fyrirframleiga þessi ekki endurkræf, þótt eigi verði úr námuvinnslu eða „10% af andvirði brottflutts sands eða malar“ nemi eigi svo hárri fjárhæð. Samkvæmt samningi aðilja máls þessa frá 18. september 1962 á áfrýjandi rétt til „15/100 hluta af brúttótekjum“ stefnda „af sölu sands og malar úr landareign Varmadals ... til 29. október 1980 ...“, og „skal uppgjör við“ áfrýjanda „fara fram jafnóðum á sömu gjalddögum og nefndir eru í samningum“ stefnda „og viðsemjanda hans um töku sands eða malar ...“. Verður eigi öðruvísi litið á en að áfrýjandi hafi átt samkvæmt þessum samningsákvæðum rétt til 15% af greiðslum þeim, sem Vinnuvélar h/f inntu af hendi hinn 18. september 1962. Verður því að taka kröfu áfrýjanda til greina og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 67.500.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 75.000.00 frá 18. september 1962 til 2. október 1967 og af kr. 67.500.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Guðmundsson, greiði áfrýjanda, Einari Magnússyni, kr. 67.500.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 75.000.00 frá 18. september 1962 til 2. október 1967 og af kr. 67.500.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo

málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 23. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur Einar Magnússon húsasmiður, Bárugötu 35 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með stefnu, birtri 14. september 1964, á hendur Valdimar Guðmundssyni bónda, Varmadal í Kjalarneshreppi, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 75.000.00 auk 8% ársvaxta frá 18. september 1962 til greiðsludags og málsflutningslauna samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Undir rekstri málsins af hálfu stefnda er krafizt sýknu og hæfilegs málskostnaðar að mati réttarins.

Málavextir.

Með samningi, dags. 29. október árið 1955, gerðu aðiljar þessa máls með sér samning, þar sem stefndi selur stefnanda á leigu rétt til sand- og malarnáms úr landi jarðar stefnda, Varmadal í Kjalarneshreppi. Leigugjald var ákveðið hundraðshluti af andvirði brottflutts sands og malar og 150.000.00 króna tryggingarfé, sem skyldi koma til frádráttar leigugjaldi, en vera óendurkræft, ef ekki yrði af vinnslu. Leigusala er áskilinn riftunarréttur, ef framkvæmdir hefjast ekki innan 12 mánaða.

Leigutaki mun hafa gert nokkrar undirbúningsrannsóknir, en kveðst aldrei hafa tekið efni sjálfur. Framleigusamning gerði hann í samræmi við ákvæði samnings aðiljanna við Benedikt Magnússon frá Vallá 25. ágúst 1961 með samþykki leigusala.

Með samningi 18. september 1962 var fyrri samningur aðiljanna felldur úr gildi og stefnanda veittur réttur til *„15/100 hluta af brúttótekjum jarðeiganda af sölu sands og malar úr landareign Varmadals* ... til 29. október 1980". (Undirstrikun dómara).

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að stefnanda hafi við samningsgerðina verið greiddar kr. 250.000.00, þar af mun nokkuð hafa verið í víxilskuldbindingum. Þessu hefur ekki verið mótmælt af hálfu stefnanda.

Samkvæmt samningi þessum ber stefnda að gera stefnanda „kunnugt um alla sand- og malartöku úr landareigninni á nefndu 18 ára tímabili og tekjur af sölunni og enn fremur að láta ítakshafa í té endurrit af öllum samningum, er gerðir kunna að vera um þess konar sölu". Enn fremur er kveðið svo á, að uppgjör við

stefnanda skuli fara fram jafnóðum á sömu gjalddögum og nefndir eru í samningum stefnda og viðsemjanda hans um töku sands eða malar.

Sama dag gerir stefndi samning við Vinnuvélar h/f, Esjubergi, Kjalarneshreppi, um leigu á rétti til sandnáms og malartekju í landi jarðarinnar til vinnslu byggingarefnis. Er leigutaka með samningi þessum veittur einkaréttur til sand- og malarnáms frá 18. september 1962 til 18. sept. 1987.

2. grein samningsins fjallar um ákvörðun leigugjalds og er á þessa leið: „Leigugjaldið ákveðst þannig:

a) Leigutaki greiðir í leigugjald 10% af andvirði brottflutts sands og malar, miðað við söluverð á vinnslustað þess í Varmadal, *þó aldrei minna en níutíu aurar fyrir hverja tunnu. Leigugjaldið gerist upp og greiðist ársfjórðungslega.* (Undirstrikað í samningi).

b) *Við undirskrift þessa samnings greiðir leigutaki fyrirfram upp í leigugjald og sem tryggingafé kr. 250.000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — í peningum og kr. 250.000.00 í fjórum skuldabréfum* (undirstrikun dómara) til fimm ára, hvert að upphæð kr. 62.500.00 — sextíu og tvö þúsund og fimm hundruð, — er bera 7% vexti, eða samtals í tryggingarfé kr. 500.000.00 — fimm hundruð þúsund krónur. — Tryggingarféð endurgreiðist vaxtalaust á næstu tíu árum, eftir að fimm ár eru liðin frá undirskrift þessa samnings, þannig að það kemur til frádráttar leigugjaldi leigutaka. Nemi leigugjald á ári eigi 1/10 af tryggingarfénu, skal það, sem vantar á 1/10 hluta, afskrifað. *Verði eigi af framkvæmdum eða sé hætt við þær, endurgreiðist eigi tryggingarféð.* (Undirstrikun dómara). Samkvæmt ákvörðun leigusala skal leigugjaldinu hverju sinni skipt í 4 jafna hluta, er leigutaki skuldbindur sig til að greiða til eftirtaldra aðilja, þ. e. 25% leigugjaldsins til hvers:

1. Valdimars Guðmundssonar, Varmadal.
2. Unnar Valdimarsdóttur, Varmadal.
3. Hrefnu Valdimarsdóttur, Dunhaga 11, Reykjavík.
4. Þorsteins Þórðarsonar, Kaplaskjólsvegi 37, Reykjavík.

c) Vinnsla hefjist eigi síðar en að fimm árum liðnum frá undirritun samnings þessa og minnsta gjald fyrir unnið efni verði eftir fyrsta fimm ára tímabilið kr. 40.000.00 — fjörutíu þúsund — á ári.

d) Fari svo á leigutímabilinu, að byggingarefnið sé svo óhreint, að ekki megi nota það óhreinsað og þurfi að þvo það, skal leigugjaldið lækka niður í 7%.

„Tryggingarfénu", að frádregnu því, sem stefnanda var greitt við samningsgerð og kostnaði við hana, mun hafa verið skipt milli þeirra fjögurra aðilja, sem greindir eru í b-lið 4. greinar samningsins, og mun hver þeirra um sig hafa fengið eitt tryggingarbréfanna.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnanda hafi verið sýnt uppkast að framangreindum samningi, áður en endanlega var gengið frá samningum við hann, og að það sama uppkast hafi legið frammi við samningsgerðina. Stefnandi kveðst hafa séð í uppkasti samning við Steypustöðina h/f í Reykjavík, nokkru áður en gengið var til samninga og eins við samningsgerð. Hann kveður sig muna, að í því uppkasti hafi verið kveðið á um fyrirframgreiðslu í peningum og skuldabréfum, en telur, að ekki muni greiðslan hafa verið nefnd tryggingarfé. Hann kveður uppkast þetta hafa verið áþekkt frumriti samningsins við Vinnuvélar h/f, en þó ritað á annan pappír. Af hálfu stefnda er gefin sú skýring á þessu atviki, að Steypustöðin h/f og Vinnuvélar h/f séu sama fyrirtæki, nema borgarsjóður Reykjavíkur eigi ekki aðild að hinu síðarnefnda, forsvarsmenn séu hinir sömu og allt fram að undirskrift samninganna hafi verið rætt um Steypustöðina sem samningsaðilja. Er þetta atriði ágreiningslaust.

Við samningsgerðina milli aðilja þessa máls ræddu þeir einslega saman stefndi, Þorsteinn Þórðarson, fóstursonur hans, og lögfróður aðstoðarmaður þeirra við samningsgerðina. Þorsteinn Þórðarson, sem borið hefur vitni í málinu, segir þá hafa verið á einu máli um, að samkvæmt samningi aðiljanna mundi stefnandi ekki eiga hlutdeild í „tryggingarfé" því, er kveðið er á um í samningi stefnda og Vinnuvéla h/f.

Ekki var þetta atriði rætt sérstaklega við samningsgerðina, en stefnandi kveðst hafa litið svo á, að hann fengi 15 hundraðshluta af peningafjárhæð þeirri, sem greidd yrði fyrirfram samkvæmt væntanlegum samningi, og sama hundraðshluta af fjárhæð tryggingarbréfanna, annað hvort við afhendingu þeirra eða jafnóðum og greitt væri af bréfunum.

5. október 1962 er hafizt handa af hálfu stefnanda um öflun endurrits samnings stefnda og Vinnuvéla h/f með bréflegri beiðni til Þorsteins Þórðarsonar, Kaplaskjólsvegi 37, sem umboðsmanns stefnda við samningsgerðina.

Í bréfi til stefnda, dags. 14. nóvember 1962, er krafa um nefnt samningsendurrit ítrekuð og þess krafizt, að greidd séu *kr. 75.000.00,* sem séu *15 hundruðustu hlutar af fimm hundruð þús-*

und króna fyrirframgreiðslu, sem bréfritari, lögmaður stefnanda, segir, að sér hafi verið tjáð, að stefndi hafi fengið.

Með bréfi, dags. 21. nóvember 1962, sendir stefndi lögmanni stefnanda umbeðið samningsendurrit, en vísar fjárkröfu hans á bug.

Eftir nokkur frekari bréfaskipti aðiljanna er síðan mál þetta höfðað.

Málsástæður.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að honum beri samkvæmt samningi aðiljanna 15 hundraðshlutar af brúttótekjum stefnda af réttindum til sand- og malarnáms. Þannig beri stefnda að greiða kr. 75.000.00, sem séu 15 hundraðshlutar af fimm hundruð þúsund króna fyrirframgreiðslu leigugjalds samkvæmt samningi stefnda við Vinnuvélar h/f. Bendir hann á máli sínu til stuðnings, að bæði í leigusamningi málsaðiljanna frá 1955 og í samningi stefnda við Vinnuvélar h/f sé ráðstafað rétti til sandnáms og malartöku. Þeim rétti hafi og stefnandi afsalað sér með samningi aðiljanna 1962. Því er haldið fram, að stefnanda beri 15 hundraðshlutar af leigugjaldi samkvæmt slíkum samningi, hvort sem það greiðist fyrirfram eða á ákveðnum fresti. Bent er á, að 500 þúsund króna greiðslu við undirskrift sé heitið undir lið 2, sem ber fyrirsögnina: „Leigugjaldið ákveðst þannig".

Ekki er það talið skipta máli, hvort greitt er í peningum eða tryggingarbréfum, þar sem ekki sé á valdi stefnanda að hafa áhrif á innheimtu hinna bréfuðu krafna, enda séu bréfin verðmæt í sjálfum sér og vel veðtryggð.

Að hinu fyrirframgreidda fé hefur verið skipt milli þeirra fjögurra aðilja, sem leigugjaldinu skal skipt á milli, telur stefnandi máli sínu til stuðnings.

Enn bendir stefnandi á, að hið fyrirframgreidda fé er óendurkræft, ef námuréttindin eru ekki nýtt. Stefnandi telur, að gjalddagi hinnar umþrættu kröfu sé við undirritun samnings stefnda og Vinnuvéla h/f, en þá hafi fyrirframgreiðslan verið innt af höndum. Þessa skoðun byggir hann á 4. grein samnings aðiljanna, þar sem segir, að uppgjör við ítakshafa eigi að fara fram jafnóðum og á sömu gjalddögum og greinir í samningi jarðeiganda og viðsemjenda hans.

Af hálfu stefnanda er loks lögð áherzla á grandleysi hans um efni samnings stefnda og Vinnuvéla h/f og réttmætt traust hans á, að hann hlyti sinn hundraðshluta af öllum verðmætum, sem jarðeiganda áskostnuðust fyrir námuréttindin við samningsgerð.

Fullyrt er, að stefnandi hefði aldrei gengið að ítakssamningnum, ef þetta atriði hefði borið á góma við samningsgerðina og stefndi hefði neitað að veita honum hlutdeild í væntanlegri fyrirframgreiðslu.

Af hálfu stefnda er lögð megináherzla á, að peningar og skuldabréf, sem honum voru afhent við samningsgerð við Vinnuvélar h/f hafi verið tryggingarfé, átt að tryggja hann fyrir því, að leigutaki léti undir höfuð leggjast að nýta námurnar og slyppi þannig við að greiða leigugjald, sem miðað var við magn brottflutts sands og malar. Slíkt tryggingarfé er af stefnda hálfu talið fjarri því að falla undir tekjur af *sölu* sands og malar.

Viðurkennt er, að stefnandi eigi rétt til hluta leigugjalds, en aðeins jafnóðum og leigugreiðslur falla í gjalddaga, við að efni er flutt brott úr námunum. Því er haldið fram, að sala sands og malar sé ekki hið sama og ráðstöfun á námuréttindunum og sé eðlilegt, að sérstaklega sé greitt fyrir réttindin.

Fráleitt er talið, að stefnanda beri 75.000.00 króna greiðsla af tryggingarfé sama dag og endanlega sé gert upp við hann vegna fyrri samninga aðiljanna og honum greiddar kr. 250.000.00 fyrir að falla frá þeim rétti, sem hann hafi talið sig eiga samkvæmt samningi aðiljanna frá árinu 1955, rétti, sem hann hafi raunar fyrrt sig með því að nýta ekki námurnar, svo sem honum bar samkvæmt 14. gr. samningsins. Með ítakssamningnum frá 1962 hafi stefndi, sem sé aldraður maður í góðum efnum, viljað hygla stefnanda, sem sé í fjölskyldutengslum við hann, á svipaðan hátt og hann gerir við erfingja sína þrjá í leigusamningi sínum við Vinnuvélar h/f.

Sönnunargögn.

Sönnunargögn, sem byggt er á í máli þessu, eru samningar þeir, sem getið er að framan, aðiljaskýrsla stefnanda og vitnaskýrsla Þorsteins Þórðarsonar.

Niðurstaða.

Rétturinn lítur svo á, að eðlilegur skilningur á ákvæði ítakssamnings aðiljanna um hudraðshluta af brúttótekjum af sölu sands og malar sé sá, að ítakshafa beri hluti af andvirði sands og malar, sem seld sé úr landinu, án þess að tillit sé tekið til kostnaðar landeiganda við námið. Þessi skilningur virðist felast í orðum ákvæðisins sjálfs, og þennan skilning virðist stefndi sjálfur, sem loforðið gaf, hafa lagt í ákvæðið. Stefnandi, sem viðurkennir að hafa séð samningsuppkast, sem hann gerði ráð fyrir, að yrði að samningi, hafði ástæðu til að gera ákvæði þess

um fyrirframgreiðslu að umtalsefni við samningsgerðina, ef hann vænti þess, að loforð viðsemjanda hans fæli í sér, að hann fengi hlutdeild í því fé.

Þessa niðurstöðu styðja og ákvæði 3. tl. ítakssamningsins, þar sem jarðeiganda er gert að skyldu að tilkynna ítakshafa um „sand- og malartöku ... Tekjur af sölunni og ... að láta ... í té endurrit af ... samningum ... um ... sölu".

Í 4. tl. er rætt um „samninga um sölu sands eða malar" og sagt, að „uppgjör við ítakshafa" skuli „fara fram ... á gjalddögum", sem „nefndir eru í samningum ... um töku sands og malar".

Hins vegar kemur það skýrt fram af samningnum, sbr. einkum 2. mgr. 4. tl., að það, að landeigandi selur námuréttindin á leigu, breytir ekki rétti ítakshafa.

Verðmæti þau, sem stefnda eru ætluð til afhendingar við undirskrift samnings hans við Vinnuvélar h/f, gegna tvíþættu hlutverki, annars vegar sem fyrirframgreiðsla upp í leigu og hins vegar sem greiðsla til stefnda fyrir að geta ekki hagnýtt námuréttindin á samningstímanum, ef ekkert yrði af vinnslu.

Samkvæmt framangreindum skilningi á samningi aðilja þessa máls frá 18. september 1962 verður að telja, að stefnanda beri ekki hlutdeild í þessum verðmætum. Því ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda.

Stefnanda ber að greiða stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað. Er við málskostnaðarákvörðun tekið tillit til þess, að stefnandi hafði skynsamlega ástæðu til að leita úrlausnar dómstóla um rétt sinn, sbr. 178. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð eikamála í héraði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Valdimar Guðmundsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Einars Magnússonar.

Stefnandi greiði stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1967.

Nr. 208/1966. **Sveinn G. Kristjánsson**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Steindóri V. Sigurjónssyni
og
Samvinnutryggingum
(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. s. m. og krafizt þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og stefndu óskipt dæmt að greiða honum kr. 14.344.00 með 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af málavöxtum, sem rækilega er lýst í héraðsdómi, er ljóst, að hvorugur ökumanna bifreiðanna R 2062 og R 5103, áfrýjandi og stefndi Steindór, sýndu næga aðgæzlu við akstur bifreiðanna. Áfrýjandi sá ekki R 5103, fyrr en um leið og árekstur varð milli bifreiðanna, og gætti ekki lögskipaðrar biðskyldu við mót Bústaðavegar og Háaleitisbrautar, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Stefndi Steindór þykir eftir atvikum hafa ekið of hratt, en hámarkshraði eftir Bústaðavegi er 35 km miðað við klukkustund, sbr. auglýsingu nr. 95/1958 um breytingu á lögreglusamþykkt Reykja-

víkur nr. 2/1930. Hann sá ekki til bifreiðarinnar R 2062, fyrr en stuttu áður en hann kom að greindum vegamótum og leit þá af henni, og varð hvorki hennar né annarrar umferðar var, fyrr en rétt í sama mund og árekstur varð milli þessara bifreiða. Þá kom hann ekki auga á bifreiðina R 4772 og mennina tvo hjá henni, fyrr en á því augnabliki, að bifreið hans rakst á þá bifreið og mennina.

Að þessu athuguðu þykir rétt að skipta sök þannig, að áfrýjandi beri sjálfur tjón sitt að ⅗ hlutum, en stefndu bæti honum það að ⅖ hlutum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt kr. 5.737.60 ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Stefndu, Steindór V. Sigurjónsson og Samvinnutryggingar, greiði áfrýjanda, Sveini G. Kristjánssyni, óskipt kr. 5.737.60 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., höfðaði Sveinn G. Kristjánsson, Bólstaðarhlíð 28 í Reykjavík, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. desember 1963, gegn Steindóri V. Sigurjónssyni, Ásgarði 95, og Samvinnutryggingum, báðum hér í borg, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 11.950.00 með 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Við hinn munnlega málflutning hækkaði stefnandi kröfur sínar

með samþykki stefndu án framhaldsstefnu í kr. 14.344.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess krafðist hann málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda, en *til vara,* að stefnukrafan verði stórlega lækkuð. Í báðum kröfum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að um klukkan 1415 sunnudaginn 24. marz 1963 varð árekstur með bifreiðunum R 2062, eign stefnanda, og R 5103, eign stefnda Steindórs, á gatnamótum Háaleitisvegar og Bústaðavegar hér í borg. Heiðskírt var og þurrt. Skemmdust báðar bifreiðar nokkuð.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni suður Stóragerði og Háaleitisveg á hægri ferð. Er hann hafi komið að umræddum gatnamótum, hafi hann stöðvað bifreiðina við þau og litið eftir umferð til beggja hliða eftir Bústaðavegi. Hafi hann séð bifreið koma vestur veginn, skammt austan gatnamótanna. Hafi hann hleypt bifreið þessari fram hjá og litið aftur eftir Bústaðaveginum, en enga umferð séð nálgast. Hafi hann þá ekið hægt af stað yfir gatnamótin. Er bifreiðin hafi verið komin á ca. gangandi manns ferð og verið búin að fara ca. eina til eina og hálfa bíllengd sína, hafi áreksturinn orðið. Hann kvaðst ekki hafa séð R 5103 fyrr en á því augnabliki, sem bifreiðarnar komu saman, eða orðið hennar fyrr var. R 5103 hafi verið ekið austur Bústaðaveg og hafi honum virzt hraði þeirrar bifreiðar mikill. Hann kvaðst hafa hemlað samstundis og áreksturinn varð. Við áreksturinn hafi R 2062 henzt til vinstri undan högginu. Eftir áreksturinn hafi R 5103 runnið í boga frá R 2062 að suðurbrún Bústaðavegar. Austan við gatnamótin á suðurbrún Bústaðavegar hafi staðið bifreiðin R 4772 og við hlið hennar tveir menn. Kvaðst hann ekki hafa séð annað eftir stefnu R 5103 en að ökumaðurinn mundi aka yfir báða mennina. Öðrum tókst þó að forða sér, en hinn varð fyrir R 5103. Samtímis hafi R 5103 skollið á R 4772 og kastað þeirri bifreið aftur á bak í boga út af veginum.

Stefndi Steindór hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekið bifreið sinni austur Bústaðaveg. Hraðamælir hafi ekki verið í lagi og því gæti hann ekki fullyrt um hraðann, en gizkar á, að hann hafi verið 40 kílómetrar. Er hann hafi verið staddur á lóðinni, sem er næst vestan við umrædd gatnamót, hafi hann dregið úr

ferð bifreiðarinnar með því að létta á benzíngjöf. Hann kvaðst ekki hafa séð til ferða R 2062, fyrr en hann hafi átt stutt eftir að gatnamótunum og hafi sér virzt sú bifreið þá vera að stanza. Hann kvaðst hafa vitað, að biðskylda var við Bústaðaveginn og því hafi hann reiknað fastlega með því, að ökumaður R 2062 mundi stöðva. Síðan hafi hann ekki fylgzt frekar með þeirri bifreið, þar sem hann hafi ekki séð sér stafa hætta af henni. Hann kvaðst ekki muna, hvort hann hafi litið til hægri, en hvernig sem á því hafi staðið, hafi hann ekki séð R 4772 og ekki veitt því athygli, að umferð kæmi á móti. Hann kvaðst hafa ekið eftir vinstri helmingi vegarins, er að gatnamótunum kom. Hafi hann þá allt í einu séð, að R 2062 hafi verið að renna fram fyrir bifreið sína, en þá hafi hann alveg verið kominn að bifreiðinni. Kvaðst hann þá hafa aukið ferðina og jafnframt beygt til hægri undan bifreiðinni, eins og hann hafi haft ráðrúm til. Engum togum hafi skipt, að R 2062 hafi rekizt á bifreið hans, aftast á framhurðina vinstra megin. Við árekstur hafi bifreið hans kastazt til hægri að aftan. Í beygjunni frá R 2062 hafi bifreið hans farið alveg út á hægri vegarbrún. Er þangað kom, hafi hann séð ljósastaur, sem standi á suðausturhorni gatnamótanna. Hafi hann orðið að þverbeygja frá staurnum til vinstri til að lenda ekki á honum. Alveg í því hafi hann séð R 4772 framundan, en fyrr hafi hann ekki séð þá bifreið eða mennina við hana. Á því sama augnabliki hafi bifreið hans skollið á R 4772 og hafi bifreið hans þá verið í beygju til vinstri frá staurnum. Hafi annar mannanna fallið upp á vélarhús bifreiðar hans. Síðan hafi bifreið hans runnið yfir veginn og staðnæmzt á skurðbakka norðan vegarins með framhjólin niður í skurðinum. Hann kvað ekkert hafa truflað akstur sinn, fyrr en hann hafi séð R 2062 stefna allt í einu í veg fyrir hann. Hafi mikið fát komið á hann, er árekstur varð.

Vitnið Alexander Stefánsson kvaðst hafa verið farþegi í R 2062 og setið vinstra megin í aftursæti bifreiðarinnar. Kvað vitnið ökumanninn hafa ekið hægt að gatnamótunum. Er þeir hafi nálgazt þau, hafi bifreið komið austan Bústaðaveginn. Hafi ökumaður R 2062 stöðvað bifreiðina og hleypt þeirri bifreið fram hjá gatnamótunum. Hafi vitnið þá séð bifreið stöðvaða á suðurbrún Bústaðavegar, austan við gatnamótin, og hafi tveir menn staðið við hana. Ökumaður R 2062 hafi síðan ekið hægt af stað og ætlað suður yfir gatnamótin, en er bifreiðin hafi verið nýkomin af stað, skeði árekstur við R 5103. Fyrr kvaðst vitnið ekki hafa séð þá bifreið. R 5103 hafi síðan skollið á hinni kyrrstæðu

bifreið og mönnunum, en síðan hafnað í skurði norðan Bústaðavegar. Allt hafi þetta skeð með svo skjótum hætti, að vitnið gat ekki lýst atvikum nánar. Kvað vitnið sér hafa fundizt R 5103 bera að sem kólfi væri skotið, en annað gat það ekki borið um akstur þeirrar bifreiðar.

Vitnið Árelíus Sveinsson kvaðst hafa verið farþegi í R 2062 og setið hægra megin í aftursæti. Vitnið kvað ökumann R 2062 hafa stöðvað, er að gatnamótunum kom, og hleypt bifreið fram hjá, sem ekið var vestur Bústaðaveg. Kvaðst vitnið ekki hafa litið eftir umferðinni, er ökumaðurinn hafi farið af stað, og hafi því ekki séð til ferða R 5103. Hins vegar kvaðst vitnið hafa verið búið að sjá kyrrstæða bifreið við gatnamótin á suðurbrún Bústaðavegar og hafi tveir menn staðið við hana. Kvaðst vitnið síðan ekki hafa vitað fyrr til en R 2062 hafi stöðvazt allt í einu, og alveg á sama augnabliki varð áreksturinn. Þá fyrst hafi vitnið séð R 5103 og samtímis séð, að sú bifreið hafi verið á mikilli ferð. Hafi hraði bifreiðarinnar virzt ekkert minnka við áreksturinn. Ökumaður hennar hafi sveigt út á hægri vegarbrún og þá rétt kominn á ljósastaur, en síðan til vinstri og hafi bifreiðin þá skollið á hina kyrrstæðu bifreið og mennina.

Vitnið Gunnlaugur K. Hreiðarsson kvaðst hafa verið farþegi í R 5103 og setið hægra megin í framsæti bifreiðarinnar. Kvaðst það gizka á, að bifreiðinni hafi verið ekið á 30 til 40 kílómetra hraða, er að gatnamótunum kom, því að ökumaðurinn hafi hægt ferðina, er hann nálgaðist þau. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því, að þeir hafi mætt bifreið, áður en að gatnamótunum kom, en það kvaðst hafa séð Volkswagen-bifreiðina (R 4772) koma á móti þeim austan gatnamótanna, er þeir hafi verið fyrir vestan þau. Einnig kvaðst vitnið hafa séð til ferða R 2062, sem komið hafi að Bústaðaveginum, þeim á vinstri hönd. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, að sú bifreið væri stöðvuð, heldur hafi hún lullað hægt áfram. Kvaðst vitnið hafa fylgzt með bifreiðinni, þar til árekstur-inn varð, og hafi því virzt hún halda áfram sömu hægu ferðinni, þar til hún rakst á vinstri hlið R 5103. Ökumaður R 5103 hafi beygt frá R 2062 til hægri og jafnframt hafi því fundizt hann auka ferð bifreiðarinnar. Kvaðst vitnið hafa kastað sér á gólf bifreiðarinnar, er áreksturinn varð, og því ekki fylgzt með atvikum eftir það.

Vitnið Jón Stefánsson kvaðst hafa verið farþegi í R 4772. Ökumaðurinn hafði stöðvað bifreiðina á syðri brún Bústaðavegar, austan gatnamótanna. Er vitnið hafi verið komið út úr bifreið-

inni, hafi það litið til vesturs og hafi þá orðið árekstur með hinum umræddu bifreiðum. Hafi því fundizt ökuhraði R 2062 vera lítill, en R 5103 hafi því virzt vera á töluverðri ferð. Eftir áreksturinn hafi R 5103 beygt til hægri og stefnt þá á ljósastaur, sem stóð á suðausturhorni gatnamótanna. Á síðasta augnabliki hafi ökumanninum tekizt að beygja frá staurnum og stefndi þá á R 4772. Skall R 5103 síðan á R 4772, en vitnið kvaðst hafa getað forðað sér á síðasta augnabliki.

Vitnið Hermundur H. Björnsson kvaðst hafa verið farþegi í R 4772. Hafi það litið eftir umferð, áður en það opnaði hurðina, og stigið út úr bifreiðinni, en ekkert farartæki hafi nálgazt. Er það var komið út úr bifreiðinni, hafi það litið eftir Bústaðaveginum og hafi áreksturinn þá skeð. Árekstrarbifreiðarnar hafi báðar verið á ferð, R 2062 á mjög hægri ferð, en R 5103 hafi aftur á móti verið á mjög mikilli ferð.

Vitnið Ingimundur Eyjólfsson kvaðst hafa verið statt við heimili sitt, sem standi norðan Bústaðavegar, ca. 100 metra austan gatnamótanna, og hafi það séð vel yfir vettvanginn. Það kvaðst hafa orðið slyssins fyrst vart á þann hátt, að það hafi heyrt skellinn við áreksturinn. Er það hafi litið til, hafi R 2062 verið stöðvuð, en R 5103 verið í beygju til hægri frá R 2062 og hafi því virzt vera talsvert mikil ferð á bifreiðinni. R 5103 hafi síðan beygt til vinstri frá ljósastaur, sem þarna er, og skollið því næst á R 4772.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að ökumaður R 5103 eigi alla sök á árekstrinum. Hann hafi ekið bifreiðinni allt of hratt. Hann hafi séð bifreið stefnanda við gatnamótin, en fylgzt síðan ekkert með henni eða annarri umferð. Þá hafi hann ekki hemlað, er hann sá, að áreksturinn var að verða, heldur auki hann ferð. Það hafi þó aðallega verið hin mikla ferð á R 5103, sem orsakað hafi áreksturinn, enda megi ráða af akstri hans eftir áreksturinn, að hann hafi verið á ofsahraða. Stefnandi hafi ekið bifreið sinni eðlilega. Hann stöðvi bifreið sína við biðskyldumerkið og síðan ekið rólega yfir gatnamótin, en hann sá enga bifreið nálgast þau.

Sýknukrafa stefndu er þeim rökum studd, að stefnandi eigi einn alla sök á árekstrinum. Hann hafi stöðvað við Bústaðaveginn, svo sem honum hafi borið, þar sem hann sé aðalbraut og merktur sem slík við Háaleitisbraut. Stefnandi ók hins vegar af stað inn á gatnamótin í veg fyrir R 5103. Á hér umræddum stað sé opið svæði og því hefði stefnandi átt að sjá til ferða R 5103, ef hann

hefði hugað að umferð vestan Bústaðavegar. Ósannað sé í málinu, að ökuhraði R 5103 hafi verið meiri en 30—40 km á klukkustund. Vitni, sem borið hafi vætti, viti ekki um hraða bifreiðarinnar fyrir áreksturinn. Sé því ljóst, að með því að aka inn á Bústaðaveginn í veg fyrir R 5103 eigi stefnandi alla sök á árekstrinum. Benda stefndu á það, að það hafi verið stefnandi, sem ók á R 5103, en ekki öfugt. Þá benda stefndu á það, að ekkert verði ráðið um hraða R 5103 fyrir áreksturinn af akstri bifreiðarinnar eftir hann. Aðstaða hafi verið slík, að ökumaður hennar hálfmissi stjórn á bifreiðinni og hann hafi aukið hraða bifreiðarinnar til að forðast árekstur.

Varakrafa stefndu er studd þeim rökum, að stefnandi eigi að minnsta kosti ⅔ hluta sakar á árekstrinum, svo og að stefnukrafa hans sé of há. Benda stefndu á það vegna kröfu um málskostnað, að stefnanda hafi verið boðnar bætur til samkomulags, sem námu ⅓ hluta tjónsins. Hafi málssókn þessi því verið þarflaus og beri þeim því málskostnaður úr hendi stefnanda, ef sök hans telst meiri en ⅔ hlutar.

Dómarinn hefur farið á vettvang til könnunar á aðstæðum. Umrædd gatnamót eru á óbyggðu svæði, og er útsýni gott og vítt bæði frá Bústaðavegi og Háaleitisvegi. Bústaðavegur nýtur aðalbrautarréttar og er merktur sem slíkur við vegamót Háaleitisvegar. Stefnanda bar því skilyrðislaust að víkja fyrir umferð um Bústaðaveginn, sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Hann hefur haldið því fram, að hann hafi ekki séð R 5103, fyrr en áreksturinn var að ske. Ökumaður þeirrar bifreiðar svo og farþegi hans höfðu séð R 2062, áður en þeir komu að gatnamótunum. Eins og aðstæðum er háttað á umræddum stað, verður að telja stefnanda hafa átt að sjá til ferða R 5103, ef hann hefði haft fulla aðgát við aksturinn. Með því að aka inn á gatnamótin í umrætt sinn þykir stefnandi eiga meginsök á árekstrinum.

Hins vegar hafði ökumaður R 5103 séð til ferða R 2062, áður en að gatnamótunum kom, en síðan hefur hann ekki frekar fylgzt með þeirri bifreið. Þykir hann með því ekki hafa sýnt þá aðgæzlu, sem af honum er krafizt. Í annan stað þykir ljóst, þegar virtur er akstur hans eftir áreksturinn, að hann hafi ekið bifreið sinni of hratt miðað við aðstæður. Þykir hann af þessum sökum því einnig eiga nokkra sök á árekstrinum.

Með hliðsjón af öllum atvikum þykir rétt að líta svo á, að stefnandi hafi átt sök að árekstrinum að ⅔ hlutum, en ökumaður R 5103 að ⅓ hluta. Ber því að dæma stefndu til að greiða

stefnanda ⅓ hluta af tjóni hans, sem hann beið við áresturinn.

Einn liður í kröfugerð stefnanda eru bætur vegna afnotamissis bifreiðarinnar, 10 dagar, meðan viðgerð fór fram á henni, kr. 300.00 á dag. Stefndu hafa einungis mótmælt fjárhæðum stefnanda að því leyti, að kr. 300.00 á dag sé of há fjárhæð fyrir afnotamissi. En þar sem stefnandi er leigubifreiðarstjóri og notar bifreið sína sem slíkt atvinnutæki, má fallast á það að dæma þá fjárhæð á dag í atvinnutjón. Ber því að leggja kröfufjárhæð stefnanda til grundvallar dómi í málinu. Ber að dæma stefndu samkvæmt framansögðu til að greiða ⅓ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 4.781.33, með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, enda þykir stefnandi hafa haft réttmæta ástæðu til að leita úrskurðar dómstóla þrátt fyrir það, að stefndu hafi áður boðið honum bætur að þeim hluta, sem hér er dæmt. Þykir málskostnaður honum til handa hæfilega ákveðinn kr. 2.200.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Steindór V. Sigurjónsson og Samvinnutryggingar, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, Sveini G. Kristjánssyni, kr. 4.781.33 með 7% ársvöxtum frá 24. marz 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 2.200.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. nóvember 1967.

Nr. 68/1966. **Póst- og símamálastjórnin**
(Sveinbjörn Jónsson hrl.)
gegn
Bæjarstjóra Húsavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Fyrning lögtaksréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1966, krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Hinn 5. febrúar 1964 krafðist stefndi lögtaks hjá áfrýjanda fyrir lóðarleigu árin 1961, 1962 og 1963, kr. 895.00 með gjalddaga 15. janúar hvert ár, auk dráttarvaxta, kr. 313.00, þ. e. samtals fyrir kr. 2.998.00. Lögtaksmál þetta var eigi tekið til meðferðar í fógetadómi fyrr en 24. febrúar 1965. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 1. gr. laga nr. 83/1947, var lögtaksréttur leigugjalda árin 1961 og 1962 þegar fyrndur, er lögtaks var krafizt, og að því er tekur til leigugjalds árið 1963, var lögtaksréttur einnig fyrndur, þegar lögtaksgerðin hófst í fógetadómi. Ber því að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, bæjarstjórinn í Húsavík f. h. bæjarsjóðs, greiði

áfrýjanda, póst- og símamálastjórninni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Húsavíkur 16. marz 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 16. marz kl. 1400, var í fógetarétti Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstaðar, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni í Húsavík af Jóhanni Skaptasyni, sýslumanni og bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í fógetaréttarmálinu nr. 1/1965: Bæjarstjórinn í Húsavík gegn póst- og símamálastjóra, sem tekið var til úrskurðar hinn 10. f. m.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 20. apríl 1953 skrifaði póst- og símamálastjórinn bæjarstjóranum í Húsavík svohljóðandi bréf:

„Skipulagsstjóri hefur tjáð póst- og símamálastjórninni, að við endurskoðun á skipulagsuppdrætti, dags. 22/7 1947, af Húsavík hafi talizt heppilegra að staðsetja væntanlegt póst- og símahús á öðrum stað en áður var hugsað, þ. e. á horni lóðar þeirrar, sem afmörkuð er með rauðu á meðfylgjandi uppdrætti af hinum nýju skipulagstillögum skipulagsstjórnarinnar, og getur póst- og símamálastjórnin fyrir sitt leyti fallizt á það.

Póst- og símamálastjórnin gengur út frá, að kaupstaðurinn leggi til, svo sem venja er til, ríkissjóði að kostnaðarlausu hina umræddu lóð, eins og hún þyrfti að vera, og eins og hún er afmörkuð á meðfylgjandi uppdrætti.

Eruð þér því, herra bæjarstjóri, góðfúslega beðnir að senda hingað yfirlýsingu þar að lútandi, til þess að þetta formsatriði verði ekki til tafar væntanlegum framkvæmdum. Fylgir hér með uppkast að slíkri yfirlýsingu, þó vantar þar í tölur varðandi stærð og mörk lóðarinnar, en nauðsynlegt er, að byggingarfulltrúinn mæli og setji inn á meðfylgjandi uppdrætti, og eruð þér góðfúslega beðnir að senda póst- og símamálastjórninni eitt eintak með hinum mældu tölum.

Að sjálfsögðu er gengið út frá, að kaupstaðurinn sjái um, að rýmt verði frá umræddu svæði, þannig að akstur að og frá húsinu verði auðveldur".

Fylgiskjal bréfsins var svohljóðandi:

„Bæjarstjórn Húsavíkur gerir hér með kunnugt, að hún afsalar

sér hér með til handa ríkissjóði vegna pósts og síma lóð fyrir póst- og símahús í Húsavík, sem hér segir:

Lóðin liggur við fyrirhugað torg norðaustan Garðarsbrautar á milli Ketilsbrautar og ónefndrar götu, sem liggur norður frá og í beinu framhaldi af þeim hluta Garðarsbrautarinnar, sem liggur í hánorður.

Lóðin er að flatarmáli 2010 ferm. og mörk hennar eru þannig:

Að suðvestan 41.10 m (meðfram fyrirhuguðu torgi)
— vestan 34.00 —
— norðvestan 11.20 — (meðfram Ketilsbraut)
— norðan 31.10 —
— suðaustan 39.00 — (meðfram ónefndri götu)

eins og afmarkað er með rauðu á meðfylgjandi uppdrætti.

Bæjarstjórnin skuldbindur sig til að ganga frá svæðinu framan við lóðina, þannig að akstur að og frá póst- og símahúsinu verði greiður".

Byggingarnefnd Húsavíkur tók málið fyrir á fundi 29. apríl.

Þar ályktaði nefndin, að afla þyrfti frekari upplýsinga frá póst- og símamálastjórninni viðkomandi áformum hennar um notkun lóðarinnar.

Næst tók byggingarnefndin málið fyrir á fundi 15. maí.

Þar er þetta bókað:

„... Upplýsti byggingarfulltrúi, að hann hefði átt símtal við Gunnlaug Briem símaverkfræðing. Hafði verkfræðingurinn upplýst, að póst- og símamálastjórnin teldi sig þurfa alla þá lóð, sem hún biður um, til að hafa möguleika til að byggja samfellda byggingu, þegar stundir líða, á allri þeirri byggingarlóð, sem hún sækir um, en eiga ekki á hættu, að aðrir aðilar byggi inn á milli. Þórhallur B. Snædal lagði fram svohljóðandi tillögu: Þar sem upplýst hefur verið af Friðfinni Árnasyni bæjarstjóra og Hákoni Sigtryggssyni bæjarverkfræðingi, að ekki verði komizt að samkomulagi um lóð undir væntanlegt póst- og símahús, nema gengið sé að óskum póst- og símamálastjóra, samkvæmt bréfi, dags. 20. apríl 1953, geri ég það að minni tillögu, að lóð sú, er farið er fram á í nefndu bréfi, verði veitt.

Ingólfur Helgason lagði fram svohljóðandi tillögu: Byggingarnefndin leggur til, að póst- og símamálastjórninni verði heimiluð lóð undir byggingu póst- og símahúss í Húsavík, staðsett samkvæmt tillöguuppdrætti með þeirri breytingu, að vesturkantur lóðar meðfram Garðarsbraut verði 30 mtr að lengd og að byggingar þær, er þar koma norðan við, fái 18 m lóð til austurs, miðað

við húslínu að vestan, og yrði það til frádráttar á hinu afmarkaða svæði á áðurnefndum uppdrætti, en í stað þess yrði stækkuð lóð til norðausturs fyrir loftskeytamöstur, ef þurfa þykir.

Friðfinnur Árnason lagði fram eftirfarandi tillögu:

Í viðbót við yfirlýsingu til póst- og símamálastjórnarinnar komi: Verði sú byggingarlóð, sem hér um ræðir, ekki að fullu byggð eftir 25 ár, gengur sá óbyggði hluti grunnlóðarinnar aftur til Húsavíkurbæjar til ráðstöfunar með 7 mtr baklóð.

Tillaga Þórhalls B. Snædals kom fyrst til atkvæða og var samþykkt með 2 atkv. (P. K. eldri og Þórh. Snædal) gegn einu (I. H.)".

Bæjarstjórnin afgreiddi mál þetta á fundi 19. maí 1953 með svohljóðandi bókun:

„Fundargerð byggingarnefndar, dags. 15. maí, lesin og rædd. Fyrsti liður fundargerðarinnar, tillaga byggingarnefndar, samþykkt með 4 atkvæðum gegn einu (I. H.). Jóhann Hermannsson og Páll Kristjánsson greiddu ekki atkvæði".

Hinn 4. júní sama ár skrifar svo bæjarstjórinn í Húsavík póst- og símamálastjóra svohljóðandi bréf:

„Umsókn póst- og símamálastjórnarinnar um lóð fyrir póst- og símahús í Húsavík hefur nú verið afgreidd endanlega, bæði hjá byggingarnefnd Húsavíkur og bæjarstjórn. Eins og meðfylgjandi yfirlýsing bæjarstjórnar Húsavíkur og uppdráttur sýna, hefur verið gengið að kröfu póst- og símamálastjórnarinnar um lóðarstærð með svo smávægilegri breytingu, að bæjarstjórnin leit svo á, að eigi að síður væri fullnægt kröfu póst- og símamálastjórnarinnar um lóðarstærð".

Þá sendir hann með bréfinu yfirlýsingu samhljóða þeirri, sem fylgdi bréfi póst- og símamálastjóra frá 20. apríl. Hafði hann dagsett hana 3. júní og undirritað hana sem bæjarstjóri Húsavíkur.

Gögn þessi varðandi lóðarréttindin voru ekki afhent til þinglýsingar í Húsavík.

Póst- og símamálastjórnin byggði á lóðinni hús fyrir starfsemi sína hér — pósthús, símstöð og íbúð fyrir stöðvarstjóra í einni byggingu.

Bærinn innheimti hjá stöðvarstjóranum árlega lóðarleigu fyrir lóðina á sama hátt sem af öðrum lóðum frá og með árinu 1955, kr. 100.00 á ári, og var hún greidd án nokkurra mótmæla til ársins 1960.

Frá og með árinu 1961 var lóðarleigan hækkuð stórlega í kaup-

staðnum, og þá neitaði stöðvarstjórinn að greiða leiguna og hélt því fram, að greiðsla undanfarinna ára hefði byggzt á misskilningi, því að bærinn hefði gefið ríkissjóði lóðina til afnota fyrir póst og síma og ætti enga leigu að greiða fyrir hana.

Bæjarstjórinn í Húsavík mótmælti þessari staðhæfingu, kvað lóðina vera leigulóð á sama hátt sem allar aðrar lóðir í Húsavík og krafðist að lokum lögtaksinnheimtu á lóðargjöldum fyrir árin 1961—1963 incl., samtals að fjárhæð kr. 3.580.00, auk áfallandi dráttarvaxta.

Hér fyrir dóminum hefur gerðarþoli haldið staðfastlega við það, að hann hafi fengið lóðina að gjöf. Sé hún því kvaðalaus eign ríkissjóðs og beri honum því ekki að greiða hina umkröfðu lóðarleigu.

Gerðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að lóðin sé leigulóð, veitt með sömu kjörum sem allar aðrar lóðir í bænum, sem allar séu leigulóðir, enda tíðkast ekki, að bærinn selji lóðir.

Hann hefur lagt fram vottorð byggingarnefndarmanna og bæjarstjórnarmanna, sem fjölluðu um lóðarbeiðni póst- og símamálastjóra, svo og þáverandi bæjarstjóra, sem allir lýsa því yfir, að þeir hafi fjallað um málið á venjulegum leigulóðargrundvelli og að afsal eignarréttar á lóðinni hafi hreint ekki komið til umræðu.

Bæjarstjórnarmennirnir lýsa því yfir, að þeir hafi aldrei séð skjal það, sem fylgdi umsókn póst- og símamálastjóra og sem bæjarstjóri undirritaði 3. júní 1953 og endursendi honum til staðfestingar á lóðarréttindunum. Þeir halda því fram, að bæjarstjóranum hafi aðeins verið heimilað að tilkynna póst- og símamálastjóra veitingu leigulóðarréttinda á þar greindri lóð, enda kveðst bæjarstjórinn ekki hafa gert annað eða meira, og staðfesti krafa hans um leiguna þetta, og heldur gerðarbeiðandi því fram, að greiðsla lóðarleigunnar af hendi gerðarþola sanni framburð bæjarstjórnarmannanna og réttmæti framhaldsgreiðslu lóðarleigunnar.

Póst- og símamálastjórinn segir í umsóknarbréfinu frá 20. apríl 1953: „Póst- og símamálastjórinn gengur út frá, að kaupstaðurinn leggi til, svo sem venja er til, ríkissjóði að kostnaðarlausu, hina umræddu lóð, eins og hún þyrfti að vera og eins og hún er afmörkuð á meðfylgjandi uppdrætti".

Þetta orðalag má að sjálfsögðu túlka sem beiðni um, að lóð fyrir húsið verði gefin ríkissjóði. En hví er ekki beinum orðum beðið um lóðina að gjöf?

Orðalagið má einnig túlka þannig, að við afhendingu lóðarinnar hvíli engin eignarréttindi á henni, sem kaupa þurfi burt,

svo sem ræktunarréttindi eða önnur mannvirki, og ekki heldur „stofngjald“, sem stundum er sett á leigulóðir.

Byggingarnefnd og bæjarstjórn virðast hafa litið svo á, að túlka bæri umsóknina á síðastgreindan hátt.

Byggingarnefndarmaðurinn Ingólfur Helgason leggur til, „að póst- og símamálastjórninni verði *heimiluð* lóð undir byggingu póst- og símahúss í Húsavík ... etc“.

Bæjarstjórinn leggur til: „Verði sú byggingarlóð, sem hér um ræðir, ekki að fullu byggð eftir 25 ár, gengur sá óbyggði hluti grunnlóðarinnar aftur til Húsavíkurbæjar til ráðstöfunar með 7 mtr baklóð“.

Byggingarnefndarmaðurinn Þórhallur B. Snædal gerir það að tillögu sinni, „... að lóð sú, er farið er fram á í nefndu bréfi, verði *veitt*“. Og það er tillagan, sem nefndin samþykkir og síðar bæjarstjórnin.

Engin tillagan gefur til kynna, að verið sé að fjalla um afsal á landi, heldur bendir allt orðalagið á, að verið sé að fjalla um úthlutun leigulóðar, enda virðist ekki annað heyra undir byggingarnefnd.

Tillaga byggingarnefndarinnar var samþykkt af bæjarstjórninni.

Afsal á bæjarlandi virðist ekki heyra undir byggingarnefnd. Það heyrir beint undir bæjarstjórn og hefði átt að takast fyrir sérstaklega. Það var ekki gert.

Verður því að telja, að bæjarstjórnin hafi ekki samþykkt að gefa ríkissjóði hér umrædda lóð.

Póst- og símamálastjórinn lét aldrei þinglýsa réttindaskjalinu, hvorki sem leigusamningi né afsali. Verður þó að telja vafalausa skyldu hans að láta þinglýsa afsali fyrir lóðinni, ef um það hefði verið að ræða, og sama gildir um leigusamning, þegar hann hefði verið full frágenginn.

Það verður því að telja, að lóðarleigukrafan sé réttmæt og að hin umbeðna lögtaksgerð eigi að ná fram að ganga.

Dráttur á uppkvaðningu úrskurðar stafar af því, að um það leyti, sem málið var tekið til úrskurðar, hafði fógetinn misst allt hið vana starfslið af skrifstofu sinni og varð því einn að vinna að ársuppgjöri reikninga, sem komið var í eindaga.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að fara.

Mánudaginn 13. nóvember 1967.

Nr. 105/1967. **Hermann Haraldsson** (Gunnar Jónsson hrl.)
gegn
Páli Pálssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ógildingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. júlí 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júní s. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Árið 1958 seldi stefndi íbúð, er hann átti í fasteigninni nr. 76 við Miklubraut hér í borg. Kaupandi var Sigurlaug Helgadóttir, sem galt kaupverðið m. a. með veðskuldabréfi því, sem mál þetta fjallar um. Skuldabréfið gaf hún út hinn 25. júní 1958 til handhafa. Fjárhæð þess, kr. 130.000.00, skyldi greidd á tíu árum með jöfnum árlegum afborgunum. Gjalddagar voru 25. júní ár hvert, í fyrsta sinn 25. júní 1959. Var skuldin tryggð með veði í greindri íbúð. Í desembermánuði 1958 fól stefndi Ingólfi nokkrum Jónssyni skuldabréf þetta til geymslu og innheimtu. Var einnig svo um talað, að Ingólfur seldi skuldabréfið, ef þess væri kostur, en sala væri þó háð samþykki stefnda um söluverðið. Kveður stefndi Ingólf hafa frá upphafi afhent sér jafnóðum áfallnar greiðslur samkvæmt skuldabréfinu, en síðasta greiðsla Ingólfs hafi verið fyrir árið 1964.

Í byrjun októbermánaðar 1964 var hafin sakamálsrannsókn út af ætluðum fjárdrætti nefnds Ingólfs Jónssonar og þ. á m. meðferð hans á skuldabréfinu. Í þinghaldi 30. s. m. var Ingólfur spurður um skuldabréfið, og kvaðst hann ekki muna „til þess að hafa selt það eða látið það af hendi og veit ekki, hvar það nú er niður komið". Í þinghaldi 26. næsta mánaðar kvaðst Ingólfur „hljóta að hafa selt það eða ráð-

stafað því með öðrum hætti til einhvers annars manns eða aðilja".

Hinn 14. apríl 1965 sendi stefndi yfirborgardómaranum í Reykjavík beiðni um útgáfu stefnu til ógildingar veðskuldabréfinu. Segir svo m. a. í beiðninni: „Hefur alltaf verið greitt reglulega af bréfinu, en nú hefur Ingólfur borið fyrir sakadómi Reykjavíkur, að bréfið sé glatað og getur enga skýringu á því gefið, hvað orðið hefur af því". Opinber stefna var gefin út sama dag. Málið var þingfest hinn 29. júní 1965, en enginn sótti þing til að andmæla ógildingarkröfunni. Var málið dómtekið sama dag og dómur kveðinn upp 30. sama mánaðar.

Sakamálsrannsóknin á hendur Ingólfi Jónssyni leiddi síðar í ljós, að hann hafði án vitundar stefnda selt og afhent áfrýjanda skuldabréfið árið 1960, en eftirstöðvar þess voru þá kr. 104.000.00. Stóð Ingólfur áfrýjanda skil á áföllnum greiðslum árin 1961, 1962, 1963 og 1964, og var í hvert skipti áritað á bréfið, sem var í vörzlum áfrýjanda, um greiðslurnar. Áfrýjandi krafði eigendur hinnar veðsettu íbúðar um áfallnar greiðslur í gjalddaga árið 1965. Voru þær inntar af hendi 28. júní s. á. og skuldabréfið áritað í samræmi við það. Stuttu eftir gjalddaga bréfsins árið 1966 krafði áfrýjandi sömu aðilja um greiðslu vaxta og afborgana, en var þá tjáð, að ógildingardómur hefði gengið um skuldabréfið. Var áfrýjanda neitað um greiðslu af þeim sökum, en stefnda greiddir áfallnir vextir og afborganir það ár og síðan árið 1967.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var eigi fyrir hendi það skilyrði til ógildingardóms samkvæmt 216. gr. laga nr. 85/1936, að veðskuldabréfið væri glatað eða horfið, en gögn um þetta efni mátti áfrýjandi koma að í Hæstarétti, sbr. 98. gr. sömu laga. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi, en eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1965.

Mál þetta, sem þingfest og dómtekið var 29. júní 1965, hefur Páll Pálsson, Drápuhlíð 19, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með opinberru stefnu, útgefinni 14. apríl 1965, en birtri 26. apríl 1965, til ógildingar handhafaskuldabréfi, útgefnu hinn 25. júní 1958 af Sigurlaugu Helgadóttur, Barmahlíð 6, Reykjavík.

Skuldabréfið telur stefnandi hafa verið upphaflega að fjárhæð kr. 130.000.00, en nú að eftirstöðvum kr. 52.000.00, það sé tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í eignarhluta útgefanda þess í húseigninni nr. 76 við Miklubraut hér í borg.

Stefnandi kveður sig vera eiganda téðs skuldabréfs, en bréfið hafi glatazt og sé sér því nauðsyn að fá það ógilt með dómi.

Stefna hefur verið gefin út í máli þessu og birt lögum samkvæmt, en enginn sótt þing til að andmæla dómkröfum.

Verður því að taka kröfur stefnanda til greina.

Hrafn Bragason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreint handhafaskuldabréf skal vera ógilt.

Mánudaginn 13. nóvember 1967.

Nr. 85/1967. **Páll S. Pálsson**
f. h. Gjaldstofu Færeyja
gegn
Rasmus Rasmussen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Stefnubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. maí 1967, sem Hæstarétti barst 29. s. m. Hann krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Mál þetta hefur verið flutt munnlega fyrir Hæstarétti samkvæmt heimild í 2. mgr. 31. gr. laga nr. 57/1962.

Því hefur verið lýst fyrir Hæstarétti, að stefndi sé eigi skráður í þjóðskrá hér á landi né hafi hann innt hér skatt af hendi.

Stefnuvottar birtu héraðsstefnu í máli þessu „fyrir Björgu Thorberg á heimili hennar, Snorrabraut 50 hér í borg, og afhentum henni endurrit af stefnunni, sem hún lofaði að afhenda stefnda, sem býr í sama húsi, en var fjarverandi". Þar sem eigi var skráður samastaður stefnda hér á landi, þykir varhugavert að meta þessa stefnubirtingu á hendur honum, sem eigi hefur komið fyrir dóm, nægilega. Ber því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá héraðsdómi. Leiðir þetta til staðfestingar héraðsdóms að niðurstöðu til.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., hefur Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður vegna Gjaldstofu Færeyja höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. þ. m., gegn Rasmus Rasmussen, Snorrabraut 50, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð danskar kr. 5.316.70 ásamt 8% ársvöxtum frá 17. febrúar 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

„Stefndi skuldar Gjaldstofu Færeyja skatt fyrir árin 1962—1965, og nemur skuldin ofannefndri fjárhæð. Vextir útreiknaðir af gjaldstofunni til 17. febrúar 1967 eru meðtaldir í stefnufjárhæðinni. Nema þeir kr. 1.161.70, danskar".

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið. Honum var ekki birt stefnan persónulega, en birting hennar hefur hins vegar farið fram með löglegum hætti.

Í 61. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 segir, að „Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara

einungis eftir lögunum". Hér er fyrst og fremst átt við íslenzk lög og landsrétt. Við úrlausn á kröfu þeirri, sem hér er höfð uppi, yrði hins vegar að dæma eftir erlendum rétti, sem dómarinn hvorki þekkir né ber embættisleg skylda til að kynna sér af sjálfsdáðum. Eru því eigi fyrir hendi nauðsynlegar forsendur til könnunar á réttmæti skattkröfunnar, sem ákveðin er einhliða af hálfu skattayfirvalda og verður því eigi jafnað til borgaralegra krafna.

Í samningnum á milli Norðurlandanna um, að aðfararhæfi dóma o. fl., sbr. lög nr. 30 23. júní 1932, er það fram tekið, að dómar um skatta, sem kveðnir eru upp í einu landanna, séu ekki aðfararhæfir í öðru. Þaðan af síður ættu ákvarðanir skattayfirvalda í einu ríkjanna um skattfjárhæð að vera dómhæfar í öðru.

Þegar haft er í huga það, sem nú hefur verið rakið, svo og það, að stefndi hefur eigi sótt þing í málinu, þá þykir rétt að vísa máli þessu frá dómi ex officio, enda er það mjög ríkjandi venja, viðtekin almennt, bæði í fræði og framkvæmd, að dómstólar í einu ríki fjalli ekki um skattakröfur frá öðrum ríkjum, hvorki með dómi né aðför.

Þessu til frekari áréttingar skal bent á 3. tl. 11. greinar laga nr. 30 23. júní 1932, umræður um þetta efni á norræna lögfræðingaþinginu í Kaupmannahöfn árið 1928, 14. bindi bls. 154 og áfram, svo og Norsk Civilprosess eftir Per Augdahl, önnur útgáfa, bls. 173, prentuð í Þrándheimi 1951. (I kommisjon hos Akademisk forlag).

Eftir þessum málalokum verður málskostnaðarkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur ex officio.
Málskostnaðarkrafa stefnanda er ekki tekin til greina.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 120/1967. **Sunnuver h/f** (Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatsveitu Seyðisfjarðar (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak. Gjald til vatnsveitu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hafizt var handa árið 1965 um eflingu vatnsveitu á Seyðisfirði. Bar brýna nauðsyn til framkvæmdar þessarar, einkum vegna hins veigamikla síldariðnaðar, sem settur hafði verið þar á laggir. Kostnaðaráætlun vatnsveitunnar var upphaflega kr. 6.500.000.00, en kostnaður af verkinu er nú talinn vera orðinn a. m. k. kr. 20.000.000.00. Til þess að afla fjár upp í kostnaðinn var sett reglugerð nr. 169/1965, sem leysti af hólmi gjaldskrá nr. 208/1958 fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Var vatnsskattur hækkaður. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir: „Bæjarstjórn ákveður tengigjald". Lagaheimild þessa reglugerðarákvæðis taldist vera í 8. gr. laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna, en þar segir, að leggja megi auk almenns vatnsskatts „sérstakt aukagjald . . . á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa". Hinn 13. apríl 1966 ákvað bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar að leggja samkvæmt nefndum heimildum tengigjald á 10 síldar- og fiskiðnaðarfyrirtæki á Seyðisfirði, alls kr. 12.250.000.00. Var áfrýjanda

gert að greiða af þeirri fjárhæð kr. 500.000.00. Iðnaðarfyrirtækin vildu eigi una þessari álagningu. Ágreiningi þeirra og stefnda var ráðið til lykta með samkomulagi 29. ágúst 1966, svohljóðandi:

„Samkomulag aðila í deilu um tengigjöld til Vatnsveitu Seyðisfjarðar:

I. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar endurskoði vatnsveitureglugerðina, sérstaklega ákvæðin um tengigjöld, og leggi breytinguna fyrir félagsmálaráðuneytið til fullnaðarákvörðunar.

II. Benedikt Sveinsson hdl. f. h. umbjóðenda sinna greiði upp í framlög til vatnsveitunnar kr. 2.250.000.00 fyrir 1. september n.k.

III. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar grípur ekki til lokunaraðgerða, enda falla lögbannsmál niður og svo öll eftirmál þeirra".

Áfrýjandi greiddi kr. 120.000.00 af sammælisfjárhæðinni. Kvittaði stefndi fyrir þeirri greiðslu hinn 31. ágúst 1966 sem greiddri „upp í framlag til vatnsveitunnar skv. samkomul...." Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 26. september og 5. október 1966 var samþykkt breyting á reglugerð nr. 169/1965, og á fundi bæjarstjórnarinnar 21. desember 1966 var gerð svofelld smþykkt:

„1. Svohljóðandi tillaga frá bæjarráði var samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir 20% lækkun gjalda samkvæmt 10. gr. frumvarps að reglugerð um Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem nú bíður staðfestingar í félagsmálaráðuneytinu, enda hækki ríkisstyrkur til vatnsveitufram kvæmda á Seyðisfirði upp í 4.2 millj. króna og eigi lægri upphæð en kr. 700 þúsund greiðist á árinu 1967.

Að öðru leyti væntir bæjarstjórn þess, að ríkisstyrkurinn verði greiddur að fullu á næstu 4—5 árum"."

Ríkisstyrkur sá, sem greinir í samþykktinni, er veittur samkvæmt lögum nr. 93/1947.

Félagsmálaráðherra staðfesti síðan reglugerð nr. 281 28. desember 1966 um breyting á reglugerð nr. 169/1965. Er útgáfudagur hennar tilgreindur 30. desember 1966.

Í 9. gr. hinnar endurskoðuðu reglugerðar eru almenn ákvæði um vatnsskatt, en 10. gr. hennar hljóðar svo:

„Nú hefur greiðsla kostnaðar við nýjar vatnsveitulagnir ekki fengizt greidd, eins og ráð er fyrir gert í 3. málslið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, eða greiðsla hefur ekki verið tryggð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, og er þá bæjarstjórn heimilt að leggja á atvinnufyrirtækin aukagjald í eitt skipti fyrir öll, eins og hér greinir.

1. Á síldarverksmiðjur allt að kr. 640.00 fyrir hvert mál (135 kg.), sem síldarpressur eru gefnar upp fyrir frá framleiðanda, miðað við lágmarksafköst á sólarhring.
2. Á hverja síldarsöltunarstöð allt að kr. 400.000.00.
3. Á hvert hraðfrystihús allt að kr. 400.000.00. Ef rekið er á sömu fasteign síldariðnaðar skv. 1. og 2. tl., skal gjald skv. þessum tölulið lækka um 50%.

Gjald þetta greiðist þannig, að 40% gjaldsins greiðast fyrsta árið, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á fimm árum frá og með því ári, sem atvinnufyrirtæki er tengt eða komið í tengingarhæft ástand við hina nýju götuæð. Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Heimilt er bæjarstjórn að veita gjaldanda lengri gjaldfrest, enda greiði hann þá almenna innlánsvexti af eftirstöðvum gjaldsins, eins og það er á hverjum tíma frá tengingu.

Gjaldfallin og ógreidd aukagjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd fyrir 31. des. 1966.

Verði gjöld samkvæmt grein þessari vegna nýrra fyrirtækja meira en 10% hærri en þau eru við gildistöku reglugerðar þessarar, og sú aukning gjaldanna leiðir ekki af lögnum nýrra vatnsæða vegna atvinnufyrirtækja, skal endurskoða reglugerð þessa og lækka gjöld samkvæmt 3. og 4. tl. 9. gr. til samræmis við þann tekjuauka, sem reynist umfram áðurnefnd 10%".

Gjald það, sem nefnt var tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965, nefnist aukagjald í 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966. Samkvæmt nefndri 10. gr. bar áfrýjanda, sem er síldarsaltandi, að greiða kr. 400.000.00, og féllu 40% af því fé

í gjalddaga 1966, þ. e. . . . . kr. 160.000.00
Greitt var hinn 31. ágúst 1966 . . . . . — 120.000.00

Eftirstöðvar kr. 40.000.00

Stefndi krafði áfrýjanda um eftirstöðvarnar hinn 2. janúar 1967, og hinn 14. janúar 1967 var kveðinn upp úrskurður um lögtak fyrir gjaldinu.

Hinn 10. júlí 1967 samþykkti bæjarstjórn Seyðisfjarðar til vonar og vara, að aukagjald áfrýjanda skyldi vera kr. 400.000.00.

Aukagjaldið samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966 er sama gjaldið, sem nefnt er tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 159/1965. Er einungis um afmörkun þess að tefla í nefndri 10. gr. Heimild til álagningar slíkra gjalda er í 8. gr. laga nr. 93/1947. Með samkomulaginu 29. ágúst 1966 játaðist áfrýjandi og undir að hlíta úrskurði félagsmálaráðherra um fullnaðarákvörðun gjaldsins. Þá er litið er annars vegar á vöxt síldariðnaðarins á Seyðisfirði og vatnsþörf hans og hins vegar á smæð bæjarfélagsins, verður að meta þetta samkomulag gilt. Eigi eru efni til að kveða á um, að álagning gjaldsins brjóti gegn 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944.

Samkvæmt því, sem rakið var, ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sunnuver h/f, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 24. ágúst 1967.

Með símskeyti, dags. 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola, Sunnuver h/f á Seyðisfirði, um kr. 40.000.00, sem bæjarstjóri taldi gerðarþola skulda Vatnsveitu Seyðisfjarðar sem eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), álögðu árið 1966 samkvæmt reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. des. 1966, nr. 281/1966, og birtri 30. des. 1966.

Eftir beiðni bæjarstjórans á Seyðisfirði kvað bæjarfógetinn á Seyðisfirði upp almennan lögtaksúrskurð fyrir gjaldi þessu hinn 14. janúar s.l., og var úrskurðurinn birtur umboðsmanni gerðarþola, Benedikt Sveinssyni héraðsdómslögmanni, 17. janúar 1967. Gerðarþoli mótmælti framgangi lögtaksins, en lögtaksaðgerðir hófust hinn 31. janúar s.l., og var lögtaksmálið síðan rekið fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar og úrskurður upp í því kveðinn af hinum reglulega fógeta hinn 1. febrúar s.l.

Úrskurði þessum skaut gerðarþoli síðan til Hæstaréttar, og var hann ómerktur þar hinn 22. júní s.l.

Hinn reglulegi fógeti hefur vikið sæti í máli þessu.

Hófust síðan aðgerðir í málinu á nýjan leik hinn 12. júlí s.l., og samkvæmt samþykki umboðsmanna málsaðilja var uppkvaðning og birting almenns lögtaksúrskurðar svo og öflun gagna fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar í janúar s.l. látin gilda sem grundvöllur máls þessa, sbr. rskj. nr. 2, og síðan ákveðinn skriflegur málflutningur að gagnaöflun lokinni.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær, að löktak verði látið fram fara í eignum gerðarþola fyrir áðurgreindum eftirstöðvum, kr. 40.000.00, auk 7% ársvaxta af þeirri upphæð frá 1. janúar 1967 til greiðsludags og enn fremur að gerðarþola verði gert að greiða kostnað við lögtakið, þar á meðal málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Í skriflegri sókn og framlögðum skjölum hefur lögmaður gerðarbeiðanda skýrt mál þetta svo, að þegar síaldargengdin óx svo snögglega fyrir Austurlandi, sem kunnugt er, hafi á nokkrum árum risið upp verulegur síldariðnaður á Seyðisfirði og hafi þá fljótlega farið að bera á vatnsskorti, svo að til vandræða horfði, enda þarfnist iðnaður þessi mikils magns af vatni. Því hafi bæjarfélagið eigi séð sér annað fært en ráðast í verulegar vatnsveitu-

framkvæmdir, sem muni kosta 20—21 milljón króna, og hafi verið ráðizt í þetta eingöngu vegna síldariðnaðarins.

Með heimild í 11. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965 hafi svonefnt tengigjald verið lagt á gerðarþola að fjárhæð kr. 500.000.00. Vegna deilu um upphæð gjaldsins hafi bæjarstjórn gert breytingu á téðri reglugerð, sem staðfest hafi verið af félagsmálaráðuneytinu 28. des. s.l. og birt í B-deild stjórnartíðinda 30. s. m., nr. 281/1966. Í reglugerðarbreytingu þessari sé umrætt tengigjald nefnt aukagjald og leiði breytingin til þess, að álagningin lækki um 20%, og sé þetta í samræmi við samkomulag málsaðilja frá 29. ágúst 1966 og gjaldskrána í reglugerðarbreytingunni. Hins vegar hafi engin gjaldskrá verið í upphaflegu reglugerðinni nr. 169/1965, en framkvæmdarvaldinu látið eftir að ákveða upphæð gjaldanna.

Samkvæmt þessu hafi hið álagða gjald lækkað úr kr. 500.000.00 í kr. 400.000.00 og af þeirri fjárhæð sé gjaldfallið á árinu 1966 40%, eða kr. 160.000.00. Í samræmi við þetta hafi gerðarþoli greitt gerðarbeiðanda hinn 31. ágúst 1966 upp í tengigjald til vatnsveitunnar kr. 120.000.00 og mismunurinn, kr. 40.000.00, sé lögtakskrafan.

Lögmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi gerðarinnar í greinargerð og skriflegri vörn og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Andmæli sín reisir hann m. a. á því, að aukagjald (tengigjald) það, sem krafizt sé lögtaks fyrir, sé ólöglega á lagt og hafi þau reglugerðarákvæði, sem gjaldið sé lagt á eftir, ekki stoð í lögum. Enn fremur, að álagningin brjóti í bága við stjórnarskrána og gjaldendum á Seyðisfirði sé með henni stórlega mismunað, svo að jaðri við eignarupptöku.

Verði eigi á þessar synjunarástæður fallizt, krefst lögmaður þess, að hið umbeðna lögtak nái samt ekki fram að ganga, þar eð fyrirmæla reglugerðar um álagningu gjaldsins hafi ekki verið gætt og sé það eigi í gjalddaga fallið og ekki á lagt fyrr en hinn 10. júlí s.l., sbr. rskj. nr. 6, og nái lögtaksúrskurðurinn í máli þessu aðeins til ógreiddra aukagjalda, gjaldfallinna árið 1966. Enn fremur gangi gjaldheimta þessi svo langt, að höggvið sé með henni of nærri 67. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að jafna megi við eignarupptöku. Lögmaður gerðarþola staðhæfir og, að í samkomulagi málsaðilja 29. 8. 1966 og greiðslu gerðarþola 31. s. m. hafi engin viðurkenning verið fólgin um óréttmæti tengigjaldsins og hafi umrædd greiðsla aðeins verið innt af hendi til að firra vandræðum.

Við úrlausn þess, hvort andmæli gerðarþola gegn framgangi lögtaksins fái staðizt, skulu þau nú rakin og athuguð lið fyrir lið.

Það ber strax að hafa í huga, að samkvæmt orðalagi reglugerðar nr. 169/1965 og breytingarinnar nr. 281/1966 verður að telja aukagjaldið sama gjaldið og tengigjald í upphaflegu reglugerðinni og gjalddaginn ákveðinn með tengingu heimæða á árinu 1966 og með samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hinn 13. apríl 1966. Þau andmæli gerðarþola, að gjaldið sé eigi í gjalddaga fallið, verða því eigi tekin til greina. Ekki verður heldur fallizt á þau andmæli lögmannsins, að álagningin brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, svo að nálgist eignarupptöku, né þá staðhæfingu hans, að gjaldendum sé með álagningunni stórlega mismunað. Í fyrsta lagi verður að telja, að reglugerðarákvæðin, sem sett eru samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1947 svo og vatnalögum nr. 15/1923, standist gagnvart stjórnarskránni og lögunum. Í öðru lagi liggur ekkert fyrir um það, að álagning þessi sé úr hófi há, og í þriðja lagi verður að telja viðmiðun gjaldsins við tækjastærð löglega, enda er aukagjaldið á lagt eftir ákvæðum reglugerðarinnar og með hliðsjón af kostnaði við vatnsveitulagnir í þágu síldariðnaðarins og þar með gerðarþola.

Við úrlausn máls þessa að öllu leyti verður að taka sérstakt tillit til samkomulags málsaðilja frá 29. 8. 1966 og enn fremur til þess, að hinn 31. 8. 1966 greiddi gerðarþoli bæjarstjóranum á Seyðisfirði kr. 120.000.00, sem telja verður sem greiðslu upp í álagt tengigjald (aukagjald). Sú staðhæfing lögmanns gerðarþola, að greiðsla þessi hafi aðeins verið gerð til að firra vandræðum, er svo tortryggileg, að ekki verður tillit til hennar tekið.

Í sambandi við umrætt samkomulag og reglugerðarbreytinguna ber og að hafa í huga, að gjaldskráin, sem engin var í upphaflegu reglugerðinni, orkar gerðarþola í hag, þar eð hið álagða gjald lækkar samkvæmt henni um 20%. Ekki þykir þurfa við að ræða frekar hér andmæli og málsástæður gerðarþola.

Samkvæmt framanskráðu verða andmæli lögmanns gerðarþola eigi tekin til greina, og ber því að heimila framgang umbeðins lögtaks til tryggingar lögtakskröfum á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum málsins og með sérstöku tilliti til samkomulagsins frá 29. ágúst 1966 þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda fullan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt taxta L. M. F. Í., og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00. Valtýr Guðmundsson, skipaður setufógeti, kvað upp úrskurð þennan. Á uppkvaðningunni hefur

orðið smávegis dráttur, sem orsakazt hefur af önnum við embættisstörf vegna sumarleyfa starfsfólks.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Sunnuver h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 121/1967. **Síldarverksmiðjur ríkisins**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar
(Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak. Gjald til vatnsveitu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hafizt var handa á Seyðisfirði árið 1965 um eflingu vatnsveitu. Bar brýna nauðsyn til framkvæmdar þessarar, einkum vegna hins veigamikla síldariðnaðar, sem settur hafði verið þar á laggir. Kostnaðaráætlun fyrirtækis vatnsveitunnar var upphaflega kr. 6.500.000.00, en kostnaður af verkinu er nú

talinn vera orðinn a. m. k. kr. 20.000.000.00. Til þess að afla fjár upp í kostnaðinn var sett reglugerð nr. 169/1965, sem leysti af hólmi gjaldskrá nr. 208/1958 fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar. Var vatnsskattur hækkaður. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir: „Bæjarstjórn ákveður tengigjald". Lagaheimild þessa reglugerðarákvæðis taldist vera í 8. gr. laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna, en þar segir, að leggja megi auk almenns vatnsskatts „sérstakt aukagjald . . . á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa . . .". Hinn 13. apríl 1966 ákvað bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar að leggja samkvæmt nefndum heimildum tengigjald á 10 síldar- og fiskiðnaðarfyrirtæki á Seyðisfirði, alls kr. 12.250.000.00. Var áfrýjanda gert að greiða af þeirri fjárhæð kr. 6.000.000.00. Iðnaðarfyrirtækin vildu eigi una þessari álagningu. Ágreiningi þeirra og stefnda var ráðið til lykta með samkomulagi hinn 29. ágúst 1966, svohljóðandi:

„Samkomulag aðila í deilu um tengigjöld til Vatnsveitu Seyðisfjarðar:

I. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar endurskoði vatnsveitureglugerðina, sérstaklega ákvæðin um tengigjöld, og leggi breytinguna fyrir félagsmálaráðuneytið til fullnaðarákvörðunar.

II. Benedikts Sveinsson hdl. f. h. umbjóðenda sinna greiði upp í framlög til vatnsveitunnar kr. 2.250.000.00 fyrir 1. september n. k.

III. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar grípur ekki til lokunaraðgerða, enda falla lögbannsmál niður svo og öll eftirmál þeirra".

Áfrýjandi greiddi kr. 1.421.000.00 af sammælisfjárhæðinni. Kvittaði stefndi fyrir þeirri greiðslu hinn 30. ágúst 1966 sem greiddri „upp í tengigjald til Vatnsveitu Seyðisj. samkv. samkomulagi . . .". Á fundum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 26. september og 5. október 1966 var samþykkt breyting á reglugerð nr. 169/1965, og á fundi bæjarstjórnarinnar 21. desember 1966 var gerð svofelld samþykkt:

„1. Svohljóðandi tillaga frá bæjarráði var samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir 20% lækkun gjalda samkvæmt 10. grein frumvarps að reglugerð um Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem nú bíður staðfestingar í félagsmálaráðuneytinu, enda hækki ríkisstyrkur til vatnsveituframkvæmda á Seyðisfirði upp í 4.2 millj. króna og eigi lægri upphæð en kr. 700 þúsund greiðist á árinu 1967.

Að öðru leyti væntir bæjarstjórn þess, að ríkisstyrkurinn verði greiddur að fullu á næstu 4—5 árum“.“

Ríkisstyrkur sá, sem greinir í samþykktinni, er veittur samkvæmt lögum nr. 93/1947.

Félagsmálaráðherra staðfesti síðan reglugerð nr. 281 28. desember 1966 um breytingu á reglugerð nr. 169/1965. Er útgáfudagur hennar tilgreindur 30. desember 1966.

Í 9. gr. hinnar endurskoðuðu reglugerðar eru hin almennu ákvæði um vatnsskatt, en 10. gr. hennar hljóðar svo:

„Nú hefur greiðsla kostnaðar við nýjar vatnsveitulagnir ekki fengizt greidd, eins og ráð er fyrir gert í 3. málslið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, eða greiðsla hefur ekki verið tryggð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, og er þá bæjarstjórn heimilt að leggja á atvinnufyrirtækin aukagjald í eitt skipti fyrir öll, eins og hér greinir:

1. Á síldarverksmiðjur allt að kr. 640.00 fyrir hvert mál (135 kg.), sem síldarpressur eru gefnar upp fyrir frá framleiðanda, miðað við lágmarksafköst á sólarhring.
2. Á hverja síldarsöltunarstöð allt að kr. 400.000.00.
3. Á hvert hraðfrystihús allt að kr. 400.000.00. Ef rekið er á sömu fasteign síldariðnaður skv. 1. og 2. tl., skal gjald skv. þessum tölulið lækka um 50%.

Gjald þetta greiðist þannig, að 40% gjaldsins greiðast fyrsta árið, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á fimm árum frá og með því ári, sem atvinnufyrirtæki er tengt eða komið í tengingarhæft ástand við hina nýju götuæð. Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Heimilt er bæjarstjórn að veita gjaldanda lengri gjaldfrest, enda greiði hann þá almenna innlánsvexti af eftirstöðvum gjaldsins, eins og það er á hverjum tíma frá tengingu.

Gjaldfallin og ógreidd aukagjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd fyrir 31. des. 1966.

Verði gjöld samkvæmt grein þessari vegna nýrra fyrirtækja meira en 10% hærri en þau eru við gildistöku reglugerðar þessarar, og sú aukning gjaldanna leiðir ekki af lögnum nýrra vatnsæða vegna atvinnufyrirtækja, skal endurskoða reglugerð þessa og lækka gjöld samkvæmt 3. og 4. tl. 9. gr. til samræmis við þann tekjuauka, sem reynist umfram áðurnefnd 10%".

Gjald það, sem nefnt var tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965, nefnist aukagjald í 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966. Samkvæmt nefndri 10. gr. bar áfrýjanda að greiða kr. 4.800.000.00, og féllu 40% af því fé í gjalddaga 1966, þ. e. kr. 1.920.000.00

Greitt var 30. ágúst 1966 .. .. — 1.421.000.00

Eftirstöðvar kr. 499.000.00

Stefndi krafði áfrýjanda um eftirstöðvar þessar hinn 2. janúar 1967, og hinn 14. janúar 1967 var að beiðni stefnda kveðinn upp úrskurður um lögtak fyrir gjaldinu.

Hinn 10. júlí 1967 samþykkti bæjarstjórn Seyðisfjarðar til vonar og vara, að aukagjald stefnda skyldi vera kr. 4.800.000.00.

Aukagjaldið samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966 er sama gjaldið, sem nefnt er tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965. Er einungis um afmörkum þess að tefla í 10. gr. Heimild til álagningar slíkra gjalda er í 8. gr. laga nr. 93/1947. Með samkomulagi 29. ágúst 1966 játaðist áfrýjandi og undir að hlíta úrskurði félagsmálaráðherra um fullnaðarákvörðun gjaldsins. Þá er litið er annars vegar á vöxt síldariðnaðarins á Seyðisfirði og vatnsþörf hans og hins vegar á smæð bæjarfélags Seyðisfjarðar, verður að meta samkomulag þetta gilt. Leysa ákvæði 14. gr. laga nr. 1/1938, sbr. 1. gr. laga nr. 50/1962, áfrýjanda eigi undan greiðslu aukagjaldsins. Ákvæði 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 standa eigi gjaldskyldunni í vegi.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 65.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 65.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 24. júlí 1967.

Með bréfi, dagsettu hinn 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola, Síldarverksmiðjur ríkisins á Seyðisfirði, um krónur 499.000.00, sem bæjarstjórinn taldi gerðarþola skulda Vatnsveitu Seyðisfjarðar sem eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), álögðu árið 1966 eftir reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingu á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. desember 1966, nr. 281/1966, og birtri 30. desember sama ár.

Samkvæmt beiðni bæjarstjórans á Seyðisfirði kvað bæjarfógetinn á Seyðisfirði upp almennan lögtaksúrskurð fyrir gjaldi þessu hinn 14. jan. s.l., og var úrskurðurinn birtur umboðsmanni gerðarþola, Benedikt Sveinssyni héraðsdómslögmanni, sama dag.

Gerðarþoli mótmælti framgangi lögtaksins, en lögtaksaðgerðir hófust hinn 27. jan. 1967, og var lögtaksmálið síðan rekið fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar og úrskurður upp í því kveðinn af hinum reglulega fógeta hinn 30. jan. s.l. Úrskurði þessum skaut gerðarþoli síðan til Hæstaréttar, og var hann ómerktur þar hinn 22. júní s.l., en hinn reglulegi fógeti hefur þegar vikið sæti í málinu.

Hófust síðan aðgerðir í málinu á nýjan leik hinn 11. júlí þ. á., og samkvæmt samþykki umboðsmanna málsaðilja var uppkvaðning og birting almenns lögtaksúrskurðar svo og öflun gagna fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar í jan. s.l. látin gilda sem grundvöllur máls þessa, sbr. rskj. nr. 2.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær, að lögtak verði framkvæmt

til tryggingar áðurnefndri skuld, kr. 499 þúsund, ásamt 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 1. jan. s.l. að telja til greiðsludags svo og málskostnaði öllum í máli þessu, þar á meðal málflutningslaunum samkvæmt taxta L. M. F. Í. Við munnlegan málflutning og í skjölum hefur lögmaður gerðarbeiðanda skýrt mál þetta svo, að eins og kunnugt sé, hafi síldargengdin vaxið mjög snögglega fyrir Austurlandi og hafi á nokkrum árum risið upp verulegur síldariðnaður á Seyðisfirði. Iðnaður þessi þarfnist mikils magns af vatni, enda hafi verulegur vatnsskortur fljótlega gert vart við sig á staðnum við tilkomu hans. Því hafi bæjarfélagið eigi séð sér annað fært en ráðast í verulegar vatnsveitufram kvæmdir, sem muni kosta 19 til 20 milljónir króna.

Með heimild í 11. grein reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965 hafi verið lagt svonefnt tengigjald á gerðarþola að fjárhæð kr. 6 milljónir. Vegna deilu um upphæð gjaldsins hafi bæjarstjórn gert breytingu á téðri reglugerð, sem staðfest hafi verið af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. des. 1966 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 30. s. m., nr. 281/1966. Í reglugerðarbreytingu þessari sé umrætt tengigjald nefnt aukagjald og sé það þar ákveðið 20% lægra en tengigjaldið hafi verið. Þetta sé í samræmi við samkomulag aðilja frá 29. ágúst 1966 og gjaldskrána í reglugerðarbreytingunni. Hins vegar hafi engin gjaldskrá verið í upphaflegu reglugerðinni nr. 169/1965, en bæjarstjórn fengið þar ákvörðunarvaldið um álagninguna. Samkvæmt þessu hafi hið álagða gjald lækkað úr kr. 6 milljónum í kr. 4.8 milljónir og af þeirri fjárhæð sé gjaldfallið á árinu 1966 40%, eða kr. 1 milljón 920 þúsund. Hinn 30. ágúst 1966 hafi gerðarþoli greitt gerðarbeiðanda kr. 1 milljón 421 þúsund og mismunurinn sé lögtakskrafan, kr. 499 þúsund. Lögmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi gerðarinnar í greinargerð, og þó einkum í munnlegum málflutningi. Andmæli sín reisir hann m. a. á því, að Síldarverksmiðjur ríkisins séu ríkisfyrirtæki og séu undanþegnar gjaldi þessu með ákvæðum laga nr. 1/1938 og sé gjald þetta í eðli sínu sveitarsjóðsgjald, sem gerðarþola sé eigi skylt að greiða. Tæmandi talning á gjöldum þessum sé að finna í 14. gr. laganna, en gjald það, sem hér um ræðir, sé þar eigi talið. Þessu sjónarmiði til frekari stuðnings hefur lögmaðurinn einnig bent á hrd. nr. 110/1959, þar sem Sementsverksmiðju ríkisins var talið óskylt að greiða bæjarsjóði Akraness byggingargjald. Enn fremur hefur lögmaðurinn haldið því fram, að álagning umrædds aukagjalds (tengigjalds) sé ólögleg vegna þess, að gjaldendum sé

með henni stórlega mismunað, og enn fremur sé hún brot á 67. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem gjald þetta sé svo miklum mun hærra en annars staðar tíðkist, að það jaðri við eignarnám.

Þá telur lögmaðurinn, að viðmiðun við tækjastærð í gjaldskránni sé eigi að lögum og enn fremur að ákvæðum reglugerðarinnar við álagningu gjaldsins hafi eigi verið fylgt og sé það eigi í gjalddaga fallið. Í þessu sambandi bendir hann á, að umrætt aukagjald hafi eigi verið lagt á eftir reglugerð nr. 281/1966, sem birt var 30. des. s. á.

Svo og telur lögmaðurinn greiðslu gerðarþola til vatnsveitunnar 30. ágúst 1966, kr. 1 milljón 421 þúsund, hafa verið frjálst framlag gerðarþola til gerðarbeiðanda, en ekki greiðslu upp í álagt tengigjald (aukagjald). Þá krefst lögmaðurinn og málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Við úrlausn þess, hvort Síldarverksmiðjur ríkisins eigi að vera undanþegnar gjöldum til vatnsveitna að einhverju eða öllu leyti, sbr. ákvæði 14. gr. laga nr. 1/1938, skal það haft í huga, að vatnsveitur eru ekki alltaf reknar af sveitarfélögum, og gjöld til þeirra eru borgun fyrir fjármunaleg verðmæti og þurfa ekki eðli sínu samkvæmt að tilheyra sveitarsjóðsgjöldum. Ekki yrði t. d. talið, að gerðarþoli væri undanþeginn greiðslu rafmagnsgjalda í því tilfelli, að sveitarfélag ræki rafveitu. Hrd. nr. 110/1959 fjallar um mál, sem ekki er hliðstætt þessu.

Ekki hefur það einu sinni verið gert líklegt í málflutningi umboðsmanns gerðarþola, að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi komizt hjá því að greiða gjöld til vatnsveitna í öðrum byggðarlögum. Auk þess verður að telja, að með greiðslu sinni hinn 30. 8. 1966 og samkomulagi málsaðilja hinn 29. 8. 1966 hafi gerðarþoli viðurkennt gjaldskyldu sína til Vatnsveitu Seyðisfjarðar. Sú staðhæfing lögmanns gerðarþola um, að greiðslan hinn 30. ágúst 1966, þar sem gerðarþoli greiddi gerðarbeiðanda kr. 1 milljón 421 þúsund, hafi verið frjálst framlag gerðarþola til Vatnsveitu Seyðisfjarðar, er svo tortryggileg, að hún verður eigi tekin til greina. Því verður talið, að hér hafi verið um greiðslu gerðarþola upp í gjaldskuld til gerðarbeiðanda að ræða.

Samkvæmt þessu verða andmæli lögmannsins gegn gjaldskyldu gerðarþola ekki tekin til greina.

Þriðja málsgrein 8. gr. laga nr. 93 frá 1947 heimilar álagningu aukagjalds (tengigjalds) á þá, sem vatn nota til annars en heimilisþarfa, svo sem iðnaðarfyrirtæki, en reglugerð um Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965 og breyting á henni nr. 281/1966 er

sett samkvæmt téðum lögum svo og vatnslögum nr. 15/1923. Telja verður, að lagareglur þessar standist gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar, og verða því andmæli lögmanns gerðarþola, að álagningin jaðri við eignarnám, eigi tekin til greina.

Þau andmæli lögmannsins, að með umræddri álagningu sé gjaldendum stórlega mismunað og viðmiðun gjaldsins við tækjastærð ólögleg, verða ekki heldur tekin til greina af sömu ástæðum. Enda verður að telja, að hinar kostnaðarsömu vatnsveituframkvæmdir hafi að langmestu leyti verið gerðar í þágu síldariðnaðarins, sem risið hefur upp á Seyðisfirði á skömmum tíma, en stærsta iðnaðarfyrirtækið þar er rekið af gerðarþola.

Við úrlausn þess, hvort aukagjaldið (tengigjaldið) sé í gjalddaga fallið, verður fyrst og fremst að taka tillit til samkomulags málsaðilja frá 29. ágúst 1966 og greiðslu gerðarþola 30. s. m., sem álíta verður greiðslu upp í oft umrætt gjald.

Samkvæmt orðalagi reglugerðar nr. 169/1965 og breytingarinnar nr. 281/1966 verður að telja aukagjaldið sama gjaldið og tengigjaldið í upphaflegu reglugerðinni og gjalddaginn ákveðinn með samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar frá 13. apríl 1966 svo og með tengingu heimæðar á árinu. Þessi andmæli gegn framgangi gerðarinnar verða því eigi tekin til greina.

Lögmaður gerðarþola hefur staðhæft, að gerðarbeiðandi hafi eigi staðið við samkomulagið frá 29. ágúst 1966. Með tilliti til breytingarinnar á reglugerðinni nr. 281/1966 verður að telja, að gerðarbeiðandi hafi efnt það loforð sitt, að reglugerðin, og þá sérstaklega ákvæðin um tengigjöldin, yrði endurskoðuð og staðfest af félagsmálaráðuneytinu. Það skal og haft í huga varðandi mál þetta allt, að gjaldskráin í reglugerðarbreytingunni orkar gerðarþola í hag, þar eð hið álagða gjald lækkar samkvæmt henni um 20%.

Samkvæmt framanskráðu verður að heimila framgang gerðarinnar til tryggingar lögtakskröfunni á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum málsins og með sérstöku tilliti til samkomulagsins frá 29. ágúst 1966 þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda fullan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt taxta L. M. F. Í. Málskostnaðurinn í heild þykir hæfilega ákveðinn kr. 60 þúsund.

Valtýr Guðmundsson, skipaður setufógeti, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Síldarverksmiðjur ríkisins, greiði gerðarbeiðanda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 60 þúsund í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 122/1967. **Hafsíld h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtak. Gjald til vatnsveitu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1967 og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hafizt var handa árið 1965 um eflingu vatnsveitu á Seyðisfirði. Bar brýna nauðsyn til framkvæmdar þessarar, einkum vegna hins veigamikla síldariðnaðar, sem settur hafði verið þar á laggir. Kostnaðaráætlun fyrirtækis vatnsveitunnar var upphaflega kr. 6.500.000.00, en kostnaður af verkinu er nú talinn vera orðinn a. m. k. kr. 20.000.000.00. Til þess að afla fjár upp í kostnaðinn var sett reglugerð nr. 169/1965, sem leysti af hólmi gjaldskrá nr. 208/1958 fyrir Vatnsveitu Seyð-

isfjarðarkaupstaðar. Var vatnsskattur hækkaður. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir: „Bæjarstjórn ákveður tengigjald". Lagaheimild þessa reglugerðarákvæðis taldist vera í 8. gr. laga nr. 93/1947 um aðstoð til vatnsveitna, en þar segir, að leggja megi auk almenns vatnsskatts „sérstakt aukagjald ... á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa ...". Hinn 13. apríl 1966 ákvað bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar að leggja samkvæmt nefndum heimildum tengigjald á 10 síldar- og fiskiðnaðarfyrirtæki á Seyðisfirði, alls kr. 12.250.000.00. Var áfrýjanda gert að greiða af þeirri fjárhæð kr. 2.000.000.00. Iðnaðarfyrirtækin vildu eigi una þessari álagningu. Ágreiningi þeirra og stefnda var ráðið til lykta með samkomulagi 29. ágúst 1966, svohljóðandi:

„Samkomulag aðila í deilu um tengigjald til Vatnsveitu Seyðisfjarðar:

I. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar endurskoði vatnsveitureglugerðina, sérstaklega ákvæðin um tengigjöld, og leggi breytinguna fyrir félagsmálaráðuneytið til fullnaðarákvörðunar.

II. Benedikt Sveinsson hdl. f. h. umbjóðenda sinna greiði upp í framlög til vatnsveitunnar kr. 2.250.000.00 fyrir 1. september n.k.

III. Bæjarstjórn Seyðisfjarðar grípur ekki til lokunaraðgerða, enda falla lögbannsmál niður svo og öll eftirmál þeirra".

Áfrýjandi greiddi kr. 469.000.00 af sammælisfjárhæðinni. Kvittaði stefndi fyrir þeirri greiðslu hinn 31. ágúst 1966 sem greiddri „upp í framlag til vatnsveitunnar skv. samkomul. ...". Á fundum bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 26. september og 5. október 1966 var samþykkt breyting á reglugerð nr. 169/1965, og á fundi bæjarstjórnarinnar 21. desember 1966 var gerð svofelld samþykkt:

„1. Svohljóðandi tillaga frá bæjarráði var samþykkt með 8 samhljóða atkvæðum:

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðar samþykkir 20% lækkun gjalda samkvæmt 10. gr. frumvarps að reglugerð um Vatnsveitu Seyðisfjarðar, sem nú bíður staðfestingar í félagsmálaráðu-

neytinu, enda hækki ríkisstyrkur til vatnsveitufram kvæmda á Seyðisfirði upp í 4.2 millj. króna og eigi lægri upphæð en kr. 700 þúsund greiðist á árinu 1967.

Að öðru leyti væntir bæjarstjórn þess, að ríkisstyrkurinn verði greiddur að fullu á næstu 4—5 árum“.“

Ríkisstyrkur sá, sem greinir í samþykktinni, er veittur samkvæmt lögum nr. 93/1947.

Félagsmálaráðherra staðfesti síðan reglugerð nr. 281 28. desember 1966 um breyting á reglugerð nr. 169/1965. Er útgáfudagur hennar tilgreindur 30. desember 1966.

Í 9. gr. hinnar endurskoðuðu reglugerðar eru almenn ákvæði um vatnsskatt, en 10. gr. hennar hljóðar svo:

„Nú hefur greiðsla kostnaðar við nýjar vatnsveitulagnir ekki fengizt greidd, eins og ráð er fyrir gert í 3. málslið 2. mgr. 5. gr. reglugerðar þessarar, eða greiðsla hefur ekki verið tryggð samkvæmt 3. mgr. sömu greinar, og er þá bæjarstjórn heimilt að leggja á atvinnufyrirtækin aukagjald í eitt skipti fyrir öll, eins og hér greinir.

1. Á síldarverksmiðjur allt að kr. 640.00 fyrir hvert mál (135 kg), sem síldarpressur eru gefnar upp fyrir frá framleiðanda, miðað við lágmarksafköst á sólarhring.
2. Á hverja síldarsöltunarstöð allt að kr. 400.000.00.
3. Á hvert hraðfrystihús allt að kr. 400.000.00. Ef rekið er á sömu fasteign síldariðnaður skv. 1. og 2. tl., skal gjald skv. þessum tölulið lækka um 50%.

Gjald þetta greiðist þannig, að 40% gjaldsins greiðast fyrsta árið, en eftirstöðvarnar með jöfnum greiðslum á fimm árum frá og með því ári, sem atvinnufyrirtæki er tengt eða komið í tengingarhæft ástand við hina nýju götuæð. Gjalddagi er 1. júní ár hvert. Heimilt er bæjarstjórn að veita gjaldanda lengri gjaldfrest, enda greiði hann þá almenna innlánsvexti af eftirstöðvum gjaldsins, eins og það er á hverjum tíma frá tengingu.

Gjaldfallin og ógreidd aukagjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd fyrir 31. des. 1965.

Verði gjöld samkvæmt grein þessari vegna nýrra fyrirtækja meira en 10% hærri en þau eru við gildistöku reglu-

gerðar þessarar, og sú aukning gjaldanna leiðir ekki af lögnum nýrra vatnsæða vegna atvinnufyrirtækja, skal endurskoða reglugerð þessa og lækka gjöld samkvæmt 3. og 4. tl. 9. gr. til samræmis við þann tekjuauka, sem reyndist umfram áðurnefnd 10%".

Gjald það, sem nefnt var tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965, nefnist aukagjald í 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966. Samkvæmt nefndri 10. gr. bar áfrýjanda að greiða kr. 1.600.000.00, og féllu 40% af því fé í gjalddaga 1966, þ. e. kr. 640.000.00

Greitt var hinn 31. ágúst 1966 .. .. — 469.000.00

Eftirstöðvar kr. 171.000.00

Stefndi krafði áfrýjanda um eftirstöðvarnar hinn 2. janúar 1967, og hinn 14. janúar 1967 var kveðinn upp úrskurður um lögtak fyrir gjaldinu.

Hinn 10. júlí 1967 samþykkti bæjarstjórn Seyðisfjarðar til vonar og vara, að aukagjald áfrýjanda skyldi vera kr. 1.600.000.00.

Aukagjaldið samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 281/1966 er sama gjaldið, sem nefnt er tengigjald í 11. gr. reglugerðar nr. 169/1965. Er einungis um afmörkum þess að tefla í nefndri 10. gr. Heimild til álagningar slíkra gjalda er í 8. gr. laga nr. 93/1947. Með samkomulaginu 29. ágúst 1966 játaðist áfrýjandi og undir að hlíta úrskurði félagsmálaráðherra um fullnaðarákvörðun gjaldsins. Þá er litið er annars vegar á vöxt síldariðnaðarins á Seyðisfirði og vatnsþörf hans og hins vegar á smæð bæjarfélagsins, verður að meta þetta samkomulag gilt. Ákvæði 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 þykja eigi standa gjaldskyldunni í vegi.

Samkvæmt því, er rakið var, ber að staðfesta úrskurð fógeta.

Dæma verður áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður. Áfrýjandi, Hafsíld h/f, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Seyðisfjarðar 24. ágúst 1967.

Með símskeyti, dags. 2. janúar 1967, krafði bæjarstjórinn á Seyðisfirði gerðarþola, Hafsíld h/f á Seyðisfirði, um kr. 171.000.00, sem bæjarstjórinn taldi gerðarþola skulda Vatnsveitu Seyðisfjarðar sem eftirstöðvar aukagjalds (tengigjalds), álögðu árið 1966 samkvæmt reglugerð nr. 169/1965 um Vatnsveitu Seyðisfjarðar og breytingar á þeirri reglugerð, staðfestri af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. des. 1966, nr. 281/1966, og birtri 30. des. 1966.

Eftir beiðni bæjarstjórans á Seyðisfirði kvað bæjarfógetinn á Seyðisfirði upp almennan lögtaksúrskurð fyrir gjaldi þessu hinn 14. janúar s.l., og var úrskurðurinn birtur umboðsmanni gerðarþola, Benedikt Sveinssyni héraðsdómslögmanni 17. janúar 1967. Gerðarþoli mótmælti framgangi lögtaksins, en lögtaksaðgerðir hófust hinn 30. janúar s.l., og var lögtaksmálið síðan rekið fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar og úrskurður upp í því kveðinn af hinum reglulega fógeta hinn 31. janúar s.l.

Úrskurði þessum skaut gerðarþoli síðan til Hæstaréttar, og var hann ómerktur þar hinn 22. júní s.l. Hinn reglulegi fógeti hefur vikið sæti í máli þessu. Hófust síðan aðgerðir í málinu á nýjan leik hinn 12. júlí s.l., og samkvæmt samþykki umboðsmanna málsaðilja var uppkvaðning og birting almenns lögtaksúrskurðar svo og öflun gagna fyrir fógetarétti Seyðisfjarðar í janúar s.l. látin gilda sem grundvöllur máls þessa, sbr. rskj. nr. 2, og síðan ákveðinn skriflegur málflutningur að gagnaöflun lokinni.

Kröfur gerðarbeiðanda eru þær, að lögtak verði látið fram fara í eignum gerðarþola fyrir áðurgreindum eftirstöðvum, kr. 171.000.00, auk 7% ársvaxta af þeirri upphæð frá 1. janúar 1967 til greiðsludags og enn fremur að gerðarþola verði gert að greiða kostnað við lögtakið, þar á meðal málskostnað samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Í skriflegri sókn og framlögðum skjölum hefur lögmaður gerðarbeiðanda skýrt mál þetta svo, að þegar síldargengdin óx svo snögglega fyrir Austurlandi sem kunnugt er, hafi á nokkrum árum risið upp verulegur síldariðnaður á Seyðisfirði og hafi þá fljótlega farið að bera á vatnsskorti, svo að til vandræða horfði, enda þarfnist iðnaður þessi mikils magns af vatni. Því hafi bæjarfélagið eigi séð sér annað fært en ráðast í verulegar vatnsveituframkvæmdir, sem muni kosta 20—21 milljón króna, og hafi verið ráðizt í þetta eingöngu vegna síldariðnaðarins.

Með heimild í 11. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Seyðisfjarðar nr. 169/1965 hafi svonefnt tengigjald verið lagt á gerðarþola að fjárhæð kr. 2.000.000.00. Vegna deilu um upphæð gjaldsins hafi bæjarstjórn gert breytingu á téðri reglugerð, sem staðfest hafi verið af félagsmálaráðuneytinu hinn 28. desember s.l. og birt í B-deild stjórnartíðinda 30. s. m., nr. 281/1966. Í reglugerðarbreytingu þessari sé umrætt tengigjald nefnt aukagjald og leiði breytingin til þess, að álagningin lækki um 20%, og sé þetta í samræmi við samkomulag málsaðilja frá 29. ágúst 1966 og gjaldskrána í reglugerðarbreytingunni. Hins vegar hafi engin gjaldskrá verið í upphaflegu reglugerðinni nr. 169/1965, en framkvæmdarvaldinu látið eftir að ákveða upphæð gjaldanna.

Samkvæmt þessu hafi hið álagða gjald lækkað úr kr. 2.000.000.00 í kr. 1.600.000.00 og af þeirri fjárhæð séu gjaldfallin á árinu 1966 40%, eða kr. 640.000.00. Í samræmi við þetta hafi gerðarþoli hinn 31. ágúst 1966 greitt gerðarbeiðanda upp í tengigjald til vatnsveitunnar kr. 469.000.00 og mismunurinn, kr. 171.000.00, sé lögtakskrafan.

Lögmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi gerðarinnar í greinargerð og í skriflegri vörn og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda. Andmæli sín reisir hann m. a. á því, að aukagjald (tengigjald) það, sem krafizt sé lögtaks fyrir, sé ólöglega á lagt og hafi þau reglugerðarákvæði, sem gjaldið sé lagt á eftir, ekki stoð í lögum. Enn fremur, að álagningin brjóti í bága við stjórnarskrána og gjaldendum á Seyðisfirði sé með henni stórlega mismunað, svo að jaðri við eignarupptöku.

Verði eigi á þessar synjunarástæður lögtaks fallizt, krefst lögmaðurinn þess, að hið umbeðna löktak nái samt ekki fram að ganga, þar eð fyrirmæla reglugerðar um álagningu gjaldsins hafi ekki verið gætt og sé það ekki í gjalddaga fallið og ekki á lagt fyrr en hinn 10. júlí s.l., sbr. réttarskjal nr. 6, og nái lögtaksúrskurðurinn í máli þessu aðeins til ógreiddra aukagjalda, gjald-

fallinna árið 1966. Enn fremur gangi gjaldheimta þessi svo langt, að höggvið sé með henni of nærri 67. gr. stjórnarskrárinnar, þannig að jafna megi við eignarupptöku.

Lögmaður gerðarþola staðhæfir og, að í samkomulagi málsaðilja 29. 8. 1966 og greiðslu gerðarþola 31. s. m. hafi engin viðurkenning verið fólgin um réttmæti tengigjaldsins og hafi umrædd greiðsla aðeins verið innt af hendi til að firra vandræðum.

Við úrlausn þess, hvort andmæli gerðarþola gegn framgangi lögtaksins fái staðizt, skulu þau nú rakin og athuguð lið fyrir lið.

Það ber strax að hafa í huga, að samkvæmt orðalagi reglugerðar nr. 169/1965 og breytingarinnar nr. 281/1966 verður að telja aukagjaldið sama gjaldið og tengigjald í upphaflegu reglugerðinni og gjalddaginn ákveðin um tengingu heimæða á árinu 1966 og með samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hinn 13. apríl 1966. Þau andmæli gerðarþola, að gjaldið sé eigi í gjaldaga fallið, verða því eigi tekin til greina. Ekki verður heldur fallizt á þau andmæli lögmanns gerðarþola, að álagningin brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, svo að nálgist eignarupptöku, né þá staðhæfingu hans, að gjaldendum sé með álagningunni stórlega mismunað. Í fyrsta lagi verður að telja, að reglugerðarákvæðin, sem sett eru samkvæmt heimild í lögum nr. 93/1947 svo og vatnalögum nr. 15/1923, standist gagnvart stjórnarskránni og lögunum. Í öðru lagi liggur ekkert fyrir um það, að álagning þessi sé úr hófi há, og í þriðja lagi verður að telja viðmiðun gjaldsins við tækjastærð löglega, enda er aukagjaldið á lagt eftir ákvæðum reglugerðarinnar og með hliðsjón af kostnaði við vatnsveitulagnir í þágu síldariðnaðarins og þar með gerðarþola.

Við úrlausn máls þessa að öllu leyti verður að taka sérstakt tillit til samkomulags málsaðilja frá 29. 8. 1966 og enn fremur til þess, að hinn 31. 8. 1966 greiddi gerðarþoli bæjarstjóranum á Seyðisfirði kr. 469.000.00, sem telja verður sem greiðslu upp í álagt tengigjald (aukagjald). Sú staðhæfing gerðarþola, að greiðsla þessi hafi aðeins verið gerð til að firra vandræðum, er svo tortryggileg, að ekki verður tillit til hennar tekið.

Í sambandi við umrætt samkomulag og reglugerðarbreytinguna ber og að hafa í huga, að gjaldskráin, sem engin var í upphaflegu reglugerðinni, orkar gerðarþola í hag, þar eð hið álagða gjald lækkar samkvæmt henni um 20%.

Ekki þykir þurfa við að ræða andmæli og málsástæður gerðarþola frekar í úrskurði þessum.

Samkvæmt framanskráðu verða andmæli lögmanns gerðarþola

eigi tekin til greina, og ber því að heimila framkvæmd umbeðins lögtaks til tryggingar lögtakskröfum á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum málsins og með sérstöku tilliti til samkomulagsins frá 29. ágúst 1966 þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda fullan málskostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun samkvæmt taxta L. M. F. Í., og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Valtýr Guðmundsson, skipaður setufógeti, kvað upp úrskurð þennan. Á uppkvaðningunni hefur orðið smávegis dráttur, sem orsakast hefur af önnum við embættisstörf vegna sumarleyfa starfsfólks.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli, Hafsíld h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjarstjóranum á Seyðisfirði f. h. Vatnsveitu Seyðisfjarðar, kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 97/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þórarni Ásgeiri Samúelssyni
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á niðurstöðu hans, þó þannig, að refsing ákærða er hæfilega ákveðin kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði kr. 1.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 2 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 5.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. febrúar 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 8. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 39/1967: Ákæruvaldið gegn Þórarni Ásgeiri Samúelssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 25. nóvember 1966, höfðað á hendur Þórarni Ásgeiri Samúelssyni verkamanni, Miklubraut 16, Reykjavík, fæddum 17. ágúst 1930 að Vindheimum, Tálknafirði í Barðastrandarsýslu, fyrir að hafa miðvikudagsmorguninn 22. desember 1965 ekið bifreiðinni R 11435 af bifreiðastæði við Hafnarhvol í Reykjavík út á Tryggvagötu í veg fyrir bifreiðina G 1938, sem í sama mund var ekið austur nefnda götu, þannig að árekstur varð milli bifreiðanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og 5. mgr. 48. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1957 27/9 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1958 17/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.

Málsatvik eru þessi:

Miðvikudaginn 22. desember 1965 klukkan 0940 var lögreglu tilkynnt, að árekstur hefði orðið litlu fyrr í Tryggvagötu móts við bögglapóststofuna í Reykjavík. Lögreglan fór á staðinn, en þar höfðu rekizt saman sendiferðabifreiðin R 11435, sem ákærði ók, og fólksbifreiðin G 1938. Engar skemmdir urðu á bifreið ákærða, en nokkrar á bifreiðinni G 1938. Bjart veður var og færi þurrt.

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreiðinni R 11435 á hægri ferð úr bifreiðastæði vestan við Hafnarhvol um 1½—2 metra áfram í átt austur Tryggvagötu. Bifreið, sem stóð í bifreiðastæði næst fyrir aftan bifreið hans, byrgði honum töluvert sýn. Kvaðst hann því ekki hafa séð bifreiðina G 1938, sem ekið var austur Tryggvagötu, fyrr en um leið og snerting varð milli bifreiðanna og hefði hann þá strax hemlað. Ákærði taldi, að bifreiðinni G 1938 hefði verið ekið á um 40 km hraða miðað við klukkustund.

Vitnið Jón Elíasson vélstjóri, Birkihvammi 6, Hafnarfirði, ók bifreiðinni G 1938 austur Tryggvagötu greint sinn. Sagðist vitnið hafa ekið á lítilli ferð, minna en 30 km miðað við klukkustund. Þegar vitnið var að aka fram með bifreið ákærða, kvað það hann skyndilega hafa ekið til hægri út í götuna og í veg fyrir bifreið vitnisins. Reyndi vitnið að sveigja bifreið sinni undan, en ákærði ók aftan til á vinstri hlið bifreiðar þess. Vitnið kvaðst fyrir árekstur hafa ekið eðlilega og beint áfram götuna á réttum vegarhelmingi.

Ákærða bar að sýna sérstaka varúð og víkja skilyrðislaust fyrir umferð, þá er hann sveigði bifreið sinni út á fjölfarna umferðargötu. Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að hann hafi ekki gætt þeirrar skyldu nægilega. Er háttsemi hans rétt lýst í ákæru, og varðar hún við lagaákvæði þau, sem þar eru rakin. Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómssátt, en hann hafnaði þeirri lausn.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Ásgeir Samúelsson, greiði 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 3 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 46/1967. **Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun,**
(Agnar Gústafsson hrl.)
gegn
H/f Eimskipafélagi Íslands
(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Farmskírteini. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. marz 1967 og gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 64.095.95 með 8% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til greiðsludags, en til *vara*, að stefnda verði dæmt að greiða framangreinda fjárhæð með vöxtum, svo sem í aðalkröfu greinir, ef áfrýjandi vinni „eið eða drengskaparheit að því, að hann hafi ekki móttekið vörusendingu þá, sem mál þetta er risið af". Þá hefur áfrýjandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu 13. febrúar 1963 og dæmt þar 14. nóvember 1964. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 4. maí 1966 var héraðsdómurinn og málsmeðferð í héraði dæmd ómerk og málinu vísað frá héraðsdómi. Áfrýjandi höfðaði mál af nýju fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu 22. júní 1966.

Með skipi stefnda, v/s Lagarfossi, sem kom hingað til lands 15. febrúar 1962, fékk áfrýjandi vörur frá Finnlandi samkvæmt fjórum farmskírteinum. Voru vörurnar fluttar úr skipi í vörugeymslu stefnda. Í farmskírteini nr. 63 er vörum samkvæmt því farmskírteini lýst þannig: Merki „S.A.M./1043", fjöldi stykkja 5, lýsing vöru „cases Cotton", rúmmál 1.1 m^3 og þyngd 885 kg. Áfrýjandi virðist hafa greitt verð vara þessara og síðan toll af þeim 23. febrúar 1962. Hinn 24. febrúar 1962 vitjaði áfrýjandi vara þessara í vörugeymslu stefnda. Veitti hann vörum þar móttöku og gaf kvittun fyrir, þar sem segir: „S. Ármann Magnússon, Lagarfoss 15/2 '62. Mantyl. S.A.M. 10433 5 ks. Vefnaðarv.". Hinn 27. marz 1962 vitjaði áfrýjandi vara samkvæmt farmskírteini nr. 34, en þær vörur voru merktar S.A.M. 10343. Í júnímánuði 1962 greiddi áfrýjandi innkaupsverð vara samkvæmt farmskírteini nr. 62, en vörum þessum er svo lýst í farmskírteininu: Merki: „S.A.M./10441", fjöldi stykkja 1, lýsing vöru: „case Cotton", rúmmál 0.8 m^3 og þyngd 275 kg. Áfrýjandi greiddi toll af vörum þessum 22. júní 1962 og að því er virðist flutningsgjald og geymsluleigu til stefnda sama dag. Næsta dag kom áfrýjandi til að sækja vörur þessar í vörugeymslu stefnda. Er til átti að taka, fundust vörur þessar ekki. Hins vegar fannst þar í vörugeymslunni lítill pakki með vefnaðarvöru, merktur: S.A.M./10433/5, en áfrýjandi neitaði að veita þeim vörum viðtöku gegn afhendingu farmskírteinisins, enda ljóst, að eigi var þar um að ræða vörur þær, sem farmskírteini nr. 62 fjallaði um.

Af hendi stefnda hefur því verið haldið fram, að við afhendingu vörusendingarinnar samkvæmt farmskírteini nr 63 hafi áfrýjandi fengið afhent 4 stykki af þeirri vörusendingu, merktri S.A.M. 10433, og vörur samkvæmt farmskírteini nr. 62, merktar S.A.M. 10441, eða alls 5 stykki. Hins vegar hafi orðið eftir eitt stykki úr vörusendingu samkvæmt farmskírteini nr. 63, lítill pakki, og hann geti áfrýjandi fengið afhentan gegn afhendingu farmskírteinis nr. 62.

Áfrýjandi hefur í höndum frumrit farmskírteinis nr. 62, framselt eyðuframsali, og getur hann því samkvæmt 2. mgr.

139. gr. siglingalaga nr. 56/1914, sbr. nú 1. mgr. 137. gr. laga nr. 66/1963, krafið stefnda um afhendingu vara þeirra, sem í farmskírteininu greinir. Stefndi hefur eigi fært sönnur að því, að hann hafi afhent áfrýjanda vörur þær, sem í farmskírteini þessu getur, og eigi hófst hann handa um að krefjast opinberrar rannsóknar á vöruhvarfinu, er þess varð vart, að áfrýjandi krafði um vörur, sem stefndi taldi sig hafa afhent honum. Ber stefnda því að greiða áfrýjanda bætur vegna vara þessara.

Áfrýjandi byggir fjárhæð kröfu sinnar á því verði, sem verðlagsyfirvöld telja, að honum hafi verið heimilt að selja vörur þær, sem hér greinir. Kröfufjárhæðin hefur eigi sætt tölulegum andmælum, og verður hún því tekin til greina að fullu með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 23. júní 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvextir frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði áfrýjanda, Sigurði Ármanni Magnússyni, heildverzlun, kr. 64.095.95 með 7% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 6. janúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 1966, hefur stefnandi, Sigurður Ármann Magnússon, heildverzlun, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 22. júní 1966, á hendur H/f Eimskipafélagi Íslands til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 64.095.95 ásamt 8% ársvöxtum frá 23. júní 1962 til

greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum:

Hann kveðst hafa fengið vörusendingu frá Ab. Björneborgs Bomull í Finnlandi með m/s Lagarfossi, sem kom til landsins 15. febr. 1962. Vörusending þessi var á farmskrá nr. 62, að þyngd 275 kg. Varan var tollafgreidd um miðjan júní 1962 og tollur greiddur 22. sama mánaðar.

Þann 23. júní fór hann með farmbréfið stimplað niður í Skúlaskála, en þar hefur stefndi vöruafgreiðslu, og ætlaði að fá vöruna afhenta, en hún fannst þá ekki. Afhenti hann þá verkstjóranum farmbréfið, svo að hann gæti leitað vörunnar, en sú leit bar ekki árangur að öðru leyti en því, að í ljós kom, að lítill balli merktur stefnanda var á afgreiðslunni. Þessi balli hafi tilheyrt stórri vörusendingu, sem hann hafi fengið í febrúar, en orðið eftir í vöruhúsinu af vangá.

Kveðst stefnandi nú hafa hafið viðræður við Eimskipafélagið, en þær hafi ekki leitt til neinnar niðurstöðu og sér verið að lokum tjáð, að stefndi gæti ekkert gert í málinu. Stefnandi kveðst hafa átt viðtöl við Unnstein Beck, fulltrúa tollstjóra, varðandi þetta mál. Ekki hafi þau viðtöl leitt til þess, að hægt væri að upplýsa, hvaða tollþjónn hefði skoðað vöruna eða hvenær.

Samkvæmt verðútreikningi, staðfestum af verðlagsstjóra, hafi verðmæti þessarar vörusendingar numið kr. 64.095.95 og beri stefndi bótaábyrgð á því. Þar sem stefndi hafi reynzt ófáanlegur til að greiða þessa upphæð, hafi málshöfðun verið óhjákvæmileg.

Stefndi skýrir svo frá, að strax er kvörtun barst frá stefnanda þess efnis, að vörusending sú, sem hér um ræðir, hefði ekki komið fram, hafi verið hafin mjög rækileg rannsókn í málinu. Við þá rannsókn hafi komið í ljós, að stefnandi fékk með m/s Lagarfossi, sem kom hingað 15. febr. 1962, auk þeirrar vörusendingar, sem mál þetta fjallar um, vefnaðarvörusendingu, sem tilgreind er á farmskírteini nr. 63, sbr. dskj. nr. 16. Þessari vörusendingu er þannig lýst á farmskírteininu: "S.A.M./10433

Reykjavík 5 cases Cotton 1.1 855 knos."

Samkvæmt vottorði Ástráðs Jónssonar verkstjóra (á dskj. nr. 17) var þessi vörusending 4 kassar og 1 pakki og farmskírteinið þar af leiðandi ranglega útfyllt að þessu leyti. Eftir vottorði ríkisendurskoðunarinnar á dskj. nr. 15 var merki á öllum kössunum,

sbr. farmskírteini nr. 63, S.A.M./10433, Reykjavík, 4 cs. Nett. Weight 655 kg., Gross weight 835 kg. 1 cs. Nett Weight 18 kg. Gross Weight 20 kg. Við könnun í vöruhúsi stefnda kom í ljós, að þar er til staðar 1 pakki merktur S.A.M./10433/5, vigt um 20 kg, mál 68x35x28 cm. Samkvæmt merkingu tilheyrir þessi pakki sendingunni á farmskrá nr. 63.

Vörusending samkvæmt farmskrá nr. 63 var afhent stefnanda þann 24. febrúar 1962. Við móttöku þessarar sendingar hefur stefnandi kvittað fyrir 5 kv. vefnaðarvöru, sbr. ljósmynd af afriti afgreiðsluseðils, dskj. nr. 18, merktum S.A.M./10433.

Verkstjóri stefnda, Ástráður Jónsson, hefur haldið því afdráttarlaust fram, að það, sem raunverulega hafi gerzt, sé það, að stefnandi hafi veitt viðtöku 4 kössum samkvæmt farmskírteini nr. 63, dskj. nr. 16, og auk þess þeim kassa með vefnaðarvöru, sem hér er krafizt bóta fyrir (merktum S.A.M./10441).

Stefndi bendir á, að eftirfarandi staðreyndir liggi fyrir:

1. Vörusendingin samkvæmt farmskírteini á dskj. nr. 16 er 4 kassar og 1 pakki, merkt "SAM/10433".
2. Vörusending, sem krafizt er bóta fyrir, er 1 kassi, merktur "S.A.M./10441".
3. Stefnandi kvittar fyrir 5 kössum af vefnaðarvöru, merktum "S.A.M./10433".
4. Pakkinn úr vörusendingunni samkvæmt farmskírteini á dskj. nr. 16 er enn í vörzlu stefnda.

Með þessu telur stefndi, að fullar sönnur séu komnar fram fyrir því, að sú staðhæfing verkstjóra stefnda sé rétt, að stefnandi hafi hinn 24. febrúar fengið þá vörusendingu afhenta, er hann nú krefst bóta á.

Stefnanda hafi verið boðið að afhenda honum pakka þann, sem enn er í vörugeymsluhúsi stefnda, gegn frumriti farmskírteinisins nr. 62, en því hafi hann eindregið neitað og því borið við, að verðmæti hans sé aðeins brot af verðmæti kassans, sem farmskírteini nr. 62 hljóði upp á.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi farið sjálfur til að sækja vörusendinguna 24. febrúar, sem talin er upp í farmskírteini á dskj. nr. 16. Hann kveðst hafa farið í einkabifreið sinni niður að Skúlaskála og lagt henni þar í nánd. Síðan fór hann með farmskírteinið í vörugeymsluna og fékk að sjá, hvar varan var. Kveðst hann þá hafa sagt starfsmönnunum í vörugeymslunni, að hann þyrfti að hringja í sendiferðabifreið, og beðið þá að afgreiða sendinguna. Fór hann síðan og hringdi

á sendiferðabifreiðina og kvittaði fyrir móttöku sendingarinnar um leið, eins og hann kveðst undantekningarlítið hafa gert, er hann þurfti að fá sendiferðabifreiðar, en allar minni sendingar hafi hann verið vanur að keyra heim í eigin bifreið.

Stefnandi kveðst svo hafa farið með vöruflutningabifreiðinni heim að fyrirtæki sínu við Laugaveg 31. Varan var í stórum trégrindarkössum, en pappír utan um vöruna sjálfa í kössunum. Hann kveðst hafa opnað kassana þarna úti á gangstéttinni, en orðið að flýta sér, því að lögreglan hafi amazt við, að kassarnir væru teknir upp þarna úti á gangstéttinni. Umbúðunum utan af vörunni kveðst hann hafa fleygt. Ekki kveðst hann hafa aðgætt númerin á kössunum.

Stefnandi kveðst hafa verið einn við að koma vörunni upp í vörugeymslu sína, sem sé á 3. hæð, og hafi það gengið seint. Daginn eftir kveðst hann hafa talið vörusendinguna eftir eintaki af „faktúru", er hann hafði, og virtist honum það stemma. Þann dag var hann mjög upptekinn við að koma út þessari stóru sendingu og muni því hafa dottið úr sér, að hann ætti ósóttan litla ballan, ef það sé rétt, sem sig minni, að hann hafi ætlað að taka hann í einkabifreið sína. Þá bendir stefnandi á, að í vörusendingu þeirri, sem um getur á farmskrá nr. 63, hafi eingöngu verið gardínuefni, en í kassanum, sem ekki finnst, áttu að vera sloppar og blússuefni, 45 pakkar, en litli ballinn innihaldi aðeins 3 pakka (gardínuefni) af svipaðri stærð, svo að ruglingur þar á milli komi ekki til greina.

Fyrir dómi var stefnandi spurður að, hve margir kassar hefðu komið að fyrirtæki hans með sendiferðabifreið þeirri, sem áður um getur. Taldi hann þá vera fjóra, en tók það fram, að hann mundi ekki nákvæmlega að öðru leyti en því, að pakkar þeir, sem komið hefðu upp úr kössunum, hefðu komið heim við „stóru faktúruna".

Í bréfi til lögmanns stefnanda á dskj. nr. 19 beinir lögmaður stefnda þeirri spurningu til stefnanda, hvernig hann vilji skýra kvittun sína á dskj. nr. 18, þar sem hann lýsi því afdráttarlaust, að hann hafi veitt vitöku 5 kössum af vefnaðarvöru? Þessari spurningu svarar stefnandi á dskj. nr. 21 þannig: „Enn fremur skal á það bent, að ég kvittaði ekki neitt sérstaklega fyrir 5 kössum. Ég kvittaði bara fyrir sendingunni, eins og hún var. Sá, sem lætur mig kvitta niðri í Skúlaskála, veit ekki heldur, hverju ég tek á móti, hann stílar bara kvittunina eftir farmskírteininu, en þar stóðu 5 kassar".

Ástráður Jónsson, verkstjóri stefnda, hefur komið fyrir dóm. Hann kveðst ekki hafa afhent vöru þá, sem afgreidd var 24. febrúar 1962, né heldur séð, er hún var afhent stefnanda. Hins vegar kveðst hann hafa átt tal við undirmenn sína í Skúlaskála og beri þeim öllum saman um, að stefnanda hafi verið afhentir 5 kassar hinn 24. febrúar 1962.

Árni Jóhannsson, starfsmaður stefnda í Skúlaskála, hefur komið fyrir dóm og borið, að hann geti ekki munað, hvort hann afhenti varning þann, sem kvittað er fyrir á dskj. nr. 18. Vitnið tekur fram, að það sé venja við afhendingu vara í Skúlaskála að láta viðtakendur vöru kvitta fyrir móttöku, eftir að vörurnar séu komnar á bíl, en þó kveðst það vita dæmi til þess, að kvittað sé fyrir vöru, áður en hún sé látin á bíl, en það sé mjög sjaldgæft.

Bergþór Pálsson, starfsmaður stefnda í Skúlaskála, hefur einnig komið fyrir dóm. Vitnið kveðst ekki muna eftir afhendingu þeirra vara, sem kvittað er fyrir á dskj. nr. 18. Það segir að venja sé, að viðtakendur vöru í Skúlaskála kvitti ekki fyrir móttöku hennar fyrr en eftir afhendingu, þó geti komið fyrir, að viðtakendur spyrji, hvort ekki megi kvitta fyrir móttöku vöru, áður en hún sé afhent, og sé venjulega slíkum tilmælum svarað þannig, að rétt sé að finna vöruna fyrst. Vitnið kvaðst þekkja dæmi til þess, að viðtakendur vöru hafi kvittað fyrir hana, áður en hún var afhent, en þá hafi starfsmenn vörugeymslunnar verið búnir að finna vöruna og taka hana til. Fleiri hafa ekki komið fyrir dóm. Hafa nú verið rakin í meginatriðum helztu atvik málsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi ekki fengið afhenta vöru þá, sem hér um ræðir, þrátt fyrir framvísun frumrits farmskírteinis. Tjón sitt sé samkvæmt verðútreikningi, sem staðfestur sé af verðlagsstjóra, kr. 64.095.95. Þar sem stefndi hafi ekki afhent vöruna, beri hann ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi orðið fyrir.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að lögfullar sannanir séu fram komnar fyrir því, að stefnandi hafi hinn 24. febr. 1962 fengið afhenta vörusendingu þá, sem mál þetta fjallar um og hann nú krafið bóta fyrir.

Vara sú, sem um er deilt, var tollafgreidd 12. júní 1962 og tollur greiddur 22. sama mánaðar. Ekki hefur tekizt að upplýsa, hvernig afskiptum tolleftirlitsins var háttað viðkomandi tollskoðun vörunnar eða hvenær hún fór fram.

Í málinu liggur fyrir á dskj. nr. 18 kvittun fyrir móttöku 5 kassa af vefnaðarvöru, merktum S.A.M./10433, en viðurkennt er,

að 1 pakki af sama farmskírteini með sama merki liggi ennþá á vöruafgreiðslu stefnda. Eftir kvittun stefnanda virðist einn umfram kassi vera í vörzlu hans.

Eins og atvikum máls þessa hefur verið lýst hér að framan, verður samkvæmt gildandi réttarreglum að leggja á herðar stefnanda sönnunarbirgðina fyrir því, að hann hafi ekki móttekið það vörumagn, sem hann kvittaði fyrir. Hann er einn til frásagnar um móttöku vörunnar hjá fyrirtæki sínu og hefur ekki tekizt að styðja staðhæfingar sínar nægilega sterkum rökum. Þykir því varhugavert að leggja fébótaábyrgð á stefnda, eins og máli þessu er háttað.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Árna Árnasyni kaupmanni og Guðmundi Skaftasyni viðskiptafræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. nóvember 1967.

Nr. 87/1966. **Ólafur Þórarinsson**
Karl Ólafsson
Sigurbjörn Halldórsson
Trausti Karlsson og
Anna Jóakimsdóttir
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sigríði Einarsdóttur
Jóni Sturlusyni
Guðríði Jónsdóttur og
Tómasi Tómassyni
(Jón L. Arnalds hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Lögbann. Selveiði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1966 og krafizt þess, að þeim verði dæmd sýkna af öllum kröfum stefndu, að lögbannsgerð sú, sem framkvæmd var í fógetadómi Rangárvallasýslu hinn 10. júní 1964, verði úr gildi felld og að stefndu verði dæmt að greiða þeim óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 15. gr. tilskipunar 20. júní 1849 um veiði á Íslandi bar sýslumönnum af sjálfsdáðum og óbeðið af eiganda hvert ár að lýsa friðhelgi þeirra staða, þar sem landselaveiði eða útsela þá var tíðkuð með nótum eða öðrum hætti. Eigi er vitað, að slík friðlýsing hafi átt sér stað um ós eða ósasvæði Þjórsár. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 16/1876 skyldi hverjum manni heimilt að skjóta seli eða styggja í

veiðiám og ósum, þar sem lax gengur, ef eigi er þar friðlýst selalátur eða æðarfuglaeggver. Í 4. gr. laga nr. 5/1886 um friðun á laxi, sem leystu lög nr. 16/1876 af hólmi, var mælt, að hverjum manni skyldi vera heimilt að skjóta sel og styggja í ám og árósum, er lax gengur um, þó mátti „ekki raska þinglesinni friðun eggvera og selalátra, nema fullt gjald komi fyrir, slíkt, er dómkvaddir menn meta". Í 71. gr. laga nr. 61/1932 um lax- og silungsveiði, sem tóku við af lögum nr. 5/1886, segir: „Hverjum manni er heimilt að skjóta eða styggja sel í veiðivötnum svo og í ósum þeirra, ef eigi er öðruvísi mælt fyrir í lögum". Ákvæði þetta er óbreytt tekið upp í 72. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Í 97. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði er ákvæðið orðað svo: „Hverjum manni er rétt að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum".

Samkvæmt gögnum máls þessa verður við það að miða, að ós Þjórsár í sjó og svo ósasvæði a. m. k. að nokkru séu innan landamerkja Fljótshóla.

Ætla verður eftir gögnum málsins, að stefndu og forverar þeirra á Fljótshólum hafi óátalið um langan aldur rekið selaveiði í ósi Þjórsár og ósasvæði hennar fyrir landi nefndrar jarðar. Verður því með skírskotun til 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 að líta svo á, að hver sá, sem hyggst neyta heimildar 97. gr. laga nr. 53/1957 til seladráps í Þjórsár innan landamerkja Fljótshóla, skuli fyrst inna af hendi til stefndu fébætur, sem ákveða ber með mati, ef eigi semur. Áfrýjendur hafa eigi boðið fram slíkar fébætur. Ber því að staðfesta lögbann við því, að áfrýjendur skjóti eða styggi sel í Þjórsá að svo stöddu innan landamerkja Fljótshóla. Hins vegar er eigi rétt að meina áfrýjendum friðsama för um Þjórsá á nefndu svæði, enda skjóti þeir hvorki né styggi sel þar, sbr. 6. gr. laga nr. 48/1956.

Rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Lögbann við því, að áfrýjendur, Ólafur Þórarinsson, Karl Ólafsson, Sigurbjörn Halldórsson, Trausti Karlsson og Anna Jóakimsdóttir, skjóti eða styggi sel í Þjórsá að svo stöddu innan landamerkja Fljótshóla, er staðfest.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Einars Arndals hæstaréttardómara og prófessors Magnúsar Þ. Torfasonar.

Í jarðalýsingu árið 1849, sem fasteignamatið árið 1861 er byggt á, segir um Fljótshóla, „að selveiði mætti þar hafa". Samkvæmt þingbók Árnessýslu var „auglýst bréflegt leyfi Steindórs bónda Ólafssonar á Fljótshólum, útgefið 22. febrúar 1858, handa faktor G. Thorgrimsen og assistent P. Sivertsen á Eyrarbakka til að hafa selaveiði í Þjórsá fyrir Fljótshólalandi í 10 ár". Jarðamatið 1916 telur selaveiði til hlunninda jarðarinnar. Verður að leggja til grundvallar í máli þessu, að frá því um miðja 19. öld a. m. k. hafi verið aðstaða til selaveiði í Þjórsá fyrir landi Fljótshóla og selaveiði verið þar stunduð í meira eða minna mæli, svo að til verðmætra hlunninda hlýtur að teljast.

Í 15. og 16. gr. veiðitilskipunarinnar frá 20. júní 1849 er á því byggt, að landeigandi eigi selaveiði í netlögum fyrir landi sínu, og er það í samræmi við meginreglur um veiðiréttindi að fornu og nýju. Ákvæði XIII. kafla laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði og svipuð ákvæði, er verið hafa í lögum síðan árið 1876, verður að skýra svo með hliðsjón af eignarnámsákvæðum stjórnarskrárinnar, að þeim sé eigi ætlað að svipta landeigendur verðmætum hlunnindum, sem landi fylgja. Af þeim sökum verða ákvæði 97. gr. laga nr. 53/1957 eigi talin eiga við um selaveiðar í Þjórsá fyrir landi stefndu. Eiga stefndu einir rétt til selaveiði fyrir landi sínu,

unz svo kann að verða farið að sem segir í 98. og 99. gr. síðast nefndra laga.

Samkvæmt þessu erum við samþykkir niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 3. maí 1966.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 14. apríl 1966, hefur Ólafur Þorgrímsson hæstaréttarlögmaður f. h. Sigríðar Einarsdóttur, Jóns Sturlusonar, Guðríðar Jónsdóttur og Tómasar Tómassonar, eigenda jarðarinnar Fljótshóla í Gaulverjabæ, Árnessýslu, höfðað fyrir aukarétti Rangárvallasýslu með stefnu, birtri 16. júní 1964, gegn þeim Ólafi Þórarinssyni, Háfi, Karli Ólafssyni, Hala, Sigurbirni Halldórssyni, Háfshjáleigu, og Trausta Karlssyni, Brautartungu, öllum í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu, svo og Önnu Jóakimsdóttur, Reykjavík, eiganda jarðarinnar Háfshóls, til staðfestingar á lögbannsgerð, er fram fór í fógetarétti Rangárvallasýslu miðvikudaginn 10. júní 1964, gegn því, að stefndu eða aðrir á þeirra vegum ferðist um eða stundi nokkurs konar veiðiskap í Þjórsá innan marka jarðar stefnenda, Fljótshóla, eða spilli þar veiði með skotum eða á annan hátt frá austurbakka árinnar.

Þá hafa stefnendur krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað, þar á meðal ferðakostnað, allt eftir mati réttarins.

Stefndu krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, að hin álagða lögbannsgerð verði úr gildi felld og stefnendur dæmdir til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Atvik máls þessa eru svofelld:

Jarðir stefnenda, Fljótshólar í Árnessýslu, liggja vestan neðsta hluta Þjórsár og sjávaróss hennar, en austan árinnar gegnt Fljótshólum liggja jarðir stefndu, sem nefndar eru einu nafni Háfshverfi.

Stefnendur kveða Þjórsá áður fyrr hafa runnið til sjávar nokkru austar en hún gerir nú, enda hafi hún að sjálfsögðu upphaflega verið mörk á milli hér greindra jarða og jafnframt sýslumörk milli Rangárvallasýslu og Árnessýslu. En langt sé nú orðið síðan hún hafi tekið að leita til vesturs og í marga áratugi hafi hún runnið svo sem hún gerir nú, þótt einhver áraskipti kunni að hafa verið á því, hversu langt austur vatnið náði. Miðað við hin fornu mörk milli jarða þessara, sem finnast með því að miða bæinn Sandhólaferju af sjávarkambinum í hæsta hnúkinn á Hest-

fjöllum á Flóamannaafrétti, liggur allur sjávarós Þjórsár í landi stefnenda svo og lítið nef austan óssins.

Í málinu hafa verið lögð fram landakort af svæði því, sem hér er um að ræða, í stærðinni 1:50.000, svo og loftmynd af neðsta hluta Þjórsár og landinu báðum megin við. Inn á kort þessi hafa verið dregnar landamerkjalínur af tveim sérfróðum mönnum, þeim búfræðikandidötunum Kristni Jónssyni og Jóhanni Frankson de Fontenay (eftir vettvangsgöngu 1. júlí 1965). Þeir hafa báðir komið fyrir dóminn og staðfest merkingar sínar inn á kortin. Aðiljar málsins eru sammála um landamerki jarðanna, eins og þau hafa verið dregin inn á kortin, og er því enginn ágreiningur um landamerkin í máli þessu.

Er þeir Kristinn Jónsson og Jóhann Frankson de Fontenay komu fyrir réttinn, skýrðu þeir báðir svo frá, að þeim hafi virzt ljóst við vettvangsgönguna, að Þjórsá rynni aðallega vestan við landamerkjalínu jarðanna nema á einum stað, þar sem landamerkjalína Fljótshóla og Parta sker landamerkjalínu Fljótshóla og Háfshverfis, þar hafi verið tæplega klofdjúpur áll fyrir austan landamerkjalínuna. Meginálar Þjórsár hafa verið dregnir inn á loftmyndina, og er ekki ágreiningur um það atriði.

Um nokkurt skeið hafa landeigendur frá báðum jörðunum, Fljótshólum og Háfshverfi, skotið sel í Þjórsá, enda er þar mikil kópaveiði á vorin. Stefnendur telja sig hins vegar eina eiga veiði í Þjórsárósi, þar sem hann sé allur í þeirra landi. Þeir hafa því viljað meina stefndu þessa veiði, og liggur fyrir í málinu, að þeir hafa fjórum sinnum kært til sýslumanns Árnessýslu vegna meintrar ólöglegrar selaveiði manna úr Háfshverfi í landi Fljótshóla, tvisvar sinnum 8. júní 1963 og 4. og 5. júní 1964. En botn fékkst ekki í þetta mál, enda hafa stefndu ekki viljað una því, að þeir ættu ekki selveiðirétt í Þjórsá.

Í greinargerð stefnenda er því haldið fram, að stefndu hafi að vísu ekki ráðizt beint til veiði innan marka jarða stefnenda. Þess í stað hafi þeir með umferð um ána og skothríð vestur yfir hana reynt að fæla burtu allan sel, svo að veiði hafi farið stöðugt minnkandi á veiðisvæði stefnenda undanfarin ár.

Venjulega mun selaveiðin hefjast um 10. júní ár hvert, og er þá miðað við það, að kæpurnar séu búnar að venja kópana undan sér. En þegar farið er að skjóta of snemma við ána, kveða stefnendur kæpurnar fælast burt úr henni og kópana elta þær, þar sem þá sé eigi búið að venja þá undan. Megi reikna með því, að nokkur hluti þess sels, sem þannig verði fyrir styggð, muni ekki

koma aftur upp í ána. Hafa stefnendur því áskilið sér fullan bótarétt af þessu tilefni í sérstöku máli.

Hins vegar töldu stefnendur sér eigi annað fært til að stöðva frekari aðgerðir stefndu en fá lagt lögbann við þeim. Og var það gert hinn 10. júní 1964, svo sem áður er rakið.

Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð frá fjármálaráðuneytinu, dags. 5. f. m., sem hljóðar svo:

„Samkvæmt jarðalýsingu hjá fasteignamatsnefnd Árnessýslu við fasteignamat það, sem gekk í gildi 1942, hefur fasteignamatsnefnd talið á Fljótshólum I 24 kópa árlega, en Fljótshólum II og III með 12 kópa hvor jörð.

Fasteignamatsnefnd Rangárvallasýslu hefur aftur á móti ekki talið neina selveiði á jörðinni Háfi í Djúpárhreppi við þetta sama fasteignamat".

Hinn 1. apríl 1959 rituðu 18 eigendur jarða og veiðiréttar við neðanverða Þjórsá undir beiðni um það, að friðlýst verði öllum selalátrum við eyrar á neðanverðri Þjórsá á næstu manntalsþingum í Árnes- og Rangárvallasýslu, sbr. 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849. Undir þessa beiðni rita þessir af stefnendum:

Tómas Tómasson, Sigríður Einarsdóttir og Jón Sturluson. Af stefndu undirrituðu þessir menn: Karl Ólafsson, Trausti Karlsson og Sigurbjörn Halldórsson.

Skjal þetta var móttekið 4. maí 1959 kl. 4 s.d. til þinglýsingar á næsta manntalsþingi í Gaulverjabæjarhreppi og Villingaholtshreppi, auðkennt nr. XXI — 565, samkvæmt staðfestu endurriti sýslumanns Árnessýslu.

Stefnendur byggja dómkröfur sínar á því, að landeigendur eigi einir veiðirétt samkvæmt almennum reglum í sínu landi. Selaveiði hafi verið stunduð frá jörðum stefnenda frá ómunatíð og talin ein af hlunnindum jarðanna, og segjast stefnendur jafnan hafa talið þessi hlunnindi fram til skatts. Hins vegar hafi selatekja ekki verið talin til hlunninda Háfshverfisjarðanna, sbr. vottorð fjármálaráðuneytisins hér að framan. Samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849 hafi sýslumanni borið ótilkvöddum af eiganda að lýsa friðhelgi þeirra staða á manntalsþingi ár hvert, þar sem landselaveiði eða útsela hafi verið tíðkuð með nótum eða öðrum hætti, er tilskipunin tók gildi. Þetta ákvæði hafi átt við um jarðeignir stefnenda, með því að þar hafi verið stunduð þess konar veiði, er tilskipunin gekk í gildi. En auk þessarar skyldu sýslumanns til friðlýsingar benda

stefnendur á framangreinda friðlýsingarbeiðni 18 veiðiréttareigenda við neðanverða Þjórsá, dags. 1. apríl 1959, sem þeir telja enn frekari áréttingu þess, að staðfesta beri lögbannið. Að endingu hafa stefnendur lagt áherzlu á það, að Þjórsá sé ávallt að færast vestar á þessu svæði, og sé nú allur sjávarós hennar í þeirra landi, en þegar á leggist í nýjan farveg, þá hverfi veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. 7. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957. Sé því ljóst, að stefnendur eigi einir veiðirétt í Þjórsárósi, enda hafi ófriðun sels á þessu svæði aldrei átt sér stað samkvæmt fyrirmælum 98. og 99. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957.

Stefndu reisa sýknukröfur sínar á því í fyrsta lagi, að samkvæmt 97. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði sé hverjum manni rétt að skjóta eða styggja sel í veiðivatni, í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðru vísi mælt í lögum.

Í öðru lagi byggja stefndu sýknukröfu sína á því, að þar sem áin skipti löndum, eigi þeir veiðirétt fyrir sínu landi í miðjan árfarveg. Til þessa hafi þeir skýlausa heimild og frekar hafi þeir ekki veitt þarna.

Þá telja stefndu það ósannað, að svæði þau, er stefnendur hafi krafizt, að stefndu verði bannað með lögbanni að veiða sel á, hafi nokkurn tíma verið friðlýst samkvæmt 15. gr. framangreindrar veiðitilskipunar frá 1849 og beri því að hrinda framgangi lögbannsgerðarinnar.

Varðandi framangreinda friðlýsingarbeiðni frá 1. apríl 1959 þá benda stefndu á, að þeir hafi ekki allir undirritað hana og sé hún því ekki bindandi fyrir þá, enda hafi hún eingöngu verið sett fram til varnar átroðningi utan að komandi manna, en ekki verið ætlað að beinast gegn þeim mönnum, er veiðirétt áttu á þessu svæði.

Að endingu hefur verið á það bent af hálfu stefndu, að þeir hafi síðustu árin talið fram til skatts tekjur sínar af selaveiði.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér staðhætti. Var það hinn 14. október 1965. Bæði Kristinn Jónsson og Jóhann Frankson de Fontenay voru með í þeirri ferð svo og aðiljarnir Tómas Tómasson, Jón Karlsson og Trausti Karlsson.

Það er ágreiningslaust, að allur sjávarós Þjórsár svo og nokkur hluti af sjávarkambinum austan hans (nef milli ár og sjávar, er skagar vestur yfir landamerki jarðanna að ósnum) er í landi Fljótshóla.

Ekki er heldur ágreiningur um það, að selaveiði hafi verið

stunduð frá Fljótshólum, er veiðitilskipunin frá 20. júní 1849 tók gildi, þannig að sýslumanni hafi borið að friðlýsa staðinn ótilkvaddur samkvæmt 15. gr. nefndrar tilskipunar.

Í málinu liggur ekkert fyrir um það, að það hafi verið gert. Allt að einu verður ekki talið, að það eigi að leiða til réttarspjalla fyrir stefnendur, þótt vera megi, að sýslumenn kunni að hafa vanrækt þessa skyldu, því að veiðihlunnindi þessi tilheyrðu jörðum stefnenda og urðu því ekki frá þeim tekin nema gegn greiðslu skaðabóta. Þykir og verða að túlka 97. gr. laga nr. 53/1957 svo rúmt í samræmi við grundvallarrök eignarréttarins og þau meginsjónarmið, sem ákvæði þetta var reist á, að grein þessi nái eigi til selaveiðihlunninda jarða, sem sýslumönnum ber að friðlýsa ótilkvaddir án tillits til þess, hvort eða hvernig þeirri friðlýsingu hefur verið háttað í framkvæmd.

Þar sem selur hefur ekki verið ófriðaður innan landamerkja jarða stefnenda á þann hátt og að fullnægðum þeim skilyrðum, er 98. og 99. gr. laga nr. 53/1957 mæla fyrir um, þykir rétt að staðfesta framangreint lögbann, er lagt var á í fógetarétti Rangárvallasýslu hinn 10. júní 1964, gegn því, að stefndu eða aðrir á þeirra vegum ferðist um eða stundi nokkurs konar veiðiskap í Þjórsá innan marka jarða stefnenda, Fljótshóla, eða spilli þar veiði með skotum eða á annan hátt frá austurbakka árinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari, setudómari í Rangárvallasýslu, ásamt meðdómendunum Magnúsi Thoroddsen lögfræðingi og Pálma Einarssyni landnámsstjóra.

Hinn reglulegi dómari í Rangárvallasýslu, Björn Fr. Björnsson, hafði vikið sæti með úrskurði, uppkveðnum 6. júlí 1964.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudagur 20. nóvember 1967.

Nr. 22/1967. **Ásbjörn Ólafsson**
(Gústaf Ólafsson hrl.)
gegn
Birni Haraldssyni
Erlu Haraldsdóttur
og
Kristínu Haraldsdóttur og gagnsök
(Jón Bjarnason hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Fasteignir. Eignarréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar 1967. Hann gerir þær dómkröfur, að héraðsdómurinn verði staðfestur að öðru en því, að frestur til að fjarlægja mannvirki verði mánuður frá uppsögu dóms Hæstaréttar og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað í héraði auk málskostnaðar hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjendur, sem hafa áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 28. febrúar 1967, krefjast sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti af aðaláfrýjanda.

Eins og í héraðsdómi greinir, stækkaði Haraldur kaupmaður Árnason verzlunarhús sitt nr. 22 við Austurstræti í Reykjavík samkvæmt leyfi byggingarnefndar 8. maí 1925. Er ákveðin voru mörk lóðanna nr. 22 við Austurstræti og nr. 2 við Lækjargötu með dómi Hæstaréttar 17. desember 1962, reyndist nýbygging þessi vera að hluta á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, svo að nam um 17 fermetrum. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að þeim, er stóðu að skiptagerð erfingja Haralds Árnasonar og konu hans 11. desember 1952, hafi þá verið ljóst, að þessu var svo farið, enda báru veðmálabækur það ekki með sér. Viðbygging sú, sem um er að

tefla, er af gerð og nýtingu frá upphafi svo nátengd verzlunarhúsinu að öðru leyti, að ætla má aðilja skiptagerðarinnar hafa talið hana og grunn hennar til fasteignarinnar nr. 22 við Austurstræti og því úthlutað hvoru tveggja gagnáfrýjendum til eignar. Var sú ráðstöfun heimil og bindandi fyrir alla aðilja skiptagerðarinnar, þar á meðal réttarleifendur aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi, sem átti að þekkja hina þinglýstu skiptagerð og hafði kynnt sér stöðu umrædds húss, hefur ekki öðlazt frekari rétt en réttarleifendur hans. Krafa aðaláfrýjanda um brottnám nefnds húshluta verður því eigi til greina tekin.

Í héraðsdómi er lýst skúrum þeim á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, sem kröfur aðaláfrýjanda taka til, og notkun þeirra. Engin atvik eru í ljós leidd, er helgi gagnáfrýjendum til frambúðar fyrir byggingar þessar, sem reistar voru án leyfis stjórnvalda, lóðarréttindi á lóð aðaláfrýjanda. Ber gagnáfrýjendum því að fjarlægja skúra þessa af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 2.000.00 króna dagsektum, er gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda óskipt.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi eiga að falla niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Björn Haraldsson, Erla Haraldsdóttir og Kristín Haraldsdóttir, eiga að fjarlægja af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík framangreinda tvo skúra innan þriggja mánaða frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 2.000.00 króna dagsektum, er gagnáfrýjendur greiði óskipt aðaláfrýjanda, Ásbirni Ólafssyni. Að öðru leyti eru gagnáfrýjendur sýknir af kröfum aðaláfrýjanda.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1966.

Mál þetta hefur stefnandi, Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. apríl 1963, á hendur Birni Haraldssyni, Miðbraut 23, Seltjarnarnesi, Erlu Haraldsdóttur, Miðtúni 90, Reykjavík, og Kristínu Haraldsdóttur, Hrefnugötu 5, Reykjavík.

Gerir stefnandi upphaflega þær dómkröfur, að hin stefndu verði dæmd til að fjarlægja öll þau mannvirki, sem þau eiga á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík, þ. e. þann hluta af húsinu nr. 22 við Austurstræti, sem stendur á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík, ásamt öllum öðrum eignum, sem stefndu eiga á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, að undanteknum skúrnum nr. 24 við Austurstræti, innan mánaðar frá dómsuppsögu að viðlögðum 3.000.00 króna dagsektum til sín, sem þau greiði in solidum.

Enn fremur, að þeim verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu in solidum.

Dómkröfur stefndu eru *aðallega,* að máli þessu verði vísað frá bæjarþinginu, *til vara,* að stefndu verði algerlega sýknuð af kröfum stefnanda, til *þrautavara,* að stefndu verði sýknuð að svo stöddu og til *þrauta-þrautavara,* að stefndu verði ekki gert að flytja á brott nein mannvirki, fyrr en samtímis því sem húsið nr. 2 við Lækjargötu verður rifið eða fjarlægt af lóðinni.

Hvernig sem málsúrslit verða, er þess krafizt, að stefnanda verði gert að greiða stefndu ríflegan málskostnað að mati dómsins.

Með úrskurði, uppkveðnum 13. nóv. 1963, var frávísunarkröfu stefndu hrundið.

Við munnlegan málflutning 8. apríl 1964 setti stefnandi fram kröfur sínar þannig:

1. Að stefndu verði dæmd til að fjarlægja af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu í Reykjavík innan mánaðar frá dómsuppsögu að viðlögðum 3.000.00 króna dagsektum til stefnanda, sem stefndu greiði in solidum, þessi mannvirki:

a) Þann hluta hússins nr. 22 við Austurstræti, sem stendur á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu og er að stærð 17 fermetrar.

b) Tvo skúra, sem standa á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, annan að stærð 5.6 fermetrar og hinn að stærð 11.0 fermetrar.

2. Að stefndu verði gert að greiða stefnanda in solidum málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Kröfur stefndu voru óbreyttar.

Sátta var leitað, en árangurslaust.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 20. maí 1966, var héraðsdóminum frá 27. apríl 1964 vísað aftur heim í hérað, þar sem ekki þótti í ljós leitt, hver hefði látið byggja skúra þá, sem um ræðir í héraðsdóminum og eru á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, hver hefði haft afnot þeirra og hvort þeir hefðu verið notaðir í sambandi við atvinnurekstur í Austurstræti 22, „Haraldarbúð", eða Lækjargötu 2.

Enn fremur, að ekki hefði verið tekin nægilega ljós afstaða til þeirrar varnarástæðu áfrýjanda, að það hafi verið alger og skilyrðislaus forsenda fyrir skiptasamningi milli erfingja, að eigi yrði á nokkurn hátt skert eignin nr. 22 við Austurstræti og að þeir, sem hún féll til, héldu henni óskertri ásamt lóð og greindum skúrum einnig.

Málið var tekið til dóms að nýju þann 11. nóvember 1966 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Dómkröfur aðilja eru þær sömu og hér að framan greinir:

Málsatvik eru þessi:

Með afsalsbréfi, dagsettu 13. desember 1917, seldi fjármálaráðherra Íslands Haraldi Árnasyni, kaupmanni í Reykjavík, húseignina Austurstræti 22, hið svokallaða Prestaskólahús, ásamt meðfylgjandi lóð, sem í virðingargerð var talin 865 fermetrar. Haraldur Árnason hóf síðan verzlunarrekstur í húsnæði þessu.

Hinn 6. maí 1919 afsalaði Haraldur Árnason Nýja Bíói h/f hér í bæ baklóðinni við Austurstræti 22, og var tekið fram í afsalinu, að hinn afsalaði skiki væri 337.1 ferm að stærð.

Hinn 26. nóvember 1920 veitti Guðmundur Jensson samkvæmt umboði bifreiðarstjórunum Zóphaníasi Baldvinssyni o. fl. heimild til að reisa bifreiðaafgreiðsluskúr á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu.

Byggingarnefnd og bæjarstjórn veittu leyfi fyrir byggingu skúrsins, og mun hann hafa verið reistur einhvern tíma á árinu 1921 á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, Austurstrætis megin við mörk lóðarinnar nr. 22 við Austurstræti.

Á þessum stað var skúrinn þar til árið 1925, en þá var hann fluttur upp að húsinu nr. 2 við Lækjargötu og „Haraldarbúð" lengd til austurs allt að skúrnum, eins og hann var staðsettur eftir flutninginn. Síðan hefur skúrinn staðið óhreyfður á sama stað

og lengst af verið notaður sem bifreiðastöð og þá ýmist verið kallaður B.S.R. skúrinn eða Austurstræti 24.

Með afsölum, dags. 11. og 12. febrúar 1927, komst fasteignin nr. 2 við Lækjargötu hér í borg ásamt tilheyrandi mannvirkjum í eigu Haralds Árnasonar. Í afsölum þessum er stærðar lóðarinnar hvergi getið.

Með afsali, dags. 20. desember 1929, seldi Haraldur Árnason Nýja Bíói h/f suðurhluta lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu ásamt þeim mannvirkjum, er hann átti á hinum selda lóðarskika.

Eftir þetta eru fasteignirnar Austurstræti nr. 22 og Lækjargata nr. 2 óskertar í eign Haralds Árnasonar, meðan hann lifir, en hann lézt árið 1949.

Búi Haralds var þó ekki skipt við lát hans, heldur fékk ekkja hans, frú Arndís E. Árnason, búsetuleyfi og sat í óskiptu búi, þar til hún lézt árið 1952.

Hinn 11. desember 1952 gerðu eftirlifandi börn þeirra hjóna, þau Erla, Jóhanna og Kristín Haraldsdætur og Árni og Björn Haraldssynir, með sér svofelldan skiptasamning, sbr. dskj. nr. 3:

„Við undirrituð, erfingjar Haraldar Árnasonar og Arndísar Árnason, sem höfum átt fasteignirnar Austurstræti 22 og 24 og Lækjargötu 2 í óskiptri sameign, síðan skipti á dánarbúi foreldra okkar fóru fram hinn 3. þ. m., skiptum hér með nefndum fasteignum þannig á milli okkar:

Árni Haraldsson fær Lækjargötu 2 að hálfu.

Jóhanna Haraldsd. fær Lækjargötu 2 að hálfu.

Kristín Haraldsdóttir fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta.

Björn Haraldsson fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta.

Erla Haraldsdóttir fær Austurstræti 22 og 24 að ⅓ hluta.

Skuld við ríkissjóð kr. 180.935.00 vegna stóreignaskatts, er hvílir á ofangreindum eignum, greiðum við að ⅓ hluta hvert".

Jóhanna Haraldsdóttir og Árni Haraldsson gerðu síðan með sér sameignarsamning. Í samningnum er tekið fram eftirfarandi m. a.:

„1. Neðsta hæð hússins og nyrðri helmingur lóðarinnar skal vera eign Jóhönnu.

2. Efri hæð hússins og risið og syðri helmingur lóðarinnar skal vera eign Árna.

3. Hvort um sig hefur forkaupsrétt að hluta hins".

Með afsalsbréfi, dags. 1. nóvember 1960, seldi Jóhanna Árna eignarhluta sinn í húseigninni Lækjargötu 2. Með afsali, dags. sama dag, seldi svo Árni Ásbirni Ólafssyni stórkaupmanni sama eignarhluta í húseigninni nr. 2 við Lækjargötu.

Eigendur Lækjargötu 2, sem ákveðið höfðu að reisa stórhýsi á lóðinni, sneru sér síðan til skrifstofu bæjarverkfræðings í Reykjavík til þess að fá nákvæma mælingu og uppdrátt á lóðinni.

Við mælingar þessar kom í ljós, að lóðin reyndist vera 294 fermetrar, en hafði áður verið talin 288.4 fermetrar.

Eftir þeim uppdrætti, sem gerður var á skrifstofu bæjarverkfræðings í febrúar 1961, náði lóðin nr. 2 við Lækjargötu yfir Austurstræti 24 og enn fremur austasta hluta verzlunarhúsnæðisins („Haraldarbúð") á lóðinni nr. 22 við Austurstræti. Eigendur Austurstrætis 22 vildu ekki fallast á þennan uppdrátt af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu né heldur rífa niður greind mannvirki á hinum umdeilda lóðarskika. Leiddi þessi deila til þess, að eigendur Lækjargötu 2 höfðuðu mál fyrir merkjadómi Reykjavíkur 1961 til ákvörðunar lóðarmarkanna, svo og til þess að fá stefndu dæmd til að fjarlægja mannvirki þau, sem þau áttu á lóðinni Lækjargötu 2.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar, og gekk þar dómur 17. desember 1962 á þá lund, að vesturmörk lóðarinnar Lækjargötu 2 væru samkvæmt uppdrætti á héraðsdómsskj. nr. 3 um beina línu, 17 — 18, frá austurkanti steypts garðs, þar til hún sker lóðamörk við Austurstræti.

Með sama dómi Hæstaréttar voru þau Björn Haraldsson, Erla Haraldsdóttir og Kristín Haraldsdóttir dæmd til að fjarlægja skúrinn nr. 24 við Austurstræti af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu fyrir 1. janúar 1964 að viðlögðum 2.000.00 króna dagsektum. Í þessum hæstaréttardómi kemur fram, að lóðin Lækjargata 2 nær yfir Austurstræti 24, og enn fremur er austasti hluti verzlunarhúsnæðisins og nokkrir smáskúrar á lóðinni.

Með afsali, dags. 19. febrúar 1963 og þinglýstu athugasemdalaust þann 20/2 1963, varð Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður, stefnandi þessa máls, einn eigandi að allri eigninni Lækjargötu 2 ásamt syðri helmingi lóðarinnar, sem öll er talin að stærð 294 fermetrar. Hann kveðst nú hafa ákveðið að reisa stórhýsi á lóðinni Lækjargötu 2 og sneri sér því til eigenda fasteignarinnar nr. 22 við Austurstræti og skoraði á þá að flytja burt öll þau mannvirki, sem þeir ættu á lóðinni Lækjargötu 2, að undanteknum skúrnum nr. 24 við Austurstræti, er áður hafði verið dæmt um, eða semja um brottflutning á mannvirkjunum fyrir ákveðinn tíma, en þau hafi enga samninga um þetta viljað. Hafi því verið óhjákvæmilegt að höfða mál þetta.

Skal nú vikið að skúrum þeim, sem eru á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu, annar að stærð 11 fermetrar, en hinn 5.6 fermetrar, og stefnandi hefur krafizt, að fjarlægðir verði af lóðinni, eins og fyrr segir.

Samkvæmt vottorði byggingarfulltrúa, dags. 21. júní 1966, var í nóvember 1921 sótt um leyfi til að byggja járnvarinn timburskúr á baklóðinni nr. 2 við Lækjargötu, og var málinu synjað í byggingarnefnd 1. desember og bæjarstjórn 2. desember sama ár. Engar upplýsingar er að finna hjá byggingarfulltrúa um það, hvenær umræddir skúrar eru byggðir.

Eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið, mun Haraldur sálugi Árnason hafa látið reisa skúra þessa kringum árið 1925. Um notkun skúranna er framburður þeirra, sem fyrir dóm hafa komið, ekki með öllu samhljóða, og þykir því rétt að rekja framburð hvers fyrir sig sérstaklega.

Björn Haraldsson hefur borið fyrir dómi, að hann viti ekki, hver hafi haft afnot stærri skúrsins, en á árunum 1957—1959 hafi hann verið opinn og ónotaður. Áður fyrr hafi skúrinn verið lokaður. Hann sé gluggalaus og viti hann ekki, hvað í honum hafi verið. Minni skúrinn hafi verið notaður fyrst, er hann man eftir, fyrir B.S.R. Síðan notaði „Haraldarbúð" skúrinn, að því er hann álítur.

Þegar Þorvaldur Guðmundsson setti upp pylsubar í Austurstræti 24, var skúrinn notaður fyrir þá starfsemi. Þegar skipti fóru fram á dánarbúi Haralds Árnasonar, var skúrinn notaður fyrir „Haraldarbúð" að mestu leyti, en pylsubarinn hafði not af nyrzta parti hans. Þegar skiptasamningurinn í dánarbúinu var gerður í árslok 1962, var skúrnum skipt.

Nyrðri parturinn, eða minni parturinn, var notaður áfram fyrir pylsubarinn, en syðri parturinn var opnaður í gegn inn í „Haraldarbúð" og notaður af henni.

Vitnið Gunnar Guðmundsson hefur borið eftirfarandi: Það kveðst hafa byrjað starf sitt hjá verzlun Árna B. Björnssonar, Lækjargötu 2, árið 1952 og unnið þar til 1960. Faðir sinn hafi unnið hjá verzluninni áður fyrr og hafi það því verið tíður gestur hjá fyrirtæki Árna B. Björnssonar og vegna þessara tengsla sé því vel kunnugt um notkun hinna umræddu skúra.

Skúrar þessir hafi lengi framan af verið notaðir af Bifreiðastöð Reykjavíkur fyrir geymslur. Síðar fékk Árni B. Björnsson minni skúrinn, eða í kringum 1934, og notaði hann fyrir silfurhúðunarverkstæði í nokkur ár. Eftir það hafi skúr þessi verið

notaður af pylsubarnum fram undir 1960. Eftir að B.S.R. hætti að nota stærri skúrinn, var hann notaður fyrir lagerpláss af Árna B. Björnssyni gullsmið, sem geymdi þar aðallega leirtau o. fl.

Árni Haraldsson hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að umræddir skúrar hafi lengi framan af verið notaðir af Bifreiðastöð Reykjavíkur fyrir geymslur. Síðar fékk Árni B. Björnsson gullsmiður minni skúrinn, eða í kringum 1934, og notaði hann fyrir silfurhúðunarverkstæði í nokkur ár. Eftir það hafi skúr þessi verið notaður af pylsubarnum fram undir 1960. Eftir að Bifreiðastöð Reykjavíkur hætti að nota stærri skúrinn, var hann notaður fyrir lagerpláss af Árna B. Björnssyni gullsmið, sem geymdi þar aðallega leirtau o. fl.

Kristín Haraldsdóttir hefur borið fyrir dómi, að minni skúrinn hafi verið notaður af Bifreiðastöð Reykjavíkur, meðan bifreiðastöðin var þar, en eftir að hún fór þaðan, hafði faðir hennar skúrinn til afnota, unz hann var leigður Þorvaldi Guðmundssyni í sambandi við pylsubar. Eftir að skipti fóru fram í dánarbúinu, var skúrinn notaður í sambandi við „Haraldarbúð".

Stærri skúrinn hafi verið tómur og ekki notaður síðustu árin, en þar áður notaður af föður hennar.

Erla Haraldsdóttir hefur borið fyrir dómi, að „Haraldarbúð" hafi haft afnot af skúrunum, og heldur hún, að þeir hafi verið notaðir til geymslu. Eftir að skiptasamningurinn var gerður í dánarbúi þeirra, hafi verið opnað úr „Haraldarbúð" inn í minni skúrinn og hluti hans tekinn til afnota fyrir búðina. Þegar Bifreiðastöð Reykjavíkur fór úr Austurstræti 24 hafi húsnæðið verið notað sem lager fyrir verzlunina í Austurstræti 22, þar til húsnæðið var leigt sem pylsubar eftir lát föður hennar.

Eftir þeim framburðum, sem nú hafa verið raktir, virðist svo sem hinir umdeildu skúrar hafi verið notaðir frá Austurstræti 22, Austurstræti 24 og Lækjargötu 2. Sorptunnur þær, sem ofangreind vitni og aðiljar hafa verið spurð um, leiða ekki neitt það í ljós, sem máli skiptir.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar einkum með því, að hann hafi eignazt Lækjargötu 2 kvaðalaust og ekki veitt eigendum Austurstrætis 22 neinn rétt til að viðhalda mannvirkjum sínum á lóðinni, enda hafi þeir ekki greitt neina leigu fyrir afnotin.

Stefndu kröfðust aðallega frávísunar. Með úrskurði, uppkveðnum 13. nóvember 1963, var frávísunarkröfu þeirra hrundið.

Varakröfu sína um algera sýknu byggja þau á því, að börn

Haralds Árnasonar hafi fengið í arf eignir hans við Austurstræti og Lækjargötu í óskiptri sameign. Þegar eignunum var skipt, vissi enginn samningsaðiljanna, að hluti hússins nr. 22 við Austurstræti stóð á lóð, sem var skráð hjá lóðaskrárritara tilheyrandi lóðinni nr. 2 við Lækjargötu.

Hvað sem lóðamörkum hafi liðið, sé ljóst, að með skiptasamningnum hafi þessi lóðarskiki orðið eign stefndu, enda hafi ekki með skiptasamningnum verið ætlunin að skerða á einn eða neinn hátt eignina nr. 22 við Austurstræti. Sé enn fremur berlega ljóst, að þetta hafi verið alger og skilyrðislaus forsenda fyrir samningnum.

Í annan stað sé sýknukrafan byggð á því, að eigendur hússins nr. 22 við Austurstræti hafi unnið réttindi yfir lóð þessari fyrir hefð. Haraldur Árnason hafi á árinu 1925 byggt mannvirkin og sameinað húsi sínu nr. 22 við Austurstræti. Var það gert án nokkurra athugasemda eða skilmála af hendi þáverandi eigenda lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, en með samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Loks sé sýknukrafan byggð á því, að skerðing á húseigninni nr. 22 við Austurstræti að þessu leyti væri svo stórkostleg miðað við óhagræði stefnanda, að ekki sé ástæða til þess að taka kröfu stefnanda til greina vegna þessa munar á hagsmunum aðilja, sem í húfi eru.

Þrautavarakrafa stefndu er byggð á því, að þegar Haraldur Árnason á sínum tíma reisti mannvirkin með þegjandi samþykki þáverandi eiganda lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu og athugasemda- og skilyrðislaust af þeirra hálfu, var öllum ljóst, að verið var að sameina mannvirki þessi öðru húsi og gera þau að óaðskiljanlegum hluta þessa húss. Í þessu gat ekki annað falizt og leiði raunar af sjálfu sér, að honum væri heimilt að láta mannvirkin standa svo lengi sem honum sýndist, eða að minnsta kosti svo lengi sem aðalhúsið stæði.

Stefnanda hafi hlotið að vera ljós öll aðstaða þarna og að hann hafi því ekki öðlazt neinn meiri rétt en fyrri eigendur áttu. Verði hann því að þola eins og þeir, að húshlutinn standi áfram á lóðinni. Stefnandi hafi aldrei óskað eftir því við stefndu, að þau flyttu húshlutann eða nein önnur mannvirki af lóðinni.

Til ýtrustu vara gera stefndu þær dómkröfur, að stefndu verði ekki gert að flytja mannvirkin brott af lóðinni, fyrr en samtímis því sem húsið nr. 2 við Lækjargötu verði fjarlægt. Krafa þessi

sé þeim rökum studd, að ekki sé leidd í ljós nein þörf stefnanda á brottflutningnum. Hann hafi að vísu haldið því fram í greinargerð, að hann ætli sér að byggja stórhýsi á lóðinni, en þessu sama hafi hann einnig haldið fram í ársbyrjun 1961 og bóli þó ekkert á því enn, enda bendi rekstur húseignarinnar Lækjargötu 2 nú enn fremur til þess, að langt verði enn í land með, að hafnar verði á lóðinni byggingarframkvæmdir.

Skulu nú varnarástæður stefndu teknar til athugunar. Eins og áður greinir frá, voru vesturmörk lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu ákveðin með dómi Hæstaréttar um beina línu, 17 — 18, frá austurkanti steypts garðs, þar til hún sker lóðamörk við Austurstræti, svo sem sýnt er á dskj. nr. 7.

Leiðir þessi niðurstaða Hæstaréttar til þess, að ca. 17 fermetrar af austurhluta verzlunarhúsnæðisins, „Haraldarbúðar", eru á lóðinni Lækjargötu 2 ásamt þeim smáskúrum, sem þar eru, svo sem áðurgreind lína, 17 — 18, sýnir, enda hefur ekki verið í ljós leitt, að erfingjar Arndísar Árnason hafi gert formlega neina breytingu á upphaflegum lóðamörkum milli eignanna, áður en til skipta kom.

Þessi dómsniðurstaða Hæstaréttar er bindandi fyrir stefndu í máli þessu.

Þá hafa stefndu stutt þessa kröfu sína þeim rökum, að það hafi verið alger og skilyrðislaus forsenda fyrir skiptasamningi milli erfingja, að eigi yrði á nokkurn hátt skert eignin nr. 22 við Austurstræti og að þeir, sem hún félli til, héldu henni óskertri ásamt lóð og greindum skúrum einnig.

Á þessa skoðun getur dómurinn ekki fallizt. Lögfræðingur sá, sem skiptasamninginn samdi, Bjarni Bjarnason, hefur gefið vottorð og staðfest fyrir dómi, að aldrei hafi komið til tals, hvorki við skipti né síðar, að skerða ætti lóðina Lækjargötu 2.

Árni Haraldsson segir í aðiljaskýrslu, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að við skiptasamninginn frá 11. desember 1952 hafi aldrei komið til tals, hvorki þá né síðar, að skerða ætti lóðina Lækjargötu 2.

Þá hefur Bjarni Bjarnason haldið því fram fyrir dómi, að allir erfingjar hafi vitað um, að Austurstræti 24 hafi verið lóðarréttindalaust, en því hafa stefndu mótmælt.

Einnig hafa stefndu haldið því fram, að er eignunum var skipt, hafi enginn samningsaðili vitað, að hluti af Austurstræti 22 stóð á lóð, sem tilheyrði eigninni nr. 2 við Lækjargötu.

Samkvæmt þessu verður ekki talið, að allir erfingjar Arndísar Árnason hafi verið sammála um áðurgreinda skilyrðislausa forsendu. Enn fremur er þess að gæta, að ekkert er fram komið í málinu, sem bendir til þess, að stefnanda hafi, er hann keypti fasteignina Lækjargötu 2, verið kunnugt um ofangreindar forsendur, þótt vakað hafi fyrir sumum erfingjanna, þar sem þeir hirtu ekki um að láta skrá í veðmálabækur athugasemdir þar um, enda þótt dómur um lóðamörkin væri þegar genginn. Mátti því stefnandi treysta því, að hann öðlaðist kvaðalausan eignarrétt yfir Lækjargötu 2 samkvæmt hljóðan afsalsins á dskj. nr. 15, en þar er stærð lóðarinnar tilgreind 294 fermetrar.

Þá verður ekki heldur fallizt á þá skoðun stefndu, að stefndu hafi unnið réttindi yfir hinni umdeildu lóð fyrir hefð, eins og eignarrétti að þessum samliggjandi eignum var háttað.

Þá halda stefndu því fram, að skerðing á húseigninni nr. 22 við Austurstræti að þessu leyti væri svo stórkostleg miðað við óhagræði stefnanda, að ekki sé ástæða til að taka hana til greina vegna þess munar á hagsmunum aðilja, sem í húfi eru.

Með útnefningu yfirborgardómarans í Reykjavík hinn 4. september 1962 voru þeir Hákon Guðmundsson hæstaréttaritari og Halldór H. Jónsson arkitekt dómkvaddir til álitsgerðar og mats um verðmæti fasteignanna Austurstræti 22, Austurstræti 24 og Lækjargötu 2. Á dskj. nr. 8, bls. 4, segir svo:

„Við verðmætisákvörðun eigna þessara skyldi við það miðað, að samkv. fyrrgreindum dómi er skylt að fjarlægja húsið nr. 24 við Austurstræti með 4 mánaða fyrirvara og ennfremur, að samkv. dóminum stendur hluti hússins nr. 22 við Austurstræti á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu. Skyldi ráð fyrir því gert við matið, að krefjast ætti brottflutnings þess hluta hússins, einnig með 4 mánaða fyrirvara".

Á bls. 9 á sama dskj. segir enn fremur svo:

„... telja matsmenn fasteignina nr. 22 við Austurstræti hæfilega metna sem hér segir:

Lóð 512 ferm.	kr. 2.000.000.00		
Byggingar, verzlunarhús og geymslur	—	850.000.00	kr. 2.850.000.00
Frá þessari fjárhæð ber að draga:			
a. Verðmæti þess hluta bygginga, sem standa á lóð Lækjargötu 2	—	40.000.00	
b. Kostnað við endurbyggingu			

gafls vegna brottnáms austasta
hluta búðarinnar ..... kr. 25.000.00

Samtals kr. 65.000.00

Matsfjárhæð alls kr. 2.785.000.00".

Matsmennirnir láta þess getið, að þeir hafi leitazt við að líta á öll matsatriði frá sjónarhóli ársins 1952.

Þótt stórkostlegar verðhækkanir hafi orðið á tímabilinu frá 1952, er alkunna, að verðlag á lóðum og húsbyggingum hefur haldizt í hendur á þessum tíma. Verður því að telja, að hagsmunir stefnanda miðað við að reisa stórhýsi á lóðinni séu langtum ríkari en óhagræði stefndu við að fjarlægja hin umdeildu hús, og verður því þessi varnarástæða stefndu ekki tekin til greina.

Þrautavarakröfu sína rökstyðja stefndu með því, að þegar Haraldur Árnason á sínum tíma reisti mannvirkin með þegjandi samþykki þáverandi eigenda lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu og athugasemda- og skilyrðislaust af þeirra hálfu, var öllum ljóst, að verið var að sameina mannvirki þessi öðru húsi og gera þau að óaðskiljanlegum hluta þess húss. Í þessu felist, að honum hafi verið heimilt að láta mannvirkin standa svo lengi sem honum sýndist, eða að minnsta kosti jafnlengi og aðalhúsið.

Stefnandi hafi lýst því yfir í öðru máli, að hann hafi grandgæfilega skoðað lóðamörkin, áður en hann keypti eignina, og hafi honum því hlotið að vera ljós öll aðstaða þarna og hann því ekki öðlazt neinn meiri rétt en fyrri eigendur áttu. Verði hann því að þola, að húshlutinn standi áfram á lóðinni, enda hafi hann aldrei óskað eftir því við stefndu, að þau flyttu húshlutann eða nein önnur mannvirki af lóðinni.

Áður hefur verið lýst, hvernig háttað var eignarhaldi hinna umdeildu mannvirkja, og með vísan til þess verður þessi varnarástæða stefndu ekki tekin til greina.

Þrauta-þrautavarakrafa stefndu er sú, að þeim verði ekki gert að flytja mannvirkin brott, fyrr en samtímis því sem húsið nr. 2 við Lækjargötu verður fjarlægt. Krafa þessi er studd þeim rökum, að ekki sé leidd í ljós nein þörf stefnanda á brottflutningnum.

Hann hafi haldið því fram í ársbyrjun 1961, að hann ætlaði sér að byggja stórhýsi á lóðinni, en ekkert bóli enn á þeim framkvæmdum.

Þegar litið er til þess, að stefnandi eignaðist Lækjargötu 2 ásamt meðfylgjandi lóð og hafta- og kvaðalaust, sbr. dskj. nr. 15, brestur lagarök til þess að takmarka yfirráð hans yfir eigninni, svo sem krafizt er. Verður þessi krafa stefndu því ekki tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú, að taka ber kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að frestur til að fjarlægja mannvirkin af lóðinni þykir hæfilega ákveðinn 4 mánuðir.

Þegar málskostnaður í máli þessu er ákveðinn, verður að hafa í huga, að í áðurgreindu merkjadómsmáli voru hafðar uppi sams konar kröfur og í máli þessu, en þær dregnar út úr málinu undir rekstri þess.

Stefnandi hefur við munnlegan málflutning skýrt þetta svo, að það hafi verið gert af tilhliðunarsemi við stefndu og líkur væru þá meiri fyrir, að betri samvinna gæti skapazt þeirra á milli við væntanlegar byggingarframkvæmdir.

Stefndu hafa hins vegar haldið því fram, að stefnandi gæti ekki án samþykkis gagnaðilja hlutað málið í sundur í marga þætti, sem óhjákvæmilega hlytu að valda stefndu auknum kostnaði.

Þegar litið er á þessar röksemdir málsaðilja, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni og Ögmundi Jónssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Birni Haraldssyni, Erlu Haraldsdóttur og Kristínu Haraldsdóttur, ber að fjarlægja af lóðinni nr. 2 við Lækjargötu þann hluta hússins nr. 22 við Austurstræti, sem stendur á lóðinni nr. 2 við Lækjargötu og er sagður að stærð 17 fermetrar, enn fremur tvo skúra, sem standa á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Lækjargötu, annan sagðan að stærð 5.6 fermetra, en hinn 11.0 fermetra, innan 4 mánaða frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 3.000.00 króna dagsektum, er þau greiði stefnanda, Ásbirni Ólafssyni, in solidum.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. nóvember 1967.

Nr. 131/1967. **Páll S. Pálsson f. h. Lundwig Wünsche & Co.**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Neti h/f og gagnsök
(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og meðdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Angantýr Elíasson skipstjórar hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1967. Gerir hann þær dómkröfur aðallega, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum þýzk mörk (DM) 21.904.07 með 9% ársvöxtum frá 21. september 1966 til greiðsludags, en til vara þessa fjárhæð gegn afhendingu farmskírteinis. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. september 1967. Krefst hann þess, að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum aðaláfrýjanda og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Að tilhlutun fyrirsvarsmanna gagnáfrýjanda sendi Friðrik Jörgensen h/f haustið 1966 aðaláfrýjanda pöntunarbréf um nótarefni. Er þar tekið fram, að gagnáfrýjandi sé kaupandi. Reisir aðaláfrýjandi kröfur sínar á þessu pöntunarbréfi, en telur, að samið hafi verið um þann sama gjaldfrest, sem Friðrik Jörgensen h/f hafði þá undanfarið veitt kaupendum sams konar vöru. Í pöntunarbréfinu segir svo: „Terms: 360 days drafts". Engar skýrslur fyrirsvarsmanna gagnáfrýjanda liggja fyrir um, hvað bar á góma um greiðsluskilmála, þegar pöntunin var gerð. Er jafnvel ekki leitt í ljós, hver samdi

fyrir hönd gagnáfrýjanda við Friðrik Jörgensen h/f um pöntunina. Vitnaskýrslna þeirra, sem fjallað hafa um pöntunina fyrir hönd Friðriks Jörgensens h/f, hefur heldur ekki verið aflað. Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að Útvegsbanki Íslands í Vestmannaeyjum hafi margsinnis krafið gagnáfrýjanda um skil, en engin gögn um það hafa verið lögð fram. Loks hefur farmskírteini vörunnar með m/s Laxá frá Hamborg til Íslands ekki verið lagt fram. Er málsreifun og gagnaöflun af hálfu beggja aðilja svo stórlega áfátt, að eigi þykir rétt að dæma málið á þeim grundvelli, sem það liggur nú fyrir. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 14. júlí 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, Bergstaðastræti 14, Reykjavík, f. h. Ludwig Wünsche & Co., Hamborg, Þýzkalandi, með stefnu, útgefinni 4. apríl 1967, birtri sama dag, á hendur stjórn hlutafélagsins Nets h/f, Vestmannaeyjum, þeim Finnboga H. Ólafssyni framkvæmdastjóra, Heiðarvegi 62, Óskari Haraldssyni, Skólavegi 27, og Júlíusi Hallgrímssyni, Heiðarvegi 54, öllum í Vestmannaeyjum og öllum fyrir hönd Nets h/f, til greiðslu skuldar að fjárhæð þýzk mörk 21.904.07 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. september 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að fullu að skaðalausu, þar með talin full málfærslulaun fyrir dóminum samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Undir flutningi málsins gerði stefnandi þá varakröfu, að stefnda verði dæmt til að greiða umræddar fjárhæðir gegn afhendingu farmskírteinis.

Mætt var í málinu af hálfu hins stefnda félags og þær kröfur gerðar, að félagið yrði sýknað af öllum kröfum stefnanda og að

stefnandi verði dæmdur til að greiða því ríflegan málskostnað að mati réttarins.

Að tilhlutan eða beiðni forráðamanna hins stefnda félags sendi Friðrik Jörgensen h/f til stefnanda, Ludwig Wünsche & Co., pöntun á nælonnótarefni (Reserve Pieces for Nylon Seine Netting), sem nánar er tilgreint í pöntuninni. Eftirrit pöntunarinnar, sem liggur fyrir í málinu, er ekki dagsett, en tekið er fram, að Net h/f sé kaupandi, vörunni eigi að umskipa í Hamborg og afgreiðsla eins fljótt og unnt væri og afgreiðslufrestur 360 dagar (Terms: 360 days draft). Stefnandi pantaði svo vörurnar frá framleiðslustað í Japan, og voru 10 ballar afgreiddir um borð í m/s Borossia 21. sept. 1966 og tveir ballar um borð í m/s Hammonia 30. sept. 1966, hvort tveggja frá Kobe, Japan. Í Hamborg var vörunni skipað um borð í Laxá 10. nóvember 1966, sem flutti hana til Reykjavíkur, og þaðan var hún flutt til Vestmannaeyja. Faktúra yfir vöruna var gefin út af stefnanda, Ludwig Wünsche & Co., hinn 14. nóv. 1966 og nam að fjárhæð DM 21.904.07, fob Kobe, Japan. Faktúran, farmskírteini, reikningar og 5 víxlar á hendur Neti h/f voru sendir Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum. Víxlarnir námu eftirfarandi fjárhæðum og með gjalddögum sem hér segir:

1. DM 4.469.52 sýningarvíxill.
2. DM 4.536.33 pr. 10. febr. 1967.
3. DM 4.624.90 pr. 11. maí 1967.
4. DM 4.733.67 pr. 9. ágúst 1967.
5. DM 4.832.04 pr. 7. nóvember 1967.

Víxlarnir eru nokkru hærri en faktúra og reikningar, vegna þess að reiknaðir eru forvextir.

Ekki liggur fyrir, hvenær skjölum þessum var framvísað, en forráðamenn hins stefnda félags inntu enga greiðslu af hendi og samþykktu ekki víxlana, og að sögn lögfræðings þeirra við munnlegan flutning málsins báru þeir þegar fyrir sig, að greiðsluskilmálar væru aðrir en pöntun þeirra sagði til um. Síðan munu hafa farið fram samkomulagsumleitanir milli aðilja, en þær báru ekki árangur. Var svo mál þetta höfðað.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda hafi verið skylt að greiða og samþykkja víxlana við framvísun pappíra, enda hafi hann ekki haldið uppi mótmælum gegn því greiðslufyrirkomulagi, sem farið var fram á, hvorki er pappírum var framvísað né þegar samkomulagsumleitanir stóðu yfir. Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að hann hafi aldrei sam-

þykkt neinar breytingar á þeim greiðsluskilmálum, sem tilgreindir eru í pöntuninni, og sé félaginu því óskylt að greiða stefnukröfurnar.

Rétturinn lítur svo á, að orðin í pöntuninni: „Terms: 360 days drafts" beri að skilja þannig, að greiðslufrestur sé 360 dagar og víxlar samþykktir fyrir greiðslunni.

Stefnanda hefur ekki tekizt að sýna fram á, að stefndi hafi samþykkt, að greiðslu væri hagað á annan veg. Krafa stefnanda er því ekki dómkræf, er málið fór af stað. Ekki verður annað ráðið en stefndi hafi jafnan viljað standa við pöntun sína með þeim greiðsluskilmálum, sem þar segir. Samkvæmt því, sem nú hefur verið tekið fram, verður niðurstaða málsins, að stefndi verður sýknaður að svo stöddu.

Rétt þykir að ákveða, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Net h/f skal vera sýknt af kröfum stefnanda, Páls S. Pálssonar f. h. Ludwig Wünsche & Co., í máli þessu að svo stöddu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 24. nóvember 1967.

Nr. 158/1966. **Jakob Árnason**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Hafþóri Guðmundssyni
f. h. Sigurjóns Sigurðssonar
Jóni B. Jónssyni og
Hjalta Stefánssyni
(Haukur Jónsson hrl.)
Einari Viðar f. h. Verzlunarinnar Fáfnis og Vélaverkstæðisins Kistufells
(Einar Viðar hrl.)
Ásmundi S. Jóhannssyni f. h. Sigurðar Jónssonar
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísun. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. júlí 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1966 og krafizt þess, að nauðungaruppboð það, er síðar greinir, verði úr gildi fellt og stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hafþór Guðmundsson hefur sent Hæstarétti greinargerð, dags. 20. október 1967, þar sem hann lýsir því, að hann hafi eigi haft umboð til að taka á móti stefnu á hendur Sigurjóni Sigurðssyni.

Stefndu Jón B. Jónsson og Hjalti Stefánsson krefjast þess, að hið áfrýjaða uppboð verði dæmt gilt og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Einar Viðar f. h. Verzlunarinnar Fáfnis og Vélaverkstæðisins Kistufells krefst þess, að uppboðið verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ásmundur S. Jóhannsson f. h. Sigurðar Jónssonar krefst þess, að kröfur áfrýjanda verði ekki til greina teknar og honum verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með samningi, dags. 9. desember 1964, keyptu þeir áfrýjandi, Jakob Árnason, Miðtúni 2, Keflavík, og Sigurjón Sigurðsson, Miðstræti 3 A, Reykjavík, „beltakrana hafnarsjóðs Hafnarfjarðar. Krani þessi er af gerðinni P & H, Pawling and Harnischfeger, No 6769, SO 257500, U18". „Dragline"-skófla, vírastýring og „gír"-kassi fylgdu krananum í sölunni. Umsamið kaupverð var kr. 120.000.00, er greiddist með tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 60.000.00. Féll annar þeirra í gjalddaga 1. febrúar 1965, en hinn 1. ágúst 1965. Var Sigurjón Sigurðsson útgefandi þeirra, en áfrýjandi samþykkjandi. Með afsali, dags. 6. ágúst 1965, seldi Sigurjón Sigurðsson áfrýjanda eignarhluta sinn í krananum með áðurgreindum fylgihlutum. Segir í afsalinu, að kaupandi hafi gert seljanda full skil á kaupverðinu. Vitundarvottar á afsali eru greindir þeir Gylfi Guðmundsson og Ingvar Guðmundsson. Í vætti hefur Gylfi Guðmundsson tjáð sig minna, að hann hafi ritað á afsalið „rétt um mánaðamótin sept.—okt. 1965" og áfrýjandi hafi verið með afsalið. Nafn Sigurjóns Sigurðssonar hafi þá ekki verið á afsalinu og eigi hafi Sigurjón verið viðstaddur. Vitnið Ingvar Guðmundsson hefur fyrir dómi borið, að hann hafi ritað á afsalið „í byrjun október" að hann minni. Hafi áfrýjandi verið með skjalið, en eigi man vitnið, hvort þeir áfrýjandi og Sigurjón höfðu þá undirritað, Sigurjón Sigurðsson hafi eigi verið viðstaddur.

Hinn 24. nóvember 1965 háði Viggó Tryggvason, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, fógetadóm í húsinu nr. 12 við Skólavörðustíg. Að kröfu Einars Viðars hæstaréttarlögmanns framkvæmdi fógeti þrjár fjárnámsgerðir til fullnustu:

1. Dómi bæjarþings Reykjavíkur nr. 3080/1965 í máli Vélaverkstæðisins Kistufells gegn Sigurjóni Sigurðssyni, að fjárhæð kr. 14.290.00 ásamt vöxtum og kostnaði.
2. Dómi bæjarþings Reykjavíkur nr. 1941/1965 í máli

Verzlunarinnar Fáfnis gegn Sigurjóni Sigurðssyni, að fjárhæð kr. 1.600.00 ásamt vöxtum og kostnaði.

3. Dómi bæjarþings Akureyrar nr. 3/1965 í máli Sigurðar Jónssonar gegn Sigurjóni Sigurðssyni, að fjárhæð kr. 8.500.00 ásamt vöxtum og kostnaði.

Hafþór Guðmundsson héraðsdómslögmaður mætti fyrir gerðarþolanda, sem ekki var viðstaddur. „Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætts lýsti fógeti yfir fjárnámi í ... skurðgröfu P.H.“. Þess er að geta, að gerðarþolandinn, Sigurjón Sigurðsson, átti á þeim tíma, er hér skiptir máli, aðra beltavél af sömu gerð og þá, sem að framan er lýst. Bar sú vél einkennistöluna nr. 6770 og var uppi í Rauðhólum. Beltavél sú, nr. 6769, er mál þetta varðar, var hins vegar geymd inni í Sæviðarsundi. Var einkenning hinnar fjárnumdu vélar þannig mjög ábótavant í fjárnámsgerðinni, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1887.

Áfrýjandi vissi eigi um fjárnámsgerðirnar og var eigi við þær staddur né neinn af hans hendi. Er hann því á engan hátt af þeim bundinn og áfrýjun hans á þeim eigi nauðsynleg.

Á grundvelli nefndra fjárnámsgerða báðu umboðsmenn fjárnámshafa um uppboð á „skurðgröfu P.H.“ hinn 6. desember 1965 og 28. janúar 1966. Í Morgunblaðinu var auglýst í apríl 1966, að uppboð skyldi heyja miðvikudaginn 27. apríl 1966, kl. 1.30 síðdegis, að Síðumúla 20 í Reykjavík, og skyldi seljast bifreiðir o. fl.: ... og „skurðgrafa P.H.“.

Uppboðið fór þannig fram:

„Ár 1966, miðvikudaginn 27. apríl, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Síðumúla 20 (Vökuport) og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Þórhalli Einarssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: að selja við nauðungaruppboð nokkrar bifreiðir eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík o. fl.

Fram er lagt í réttinum beiðni um uppboð ásamt fskj. þingm. nr. 1—6.

Fylgiskjöl tilh. P.H. skurðgröfu.

Fylgja með í eftirriti.

Uppboðið var augl. 2 í Morgunblaðinu.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Uppboðið fór þannig fram:

P.H. skurðgrafa, talinn eigandi Sigurjón Sigurðsson, Miðstræti 3 A, seld eftir kröfu Ásmundar Jóhannessonar hdl. o. fl. Kaupendur Hjalti Stefánsson, Breiðh.v. 10, og Jón B. Jónsson.

Kr. 1.000.00. Greitt.

Þá mæta í réttinum f. Gjaldheimtuna í Reykjavík Kristinn Kristjánsson, fyrir Einar Viðar hrl. er mættur Ragnar Aðalsteinsson, einnig er mættur Jónas Aðalsteinsson hdl., fyrir Vöku h/f mætir Hjalti Stefánsson.

Þá var ekki fleira selt og uppboðinu lokið.

Rétti slitið.

Vottar: Þórhallur Einarsson fltr.

Ingólfur Sigurz

Jón B. Jónsson".

Ásmundur S. Jóhannsson f. h. Sigurðar Jónssonar hafði að vísu beðið um uppboð þetta, en hann lét eigi mæta á uppboðsþinginu.

Svo sem uppboðsgerðin ber með sér, var annar uppboðskaupenda stefndi Jón B. Jónsson, sem jafnframt var þingvottur við uppboðið. Um þingvotta segir í 41. gr. laga nr. 85/1936, að þeir megi „hvorki vera svo venzlaðir dómara né aðilja sem segir í 1. málsgr. 1. tölul. 125. gr.". Á þessi regla og við um uppboð, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Á uppboðsþingi því, sem að framan getur, gerðist uppboðsvotturinn uppboðskaupandi og þar með aðili uppboðsmálsins. Er háttsemi þessi við framkvæmd uppboðsins brýnt brot á nefndri 41. gr. Átti uppboðshaldari eigi að sinna boði þingvottsins.

Áfrýjandi mætti hvorki né lét mæta á uppboðsþinginu, enda hafði hann eigi hugmynd um, að selja skyldi þar beltavélina nr. 6769. Af þessum sökum er hann eigi bundinn af uppboðsgerðinni. Er honum því eigi nauðsyn að áfrýja henni. Hins vegar verður að telja, að hann hafi haft slíkra hagsmuna að gæta, að slík áfrýjun hafi verið honum heimil.

Svo sem áður sagði, kveðst Hafþór Guðmundsson héraðs-

dómslögmaður eigi hafa haft umboð til að taka við stefnu á hendur Sigurjóni Sigurðssyni. Verður því að frávísa málinu frá Hæstarétti, sbr. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er frávísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1967.

Nr. 143/1965. **M** (Sigurður Ólason hrl.)
gegn
K (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s. á. Hann krefst þess aðallega, að honum verði dæmd alger sýkna af kröfum stefnda, en til vara, að úrslit málsins verði látin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að henni verði veitt gjafsókn í héraði og málskostnaður þar henni til handa verði hækkaður. Þá krefst stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti,

málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál.

Mál þetta var upphaflega höfðað fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar með stefnu 20. nóvember 1958 og dæmt þar 11. apríl 1959. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 23. júní 1961 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Var málið síðan rekið fyrir bæjarþingi Seyðisfjarðar og dómur þar kveðinn upp í því af nýju 19. september 1964.

Barn það, sem mál þetta er af risið, er fætt 18. febrúar 1957, og staðhæfir stefndi, að ekki sé öðrum til að dreifa um faðerni barnsins en áfrýjanda, enda kveðst hún ekki hafa haft samfarir við nokkurn annan karlmann en hann á árinu 1956. Segir hún hann hafa komið flugleiðis til Seyðisfjarðar um 20. maí 1956 og að þau hafi haft fullkomnar samfarir saman um 4 til 5 dögum síðar og svo í nokkur skipti eftir það, m. a. eftir dansleik, sem haldinn var í barnaskólahúsinu á Seyðisfirði sunnudaginn 3. júní 1956.

Áfrýjandi kveðst hafa farið á vertíð á Suðurlandi í janúarbyrjun 1956 og verið þar óslitið til 1. eða 3. júní sumarið eftir, að hann hafi farið til Seyðisfjarðar, en samkvæmt vottorði Flugfélags Íslands, dags. 1. desember 1958, var áfrýjandi hinn 19. maí 1956 farþegi með flugvélinni Snæfaxa frá Reykjavík til Egilsstaða. Viðurkennir áfrýjandi að hafa í eitt skipti seinni hluta júnímánaðar 1956 haft samfarir við stefnda að afloknum dansleik, sem haldinn hafi verið í barnaskólahúsinu á Seyðisfirði, að því er hann telur, en neitar að hafa í annan tíma haft samfarir við hana. Kveður hann tvo menn, búsetta á Seyðisfirði, D verkamann, ..., og E sjómann, ..., hafa tjáð sér, að þeir hefðu haft samfarir við stefnda. Ber D fyrir dómi, að hann hafi nokkrum sinnum sumarið 1955 haft samfarir við hana, og E ber, að hann hafi nokkrum sinnum haft samfarir við hana, en þó aldrei á árinu 1956. Þá kveðst G, ... á Seyðisfirði, oft hafa haft samfarir við stefnda, eftir að hún ól barn það, sem mál þetta

er af risið, en hún kveður framburði þessa ranga, enda hafi hún aldrei haft samfarir við menn þessa.

Eftir að héraðsdómur var kveðinn upp í máli þessu 19. september 1964, hefur verið gerð rannsókn á blóði úr áfrýjanda, og segir svo í vottorði Rannsóknarstofu Háskólans, dags. 25. febrúar 1967, um rannsókn þessa:

„Niðurstaðan varð sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
M, . . . , Seyðisfirði . .	A_1	MN	+	+	÷	+	+

Með rannsókn þessari, sem fullkomlega er í samræmi við áður gerða flokkun á blóði M, er því ekki unnt að útiloka hann frá faðerni drengsins, A, f. 18/2 1957, sonar K, sbr. meðfylgjandi afrit af bréfi til bæjarfógetans á Seyðisfirði, dags. 19. febr. 1959".

Héraðsdómari leitaði umsagnar Kjartans Ólafssonar læknis um það, hvort barn stefnda, sem mál þetta fjallar um, hafi verið fullburða við fæðingu, og segir svo í umsögn læknisins, dags. 27. nóv. 1958:

„Ég hef kynnt mér hjá ljósmóður Seyðisfjarðar, frk. Líneik Gísladóttur, það, sem bókað var um þroska barnsins við fæðingu, en þar er að finna aðeins tvennt, sem styðjast má við, en það er þyngd barnsins, sem var samkvæmt bókun 3.900 gr. og lengd 52 cm við fæðingu. Ýmislegt fleira er haft til hliðsjónar, þegar kveða skal á um það, hvort barn er fullburða eða fyrirburður, svo sem skírnarhár (lænugo), fósturforði (verrins caseosa), holdfylli á limum, hrukkur á andliti, hár og háralengd á höfði, lengd á nöglum, beinmyndun o. fl.

Þar sem svo margt vantar, sem stuðzt er við, þegar ákveða skal, hvort barn er fullburða, verður ekki sagt með vissu, hvort A hafi verið fullburða eða ekki. En ef litið er á lengd hans við fæðingu, 52 cm, þá er hún yfir meðallengd fullburða barns. Þyngdin mun einnig vera vel í meðallagi. Meðgöngutíminn eða dagafjöldinn, frá því frjóvgun á sér stað, og þar til fæðingu er lokið, mun oftast vera um 270 dagar, þegar um fullburða barn er að ræða, en ekki er hægt að slá

neinu föstu um það, því að dæmi eru talin til þess, að eðlilegur meðgöngutími geti verið allt frá 240—310 dagar.

Niðurstaða: Með hliðsjón af lengd og þyngd barnsins mætti ályktа, að það hafi fæðst fullburða".

Að því virtu, er að framan greinir, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir bera að staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að málskostnaður í héraði ákveðst kr. 11.500.00, er renni í ríkissjóð, en stefnda ber samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936 gjafsókn í héraði, og skal málflutningsþóknun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Benedikts Sigurjónsson, þá hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Áfrýjandi greiði málskostnað í Hæstarétti, kr. 7.000.00, er renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði, kr. 11.500.00, renni í ríkissjóð og að málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda, K, í héraði, Benedikts Sigurjónssonar, þá hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00, er renni í ríkissjóð.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir Hæstarétti, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 19. september 1964.

Ár 1964, laugardaginn 19. september, var á bæjarþingi Seyðisfjarðar kveðinn upp dómur í málinu nr. 1/1964: K gegn M.

Fulltrúi bæjarfógeta, Ólafur Björnsson, kvað upp dóm þennan.

Málið var dómtekið 3. september 1964.

Það er höfðað af K, Seyðisfirði, með stefnu, útgefinni 13. apríl 1964, á hendur M, Seyðisfirði. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur faðir að barni því, sem stefnandi ól hinn 18. febr. 1957 og skírt var A, enda verði stefndi dæmdur til greiðslu fæðingarstyrks og tryggingargjalds stefnanda fyrir árið 1957 svo og meðlags með barninu til fullnaðs 16 ára aldurs og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður í málinu.

Stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðuneytisins 19. marz 1964 fengið leyfi til málshöfðunar samkvæmt heimild í 6. mgr. 211. greinar laga nr. 85/1936, þótt meira en tvö ár séu liðin frá fæðingu barnsins A, með því skilyrði, að stefna verði tekin út fyrir 1. maí 1964. Stefna er gefin út 13. apríl 1964 og málið þingfest 24. apríl 1964.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 18. febr. 1957 ól stefnandi, K, sveinbarn, er skírt var A. Föður að barni þessu lýsir hún M, stefnda í máli þessu. Barnið vó við fæðingu 3.900 grömm og var 52 cm á lengd. Miðað við, að meðgöngutími geti verið 240—310 dagar, en meðalmeðgöngutími er talinn sem næst 270 dagar, getur barnið verið komið undir í fyrsta lagi 14. apríl 1956, en í síðasta lagi 19. júní 1956.

Stefnandi, K, hefur í skýrslu fyrir dómi skýrt svo frá, að um 4—5 dögum eftir 20. maí 1956 hafi hún haft fullkomnar samfarir við stefnda að kvöldlagi heima hjá stefnda, og kveðst hún vera viss um, að sæði úr stefnda hafi farið inn í sig. Þá kveðst hún hafa haft samfarir við stefnda nokkrum sinnum eftir þetta og tiltekur eitt skipi eftir dansleik í barnaskólanum á Seyðisfirði að kvöldi hins 3. júní 1956, er hún hafði fullkomnar samfarir við stefnda, án þess að hann notaði getnaðarverjur eða ryfi samfarirnar. Þá hefur hún eindregið mótmælt því að hafa haft samfarir við nokkurn annan mann á þessu tímabili, þ. e. á hugsanlegum getnaðartíma barnsins.

Stefndi hefur mótmælt því, að hann geti verið faðir að barni stefnanda. Hins vegar hefur hann viðurkennt fyrir dómi, að hann hafi haft samfarir við stefnanda eftir dansleik í barnaskólanum á Seyðisfirði einhvern tíma í júní 1956 og hafi hann þá verið ölvaður, en samfarirnar áttu sér stað heima hjá stefnda. Stefndi hefur ekki borið við í þessu sambandi, að hann hafi notað getnaðarverjur eða rofið samfarirnar.

Blóðflokkun málsaðilja og barns stefnanda hefur verið framkvæmd, og eru niðurstöður þessar:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	C
M	A_1	MN	+	+	÷	+
K	O	MN	+	+	+	+
A	A_1	MN	÷	÷	÷	+

Samkvæmt þessu er ekki útilokað, að stefndi geti verið faðir að barninu A.

Samkvæmt því, er rakið er hér að framan, verður að telja sannað, að málsaðiljar hafi haft samfarir á hugsanlegum getnaðartíma barnsins A. Hins vegar eru engar sönnur færðar að því, að nokkur annar maður hafi haft samfarir við stefnanda á getnaðartíma barnsins, enda hefur hún sjálf mótmælt því eindregið. Af þessum sökum svo og með hliðsjón af niðurstöðu blóðrannsóknar er ekki hægt að taka til greina réttarkröfur stefnda, hvorki aðalkröfu né varakröfu.

Niðurstaða máls þessa verður því, að stefndi verður að teljast faðir að barninu A, er stefnandi ól hinn 18. febrúar 1957, og að réttarkröfur stefnanda verða einnig teknar til greina að öðru leyti.

Í sambandi við ákvörðun málskostnaðar þykir þóknun til lögmanns stefnanda hæfilega ákveðin kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Stefndi, M, skal teljast faðir barnsins A, sem stefnandi, K, ól 18. febrúar 1957. Stefndi greiði stefnanda fæðingarstyrk og tryggingariðgjald hennar fyrir árið 1957 svo og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess.

Stefndi greiði stefnanda kr. 4.500.00 í málskostnað, þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1967.

Nr. 25/1967. **Lilja Sigurðardóttir** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna
(Birgir Ísl. Gunnarsson hrl.)
og
Ásgeiri M. Ásgeirssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Um rétt til happdrættisvinnings.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. febrúar 1967 og krafizt þess, að aðalstefnda, en til vara varastefnda, verði dæmt að greiða henni kr. 500.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júlí 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hvor hinna stefndu krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur eigi gegn eindregnum mótmælum varastefnda, Ásgeirs M. Ásgeirssonar, fært sönnur fyrir því, að varastefndi hafi skuldbundið sig gagnvart áfrýjanda til að endurnýja með sjálfs sín fé, þá er því væri að skipta, happdrættismiðann nr. 64280, sem áfrýjandi hafði tekið í happdrætti aðalstefnda og í málinu getur. Þá er dregið var í 3. flokki happdrættis aðalstefnda hinn 3. júlí 1965, hafði nefndur happdrættismiði tvívegis verið óendurnýjaður. Að svo vöxnu máli verður þegar af nefndum sökum að taka kröfur hinna stefndu um sýknu til greina og staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. desember 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Lilja Sigurðardóttir, Bræðraborgarstíg 13, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, dags. 2. marz 1966, gegn fulltrúaráði sjómannadagsins í Reykjavík vegna Happdrættis D.A.S., Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og til vara Ásgeiri M. Ásgeirssyni, Sjóbúðinni við Grandagarð í Reykjavík, til greiðslu á kr. 500.000.00 auk 6% ársvaxta frá 1. júlí 1965 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Bæði aðalstefndi og varastefndi krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt heimild í lögum nr. 71/1954, sbr. lög nr. 17/1956 og lög nr. 52/1963, er hér á landi rekið svonefnt Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Er það aðalstefndi í máli þessu. Ágóði af happdrætti þessu á að renna í byggingarsjóð aldraðs fólks, en 60% ágóðans skal þó varið til byggingar Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, en vissar undanþágur frá því ákvæði eru engu að síður heimilaðar. Nánari ákvæði um framangreint happdrætti eru í reglugerð nr. 41/1956, sbr. reglug. 8/1960, 53/1963 og 60/1964, sem birt hefur verið í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt henni fer svonefnt fulltrúaráð sjómannadagsins með yfirstjórn happdrættisins. Atvinnumálaráðuneytið skipar hins vegar þriggja manna happdrættisráð, sem hefur eftirlit með starfsemi happdrættisins og eftirlits- og úrskurðarvald um drætti, svo sem nánar er fyrir mælt í reglugerðinni. Happdrættið gefur árlega út tiltekinn fjölda tölusettra happdrættismiða, hlutamiða, í 12 flokkum. Er dregið mánaðarlega í hverjum flokki, í 1. flokki 3. maí og síðan 3. hvers mánaðar eða næsta virkan dag á eftir, ef þann dag ber upp á helgidag. Þó skal í janúarmánuði ár hvert dregið um vinninga hinn 8. þess mánaðar eða næsta virkan dag, ef þann dag ber upp á helgidag. Unnt er að kaupa happdrættismiða í öllum flokkunum 12 samtímis, svonefndan ársmiða, sem á þeim tíma, er hér skiptir máli, kostaði 720.00 krónur, eða miða, sem greiða á fyrir drátt í hverjum flokki, „endurnýjunarmiða“, og kostaði „endurnýjun“ kr. 60.00. Þótt síðarnefndur háttur sé á

hafður, heldur viðkomandi sama miðanúmeri. Ef menn vilja kaupa hlutamiða, eftir að drættir eru byrjaðir á árinu, skal greiða fyrir hann auk verð hans í flokki þeim, sem næst á að draga í, samanlagt verð hlutarins í öllum þeim flokkum, sem dregið hefur verið í á árinu.

Miðar eru seldir á skrifstofu aðalstefnda og auk þess hjá umboðsmönnum aðalstefnda víðs vegar um land. Meðal umboðsmanna aðalstefnda er varastefndi í máli þessu, Ásgeir M. Ásgeirsson, sem rekur verzlun við Grandagarð hér í borg og nefnist Sjóbúðin. Eru happdrættismiðar seldir þar. Stefnandi máls þessa, Lilja Sigurðardóttir, keypti á sínum tíma miða í hinu stefnda happdrætti hjá varastefnda. Ber miði þessi númerið 64280. Í skýrslu hér fyrir dómi hefur varastefndi sagt, að stefnandi hafi haft þennan miða „þetta á annað ár", og virðist þar eiga við, að stefnandi hafi keypt miðann í fyrsta sinn í 1. flokki árið 1964. Stefnandi hefur skýrt svo frá í skriflegri aðiljaskýrslu sinni, sem hún hefur staðfest fyrir dómi, að hún hafi átt miða þennan í nokkur misseri. Eigi segist hún hafa fengið neinar tilkynningar eða leiðarvísa frá happdrættinu um það, hvernig því væri hagað, en hins vegar hafa vitað, að dregið væri í hverjum mánuði. Kveðst stefnandi hafa látið þess getið við varastefnda, þegar hún keypti miðann, að það væri eins víst, að hún gleymdi að endurnýja miðann, þar sem hún hefði svo mikið að hugsa. Hafi varastefndi þá svarað því til, að það hefði ekkert að segja, hann skyldi passa það fyrir hana. Kveðst stefnandi ekki hafa vitað til, að til þess væri ætlazt af viðskiptamönnum aðalstefnda, að þeir endurnýjuðu miða sína mánaðarlega, enda hafi hún talið ljóst af viðskiptum og viðræðum við varastefnda, að það mætti dragast. Hafi hún aldrei hringt í Sjóbúðina og beðið um, að miði sinn yrði frá tekinn.

Stefnandi skýrir enn fremur svo frá m. a., að hún og varastefndi séu góðir kunningjar og hafi hún oft komið í búðina til hans. Hún sé húsmóðir, en á netjavertíðinni vinni hún oft hjá manni sínum í verbúð nr. 10 á Grandagarði. Komi hún fremur sjaldan í Sjóbúðina, þegar hún sé ekki við vinnu niðri á Grandagarði. Stundum hafi varastefndi þó leitað til hennar, þegar hún átti leið fram hjá búðinni, og sagt henni frá því, að einhver mannanna á bát þeim, sem maður hennar eigi, hafi látið skrifa hjá sér og spurt, hvort hún mundi ekki borga fyrir þá. Hafi hún þá stundum komið og gert það, þótt hún teldi sér það ekki skylt. Stefnandi segir, að varastefndi hafi aldrei af

fyrra bragði gefið henni „vink“ um, að hún ætti eftir að endurnýja, og kemur það heim við framburð varastefnda. Kveðst hún lítið hafa fylgzt með happdrættinu, en hún hafi yfirleitt grennslazt fyrir um, hvernig stæði með endurnýjunina, þegar henni fannst langt um liðið frá síðustu endurnýjun. Hafi endurnýjun oft farið fram á eftir „og oft dregizt í tvo mánuði“, svo sem í skriflegri aðiljaskýrslu hennar segir, en hér fyrir dómi hefur hún látið að því liggja, að stundum hafi endurnýjun dregizt í tvo til þrjá mánuði. Segist stefnandi muna sérstaklega, að í einu slíku tilfelli hafi hún fengið sömu svör og áður hjá varastefnda. Hafi hún þá lagt dæmi fyrir varastefnda og sagt: „Hvað skeður, ef svo ólíklega vildi til, að vinningur kæmi á miðann og ég hefði ekki endurnýjað, fengi ég þá vinninginn?“ Hafi varastefndi þá svarað: „Já, auðvitað“, en hún þá enn spurt: „Hvernig má það ske?“ Hafi varastefndi þá svarað: „Ég endurnýja fyrir þig, ég geri það fyrir svo marga, og þú mátt treysta mér“. Telur stefnandi, að samtal þetta hafi átt sér stað á netjavertíðinni í fyrra, en þá hafi hún verið að vinna niðri á Grandagarði. Stefnandi kveðst ætíð hafa fengið miðana, þegar hún endurnýjaði eftir á, jafnvel þó að það hafi dregizt í 2—3 mánuði.

Í aðiljaskýrslu varastefnda, sem lögð var fram undir rekstri málsins og hann hefur staðfest fyrirdómi, segir m. a. svo: „Ég neita því eindregið, að ég hafi nokkurn tíma lofað henni (þ. e. stefnanda) að sjá um endurnýjun á miðanum, enda alger óþarfi fyrir hana að biðja um slíkt, þar sem hún átti leið framhjá „Sjóbúðinni“ daglega umrædda mánuði og kom oft dag eftir dag inn í búðina í verzlunarerindum“. Heldur varastefndi því jafnframt fram í þessari skriflegu skýrslu sinni, að við endurnýjun til 1. flokks í maí 1965 hafi stefnandi haft orð á því, að hún endurnýjaði til að byrja með fyrir 1. flokk, hvað sem síðar yrði. Hér fyrir dómi hefur varastefndi sagt, að hann myndi þetta vegna þess, að stefnandi hefði sagzt ekki mundu endurnýja fyrir son eða syni sína, og þá haft þetta jafnframt á orði. Í sama réttarhaldi segist varastefndi „ekki minnast þess, að hann hafi lofað stefnanda sérstaklega að sjá um miðana fyrir hana. Enda sé svarið alltaf það sama, að ef viðkomandi komist ekki til að endurnýja á tilskildum tíma, þá skuli hann hringja, þ. e. viðskiptavinurinn“. Enn fremur hefur varastefndi skýrt efnislega svo frá hér fyrir dómi, að miðar séu teknir frá hjá honum, ef hringt sé, rétt áður en dregið sé, og skoðist viðkomandi miði þá endurnýjaður, en endurnýjunina verði að greiða, áður en næst sé

endurnýjað. Þegar viðskiptavinurinn hringi, kveðst varastefndi biðja hann um að bíða andartak, nái í sérstakt umslag með miðum viðskiptavinarins í, en umslögin séu nákvæmlega „sorteruð“ eftir nöfnum í þar til gerðum tréstokk. Síðan segi hann við viðskiptavininn, að hann hafi umslagið í hendinni og sjálfsagt sé að taka það frá. Eftir símtalið setji hann umslagið síðan í sérstaka skúffu fyrir frátekna miða, óseldir og óendurnýjaðir miðar séu sóttir frá aðalumboðinu, áður en dregið sé, nema þeir hafi verið teknir frá. Komi miðar fyrir liðinn tíma ekki aftur, en næsti flokkur á eftir með sömu númerum. Í fyrrgreindri skriflegri aðiljaskýrslu sinni skýrir varastefndi frá þeirri undantekningu frá framangreindum reglum, að hann hafi lofað að bera ábyrgð á miðum í 30 umslögum, eign fjölskyldu hans og nánustu venzlamanna hans. Kveðst varastefndi hafa haldið miðum þessum alla tíð alveg sér og þeir verið endurnýjaðir á heimili hans. Hafi miði stefnanda aldrei hafnað í þessum flokki.

Er varastefndi og stefnandi voru samprófuð um það, hvort varastefndi hefði lofað að annazt endurnýjun miða stefnanda, kveðst varastefndi engu hafa við fyrri framburð að bæta, öðru en því, að hann færi eftir föstum reglum með þetta og segði viðskiptavinunum undantekningarlaust frá þessum reglum, nema um sérstakan samning væri að ræða og skrifi hann þá utan á umslagið „Frátekið allt árið“.

Varastefndi kveðst aldrei hafa tekið frá miða fyrir stefnanda, en stundum hafi dregizt hjá henni að endurnýja. Segist hann minnast þess, að fyrir hafi komið, að hún endurnýjaði ekki í tvo mánuði, þ. e. fyrir tvo flokka. Hafi stefnandi þá fengið miða fyrir þann flokk, sem átti að draga í næst á eftir, en í stað hinna miðanna hafi hún ekkert fengið í hendurnar. Hafi hann rifið þá miða, sem stefnandi kom með, en þeir miðar, sem hún ekki fékk, hafi verið farnir niður í umboð. Engu að síður hefur varastefndi skýrt svo frá, að þeir, sem of seinir verði til að endurnýja og eigi fengið miða frá tekna, fái kvittun fyrir þá flokka, sem dregið hefur verið um, þegar þeir greiða miða fyrir næsta flokk, en greiða verði fyrir alla flokkana.

Bertína Andrésdóttir, sem vinnur hjá varastefnda í Sjóbúðinni, m. a. við afgreiðslu happdrættismiða, hefur komið fyrir dóminn til skýrslugjafar. Hún skýrir m. a. svo frá, að miðarnir séu varðveittir í réttri röð í stokk og þeir, sem borgi og endurnýi, fái sína miða. Ef viðskiptavinur hringi, taki þau miðana frá og varðveiti sér, þar til þeir séu greiddir, a. m. k. á annan

mánuð. Miðar þeir, sem eftir séu í stokknum, séu sendir niður í aðalumboð. Kveðst hún stundum taka frá miða, þegar hringt sé, og leggi þá sjálft umslagið til hliðar. Aldrei kveðst hún hafa afgreitt nema tvo miða í einu til endurnýjunar, þ. e. a. s. miða úr tveimur flokkum. Segir hún enn fremur, að það eigi ekki að gerast, að maður fái afhentan miða úr flokki, sem dregið hefur verið í, nema því aðeins að hringt hafi verið og hann verið tekinn frá. Þó segir hún, að verið geti, að miðar séu skildir eftir í aðalstokknum einu sinni, án þess að hringt hafi verið og beðið um, að þeir yrðu teknir frá, þ. e. þeir séu geymdir óendurnýjaðir einn drátt, en síðan sendir niður í aðalumboð í næsta skipti, ef þá hafi eigi verið greitt. Í sambandi við síðastgreind atriði í framburði Bertínu tók varastefndi fram í réttarhaldi hinn 24. júní 1966, að mjög lítið væri um, að miðar væru teknir frá á þennan hátt. Ætti það sér einkum stað, ef einhverjir sérstakir viðskiptavinir hefðu um það beðið. Þá hefur Bertína sagt, að varastefndi hafi varðveitt heima hjá sér miða fyrir venzlafólk sitt.

Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri hins stefnda happdrættis, hefur m. a. skýrt frá á þá leið, að komist viðskiptamenn ekki í tæka tíð til að endurnýja miða sína, nægi þeim að hringja í viðkomandi umboð og fá þá miða sína frá tekna með fullum réttindum gegn því, að þeir komi og greiði endurnýjunargjald sitt, áður en dregið sé í næsta flokki á eftir. Kveðst hann hafa gefið umboðsmönnum fyrirmæli um, að taka mætti frá fyrir einn flokk gegn því, að greitt væri fyrir miðana í þeim flokki og næsta flokki á eftir, en jafnframt um að hafa ekki miða í ábyrgð happdrættisins í fleiri flokka. Hins vegar segir hann, að þess séu dæmi, að gerðir séu árssamningar milli aðalumboðsins og viðskiptavina. Hafi hann þá þann hátt á að rita á viðkomandi umslag „frátekið til árs“ og stafi sína við. Enn fremur skýrir Baldvin svo frá, að sá háttur sé á hafður í Reykjavík og nágrenni, þegar útdráttur fer fram, að sent sé eftir óseldum miðum til umboðanna. Bifreiðarstjórinn, sem aki milli umboðanna og taki óseldu og óendurnýjuðu miðana, eigi að koma í umboðin, eftir að þeim er lokað, og skila miðunum á skrifstofuna, rétt áður en dregið sé. Séu óseldir miðar í Reykjavík sóttir, ca. hálftíma áður en dregið sé, en þá sé síður, að umboðin taki frá miða fyrir fasta viðskiptavini, er enn hafi eigi vitjað miða sinna, og geymi þá á eigin ábyrgð. Miðar þeir, sem eftir verði í umboðin í viðkomandi skipti, séu því að áliti happdrættisins í ábyrgð umboðs-

manns, þ. e. hann beri ábyrgð á greiðslu miðanna. Við skilagrein milli umboðsins og umboðsmanna fái umboðsmaður samt að skila þeim miðum, sem ekki hafi verið greiddir, en slík skilagrein fari oft fram fyrir tvo til þrjá drætti í einu. Segir mætti, að svari umboðsmaður því til, að viðkomandi miði sé í ábyrgð hjá honum, fái viðskiptavinurinn vinning þann, sem á sé fallinn, þó að hann sé eigi greiddur. Sé athugað fyrst, þegar vinningur falli á miða í umboði, hvaða miðar séu óseldir og óendurnýjaðir, þegar umboðsmaðurinn hafi svo svarað því, sé honum tilkynnt um vinninginn. Hefur Baldvin tekið fram hér fyrir dóminum, að ekki sé það alvanalegt, en komi þó oft fyrir, að hann fari í umboðin hér í Reykjavík, eftir að dregið hefur verið í happdrættinu, til að kynna sér, hvort allt sér þar í lagi. Geri hann þetta, þegar honum finnist hann ekki hafa nægar upplýsingar frá umboðinu. Baldvin kveður það koma alloft fyrir, að menn sem gleymt hafi að endurnýja, spyrji, hvort möguleikar séu til að fá vinning afhentan, en þeim sé ætíð sagt, að fyrst þeir hafi ekki endurnýjað á réttum tíma eða hringt til viðkomandi umboðs og beðið um, að miðar þeirra yrðu teknir frá, sé ekkert unnt að gera í málinu.

Svo sem áður hefur verið komið að, endurnýjaði stefnandi miða sinn til 1. flokks árið 1965. Kveðst hún ekki hafa endurnýjað í þessum flokki, ef hún hefði ekki ætlað að eiga miðann áfram. Í framangreindri skriflegri aðiljaskýrslu sinni heldur varastefndi því hins vegar fram, að stefnandi hafi haft orð á því við endurnýjun til 1. flokks, að hún endurnýjaði til að byrja með fyrir 1. flokk, hvað sem síðar yrði. Er dráttur fór fram í 2. og 3. flokki 1965, hafði stefnandi ekki innt af hendi greiðslur nema fyrir endurnýjun til 1. flokks. Þegar dregið var í 3. flokki, kom hæsti vinningur, kr. 500.000.00, á miða nr. 64280, en það var miði sá, sem stefnandi hafði á sínum tíma keypt og samkvæmt framansögðu greitt endurnýjun fyrir til 1. flokks 1965.

Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri aðalstefnda, hefur í skriflegu vottorði gert grein fyrir atvikum í sambandi við drátt í 3. flokki. Er það orðrétt á þessa leið:

„Þegar út var dregið í 3. fl. 1965—66, voru óseldir miðar úr Sjóbúðinni ekki allir komnir í okkar hendur. Fór ég því sjálfur í umboðið og sá þá, að viðkomandi miði, nr. 64280, hafði ekki verið endurnýjaður og ekki heldur í flokknum á undan, 2. fl. Umboðsmaðurinn, Ásgeir M. Ásgeirsson, var viðstaddur, þegar þetta gerðist, og spurði ég hann, hvort miði þessi væri frá tekinn,

en hann sagði svo ekki vera. Einnig lét ég sækja afgreiðslukonu þá, sem er í verzluninni, Bertínu Andrésdóttur, heim til hennar, en hún býr þar skammt frá, og spurði hana einnig, hvort nefndur miði væri frá tekinn, sem hún sagði ekki vera".

Hér fyrir dómi hefur Baldvin enn fremur skýrt svo frá, að í umrætt skipti hafi verið byrjað að draga skömmu eftir hádegið. Sé það venja sín að athuga, skömmu eftir að farið sé að draga, hvernig hæstu vinningar falli og fara þá og athuga, hvernig frá málum sé gengið í umboðunum. Á skrifstofu aðalstefnda sé skrá yfir númerin og hvort þau séu seld eða óseld og í hvaða umboði númerin séu. Hins vegar viti hann ekki, þegar hann fari í umboðin, hver eigi viðkomandi miða, en að því geti hann komizt í umboðinu. Í umrætt sinn hafi verið sýnt, að hæsti vinningurinn hefði fallið á miða í umboðinu í Sjóbúðinni, en í skránni, sem færð sé á skrifstofunni, hafi hann séð, að viðkomandi miði hafði verið greiddur í fyrsta flokki, en ekki í öðrum, og hann þess vegna farið í umboðið til að gæta að miðanum. Liggur frammi í málinu ljósrit úr skránni. Hefur Baldvin tekið fram, að varastefndi hafi ætíð dálítið sína eigin háttu við frágang umboðsins og ekki hlýtt honum sem framkvæmdastjóra nákvæmlega. Baldvin skýrir enn fremur svo frá, að hann hafi gætt í bókina hjá varastefnda og séð, að óendurnýjað var fyrir tvo flokka. Hafi varastefndi skoðað í tvo bunka, sem hann hafi haft í höndum, og miðinn verið í öðrum þeirra. Eigi kveðst Baldvin vita, hvað hvor bunki átti að þýða, en álíta, að bunkinn, sem miðinn var í, hefði átt að fara niður eftir. Eigi kveðst Baldvin muna sérstaklega, hvort óseldir miðar og óendurnýjaðir hafi verið teknir úr þessu umboði, en álíta, að það hafi verið gert þarna eins og venjulega og vísar í því sambandi til bróður síns Helga, sem því starfi sinni. Telur Baldvin, að framangreindur bunki hafi verið frá tekinn í öðrum flokki. Ef vinningur hefði fallið á miða stefnanda við annan drátt, segir Baldvin, að svar umboðsmannsins hefði skipt miklu máli um það, hvort hún hefði fengið vinninginn eða ekki, þar eð að þeirra áliti skipti miklu, hvort dregizt hafi að endurnýja einn eða fleiri flokka.

Bertína Andrésdóttir, sem fyrr er getið um, hefur ritað á framangreint vottorð Baldvins Jónssonar á dskj. nr. 17, sem tekið hefur verið orðrétt upp hér að framan, að hún staðfesti það sem rétt. Hér fyrir dómi hefur hún skýrt svo frá, að bróðir Baldvins Jónssonar, sem aki hjá D.A.S., hafi komið heim til hennar laugardaginn 3. júlí 1965 og sótt hana, en áður hafi varastefndi verið

búinn að hringja. Þegar hún hafi komið niður eftir, hafi varastefndi sagt henni, að vinningur hefði fallið á miða stefnanda. Hafi Baldvin Jónsson einnig verið þarna viðstaddur. Hafi henni verið sagt þarna niður frá, að miðinn hefði ekki verið borgaður, en ekki hafi hún verið að því spurð, hvort hún hefði tekið þennan miða frá. Kveðst Bertína aldrei hafa tekið frá miða fyrir stefnanda og ekki geta svarað því, hvort varastefndi hafi nokkru sinni gert það. Eigi segist hún vita, hvers vegna hún var kölluð niður eftir, og ekki geta sagt frekar um, hvað þar fór fram.

Helgi Einarsson, bifreiðarstjóri hjá aðalstefnda, sem er bróðir framkvæmdastjórans, Baldvins, kom fyrra sinni til skýrslugjafar hér fyrir dómi hinn 24. maí 1966. Sagðist honum þá m. a. svo frá, að hann sækti miðana í umboðin þá daga, sem dregið er. Næði hann yfirleitt í miðana, ca. hálftíma áður en dregið væri, og væru miðarnir alltaf komnir í umbæðin, áður en dráttur færi fram. Fyrrgreindan laugardag hefði hann verið búinn að sækja miða í öll umboð, er dregið var. Hefði hann náð í miðana í Sjóbúðina um hádegisleytið, en draga hefði átt um eittleytið, að því er hann minnti. Hefði það verið varastefndi, sem afhenti honum miðana. Síðan kvaðst hann hafi komið aftur í Sjóbúðina seinna þennan sama dag með Baldvini Jónssyni til að athuga miða, sem upp höfðu komið. Hefði Baldvin fyrst talað við varastefnda einn, en hann beðið í bílnum. Hefði varastefndi síðan sent hann eftir konu þeirri, sem í búðinni vinni, Bertínu að nafni, og hefði hann náð í hana. Skýrði Helgi loks svo frá í réttarhaldi þessu, að hann hefði ekki farið inn í verzlunina, þegar hann kom aftur með konuna, en hann minntist þess þó ekki glögglega. Hefði hann síðan ekið Baldvini niður eftir, en ekki hefði hann rætt neitt við sig um það, sem á seyði var.

Varastefndi, Ásgeir M. Ásgeirsson, hefur ritað á framangreint vottorð Baldvins á dskj. nr. 17, að hann staðfesti það rétt. Einnig hefur verið lögð fram í málinu skrifleg aðiljaskýrsla hans, dskj. nr. 19. Varastefndi kom fyrir dóm til skýrslugjafar í fyrsta sinn hinn 10. maí 1966. Hann skýrir þá svo frá m. a., að það skipti, sem hér um ræðir, hafi verið á laugardegi. Hafi hann verið lasinn og farið heim eftir að vera búinn að taka til óseldu og óendurnýjuðu miðana, sem bílstjóri, sem safni saman miðunum fyrir D.A.S., átti að taka. Hafi hann lokað og farið heim, því að klukkan hafi verið orðin eitt og kominn lokunartími sölubúða. Síðan hafi Baldvin Jónsson, framkvæmdastjóri D.A.S., komið með bílstjóranum, sem alltaf kom og náði í miðana, heim til hans

og fengið hann með sér niður í búðina. Eigi mundi mætti við yfirheyrslu þessa, hvenær dagsins þetta var, og taldi sig ekki vita, hvort þá hefði verið dregið í happdrættinu, en Baldvin hefði þá tekið þá miða, sem óseldir voru og óendurnýjaðir. Þegar hér var komið skýrslugjöf varastefnda í þessu réttarhaldi, var honum lesið dskj. nr. 17, sem að framan greinir. Tók hann þá fram, að hann minntist þess, að Baldin hafi tekið „bókina", þar sem varastefndi segir, að merkt sé við þá miða, er hafi verið endurnýjaðir, og hann nefnir hlutamiðabók, og gluggað í hana, en ekki kvaðst varastefndi minnast þess fyrir víst, hvort hann lét einhver orð falla um stefnanda eða spurt eitthvað út í hennar miða. Þegar hér var komið, var varastefnda sýnt vottorðið á dskj. nr. 17, og kannaðist hann við að hafa undirritað það, en sagði, þegar hann hafði gluggað í skjalið, „að hann muni ekki eftir þessu".

Í réttarhaldi hinn 24. júní 1966 voru varastefndi og Helgi Einarsson, sem fyrr greinir, samprófaðir og inntir frekar eftir ýmsum atriðum í sambandi við afhendingu þeirra miða, sem töldust óseldir og óendurnýjaðir laugardaginn 3. júlí 1965. Sagði varastefndi þá, að það hefði rifjazt upp fyrir sér, eftir að hann gaf skýrsluna hér fyrir dómi hinn 10. maí 1966, að bifreiðarstjórinn frá aðalstefnda hefði komið rétt fyrir hádegið. Hefði þá verið mjög erilsamt, eins og alltaf væri, þegar síðasta dag endurnýjunar bæri upp á laugardag. Hefði hann ekki verið búinn að taka til óseldu og óendurnýjuðu miðana að öllu leyti. Hefði hann þá látið bifreiðarstjórann fá það, sem hann var búinn að taka úr umslögunum og frá, til þess að senda niður eftir. Kvaðst varastefndi ekki muna eftir því, að hann hefði látið einhver orð falla við bifreiðarstjórann, að einhverjir af óseldu og óendurnýjuðu miðunum væru eftir. Ekki mundi Helgi heldur til þess, að varastefndi hefði látið einhver orð um það falla, og tók fram í því sambandi, að ef einhver kæmi inn til að endurnýja eða kaupa nýja miða, eftir að hann væri búinn að taka miða úr umboðunum, væri hringt í aðalumboðið og það tilkynnt, til að fólk héldi réttindum sínum. Enn fremur skýrði Helgi svo frá í þessu sama réttarhaldi, að venjulega væri búið að ganga frá óseldum og óendurnýjuðum miðum, þegar hann komi í umboðin, en einstaka sinnum hefði ekki verið búið að pakka þeim inn og hefði hann þá beðið eftir því. Loks sagði Helgi í réttarhaldi þessu, að það hefði aldrei komið fyrir, að hann hefði verið sendur aftur eftir óseldum og óendurnýjuðum miðum.

Í síðastgreindu þinghaldi í málinu skýrði varastefndi enn fremur

svo frá, að honum hefði þótt rétt að kalla Bertínu í Sjóbúðina, þar sem þau hefðu orðið að skilja við happdrættið í flaustri um morguninn, og láta hana vera viðstadda þarna, er Baldvin var að skoða bókhaldið, og frekar aðspurður sagði hann, að henni hefði hlotið að hafa verið sagt, að einhver „diskussion" væri um miðana. Enn fremur kvaðst hann telja, að Baldvin hefði sagt þeim, þegar þau skildu, að vinningur hefði fallið á miða stefnanda. Er varastefndi var frekar eftir þessu inntur, kvað hann Bertínu að sjálfsögðu hafa verið tjáð, að miðinn hefði ekki verið borgaður eða henni verið sýnt það í hlutamiðabókinni.

Í þinghaldi hinn 5. október 1966 voru þeir varastefndi og Baldvin Jónsson samprófaðir um það, hvernig orð hefðu fallið milli þeirra um miða stefnanda daginn, sem dregið var. Kvaðst varastefndi þá muna, að Baldvin hefði spurt hann, hvort miði þessi væri frá tekinn, eftir að hann hafði gluggað í hlutamiðabókina. Hefði hann þá flett umslögum þeim, sem frá tekin voru eftir símasamtali, og séð, að miði þessi var þar ekki með, og svarað Baldvini því. Var varastefndi þá eftir því inntur, hvenær þetta hefði rifjazt upp fyrir honum. Svaraði hann því þá til, að hann hefði mikið hugsað um þetta mál, síðan málið hófst, og reynt að glöggva sig á því, sem gerzt hefði. Hefði enginn sérstakur atburður orðið til þess, að þetta rifjaðist upp fyrir honum, en hann héldi sig nú muna, hvað farið hefði milli þeirra Baldvins í Sjóbúðinni þennan umrædda dag.

Stefnandi kom inn í verzlun varastefnda þegar mánudaginn 5. júlí 1965, en það kveðst hún sjálf ekki hafa gert, frá því að hún endurnýjaði umræddan miða til 1. flokks 1965. Stefnandi kveður þetta hafa verið milli klukkan 1700 og 1800. Hafi hún þá spurt konu þá, sem þar sé innanbúðar, hvernig það sé, hvort hún eigi ekki eftir að endurnýja. Hafi afgreiðslustúlkan sagt: „Já, það er víst" og síðan farið að leita að miðanum. Kveðst stefnandi þá hafa spurt, hvort þar væri um að ræða einn eða tvo flokka. Hafi afgreiðslustúlkan þá komið með miða úr öðrum flokki og sagt: „Hinn er víst fyrir innan hjá Ásgeiri. Farðu og talaðu við hann". Segir stefnandi, að þá hafi það verið, sem ósköpin hafi dunið yfir. Hafi varastefndi sagt: „Heldurðu ekki, að það hafi komið hæsti vinningurinn á helvítis miðann þinn". Stefnandi kveðst ekki hafa tekið þessu alvarlega í fyrstu, þar sem hún hafi haldið, að varastefndi væri að gera at í sér, en síðan hafi hún áttað sig á því, að það gæti verið í sambandi við það, sem varastefndi hefði verið búinn að segja rétt áður frammi í búðinni, að

hann hefði orðið fyrir því stærsta áfalli, sem hann hefði nikkurn tíma orðið fyrir. Þá segist stefnandi hafa sagt: „Nú, nú og hvað". Hafi varastefndi þá komið með bók, sem hann hafi lagt á borðið og sagt: „Þeir tóku bókina, og ég var ekki búinn að punkta inn í hana, og svo tóku þeir bara miðann". Kveðst stefnandi þá hafa sagt: „Þú veizt það, Ásgeir, að þú hefur alla tíð lofað mér því, að þú skyldir sjá um þetta fyrir mig og ég þyrfti engar áhyggjur að hafa af því". Þá hafi hann svarað: „Já, ég veit það, en það er bótin, að þú ert nógu rík, og þú hefur ekkert við þetta að gera". Síðan kveðst stefnandi hafa endurnýjað báða flokkana, 2. og 3. flokk. Hafi hún fengið miðann úr 2. flokki, en varastefndi sagt, að happdrættið hefði tekið hinn. Kveðst stefnandi hafa gert umræddan miða að ársmiða. Enn fremur keypti stefnandi annan ársmiða, sem hún greiddi hins vegar aðeins frá og með 4. flokki.

Í skriflegri aðiljaskýrslu sinni hefur varastefndi skýrt orðrétt á þessa leið frá atvikum í sambandi við komu stefnanda í verzlun hans hinn 5. júlí:

„Ég segi henni, að hún verði nú líklega fyrir vonbrigðum eða áfalli, þar sem kr. 500.000.00 hafi komið á umræddan miða nr. 64280 í 3. fl. og eins og hún hljóti að vita *óendurnýjaður* í II. og III. fl. Þá segir frúin, að dóttir sín eða tengdadóttir hafi verið að fletta í dagblaði og spurt sig, hvort hún ætti ekki ábyggilega miða nr. 64280 í D.A.S., en í blaðinu væri sagt, að hæsti vinningur hefði komið á þetta nr."."

Varastefndi skýrði enn fremur svo frá hér fyrir dómi hinn 10. maí 1966, að stefnandi hefði greitt fyrir 2. og 3. flokk hinn 5. júlí og þá hlotið að hafa fengið miðann í 2. flokki miðað við fyrri skýrslu hans. Svaraði varastefndi því þá til, að miðinn hefði hlotið að hafa orðið eftir hjá honum í umslaginu, en sama umslagið sé notað ár eftir ár, eða eins lengi og þau endist. Tók varastefndi í þessu sambandi enn fremur fram, að miði stefnanda hefði ekki verið seldur öðrum, þar sem hann teldi, að hún hefði átt rétt á miðanum og nógir miðar til óseldir. Í sambandi við kaup stefnanda á miða þeim, sem hún samkvæmt framansögðu greiddi frá og með 4. flokki 1964, tók varastefndi fram í þinghaldi hinn 24. júní 1966, að hann hefði orðið var við, fljótlega eftir að stefnandi var farinn, að hann hafði misreiknað sér í óhag. Hins vegar hefði hann látið það kyrrt liggja, þar sem hann hefði ekki viljað ergja stefnanda, sem hefði jafnframt skuldað vegna skipverja, er störfuðu hjá útgerð þeirra hjóna, en hún hefði haft

þann hátt á að greiða fyrir þau viðskipti einhvern tíma á vertíðinni.

Bertína Andrésdóttir hefur hér fyrir dómi skýrt svo frá í sambandi við síðastgreind atriði, að hana minni, að það hafi verið fyrri hluta dags, sem stefnandi kom í Sjóbúðina, og að hún muni, að stefnandi hafi spurt, hvort hún ætti að endurnýja. Hafi hún þá vísað stefnanda strax inn til varastefnda. Kvaðst Bertína gera svo, þegar eitthvað sérstakt sé um að vera.

Hinn 7. júlí 1965 fékk stefnandi kunningjakonu sína, Dagmar Sigurðardóttur, til fylgdar með sér til að rekast í málum út af skiptum sínum við stefndu í máli þessu. Munu þær hafa farið fyrir hádegi til viðræðna við varastefnda og að svo búnu haldið til aðalskrifstofu aðalstefnda, þar sem þær höfðu tal af Baldvini Jónssyni. Eftir hádegi þennan sama dag mun stefnandi enn hafa haft tal af varastefnda.

Stefnandi skýrir svo frá, að hún og Dagmar hafi átt tal við varastefnda fyrir hádegi þann 7. júlí. Hafi varastefndi enn játað, að hann hefði lofað að sjá um miðann, en þeir hefðu tekið bókina. Síðan hafi þær farið niður í aðalumboð happdrættisins og haft tal af Baldvini Jónssyni. Hafi hann sagt, að hreinar línur væru með það, að happdrættið ætti vinninginn, þar sem hann hefði spurt varastefnda að því, hvort þessi miði væri í ábyrgð hjá honum, en hann svarað því neitandi. Hafi Baldvin enn fremur haft við orð að tala betur við varastefnda, en ekki viljað gera það, meðan þær væru staddar hjá honum. Hafi hann einnig tekið fram, að nafn hennar væri ekki skrifað í nýju bókina við miðann, bara í þá gömlu. Síðan kveðst stefnandi hafa farið eftir hádegið aftur niður í Sjóbúð til þess að gera umræddan miða að ársmiða og enn fremur til að fá kvittun fyrir 3. flokks miðanum, sem happdrættið hafði tekið, en stefnandi greitt hinn 5. júlí. Kveðst stefnandi hafa sagt við varastefnda við þetta tækifæri: „Þetta nei, sem þú segir við þá hjá D.A.S., það gildir það, að D.A.S. er 500.000.00 kr. ríkara, og ég missi af þeim". Þá hafi varastefndi svarað: „Ég sagði aldrei nei, þú hefðir nú sennilega fengið vinninginn, ef það hefði verið 10—15. þús. krónur". Hafi varastefndi enn fremur sagt, að hann ætlaði að tala við Baldvin. Kveðst stefnandi loks hafa hringt í varastefnda seint um kvöldið, þar sem hann hafði ekki hringt sjálfur, og spurt, hvort hann væri búinn að tala við Baldvin. Hafi varastefndi þá svarað því til, að hann ætlaði að tala við Auðunn Hermannsson í stað Baldvins, en síðan hafi hún ekkert frá varastefnda heyrt.

Dagmar Sigurðardóttir, sem fyrr er um getið, hefur komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Hún kveðst hafa farið með stefnanda niður í Sjóbúð, þar sem þær hafi átt tal við Ásgeir. Hafi hann þrástagazt á því, að þeir hefðu tekið bókina, en viðurkennt, að hann hefði lofað að sjá um endurnýjun miðans. Síðan hafi þær farið niður í aðalumboð D.A.S. og haft tal af Baldvini Jónssyni. Hafi hann sagzt hafa spurt varastefnda að því, hvort miðinn væri í ábyrgð hjá honum, en hann hefði svarað því neitandi. Hafi Baldvin enn fremur sagt, að umboðsmenn hefðu oft miða í ábyrgð hjá sér og að stefnandi hefði fengið vinninginn, ef varastefndi hefði svarað játandi.

Í réttarhaldi hinn 10. maí 1966 sagðist varastefndi ekki minnast þess, að hann hefði lofað stefnanda að sjá um miðann né að hafa viðurkennt það í samtali við hana, sem önnur kona hefði hlustað á, en kannaðist hins vegar við að hafa átt samtal við stefnanda í viðurvist annarrar konu. Hafði hann í það sinn lofað að tala við Baldvin eða einhvern annan í happdrættinu um þetta mál, aðallega til að friða stefnanda.

Þar sem bæði framkvæmdastjórn og happdrættisráð hins stefnda happdrættis synjuðu stefnanda um greiðslu fyrrgreinds vinnings, höfaði hún mál þetta með stefnu, dags. 2. marz 1966, eins og þegar er fram komið.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur aðalstefnda í fyrsta lagi á því, að umboðsmaður aðalstefnda, varastefndi í máli þessu, hafi lofað að sjá um endurnýjun fyrir hana, svo að hún héldi rétti sínum til vinnings, þótt tilskilið gjald væri ekki greitt, fyrr en eftir að dráttur hefði farið fram. Hafi varastefndi og viðurkennt þetta í viðurvist vitnisins Dagmar Sigurðardóttur, enda telur stefnandi, að leggja verði um þetta til grundvallar vætti hennar og skýrar skýrslur stefnanda sjálfrar, þar sem ekkert mark sé takandi á reikandi og mótsagnakenndum framburði varastefnda.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að viðskipti hennar og varastefnda hafi verið með þeim hætti, að hún hafi haft fullkomna ástæðu til að treysta því, að hún nyti réttar til vinnings, sem á miðann félli, þótt endurnýjun drægist eitthvað. Hafi stefnandi og varastefndi þekkzt og átt mikil viðskipti um árabil. Endurnýjun hafi oft dregizt í 2—3 mánuði og hafi uppgjör farið fram, án þess að glöggur greinarmunur væri gerður á viðskiptum út af happdrættinu og öðrum viðskiptum. Sé og fram komið, að varastefndi hafi annazt endurnýjun fyrir ýmsa fasta viðskipta-

menn, en ekki sé á því neinn vafi, að stefnandi hafi verið í þeim hópi. Vísar stefnandi í því sambandi einkum til vottorða þeirra Ástríðar Hannesdóttur og hjónanna Andrésar Finnbogasonar og Þorbjargar Sigurðardóttur og til skýrslna Ástríðar og Andrésar fyrir dómi.

Segir í vottorði Ástríðar m. a., að hún hafi um árabil átt 2 miða í Happdrætti D.A.S., umboði í Sjóbúðinni við Grandagarð, og að endurnýjun hafi oftast farið fram eftir á fyrir 2 til 4 mánuði samkvæmt loforði varastefnda og hafi hún við endurnýjun alltaf fengið gömlu miðana utan einu sinni, („síðustu endurnýjun"). Fyrir dómi hefur Ástríður enn fremur skýrt svo frá, að í fyrstu hafi hún staðið í skilum, síðar hafi endurnýjun farið að dragast. Hafi varastefndi þá sagt, að hún mundi fá vinning, sem félli á miðana, er hún hafi spurt hann um það. Hafi hún sjaldnast fengið gömlu miðana, þegar hún endurnýjaði eftir á, en síðustu miðana hafi hún fengið. Hafi endurnýjun þá verið búin að dragast í 4 mánuði. Hafi hún og maður hennar verið búin að vera í siglingu og hafi varastefndi hringt og rukkað um gjald fyrir endurnýjunina, eftir að þau komu heim.

Í vottorði þeirra Andrésar og Þorbjargar segir m. a., að þau hafi um 10 ára skeið átt miða í Happdrætti D.A.S. Hafi umboðsmaðurinn, varastefndi í máli þessu, sem sé kunningi þeirra, lofað að sjá um endurnýjun miðanna hverju sinni og hafi Andrés eftir atvikum komið tvisvar eða þrisvar á ári og greitt það, sem búið hafi verið að borga þeirra vegna. Hér fyrir dómi hefur Andrés skýrt enn fremur svo frá m. a., að tekið hafi verið fram, að miðarnir skyldu vera í lagi, hvernig sem greiðslur færu fram, og að hann sé þess fullviss, að gömlu miðarnir hafi verið í umboðinu hjá varastefnda, er hann kom til að endurnýja.

Hér fyrir dómi hefur varastefndi tekið fram í sambandi við framburð Andrésar, að samningar hafi verið milli umboðsins og hans um að endurnýja fyrir hann. Hafi sérstaklega verið skrifað utan á umslagið, að það væri frá tekið allt árið. Hins vegar segir varastefndi, að enginn samningur hafi verið milli umboðsins og Ástríðar. Hafi megnasta óreiða verið á endurnýjun hennar, en hún hafi hringt að öllum jafnaði í hverjum mánuði. Hafi hann tekið miðana frá í fyrsta skipti, en í hin skiptin svarað því til, að miðarnir skyldu vera frá teknir, þar til óendurnýjuðu miðarnir yrðu sóttir frá aðalumboðinu.

Telur stefnandi samkvæmt framansögðu ljóst, að tvenns konar háttur hafi verið á um frátekningu miða. Annars vegar hafi það

verið gert með símtali og í öðru lagi hafi það verið gert fyrir fasta viðskiptavini, sem þá hafi ekki þurft að hringja, svo sem stefnandi og fyrrnefndur Andrés. Í samræmi við þetta hafi umræddur miði stefnanda eigi verið sendur aðalumboði fyrir drátt og hafi það verið tekið fram af framkvæmdastjóra stefnda, Baldvini Jónssyni, hér fyrir dómi, að af hálfu aðalstefnda sé á því byggt, að miðar, sem ekki berist aðalumboðinu fyrir drátt, séu í ábyrgð umboðsmanna. Hafi Baldvin um þessi atriði vísað til bróður síns Helga, sem stefnandi telur að hafi átt að gæta þess, að allir óseldir og óendurnýjaðir miðar yrðu sendir aðalumboðinu fyrir drátt. Þegar umboðsmaður hafi þannig tekið ábyrgð á greiðslu miðans, telur stefnandi, að hann sé greiddur. Verði að telja löglíkur fyrir því, að miðar, sem ekki hafi borizt aðalstefnda fyrir drátt, heldur séu áfram hjá umboðsmanni, séu seldir. Sé ella ekkert öryggi fyrir viðskiptamenn og forstjóri aðalstefnda raunar játað sjálfdæmi um það, hvort eigendur miða fái vinninginn eða ekki, en engum öðrum sé þar til að dreifa í sambandi við miða þann, sem mál þetta snúist um, öðrum en stefnanda. Komi það raunar beinlínis fram í skýrslum varastefnda. Sé málum þannig háttað í raun og veru, að miðinn hafi verið í ábyrgð varastefnda og seldur stefnanda, en Baldvin tekið miðann í heimildarleysi, eftir að dráttur fór fram frá varastefnda, sem í raun og veru hafi aldrei svarað því beint, að miðinn væri ekki frá tekinn.

Enn fremur telur stefnandi, að hún eigi rétt til vinnings þess, sem málið er sprottið út af, þar sem hún hafi fyrirvaralaust og án nokkurra skilyrða fengið að greiða endurnýjun miðans til 2. flokks, sem veiti rétt til að kaupa miða í 3. flokki, og sömuleiðis til 3. flokks. Sé því einnig af þessum ástæðum ekki nokkrum vafa undirorpið, að hún njóti fullkominna réttinda sem eigandi umrædds miða, enda sé hún bæði skráður eigandi í hlutamiðabók og viðurkenndur rétthafi miðans af umboðsmanni aðalstefnda, varastefnda í máli þessu.

Um kröfu sína á hendur varastefnda hefur stefnandi tekið sérstaklega fram, að hann verði að bera ábyrgð á yfirsjónum sínum gagnvart stefnanda, ef rétt sé, að honum hafi orðið þær á og að aðalstefndi beri ekki ábyrgð á þeim.

Kröfum sínum til stuðnings bendir aðalstefndi á, að samkvæmt reglugerð happdrættisins sé það skýlaus regla, að endurnýja verði og greiða hlutamiða fyrir drátt í hverjum flokki, ef viðkomandi eigi að geta öðlazt rétt til vinnings samkvæmt miðanum, og sé

þessi regla ítrekuð í áritun á hverjum hlutamiða og með auglýsingum aðalstefnda fyrir drátt í hverjum flokki. Einu undantekningarnar frá þessari afdráttarlausu reglu séu einstaklingsbundnar fyrirgreiðslur, sem byggjast verði á loforði hverju sinni eða sérstökum samningi um, að viðkomandi miði sé tekinn frá allt árið. Telur aðalstefndi með öllu ósannað, að nokkur samningur í þessa átt hafi komizt á milli stefnanda og varastefnda, enda hafi því alltaf verið staðfastlega neitað af varastefnda sjálfum og engin viðhlítandi vætti eða sönnunargögn komið fram um hið gagnstæða. Telur aðalstefndi einsýnt, að stefnandi hafi fyrirgert öllum rétti sínum til vinnings fyrir það aðgerðarleysi sitt að láta endurnýjun tvívegis undan falla. Er enn fremur tekið fram af hálfu aðalstefnda, að hvorki veiti það rétt til vinnings, að stefnandi var skráður eigandi umræddsmiða, né veiti endurnýjun eftir á nokkurn rétt til vinnings. Að lokum er tekið fram af hálfu aðalstefnda, að aðalstefndi líti svo á, að varastefndi hafi farið út fyrir heimildir sínar, ef svo ólíklega færi, að talið yrði, að varastefndi hefði lofað stefnanda einhverju, og verði samkvæmt því að telja, að þar sé um að ræða persónulegan kunningjasamning stefnanda og varastefnda. Að frátöldum síðastgreindum rökum hefur varastefndi stutt sjónarmið aðalstefnda, og auk þess hefur verið tekið sérstaklega fram af hálfu varastefnda, að hann líti svo á, að stefnandi hafi viðurkennt, að hún ætti engar kröfur á hendur honum, og auk þess, að það geti engan rétt skapað fyrir hana, þótt varastefnda hefðu orðið einhver mistök á í skiptum sínum við aðalstefnda.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 41/1956 um Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna hefst endurnýjun hlutamiða að 15 dögum liðnum frá síðasta drætti og varir til kvölds síðasta endurnýjunardags, sem skráður er á hvern miða. Er skráð á framhlið hvers endurnýjunarmiða, hvenær endurnýjun til næsta flokks skuli fara fram. Í samræmi við þá venju var skráð á miða í 2. flokki 1965, að endurnýjun til 3. flokks færi fram frá 18. júní 1965 til 1. júlí 1965. Með hliðsjón af þessum ákvæðum og þeim almennu skýringarsjónarmiðum um samninga, sem hér þykir eðlilegt að leggja til grundvallar, verður að telja greiðslu endurnýjunargjalds, áður en dráttur í 3. flokki fór fram, hafa verið afdráttarlaust skilyrði þess, að stefnandi gæti öðlazt rétt á hendur aðalstefnda til vinnings, sem á umræddan miða kynni að falla við drátt í 3. flokki, nema því aðeins að varastefndi eða fyrirsvarsmenn aðalstefnda hefðu með samningi eða með framkomu sinni

á annan hátt heimilað stefnanda óskoraðan rétt til vinnings, þótt endurnýjunargjald væri ekki greitt. Skal þá komið að síðastgreindu atriði.

Af hálfu stefndu hefur verið synjað fyrir, að nokkrir samningar hafi komizt á um endurnýjun í þá átt, sem stefnandi heldur fram, og enn fremur vefengt, að stefnandi hafi með nokkru móti mátt ætla, að hún mundi njóta óskoraðs réttar til vinnings, ef vinningur félli á miðann. Stefnandi hefur aftur á móti haldið því fram, svo sem fyrr er að vikið, að varastefndi hafi beinlínis lofað að annazt endurnýjun miða hennar, svo að hún nyti jafnan allra réttinda, sem miðanum gátu fylgt. Er sú staðhæfing stefnanda studd vætti eins vitnis, sem samkvæmt framansögðu hefur borið, að varastefndi hafi gengizt við þessu loforði í viðurvist þess og stefnanda. Einnig styður það málstað stefnanda, að framburður varastefnda er um margt óskýr og mótsagnakenndur og einnig af öðrum ástæðum ótraustur, en stefnandi hefur hins vegar reynzt stöðug í framburði sínum. Þá ber og að hafa í huga í þessu sambandi, að umræddur miði stefnanda var ekki kominn á skrifstofu aðalstefnda, er dregið var í 3. flokki 1965, svo sem venja stóð til um óselda og óendurnýjaða miða. Verður þar þó að gefa gaum framburði framkvæmdastjóra hins stefnda happdrættis, Baldvins Jónssonar, á þá leið, að við skilagrein milli aðalstefnda og umboðsmanna hafi þeir fengið að skila þeim miðum, sem höfðu verið skildir eftir hjá þeim og voru að áliti fyrirsvarsmanna aðalstefnda í ábyrgð umboðsmanna, er dregið var, en voru svo ekki greiddir af viðskiptamönnum, og enn fremur framburði Bertínu Andrésdóttur um, að verið geti, að miðar séu skildir eftir í aðalstokknum einu sinni, án þess að hringt hafi verið og beðið um, að þeir yrðu teknir frá, þ. e. þeir séu geymdir óendurnýjaðir einn drátt, en síðan sendir niður í aðalumboð í næsta skipti, ef þá hafi eigi verið greitt. Er ljóst, að skort hefur á æskilegan og sjálfsagðan skýrleika um það, er dregið var í 3. flokki, hvort umræddur miði teldist óendurnýjaður eða ekki. Þrátt fyrir það, sem að framan hefur verið rakið, er ekki útilokað, að hér umræddar mótbárur stefndu fái staðizt, og svo sem sönnunarbyrði er háttað í máli þessu, þykir ekki nægilega sannað, að svo hafi samizt um með stefnanda og varastefnda, að henni skyldi heimilt að greiða endurnýjunargjald, eftir að drætti væri lokið í viðkomandi flokki eða flokkum, án þess að glata við það nokkrum rétti til vinninga í þeim flokkum, sem þannig hafði ekki verið endurnýjað til. Ekki hefur heldur verið nægilega í ljós leitt, að af

hálfu aðalstefnda eða varastefnda hafi á annan hátt verið komið þannig fram, að það veitti stefnanda réttmæta ástæðu að lögum til að ætla, að hún nyti óskoraðs réttar til vinnings, sem á miðann félli, þótt endurnýjunargjald væri ekki greitt, áður en dregið væri. Þá verður heldur ekki fallizt á með stefnanda, að hún hafi öðlazt rétt til umræddrs vinnings, er hún síðar greiddi endurnýjunargjald til 2. og 3. flokks 1965, án þess að í því sambandi væri gerður fyrirvari um nefndan vinning af hálfu stefndu. Af því, sem nú hefur verið rakið, leiðir það í fyrsta lagi, að sýkna ber aðalstefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Í öðru lagi ber einnig af þeim ástæðum, sem þar hafa verið greindar, að sýkna varastefnda af öllum kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og varastefndi, Ásgeir M. Ásgeirsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Lilju Sigurðardóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 40/1967. **Haukur Pétursson**
gegn
Kristjáni Friðsteinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Haukur Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 91/1967. **Ingimundur Sæmundsson**
gegn
Kirkjusandi h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingimundur Sæmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 129/1967. **Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar**
gegn
Trausta Hermannssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 148/1967. **Anton Sigurðsson**
gegn
Ásgeiri Sigurðssyni, Kristjáni Ómari Kristjánssyni og Árna Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anton Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 182/1967. **Pétur Sigurðsson f. h. Landhelgisgæzlu Íslands og áhafnar varðskipsins Þórs**
gegn
Guðjóni Teitssyni f. h. Skipaútgerðar ríkisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 4. desember 1967.

Nr. 2/1967. **Kristín Gissurardóttir**
(Ingi R. Helgason hrl.)
gegn
Guðbjörgu Þórðardóttur
og
dánarbúi Höskulds Jóhannessonar
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótakrafa. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur málsaðilinn Höskuldur Jóhannesson andazt og dánarbú hans tekið við aðild máls hans.

Áfrýjandi, sem veitt hefur verið gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. janúar 1967, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. desember 1966, og krafizt þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 49.720.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 35.720.00 frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu, sem fengið hafa gjarvörn fyrir Hæstarétti, krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Stefndi Guðbjörg Þórðardóttir seldi áfrýjanda íbúð þá, er í málinu greinir, með afsali 2. október 1952. Er mál þetta var höfðað með héraðsstefnu 28. september 1964 til heimtu skaðabóta vegna galla á íbúðinni, var liðinn 10 ára fyrningarfrestur þeirrar kröfu, sbr. 2. tl. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 14/1905. Í ljós eru eigi leidd atvik, er varnað hafi fyrningu, enda gátu ekki leitt til fyrningarslita réttargæzlustefnur á hendur stefnda Guðbjörgu Þórðardóttur og Höskuldi

Jóhannessyni í fyrri skaðabótamálum, er risið höfðu af sama sakarefni sem mál þetta og getið er í héraðsgreinargerð áfrýjanda og héraðsdómi. Réttargæzlustefna Olgu Halldórsdóttur, Hafsteins Halldórssonar og Egils Skúla Ingibergssonar 29. febrúar 1960 í máli því, er Ágúst Sigurðsson höfðaði gegn þeim með héraðsstefnu 22. júní 1959 og dæmt var í Hæstarétti 14. maí 1962, gat ekki samkvæmt 11. gr. laga nr. 14/1905 leitt til fyrningarslita gegnt áfrýjanda, sbr. og 14. gr. sömu laga. Fyrningarfrestur var hins vegar liðinn, er áfrýjandi hinn 26. febrúar 1963 stefndi stefnda Guðbjörgu og Höskuldi Jóhannessyni til réttargæzlu í máli Olgu Halldórsdóttur, Hafsteins Halldórssonar og Egils Skúla Ingibergssonar gegn áfrýjanda. Samkvæmt þessu er skaðabótakrafa, er áfrýjandi kynni að hafa átt á hendur stefndu, niður fallin fyrir fyrningu, og verður því staðfest dómsorð hins áfrýjaða dóms.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti þykir eiga að falla niður.

Málflutningslaun talsmanna aðilja fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors þeirra, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Inga R. Helgasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, og málflutningslaun talsmanns stefndu fyrir Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1966.

Mál þetta var dómtekið 22. marz s.l. að loknum munnlegum flutningi. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 29. september 1964, en þingfest 1. október s. á.

Stefnandi málsins er frú Kristín Gissurardóttir, Bólstaðarhlíð 36, Reykjavík, og stefnir hún hjónunum Guðbjörgu Þórðardóttur og Höskuldi Jóhannessyni, Goðheimum 24, Reykjavík. Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða

henni kr. 49.742.50 með vöxtum af kr. 35.720.00, sem hér segir: 6% p. a. frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960, 9% p. a. frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% p. a. frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafizt staðfestingar á lögháldi, sem lagt var á Fífuhvammsveg 13 í Kópavogi 23. september 1964. Jafnframt er krafizt málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands, þar með talinn löghaldskostnaður.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum þessum, en til vara lækkunar þeirra. Einnig krefjast þau málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Á sínum tíma, sennilega á árunum 1946 og 1947, var byggt hús á lóðinni nr. 48 við Drápuhlíð í Reykjavík. Þar er íbúð á rishæð. Fyrsti eigandi hennar var stefndi í máli þessu, Höskuldur Jóhannesson. Með kaupmála, dagsettum 13. júlí 1951, var íbúðin séreign konu hans, stefnda Guðbjargar Þórðardóttur. Þau hjón bjuggu í íbúðinni 1947—1951. Guðbjörg seldi stefnanda, Kristínu Gissurardóttur, íbúðina, og var afsalið gefið út 2. október 1952. Með afsali Kristínar, dagsettu 17. september 1955, urðu Egill Skúli Ingibergsson og Halldór Sveinsson eigendur íbúðar þessarar, en eftir lát Halldórs eignuðust börn hans, Olga og Hafsteinn, hans hlut. Með kaupsamningi, dagsettum 10. júní 1958, og afsali, dagsettu 15. september 1958, eignaðist Ágúst Sigurðsson síðan íbúðina, og eru þá rakin þau eigendaskipti, sem hér skipta máli.

Ágúst Sigurðsson bjó sjálfur í íbúðinni. Hefur hann skýrt svo frá, að snemma árs 1959 hafi hann ætlað að láta setja nýtt veggfóður í eitt af herbergjum íbúðarinnar, en þá hafi komið í ljós, að frágangur á tréverki hafi verið óforsvaranlegur og einangrun svo til engin. Hinn 16. marz 1959 ritaði Ágúst bréf til borgardómara og óskaði eftir því, að matsmenn yrðu dómkvaddir til að skoða íbúðina og meta til peninga, hvað kosta mundi að bæta úr tilteknum göllum og hve mikið væri hæfilegt að draga frá söluverði íbúðarinnar (kr. 240.000.00), ef í ljós kæmi, að ekki hefði verið farið eftir teikningu, sem byggingaryfirvöld hefðu samþykkt. Í beiðninni var tekið fram, að þess væri óskað, að matsbeiðanda svo og þeim, er honum gáfu afsal, yrði gert aðvart um, hvenær mat færi fram.

Matsmenn voru þeir Björn heitinn Rögnvaldsson húsasmíðameistari og Ólafur Jensson verkfræðingur. Matsgerð þeirra er dagsett 10. apríl 1959, og segir m. a. í skjalinu:

„Þegar skoðun fór fram, hafði eigandi rifið veggfóður innan úr einu herbergi íbúðarinnar að nokkru leyti. Veggfóðrið var

límt á striga, en undir honum reyndust vera óhefluð borð 1″x4½″, negld á sperrurnar, þannig að ca. 2.5 cm bil var á milli borðanna.

Portveggur, ca. 85 cm á hæð, er inni á gólfplötunni, og myndast skápar bak við hann úti undir súðinni. Ofan við portvegginn var loftið einangrað með tréull milli sperra, og náði sú einangrun 1.2—1.3 m upp á súðina. Inni í skápunum var ekki klætt neðan á sperrur og einangrun þar engin nema pappi, sem negldur var innan á þakklæðningu. Neðan á skammbitalofti var klætt á sama hátt og innan á súðina og pappi negldur ofan á þá klæðningu til einangrunar. Innanveggir eru úr trégrind og með sams konar klæðningu og súðin. Allur frágangur á klæðningunni var lélegur, einkum á hornum og kverkum.

Hurðir fyrir skápum bak við portvegg voru gerðar úr 1″x5″ borðum, óhefluðum, og klæddar krossviði að utan. Nýjar hurðir voru fyrir sumum skápunum, og kvaðst eigandi hafa smíðað þær, en gömlu hurðirnar voru geymdar í íbúðinni.

Til þess að frágangur þaksins verði í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar, þarf að endurbæta einangrunina og frágang að innanverðu.

Svo sem að framan segir, var tréullareinangrun í þakinu á ca. 1.2—1.3 m kafla ofan við portvegginn í herberginu, sem búið var að rífa veggfóður af (SA-herbergi). Í eldhúsi er skápur, sem nær frá reykháf út að súðinni. Þar mátti sjá í bera þakklæðninguna, en einangrun var engin. Virðist því ekki ástæða til að ætla, að einangrun sé betri í hinum herbergjunum en í SA-herberginu".

Matsmennirnir komust að þeirri niðurstöðu, að vissar lagfæringar, sem þeir töldu nauðsynlegar á einangrun og klæðningu neðan á þaki, mundu kosta kr. 27.340.00. Í þessari fjárhæð eru innifaldar kr. 2.500.00 vegna flutnings milli herbergja og vegna óþæginda.

Ágúst Sigurðsson vildi ekki una mati þessu og fékk dómkvadda yfirmatsmenn. Þeir voru sammála undirmatsmönnum um, hverjar lagfæringar þyrfti að gera. Hins vegar töldu þeir kostnaðinn kr. 35.720.00 að meðtöldum kr. 2.500.00 vegna flutnings milli herbergja. Ekki verður séð, að í beiðni um dómkvaðningu yfirmatsmanna hafi verið sett fram ósk um, að tilteknum aðiljum væri gert viðvart, áður en skoðun færi fram. Hins vegar kemur fram í yfirmatsgerðinni, að ráðstafanir hafa verið gerðar til að boða

þá aðilja, sem selt höfðu Ágústi Sigurðssyni íbúðina. Þá er þess einnig að geta, að Ágúst óskaði þess, að yfirmatsmenn tækju ýmis atriði til mats, sem undirmatsmenn höfðu ekki fjallað um, en við þeirri ósk varð ekki orðið. Þess er og að geta, að í hvorugri matsgerðinni er að því vikið, hvaða efni er á þaki hússins.

Ágúst Sigurðsson höfðaði mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur í júní 1959 gegn Olgu Halldórsdóttur, Hafsteini Halldórssyni og Agli Skúla Ingibergssyni. Nokkru síðar fékk Ágúst enn dómkvadda matsmenn, í þetta sinn til að meta galla á skolp- og hitakerfi.

Meðan mál Ágústs var rekið fyrir bæjarþinginu, var öllum aðiljum þess máls, sem nú er til úrlausnar, stefnt til réttargæzlu. Það gerðu Egill Skúli, Olga og Hafseinn, stefndu í því máli. Þing var sótt af hálfu réttargæzlustefndu og greinargerðir lagðar fram. Þá var lögð fram þessi yfirlýsing frá Kristínu Gissurardóttur:

„Ég undirrituð, sem var eigandi að risíbúð í Drápuhlíð 48, Reykjavík, frá því í október 1952 til 17. september 1955, lýsi hér með yfir eftirfarandi:

Sjálf bjó ég aldrei í íbúðinni, en ég leigði hana tveim fjölskyldum hvorri eftir aðra. Fólkið var mjög ánægt í íbúðinni, og komu engar kvartanir fram út af leiðslum eða öðru, sem heyrir undir frágang íbúðarinnar. Strax eftir að ég varð eigandi íbúðarinnar, vildi ég bæta ofnum (fjölga elementum) við í hana, þar sem ég taldi ekki vera nægilega stóra ofna, en leigjendur mínir vildu alls ekki fleiri ofna, töldu að nægilega heitt væri í íbúðinni, eins og hún væri.

Þegar ég seldi íbúðina, vildu leigjendur mínir alls ekki fara úr henni, og ber það vott um, að þau hafi verið ánægð með húsnæðið".

Dómur í máli því, sem Ágúst Sigurðsson höfðaði í júní 1959, var kveðinn upp á bæjarþinginu 16. nóvember 1960. Í dóminum segir m. a.:

„... Það verður að telja fram komið, að frágangi á klæðningu og einangrun íbúðarinnar sé áfátt í verulegum atriðum, sbr. 7. tl. 26. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík. Verður eigi talið, að stefnandi, sem ekki hefur sérþekkingu í byggingarmálum, hafi mátt gera sér grein fyrir göllum þessum, enda mátti hann treysta því, að frágangur íbúðarinnar væri í samræmi við gildandi reglur á því sviði á þeim tíma, er íbúðin var gerð. Verður því að telja, að íbúðin hafi verið haldin leyndum göllum ...

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að dæma stefndu sem seljendur greindrar íbúðar til að greiða stefnanda skaðabætur vegna leyndra galla á íbúðinni ...".

Í dóminum var bæði kveðið á um bætur vegna þeirra atriða, er áður eru nefnd varðandi einangrun og klæðningu, og vegna galla á skolp- og hitakerfi.

Olga Halldórsdóttir, Hafsteinn Halldórsson og Egill Skúli Ingibergsson vildu eigi una þessum bæjarþingsdómi og áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar. Þangað var og stefnt til réttargæzlu aðiljum þessa máls. Hinn 12. marz 1962 var kveðinn upp úrskurður í Hæstarétti, þar sem aðiljum var m. a. gefinn kostur á að láta fara fram mat á „hæfilegu söluverði hinn 10. júní 1958 á rishæð í húsinu nr. 48 við Drápuhlíð í Reykjavík með þeim gögnum og gæðum, er segir í kaupsamningi aðilja 10. júní 1958 og afsali 15. september 1958, enda sé við matið tekið tillit til lýsingar þeirrar á nefndu húsnæði, sem fram kemur í matsgerðum 10. apríl 1959 og 13. júní 1959". Dómur gekk síðan 14. maí 1962. Eigi urðu dómendur Hæstaréttar á eitt sáttir, en í dóminum, sem fjórir þeirra stóðu að, segir svo m. a.:

„Í samræmi við úrskurð Hæstaréttar 12. marz þ. á. hefur nokkurra nýrra málsgagna verið aflað, þ. á m. matsgerðar dómkvaddra manna um hæfilegt söluverð íbúðar þeirrar, sem um er að tefla, hinn 10. júní 1958, miðað við það ástand íbúðarinnar, er greinir í úrskurðinum. Telja matsmenn það verð hæfilega ákveðið kr. 205.000.00.

Eins og háttað var göllum þeim á einangrun íbúðarinnar, sem lýst er í héraðsdómi, er rétt, að áfrýjendur bæti stefnda þá þeirri fjárhæð, er greinir í hinum áfrýjaða dómi. Vanbúnaður sá, sem sérfróðir skoðunar- og matsmenn telja vera á skolplögn og hitakerfi íbúðarinnar, verður hins vegar ekki talinn þess eðlis né svo verulegur, að áfrýjendur séu af þeim sökum bótaskyldir.

Áfrýjendum verður því dæmt að greiða stefnda kr. 35.720.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. september 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber áfrýjendum og að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 15.000.00.

Eigi eru efni til að sinna kröfum réttargæzlustefndu um málskostnað".

Með stefnu, dagsettri 13. febrúar 1963, höfðuðu þau Olga, Hafsteinn og Egill Skúli mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn

Kristínu Gissurardóttur, stefnanda í máli því, sem hér er til úrlausnar. Kristín stefndi Höskuldi Jóhannessyni og Guðbjörgu Þórðardóttur til réttargæzlu. Ekki gerði hún kröfur á hendur þeim, og ekki gerðu þau heldur kröfur í málinu, en létu sækja þing.

Dómkröfurnar á hendur Kristínu Gissurardóttur voru þær, að hún yrði dæmd til að greiða kr. 75.917.38 ásamt málskostnaði og 7% ársvöxtum frá 13. febrúar 1963 til greiðsludags. Kröfugerðin var sundurliðuð þannig:

1. Greitt samkvæmt dómi Hæstaréttar:
   a. Höfuðstóll .. .. kr. 35.720.00
   b. Vextir af höfuðstól .. .. — 9.451.88
   c. Málskostnaður .. .. — 15.000.00
   d. Endurrit .. .. — 22.50
   ——————— kr. 60.224.38
2. Málskostnaður stefnenda .. .. — 15.693.00

Kr. 75.917.38

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1964 segir m. a.:

„Ekki hafa verið sett hér á landi almenn lög um fasteignakaup.

Í 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922 er hins vegar ákvæði þess efnis, að ef hluti, þá er kaup gerðust, skorti einhverja þá kosti, er ætla megi, að áskildir væru, geti kaupandi krafizt skaðabóta. Þessi lagaregla á við um lausafjárkaup, og verður lagaákvæðinu því ekki beitt beint um fasteignakaup. Sú meginregla, sem fram kemur í lagaákvæði þessu, þykir þó, eins og háttað er göllum þeim á einangrun risíbúðarinnar, sem lýst hefur verið, eiga við í ágreiningsefni aðiljanna. Er því rétt, að stefnda bæti stefnendum gallana með þeirri fjárhæð, sem yfirmatsmenn hafa metið, þ. e. með kr. 35.720.00.

Í máli Ágústs Sigurðssonar við stefnendur var stefnda ekki beinn aðili. Mætti hún þar sem réttargæzlustefnd, og voru engar kröfur gerðar á hendur henni. Eru því ekki efni til að taka kröfu stefnenda um málskostnað, sbr. kröfulið 1 c og 2 hér að framan, til greina. Kostnaður vegna endurrits, sbr. kröfulið 1 d, tilheyrir málskostnaði í sama máli. Verður kostnaður sá því heldur ekki tekinn til greina.

Stefnendur krefja stefnda undir kröfulið 1 b um kr. 9.451.88 í vexti, sem þeir greiddu Ágústi Sigurðssyni. Þá krefjast þeir

einnig 7% ársvaxta af stefnufjárhæðinni í heild, þar með af síðastgreindum kr. 9.451.88. Eins og atvikum er háttað, þykir rétt, að stefnda greiði stefnendum vexti í einu lagi af kr. 35.720.00, 6% ársvexti frá 15. sept. 1958 til 22. febrúar 1960, 9% ársvexti frá þeim degi til 28. desember 1960 og 7% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða stefnendum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.000.00.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Finnboga Rúti Þorvaldssyni verkfræðingi og Kristni R. Sigurjónssyni trésmíðameistara".

Stefndi, Kristín Gissurardóttir, greiddi skuldina 25. ágúst og 2. september 1964, alls kr. 58.471.00. Er sú upphæð sundurliðuð þannig:

Dómsskuld	kr.	35.720.00
Málskostnaður	—	7.000.00
Endurrit dóms	—	75.00
Birting dóms	—	93.00
Ýmiss fjárnámskostnaður	—	1.429.00
Vextir til 22/8 '64	—	14.154.00
	Kr.	58.471.00

Þá er svo frá skýrt, að stefnandi hafi greitt kr. 7.000.00 til lögmanns síns í máli því, sem dæmt var á bæjarþingi 24. apríl 1964.

Mál það, sem hér er til úrlausnar, var, sem fyrr segir, höfðað í september 1964. Áður er tekin upp í dóm þennan yfirlýsing frá stefnanda, sem lögð var fram í máli því, sem Ágúst Sigurðsson höfðaði. Um lögskipti aðilja þessa máls hafa komið fram nokkur gögn önnur. Lagt hefur verið fram endurrit afsalsbréfs þess, sem stefndi Guðbjörg Þórðardóttir undirritaði 2. október 1952. Þar er verðs íbúðarinnar getið. Um ástand íbúðarinnar segir: „Eignin selst í því ástandi, sem að hún nú er. Hefur kaupandi kynnt sér það og sættir sig við það á allan hátt".

Fram hefur verið lögð aðiljaskýrsla stefnanda. Þar segir, að stefndi Höskuldur hafi séð um frágang hinnar umdeildu íbúðar. Enn fremur segir, að stefnandi hafi rætt við fólk, sem í íbúðinni hafi búið, áður en hún var seld stefnanda, og að það fólk hafi sagt, að „íbúðin væri hlý og notaleg". „Til að fá vissu mína um það, að rétt væri af mér að kaupa íbúðina", segir enn fremur í þessari aðiljaskýrslu, „fékk ég svo arkitekt og byggingameist-

ara, sem ég þekkti, til þess að líta á hana, og ráðlögðu þeir mér að kaupa". Stefnandi segir, að hún hafi lagt til viðhalds og endurbóta á íbúðinni kr. 3.000.00 og tekur fram að lokum: „... mér var algerlega ókunnugt um, að nokkrir gallar væru á íbúðinni, sem leyndir væru, og það, sem ég framkvæmdi til viðhalds henni, var auðvitað heldur til bóta en til skemmda á henni. Að öðru leyti seldi ég hana í sama ástandi og ég keypti hana. Ég fékk heldur aldrei neinar kvartanir út af íbúðinni, hvorki frá leigjendum mínum né þeim, sem keyptu af mér, og hafði ég því enga möguleika til þess að vita um þá leyndu galla á íbúðinni, sem síðar komu fram og málaferli þessi eru risin út af".

Stefnandi kom fyrir dóm á bæjarþingi hinn 4. marz s.l. Þá var m. a. bókað:

„Mætta skýrir svo frá, að hún hafi fyrst skoðað íbúðina með stefnda Höskuldi og kvaðst þá ekki hafa séð neitt, sem benti til galla. Hún kveðst hafa viljað leita ráða um kaupin og hafa beðið mág sinn, Ófeig Ólafsson húsgagnasmið, að líta á íbúðina. Kveður hún hann hafa gert það með nokkurri tregðu, hafa gengið um íbúðina, látið orð falla um, að hún væri snotur, en ekki skoðað hana vandlega. Þá kveðst mætta hafa fengið Steinar Guðmundsson arkitekt til að skoða íbúðina, en Steinar er nú látinn. Mætta kveðst hafa skoðað íbúðina með honum. Hún segir hann hafa gengið um íbúðina, bankað í veggi, skrúfað frá krönum og sagt mættu að athuga, hvort saggi væri í skápum. Hún kveðst hafa gert það og ekki orðið sagga vör. Einnig telur hún, að Steinar hafi eitthvað litið inn í skápana ...

Mætta kveðst ekki muna, á hvaða verði hún keypti íbúðina.

...

Mætta segir, að ekki hafi verið um það talað, að verðið væri lágt vegna ástands íbúðarinnar".

Sama dag og stefndi gaf þá skýrslu, sem nú var að vikið, kom mágur hennar, Ófeigur Ólafsson húsgagnasmiður, fyrir dóm. Hann sagði, að hann hefði skoðað íbúðina, en mundi að öðru leyti ekkert um hana. Ekki mundi hann heldur verð það, sem stefnandi greiddi fyrir íbúðina.

Hinn 22. marz kom stefnandi á ný fyrir dóm. Þá var m. a. bókað: „Mætta kveðst ekki hafa greitt Steinari Guðmundssyni neitt fyrir skoðunina. Mætta telur, að þau hafi ekki verið lengi í íbúðinni til að skoða hana og ítrekar fyrri framburð sinn um skoðun á skápum. ...

Mætta kveðst minnast þess að hafa rætt við Steinar um fjárhagslega möguleika á því að kaupa íbúðina".

Lögð hefur verið fram í málinu aðiljaskýrsla beggja hinna stefndu. Þar segir m. a.:

„Söluverð íbúðarinnar var 130 þús. kr., sem var mjög lágt verð, vegna þess að fyrir lá og aldrei var farið í launkofa með, að íbúðin var alls ekki „fyrsta flokks íbúð", sem kallað er. Hæðin niðri var seld á 300 þús., svo að hér af má fá nokkurn samanburð.

Kristín seldi íbúðina á sama hátt nokkru síðar og mun hafa grætt vel á sölunni, enda hefur verðið auðsjáanlega verið þá miðað við íbúð fyrsta flokks.

Ég tel þess vegna, að afsláttur vegna þess frágangs íbúðarinnar, sem mörgum árum síðar var talinn ófullnægjandi, hafi falizt í hinu bersýnilega lága verði íbúðarinnar, er ég seldi hana. Annars neita ég, að fráganguinn hafi verið óforsvaranlegur, enda þótt ég hafi að þessu leyti kostað minnu til hans en mátt hefði, en sá sparnaður færðist yfir á kaupandann með hinu lága söluverði".

Stefndi Guðbjörg kom fyrir dóm 22. marz s.l. Var þá m. a. bókað: „Mætta kveðst telja alveg öruggt, að hún hafi selt Kristínu íbúðina á kr. 130 þús. Mætta kveðst ekki minnast þess, að henni hafi verið kunnugt um, að áfátt hafi verið einangrun íbúðarinnar. ... Mætta kveðst ekki hafa verið krafin um skaðabætur vegna íbúðarinnar í Drápuhlíð fyrr en í þessu máli. ... Mætta er spurð að því, hvort maður hennar hafi unnið að smíði íbúðarinnar. Mætta kveðst ekki muna það, en smiður hafi unnið við verkið".

Þess er að geta, að stefnandinn, Kristín Gissurardóttir, lýsti því yfir, þegar mál var rekið gegn henni, sem fyrr greinir, að hún hefði selt íbúðina við Drápuhlíð fyrir kr. 170.000.00 á árinu 1955.

Hinn 21. september 1964 var tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur mál nr. C-88/1964: Kristín Gissurardóttir gegn Guðbjörgu Þórðardóttur. Í því var krafizt kyrrsetningar til tryggingar dómkröfum í því máli, sem hér er til úrlausnar. Svo fór, að 23. september var húseignin Fífuhvammsvegur 13 í Kópavogi kyrrsett til tryggingar kröfunni. Lagt hefur verið fram í málinu skjal, sem að meginmáli er þannig:

„Við undirrituð, ég Guðbjörg Þórðardóttir og ég Höskuldur Jóhannesson, Goðheimum 24, Reykjavík, lýsum því hér með yfir, að við föllum frá öllum bótakröfum, sem til kynni að koma

vegna löghalds, er Rannveig Þorsteinsdóttir, hrl., Reykjavík, gerði vegna Kristínar Gissurardóttur, Reykjavík, í húseign minni, Guðbjargar, að Fífuhvammsvegi 13, Kópavogi, út af málssók nefndrar Kristínar á hendur okkur.

Einnig skuldbindum við okkur til þess að greiða kostnað af löghaldsgerðinni, eins og löghaldsmálinu hefði verið haldið til laga, enda tapist málið ekki á hendur okkur".

Kyrrsetningin var síðar felld niður.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst sé, að gallar þeir, sem hún var dæmd til að bæta með fé með bæjarþingsdómi 24. apríl 1964, hafi verið á íbúðinni, frá því að hún var smíðuð. Ljóst megi vera, að stefndu hafi vitað um gallann á íbúðinni og stefndi Höskuldur sjálfur annazt fráganginn. Hafi þeim hjónunum borið að skýra stefnanda frá göllunum. Því er enn fremur haldið fram, að íbúðin hafi verið seld á fullu verði án tillits til þeirra galla, sem á henni hafi verið. Stefnandi hafi ekkert um gallana vitað, er hún seldi íbúðina aftur, og með engum hætti misst rétt til að krefja stefndu um bætur. Því er sérstaklega mótmælt, að krafa stefnanda sé fyrnd.

Kröfur stefnanda eru þær, sem fyrr greinir, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða henni kr. 49.742.50. Þessi fjárhæð er þannig fundin: Kr. 35.720.00 (sbr. dóm 24. apríl 1964) + kr. 7.000.00 (málskostnaður í sama máli) + kr. 7.000.00 (greiðsla stefnanda til lögmanns síns í því máli) + 22.50 (fyrir útskrift) = 49.742.50. Um vaxtakröfuna er áður getið. Af hálfu stefnanda hefur verið gerð nánari grein fyrir kostnaði við kyrrsetningu, og nemur hann alls kr. 1.960.00.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að íbúðin, sem um er að ræða, hafi ekki verið haldin neinum leyndum göllum, þegar stefnandi keypti hana á árinu 1952. Því er haldið fram, að auðveldlega hafi mátt sjá, hvernig frá einangrun og klæðningu hafi verið gengið. Þá er því haldið fram, að matsgerðir þær, sem fram komu í máli Ágústs Sigurðssonar gegn viðsemjendum hans, séu óskuldbindandi fyrir stefndu, þar sem þau hafi ekki verið tilkvödd, er matsmenn skoðuðu íbúðina. Jafnframt er matsgerðum varðandi einangrun mótmælt sem röngum. Því til stuðnings er þess getið, að matsmönnum hafi sézt yfir, að álplötur eru á þaki Drápuhlíðar 48. Við munnlegan flutning málsins sýndi lögmaður stefndu rit, sem álframleiðandi nokkur hefur gefið út, þar sem lögð er áherzla á, að álplötur hafi mikið einangrunargildi. Þá er

því einnig haldið fram af hálfu stefndu, að tvöfalt gler hafi verið í ýmsum gluggum íbúðarinnar, þegar þau seldu hana, en þess hafi ekki verið gætt að endurnýja það, heldur hafi einfalt gler víða verið sett í þess stað.

Til vara er því haldið fram, að gallar, ef einhverjir hafi verið almennt séð, geti ekki orðið orsök þess, að stefndu beri að greiða stefnanda bætur. Ljóst hafi verið, þegar kaup gerðust 1952, að hér var um að ræða íbúð, sem ekki var fyrsta flokks. Er því haldið fram, að þetta megi ráða af því, að verðið var kr. 130.000.00, en það hafi verið lægra en gangverð sambærilegra íbúða um þetta leyti, þeirra er voru fyrsta flokks.

Að því er stefnda Guðbjörgu Þórðardóttur varðar, er því haldið fram, að í öllu falli sé vafalaust, að hún hafi verið grandlaus um, að íbúðin væri haldin leyndum göllum.

Þá er sýknukrafa stefndu studd þeim rökum, að krafa stefnanda sé nú niður fallin fyrir fyrningu og tómlæti, hafi hún nokkurn tíma verið til.

Löghaldi því, sem áður er getið, er mótmælt sem löglausu og þarflausu.

Því er sérstaklega mótmælt, að stefndu geti í nokkru falli orðið dæmd til að greiða málskostnað þann, sem krafizt er (kr. 7.000.00 + kr. 7.000.00).

Niðurstaða.

Um málsatvik er þessa að geta:

Sannað verður að telja, að gallar þeir á einangrun og klæðningu, sem Olgu Halldórsdóttur o. fl. var gert að bæta með fé með hæstaréttardómi 1962 og stefnanda þessa máls síðan gert að bæta Olgu og sameigendum hennar með bæjarþingsdómi 1964, hafi verið á íbúðinni, þegar stefnda Guðbjörg seldi hana stefnanda 1952. Er ekki sannað, að breyting hafi orðið á ástandi íbúðarinnar á árunum 1952—1958. Verður því byggt á áðurnefndum dómum varðandi gallana, sbr. 196. gr. laga nr. 85/1936.

Því hefur ekki verið mótmælt, að söluverð íbúðarinnar 2. október 1952 hafi verið kr. 130.000.00. Ber því að byggja á því í málinu, að svo hafi verið.

Með úrskurði, sem upp var kveðinn 11. febrúar s.l., var aðiljum gefinn kostur á að upplýsa, hvert hafi verið hæfilegt söluverð íbúðarinnar 2. október 1952 miðað við það ástand, sem frá greinir í áðurgreindum matsgerðum. Gögn hér að lútandi hafa ekki komið fram. Hins vegar er upplýst, að íbúðin var seld á kr. 170.000.00 hinn 17. september 1955 og á kr. 240.000.00 10. júní 1958. Jafn-

framt liggur fyrir, að matsmenn töldu, að hæfilegt söluverð þann dag miðað við lýsingu matsmanna hefði verið kr. 205.000.00. Vísitala byggingarkostnaðar, sem gilti frá 1. október 1952 til 30. september 1953, var 801 stig. Vísitalan, sem gilti frá 1. október 1954 til 30. september 1955, var 904 stig. Vísitalan, sem gilti frá 1. marz til 30. júní 1958, var 117 stig, eða eftir eldra grundvelli 1.134 stig.

Um lagaatriði er þessa að geta:

Stefndi Höskuldur Jóhannesson gerði engan samning við stefnanda, og hefur ekki með öðrum hætti stofnazt slíkt réttarsamband þeirra í milli, að stefnandi eigi kröfu á hann, eins og haldið er fram í málinu. Ber því að dæma honum sýknu þegar af þessari ástæðu. Rétt er, að málskostnaður falli niður, að því er hann varðar.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Guðbjörgu Þórðardóttur er ekki fyrnd. Upphaf fyrningarfrestsins verður að telja 2. október 1952, sbr. 5. gr., 1. málsgrein, laga nr. 14/1905. Fyrningarfrestur er 10 ár, sbr. 4. gr., 2. tölulið, sömu laga. Fyrningu var slitið einnig gagnvart stefnanda með birtingu réttargæzlustefnu á stefndu Guðbjörgu 29. febrúar 1960. Verður að telja, að sú niðurstaða styðjist við undirstöðurök 11. gr. laga nr. 14/1905 og 52. greinar laga nr. 85/1936. Ekki verður talið, að krafa stefnanda sé fallin niður vegna tómlætis.

Dómendur telja ljóst, að Steinar heitinn Guðmundsson hafi hlotið að sjá, með hverjum hætti gengið var frá einangrun og klæðningu í hinni umdeildu íbúð. Verður því að telja, að á íbúðinni hafi ekki verið leyndir gallar, þegar stefnandi keypti hana 1952. Ber að sýkna stefnda Guðbjörgu af þessari ástæðu. Það styður þessa niðurstöðu, að samanburður á verði 1952 annars vegar og verði 1955 og verði og verðmæti 1958 hins vegar bendir til þess, þegar breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar eru hafðar til hliðsjónar, að verðið 1952 hafi verið miðað við, að ágallar væru á einangrun og klæðningu.

Rétt er, að málskostnaður falli niður, að því er varðar stefnda Guðbjörgu Þórðardóttur.

Löghald það, sem fyrr er að vikið, hefur verið fellt niður. Eru ekki efni til að fjalla frekar um það í dómi þessum.

Dóm þenna kváðu upp Þór Vilhjálmsson borgardómari (dómsformaður), Bárður Daníelsson erkitekt og Tómas Vigfússon húsasmíðameistari.

Dómsorð:

Stefndu, Höskuldur Jóhannesson og Guðbjörg Þórðardóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristínar Gissurardóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. desember 1967.

Nr. 117/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Heimi Brynjólfi Jóhannssyni
(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Sýknað af kæru um brot gegn iðnlöggjöfinni.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafa dómkvaddir menn lýst starfsemi þeirri, vírheftingu og broti, sem ákærða er gefin að sök. Ekkert er í ljós komið, er hnekki því áliti héraðsdóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að starfsemin sé einhæf og óbrotin vélavinna, sem ekki verði skipað á bekk með handiðn, eins og það hugtak er markað í iðnlöggjöfinni. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða

fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1967.

Ár 1967, föstudaginn 21. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 137/1967: Ákæruvaldið gegn Heimi Brynjólfi Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. október 1966, höfðað á hendur Heimi Brynjólfi Jóhannssyni forstjóra, Grettisgötu 16 B í Reykjavík, fæddum 1. maí 1930 í Grenivík, Suður-Þingeyjarsýslu, fyrir að reka bókbandsiðn án tilskilinna meistararéttinda með því að framkvæma að undanförnu „vírheftingu og brot" í prentsmiðju sinni að Laugavegi 29 B í Reykjavík á ýmsum blöðum og tímaritum, s. s. Búnaðarblaðinu Frey.

Telst þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. 1. tl. 2. mgr. 27. gr. laga um iðju og iðnað nr. 18/1927, sbr. 2. og 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á þeim lögum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Á sakavottorði ákærða er ekkert, sem áhrif gæti haft á refsimat í málinu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 10. marz 1966, kærði Bókbindarafélag Íslands yfir því, að ákærði tæki að sér vinnu, sem tvímælalaust væri fagvinna bókbindara, enda þótt hann hefði ekki iðnréttindi í bókbandi né nokkurn mann með slíkum réttindum í þjónustu sinni. Í bréfinu er nefnt sem dæmi, að ákærði annist heftingu á Búnaðarritinu Frey, sem um áratuga skeið hafi verið unnin í bókbandsvinnustofum. Kærubréfið er undirritað af formanni Bókbindarafélags Íslands, vitninu Grétari Sigurðssyni. Vitnið sagði, að Búnaðarblaðið Freyr hefði áður verið heft í Prentsmiðjunni Eddu, þar sem vitnið kvaðst starfa. Heftinguna þar hefðu ýmist lærðir bókbindarar eða ófaglærðar starfsstúlkur annazt, og taldi vitnið, að stúlkurnar hefðu getað leyst starfann viðhlítandi af hendi eftir að hafa fengið nokkra reynslu. Vitninu kvaðst vera kunnugt um, að „vírhefting og brot" færu fram í prentsmiðjum og verksmiðjum, án þess að faglærðir bókbindarar hefðu þar hönd í bagga, og til væri hérlendis vélasamstæða, sem gæti allt í senn, prentað, brotið og heft, en vitnið taldi fyrir sitt leyti

nauðsynlegt, að faglærðir bókbindarar önnuðust „vírheftingu og brot".

Umsögn Iðnráðs Reykjavíkur um málsatvik, sem dagsett er 18. apríl 1966, er á þessa leið: „... Iðnráðsstjórn hefur tekið mál þetta til athugunar og afgreiðslu og fengið á sinn fund alla iðnráðsfulltrúa frá bókbindurum og prenturum, og er það einróma álit þeirra, að vinna við „brot og vírheftingu" tilheyri bókbandsiðninni eingöngu. Þar sem staðfest er, að kærður Heimir vinnur umrædd störf ásamt fleira fólki, án iðnréttinda í bókbandi, þá samþykkir Iðnráðsstjórn að telja kæruna á fullum rökum reista ...". Ritari Iðnráðs Reykjavíkur, Valdimar Árni Leonhardsson, kom fyrir dóm, staðfesti umsögnina og kvað ítarlegri rökstuðning fyrir ályktuninni ekki koma fram í bókum ráðsins.

Guðmundur Þórhallsson bókbindari og Ólafur H. Hannesson prentari voru dómkvaddir til að semja sem ítarlegasta lýsingu á starfsemi þeirri, sem fram færi í prentsmiðju ákærða og ákært væri vegna. Er skoðunargerð þeirra dagsett 29. desember 1966, og leiddi hún eftirfarandi í ljós: „Við undirritaðir, sem vorum með bréfi, dagsettu 23. nóvember 1966, dómkvaddir til að semja lýsingu á starfsemi þeirri, sem fram fer í prentsmiðju Heimis Brynjólfs Jóhannssonar að Laugavegi 29 B hér í borg, mættum til skoðunar á starfsemi prentsmiðjunnar ásamt Ragnari Vigni forstöðumanni tæknideildar rannsóknarlögreglunnar fimmtudaginn 15. des. 1966.

Húsnæði prentsmiðjunnar er í kjallara hússins, ca. 80 ferm. Ragnar Vignir tók meðfylgjandi myndir.

Forstjóri prentsmiðjunnar, Heimir B. Jóhannsson, var í prentsmiðjunni ásamt starfsfólki sínu, fimm stúlkum.

Ein stúlkan var að vinna við brotvél, sem sýnd er á myndum, merktum A og B. Brotvélin er gömul vél af CLEVERLAND gerð.

Það, sem unnið var í brotvélinni í þetta sinn, voru „Ný vikutíðindi". Blaðið er átta blaðsíður, og eru 4 blaðsíður prentaðar sitt hvorum megin á örk, sem síðan er brotin tvisvar. „Ný vikutíðindi" eru prentuð á sama stað í CENTURETTE-Cylinder prentvél, sem sést lengst til hægri á mynd, merktri C.

Í stafla á gólfinu við hlið brotvélarinnar var Búnaðarblaðið Freyr, óbrotinn, er hafði komið til brots og heftingar frá Prentsmiðju Jóns Helgasonar hér í borg.

Aðspurður tjáði Heimir okkur, að hann bryti ýmis tímarit í þessari brotvél og væru sum þeirra prentuð hjá honum, en önnur í öðrum prentsmiðjum.

Ein stúlka var að vinna við vírheftivél, sem sýnd er á mynd, merkt D. Þessi vél er gömul vírheftivél af gerðinni Monitor.

Verkefnið, sem unnið var í heftivélinni, var stílabækur, er áður höfðu verið brotnar í áðurnefndri brotvél, en pappírinn í þær er innfluttur, strikaður. Kápan utan um stílabækurnar er prentuð í prentsmiðju Heimis og sett utan um, áður en vírhefting fer fram.

Stílabækurnar eru skornar í rafknúnum skurðarhníf, tegund ACME, sem sést til hægri á mynd E. Í þessum skurðarhníf eru einnig þau verkefni skorin, sem áður hafa verið brotin og heft þarna á staðnum. Meðal annars sáum við Heimi skera „Ný vikutíðindi".

Ein stúlka var að fylgjast með prentun í sjálfílagðri GRAFO-Dígulvél (Wing Automat), sem sést lengst til vinstri á mynd C. Verkefnið var einfalt eyðublað.

Ein stúlkan var að raða saman eyðublöðum í þríriti til blokkunar.

Fimmta stúlkan vann við að líma hlífðarkápur framan á teiknblokkir.

Lýsingu þessa á starfsemi í prentsmiðju Heimis Brynjólfs Jóhannssonar höfum við gert samkvæmt beztu vitund, og á hún við, hvað verkefnum viðvíkur, þann dag, sem skoðunin fór fram".

Skoðunarmennirnir komu fyrir dóm, staðfestu gerð sína og kváðu hana af hendi leysta eftir beztu vitund. Einnig var skoðunargerðin borin undir ákærða, og hreyfði hann engum athugasemdum við hana.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann væri einkaeigandi prentsmiðju þeirrar, er rekin væri að Laugavegi 29 B hér í borg, og ynni þar fullan starfsdag. Meistari í iðngrein starfaði ekki í prentsmiðjunni, en sjálfur kvaðst ákærði hafa sveinsbréf í prentiðn. Ákærði sagðist ekki hafa iðjuleyfi fyrir rekstrinum. Ákærði játaði að hafa framkvæmt eða látið framkvæma í prentsmiðju sinni um s.l. 10 ár „vírheftingu og brot" á ýmsum blöðum og tímaritum, svo sem Búnaðarblaðinu Frey. Eins og væri, kvaðst ákærði hafa 3 starfsstúlkur allan daginn, 2, sem ynnu hálfan daginn, og auk þess lausráðið starfsfólk öðru hverju og væri fólk þetta við ýmis störf í prentsmiðjunni, m. a. við „vírheftingu og brot". Ákærði sagðist ekki krefjast sérþekkingar af nokkru tagi, þá er hann réð starfsfólk sitt, en við ráðningu væri því kennt að fara með vélarnar og tæki sú kennsla ekki margar mínútur. Taldi ákærði, að vinna starfsfólksins við „vírheftingu og brot"

væri ekki svo vandasöm, að fagkunnátta bókbindara þyrfti til að koma, en hver maður með venjulegu verksviti gæti leyst starfann af hendi, enda væri hliðstæð störf hjá bókbindurum unnin af ófaglærðu starfsfólki. Ákærði sagði, að þá er brotið færi fram, væri starf þess, er brotvél stjórnaði, einasta að láta blað eða örk ofan á vélina, sjálf stillti vélin verkefninu að brúnum og færi brotið að öllu leyti fram í vélinni sjálfri, án þess að starfsmaðurinn hefði þar hönd í bagga. Brotvélin væri knúin rafmagni og ynni um 800—3.000 eintök á klukkustund. Um heftivélina skýrði ákærði svo frá, að starf þess, er við hana ynni, væri í því fólgið að setja blað, tímarit eða annað verkefni á borð eða kjöl vélarinnar, stíga síðan á fótstig neðarlega á henni, og annaðist vélin þá sjálf heftinguna. Ákærði sagði, að heftivélin gengi fyrir rafmagni og afköst hennar væru um 200—1.000 eintök á klukkustund.

Þrjár starfsstúlkur ákærða komu fyrir dóm og báru vætti í málinu. Lýstu vitnin störfum í prentsmiðjunni mjög á sama hátt og ákærði og kváðust annast þar ýmis störf, er til féllu, m. a. „vírheftingu og brot". Eitt vitnið sagðist áður hafa starfað hjá bókbandsfyrirtækjunum Bókfelli og Sveinabókbandinu, þar unnið við „vírheftingu og brot", enda væru þau störf á þessum stöðum leyst af höndum af ófaglærðum starfsmönnum. Öllum bar vitnunum saman um, að vinnan við „vírheftingu og brot" væri svo vandalítil, að hún krefðist ekki fagþekkingar bókbindara.

Dómarar málsins hafa farið í prentsmiðju ákærða og kynnt sér þau störf, sem þar fara fram.

Svo sem að framan er rakið, er mikil verkaskipting í prentsmiðju ákærða samfara mikilli vélanotkun. Unnið er samtímis að vírheftingu og broti mikils fjölda blaða og tímarita sömu tegundar. Störfin eru vandalítil og ekki þess eðlis, að sérnáms þurfi til þeirra. Verður ekki talið, að um sé að ræða lögvernduð iðnréttindi í skilningi 1. gr. laga nr. 18/1927 um iðju og iðnað, en hins vegar framleiðsluhætti nútíma vélvæðingar og verkaskiptingar, sem verður ekki skipað í flokk með handiðn. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvalds og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ármann Kristinsson sakadómari, Kristján Jónsson borgardómari og Sveinn Björnsson verkfræðingur kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Heimir Brynjólfur Jóhannsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 113/1965. **Guðmundur Rósmundsson**
(Lúðvík Gizurarson hrl.)
gegn
Marís Haraldssyni
(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Félagsútgerð. Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1965. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að vextir af víxilkostnaði reiknist sem hér segir:

„Af kr. 253.33 frá 3. apríl 1962 til 30. október 1964.
Af kr. 446.48 frá 9. maí 1962 til 30. október 1964.
Af kr. 254.50 frá 2. júlí 1962 til 30. október 1964.
Af kr. 650.33 frá 1. september 1962 til 30. október 1964.
Af kr. 1.230.00 frá 5. nóvember 1962 til 30. október 1964.
Af kr. 1.221.33 frá 17. maí 1963 til 30. október 1964.
Af kr. 1.221.34 frá 1. nóvember 1963 til 30. október 1964.
Af kr. 1.217.67 frá 8. maí 1964 til 30. október 1964".

Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í maímánuði 1956 eignuðust aðiljar máls þessa og sonur stefnda vélbátinn Jódísi, ÍS 73. Áttu þeir þriðjung bátsins hver. Gerðu þeir félagar bátinn út til þorskveiða um skeið. Var félagsútgerð á bátnum í hlutfalli við eign hvers þeirra. Félagsútgerðinni var síðar slitið, báturinn seldur á opinberu uppboði 29. nóvember 1957 og uppboðsafsal gefið út 31. marz 1958 til Útvegsbankans á Ísafirði. Áfrýjandi hafði gefið út tvo víxla, sem voru samþykktir af stefnda. Annar var að fjárhæð kr. 89.000.00 og gjalddagi 23. október 1957, en hinn að fjárhæð kr. 2.250.00 og gjalddagi 15. febrúar 1958. Þessar víxilskuldir voru í vanskilum við bankann, þegar reikningsskil uppboðsins fóru fram 25. marz 1958. Af uppboðsandvirði bátsins gengu síðar kr. 39.812.00 upp í þessar víxilskuldir, en stefndi greiddi eftirstöðvarnar hinn 30. desember 1961. Krefst hann í máli þessu endurgjalds úr hendi áfrýjanda á þriðjungi eftirstöðvanna ásamt vöxtum og kostnaði. Áfrýjandi reisir hins vegar sýknukröfu sína á yfirlýsingu aðilja, dags. 17. október 1957, en þar segir svo:

„Við undirritaðir eigendur m/b „Jódísar", Í.S. 73, höfum í dag gert upp til fulls út af fjármálum okkar vegna tekna og útgjalda vegna nefnds báts með þeirri niðurstöðu, að undirritaður Maris Haraldsson, fyrir mína hönd og Marísar Gilsfjörðs, sonar míns, ber að greiða Guðmundi Rósmundssyni kr. 491.75 — fjögur hundruð níutíu og eina — kr. 75 aura. Og skal fram tekið, að Guðmundur Rósmundsson á að öllu leyti inneign bátsins hjá Einari Guðfinnssyni í Bolungarvík, kr. 627.61 — sex hundruð tuttugu og sjö — kr. 61 eyrir og allan afrakstur af síðustu ferð skipsins til Grunnavíkur.

Erum við þannig kvittir í dag og höfum engar kröfur hvor á annan út af sameign okkar á greindu skipi".

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að andvirði víxlanna tveggja hafi runnið til kaupa á veiðarfærum til notkunar í þágu félagsútgerðarinnar. Bar hann því ábyrgð á greiðslu víxilskuldanna að tiltölu við eign sína í bátnum. Ekki verður talið, að stefndi hafi tekið að sér greiðslu þessarar skuld-

bindingar áfrýjanda með yfirlýsingu aðiljanna, sem rakin var. Endurgjaldskrafa stefnda er eigi fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, en stefna var birt 20. október 1964.

Víxilskuldirnar námu ásamt vöxtum og kostnaði samtals kr. 71.281.00, þegar stefndi innti greiðslu þeirra af hendi 30. desember 1961. Ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þriðjung þessarar fjárhæðar, þ. e. kr. 23.760.33. Vextir ákveðast 8%, sbr. 22. gr. laga nr. 56/1914, sbr. nú 17. gr. laga nr. 66/1963, og reiknast frá 30. desember 1961. Er það tímamark innan kröfugerðar stefnda og niðurstöðu héraðsdóms. Þá ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Guðmundur Rósmundsson, greiði stefnda, Marís Haraldssyni, kr. 23.760.33 með 8% ársvöxtum frá 30. desember 1961 til greiðsludags og samtals kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 24. marz 1965.

Ár 1965, miðvikudaginn 24. marz, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta með meðdómendunum Guðmundi Guðmundssyni og Símoni Helgasyni, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 15. marz s.l. Mál þetta, sem var þingfest 3. nóvember 1964, hefur Jón Grímsson málflutningsmaður, Ísafirði, f. h. Marísar Haraldssonar smiðs, Bolungarvík, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Ísafjarðarsýslu — Hólshreppsþinghá — með stefnu, útgefinni 20. október 1964, gegn Guðmundi Rósmundssyni skipstjóra, Bolungarvík, til greiðslu skuldar vegna sameignar og rekstrar á m/b Jódísi, ÍS 73, en málið var flutt fyrir sjódómi Ísafjarðar með samkomulagi milli aðilja og samþykki formanns dómsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði stefnanda kr. 30.894.98 með 9½% ársvöxtum frá 30. okt. 1964 til greiðsludags svo og greiði stefndi stefnanda 9½% ársvexti af útlögðum víxilkostnaði af kr. 760.00 frá 3. 4. 1962, af kr. 1.339.45 frá 5. 5. 1962, af kr. 763.50 frá 2. 7. 1962, af kr. 1.951.00 frá 1. 9. 1962, af kr. 3.690 frá 5. 11. 1962, af kr. 3.664.00 frá 17. 5. 1963, af kr. 3.664.00 frá 1. 11. 1963 og af kr. 3.653.00 frá 8. 5. 1964 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt framlögðum reikningi.

Sáttaumleitun varð árangurslaus. Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í fyrsta þinghaldi gerði stefndi kröfu til þess, að stefnandi legði fram reikningsskil fyrir sameigninni, og lagði stefnandi fram ársreikning fyrir 1956.

Stefndi sótti eða lét sækja fjögur af sex þinghöldum í máli þessu, en tvö síðustu þinghöldin sótti hann ekki. Hann sendi dóminum greinargerð, sem lögð var fram sem dómsskj. nr. 25.

Málavextir eru þeir, að stefndi átti um skeið m/b Jódísi í félagi við stefnanda og son hans. Áttu þeir þriðjung skipsins hver og gerðu það út til þorskveiða um skeið samkvæmt þeim hlutföllum. Slitnaði síðan upp úr félagsútgerðinni, og var skipið selt á uppboði eftir kröfum stefnanda, og urðu víxilskuldir þær, sem hér er deilt um, afgangs, þegar uppboðið hafði verið gert upp. Stefndi fékkst ekki til þess að greiða ⅓ víxilskuldarinnar, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta, en stefndi var útgefandi víxilsins.

Stefndi hefur mótmælt kröfunni og byggt sýknukröfu sína á því, að ekki væri hægt að leggja víxilskuldir einar til grundvallar við skiptin milli þeirra. Hann hefur bent á, hvað honum finnist ábótavant við reikningsskilin milli þeirra. Telur hann, að hvergi komi fram veiðarfæri, sem keypt voru fyrir víxilupphæðina, og reknet, sem keypt voru á sínum tíma. Þá skýrir hann frá því, að ekki hafi verið gerð upp vinnulaun hans við bátinn, og áskildi hann sér rétt til að leggja fram reikninga yfir þau. Leigutekjur fyrir bátinn við eggjaflutninga komi hvergi fram. Kvaðst stefndi nefna þessi dæmi, sem honum séu minnisstæðust eftir þau átta ár, sem liðin séu, síðan þeir gerðu m/b Jódísi út í félagi. Þá gerði stefndi kröfu til, að stefnandi legði fram fylgiskjöl um greidd vinnulaun, meðan þeir gerðu út í félagi.

Stefnandi hefur mótmælt þessari greinargerð stefnda og kröfugerð. Hann vitnaði til dskj. nr. 20, 7. liðar, svohljóðandi:

„Með samningi þessum er öllum skiptum frá fyrri samningi

okkar lokið, og viðurkennum við, að við eigum engar kröfur á hendur hver öðrum eða bátnum". Þetta dómsskjal er dags. 13. jan. 1957. Stefnandi hefur skýrt frá því, að upphæð sú, sem deilt sé um, sé ⅓ víxilskuldar og víxilkostnaðar, sem eftir stóð við sölu bátsins, sakir þess að uppboðsverðið hrökk ekki til.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu víxla þá, sem um er deilt.

Með því að telja verður, að stefnandi hafi fært fram fullnægjandi rök fyrir kröfum sínum, lítur dómurinn svo á, að dæma beri stefnda til að greiða stefnukröfurnar, nema vextir verði 9% og 7%. Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða kostnað málsins, sem nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 5.944.00.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Rósmundsson, greiði stefnanda, Jóni Grímssyni f. h. Marísar Haraldssonar, kr. 30.894.98 ásamt 9% ársvöxtum frá 30. okt. 1964 til greiðsludags og 7% ársvöxtum af víxilkostnaði, þannig:

Af kr. 760.00 frá 3. 4. 1962 til greiðsludags.
Af kr. 1.339.45 frá 9. 5. 1962 til greiðsludags.
Af kr. 763.50 frá 2. 7. 1962 til greiðsludags.
Af kr. 1.951.00 frá 1. 9. 1962 til greiðsludags.
Af kr. 3.960.00 frá 5. 11. 1962 til greiðsludags.
Af kr. 3.664.00 frá 17. 5. 1963 til greiðsludags.
Af kr. 3.664.00 frá 1. 11 1963 til greiðsludags.
Af kr. 3.653.00 frá 8. 5. 1964 til greiðsludags.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 5.944.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 116/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Sæmundi Jóhannssyni
(Birgir Ísleifur Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun ákæru.

Dómur Hæstaréttar.

I.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu, eftir að því var áfrýjað.

Rannsókn máls þessa í héraði hófst í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 11. janúar 1967. Voru þá lögð fram tvö kærubréf Seðlabanka Íslands, bæði dagsett 14. desember 1966, ásamt ljósriti 34 tékkávísana á hlaupareikninga nr. 2 og 68 í Búnaðarbanka Íslands, samtals að fjárhæð kr. 304.135.97, er ákærði hafði gefið út og notað í lögskiptum, en innstæðulausar höfðu reynzt við framvísun þeirra. Fyrir dóm í þinghaldi þessu kom einungis ákærði, sem yfirheyrður var lauslega um sakarefni almennt og lítillega inntur eftir atvikum í sambandi við útgáfu og notkun þriggja umræddra ávísana. Hinn 19. janúar 1967 kom ákærði öðru sinni fyrir dóm, og var þá fram haldið prófun hans, að því er varðaði hverja einstaka ávísun. Hinn 23. febrúar 1967 var enn þingað í málinu, og kom þá fyrir dóminn Guðmundur Ingvar Ágústsson, er ákærði hafði selt ávísun að fjárhæð kr. 1.000.00, og hafði Guðmundur Ingvar uppi skaðabótakröfu á hendur ákærða. Annað gerðist ekki í því þinghaldi. Loks kom ákærði fyrir sakadóm 7. marz 1967, og var honum þá birt erindi Sementsverksmiðju ríkisins 23. febrúar 1967 varðandi ávísun, er verksmiðjan hafði tekið við sem greiðslu og talin var meðal ávísana þeirra, er kæra Seðlabankans tók til. Lýsti ákærði því í þinghaldi þessu, að hann hefði „greitt flesta

tékkana til Seðlabankans og til framseljenda, en þó séu eftir tékkar, sennilega að fjárhæð kr. 80.000.00—90.000.00". Eigi var ákærði eftir því inntur, hvaða ávísanir hér væri um að tefla. Að svo komnu sendi héraðsdómari málið hinn 6. apríl 1967 saksóknara ríkisins, sem hinn 10. apríl 1967 gaf út ákæru á hendur ákærða, án þess að nokkur frekari rannsókn en að framan greinir hefði fram farið. Sama dag sendi saksóknari ríkisins ákæruna héraðsdómara og krafðist þess, að lokið yrði rannsókn málsins, sem síðan yrði tekið „til dómsálagningar samkvæmt meðfylgjandi ákæru". Héraðsdómari þingaði því næst í málinu 3. maí 1967. Kom ákærði þá fyrir dóm og skýrði frá atvikum í sambandi við notkun fjögurra ávísana. Var málið ekki rannsakað nánar, áður en héraðsdómur var upp kveðinn 8. júní 1967. Eftir að málinu var áfrýjað, hefur framhaldsrannsókn verið háð, eins og áður greinir, að tilhlutan saksóknara ríkisins. Enn skortir þó á, að rannsókn málsins sé fullkomin, enda hafa eigi verið fengnar skýrslur allra viðtakenda ávísananna. Hins vegar hefur framhaldsrannsóknin leitt í ljós atvik, sem mikilvæga þýðingu hafa um sakaratriði.

II.

Í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, 115. gr., 1. mgr., segir svo:

„Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann saksóknara eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli. Þegar er saksóknari hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum. Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa".

Ákvæði þessi eru sett til að tryggja frá upphafi, eftir því sem kostur er, réttan grundvöll saksóknar og dóma í opinberum refsimálum.

Er héraðsdómari sendi mál þetta saksóknara ríkisins hinn 6. apríl 1967, var rannsókn þess svo skammt á veg komin,

eins og áður er lýst, að fráleitt var að telja henni lokið. Samkvæmt greindu lagaboði átti saksóknari því að hlutast til um fullkomna rannsókn málsins og taka síðan, er sú rannsókn lá fyrir, ákvörðun um saksókn og kröfur sínar í málinu í stað þess að gefa þegar út ákæru. Þar sem ákæra saksóknara er þannig reist á rannsókn, sem fullnægði ekki, eins og á stóð, skilyrðum laga til saksóknar, verður ákæran eigi lögð til grundvallar dómi um efni máls. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, samtals kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti skal greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða, Birgis Ísleifs Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 20.000.00.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. júní 1967.

Ár 1967, fimmtudaginn 8. júní, var á dómþingi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu embættisins af fulltrúa sýslumanns, Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 144/1967: Ákæruvaldið gegn Sæmundi Jóhannssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 31. maí s.l., er með ákæru, dags. 10. apríl 1967, höfðað gegn Sæmundi Jóhannssyni múrarameistara, Lækjarfit 5, Garðahreppi, „fyrir tékkasvik með því að gefa út á árinu 1966 á hlaupareikninga nr. 68 og nr. 2 í Búnaðarbanka Íslands eftirtalda tékka, alla til handhafa, nema þar sem annars verður getið, og nota þá í viðskiptum, án þess að innstæða væri fyrir þeim, svo sem rakið verður.

A.

Tékki á hlaupareikning nr. 68.

1. V. Nr. 63621, kr. 58.061.00, til Gjaldheimtunnar í Reykjavík,

dagsettur 24. júní. Greiðsla til Gjaldheimtunnar á sköttum starfsmanna ákærða.

B.

Tékkar á hlaupareikning nr. 2.

1. A. Nr. 5433, kr. 4.522.00, til Smára Halldórssonar, dagsettur 7. október. Greiðsla vinnulauna til Smára Halldórssonar.

2. A. Nr. 6057, kr. 15.000.00, til Stefáns Jónssonar, dagsettur 21. október. Greiðsla vinnulauna til Stefáns Jónssonar.

3. A. Nr. 6060, kr. 4.000.00, dagsettur 21. október. Greiðsla vinnulauna til Magnúsar Hannessonar.

4. A. Nr. 6064, kr. 3.611.00, dagsettur 21. október. Greiðsla vinnulauna.

5. A. Nr. 6072, kr. 300.00, dagsettur 24. október. Greiðsla fyrir vörur, keyptar í Gleri & Listum, Reykjavík.

6. A. Nr. 6075, kr. 6.140.00, dagsettur 24. október. Óvíst um notkun.

7. A. Nr. 6530, kr. 6.000.00, dagsettur 24. október. Greiðsla vinnulauna.

8. A. Nr. 6534, kr. 1.000.00, dagsettur 26. október. Greiðsla fyrir benzín o. fl.

9. A. Nr. 6536, kr. 500.00, dagsettur 26. október. Greiðsla fyrir benzín.

10. A. Nr. 6540, kr. 470.00, dagsettur 28. október. Greiðsla fyrir vörur.

11. A. Nr. 6541, kr. 50.000.00, dagsettur 28. október. Greiðsla fyrir timbur.

12. A. Nr. 6542, kr. 500.00, dagsettur 28. október. Greiðsla fyrir benzín.

13. A. Nr. 6544, kr. 12.135.00, dagsettur 28. október. Greiðsla vinnulauna til Arnórs Hannessonar.

14. A. Nr. 6549, kr. 500.00, dagsettur 29. október. Óvíst um notkun.

15. A. Nr. 6550, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla vinnulauna til Guðmundar Bjarnasonar.

16. A. Nr. 6551, kr. 500.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir benzín.

17. A. Nr. 6552, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir áfengi.

18. A. Nr. 6553, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Borg.

19. A. Nr. 6554, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Sögu.

20. A. Nr. 6555, kr. 1.000.00, dagsettur 29. október. Greiðsla fyrir veitingar á Hótel Sögu.

21. A. Nr. 6556, kr. 3.000.00, dagsettur 30. október. Greiðsla vinnulauna til Helga Vilhjálmssonar.

22. A. Nr. 6557, kr. 40.000.00, til Guðbjartar Guðmundssonar, dagsettur 30. október. Greiðsla til verktaka vegna vinnulauna.

23. A. Nr. 6559, kr. 1.016.10, dagsettur 31. október. Greiðsla fyrir byggingavörur.

24. A. Nr. 6560, kr. 3.098.87, til Múrarameistarafélags Reykjavíkur. Greiðsla gjalda til félagsins.

25. A. Nr. 6562, kr. 540.00, dagsettur 31. október. Óvíst um notkun.

26. A. Nr. 6563, kr. 1.260.00, dagsettur 31. október. Greiðsla til Magnúsar Magnússonar fyrir trésmíðavinnu.

27. A. Nr. 6564, kr. 1.380.00, dagsettur 31. október. Greiðsla til Baldurs Baldurssonar fyrir vinnu við trésmíðar.

28. A. Nr. 6565, kr. 40.570.00, til Verksmiðju Reykdals, dagsettur 8. nóvember. Greiðsla til verksmiðjunnar fyrir keypta glugga.

29. A. Nr. 6566, kr. 35.000.00, til Goða h/f, dagsettur 1. nóvember. Greiðsla fyrir steinsteypu.

30. A. Nr. 6567, kr. 1.352.00, dagsettur 2. nóvember. Greiðsla fyrir steinolíu.

31. A. Nr. 6568, kr. 2.500.00, dagsettur 2. nóvember. Óvíst um notkun.

32. A. Nr. 6569, kr. 1.480.00, til Sementsverksmiðju ríkisins, dagsettur 2. nóvember. Greiðsla fyrir sement.

33. A. Nr. 6572, kr. 4.700.00, til Sandsölunnar við Elliðavog, dagsettur 17. nóvember. Greiðsla fyrir sand.

Verknaðir þeir, sem taldir eru í B: 5, 8—12, 16—20, 23, 28, 30 og 32, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verknaðir þeir, sem taldir eru í B: 1—4, 6, 7, 13—15, 21, 24—27 og 31, þykja varða við 261. gr. sömu laga, og verknaðir þeir, sem aldir eru í A: 1 og B: 22, 29 og 33, þykja aðallega varða við nefnda 248. gr., en til vara við nefnda 261. gr.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabótagreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar".

Ákærði er sakhæfur, fæddur 4. nóvember 1924 að Kleif í Árskógshreppi, og hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1958 23/7 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 20. gr. áfengislaga.

1959 6/7 á Siglufirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1963 19/11 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 50. gr. umferðarlaga.

1966 10/8 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá uppkvaðningu dóms þessa.

1966 30/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 37. gr., 5. mgr. 45. gr., 50. gr., sbr. 40. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Ákærði hafði á árinu 1966 hlaupareikninga nr. 2 og 68 í Búnaðarbanka Íslands. Er upplýst, að á því ári gaf hann út 33 tékka á fyrrnefndan reikning og 1 tékka á hinn síðarnefnda, án þess að innstæða reyndist fyrir þeim. Ákærði notaði alla þessa tékka í lögskiptum, og er að öllu leyti rétt greint frá fjárhæðum tékkanna og viðtakendum í ákæruskjali. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna, og er hér á eftir fylgt sömu númeraröð og í ákæru:

A. 1. Með tékka þessum greiddi ákærði Gjaldheimtunni í Reykjavík skatta starfsmanna sinna. Hann kvaðst við yfirheyrslu hér fyrir dómi ekki hafa átt innstæðu fyrir tékkanum, en áreiðanlega beðið viðtakanda hans að geyma hann um tíma. Tékkinn er dagsettur 24. júní, en sýndur til greiðslu í Búnaðarbankanum hinn 14. júlí 1966.

B. 1. Með tékka þessum greiddi ákærði Smára Halldórssyni vinnulaun. Kvað hann innstæðu hafa verið fyrir tékkanum við útgáfu hans og afhendingu.

B. 2. Með tékka þessum greiddi ákærði Stefáni Jónssyni vinnulaun.

B. 3. Með tékka þessum greiddi ákærði Magnúsi Hannessyni vinnulaun. Hann kvaðst hafa átt innstæðu fyrir tékkanum við afhendingu hans.

B. 4. Með þessum tékka greiddi ákærði vinnulaun.

B. 5. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir varning, sem hann keypti í Gleri og Listum, Reykjavík.

B. 6. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka, en hann kvaðst ekki muna það. Ljóst er þó, að ákærði hefur notað hann í einhvers konar lögskiptum.

B. 7. Með tékka þessum greiddi ákærði Magnúsi Hannessyni laun. Kvaðst hann hafa átt innstæðu fyrir tékkanum við útgáfu hans og afhendingu.

B. 8. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir benzín og fleiri vörur.

B. 9. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir benzín.

B. 10. Fyrir þennan tékka keypti ákærði varning. Á bakhlið tékkans er stimplað nafn verzlunarinnar Heimakjör.

B. 11. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir timbur, sem hann keypti af Hermanni Helgasyni.

B. 12. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir benzín.

B. 13. Með tékka þessum greiddi ákærði Arnóri Hannessyni laun. Kvaðst hann hafa átt innstæðu fyrir tékkanum við útgáfu hans.

B. 14. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka, en hann kvaðst ekki muna það. Hann kvaðst þess þó fullviss, að han hefði vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki sagt viðtakandanum frá því.

B. 15. Með þessum tékka greiddi ákærði Guðmundi Bjarnasyni vinnulaun.

B. 16. Með þessum tékka greiddi ákærði fyrir benzín. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir honum, en ekki sagt viðtakanda tékkans frá því.

B. 17. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir áfengi, sem hann keypti í Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki sagt viðtakanda hans frá því.

B. 18. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir veitingar á Hótel Borg. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki skýrt viðtakanda hans frá því.

B. 19 og B. 20. Með tékkum þessum greiddi ákærði fyrir veitingar á Hótel Sögu. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkunum, en ekki skýrt viðtakendum þeirra frá því.

B. 21. Með tékka þessum greiddi ákærði laun nema síns, Helga Vilhjálmssonar. Hann kvaðst hafa afhent konu hans tékkann, en ekki sagt henni, að innstæðu skorti fyrir honum, þótt hann vissi, að svo væri.

B. 22. Með tékka þessum greiddi ákærði verktakanum Guðbirni Guðmundssyni vegna vinnulauna. Hann kvaðst hafa verið kominn í töluvert mikil vanskil við Guðbjörn, er hann greiddi honum með tékkanum. Kvaðst hann hafa sagt honum, að inn-

stæðu skorti, og beðið hann að geyma tékkann nokkurn tíma, sennilega í um það bil viku. Útgáfudagur tékkans er 30. október, en sýningardagur í greiðslubankanum 7. nóvember.

B. 23. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir byggingavörur.

B. 24. Með tékka þessum greiddi ákærði gjöld til Múrarameistarafélags Reykjavíkur, og kvaðst hann áreiðanlega, ef innstæðu skorti fyrir tékkanum, hafa sagt formanni félagsins frá því.

B. 25. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka. Kveðst hann ekki muna það, en þó kvaðst hann ekki hafa sagt móttakanda tékkans, að innstæðu skorti fyrir honum.

B. 26. Með tékka þessum greiddi ákærði Magnúsi Magnússyni fyrir trésmíðavinnu.

B. 27. Með tékka þessum greiddi ákærði Baldri Baldurssyni fyrir vinnu við trésmíðar.

B. 28. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir glugga, sem hann keypti hjá verksmiðju Reykdals. Hann kvaðst hafa vitað, að innstæðu skorti fyrir tékkanum, en ekki getið þess við viðtakanda tékkans.

B. 29. Með tékka þessum greiddi ákærði Goða h/f nokkurra daga gamla skuld fyrir steinsteypu. Hann kvaðst hafa beðið Harald Bjarnason, forstjóra Goða h/f, að geyma tékkann í nokkurn tíma.

B. 30. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir steinolíu.

B. 31. Ekki er vitað, hvernig ákærði notaði þennan tékka. Hann kvaðst ekki muna það. Þó er ljóst, að ákærði hefur notað hann í einhvers konar lögskiptum.

B. 32. Fyrir þennan tékka keypti ákærði sement hjá Sementsverksmiðju ríkisins.

B. 33. Með tékka þessum greiddi ákærði nokkurra vikna gamla skuld til Sandsölunnar við Elliðavog.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að málum hafi verið svo háttað um alla þá tékka, sem mál þetta fjallar um, að hann hafi ýmist vitað við útgáfu þeirra og afhendingu, að innstæðu skorti fyrir þeim, en treyst því, að sér áskotnaðist fljótlega fé til að leggja inn á bankareikning sinn, eða innstæða hafi verið fyrir þeim við útgáfu, en seinna hafi hann svo gefið út innstæðulausa tékka, sem fyrr hafi verið framvísað. Hann kvaðst alltaf hafa ritað rétta dagsetningu á tékkana.

Fyrir brot þau, sem greinir í ákæruliðum B. 5, B. 8—12, B. 16—20, B. 23, B. 28, B. 30 og B. 32, verður ákærða refsað sam-

kvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í ákæru segir.

Fyrir brot þau, sem greinir í ákæruliðum B. 1—4, B. 6, B. 7, B. 13—15, B. 21, B. 24—27 og B. 31, verður ákærða refsað samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga, svo sem krafizt er í ákæru.

Með brotum þeim, sem um getur í ákæruliðum A. 1, B. 22, B. 29 og B. 33, hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í varakröfu ákæruvaldsins greinir.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 1. málsgr. 77. gr. alm. hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði hefur að nokkru bætt tjón það, sem af brotum hans hefur leitt. Hefur hann endurgreitt andvirði 28 tékka, samtals að fjárhæð kr. 146.000.97, en heildarfjárhæð tékka þeirra, sem í máli þessu greinir, er kr. 304.135.97.

Eftirtaldar bótakröfur hafa komið fram í málinu:

1. Sementsverksmiðja ríkisins .. .. kr. 35.000.00
2. Guðmundur Ingvar Ágústsson .. .. — 2.000.00

Ákærði hefur samþykkt kröfu Sementsverksmiðju ríkisins, og verður hún tekin til greina að fullu.

Guðmundur Ingvar Ágústsson gerði þá grein fyrir kröfu sinni, að ákærði hefði selt 1.000.00 króna tékkávísun í biðskýli hans við Bústaðaveg í Reykjavík. Hann kveðst síðan hafa fengið tvö ábyrgðarbréf frá Seðlabanka Íslands, þar sem hann var krafinn um endurgreiðslu tékkans, en ekki hafa orðið við þeirri kröfu. Hann kvað bótakröfu sína vera fyrir fyrirhöfn sína við að fara tvisvar niður í pósthús og einnig fyrirhöfnina við að gera kröfu hér fyrir dómi. Sannanir þykir að öllu leyti skorta um tjón Guðmundar Ingvars Ágústssonar, og er kröfu hans vísað frá dómi.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birgis Ísleifs Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast kr. 5.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sæmundur Jóhannsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði Sementsverksmiðju ríkisins kr. 35.000.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Birgis Ísleifs Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 138/1967. **Valdstjórnin**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
X (Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Svipting lögræðis. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sjálfræðissviptingu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 skal allur kostnaður af málinu greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði og hér fyrir dómi, sem ákveðast samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, er sviptur sjálfræði.

Allur kostnaður af málinu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. júlí 1967.

Ár 1967, mánudaginn 31. júlí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 294/1967: Valdstjórnin gegn X, sem tekið var til dóms 28. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 6. júní s.l., „af valdstjórnarinnar hálfu samkvæmt heimild í 6. tölulið b, sbr. 2. tölulið 7. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sbr. 4. tölulið 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 82/1961, gegn X ... í Reykjavík, fæddum 5. maí 1895, til sviftingar sjálfræðis vegna

ofnautnar áfengis samkvæmt 3. tölulið 5. gr. nefndra laga nr. 95/1947 og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 9. febrúar s.l., fóru 5 börn varnaraðilja, þau A ..., B ..., C ..., D ... og E ... hér í borg, þess á leit, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði vegna langvarandi drykkjuskapar. Segir í beiðninni, að varnaraðili sé búinn að vera drykkjumaður um áratuga skeið. Hingað til hafi verið látið nægja að vista hann í sjúkrahúsum eða hælum tiltölulega skamman tíma í senn, en án nokkurs árangurs. Hafi sífellt sótt í sama horfið, enda sé varnaraðili haldinn ólæknandi drykkjusýki að dómi sérfróðs læknis. Þurfi af þessum sökum að vista hann á drykkjumanna- eða geðveikrahæli til langframa. Í beiðninni segja beiðendur enn fremur, að varnaraðili sé nú að mestu rúmliggjandi og algerlega upp á náð og miskunn aðstandenda kominn, sér í lagi móður þeirra. Hann hafi ekki annað sér til framfæris en ellilífeyri, en verji honum að jafnaði til kaupa á vínföngum. Þá sé ekkert annað tiltækt en ellilífeyrir móður þeirra, eða sá hluti hans, sem ekki fari til sömu kaupa, en að því búnu taki algert neyðarástand við og sultur fyrir dyrum, nema aðstoð aðstandenda komi til. Öllum megi þó vera ljóst, hve vonlaust sé að veita slíka aðstoð. Hún hafi nánast ekki orðið til annars en treina lífið í varnaraðilja, svo að hann mætti taka upp sína fyrri iðju. Sé engum blöðum um það að fletta, hvílíkt tjón sambúðin við slíka menn hafi óhjákvæmilega í för með sér. Það hafi komið í hlut móður þeirra að deila kjörum með varnaraðilja s.l. 2—3 ár eftir langan aðskilnað. Þetta hafi gerzt að meira og minna leyti án hennar vilja, eða eingöngu vegna þess, að varnaraðili hafi ekki átt annað athvarf. Afleiðing sambúðar þessarar hafi orðið sú, að móðir þeirra hafi sogazt æ dýpra í drykkjuskap með varnaraðilja. Á foreldrum þeirra sé þó sá reginmunur, að ennþá gæti nokkurs vilja hjá móður þeirra til að leggja þennan löst niður. Sífellt sigi þó á ógæfuhliðina og haldi sem horfi, geti tækifærið til að bjarga móður þeirra glatazt. Þá segir, að systursonur þeirra, ungur að árum, sem elzt upp hjá móður þeirra, hafi beðið stórtjón af þessum sjúklegu lifnaðarháttum. Þurfi að fjarlægja varnaraðilja af heimilinu til þess að koma lífi þar í heilbrigðan farveg.

Beiðninni fylgdi vottorð um varnaraðilja frá Kleppsspítalanum, dagsett 1. febrúar s.l., undirritað af Jakob Jónassyni yfirlækni. Segir í vottorði þessu á þessa leið:

„Það vottast hér með, að X, ..., Reykjavík, er haldinn lang-

varandi drykkjusýki (alcoholismus chronicus) og þarfnast vistunar á drykkjumannahæli um langan tíma. X hefur áður vistazt á Flókadeild Kleppsspítalans svo og Kleppsspítalanum, og hefur m. a. fengið Delirium tremens. Samkv. upplýsingum aðstandenda hefur X drukkið nálega stanzlaust, eftir að hann útskrifaðist síðast af Flókadeild Kleppsspítalans í júní 1965, og eftir lýsingum þeirra að dæma virðist hann vera orðinn algerlega ósjálfbjarga drykkjusjúklingur, enda hafði hann einkenni um alvarlegan geðsjúkdóm af völdum langvarandi drykkjusýki (Psychosis Korsakow), þegar hann vistaðist síðast á Flókadeild Kleppsspítalans.

Þar sem X hefur engan skilning á þeim alvarlegu afleiðingum, sem drykkjuskapur hans hefur í för með sér, ber nauðsyn til að svipta hann sjálfræði og flytja hann á drykkjumannahæli með aðstoð lögreglu".

Fjórir sjálfræðissviptingarbeiðenda, þ. e. A, B, C og D, hafa mætt í dómi og staðfest beiðni sína. E mætti hins vegar ekki né heldur vildi F, eiginkona varnaraðilja, mæta.

Framangreind vitni hafa skýrt frá því, að varnaraðili búi hjá eiginkonu sinni, F, ... hér í borg. Börn þeirra eru 7 að tölu, og hafa 5 þeirra undirritað sjálfræðissviptingarbeiðnina. Hin eru G, búsett í ..., og H, búsett hér í borginni. Hefur hin síðarnefnda ekki alizt upp hjá foreldrum sínum. Vitnin kveða sjálfræðissviptingarbeiðnina fram komna í því skyni að koma varnaraðilja á hæli til langdvalar, en á það hafi hann ekki viljað fallast.

Vitnið A kveður varnaraðilja hafa verið ofdrykkjumann um áratuga skeið og megi heita, að hann sé orðinn alger sjúklingur nú. Varnaraðili hefur ekkert unnið s.l. 10 ár, en hefur haft til framfæris elli- og örorkustyrk, sem þó hefur farið að verulegu leyti til áfengiskaupa. Foreldrar vitnisins skildu að borði og sæng fyrir um það bil 20 árum, en leyfi til lögskilnaðar hafa þau ekki fengið. Móðir vitnisins hefur haft íbúð í ..., og hefur varnaraðili verið þar viðloðandi s.l. 3 ár að minnsta kosti. Vitnið kveður móður sína einnig hafa neytt mikils áfengis, og hefur drykkjuskapur varnaraðilja leitt til þess, að drykkja hennar hefur aukizt. Systursonur vitnisins hefur búið hjá foreldrum þess. Er það skoðun vitnisins, að hann hafi beðið stórtjón vegna óreglunnar á heimilinu. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að varnaraðili eigi nokkrar eignir. Hann hefur ekki orðið börnum sínum til verulegrar fjárhagslegrar byrði, en hins vegar valdið þeim margvíslegum óþægindum og áhyggjum. Varnaraðili hefur verið tíma og tíma á hælum og sjúkrahúsum vegna drykkjuskapar síns.

Hann hefur þó aldrei fengizt til að vera lengi í einu og allt sótt í sama horfið, eftir að út kom.

Vitnið B kveður varnaraðilja vera orðinn algeran drykkjusjúkling. Hann hafi verið á hælum undanfarin ár tíma og tíma, en ekki tollað þar. Síðustu þrjú ár hefur varnaraðili búið í íbúð konu sinnar í .... Hann hefur ekkert unnið síðustu árin, en haft elli- og örorkustyrk, sem hann mun hafa varið að einhverju leyti til áfengiskaupa. Varnaraðili hefur ekki orðið börnum sínum til fjárhagslegrar byrði, en valdið þeim áhyggjum með drykkjuskap sínum. Varnaraðili á engar eignir að sögn vitnisins. Hann fékk berkla fyrir um 20 árum og hefur dvalizt á hælum af þeim sökum. Vitnið kveður varnaraðilja hafa dregið konu sína út í drykkjuskapinn með sér og þurfi að koma honum á hæli, til þess að hægt sé að veita henni aðstoð.

Vitnið C hefur skýrt frá því, að varnaraðili sé búinn að vera ofdrykkjumaður um áratuga skeið og hafi oft dvalizt á hælum og sjúkrahúsum af þeim sökum. Kveður vitnið nú svo komið, að hann sé að verða alger drykkjusjúklingur. Varnaraðili hefur ekkert unnið síðustu árin, en fengið elli- og örorkustyrk. Hefur hann eytt styrknum mikið til áfengiskaupa. Varnaraðili býr ásamt konu sinni í ... og mun Reykjavíkurborg hafa greitt húsaleiguna fyrir þau að verulegu leyti. Vitnið kveður drykkjuskap varnaraðilja hafa leitt til þess, að kona hans hefur sogazt út í drykkjuskap með honum. Er af þessum sökum meiri og minni drykkjuskapur á heimilinu. Varnaraðili hefur ekki orðið börnum sínum beint til fjárhagslegrar byrði, en þó hafa þau þurft að veita heimilinu margvíslega aðstoð. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að varnaraðili hafi átt neinar eignir s.l. tuttugu ár.

Vitnið D kveður varnaraðilja hafa verið á hælum tíma og tíma undanfarin ár, en stutt í einu og hafi sótt í sama farið með drykkjuskap hans, er út kom. Varnaraðili hefur enga vinnu stundað síðustu ár, en lifað af elli- og örorkustyrk. Telur vitnið, að mikið af styrknum hafi farið til áfengiskaupa. Varnaraðili hefur ekki orðið börnum sínum til fjárhagslegrar byrði að ráði, en valdið þeim margvíslegum áhyggjum. Varnaraðili býr hjá eiginkonu sinni í ..., og greiðir Reykjavíkurborg húsaleiguna að einhverju leyti. Vitnið kveður varnaraðilja ekki eiga neinar eignir.

Samkvæmt sakavottorði varnaraðilja hlaut hann hinn 6/6 1941 í aukarétti Reykjavíkur 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. gr., 2. mgr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og var

gert að greiða skaðabætur, kr. 4.014.20. Með dæmi Hæstaréttar í málinu 15/1 1942 hlaut hann 5 mánaða fangelsi fyrir brot sitt og var gert að greiða kr. 8.669.42 í skaðabætur. Þá hefur hann á tímabilinu frá 6/8 1940—12/2 1965 hlotið 22 sinnum sektir, er nema frá 25—300 kr. hverju sinni, fyrir ölvun á almannafæri og verið áminntur 4 sinnum fyrir sams konar brot.

Í vottorði frá Matthíasi Sveinbjörnssyni lögregluvarðstjóra, dagsettu 26. apríl s.l., segir að varnaraðili hafi verið vistaður alls 29 sinnum í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla vegna ölvunar á tímabilinu frá 26/4 1962—24/4 1967.

Hinn 6. október 1965 var þess farið á leit, að varnaraðili yrði sviptur sjálfræði. Í sambandi við beiðni þessa undirgekkst varnaraðili 2. desember sama ár dvöl á hæli í allt að 6 mánuði vegna ofnautnar áfengis, sbr. 11. gr. laga nr. 39/1964, og var beiðnin þá afturkölluð.

Varnaraðili hefur mætt í dómi vegna umræddrar sjálfræðissviptingarbeiðni. Mótmælti hann því eindregið, að hún nái fram að ganga, en færðist að öðru leyti undan því að gefa skýrslu í málinu að svo stöddu. Kvaðst hann e. t. v. mundu gera það síðar, þegar hann væri búinn að tala við börn sín. Ákæra var birt varnaraðilja 14. júní s.l. Bar hann hvorki þá né síðar fram ósk um að mæta í dómi og gefa skýrslu.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að varnaraðili sé ofdrykkjumaður og af þeim sökum ófær um að ráða högum sínum. Ber því að taka framkomna kröfu til greina og svipta hann sjálfræði, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði.

Varnaraðilja ber að dæma til að greiða allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, X, skal sviptur sjálfræði.

Hann greiði allan málskostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1967.

Nr. 178/1967. **Ákæruvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Þorsteini Óskari Óskarssyni Johnson
(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og í héraðsdómi greinir, var í rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens framkvæmd rannsókn á blóði ákærða, og fundust í því „reducerandi efni, er samsvara 1.33‰ af alkóhóli". Áfengismagn í blóði ákærða hefur því náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þótt tekið sé tillit til annarra „reducerandi" efna í blóðinu og hugsanlegrar mælingarskekkju. Ekki þykja þó skilyrði vera fyrir hendi að beita þyngri refsingu en fyrir brot gegn 3. mgr. 25. gr. sömu laga, þar sem 4. mgr. er ekki getið í ákæruskjali.

Að öðru leyti varðar brot ákærða við 2. mgr. 25. gr. greindra laga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Með dómi sakadóms Vestmannaeyja 27. júlí 1964 var ákærða dæmd refsing og svipting ökuleyfis í eitt ár fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. umferðarlaganna og 1. mgr. 24. gr. áfengislaganna. Þar sem nú er um ítrekað brot að fjalla, varðar það ákærða refsingu samkvæmt 4. mgr. 80. gr. umferðarlaganna. Þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Óskar Óskarsson Johnson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 25. september 1967.

Ár 1967, mánudaginn 25. september, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp svolátandi dómur í sakadómsmálinu nr. 608/1967: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Ó. Johnson.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 8. þ. m., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Þorsteini Óskari Óskarssyni Johnson flugnema, Hlíðarvegi 9 (sic) hér í bæ, fyrir ölvun við akstur.

Ákærða er gefið það að sök „að aka aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni V 447 um götur í Vestmannaeyjum, þar til ákærði nam staðar á Miðbraut og lagði á flótta undan lögreglumönnum, sem náðu honum brátt.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Vestmannaeyjum hinn 14. nóvember 1944. Hann hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1960 13/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

1960 7/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 27., 28., 60., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

1960 5/10 í Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 60. gr. umferðarlaga.

1960 20/10 í Vestmannaeyjum: Kærður fyrir brot á 2. mgr. 257.

gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár frá 10/11 1960 skilorðsbundið samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 2/11 1960.

1961 15/11 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1961 22/11 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 15/1 í Vestmannaeyjum: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 3. gr., sbr. 17. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

1962 28/12 í Vestmannaeyjum: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 17/7 á Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 27/7 í Vestmannaeyjum: Dómur: 3.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 10/7 '64 fyrir brot á 25. gr., 2. og 3. mgr. 49. gr., 50. gr., 1. mgr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 24. gr., 1. mgr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

1966 26/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga. Greiði skaðabætur fyrir rúðubrot eftir reikningi.

Málavextir eru þeir, að kl. 0215 aðfaranótt laugardagsins 22. júlí s.l. var hringt á lögreglustöðina og beðið um lögregluaðstoð að barnaskólanum, því að stúlkur, er þar væru til húsa, hefðu ekki svefnfrið fyrir utanaðkomandi mönnum.

Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu. Þeir höfðu tal af mönnum við skólann, sem tjáðu þeim, að ölvaðir menn hefðu verið þarna með grjótkast og hávaða, en væru nýfarnir í rauðum bíl og mundi ökumaður vera ölvaður.

Lögreglumennirnir hófu nú leit að bílnum og sáu brátt rauðan bíl aka vestur Miðstræti, og var hann stöðvaður hjá húsinu Hóli. Maður í ljósum fötum hljóp þá undan stýri bílsins upp á milli húsa þarna í nánd.

Eftir nokkra leit kom í ljós, að hér var um ákærða að ræða. Var hann handtekinn og fluttur á lögreglustöðina. Þar var honum tekið blóðsýnishorn. Samkvæmt rannsókn próf. Jóns Steffensens fundust reducerandi efni í blóði ákærða, sem samsvara 1.33‰ af alkóhóli.

Með ákærða í umrætt skipti í bifreiðinni V 447 voru þeir Axel Ingólfsson, Víðimel 30, og Ólafur Pálsson, Goðheimum 18, báðir í Reykjavík, og Pálmi Lórentsson, Faxastíg 35 hér í bæ.

Ekki hefur reynzt fært að fá vætti Reykvíkinganna í máli þessu, en Pálmi Lórentsson hefur borið, að það hafi ekki leynt sér, að ákærði hafi verið undir áfengisáhrifum í þetta skipti við akstur bifreiðarinnar.

Sjálfur viðurkennir ákærði að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn þessa nótt.

Með játningu ákærða, eiðfestum framburði Pálma Lórentssonar og niðurstöðu blóðrannsóknar þykir mega telja sannað, að ákærði hafi ekið bifreiðinni V 447 með áfengisáhrifum aðfaranótt laugardagsins 22. júlí 1967. Með tilliti til alkóhólmagns í blóði ákærða telst brot hans varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða telst hæfilega ákveðin kr. 4.000.00 sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem hér er um að ræða annað brot ákærða varðandi ölvun við akstur, ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Óskar Óskarsson Johnson, greiði 4.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1967.

Nr. 20/1966. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Ingibjörgu Magnúsdóttur
(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Stimpilgjald. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. laga nr. 57/1962 25. janúar 1966. Gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í máli þessu og dæmdur málskostnaður úr hennar hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað hér fyrir dómi, eins og mál þetta væri eigi gjafvarnarmál.

Íbúð sú að Digranesvegi 36, Kópavogi, sem um ræðir í máli þessu, var afhent stefnda upp í búshelming hennar við skipti á félagsbúi hennar og fyrrverandi eiginmanns hennar. Þar sem hér var ekki um sölu að ræða, er yfirlýsing um eignarheimild stefnda undanþegin stimpilgjaldi samkvæmt skýlausum ákvæðum 1. gr. laga nr. 35/1933 um breyting á lögum nr. 75 frá 27. júní 1921 um stimpilgjald. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 10.000.00 í málskostnað, er renni til skipaðs talsmanns hennar hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði

stefnda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni til skipaðs talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. september s.l., hefur Ingibjörg Magnúsdóttir, Digranesvegi 36, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 27. apríl 1965, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu á kr. 3.207.50 með 7% ársvöxtum frá 15 nóvember 1963 til 31. desember 1964, en með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hennar að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt leyfisbréfi, útgefnu af dómsmálráðuneytinu hinn 27. nóvember 1963, var stefnanda og eiginmanni hennar, Kristni Ólafssyni, veitt leyfi til algers skilnaðar. Hjónin höfðu áður komið sér saman um skilnaðarskilmála með samningi, dags. hinn 8. nóvember 1963. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa var skiptingu eigna hagað þannig, að stefnandi fékk í sinn hlut íbúð búsins í húsinu nr. 36 við Digranesveg, en ágreiningslaust er, að hún hafi verið þinglesin eign mannsins, svo og allt innbú að undanskildum persónulegum munum mannsins. Allar aðrar eignir búsins, „fastar sem lausar", féllu í hlut mannsins. Jafnframt tók maðurinn að sér að greiða allar skuldir búsins, þar á meðal skuldir, sem hvíldu á íbúðinni. Ekki er í samningnum upptalning á eignum búsins, svo að séð verði, hverjar aðrar eignir hafi verið í búinu en þær, sem hér eru nefndar. Er þinglesin var yfirlýsing hjónanna um, að íbúðin félli í hlut konunnar sem eignarheimild hennar að íbúðinni, var henni gert að greiða þinglýsingar- og stimpilgjald, sem samkvæmt yfirlýsingu lögmanns stefnda við munnlegan flutning málsins var reiknuð þannig: einfalt þinglýsingargjald af fasteignamatsverði helmings íbúðarinnar og stimpilgjald og þinglýsingargjald af fimmföldu fasteignamatsverði hins helmings íbúðarinnar. Var stefnanda þannig gert að greiða kr. 765.00 í þinglýsingargjald og kr. 2.480.00 í stimpilgjald. Var greiðsla gjaldanna innt af hendi með fyrirvara. Bæjarfógetinn í Kópavogi leitaði úrskurðar fjármálaráðuneytisins um gjaldtökuna. Í bréfi, sem hann ritaði ráðuneytinu af því tilefni, kemur

fram, að í sambandi við skiptin hafi engin sala farið fram og að konan hafi átt sem sinn búshelming meiri eignir en sem nemur fasteigninni allri. Ekki breytti ráðuneytið ákvörðun bæjarfógetans um gjaldtökuna.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að gjöld þau, sem henni hafi verið gert að greiða, séu eigi rétt ákveðin. Er því haldið fram, að hér hafi aðeins verið um að ræða skipti á félagsbúi hjónanna. Hafi hvort þeirra fengið helming eignanna og hafi engin sala farið fram. Samkvæmt 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 beri stefnanda ekki að greiða stimpilgjald af yfirlýsingu þeirri, sem þinglesin var sem eignarheimild hennar. Ekki beri stefnanda heldur að greiða þinglýsingargjald af yfirlýsingunni sem um afsal væri að ræða samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 40/1954, heldur aðeins gjald fyrir yfirlýsingu.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að rétt hafi verið að farið af hendi umboðsmanns ríkissjóðs, bæjarfógetans í Kópavogi, við heimtu umræddra gjalda. Er því haldið fram, að til þess að unnt sé að beita ákvæði 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 við búskipti við skilnað hjóna, þá verði að liggja fyrir nákvæm skrá yfir allar eignir og allar skuldir búsins og sérstakt mat á eignum, sem erfitt sé að segja um, hvert verðgildi hafi. Þó sé leyfilegt að beita ákvæðinu, þótt nákvæm skrá eða sérstakt mat liggi ekki fyrir í því tilviki, að hvort hjóna fái jafnmikið að fasteignamati af fasteign eða fasteignum. Einnig megi beita ákvæðinu, þegar hjón fái misjafnlega mikið fasteignaverðmæti, að því leyti sem þau fái jafnmikið, en beita verði almennu reglunni um stimpilgjald og þinglýsingargjald afsala um það fasteignaverðmæti, sem annað hjóna fái umfram hitt.

Með dómi, uppkveðnum á bæjarþinginu hinn 5. október s.l., var vísað frá dómi kröfu stefnanda um endurgreiðslu þinglýsingargjaldsins. Var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum hinn 3. þ. m. Liggur því nú eingöngu fyrir að leggja dóm á ágreininginn um stimpilgjaldið.

Við úrlausn máls þessa þykir mega byggja á þeirri yfirlýsingu bæjarfógetans í Kópavogi, sem fram kemur í bréfi hans til fjármálaráðuneytisins hinn 18. nóvember 1963, að í sambandi við skiptin hafi engin sala farið fram og að konan hafi átt sem húshelming sinn meiri eignir en sem nemur fasteigninni allri.

Það verður því að telja, að skiptasamningur hjónanna og yfirlýsing sú, sem á honum var byggð, um það, að fasteignin félli í hlut konunnar, og þinglesin var sem eignarheimild hennar, falli

undir ákvæði 6. mgr. 17. gr. laga nr. 75/1921 um skjöl þau, sem undanþegin eru stimpilgjaldi. Verður stefnda því gert að endurgreiða stefnanda stimpilgjald það, sem henni var gert að greiða af yfirlýsingunni, kr. 2.480.00, og hún innti af hendi með fyrirvara, með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Ingibjörgu Magnúsdóttur, kr. 2.480.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til 1. janúar 1965 og með 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. desember 1967.

Málið nr. 189/1967. M
gegn
K.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. nóvember 1967. Barst málið Hæstarétti 28. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur, eiðvinning verði eigi látin fram fara og varnaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara staðfestingar úrskurðar héraðsdóms. Þá krefst hún og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Dómur Hæstaréttar hinn 16. júní 1967 var fullnaðardómur um sakarefnið. Ber því að vísa kærumálinu frá Hæstarétti og dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, M, greiði varnaraðilja, K, kr. 3.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1967.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m., hefur K, ..., Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með eiðstefnu, birtri 18. september 1967, gegn M, ..., Kópavogi, til þess að vinna fyllingareið samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 42/1966: M gegn K og gagnsök, uppkveðnum 16. júní 1967.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hinn 28. janúar 1966 var á bæjarþingi Reykjavíkur af Gunnlaugi Briem sakadómara kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1966: K gegn M. Dómur þessi hljóðar svo að loknum upphafsorðum:

„Sóknaraðili í máli þessu, K, sem er ógift, til heimilis að ... hér í borg, fædd 17. marz 1944, ól 11. okt. 1961 sveinbarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barni þessu hefur hún lýst M bifreiðarstjóra, ... hér í borg, fæddan 4. okt. 1939, en hann hefur ekki viljað við faðerni barnsins kannast, og hefur sóknaraðili því höfðað þetta mál gegn honum. Hefur hún krafizt þess fyrir dómi, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst hún fyllingareiðs. Þá krefst hún málskostnaðar að mati dómsins.

Varnaraðili, M, hefur krafizt þess fyrir dómi, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður. Málskostnaðar kvaðst varnaraðili ekki krefjast, er hann mætti í dómi, en í greinargerð hefur talsmaður varnaraðilja krafizt þess, að hvernig sem málið fari, þ. e. hvort sem aðalkrafa eða varakrafa varnaraðilja verði tekin til greina, verði varnaraðilja tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi

sóknaraðilja, þar á meðal hæfileg málflutningslaun til talsmannsins.

Sóknaraðili höfðaði barnsfaðernismál upphaflega út af framangreindu barni fyrir bæjarþingi Siglufjarðar í árslok 1962. Lýsti hún þá H flugmann, ..., Kópavogi, föður að barninu. Krafðist hún þess, að gegn honum yrði höfðað barnsfaðernismál og hann yrði dæmdur faðir barnsins, en til vara, að henni yrði dæmdur fyllingareiður. Í hvoru tveggja tilfellinu krafðist hún málskostnaðar að skaðlausu. Sóknaraðili óskaði ekki eftir að tjá sig um samband sitt við H, unz niðurstöður blóðrannsóknar lægju fyrir. Við blóðrannsókn kom í ljós, að H gat ekki verið faðir að barni sóknaraðilja, og kvaðst hún þá að betur athuguðu máli óska eftir því, að málið yrði hafið.

Sóknaraðili hefur skýrt svo frá fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að hún hafi upphaflega talið, að H væri faðir að barni hennar og stæði það því á fæðingarvottorði þess.

Sóknaraðili kveðst hafa kynnzt varnaraðilja, M, í október eða nóvember 1959. Höfðu þau frá þeim tíma oftsinnis samfarir, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í apríl 1961, en þá var sóknaraðili orðin ófrísk að barni því, sem mál þetta er risið af. Sóknaraðili kveður þau varnaraðilja iðulega hafa haft samfarir á getnaðartíma barnsins og hafi aldrei verið gerðar neinar ráðstafanir af þeirra hálfu til að hindra getnað. Sóknaraðili kveður samfarirnar yfirleitt alltaf hafa farið fram á heimili varnaraðilja að .... Seint í desember 1960 kveðst sóknaraðili hafa haft samfarir við H í húsi einu hér í borginni að afstöðnum dansleik, og voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra, að hún yrði ófrísk. Sóknaraðili kveðst hafa talið, að H gæti verið faðir að barni hennar, en hann útilokaðist frá faðerninu við blóðrannsókn, eins og áður greinir. Sóknaraðili kveðst síðast hafa haft á klæðum, áður en hún varð ófrísk, einhvern tíma í desember 1960, en hvaða dag það var, man hún ekki. Hún kveðst ávallt hafa haft reglulegar tíðir. Sóknaraðili staðhæfir, að hún hafi ekki haft samfarir við aðra karlmenn á framangreindum tíma en þá varnaraðilja og H.

Sóknaraðili kveður varnaraðilja hafa viðurkennt fyrir sér að vera faðir að barni hennar, en tekið jafnframt fram, að hann mundi aldrei viðurkenna það fyrir opinberum aðiljum. Varnaraðili hefur tvisvar heimsótt sóknaraðilja til að sjá barn hennar, og í síðara skiptið fór hann með það út með sér. Að öðru leyti hefur hann ekki skipt sér af barninu. Sóknaraðili skýrir frá því, að er varnaraðili var búinn að neita algerlega að gangast við

barni hennar, hafi hún farið út í það að benda fyrst á H til að ganga úr skugga um, hvort hann gæti verið faðir þess.

Varnaraðili, M, kveður það vel geta verið rétt, að hann hafi kynnzt sóknaraðilja í október eða nóvember 1959 hér í borginni. Tókst með þeim kunningsskapur, er hélzt þar til í september eða október 1960. Á þessu tímabili höfðu þau samfarir annað slagið, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði. Samfarirnar fóru fram stundum í herbergi, sem varnaraðili hafði við Snorrabraut, en annars á hinum og þessum stöðum. Voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra, að sóknaraðili yrði ófrísk. Varnaraðili kveður sóknaraðilja ekki hafa tjáð sér, að hann væri faðir að barni hennar, fyrr en vorið 1964. Varnaraðili kveður hafa slitnað upp úr kunningsskap þeirra sóknaraðilja í síðasta lagi í október 1960 og hafi þau ekki haft samfarir eftir það. Varnaraðili kveðst ekki geta bent á neinn mann, er hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins, að undanskildu því, að hann kveðst hafa frétt, að hún hafi verið í barnsfaðernismáli við H.

Vitnið S, sem er kunningjakona sóknaraðilja, kveður hana hafa verið í fæði hjá sér veturinn 1960—1961 og einnig sofið um tíma heima hjá sér þennan vetur. Vitnið kannast við varnaraðilja, M, og kveður hann hafa komið iðulega í heimsókn til sóknaraðilja umræddan vetur, en eingöngu á næturnar. Barði hann þá upp á hjá henni, og vakaði vitnið iðulega við hávaðann. Vitnið kveður sóknaraðilja alltaf hafa farið fram og opnað fyrir varnaraðilja, en síðan farið á brott með honum.

Vitnið varð ekki vart við það, að neinn annar en varnaraðili væri í kunningsskap við sóknaraðilja þennan vetur. Vitnið sá varnaraðilja í tvö skipti, þegar hann kom í næturheimsóknir sínar. Var það örugglega í janúar í annað skiptið eða jafnvel bæði. Vitnið er öruggt um það, að kunningsskapur sóknaraðilja og varnaraðilja stóð frá í febrúar 1961. Vitnið kveður sóknaraðilja hafa skýrt sér frá því seinni part vetrar 1961, að hún væri ófrísk. Ekki minntist hún á það, hver væri faðirinn, en vitnið taldi ekki öðrum til að dreifa en varnaraðilja, þar sem þau voru alltaf meira og minna saman. Vitnið kveðst hafa margbeðið sóknaraðilja að hætta að vera með varnaraðilja vegna þess, hve ung hún væri, en það hafi engan árangur borið. Sóknaraðili minntist aldrei á það við vitnið, að hún væri heitbundin varnaraðilja.

Vitnið B lögregluþjónn hefur skýrt frá því, að sóknaraðili sé búin að vera ráðskona hjá sér frá því í september 1964 og hafi hún haft barn sitt með sér. Stuttu eftir að hún kom til vitnisins,

skýrði hún frá því, að varnaraðili, M, væri faðir barnsins. Vitnið kveðst hafa verið eitt sinn við lögreglustörf í samkomuhúsinu Þórskaffi, skömmu eftir að sóknaraðili fór að starfa hjá því. Kom þá varnaraðili, sem vitnið kannast við, til þess og tók það tali. Spurði hann vitnið eitthvað á þessa leið, hvort sér litist ekki vel á strákinn og hvort hann væri ekki líkur sér. Vitnið kveður varnaraðilja hafa átt við dreng sóknaraðilja, enda frétti það síðar, að hann hafi komið heim til þess sama dag og tekið drenginn með sér í ökuferð. Jafnframt heyrði vitnið, að varnaraðili hefði gefið drengnum einhver leikföng. Varnaraðili var talsvert ölvaður, er þetta gerðist, en þó ekki meira en það, að hann hafði fengið inngöngu í samkomuhúsið. Einhver bifreiðarstjóri var með varnaraðilja, en vitnið man ekki nafn hans.

Vitnið J, er býr í sama húsi og sóknaraðili, hefur skýrt frá því, að dag einn haustið 1964 hafi sóknaraðili skroppið að heiman og hafi drengur hennar, sem þá var 3 ára að aldri, verið hjá því á meðan. Á meðan sóknaraðili var á brott, varð vitnið vart við það, að barið var að dyrum hjá henni. Vitnið fór til dyra og hitti þar mann, er spurði eftir sóknaraðilja. Maðurinn var eitthvað með áfengisáhrifum. Í fylgd með manninum var leigubifreiðarstjóri. Vitnið sagði manninum, að sóknaraðili væri ekki heima. Drengur sóknaraðilja hafði farið með vitninu til dyra, og þegar maðurinn sá hann, sagði hann, að þetta væri sonur sinn. Spurði hann vitnið, hvort því fyndist hann ekki líkur sér. Maðurinn spurði einnig, hvort hann mætti ekki fá drenginn með sér. Vitnið vildi fyrst ekki fallast á þetta, en lét þó að lokum til leiðast, og fór maðurinn á brott með drenginn í bifreið. Kom hann aftur um það bil 1 klukkustund og skilaði drengnum. Hafði maðurinn keypt handa honum leikföng og sælgæti. Maðurinn kvaðst hafa farið með drenginn heim til móður sinnar til að sýna hann. Ítrekaði maðurinn þá ummæli sín um, að hann ætti drenginn og hafði enn á orði og þá við tilvonandi tengdamóður vitnisins, að drengurinn væri líkur sér. Vitnið minnir, að sóknaraðili hafi ekki komið heim, fyrr en maðurinn var farinn á brott. Vitnið kveður unnusta sinn hafa verið heima í umrætt sinn. Kvaðst hann kannast við manninn og kallaði hann D.

Vitnið P leigubifreiðarstjóri hefur skýrt frá því, að það hafi verið að aka með varnaraðilja í bifreið sinni dag einn haustið 1964. Varnaraðili hafði verið við drykkju um nóttina og var enn með áfengisáhrifum. Varnaraðili hafði orð á því, að verið væri að kenna sér barn, en það gæti ekki staðizt, að hann ætti

það, þar sem kona sú, er hlut ætti að máli, hlyti þá að hafa gengið með í 1 ár. Vitnið kveðst hafa rætt málið við varnaraðilja. Stakk hann upp á því, að þeir skyldu fara í ..., þar sem barnið væri, til að sjá það og gæti vitnið þá sannfærzt um, að það væri ekkert líkt honum. Var nú ekið að ..., og fór varnaraðili þar úr bifreiðinni, en vitnið varð þar eftir að það minnir. Nokkru síðar kom varnaraðili aftur, og var þá lítill drengur með honum. Vitnið fór nú með varnaraðilja heim til móður hans, og fór hann þar inn með drenginn. Eftir nokkra stund kom hann aftur, og ók vitnið að ..., þar sem drengurinn varð eftir. Vitnið kveðst ekki muna eftir því, að varnaraðili gæfi drengnum leikföng eða sælgæti. Vitnið kveður varnaraðilja hafa haft orð á því, að hann væri mest hissa á því, að verið væri að kenna honum barn, sem orðið væri 3 ára gamalt, en hann hefði aldrei heyrt neitt getið um áður.

Samkvæmt blóðflokkarannsóknum þeim, sem gerðar hafa verið, er ekki unnt að útiloka varnaraðilja frá faðerninu, en niðurstöður þeirra eru sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c	e
Sóknaraðili	O	MN	+	+	÷	÷	+
Barnið	O	N	+	+	÷	+	+
Varnaraðili	O	MN	÷	+	+	+	+
H	A_1	MN	+	+	÷	÷	+

Barn sóknaraðilja var við fæðingu 4.250 gr. að þyngd og 59 cm að lengd.

Leitað var umsagnar borgarlæknis í Reykjavík um það, hvenær barnið geti verið komið undir. Segir svo í umsögn hans, dags. 20. apríl s.l.:

„Af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, sbr. vottorð ljósmóðurinnar, dags. 5. þ. m., má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist.

Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestu líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 1. til 23. janúar 1961.

Er höfð er hliðsjón af þroska barnsins við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflu dr. Lindner's, Málmey, yfir þyngd og lengd nýfæddra barna, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 15. nóv. 1960 til 13. febr. 1961. Samkvæmt sömu töflum eru

831‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 13. des. 1960 til 16. jan. 1961".

Eins og nú hefur verið rakið, hefur varnaraðili neitað að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barns hennar. Hafa því ekki fengizt lögfullar sannanir fyrir samförum þeirra á þessu tímabili, svo að málsúrslit verða að velta á eiði, sbr. 213. gr. laga nr. 85/1936. Með hliðsjón af framburði vitnanna, sem leidd hafa verið í máli þessu, verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri, og ber því í samræmi við nefnda lagagrein að láta málsúrslit velta á fyllingareiði hennar, þannig að vinni hún eið að því innan 2 mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmætu varnarþingi sínu, að hún hafi á tímabilinu frá 15. nóvember 1960 til 13. febrúar 1961 að báðum dögum meðtöldum haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skuli hann teljast faðir sveinbarns þess, er hún ól hinn 11. október 1961 og skírt var X, enda greiði hann þá með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar vegna máls þessa kr. 1.975.00. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða 6.975.00 kr. í málskostnað, er renni til ríkissjóðs. Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á lögmætu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá 15. nóvember 1960 til 13. febrúar 1961 að báðum dögum meðtöldum haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, M, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól hinn 11. október 1961 og skírt var X, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir 1961, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 6.975.00, er renni til ríkissjóðs, og er þar innifalin þóknun talsmanns sóknaraðilja, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum".

Dómi þessum áfrýjaði M til Hæstaréttar með stefnu, dags. 24. marz 1966, en K gagnáfrýjaði daginn eftir.

Meðan málið var til meðferðar fyrir Hæstarétti, var aflað í því nokkurra nýrra gagna, og vitnið S kom fyrir dóm og eiðfesti vætti sitt. Við framhaldsprófun þessa hinn 20. febrúar 1967 var m. a. þetta bókað:

„Talsmaður M kveðst nú óska eftir því f. h. umbj. síns, að blóðrannsókn fari fram enn einu sinni og þá hjá annarri stofnun en Rannsóknarstofu Háskólans. Verði þá tekið blóðsýnishorn til rannsóknar úr aðiljum máls þessa, barni K og H og þá leitazt við að rannsaka aðra erfðaeiginleika en þá, sem blóðflokkarannsókn gefur til kynna. Aðspurður um það, hvaða erfðaeiginleika lögmaðurinn eigi við, lýsir hann því yfir, að hann sé ekki sérfræðingur á því sviði, en lætur þess getið, að athugun á litningum (kromosomum) gæti komið til greina.

Lögmaður K óskar bókað, að hann mótmæli öllum kröfum talsmanns M, þeim sem að framan greinir, og bendir á, að þegar hafi farið fram ítrekuð rannsókn á blóði aðilja og sé frekari rannsókn því ástæðulaus".

Hinn 24. apríl 1967 reit lögmaður M Hæstarétti bréf, sem hljóðar svo:

„Með vísan til bókunar á bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1967, sbr. og bls. 2 í viðbótarágripi málsins, leyfi ég mér hér með að óska þess, að fram fari sérstök blóðrannsókn í sambandi við mál þetta, enda verði þá gætt þeirra atriða allra, er þar greinir.

Ekki virðast efni til þess að flytja málið, fyrr en hin umbeðna blóðrannsókn — með hliðsjón af öllum erfðaeiginleikum — liggur fyrir".

Hinn 19. maí 1967 ritaði sami lögmaður lögmanni K svohljóðandi bréf:

„Jafnframt því að senda yður, herra hæstaréttarlögmaður, afrit af bréfi mínu til Hæstaréttar, dags. 24. apríl s.l., varðandi hæstaréttarmálið nr. 42/1966 vil ég hér með staðfesta, að herra Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttarritari, hefur í gær munnlega tjáð mér, að hin umbeðna og sérstaka blóðrannsókn fari fram, áður

en málið er tekið endanlega til munnlegs flutnings og dómsálagningar. Umbj. m., M, hefur fallizt á þetta fyrir sitt leyti, og leyfi ég mér að vonast til, að umj. yðar, K, fallist á þetta vegna sjálfrar sín og sonar síns, X, f. 11. október 1961.

Þess er að sjálfsögðu vænzt, að H flugmaður gangist undir blóðrannsókn ásamt núverandi aðiljum málsins.

Hæstiréttur virðist ætlast til, að þessi sérstaka rannsókn verði framkvæmd hér á landi sem allra fyrst og þá væntanlega hjá Blóðbankanum við Barónsstíg í Reykjavík.

Samkvæmt tilmælum Hæstaréttar óskast rannsókninni hraðað".

Þessu bréfi svaraði lögmaður konunnar með bréfi til Hæstaréttar, dags. 22. maí 1967, svohljóðandi:

„Í tilefni af bréfi hrl. Þorvalds Þórarinssonar til mín, dags. 19. þ. m., leyfi ég mér að tjá virðulegum Hæstarétti, að umbj. m., K, er andvíg þeirri kröfu um frekari blóðrannsókn, sem krafizt er af hálfu umboðsmanns aðaláfrýjanda.

Leyfi ég mér í þessu sambandi að vísa til bókunar minnar í viðbótarágripi, bls. 2.

Jafnframt er þess eindregið óskað, að máli þessu verði hraðað svo sem föng eru á".

Hinn 10. júní 1967 ritaði lögmaður M Ólafi Jenssyni lækni bréf, er hljóðar svo:

„Hér með leyfi ég mér að óska þess, herra sérfræðingur, að þér látið mér í té stutta umsögn til afnota í *hæstaréttarmálinu nr. 42/1966: M gegn K og gagnsök* varðandi möguleika og nauðsyn ýtarlegri og fyllri rannsóknar á erfðaeiginleikum en þeim, er fram koma við venjulegar blóðflokkarannsóknir í barnsfaðernismálum hér á landi, þ. e. A-B-O, Rh, o. s. frv.

Málið verður flutt í Hæstarétti mánudaginn 12. þ. m., og bið ég yður því að afsaka þennan litla frest til svara".

Þessu bréfi svaraði Ólafur Jensson læknir með bréfi, dags. 11. júní 1967, er hljóðar svo:

„Mér hefur borizt bréf yðar, dags. 10. þ. m., og vil ég út af efni þess taka fram eftirfarandi:

Af þeim rannsóknum, sem fyrir liggja í hæstaréttarmálinu — og ekki hafa leitt til niðurstöðu, að því er aðiljana varðar —, vildi ég mega benda á, að fleiri erfðaeiginleikum er hægt að prófa fyrir, bæði fleiri blóðflokkakerfum og vissum lífefnafræðilegum erfðaeiginleikum (svo sem haptoglebinum).

Einnig er athugandi að gera fingrafararannsóknir með aðstoð einhverrar viðurkenndrar, erlendrar erfðafræðistofnunar.

Rannsóknir þær, sem hér er sérstaklega að vikið, er eigi unnt að framkvæma hér á landi nema sumar hverjar".

Málið var síðan flutt og dæmt í Hæstarétti, án þess að frekari rannsóknir færu fram á erfðaeiginleikum málsaðilja. Var dómur í málinu upp kveðinn í Hæstarétti hinn 16. júní 1967, svo sem fyrr getur. Í dóminum segir m. a. á þessa leið:

„Svo sem í héraðsdómi greinir, ól gagnáfrýjandi hinn 11. október 1961 sveinbarn. Var það skírt hinn 18. marz 1962 og hlaut nafnið X. Föður að barninu lýsti gagnáfrýjandi H, sem hún kvaðst hafa haft samfarir við seint í desember 1960 að afstöðnum dansleik. Var að beiðni gagnáfrýjanda hafin rannsókn á hendur H, með því að hann neitaði að tjá sig um málið, fyrr en blóðrannsókn hefði farið fram. Við blóðrannsókn reyndist loku skotið fyrir faðerni H að barninu. Blóðrannsóknin var endurtekin, og var niðurstaðan óbreytt. Að svo komnu máli lýsti gagnáfrýjandi fyrir dómi 8. janúar 1965 aðaláfrýjanda máls þessa, M, föður barnsins. Kveður gagnáfrýjandi sig hafa „kynnzt" aðaláfrýjanda „í lok október eða nóvember 1959". Hafi „þau frá þeim tíma haft iðulega samfarir, unz upp úr kunningsskap þeirra slitnaði í apríl 1961", en þá hafi hún verið orðin þunguð af hans völdum. Aðaláfrýjandi viðurkennir, að aðiljar hafi kynnzt í október eða nóvember 1959 og þau haft samfarir öðru hverju. Hann telur, að slitnað hafi upp úr kunningsskap sínum við gagnáfrýjanda „í síðasta lagi í október 1960 og hafi þau ekki haft samfarir eftir það". Vitnið S, sem gagnáfrýjandi dvaldist hjá veturinn 1960—1961, kveður aðaláfrýjanda hafa komið iðulega á næturþeli og heimsótt gagnáfrýjanda. Segist vitni þetta hafa séð aðaláfrýjanda í tvö skipti, þegar hann kom í næturheimsóknir sínar. „Var það örugglega í janúar 1961 í annað skiptið og jafnvel bæði". Kveðst vitnið þess fullvisst, að kunningsskapur aðilja hafi staðið fram í febrúar 1961. Eigi kveðst vitnið hafa veitt því eftirtekt, að aðrir karlmenn en aðaláfrýjandi væru í tygjum við gagnáfrýjanda. Vitni þetta hefur staðfest vætti sitt með eiði. Blóðrannsókn útilokaði aðaláfrýjanda eigi.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að þau hafi verið í þingum og komið saman að líkamslosta frá því síðla árs 1959 og fram í október 1960. Aðaláfrýjandi telur þau hafa þá skilið að skiptum, en gagnáfrýjandi heldur því fram, að líkamsmök þeirra hafi haldizt fram í apríl 1961. Kynferðismök þeirra um eins árs tíma og svo framburður S veitir nokkrar líkur fyrir því, að kynferðismök þeirra hafi haldizt lengur en aðaláfrýjandi vill vera láta.

Málsstaður gagnáfrýjanda veikist hins vegar mjög við það, að hún lýsti annan mann föður að barninu, lét það að nokkru heita í höfuð þess manns, gerði reka að því að höfða faðernisrannsókn á hendur honum og nefndi aðaláfrýjanda eigi til sögu, fyrr en hinn maðurinn hafði verið lýstur úr leik með blóðrannsókn. Þá hefur eigi farið fram erfðarannsókn og mannfræðis á aðiljum og barninu. Þegar litið er til hinna löngu kynlífskynna aðilja og að öðru leyti með tilvísun til forsendna héraðsdóms, þykir rétt að láta úrslit málsins velta á fyllingareiði gagnáfrýjanda. Þegar það er virt, að gagnáfrýjandi hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við aðaláfrýjanda og H á mögulegum getnaðartíma barnsins, þykir rétt að láta eiðstafinn taka til þess, að gagnáfrýjandi hafi aðeins haft samfarir við þessa tvo menn á greindum tíma. Samkvæmt framangreindu verða málsúrslit þau, að vinni gagnáfrýjandi á löglegu varnarþingi eið að því innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 15. nóvember 1960 til og með 13. febrúar 1961 einungis haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda og H, skal telja aðaláfrýjanda föður að barni gagnáfrýjanda, X, fæddum 11. okt. 1961. Þá greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Ef gagnáfrýjandi vinnur eiðinn, staðfestast málskostnaðarákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, er renni í ríkissjóð.

Ef gagnáfrýjanda verður eiðfall, skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar og málskostaður í héraði og fyrir Hæstarétti falla niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ef gagnáfrýjandi, K, vinnur eið að því á löglegu varnarþingi innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá og með 15. nóvember 1960 til og með 13. febrúar 1961 einungis haft holdlegar samfarir við aðaláfrýjanda, M, og H, skal telja aðaláfrýjanda föður að barni gagnáfrýjanda, X, fæddu 11. október 1961. Þá skal og aðaláfrýjandi greiða gagnáfrýjanda fæðingarstyrk, barnsfararkostnað, almennt tryggingariðgjald fyrir árið 1961 og meðlag með barninu, X, frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Vinni gagnáfrýjandi eiðinn, skulu vera óröskuð málskostnaðarákvæði héraðsdóms og aðaláfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, er renni í ríkissjóð.

Verði gagnáfrýjanda eiðfall, skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli þá niður.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum".

Dómur þessi var birtur M hinn 9. september 1967 og eiðstefna samkvæmt honum hinn 18. september 1967 til fyrirtöku á bæjarþingi Reykjavíkur 2. október 1967 kl. 1600. Á dómþingi þessu mætti K og með henni lögmaður hennar. Enn fremur var mættur M ásamt lögmanni sínum. K tjáði sig reiðubúna til að vinna fyllingareið í samræmi við nefndan dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1967. Stefndi, M, lýsti því þá yfir, að hann hefði hug á að kanna, hvort efni væru til að áfrýja máli þessu til Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins og óskaði eftir hæfilegum fresti í því sambandi samkvæmt ákvörðun dómsins, enda færi hugsanleg eiðvinning ekki fram, fyrr en endanleg niðurstaða lægi fyrir. Jafnframt krafðist eiðstefndi málskostnaðar úr hendi eiðstefnanda í þessum þætti málsins og vegna síðari aðgerða í því og áskildi sér að öðru leyti allan rétt í málinu. Eiðstefnandi mótmælti hins vegar öllum fresti og krafðist þess, að eiðvinningin færi þegar fram í samræmi við dóm Hæstaréttar og taldi heimildarlaust að veita frestinn.

Samkvæmt ákvörðun dómara var málinu frestað til 21. október 1967. Á dómþingi þann dag var málinu frestað enn til 26. s. m., og skyldu aðiljar þá leggja fram greinargerðir og síðan flytja málið munnlega. Var það gert þann dag, svo sem getur í upphafi þessa úrskurðar.

Í greinargerð sinni setur eiðstefndi, M, fram þær kröfur, að eiðvinningin verði eigi látin fram fara svo og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi eiðstefnanda.

Kröfur sínar um höfnun (eða frestun) eiðvinningar í máli þessu kveðst eiðstefndi reisa á því, að Hæstiréttur Íslands hafi brugðizt skyldu sinni í sambandi við meðferð þessa máls og dómsuppsögu og beinlínis komið í veg fyrir, að málið fengist rannsakað til hlítar af þar til hæfum stofnunum, innanlands eða

utan. Þess vegna sé honum nauðsynlegt að reka réttar síns á öðrum vettvangi.

Kveðst eiðstefndi þá einkum hafa í huga að leita til þeirra stofnana, er um ræðir í sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, dags. í Rómaborg 4. nóvember 1950, og viðbótarbókun við sáttmálann, dags. í París 20. marz 1952, þ. e. a. s. Mannréttindanefndar Evrópu og/eða Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. 1. og 2. tölulið 19. greinar sáttmálans. Með vísun til bókunar sinnar á bæjarþinginu 2. október 1967, er hafi verið dálítið ónákvæm, en efnislega rétt, kveðst stefndi hafa í hyggju að kæra málið til Mannréttindanefndar Evrópu samkvæmt 25. gr. sáttmálans.

Til stuðnings kröfugerð sinni vitnar eiðstefndi sérstaklega til bréfa þeirra, sem umboðsmaður hans hafi ritað Hæstarétti og Ólafi Jenssyni lækni, og svarbréfs Ólafs Jenssonar, en þar er farið fram á endurtekna erfðaeiginleikaprófun á málsaðiljum. Í bréfi nefnds læknis sé það berum orðum fram tekið, að „fleiri erfðaeiginleikum er hægt að prófa fyrir". Enn fremur segi í þessu bréfi, að eigi sé unnt að framkvæma þær rannsóknir, sem að er vikið, á Íslandi nema sumar hverjar. Þrátt fyrir beint loforð Hæstaréttar um, að sérstök blóðrannsókn skuli fram fara, áður en dómur gengi þar, sbr. bréfið, dags. 19. maí 1967, sem vitnað er til hér að framan, hafi sú rannsókn ekki farið fram vegna andstöðu eiðstefnanda, sbr. bréf umboðsmanns hennar til Hæstaréttar, dags. 22. maí 1967.

Eiðstefndi kveður sér hafa komið á óvart þessi niðurstaða Hæstaréttar, þar sem rétturinn hefði oftar en einu sinni leyft, að fram færi ný blóðrannsókn, þar á meðal erlendis, sbr. Hrd. XXV, 1954, bls. 670—677, og ákvörðun um sams konar rannsókn hér innanlands, sbr. t. d. Hrd. XXXV, 1964, bls. 356—362 og bls. 545—554.

Eiðstefnandi hefur í greinargerð sinni gert þær dómkröfur, að hafnað verði kröfum eiðstefnda um frestun eiðvinningar og henni verði dæmdur ríflegur málskostnaður úr hendi eiðstefnda.

Eiðstefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að í lögum um meðferð einkamála í héraði séu ströng ákvæði um frestun eiðvinningar. Samkvæmt 165. gr.—170. gr. nefndra laga þurfi til að koma áfrýjun til æðri réttar eða yfirlýsingu um áfrýjun bókun í þingbók. Ekkert slíkt liggi fyrir í þessu máli af hálfu eiðstefnda. En þótt slík yfirlýsing lægi fyrir, telur eiðstefnandi, að það mundi engu máli skipta, þar sem Mannréttindadómstóllinn sé eigi viður-

kenndur að íslenzkum lögum sem neitt þriðja dómstig eða Yfir-Hæstiréttur, enda muni hann ekki hafa lagagildi hér á landi.

Eiðstefnandi mótmælir því eindregið, að mál það, sem hér er um fjallað, falli innan vettvangs Mannréttindadómstólsins. Jafnvel þótt svo yrði litið á, getur hún ekki betur séð en það sé fjarri lagi, að ráðagerð um málskot til dómstólsins eigi að fresta dómsathöfn, sem íslenzkur dómstóll er að lögum skyldur til að láta fram fara, þegar aðili hefur fullnægt öllum forms- og efnisskilyrðum laga þar að lútandi, svo sem hér er gert.

Í 59. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 segir: „Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum". Hvorki Evrópuráðssamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr. 11 frá 9. febrúar 1954 né heldur auglýsing um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu nr. 58 frá 11. september 1958 hafa verið lögtekin hér á landi, sbr. I. bindi Samnings Íslands við erlend ríki, útg. af utanríkisráðuneyti Íslands, Reykjavík 1963, bls. 559—580, incl., svo og Lagasafn 1965, bls. 137—150, incl.

Þar sem sáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, dags. í Rómaborg 4. nóvember 1950, og viðbótarbókun við sáttmálann, dags. í París 20. marz 1952, hefur eigi lagagildi hér á landi, verður hann eigi talinn geta bundið aðilja í einkamáli, þó svo að hann sé bindandi fyrir íslenzka ríkið samkvæmt þjóðarétti.

Verður því að hafna kröfu eiðstefnda um frestun á eiðvinningu eiðstefnanda og heimila henni að vinna fyllingareið í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1967.

Samkvæmt þessum málalokum verður eiðstefnda gert að greiða eiðstefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 2.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri frestbeiðni eiðstefnda, M, er hafnað. Eiðstefnanda, K, er heimilt að vinna fyllingareið í samræmi við fyrrgreindan dóm Hæstaréttar frá 16. júní 1967.

Eiðstefndi greiði eiðstefnanda kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. desember 1967.

Nr. 193/1967. **Prentsmiðja Jóns Helgasonar h/f**
gegn
Haraldi Jóhannssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. nóvember 1967, sem hingað barst 5. desember s. á., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, kveðinn upp 13 nóvember 1967, í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Hér fyrir dómi hefur sóknaraðili lagt fram vottorð Manntalsskrifstofu Reykjavíkurborgar þess efnis, að varnaraðili sé „... skráður í manntal að Lindargötu 10, Reykjavík", og vottorð húsráðanda að Lindargötu 10, sem kveðst hafa fengið endurrit stefnunnar í hendur og sent varnaraðilja það strax með bréfi.

Mál þetta mátti sóknaraðili reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 85/1936. Varnaraðili á lögheimili að Lindargötu 10 hér í borg, og var því samkvæmt 95. gr. laga nr. 85/1936 rétt að birta honum þar stefnu í málinu. Voru því eigi ástæður til að vísa máli þessu frá dómi. Er hinn kærði dómur því felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur. Er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Prentsmiðju Jóns Helgasonar h/f, á hendur varnaraðilja, Haraldi Jóhannssyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. okt. s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. ágúst s.l., af Prentsmiðju Jóns Helgasonar h/f, Síðumúla 8, Reykjavík, gegn Haraldi Jóhannssyni til heimilis að Lindargötu 10, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9.527.15 með 6% ársvöxtum frá 9. sept. 1963 til 12. júní 1965, en 12% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt reikningi, dags. 9. september 1963, sem hafi verið fyrir prentun á ritinu Víðsjá, 1. hefti 1. árgangs, samtals 500 eintök. Sé skuldin prentunarkostnaður hjá prentsmiðju stefnanda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Af skjölum málsins má ráða, að stefnan hefur verið birt fyrir Jórunni Björnsdóttur að lögheimili stefnda, Lindargötu 10, Reykjavík. Enn fremur, að stefndi dveljist nú erlendis, í Kúala Lumpur í Malaysiu. Eins og aðstæðum er háttað í máli þessu, verður birting á heimili stefnda ekki talin lögleg, heldur bar stefnanda að reyna að birta stefnuna fyrir stefnda sjálfum, sbr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Verður því ekki hjá því komizt að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Miðvikudaginn 20. desember 1967.

Nr. 76/1966. **Klúbburinn h/f** (Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni
(Guðlaugur Einarsson hrl.)
og til réttargæzlu
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
Magnúsi Einarssyni (Ólafur Þorgrímsson hrl.)
og
Lögreglustjóranum í Reykjavík
og
Magnús Einarsson
gegn
Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni
og til réttargæzlu
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
Klúbbnum h/f
og
Lögreglustjóranum í Reykjavík
og
Össur Ásgeir Halldór Jónsson
gegn
Klúbbnum h/f
og
Magnúsi Einarssyni
og til réttargæzlu
Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f
og
Lögreglustjóranum í Reykjavík.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Líkamsáverkar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1966, krefst sýknu af

kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. maí 1966, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. júní 1966. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 200.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

I.

Er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er af risið, var aðaláfrýjandi Magnús Einarsson dyravörður í veitingahúsi aðaláfrýjanda Klúbbsins h/f. Starfsskyldur hans voru meðal annars þær að gæta reglu í veitingahúsinu og sjá um, að ölvað fólk fengi ekki inngang. Sannað er, að gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, var ölvaður, þegar Magnús synjaði honum inngöngu í veitingahúsið. Hefur gagnáfrýjandi borið, að hann hafi „ýtt fast á dyravörðinni með öxlinni og" ætlað „að pressa sig inn", en eigi geti hann um það sagt, hvort dyravörðurinn „beinlínis tók á" honum „með gripi eða hvort hann eingöngu stjakaði við" honum „með opnum lófa". Samkvæmt gögnum málsins telst sannað, að Magnús hafi ýtt gagnáfrýjanda frá dyrunum með hægra handarbaki. Magnús þurfti að hleypa gestum inn og loka dyrum. Til þess að geta rækt þann starfa varð hann að bægja gagnáfrýjanda frá dyrunum. Eigi er sannað, að Magnús hafi stjakað svo harkalega við gagnáfrýjanda, að hann verði, eins og á stóð, talinn hafa sýnt af sér óvarkárni eða gáleysi, er skaðabótaskyldu eigi að valda. Verður honum því dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda, en málskostnaður í héraði og hér fyrir dómi í þessum þætti málsins þykir eiga að falla niður.

II.

Í héraðsdómi er lýst dyraumbúnaði veitingahúss aðaláfrýjanda Klúbbsins h/f, útidyrum og palli utan dyra. Telur héraðsdómur, sem auk borgardómara var skipaður tveimur sérfróðum samdómendum, „að með hliðsjón af þeirri starfsemi, sem fram fer í húsinu, verði að telja pallinn óeðlilega mjóan, þannig að slysahætta geti stafað af". Þá telur dómurinn ekkert hafa verið því til fyrirstöðu „að hækka stéttina framan við húsið, svo að þrepin væru óþörf". Þykir verða að leggja til grundvallar þetta álit héraðsdóms, sem ekki hefur verið hnekkt, og svo þá niðurstöðu dómsins, að greindur vanbúnaður dyrapallsins hafi verið samvaldur að slysi gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar. Hins vegar var meginorsök slyssins auk óhappatilviljunar ölvun nefnds gagnáfrýjanda og sú háttsemi hans, er að framan getur og nánar er lýst í héraðsdómi. Þykir rétt, að aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f, sem ber ábyrgð á vanbúnaði veitingastaðarins, bæti tjón af slysinu að ¼ hluta, en gagnáfrýjandi beri tjón sitt sjálfur að ¾ hlutum.

III.

Kröfugerð gagnáfrýjanda er rakin í héraðsdómi.

Tjón gagnáfrýjanda samkvæmt a-lið kröfugerðar hans telst hæfilega metið kr. 70.000.00 og tjón hans samkvæmt i-lið kr. 50.000.00. Kröfuliðir b—h, samtals að fjárhæð kr. 3.175.00, sæta eigi andmælum tölulega. Samkvæmt þessu nemur tjón gagnáfrýjanda alls kr. 123.175.00, og ber aðaláfrýjanda Klúbbnum h/f að greiða gagnáfrýjanda fjórðung þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 30.793.75, ásamt vöxtum, eins og síðar greinir, og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar, og falli málskostnaður niður í þeim þætti málsins.

Aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f greiði gagnáfrýjanda kr. 30.793.75 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 12. október 1963 milli kl. 2000 og 2100 kom gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, ásamt konu sinni úr vínblönduboði að veitingastaðnum Klúbbnum, þar sem þau hjónin höfðu mælt sér mót með kunningjum sínum, pantað borð og hugðust eta kveldverð. Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson var þarna við dyravörzlu. Synjaði hann gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, inngöngu vegna ölvunar. Gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, fór eigi burt, heldur þrábað aðaláfrýjanda Magnús um leyfi til inngöngu og reyndi að smokra sér inn með gestum, sem hleypt var inn í húsið, en var varnað þess af aðaláfrýjanda Magnúsi Einarssyni.

Er þessu hafði fram gengið um alllanga stund, leiddist aðaláfrýjanda Magnúsi þófið, setti hönd sína á brjóst gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, sem þá var einn á tröppunum ásamt konu sinni að vætti samstarfsmanns aðaláfrýjanda Magnúsar og var að reyna að troða sér inn, og hrinti honum aftur á bak, þannig að gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, féll aftur yfir sig niður af tveggja þrepa palli, sem er framan við dyr veitingahússins. Tók gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, konu sína með sér í fallinu.

Við fallið hlaut gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir, brot á vinstra ökla með liðhlaupi og svo sköddun á liðböndum.

Aðaláfrýjanda Magnúsi Einarssyni var að vísu rétt að aftra gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, slævðum af víni, inn-

göngu í veitingahúsið. Aðaláfrýjandi Magnús varð samt offari, þá er hann hrinti gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri, aftur á bak af svo miklu afli, að hann þeyttist aftur yfir sig af pallinum og hlaut af lemstur.

Aðaláfrýjandi Magnús Einarsson var þarna við dyravörzlu í þágu og þjónustu aðaláfrýjanda Klúbbsins h/f. Ber aðaláfrýjandi Klúbburinn h/f skaðabótaábyrgð á athöfnum aðaláfrýjanda Magnúsar Einarssonar við það starf.

Að atvikum málsins athuguðum er rétt, að gagnáfrýjandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson, beri tjón sitt að hálfu, en aðaláfrýjendur, Klúbburinn h/f og Magnús Einarsson, óskipt að hálfu.

Krafa gagnáfrýjanda er sundurliðuð í héraðsdómi. Kröfuliðirnir b til h að báðum meðtöldum eru óvefengdir tölulega. Bætur samkvæmt kröfulið a, örorkutjón, þykir hæfilega metið kr. 70.000.00. Bætur samkvæmt kröfulið i, fyrir þjáningar, óþægindi, hneisu og röskun á stöðu og högum, eru hæfilega metnar á kr. 50.000.00.

Samkvæmt því, sem rakið var, er tjón gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar, kr. 70.000.00 + 1.200.00 + 1.000.00 + 45.00 + 300.00 + 420.00 + 150.00 + 60.00 + 50.000.00, þ. e. samtals kr. 123.175.00. Dæma ber aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda óskipt helming fjárhæðar þessarar, þ. e. kr. 61.587.50, ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Klúbburinn h/f og Magnús Einarsson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni, kr. 61.587.50 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. október 1963 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 20.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

prófessors Magnúsar Þ. Torfasonar.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda um, að aðaláfrýjendur séu eigi skaðabótaskyldir gagnvart gagnáfrýjanda vegna atferlis aðaláfrýjanda Magnúsar, en hann var sýknaður af refsikröfu með dómi Hæstaréttar 6. desember 1965.

Samkvæmt mælingum héraðsdómenda er dyrapallur sá, sem í málinu greinir, 117 sm á lengd frá steinvegg að pallbrún. Upp á pallinn eru aðeins tvö þrep, hvort um sig 18 sm á hæð. Ákvæði 29. gr., 7. tölul., byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 195/1945, sem í gildi var, er atvik málsins gerðust, eiga ekki við um dyrapall þennan. Breidd hans var meiri en nauðsynleg er samkvæmt 73. gr., 1. mgr., byggingarsamþykktar nr. 39/1965, er nú gildir um dyrapalla á útitröppum, sem hærri eru en 1.50 m. Eigi hefur verið leitt í ljós, að frágangur dyrapalls eða trappa hafi verið óvenjulegur eða annars svo varhugaverður, að skaðabótaskyldu geti varðað fyrir aðaláfrýjanda Klúbbinn h/f. Eftir þessu ber að sýkna aðaláfrýjendur, Magnús Einarsson og Klúbbinn h/f, af kröfum gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Magnús Einarsson og Klúbburinn h/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagnáfrýjanda, Össurar Ásgeirs Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. marz 1966, hefur stefnandi, Össur Ásgeir Halldór Jónsson pípulagningamaður, Hólmgarði 40 hér í borg, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 21. maí 1964, á hendur Klúbbnum h/f, Lækjarteigi 2, Reykjavík, og

Magnúsi Einarssyni lögreglumanni, Mávahlíð 3, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 200.000.00 með 8% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 12. október 1963 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Jafnframt er lögreglustjóranum í Reykjavík, Sigurjóni Sigurðssyni, stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndi Klúbburinn h/f krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda. Hann hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands til réttargæzlu í málinu, en hjá því hefur hann keypt ábyrgðartryggingu.

Stefndi Magnús Einarsson krefst aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað að mati réttarins. *Til vara* krefst hann, að bótakröfur stefnanda verði verulega lækkaðar og sökinni skipt þannig, að stefnandi beri sjálfur aðalsökina á óhappi sínu, en Klúbburinn h/f að öðru leyti. *Til þrautavara* krefst hann þess, að ef stefndi Magnús Einarsson verður talinn bótaskyldur í máli þessu, verði stefnukröfurnar lækkaðar og sökinni skipt, svo sem krafizt er í varakröfu, og Klúbburinn h/f þá talinn samábyrgur. Í sambandi við varakröfu og þrautavarakröfu er þess krafizt, að málskostnaður falli niður.

Á hendur réttargæzlustefndu eru engar kröfur gerðar.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 12. október 1963 klukkan 2045 var hringt á lögreglustöðina í Reykjavík og óskað aðstoðar að veitingastaðnum Klúbbnum. Fóru þrír lögreglumenn á staðinn og vísuðu þaðan Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni og konu hans að ósk dyravarðar hússins, stefnda Magnúsar í máli þessu. Virtist lögreglumönnum sem stefnandi væri úr öklalið og fluttu hann því á Slysavarðstofu Reykjavíkur til aðgerðar og athugunar. Samkvæmt vottorði slysavarðstofunnar var komið með hann þangað klukkan 2100.

Fimmtudaginn næstan á eftir kærði stefnandi til rannsóknarlögreglu yfir því, að hann væri fótbrotin af völdum stefnda Magnúsar, sem hefði hrundið sér. Tók rannsóknarlögreglan samdægurs skýrslu af stefnanda, og hinn 29. júní 1964 kom hann fyrir dóm sem vitni. Var frásögn hans á þá leið, að hann hefði verið í síðdegisboði ásamt konu sinni laugardaginn 12. október 1963 og drukkið þar þrjú glös af „cocktail". Í boðinu hittu þau önnur hjón, þeim áður ókunn, og varð úr, að þau fóru öll saman á veitingastaðinn Klúbbinn, en stefnandi og kona hans höfðu

áður mælt sér mót þar við nokkra kunnigja sína til kvöldverðar. Taldi stefnandi, að komið hafi verið á veitingastaðinn á milli klukkan 2030 og 2100. Um leið og stefnandi gekk upp útidyratröppur veitingastaðarins, kvaðst hann hafa tekið eitthvert bakslag, og taldi hann, að stefndi Magnús, sem þarna var við dyravörzlu, hefði af þeim sökum neitað sér um inngöngu sakir ölvunar, enda þótt hann hefði þá alls ekki verið áberandi ölvaður. Hin hjónin hurfu fljótlega á brott, en þau kærandi og kona hans vildu reyna frekar til að komast í kvöldverðinn með kunningjafólki sínu. Sagði stefnandi, að stefndi hefði lokað útidyrahurðinni, eftir að honum var neitað um inngöngu, en fljótlega komu að fleiri gestir, og var þá opnað. Kvaðst stefnandi hafa verið fremst í hópnum og ítrekað ósk sína um að fá að komast inn eða hafa tal af kunningjafólki sínu og jafnframt reynt að ýta sér inn með því að berast með straumnum, enda fast verið ýtt aftan á hann af hinum gestunum. Setti stefndi Magnús stefnanda til hliðar, og var það gert illindalaust. Samtímis sagði stefnandi, að einhver inni á gangi veitingastaðarins hefði hrópað, „á hvaða nafni" borð hans væri, en það vissi hann ekki, enda bað hann ekki um borðið sjálfur. Hjá rannsóknarlögreglu skýrði hann svo frá, að hann hefði í þessu talið sig sjá einn úr kunningjahópnum og því ýtt fast á dyravörðinn með öxlinni og ætlað að pressa sig inn til þess að ná sambandi við manninn. Stefndi Magnús hafi þá tekið framan í brjóstið á sér og hent sér aftur á bak og kastið verið svo mikið á sér, að hann hafi lent á konu sinni, sem hálffféll undir hann, en sjálfur hafi hann dottið til hliðar og aftur á bak niður úr tröppunum. Rétt í þessu kom lögreglubifreið og flutti hann beint á slysavarðstofu. Fyrir dómi sagði stefnandi, að á meðan samræðurnar um, hver beðið hefði um borðið, stóðu yfir, hefðu hinir gestirnir farið inn í húsið, en þegar hann ætlaði að fara að rifja upp nöfn þeirra, sem gætu hafa verið skrifuð fyrir borðinu, hefði stefndi Magnús hrint honum aftur á bak með annarri hendinni, og gat hann ekki borið um, hvorri hendinni hann beitti fyrir sig né hvort stefndi hefði beinlínis tekið á honum með gripi eða einasta stjakað við honum með opnum lófa. Kvaðst stefnandi hafa hrökklazt aftur á bak af pallinum og í því borið fót fyrir sig og muni hann hafa skollið utan í tröppuna, enda jafnframt fundið til mikils sársauka í fætinum. Þar sem ferðin hefði verið svo mikil á sér, sagðist stefnandi aftur hafa borið fyrir sig meidda fótinn niður á stéttina. Sagði stefnandi, að kona hans hefði staðið skáhallt og til hliðar

fyrir aftan sig og muni hann hafa gripið til hennar í fallinu. Stefnandi kvaðst hafa hafnað á stéttinni fyrir neðan tröppurnar, endilangur og aftur á bak, en eiginkona hans við hlið hans og muni aðeins annar handleggur hennar hafa lent undir honum, en konan hins vegar ekki lent ofan á honum. Stefnandi sagðist hafa reiðzt við fallið, en áður en honum var hrint, hafði ekki verið um nein illindi eða átök að ræða milli hans og stefnda Magnúsar, nema ef telja skyldi þann „þrýsting", þegar stefndi lét hann til hliðar, um leið og fólkinu var hleypt inn.

Eiginkona stefnanda, Helga Stella Guðmundsdóttir, skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að þau hjón hefðu ekki verið mikið undir áhrifum áfengis og taldi, að ekki hefðu sést áfengisáhrif á stefnanda, en hins vegar hefði hann tekið bakfall, um leið og hann gekk upp tröppurnar, svo að stefndi sagði, að þetta fólk færi ekki inn, eða eitthvað í þá átt. Hin hjónin fengu þó heimild til inngöngu, og fór maðurinn inn í húsið um stund, en síðan hurfu þau á brott. Þeim stefnanda og vitninu þótti hins vegar ekki sanngjarnt að vera neitað um inngöngu, biðu þar til næst var hleypt inn, en gengu þá upp að dyrunum. Kvaðst vitnið hafa staðið aðeins til hliðar við dyrnar og minnti, að það væri þá aðeins fyrir aftan og til hliðar við stefnanda. Sagðist vitnið ekki hafa vitað fyrr til en einhver slinkur hefði komið á það og það henzt niður af pallinum ásamt stefnanda. Hélt vitnið, að hann hefði frekar lent ofan á því en það ofan á honum. Að minnsta kosti hefðu bæði fallið, en ekki vissi vitnið, hvernig á því stóð, að þau duttu, fannst eins og einhver þrýstingur kæmi á það, en tók ekki eftir, hvort gripið væri í það. Segist vitnið strax hafa orðið vart við, að stefnandi var slasaður á fæti. Vitnið kvaðst hafa verið marið hér og þar á líkamanum eftir fallið. Ekki mundi vitnið, hvort þau hefðu verið búin að ganga einu sinni að hurðinni og banka, áður en þetta gerðist og frá því að þau reyndu fyrst að fara inn. Fyrir dómi bar vitnið þetta, að það hefði einu sinni bankað árangurslaust á útidyrnar. Þar greindi vitnið einnig svo frá, að það hefði fallið kylliflatt aftur á bak við hlið kæranda og aðeins hægri handleggur þess verið undir líkama mannsins. Um það bil sem vitnið var að standa á fætur, heyrði það einhvern segja fyrir aftan sig: „Hvers slags aðfarir eru þetta eiginlega", og hélt, að vitnið Björgvin Lúthersson hefði mælt orð þessi. Vitnið kvað nafngreinda konu, sem komið hefði þarna að eftir slysið, hafa sagt því síðar, að hún hefði heyrt nefndan Björgvin

ávíta stefnda fyrir meðferðina á fólkinu, en ekki voru atriði þessi borin undir vitnið Björgvin né nefnda konu.

Stefndi Magnús var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 22. október 1963. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið við dyravörzlu veitingastaðarins ásamt vitninu Björgvin, er stefnandi kom þangað ásamt konu sinni og öðrum hjónum greint kvöld klukkan um 2015. Neitaði stefndi stefnanda og konu hans um inngöngu, þar sem hann taldi þau ölvuð, en sagði hinum hjónunum frjálst að koma inn, og fór maðurinn inn nokkra stund. Á meðan kvað stefndi ölvaða fólkið hafa verið að reyna að komast inn og eins eftir að samferðamaður þess kom út aftur, en stefndi sagðist hafa haldið honum frá dyrunum og boðizt til að útvega því bifreið. Þegar alsgáðu hjónin fóru, kvaðst stefnda hafa verið farið að leiðast þófið og því farið og hringt á lögreglu. Um stund var hurðin lokuð, og engir gestir komu að, en á meðan bankaði hið ölvaða fólk á hurðina. Þegar gestir komu næst, opnuðu þeir stefndi og vitnið Björgvin og stóðu hvor sínu megin við dyrnar. Kom þá kona stefnanda að dyrunum og hann fyrir aftan hana. Sagði stefndi, að þannig hagaði til, að hurðin opnaðist alveg út, innan á henni væri slá, fest á ská, og hefði konan tekið hægri hendi um slána og stefnandi haldið efst um hana með sömu hendi. Stefndi sagði, að pallurinn fyrir framan dyrnar væri mjög stuttur og næði ekki nema skammt út fyrir hurðina, þegar hún væri upp á gátt, en þar fyrir neðan væru tvær tröppur niður á hellulagða stétt. Þegar gestirnir voru að koma að dyrunum, kvaðst stefndi hafa beðið hið ölvaða fólk að fara frá, en það hlýddi því ekki, svo að stefndi setti hægri höndina á brjóstið á stefnanda og ýtti honum frá, en hann missti þá jafnvægið, féll aftur fyrir sig og greip í konuna um leið, en hún missti einnig við það jafnvægið og datt ofan á manninn niður á hellulagða pallinn og kom með sitjandann niður á fæturna á honum. Vitnið Björgvin hefði þá strax farið út og ætlað að hjálpa kæranda á fætur, en hann ekki viljað þiggja hjálpina, staðið sjálfur upp án hjálpar, hoppað á öðrum fæti og sagzt hafa farið úr liði, en stefndi kvaðst ekki hafa tekið mark á þessu, þar sem hann vildi ekki þýðast aðstoðina. Kom lögreglan svo og fór með stefnanda. Stefndi sagði, að sér hefði þótt ákaflega leiðinlegt, að þetta skyldi hafa komið fyrir, því að meiningin hefði ekki verið að meiða manninn, enda höfðu engin illindi átt sér stað, og taldi, að þetta hefði verið hrein slysni, sem stafað hefði af ölvunarástandi mannsins. Fyrir dómi bar stefndi, að stefnandi

og kona hans hefðu verið nokkuð mikið áberandi undir áhrifum áfengis. Sagðist stefndi hafa tekið eftir því, strax og stefnandi kom úr bifreiðinni, að hann reikaði í spori, og í fyrri útidyratröpunni tók hann „bakslag", einnig var hann ör í fasi. Að áliti stefnda var konan ekki eins áberandi undir áfengisáhrifum, reikaði þó lítillega, en var stilltari í fasi. Sagði stefndi, að stefnandi hefði ekki viljað fara að tilmælum samferðamanns síns að fara brott, þvert á móti haft á orði, að hann skyldi komast inn í veitingasali hússins, hvernig svo sem hann færi að því. Gizkaði stefndi á, að stefnandi hefði dvalið við dyrnar um 25 mínútur, áður en hann gerði lögreglunni aðvart. Sökum anna taldi hann, að það hefði dregizt í 12—14 mínútur, að lögreglan kæmist á vettvang. Á meðan og skömmu fyrir komu lögreglunnar vildi óhappið til. Þessi tímamörk stefnda fá vart samrýmzt þeim tímum, sem greindir eru í lögregluskýrslu og vottorði slysavarðstofu, en samkvæmt þeim gögnum var fyrst óskað aðstoðar lögreglu klukkan 2045, en komið með stefnanda á slysavarðstofu klukkan 2100. Þegar óhappið átti sér stað, sagði stefndi, að stefnandi muni hafa staðið fyrir miðjum dyrum, konan vestan við hann, bæði staðið tæpt, en maðurinn þó öllu utar. Kvaðst stefndi hafa ýtt honum frá dyrunum með handarbakinu, þannig að hann féll aftur á bak, eða öllu heldur hörfaði aftur á bak, en er hann reyndi að bera fyrir sig fæturna, þá steig hann út af pallinum og missti við það jafnvægið. Um leið sleppti stefnandi takinu á hurðarslánni, greip með sömu hendi í konu sína, tók hana með sér í fallinu, og duttu þau aftur á bak á stéttina fyrir neðan tröppurnar og konan ofan á manninn. Staðhæfði stefndi, að ekki hefði verið um handalögmál eða átök að ræða fyrir óhappið, nema ef telja skyldi, að stefnandi greip jafnan um handlegg stefnda, er honum var ýtt frá. Minntist stefndi þess ekki, að stefnandi hefði verið með nein skammaryrði, þótt hann væri hávær og nokkuð mikið ör eða æstur. Stefndi segir, að sér hafi aldrei runnið í skap við manninn.

Framburður vitnisins Björgvins Lútherssonar, sem annaðist dyravörzlu veitingastaðarins ásamt stefnda Magnúsi, var á þá lund hjá rannsóknarlögreglunni, að það hefði komið að útidyrunum einhvern tíma „upp úr" kl. 2000, þá verið bankað, og lauk vitnið upp hurðinni. Skipti þá engu, að stefnandi og kona hans réðust að vitninu og ætluðu að koma sér inn. Virtist vitninu þau vera undir áhrifum áfengis og hafði áður fregnað, að stefndi Magnús hefði neitað þeim um inngöngu. Vitnið hleypti öðrum

gestum inn og sagði jafnframt við stefnda að hringja yrði á lögreglu til að fjarlægja fólkið frá dyrunum. Sagði vitnið, að stefndi hefði farið til að hringja, en það verið að hleypa inn á meðan og í hvert skipti, sem opnað var, hefði fólk þetta komið og viljað fara inn. Þegar stefndi kom aftur, voru gestir að streyma inn, en stefnandi reyndi að troða sér inn í hvert skipti, sem opnað var. Í eitt skiptið kom nokkuð stór hópur að dyrunum, og kvaðst vitnið þá hafa haldið hurðinni opinni til vinstri. Hjónin hafi þá strax komið og viljað inn. Stefndi hafi ætlað að halda þeim frá sér til hægri og ýtt við manninum frá dyrunum, en hann misst þá jafnvægið og dottið aftur á bak, gripið í konu sína um leið, svo að hún datt ofan á hann niður á stéttina. Kvaðst vitnið hafa farið til að hjálpa honum á fætur, hann ekki viljað þýðast það, en einhver maður komið og reist hann upp. Vitnið sagðist hafa reynt að koma stefnanda í leigubifreið á slysavarðstofuna, en hann viljað bíða eftir lögreglu, sem kom að í sama mund. Kvaðst vitnið ekki hafa vitað til, að stefnandi hefði farið að dyrunum, eftir að honum var hjálpað á fætur, og ekki mundi vitnið, hvort stefnandi heimtaði að fá að fara inn eftir það. Fyrir dómi bar vitnið Björgvin Lúthersson, að þá er slysið varð, hefði það staðið vestanvert í dyrunum og haldið þeim opnum, en stefndi staðið að austanverðu. Hjónin verið bæði á tröppupallinum, konan að vestanverðu, austanvert við vitnið, en ekki gat það fullyrt, hvort þau hefðu haldið í hurðina. Sagði vitnið, að stefndi hefði stjakað manninum frá dyrunum með því að ýta á hann með handarbaki hægri handar, en þar sem maðurinn var mjög drukkinn, hélt hann ekki jafnvægi og greip í konu sína, um leið og hann féll aftur á bak og konan ofan á hann. Sagði maðurinn þá strax, að hann væri farinn úr liði, en neitaði þó hjálp vitnisins, enda taldi vitnið, að hann hefði staðið í þeirri meiningu, að honum hefði verið hrint af vitninu. Þrátt fyrir það kvaðst vitnið ásamt öðrum manni hafa hjálpað honum á fætur. Eftir það hoppaði maðurinn upp á tröppupallinn og ítrekaði fyrirætlun sína um að komast inn í húsið. Nokkrum mínútum síðar kom lögreglan, og hugði vitnið, að þá hefði verið liðinn um stundarfjórðungur, frá því að hún var kvödd á staðinn. Vitnið staðhæfði, að ekkert annað fólk hefði staðið á tröppupallinum eða í tröppunum, þá er slysið varð, og taldi sennilegt, að gestir hefðu þá verið nýfarnir inn í húsið og aðrir að koma aðvífandi.

Hjón þau, sem fóru með þeim stefnanda og konu hans að veitingastaðnum, báru vætti í málinu. Sögðu þau, að öll fjögur

hefðu þau neytt áfengis í síðdegisboði þennan sama dag, en þar kynntust þau. Kom hjónunum mjög á óvart, að stefnanda og konu hans skyldi vera meinuð innganga, ástand þeirra hafi ekki gefið tilefni til slíks, en stefnandi hefði misstigið sig í tröppunum og væri orsakar ef til vill þar að leita. Bar konan, að á meðan eiginmaður hennar var inni í veitingastaðnum, hefði stefnandi og kona hans reynt að komast inn og lent í einhverju þrefi út af því, þó ekki neinum átökum, en þau hjónin virtust mjög sár og leið yfir þessu, einkum þar eð þau höfðu mælt sér þarna mót við fólk. Stefnandi og kona hans vildu reyna frekar að komast inn, en hin hjónin sögðust brátt hafa horfið á brott.

Vitnið Hannes Heiðar Jónsson, Lágafelli, Mosfellshreppi, hugðist neyta kvöldverðar með stefnanda og konu hans á veitingastaðnum greint sinn. Fór vitnið, sem ekki var undir áhrifum áfengis, niður í anddyrið að líta eftir þeim. Varð vitnið þar vart við þau, og var stefnandi þá að tala við stefnda um, að honum fyndist hart að fá ekki að fara inn, þar sem hann ætti frátekið matarborð. Vitnið kvaðst sjálft hafa spurt stefnda Magnús, hvers vegna stefnanda væri neitað um inngöngu, og stefndi svarað eitthvað á þá leið, að stefnandi væri kolvitlaus. Vitnið sagði, að allmargt fólk hefði komið að í þessu, orðalaust fengið að fara inn, og barst stefnandi með því að dyrastafnum austan megin, en stefndi varnaði honum inngöngu. Eftir að fólkið var komið inn og stefnandi og kona hans orðin ein eftir utan dyra, rétti stefndi að sögn vitnisins hægri höndina út um dyrnar, ýtti á brjóst stefnanda og hratt honum, hélt sjálfur á meðan í hurðina með vinstri hendi, en ekki hélt stefnandi í hurðina. Kvað vitnið stefnanda hafa fallið aftur fyrir sig við þetta niður tröppurnar og tekið konu sína, sem stóð skáhallt aftan við hann, með sér í fallinu. Stóðu þau síðan bæði upp, og sá vitnið þá, að stefnandi steig ekki nema í annan fótinn. Fór vitnið upp og sagði samferðafólki sínu, hversu komið var, og er þau komu niður, stóð stefnandi á öðrum fæti við dyrnar og átti í pexi við stefnda. Kom lögreglan í þeim svifum, og fylgdi stefnandi henni mótþróalaust, en vitnið kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvort stefndi legði hönd að handtöku stefnanda. Vitninu virtist stefnandi ekki mikið undir áhrifum áfengis, kona hans öllu meir.

Vitnið Hrefna Magnúsdóttir, eiginkona vitnisins Hannesar Heiðars, kvaðst hafa pantað 10 manna borð á veitingastaðnum og hefði stefnandi og kona hans ætlað að borða þarna. Eftir að eiginmaður vitnisins kom upp, fór vitnið niður, og stóð stefnandi

þá austanvert við dyrnar á öðru fæti og kona hans rétt hjá honum. Vildi stefnandi fá að koma inn og bíða þar, þar sem hann væri meiddur, en stefndi neitaði að hleypa honum inn. Kvað vitnið stefnanda þá hafa reynt að komast inn af eigi rammleik, en stefndi tók í handlegg hans og hélt honum frá sér, en ekki gat vitnið séð, hvort hann sneri upp á handlegginn. Í þessu komu lögreglumenn og tóku stefnanda. Vitnið sagði, að stefndi hefði þá farið út fyrir, og taldi, að hann hefði eitthvað lagt hönd að handtökunni. Á meðan beðið var eftir lögreglu, kvað vitnið, að vitnið Níels Unnar hefði sagt við stefnda eitthvað á þá leið, hvort hann vildi ekki snúa betur upp á handlegg stefnanda. Eftir að lögreglan kom, sagði vitnið, að stefndi hefði tekið vitnið Níels Unnar, látið hann út fyrir og spurt lögreglumennia, hvort þeir vildu ekki einnig hirða vitni þetta. Er vitnið baðst skýringa á þessu, svaraði stefndi, að hann vildi ekki hafa menn inni, sem væru röflandi.

Vitnið Níels Unnar Hauksson, Helgafelli, Mosfellshreppi, var í hópi þeirra, sem hugðust snæða kvöldverð með stefnanda og konu hans, og kvaðst vitni þetta hafa þekkt stefnanda lítils háttar. Fór vitnið niður í anddyrið, og stóð stefnandi þá utan dyra á öðrum fæti. Ekki virtist vitninu hann vera mikið undir áhrifum áfengis, en mjög var hann reiður. Lögreglan kom örskömmu síðar, og gengu tveir lögreglumenn að stefnanda og ætluðu að leiða hann brott. Vitnið kvað hann engan mótþróa hafa sýnt, en þrátt fyrir það hefði stefndi tekið aðra hönd hans aftur fyrir bak og hjálpað lögregluþjónunum af stað með hann, sem vitninu virtist þó alger óþarfi. Kvaðst vitnið þá hafa sagt við stefnda: „Ætlarðu ekki að snúa betur upp á höndina á honum“, eða eitthvað á þann veg. Gekk þá stefndi að vitninu, þeytti því út fyrir dyrnar og hafði á orði, að vitnið væri drukkið, en það kvað vitnið rangt, þar sem það hefði ekki bragðað vín þennan dag. Er vitnið innti stefnda eftir nánari skýringum, fengust þær engar, en stefndi bað lögreglumennina að fjarlægja vitnið. Kvaðst vitnið hafa fylgzt með lögreglu á slysavarðstofu, en þangað var farið með stefnanda.

Hafa nú verið rakin helztu atriði málsins, sem fram hafa komið við sakamálsrannsókn.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Magnús hafi að ástæðulausu meinað honum inngöngu í veitingahúsið og beitt hann slíkum harðræðum til að framfylgja því banni, að hann hafi hlotið af stórvægileg meiðsli.

Stefndi Klúbburinn h/f hafi fellt á sig fébótaábyrgð vegna

allsendis ófullnægjandi og ólöglegs frágangs á inngangi í veitingahúsið. Pallurinn fyrir framan aðaldyrnar sé of mjór, þar sem breidd hans sé ekki nema 120 cm. Breiðari pallur hefði getað forðað slysinu.

Stefndi Magnús reisir sýknukröfur sínar á því, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum og því óheimil innganga í opinbert veitingahús. Hann hafi með valdbeitingu reynt að ryðjast inn, sem honum, eins og á stóð, var óheimilt. Þess vegna hafi sér ekki aðeins verið heimilt, heldur skylt, að hindra það lögbrot. Slys það, sem stefnandi varð fyrir, sé honum sjálfum algerlega að kenna vegna þrákelkni hans og ölvunarástands. Þá bendir hann á, að sér hafi ekki verið unnt að framkvæma skyldustörf sín öðruvísi en að fjarlægja stefnanda frá dyrunum.

Stefndi Klúbburinn rökstyður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því, að hann eigi ekki sakaraðild að máli þessu. Lögregluþjónninn Magnús Einarsson, meðstefndi, hafi að vísu fengið greidda þóknun úr hendi Klúbbsins, en starf hans við dyravörzlu hafi verið lögreglustarf. Ef hann fremji bótaskyld afglöp í því starfi, séu það Reykjavíkurborg og ríkið, sem bakábyrgðina beri, en ekki eigendur veitingahússins. Í öðru lagi á því, að stefndi Magnús hafi ekki framið neitt það, er gefi stefnanda rétt til að heimta skaðabætur. Stefnandi hafi verið ölvaður og reynt ítrekað að ryðjast inn í húsið. Augljóst sé, að slysið hafi orðið sökum ölvunarástands stefnanda sjálfs og megi hann því sér einum um kenna.

Varðandi frágang á tröppum og inngangi hússins bendir stefndi á, að þær hafi verið óbreyttar, frá því að húsið hóf starfsemi sína 1960. Aldrei hafi slys komið þar fyrir áður og ekki hafi öryggiseftirlitið séð ástæðu til að finna að þeim.

Með framburði stefnanda í sakadómi, sem studdur er vætti annarra, þykir nægilega sannað, að hann hafi verið ölvaður, er hann kom að dyrum veitingahússins og beiddist inngöngu. Hann hefur sjálfur viðurkennt að hafa haft að engu fortölur stefnda og inngöngubann, en reynt að komast inn með því að ýta fast með öxlinni á stefnda og pressa sig þannig inn.

Stefndi Magnús hafi þá annað hvort gripið í sig eða stjakað við sér með opnum lófa, svo að hann hafi hrökklazt aftur á bak ofan af dyrapallinum og fallið á bakið með þeim afleiðingum, sem síðar verður lýst.

Með því að hafa að engu fortölur stefnda og inngöngubann í húsið hefur stefnandi sjálfur kallað yfir sig mótaðgerðir stefnda

með valdbeitingu. Þykir mega rekja aðalorsakir slyssins til ölvunarástands hans og þrákelknislegrar framkomu. Verður hann því sjálfur að bera megin hluta af tjóni sínu.

Stefnda Magnúsi, sem annaðist dyravörzlu hússins, var bæði rétt og skylt að bægja stefnanda frá dyrunum. Hins vegar bar honum að viðhafa þær aðferðir, sem minnsta hættu höfðu í för með sér. Honum mátti vera ljóst, að nokkur hætta var samfara því að ýta stefnanda frá með handarbakinu sökum ölvunarástands hans og alveg sérstaklega vegna þess, hve dyrapallurinn var mjór.

Samkvæmt vætti starfsmanns stefnda, Björgvins Lútherssonar, var ekkert fólk á tröppunum, er slysið skeði. Stefnda virðist því hafa verið meinalaust að taka stefnanda fangbrögðum og færa hann þannig frá dyrunum. Þykir stefndi Magnús því ekki hafa viðhaft þá varúð, sem atvik og aðstæður gáfu tilefni til. Er því rétt, að hann bæti stefnanda tjón hans að nokkrum hluta.

Skal þá vikið að þætti meðstefnda, Klúbbsins h/f, í málinu. Eins og fram kemur á dskj. nr. 8 og 9 er inngangi í veitingahúsið þannig háttað, að sjálfar dyrnar eru 90 cm breiðar auk vængs, 30 cm. Fyrir framan þær og meðfram húshliðinni til annarrar handar er pallur 117 cm á breidd frá steinvegg, en þar fyrir framan eru tvö þrep niður á hellulagða stétt. Tröppurnar eru 18 cm hvor á hæð. Hurðin opnast út á pallinn, og verður þá 35 cm frá fremri brún hurðar út á pallbrún.

Þegar húsið var byggt, var í gildi byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík frá 22. október 1945. Í 14. gr., 1. lið, segir svo: „Útitröppur skulu að öllum jafnaði gerðar úr steypu eða steini eða álíka haldgóðu efni. Á þeim sé handrið, sem þörf krefur, til þess að umferð sé hættulaus". Í 29. gr., 9. lið, segir svo: „Útitröppur skulu ávallt gerðar úr steini eða steinsteypu og ekki vera hærri en 1.50 m. Að öðru leyti gilda sömu reglur um gerð þeirra og stiga, en byggingarnefnd má leyfa að víkja frá þeim, ef ástæða þykir til".

Í byggingarsamþykkt er ekki að finna frekari ákvæði um útitröppur, en þau ákvæði um stiga, sem hér geta átt við, eru í 29. gr., 7. lið. Þar segir svo: „Stigapallar og gangar meðfram stigum skulu vera minnst jafnbreiðir stiganum, en breidd og lengd gangs frá útidyrum að stiga ekki minni en 1⅓ sinnum breidd stigans".

Eðlilegt er að líta svo á, að breidd dyraopsins samsvari hér stigabreidd, sem um ræðir í 7. lið 29. gr., og ber þar að miða við fulla breidd, þegar bæði hurð og vængur eru opin. Þá er breidd

opsins 120 cm, og ætti því lengd pallsins frá útidyrum að pallsbrún að vera 160 cm. Samkvæmt þessu fullnægir pallurinn ekki ákvæðum byggingarsamþykktar. Ekki er fram komið í málinu, að nein undanþága hafi verið gefin varðandi þennan pall.

Eftir vettvangsskoðun lítur dómurinn svo á, að með hliðsjón af þeirri starfsemi, sem fram fer í húsinu, verði að telja pallinn óeðlilega mjóan, þannig að slysahætta geti stafað af. Þá fær dómurinn ekki séð, að neitt hafi verið til fyrirstöðu að hækka stéttina framan við húsið, svo að þrepin væru óþörf.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja sterkar líkur fyrir því, að ónóg breidd dyrapallsins eigi nokkra sök á slysinu.

Með hinum ófullnægjandi frágangi á aðbúnaði við inngöngudyr veitingahússins, sem stefndi Klúbburinn h/f ber ábyrgð á, þykir hann hafa fellt á sig fébótaábyrgð gagnvart stefnanda að nokkrum hluta.

Þegar öll atriði máls þessa eru saman tekin, þykir rétt, að stefnandi beri sjálfur tjón sitt að 4/5 hlutum, en stefndu in solidum bæti honum tjón hans að 1/5 hluta.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

a)	Örorkutjón skv. útreikningi Guðjóns Hansens .. kr.	72.121.00
b)	Kostnaður v/útreiknings örorkutjóns .. .. .. —	1.200.00
c)	Páll Sigurðsson tryggingal. v/örorkumats .. .. —	1.000.00
d)	Skattskýrsluendurrit .. .. —	45.00
e)	Læknisvottorð Hauks Kristjánssonar .. .. .. —	300.00
f)	Ljósmyndataka .. .. —	420.00
g)	Sakadómsendurrit v/stefnda Magnúsar .. .. .. —	150.00
h)	Endurrit v/málsins, keypt hjá dómara .. .. .. —	60.00
i)	Áætlaðar bætur fyrir þjáningar, óþægindi, hneisu, röskun á stöðu og högum o. s. frv. .. .. —	124.704.00
	Samtals kr.	200.000.00

Um lið A. Strax eftir slysið, var stefnandi fluttur á slysavarðstofuna. Í skýrslu yfirlæknisins á dskj. nr. 10 segir svo:

„Þann 12/10 1963, kl. 2100, kom Ásgeir Jónsson, f. 24/12 1914, til heimilis Hólmgarði 40, í Slysavarðstofu Reykjavíkur.

Hann sagði, að sér hefði verið fleygt niður tröppur í Klúbbnum af dyraverði þar, og kvartaði hann um sára verki í vinstri ökla. Maðurinn virtist undir áhrifum áfengis, en var þó samvinnuþýður. Við skoðun sást mikil aflögun um vinstri ökla, og virtist

hælbein skaga mikið afturávið, en neðri endar fótleggjarbeina voru gengnir framávið og innávið.

Rgt. myndir sýndu brot um ökla með liðhlaupi. Var gormlaga brotlína í öklabeini utanfótar rétt ofanvið liðinn með nokkurri gliðnun séð framanfrá, en á hliðarmynd nam hún a. m. k. einum cm.

Þá sást, að bilið milli öklabeins innanfótar og völubeins var mikið aukið og benti á, að liðbönd þar væru rifin að einhverju leyti. Allstór flaski var brotinn úr afturkanti tibia, og völubein var mikið gengið afturávið. Mikil bólga var um öklann og blæðing inn í liðinn. Brotið og liðhlaupið voru sett í staðdeyfingu, og fékkst góð staða. Gifs var sett á fótinn og maðurinn lagður inn í Slysavarðstofuna. Tveim dögum síðar var honum leyft að fara heim til sín, og var líðan hans þá orðin sæmileg, en hafði verið slæm fyrsta daginn.

Hann kom öðru hverju til eftirlits í Slysavarðstofuna og leið fremur vel.

Þann 8/11 fékk hann göngugifs á fótinn og mátti fara að ganga daginn eftir. Talsverður bjúgur sótti á fótinn. Hinn 9/12 var svo gifs endanlega tekið, og sýndu rgt. myndir nú góða stöðu á brotstöðum, og liðbil sýndist eðlilega vítt. Hreyfingar voru mjög stirðar og talsvert sárar, sem við mátti búast, og húð veik (atrofisk). Elastoplast var sett á fótinn og manninum leyft að ganga með varúð. Ennþá mun líða langur tími, þar til Ásgeir verður vinnufær, og tel ég litlar líkur fyrir fullum bata, þar eð hér var um sérlega illkynja brot að ræða, ekki sízt þar sem liðbönd hljóta að hafa skaddazt verulega.

Haukur Kristjánsson læknir".

Þann 13. ágúst 1965 metur Páll Sigurðsson tryggingalæknir örorku stefnanda. Þar segir svo:

„Ofanritaður maður kom til viðtals hjá undirrituðum 28/7 1964. Hann skýrði frá því, að hann hefði orðið fyrir slysi 17/10 1963. Brotnaði þá um vinstri ökla. Var í gipsumbúðum til 9. desember, en var frá vinnu til miðs febrúar 1964.

Við komuna í júlí 1964 kvartaði maðurinn um stirðleika og verki í vinstra hælbeini og ökla og kvartaði um þreytu við gang. Við skoðun var lítið athugavert að finna. Hann kom aftur til viðtals í desember 1964, og voru kvartanir þá svipaðar og áður. Hann kom í þriðja sinn til skoðunar 13/8 1965. Hann kvartar nú aðeins um óveruleg óþægindi, og kveður hann þau ekki há sér neitt til vinnu. Við skoðun er ekkert að finna at-

hugavert við vinstri ganglim. Röntgenskoðun var gerð síðast 21/12 1964, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Vinstri ökli.

Mall. lat er sennilega allvel fastur. Liðgaffallinn er í gleiðara lagi og liðbilið áberandi gleitt milli mall. med. og talus, enda er pes sin. færður greinilega nokkuð út á við. Fremri liðbrún tibiae sin. er allhvöss.

R. diagn.: Seq. fract. malleoli lat. sin.".

Ályktun: Hér er um að ræða fimmtugan pípulagningamann, sem slasast fyrir nærri 2 árum. Við slysið hlaut hann brot á dálksökla vinstra megin. Brotið greri eðlilega, en maðurinn hafði veruleg óþægindi nokkuð á annað ár eftir slysið. Nú hefur hann lítil sem engin óþægindi, og við skoðun er ekki að finna neitt athugavert við vinstri öklalið.

Maðurinn hefur ekki hlotið varanlega örorku vegna slyssins, en tímabundin örorka telst hæfilega metin þannig:

Í 3 mánuði	100%	örorka
- 1 mánuð	75%	—
- 3 mánuði	50%	—
- 3 mánuði	25%	—
- 3 mánuði	10%	—

en síðan verður ekki talið, að um örorku sé að ræða vegna þessa slyss".

Á grundvelli þessa örorkumats reiknar Guðjón Hansen tryggingafræðingur út atvinnutjón stefnanda. Þar segir svo:

„Með bréfi, dags. 30. ágúst 1965, hafið þér, herra hæstaréttarlögmaður, óskað eftir útreikningi á örorkutjóni Ásgeirs Jónssonar pípulagningamanns, Hólmgarði 40, Reykjavík, af völdum slyss, er hann varð fyrir 17. október 1963. Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis, dags. 13. ágúst 1965, er ekki talið vera um varanlegt orkutap að ræða, en tímabundin örorka er metin þannig:

Í 3 mánuði	100%
- 1 mánuð	75%
- 3 mánuði	50%
- 3 mánuði	25%
- 3 mánuði	10%

Þar eð hér er gert ráð fyrir, að orkutap af völdum slyssins sé úr sögunni 13 mánuðum eftir slysið, skiptir litlu, hvort töflur um starfsorkulíkur eru notaðar við útreikning tjónsins eða ekki. Ég hef þó tekið tillit til starfsorkulíkna, en Ásgeir er sagður fæddur 25. desember 1914 og hefur samkvæmt því verið 48 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Samkvæmt skattframtölum hans fyrir starfsárin 1961—1963 voru vinnutekjur hans þau ár sem hér segir:

Árið	1961	kr. 76.328.00
—	1962	— 123.827.30
—	1963	— 90.556.90

Mikill hluti ofangreindra tekna eru laun frá Klæðaverksmiðjunni Álafossi, en af öðrum vinnuveitendum má nefna Teppi h/f og Einar Þorgilsson & Co. h/f. Virðist Ásgeir hafa stundað teppalagningar undanfarin ár, enda er hann í skýrslum sakadóms Reykjavíkur í sambandi við mál þetta ýmist nefndur pípulagningamaður eða teppalagningamaður.

Við umreikning framangreindra vinnutekna til kauplags, eins og það var þá 13 mánuði, sem talið er, að um orkutap hafi verið að ræða, hef ég talið eðlilegt að styðjast við breytingar á töxtum iðnaðarmanna (ég hef hér stuðzt við vikukaup járniðnaðarmanna). Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér meðaltekjur áranna 1961 og 1962, þ. e. tveggja heilla starfsára fyrir slysið, vera sem hér segir:

Frá slysdegi til 20/12 1963	kr. 129.124.00
Frá 21/12 1963 til 29/9 1964	— 148.493.00
Frá 30/9 1964 til 17/11 1964	— 156.424.00

Hér er um að ræða meðaltal tveggja allmisjafnra ára, en þegar tillit er tekið til, að slysið varð í miðjum október 1963, virðast vinnutekjur þess árs vera í nokkuð góðu samræmi við þetta meðaltal.

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 72.121.00.

Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1951—1960".

Stefndu hafa báðir mótmælt þessum kröfulið sem of háum og

bent á, að lækka beri upphæð þessa með hliðsjón af því, að hún sé undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari.

Þegar haft er í huga, að tryggingafræðingurinn miðar útreikning sinn við vikukaup járniðnaðarmanna, og þess er gætt, að dýrtíð hefur farið vaxandi, síðan útreikningurinn fór fram, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 65.000.00.

Liðum b—h að báðum meðtöldum hefur ekki verið mótmælt tölulega, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Umlið i. Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin. Ljóst er, að sökum slyssing hefur stefnandi orðið að þola verulegar þjáningar og hlotið margs konar röskun á högum. Þykja því bætur til hans samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður tjón stefnanda kr. 65.000.00 + 1.200.00 + 1.000.00 + 45.00 + 300.00 + 420.00 + 150.00 + 60.00 + 60.000.00, eða samtals kr. 128.175.00.

Þar af ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda in solidum ⅕ hluta, eða kr. 25.635.00, auk 7% ársvaxta frá 17. okt. 1963 til 1/1 1965, 6% frá þeim degi til 31/12 1965 og 7% ársvöxtum frá 1/1 1966 til greiðsludags.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendunum Ólafi Jenssyni verkfræðingi og Indriða Níelssyni byggingameistara.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Einarsson og Klúbburinn h/f, greiði stefnanda, Össuri Ásgeiri Halldóri Jónssyni, in solidum kr. 25.635.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 17. okt. 1963 til 1/1 1965, 6% ársvöxtum frá þeim tíma til 31/12 1965 og 7% ársvöxtum frá 1/1 1966 til greiðsludags og kr. 6.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. desember 1967.

Nr. 94/1966. **Gunnar Ásgeirsson**
(Þorvaldur Þórarinsson hrl.)
gegn
Áka Jakobssyni (sjálfur)
Alfreð Gíslasyni f.h. Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkurhrepps
Birni Sveinbjörnssyni og Sjávarútvegsmálaráðherra og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Samningar. Lóðarleiga. Dómhæfi kröfu. Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. maí 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní s. á. Gerir hann þessar dómkröfur fyrir Hæstarétti:

„1. Á hendur Áka Jakobssyni, *að* hann verði dæmdur til að afsala áfrýjanda eignarrétti að hálfu á móti sér að lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvíkum svo og eignarrétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, enda greiði áfrýjandi þann hluta mannvirkjanna eftir mati.

2. Á hendur stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og Áka Jakobssyni saman, að ógildur verði lóðarsamningur, sem gerður var milli þessara stefndu og dagsettur er í Reykjavík hinn 4. desember 1962, og jafnframt, *að* dæmd verði í fullu gildi ákvörðun stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, gerð hinn 28. nóv. 1961, um að gefa Áka Jakobssyni og áfrýjanda kost á lóð til atvinnurekstrar í Ytri-Njarðvíkum, *að* lóðarsamningur, sem gerður var með tilvísun til þeirrar ákvörðunar í júní

1962 og undirritaður af hafnarstjóra og áfrýjanda, verði metinn gildur, hvað áfrýjanda snertir.

3. Á hendur Birni Sveinbjörnssyni, fyrrum sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, *að* hann verði dæmdur til að afmá úr veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu samning, dagsettan 4. desember 1962, milli stefndrar stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps annars vegar og stefnda Áka Jakobssonar hins vegar, en skjalið er í veðmálabókum embættisins merkt Litra X4 nr. 525, svo og *að* hann verði dæmdur til að færa að nýju inn í veðmálabækur embættisins lóðarsamning á milli stefndu stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og áfrýjanda, dags. 21. júní 1962.

4. Á hendur sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Áka Jakobssyni *in solidum* til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.500.000.00, vegna afnotamissis framangreindra lóða og mannvirkja, lánstraustsspjalla, óhagræðis og miska.

Til vara, að allir stefndu verði *in solidum* dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.00, ef aðalkröfur áfrýjanda verða ekki teknar til greina, eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar.

Loks er krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar".

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Af gögnum málsins er ljóst, að vorið eða sumarið 1961 gerðu þeir áfrýjandi og stefndi Áki Jakobsson með sér munnlegt samkomulag um að reka í sameiningu fiskverkunarstöð í Ytri-Njarðvík, en að öðru leyti er með öllu óupplýst, á hvern veg samningur þessi var. Í þessum tilgangi sóttu þeir sameiginlega hinn 14. september 1961 um lóðarréttindi til stjórnar Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur til bygg-

ingar nauðsynlegra húsa, og með bréfi 29. nóvember 1961 var þeim tilkynnt, að hafnarstjórn hefði daginn áður samþykkt lóðarbeiðni þeirra. Síðar var staðsetningu lóðarinnar breytt að ósk þeirra, eins og í héraðsdómi getur, og stærð hennar ákveðin.

Hið munnlega samkomulag þeirra áfrýjanda og stefnda Áka Jakobssonar fór út um þúfur, og er með öllu ósannað, hvor þeirra átti sök á því, að samningur þessi var ekki haldinn.

Hinn 14. maí 1962 ritaði svo áfrýjandi stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur bréf, þar sem hann skýrir frá ósamkomulagi þeirra og segir, að „engir möguleikar" séu „til þess, að um nokkurt samstarf geti orðið hjá okkur um byggingu á lóð þessari eða rekstur fyrirtækis þar. Það er því ekki að ófyrirsynju, að ég bið yður, að taka þessa lóðarúthlutun til athugunar að nýju og tilkynna byggingarnefnd Njarðvíkur, að þess vegna megi hún ekki mæla út lóðina.

Hins vegar tek ég það skýrt fram, að ég er á engan hátt að afsala mér úthlutuninni í hendur Áka Jakobssyni, heldur hef ég ekki viljað dylja yður þess, að samstarf okkar er útilokað vegna ástæðna, sem hann á einn sök á.

Ég tel því, að þið getið tekið úthlutunina til athugunar að nýju vegna breyttra ástæðna, og óska ég þess þá eindregið, að mér verði úthlutað lóðinni áfram ásamt syni mínum Einari Guðjóni, Smáratúni 32, Keflavík, og vil ég alveg sérstaklega taka það fram, að ekki mun síður verða af framkvæmdum, þótt Áki hverfi úr fyrirtækinu, sem hann sjálfur eyðileggur fyrirfram.

Verði hins vegar ekki orðið við þessari beiðni minni gegn vonum mínum, held ég til vara við sameiginleg réttindi mín að lóðinni ásamt Áka Jakobssyni".

Eins og að framan getur og nánar er rakið í héraðsdómi, var þeim áfrýjanda og stefnda Áka Jakobssyni sameiginlega úthlutað lóðinni, og var forsenda fyrir lóðarúthlutun þessari sú, að þeir reistu í félagi á henni byggingar fyrir væntanlegan rekstur þeirra við fiskverkun, en forsenda þessi brast, er upp úr hinu munnlega samkomulagi þeirra slitnaði,

og gat því stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur þá að eigin vild ráðstafað lóðinni af nýju. Ber því þegar af greindum ástæðum að sýkna stefnda Áka Jakobsson af kröfum samkvæmt 1. lið í kröfugerð áfrýjanda svo og að sýkna hann og stefndu Alfreð Gíslason f. h. Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu af kröfum áfrýjanda samkvæmt 2. og 4. lið í kröfugerð hans svo og af varakröfu hans, en síðari kröfu áfrýjanda í 1. lið kröfugerðar hans um, að stefnda Áka Jakobssyni verði gert að afsala honum eignarrétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, gegn greiðslu þess hluta mannvirkjanna „eftir mati", þykir bera að skýra á þann veg, að dómur viðurkenni rétt áfrýjanda til þessa hluta mannvirkjanna, sbr. 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Hinn 3. desember 1962 fór stefndi Áki Jakobsson þess skriflega á leit við stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, að honum einum yrði úthlutað lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík og gerður yrði leigusamningur um lóðir þessar. Samningur þessi var síðan gerður við hann daginn eftir, 4. desember 1962, og honum þinglýst 6. sama mánaðar, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu var þá stefndi Björn Sveinbjörnsson. Hann lét af því starfi 1. marz 1966, er hann gerðist hæstaréttarlögmaður, en við embættinu tók Einar Ingimundarson, og hefur hann gegnt því síðan.

Kröfur þær, sem áfrýjandi gerir í 3. kröfulið á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni, fyrrum settum sýslumanni, mátti bera undir héraðsdóm og síðan Hæstarétt að tilstefndum a. m. k. Áka Jakobssyni og Alfreð Gíslasyni f. h. Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur. Hins vegar varð kröfunni ekki beint gegn þinglýsingardómaranum. Varakrafa áfrýjanda um skaðabætur á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni fyrir þinglýsingarstarf hans varð borin undir Hæstarétt í sambandi við þinglýsinguna samkvæmt 38. gr. laga

nr. 57/1962 og innan þeirra fresta, er þar getur, en eigi undir héraðsdóm í einkamáli, sbr. 34. gr. laga nr. 58/1936. Samkvæmt því sem nú var rakið eru kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni eigi dómhæfar. Ber því að ómerkja héraðsdóminn, að því er þær varðar, og vísa þeim frá dómstólum.

Rétt er, að áfrýjandi greiði Birni Sveinbjörnssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms, að því er varðar kröfur á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni, er ómerkt, og er þeim vísað frá dómstólum. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, greiði stefnda Birni Sveinbjörnssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. nóvember s.l., hefur Gunnar Ásgeirsson, Smáratúni 32, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4., 6. og 8. janúar 1964, gegn Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, Skeiðarvogi 7, Reykjavík, Alfreð Gíslasyni bæjarfógeta, Mánagötu 5, Keflavík, f. h. stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfirði, Emil Jónssyni sjávarútvegsmálaráðherra og Gunnari Thoroddsen fjármálaráðherra, báðum hinum síðasttöldu f. h. ríkissjóðs.

Kveðst stefnandi gera þessar aðalkröfur:

1. Á hendur stefnda Áka Jakobssyni, *að* hann verði dæmdur til að afsala stefnanda eignarrétti að hálfu á móti sér að lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvíkum svo og eignar-

rétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, enda greiði stefnandi þann hluta mannvirkjanna eftir mati.

2. Á hendur stefnda stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og stefnda Áka Jakobssyni, *að* ógiltur verði lóðarsamningur, sem gerður var milli þessara stefndu og dagsettur er í Reykjavík hinn 4. desember 1962, og jafnframt, *að* dæmd verði í fullu gildi ákvörðun stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, gerð hinn 28. nóv. 1961, um að gefa Áka Jakobssyni og stefnanda kost á lóð til atvinnurekstrar í Ytri-Njarðvíkum og *að* lóðarsamningur, sem gerður var með tilvísun til þeirrar ákvörðunar í júní 1962 og undirritaður af hafnarstjóra og stefnanda, verði metinn gildur, hvað stefnanda snertir.

3. Á hendur Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, *að* hann verði dæmdur til að afmá úr veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu samning, dagsettan 4. desember 1962, milli stefnda stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps annars vegar og stefnda Áka Jakobssonar hins vegar, en skjalið er í veðmálabókum embættisins merkt Litra X4 nr. 525, svo og *að* hann verði dæmdur til að færa að nýju inn í veðmálabækur embættisins lóðarsamning á milli stefnda stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og stefnanda, dags. 21. júní 1962.

4. Á hendur sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Áka Jakobssyni in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.500.000.00 vegna afnotamissis framangreindra lóða og mannvirkja, lántraustsspjalla, óhagræðis og miska.

Til vara kveðst stefnandi krefjast þess, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.00, ef aðalkröfur hans verða ekki teknar til greina.

Stefndi Áki Jakobsson hefur krafizt sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að umboðsmönnum stefnanda verði gert að greiða honum in solidum málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu Landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum, Björns Sveinbjörnssonar, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Emils Jónssonar sjávarútvegsmálaráðherra og Gunnars Thoroddsens fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru gerðar þær dómkröfur *aðallega,* að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að

mati dómarans. *Til vara* er krafizt lækkunar á fjárkröfum stefnanda.

Samkvæmt gögnum málsins eru atvik þau, að hinn 14. september 1961 sóttu þeir stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, og stefndi Áki Jakobsson um lóð til leigu hjá stefnda Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Hinn 29. nóvember 1961 tilkynnti Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum þeim Gunnari Ásgeirssyni og Áka Jakobssyni, að samþykkt hefði verið að taka beiðni þeirra um lóðarleigu til greina, en nánari ákvörðun um staðsetningu lóðarinnar yrði tekin í samráði við hafnarstjóra. Þá er í bréfinu tekið fram, að þær reglur gildi um úthlutun lóða í landi hafnarinnar, að lóðarleigusamningur verði ekki gerður, fyrr en húsið sé fokhelt, og lóðinni verði úthlutað öðrum, ef framkvæmdir verði ekki hafnar á henni innan eins árs frá samþykkt hafnarstjórnar á umsókninni. Fóru síðan fram umræður á milli hafnarstjórans, Ragnars Björnssonar, og Gunnars Ásgeirssonar og Áka Jakobssonar um staðsetningu lóðarinnar. Virðist ekki hafa verið fullt samkomulag um staðsetningu lóðarinnar og stærð.

Hinn 31. janúar 1962 rituðu þeir Gunnar og Áki Landshöfninni bréf, þar sem þeir fara þess á leit, að þeir fái lóð á öðrum stað en fyrst var ákveðið. Þá benda þeir á, að þeir eigi grunn á lóð, sem hafði verið úthlutað þarna, en aldri gengið frá lóðarleigusamningi, og geti afsalað þeim réttindum og grunninum til Landshafnarinnar, ef óskað yrði. Hin 29. marz varð fallizt á, að staðsetning lóðanna yrði eins og Gunnar og Áki höfðu óskað. Það skilyrði var sett, að þeir Gunnar og Áki afsöluðu til Landshafnarinnar rétti þeirra til grunns á lóð þeirri, er áður getur. Undirritaði Áki yfirlýsingu þess efnis hinn 20. maí 1962.

Hinn 14. maí 1962 ritaði Gunnar Ásgeirsson Landshöfninni bréf, þar sem hann tilkynnir, að slitnað hafi upp úr samstarfi þeirra Áka Jakobssonar, og fer þess á leit, að lóðinni verði úthlutað honum ásamt syni hans, Einari Guðjóni Gunnarssyni. Bréfi þessu svaraði Landshöfnin með bréfi, dags. 18. maí 1962, þar sem tekið er fram, að lóðinni sé úthlutað til þeirra beggja, en ekki til hvors um sig. Þá er tekið fram, að ekki komi enn til álita að gera lóðaleigusamninga, þar sem skilyrði um byggingu sé ekki fullnægt. Bréf þetta var sent bæði Gunnari Ásgeirssyni og Áka Jakobssyni. Hinn 21. júní 1962 komu þeir stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, og Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður til hafnarstjórans fyrir Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarð-

víkurhrepps, og óskuðu þeir eftir því, að gengið yrði frá lóðarleigusamningi, enda væri skilyrðum öllum fullnægt.

Hafnarstjórinn lét útbúa sérstakan lóðarleigusamning, þar sem ákveðið er, að lóðin sé við Brekkustíg og 3.375 fermetrar að flatarmáli, leigð til 50 ára. Í samningnum er tekið fram, að leigutaki skuli hafa byrjað á byggingu á hinni leigðu lóð ekki síðar en 6 mánuðum eftir dagsetningu þessa samnings og hafa lokið því ekki síðar en 2 árum frá dagsetningu hans, ella falli hann úr gildi. Þá voru þar ákvæði um lóðarleigu og annað. Samningur þessi var ritaður í 4 eintökum. Skyldu leigutakar fá 3 eintök, eitt til afhendingar við þinglestur og eitt handa hvorum leigutaka, en hafnarstjóri héldi einu eftir. Undirritaði stefnandi Gunnar samninginn svo og hafnarstjórinn, en eigi vissi hafnarstjórinn annað en að Áki mundi koma síðar og undirrita samninginn af sinni hendi. Stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, fór þess á leit, að hann fengi með sér eitt eintak samningsins þannig undirritað, og féllst hafnarstjórinn á það, en hélt 3 eintökum eftir, til að Áki undirritaði þau. Þá greiddi Gunnar hálfa lóðarleigu fyrir árið 1962.

Hinn 9. júlí 1962 gerði stefnandinn Gunnar yfirlýsingu þá, sem er að finna á dskj. nr. 19. Tekur hann þar fram, að Áki Jakobsson neiti að undirrita lóðarleigusamninginn varðandi lóð þessa. Fékk hann yfirlýsingu þessari þinglesið hjá sýslumannsembættinu í Gullbringusýslu hinn 10. júlí 1962. Hinn 11. júlí sendi síðan stefnandinn Gunnar Landshöfninni ljósrit af yfirlýsingu þessari með bréfi og tekur fram, að hann óski eftir því, að lóðarleigusamningurinn frá 21. júlí verði undirritaður af Áka Jakobssyni og að stjórn Landshafnarinnar sjái um, að undirritun fáist, þannig að hægt sé að þinglýsa samningnum. Þá tekur Gunnar fram, að fáist samningurinn ekki undirritaður af Áka Jakobssyni, verði hann þinglýstur, eins og hann nú sé.

Hinn 28. júlí 1962 ritaði Landshöfnin síðan stefnandanum, Gunnari Ásgeirssyni, bréf, þar sem rakin eru viðskipti þessi. Er í bréfinu tekið fram, að þeim Áka sé leigt báðum sameiginlega og að leigusamningurinn taki ekki gildi, fyrr en Áki hafi einnig tekið á sig samningsskuldbindingu sína. Þá er tekið fram í bréfinu, að þótt Gunnar láti þinglýsa eftirriti því af lóðarsamningnum, er hann hafi fengið með sér, veiti það honum engan sérstakan rétt. Samrit bréfs þessa var sent sýslumanninum í Gullbringusýslu og síðar þinglesið við embættið hinn 16. október 1962. Hinn 30. nóvember 1962 ritaði Ragnar Björnsson hafnar-

stjóri fyrir hönd Landshafnarinnar þeim Áka Jakobssyni og stefnandanum, Gunnari Ásgeirssyni, enn bréf um mál þessi. Í bréfi þessu eru málsatvik nokkuð rakin, og síðan segir, að Áki Jakobsson sé eigi reiðubúinn að undirrita lóðarleigusamninginn. Þá segir, að þar sem þeim Gunnari og Áka hafi sameiginlega verið gefinn kostur á að fá lóð þessa leigða, en ekki öðrum hvorum þeirra, og þar sem þeir hafi eigi getað staðið við það skilyrði að taka báðir lóðina á leigu sem sameiginlegir leigutakar, þá telji stjórn Landshafnarinnar sig ekki bundna vilyrðum um lóðarleiguna. Sé þar með vilyrðið úr gildi fallið og afturkallað vegna vanefnda og niðurfallinn allur réttur þeirra sameiginlega til lóðarinnar. Þá var Gunnari Ásgeirssyni sendur með bréfi þessu sá hluti lóðarleigunnar, kr. 4.218.75, er hann hafði greitt hinn 21. júní 1962.

Hinn 4. desember 1962 gerði síðan Ragnar Björnsson hafnarstjóri f. h. Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps lóðarleigusamning um umræddar lóðir við Áka Jakobsson einan. Lóðir þessar bera nú númerin 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Skjal þetta var afhent til þinglestrar hinn 6. des. 1962, og fylgdu því við þinglesturinn samrit dómskj. nr. 11 og 12, og voru þessi skjöl þinglesin með leigusamningnum.

Hinn 6. des. 1962 ritaði Gunnar Ásgeirsson Landshöfninni bréf, þar sem hann mótmælti fyrrgreindum gerðum Landshafnarinnar og mun hafa endursent tékka þennan að fjárhæð kr. 4.218.75, er honum hafði áður verið sendur. Landshöfnin staðfesti móttöku þessa fjár og lagði það á viðskiptabók nr. 7819 við Sparisjóð í Keflavík og tók fram, að bókin lægi á skrifstofu Landshafnarinnar til afhendingar til Gunnars Ásgeirssonar, er hann óskaði þess.

Stefnandi kveðst áður hafa borið mál þetta upp við saksóknara ríkisins með kærum, dagsettum 4. marz 1963 og 22. apríl 1963, þar sem saga málsins sé rakin frá byrjun. Saksóknari hafi hins vegar ekki talið grundvöll til afskipta af máli þessu, og kveðst stefnandi því eigi komast hjá því að höfða einkamál á hendur hinum stefndu.

Sem málsatvikalýsingu kveðst stefnandi vilja taka upp í stefnu meginhluta þeirrar atvikalýsingar, sem fram hafi komið í kæru lögmanna hans til saksóknara, dags. 4. marz 1963, en hún sé á þessa leið:

„Sumarið 1961 kom Áki Jakobsson hrl. að máli við Gunnar Ásgeirsson, en þeir voru kunningjar frá fornu fari. Bað Áki

Gunnar að vera sér hjálplegan við útvegun lóðar fyrir kunningja sinn undir fiskverkunarhús og síldarsöltunarstöð í Grindavík. Gunnar tók vel í þetta, en sagði jafnframt á þá leið, að hagkvæmara og skynsamlegra mundi að festa fé í slíku fyrirtæki í Keflavík eða þar í grennd heldur en í Grindavík, þar sem hann teldi Keflavík (eða Njarðvíkur) liggja betur við heppilegum fiskimiður og hefði ýmsa aðra kosti umfram Grindavík í þessu sambandi. Og með því að Gunnari skildist, að Áki hefði e. t. v. sjálfan sig í huga, er hann talaði um kunningja sinn, stakk Gunnar upp á því, að þeir Áki gerðu með sér félag um rekstur alhliða fiskvinnslustöðvar í Keflavík eða nágrenni. Áki féllst á þetta, og var aldrei framar minnzt á útvegun lóðar í Grindavík. Bað nú Áki Gunnar að ganga í það að útvega þeim félögum lóð í Keflavík eða Njarðvíkum. Um þetta ræddu þeir nú fram og aftur og komu sér saman um að sækja báðir saman um lóðina, enda taldi Áki það vænlegra til árangurs, þar eð Gunnar var heimilisfastur þar syðra. Jafnframt bundu þeir fastmælum, að á lóð þeirri, sem þeir kynnu að fá, skyldu þeir í sameiningu reisa fiskverkunarstöðina og reka hana síðan í sameiningu. Var verkaskiptingin þannig hugsuð, að Áki hefði með höndum allt rekstrinum viðkomandi í Reykjavík, sæi um útflutning, bankaviðskipti og þess háttar, en að Gunnar hefði með höndum alla yfirstjórn á staðnum og við verkunina, enda kveðst hann vera þaulkunnugur hvers konar fiskverkun.

Þeir félagar hófust nú handa um undirbúningin. Tilmælum var komið á framfæri við hafnarstjórn Landshafnar Keflavík-Njarðvík um, að þeim væri úthlutað lóð undir atvinnurekstur sinn, sbr. umsókn, dags. 14/9 1961. Þetta bar þegar í stað þann árangur, að hafnarstjórn lofaði þeim félögum hinni sameiginlegu lóð hinn 29. nóvember 1961. Var þeim tilkynnt þetta skriflega.

Þegar hér var komið sögu, hófst Gunnar handa um að teikna í frumdráttum hús á lóð þessa, og var einkum haft í huga, að húsin væru þannig úr garði gerð, að þar væri hægt að reka sem fjölbreytilegasta fiskverkun.

Eftir að þeir félagar höfðu fengið sér úthlutað lóðinni, töldu þeir sig geta haft hennar enn fyllri not, ef þeim tækist að stækka hana. Þess vegna varð það að ráði, að þeir keyptu í sameiningu húsgrunn á lóð Björns Magnússonar vélsmiðs ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, sbr. samning, dags. 8. desember 1961.

Er á daginn kom, að heppilegra mundi að staðsetja fiskverkunarhúsin á lóð Björns og þar fyrir sunnan, fóru þeir félagar

með bréfi til hafnarstjórnar, dags. 31. des. 1961, fram á það, að þeim yrði úthlutað annarri lóð, sem þeir töldu, að væri óráðstafað, þ. e. fyrir sunnan hús Björns Magnússonar. Jafnframt sendu þeir byggingarnefnd Njarðvíkurhrepps bréf, dags. s. d., ásamt teikningum þeim, sem Gunnar hafði gert, og fóru fram á, að nefndin samþykkti fiskverkunarhúsin samkvæmt þeim. Með því að formleg svör fengust ekki strax frá hafnarstjórn um þessa nýju úthlutun, skrifuðu þeir félagar henni á ný hinn 16. marz 1962 og óskuðu eftir svari.

Svarbréf hafnarstjórnar er dags. 29. marz 1962. Svarið og upplýsingar, er þeir félagar fengu með því, báru með sér, að hér var í raun réttri um alveg nýja lóðarúthlutun að ræða, þ. e. á nýjum stað og m. a. háða því skilyrði, að þeir afsöluðu Landshöfninni rétti sínum yfir lóð þeirri, er þeir höfðu með fyrrgreindum samningi keypt af Birni Magnússyni. Rétt er að vekja þegar í stað athygli á því, að réttindum þessum afsalar Áki Jakobsson með bréfi, dags. 20. maí 1962, til Landshafnarinnar og kveðst hafa greitt kaupverðið einn. Sú fullyrðing er eigi á rökum reist.

Hinn 31. marz 1962 rituðu þeir félagar byggingarnefnd Njarðvíkurhrepps og báðu hana um að samþykkja afstöðuteikningu fiskhúsa sinna. Fylgdu þar með teikningar Gunnars Ásgeirssonar, sem þá hafði verið breytt með hliðsjón af hinni nýju lóðarúthlutun. Tekið skal fram, að þessar teikningar Gunnars virðast síðar hafa orðið innlyksa hjá Aka Jakobssyni eða starfsmanni hans, Guðmundi Magnússyni byggingameistara.

Þegar samþykki byggingarnefndar og hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps fyrir byggingunum var fengið, kveðst Gunnar hafa talið víst, að Áki gerði við sig félagssamning, eins og um hafði verið talað í upphafi.

Kveðst Gunnar hafa lagt áherzlu á formlega stofnun félagsskaparins, svo að þeir gætu sameiginlega hafizt handa um framkvæmdir á staðnum.

En bráðlega hafi komið á daginn, að Áki reyndi að skjóta sér undan því með því að draga félagsstofnunina á langinn.

Í maímánuði 1962 skýrði Friðrik Valdimarsson, formaður byggingarnefndar Njarðvíkurhrepps, Gunnari svo frá í símtali, að Áki hefði á eigin spýtur óskað eftir því, að mælt væri út fyrir húsunum. Þetta þótti Gunnari mjög grunsamleg framkoma hjá Áka, þar sem alltaf hafði verið um það talað þeirra á milli, að Gunnar sæi um verklegar framkvæmdir. Datt Gunnari í hug, að Áki væri byrjaður að reyna að sölsa undir sig lóðarréttindin.

Þess vegna segist Gunnar hafa lagt aukið kapp á félagsstofnun, ekki sízt þar sem á þeim tíma hafi Einar, sonur hans, ákveðið að leggja kr. 300.000.00—400.000.00 í fyrirtækið, annað hvort beint eða lána Gunnari þá fjárhæð í sama skyni. Er nú ekki að orðlengja það, að nú hófst keppni á milli þeirra félaga um frumkvæði á staðnum. Daginn, sem Áki lét mæla út fyrir húsunum, kom Gunnar með jarðýtu á staðinn til þess að ýta upp úr grunninum. Vildi Gunnar með þessu undirstrika þegar í stað rétt sinn til hinnar sameiginlegu lóðar. En þrátt fyrir ítrekuð mótmæli Gunnars, hóf Áki einn undirbúningsframkvæmdir á lóðinni. Þegar í ljós kom, að Áki lét ekki skipast og virtist ófáanlegur til þess að standa við gerða samninga, kveðst Gunnar hafa átt tal við þrjá menn úr stjórn Landshafnarinnar, þá Alfreð Gíslason, núverandi bæjarfógeta í Keflavík, Karvel Ögmundsson útgerðarmann og Ragnar Björnsson hafnarstjóra, en þeir hafi talið nefndinni deilur hans og Áka óviðkomandi. Segist Gunnar síðar hafa komizt á þá skoðun, að þeir munu þá þegar hafa verið í vitorði með Áka. Um svipað leyti, eða 7. júní 1962, birti Gunnar í þremur dagblöðum í Reykjavík yfirlýsingu, þar sem hann skýrði málið frá sínu sjónarmiði.

En nokkru áður hafði Gunnar snúið sér til meðundirritaðs, Hauks Jónssonar hrl., og m. a. beðið hann að hlutast til um, að gefinn yrði út lóðarsamningur í samræmi við ofangreinda úthlutun, þ. e. ályktun hafnarstjórnar 28. nóvember 1961. Þessi málaleitan bar þann árangur, að 21. júní 1962 gerði hafnarstjórnin formlegan lóðarleigusamning við þá Áka og Gunnar. Af hálfu Landshafnarinnar undirritaði samninginn Ragnar Björnsson hafnarstjóri, en af hálfu leigutakanna Gunnar Ásgeirsson einn, þar eð Áki Jakobsson var eigi viðstaddur. Lóðarleiguna greiddi Gunnar samdægurs að sínum hluta fyrir árið 1962. Nokkru síðar lét hann þinglýsa samningnum, enda þótt undirskrift Áka vantaði, svo að öllum mætti vera ljóst, að þeir félagar höfðu fengið lóðina sameiginlega.

Leið nú enn nokkur tími þannig, að Áki hélt uppteknum hætti um framkvæmdir á eigin spýtur, en fékkst ekki til að gera félagssamninginn við Gunnar eða undirrita lóðarsamninginn af sinni hálfu. Og ekki greiddi Áki heldur lóðarleiguna. Taldi Gunnar því nauðsynlegt að láta leggja lögbann við framkvæmdum Áka á hinni sameiginlegu lóð, enda hafði Haukur Jónsson hrl. þegar í fyrsta viðtali bent Gunnari á þá leið, m. a. vegna þess að þeir

félagar voru búnir að ráða sér byggingameistara sameiginlega og gátu því orðið skaðabótaskyldir gagnvart honum.

Lögbannsbeiðnin var afhent sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. júlí 1962. Eftir nokkurt þóf var lagt lögbann við framkvæmdum Áka gegn þeirri tryggingu, sem réttur ákvað. Síðan ætlaði Gunnar að láta reka staðfestingarmálið með eðlilegum hraða. En morguninn eftir að lögbannið var lagt, felldi dómarinn það sjálfur úr gildi án þess að gera umboðsmanni Gunnars aðvart um þá ákvörðun. Gunnar mótmælti þessari ráðstöfun sýslumanns, taldi hana algerlega tilefnislausa og andstæða lögum og venju og kærði hann til Hæstaréttar. Kveðst Gunnar vilja halda því fram, að sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi sýnt mikla hlutdrægni í þessu máli og að því er sér virðist dregið taum Áka Jakobssonar á allar lundir. Um lögbannsmálið getur að lesa í dómasafni Hæstaréttar (mál nr. 105 og 161/1962), og skal það því eigi nánar rakið hér. En þegar Gunnar var reiðubúinn að setja þá tryggingu fyrir lögbanni, sem krafizt var með hinni síðari ákvörðun sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, voru aðstæður alveg gerbreyttar, svo sem nú verður greint.

Gunnar Ásgeirsson fór smám saman að gruna, að eigi mundi vera allt með felldu um fjárhag Áka og viðskiptahætti. Benti ýmislegt til þess, að hann væri hinn mesti óreiðumaður í fjármálum og meira að segja vafasamt, hvort hann ætti fyrir skuldum um þessar mundir. Að minnsta kosti kom í ljós, að 6. sept. 1962 hafði verið þinglýst með 1.—3. veðrétti á hina sameiginlegu lóð þremur fjárnámsgerðum vegna vanskilaskulda Áka Jakobssonar, samtals að fjárhæð kr. 75.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Meðundirritaður, Þorvaldur Þórarinsson hrl., lét einmitt þinglýsa á 1. veðrétt fjárnámskröfu umbj. síns, Sigurðar Thoroddsen verkfræðings, en Jón Magnússon hdl., Tryggvagötu 8, fjárnámskröfum sínum á 2. og 3. veðrétt. Þrátt fyrir þetta tók Áki Jakobsson hjá Tryggingastofnun ríkisins (Atvinnuleysistryggingasjóði) þ. 14. nóv. 1962 lán að fjárhæð kr. 400.000.00 og veðsetti eignina til tryggingar því með 1. veðrétti, eins og ekkert hefði í skorizt. Og það jafnvel þó að stjórn Landshafnarinnar hefði þ. 16. okt. 1962 látið innrita hjá sýslumannsembættinu yfirlýsingu sína, dags. 28. júlí 1962, um, að hún teldi lóðarsamninginn ekki gildan. Efnislega vísast um þetta til meðfylgjandi veðbókarvottorðs, dags. 19/11 1962, er sýnir ennfremur, að Áki hafði skuldbundið sig með þingl. samningi, dags. 8. okt. 1962, til að veðsetja eignina ekki öðrum en Vörubílastöð Keflavíkur og einnig að hann

hafði með þingl. samningi, dags. 30/10 1962, á sama hátt skuldbundið sig til að veðsetja ekki eignina öðrum en Útvegsbanka Íslands.

Veðskjöl sýna, að Áki hefur fengið ríkisábyrgð fyrir 400.000.00 króna láninu. Rannsaka þyrfti, hvernig á því stóð, að hann gat fengið þá ábyrgð, eins og fjárhag hans virtist þá komið. Einnig þarf að rannsaka sérstaklega, hvernig á því stóð, að hann fékk þetta lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, þ. e. hver rök hann færði fyrir lántökunni, enda telur Gunnar, að Áki hafi notað hina sameiginlegu hagnaðarvon þeirra félaga og alla aðstöðu til þess að afla lánsfjárins fyrir sig einan.

Á meðan beðið var eftir úrslitum síðara kærumálsins í Hæstarétti, virðast Áki Jakobsson og stjórn Landshafnarinnar hafa haft ærið að starfa. Mun niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem hér er farið fram á, væntanlega sýna, hvort sú starfsemi getur talizt samrýmanleg velsæmi í opinberum störfum eða hvort hún þolir yfirleitt dagsins ljós.

En það, sem skeði, er í sem allra stytztu máli þetta:

Með bréfi til þeirra félaganna, Áka og Gunnars, dags. föstudaginn 30. nóvember 1962, tilkynnir stjórn Landshafnarinnar, að þeir séu sviptir umráðarétti yfir lóðinni, þar eð Áki hafi ekki fengizt til að undirrita samninginn, þó að eftir því væri leitað. Notar hafnarstjórn vanefndir Áka sem átyllu til þess að fella samninginn úr gildi. Með þessu er Gunnar, sem stóð við samninginn af sinni hálfu, á hinn gerræðisfyllsta hátt sviptur ótvíræðum samningsbundnum réttindum sínum til lóðarinnar. Bréf sýnir líka greinilega tvískinnung og óheilindi hafnarstjórnar, því að í öðru orðinu er réttilega talað um lóðarsamninginn frá 21. júní 1962, en í hinu um „vilyrði" fyrir lóðinni. En í bréfinu segir m. a. orðrétt: „Gunnar Ásgeirsson undirritaði leigusamninginn af sinni hendi, en Áki Jakobsson eigi. Hefur þó verið eftir því leitað, en hann telur sig nú eigi reiðubúinn að undirrita lóðarleigusamninginn með Gunnari Ásgeirssyni".

Verður eigi annað séð en að hafnarstjórn hafi með þeirri ákvörðun, sem frá er greint í bréfinu, verið að reka erindi Áka Jakobssonar og með þessari ráðstöfun gert sig seka um alvarlegt brot í opinberu starfi og refsivert athæfi.

En landshafnarstjórn lét ekki þar við sitja. Mánudaginn 3. desember 1962 ritar Áki Jakobsson henni bréf, þar sem hann fer þess á leit, að honum einum verði látinn í té lóðarsamningur um margnefnda lóð þeirra félaga, er hann telur vera nr. 32-34-36

við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Í bréfi þessu kveðst Áki munu ábyrgjast Landshöfninni að skaðlausu allar greiðslur og bótakröfur, sem Gunnar Ásgeirsson kunni að hafa uppi gagnvart sér eða Landshöfninni, svo sem nánar er rakið í bréfinu. Og nú lá Landshafnarstjórn ekki á liði sínu, því einmitt sama dag, þ. e. sjálfan mánudaginn 3. desember 1962, heldur hún fund og ákveður að leigja Áka Jakobssyni lóðir þær, sem hann fer fram á, einmitt þær sömu lóðir, er hann hafði verið sviptur vegna vanefnda sinna *einum virkum degi fyrr*. Eigi verður séð af skjölum málsins, hvort skeði fyrr þennan mánudag, að nefndin tók ákvörðun sína eða Áki skrifaði henni umsóknina, en væntanlega mætti upplýsa þetta, með því að Kristinn Gunnarsson hrl., fulltrúi í Atvinnumálaráðuneytinu, ritar nafn sitt sem vitundarvottur á ofangreint bréf Áka, (umsókn). ...

Daginn eftir, þ. e. þriðjudaginn 4. des. 1962, er gerður við Áka Jakobsson skriflegur samningur um lóðina. Er samningurinn undirritaður af Ragnari Björnssyni hafnarstjóra f. h. Landshafnarinnar. Áki Jakobsson undirritaði samninginn sjálfur samdægurs. Ber samningurinn með sér, að Ragnar hefur tekizt ferð á hendur til Reykjavíkur til að undirrita samninginn. Samningurinn sýnir ennfremur, að vitundavottar voru ekki valdir af verri endanum, því að til þess starfa voru kjörnir tveir háttsettir embættismenn í stjórnarráðinu, þeir Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og Gunnar Vagnsson fulltrúi. Virðist okkur undirrituðum þessi atvik eindregið benda til þess, að ríkisstjórnin eða einstakir ráðherrar eða ráðuneytisstarfsmenn hafi haft undarlega mikinn áhuga á málinu og afskipti af því.

Daginn eftir undirritun samningsins, þ. e. miðvikudaginn 5. desember 1962, kvað Hæstiréttur upp síðari úrskurð sinn í sambandi við lögbannsmálið. En þá var ekki lengur hægt að framfylgja lögbanninu, því að þá var Áki Jakobsson orðinn einkaeigandi hinna umdeildu réttinda, og lét hann síðan þinglýsa samningi sínum hinn 6. sama mánaðar".

Stefnandi reisir aðalkröfur sínar á því, að stefndi Áki Jakobsson hafi á ólögmætan hátt sölsað undir sig þau lóðarréttindi í Ytri-Njarðvíkum, sem honum og stefnanda hafi verið lofað og höfðu verið afhent þeim sameiginlega. Til þessa verks telur stefnandi, að Áki hafi notið aðstoðar stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýsluskrifstofunnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og einstakra starfsmanna í stjórnarráðinu, svo sem Brynjólfs Ingólfssonar ráðuneytisstjóra. Enn telur stefn-

andi, að þessir þrír aðiljar: stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu og viðkomandi ráðuneyti hafi beitt sig hreinni valdníðslu og augljóslega brotið landslög með því:

1) Að stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps afturkallar og ógildir gerðan lóðarsamning (dags. 21. júní 1962) á þeim forsendum, að stefndi Áki Jakobsson hafi ekki fyrir sitt leyti staðið við samninginn til þess eins að gera samtímis við hann einan leigusamning um sama landið.

2) Að sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu afmáir úr veðmálabókum þinglýstar yfirlýsingar stefnanda um kvaðir á þessum lóðum og þinglýstan samning, undirritaðan af stefnanda og hafnarstjórn Landshafnar, og tekur síðan við til þinglýsingar öðrum lóðarsamningi við stefnda Áka Jakobsson um sama landið og gerir honum þar með kleift að veðsetja lóðir þessar fyrir lánum sér einum til handa.

3) Að athafnir þessar eru allar gerðar með vitund og vilja þess ráðuneytis, sem ber ábyrgð á stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, svo sem lóðarleigusamningur, dagsettur í Reykjavík 4. desember 1962, ber með sér, þar sem hann er vottaður af þeim Brynjólfi Ingólfssyni ráðuneytisstjóra og Gunnari Vagnssyni, deildarstjóra í atvinnumálaráðuneytinu, sem báðir starfa á ábyrgð Emils Jónssonar sjávarútvegsmálaráðherra.

Stefnandi kveður fjármálaráðherra vera stefnt vegna fébótaábyrgðar ríkissjóðs.

Stefndi Áki Jakobsson reisir sýknukröfur sínar m. a. á því, að stefnandi eigi sjálfur sök á því, að ekki varð af samvinnu með þeim um framkvæmdir á umræddum lóðum. Þegar byggingarleyfi hafi verið fengið og möguleikar hafi verið á að hefja framkvæmdir, hafi stefnandi tilkynnt, að hann ætlaði ekki að leggja í framkvæmdir þá strax, en hann mundi grafa grunn húsanna nægilega snemma til þess að fullnægja skilyrðum í bréfi Landshafnarstjórnar, sbr. dómsskj. nr. 4.

Kveðst stefndi Áki Jakobsson þá strax hafa sagt stefnanda, að hann vildi byggja, enda hafi þá verið búið að leggja út í kostnað við teikningar og útreikninga, auk þess sem búið hafi verið að semja við byggingameistara um að byggja, en þeir stefnandi og stefndi Áki hlytu að hafa orðið skaðabótaskyldir gagnvart honum, ef þeir hættu þannig skyndilega, en hann búinn að setja af sér önnur verk. Þá kveður stefndi Áki, að ein ástæða stefn-

anda fyrir því að hætta við framkvæmdirnar hafi verið sú, að hann hafi raunverulega verið félaus, og hafi stefnandi blekkt hann allan tímann í því atriði, enda hafi þetta komið fram í yfirlýsingu, sem stefnandi hafi birt í dagblöðum Reykjavíkur um þetta leyti. Kveðst stefndi Áki telja sig hafa haft fullan rétt til þess að hefja framkvæmdir einn og að með því tæki hann engan rétt af stefnanda, með því að samkvæmt bréfi Landshafnarstjórnar á dómsskj. nr. 4 hefði hvorugur rétt til leigusamnings, fyrr en hús væru orðin fokheld. Þegar stefnandi gafst upp við að hefja framkvæmdir, þá kveðst stefndi Áki telja, að hann hafi afsalað sér um leið öllum rétti til lóðarinnar. Þá kveður stefndi Áki lóðarsamninginn á dómsskj. nr. 10 vera aðeins uppkast, sem hafnarstjórinn, Ragnar Björnsson, hafi lánað stefnanda, en stefnandi hafi misfarið með þann trúnað, sem hafnarstjórinn hafi sýnt honum, og leitazt við að fara með þetta uppkast sem fullgildan samning og m. a. látið þinglýsa því, að því er séð verður í þeim eina tilgangi að valda stefnda Áka örðugleikum við byggingarframkvæmdirnar. Þá kveður stefndi Áki, að Landshafnarstjórn hafi til þess að taka af allan vafa afturkallað lóðarloforðið, sem gefið var þeim stefnanda og stefnda á dómsskj. nr. 4, enda hafi allar forsendur þess vilyrðis fyrir lóð, sem í því var gefið þeim báðum til handa, verið fallnar og brostnar fyrir einhliða aðgerðir af hálfu stefnanda, er hann skyndilega og þegar allt var tilbúið til að hefja framkvæmdir rauf samkomulag við stefnda Áka og hætti við allar framkvæmdir. Loks kveður stefndi Áki samninginn á dómsskj. nr. 5 í rauninni ekki koma þessu máli við. Eins og sjáist á þeim samningi, hafi kaupverð grunnsins verið kr. 45.000.00. Kveðst hann hafa greitt útborgunina og samþykkt alla víxlana og greitt þá. Stefnandi hafi þar engan eyri greitt. Nafn hans á þeim samningi byggist á þeirri blekkingu, sem stefnandi hafi haldið fram, að hann hefði einhver peningaráð, en það hafi ekki reynzt rétt.

Aðrir stefndu í máli þessu reisa sýknukröfur sínar á eftirfarandi ástæðum:

1. *Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps.*

Stefndi Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps styður sýknukröfu sína þeim rökum, að eins og fram komi í málinu, hafi þeim stefnandanum, Gunnari Ásgeirssyni, og stefnda Áka Jakobssyni verið leigð umrædd lóð sameiginlega með ákveðnum skilyrðum. Leigutakarnir, stefnandinn Gunnar og stefndi Áki, hafi ekki staðið við það skilyrði, að þeir yrðu báðir leigu-

takar á lóðinni, og þegar það hafi legið ljóst fyrir, að útilokað væri, að þeir yrðu leigutakar, hafi ekki verið um annað að gera en að fella úr gildi hina fyrri ákvörðun um að leigja þeim sameiginlega lóðina. Hafi þá stefnda Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps verið heimilt að leigja lóðina hverjum sem hún óskaði og hafi henni engin skylda borið til að hafa nein samráð við stefnandann. Ákvörðun frá 28. nóvember 1961 um að gefa þeim stefnanda og Áka Jakobssyni kost á lóðinni hafi þá verið fallin niður og skjal það, er stefnandi hafi undirritað hinn 21. júlí 1962, hafi aldrei verið leigusamningur og geti ekki öðlazt gildi sem slíkur. Þar hafi aðeins legið fyrir viljayfirlýsing stefnanda um, að hann væri reiðubúinn að undirrita leigusamninginn, og viljayfirlýsing hafnarstjóra vegna stefnda Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, að ef báðir samningsaðiljar undirrituðu samninginn, þá yrði við hann staðið af hennar hálfu. Þá er og á það bent af hálfu stefnda Landshafnar, að ekki verði séð, að stefnandi hafi staðið við byggingarskilyrði lóðarleiguvilyrðisins og heldur ekki við þau byggingarskilyrði, sem sett séu fram í lóðarleigueyðublaðinu. Megi því telja ljóst, að farið hafi verið hér algerlega löglega að.

Varakröfu stefnanda um, að stefnda Landshöfn verði in solidum með öðrum aðiljum dæmd til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.00, ef aðrar kröfur hans verða ekki teknar til greina, er af hálfu stefnda Landshafnar mótmælt sérstaklega og krafizt sýknu af henni, enda kveður stefndi Landshöfn stefnanda ekki hafa sýnt fram á neitt tjón, er hún hafi bakað honum. Þá kveðst stefndi Landshöfn mótmæla þessari kröfu sem allt of hárri, enda hafi ekki komið fram af hendi stefnanda nokkur rökstuðningur fyrir því, að hann hafi orðið fyrir tjóni eða hvernig tjónsfjárhæðin sé fengin.

2. *Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.*

Framangreindur stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að samningurinn á milli stefndu stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og Áka Jakobssonar frá 4. des. 1962 hafi verið formlega réttur, þar sem leigusalinn hafi verið hinn rétti eigandi landsins og því haft heimild til að ráðstafa því. Hafi sýslumannsembættinu því verið rétt og skylt að taka skjalið og innrita það til þinglestrar. Hin fyrri skjöl, sem stefnandi hafi látið þinglýsa í sambandi við þessi mál, hafi greinilega verið

ógild með vísan til þeirra gagna, er fylgdu máli þessu, enda einungis einhliða yfirlýsing hans.

Þá kveðst framangreindur stefndi algerlega mótmæla varakröfu stefnanda um, að hann verði dæmdur in solidum með öðrum stefndu í málinu til að greiða stefnanda kr. 3.000.000.00 í skaðabætur, ef aðalkröfur hans í málinu verði ekki teknar til greina, enda ekki færðar nokkrar líkur að því, að hann hafi nokkuð það gert, er geti orðið stefnanda til fjárhagstjóns. Þá sé þessari kröfu mótmælt sem allt of hárri, hún sé algerlega órökstudd og ósundurliðuð.

3. *Sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.*

Framangreindir stefndu reisa sýknukröfur sínar á því, að ekkert sé fram komið, sem bendi til þess, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eða stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps hafi á nokkurn hátt komið þannig fram gagnvart stefnanda, er veiti honum rétt til bóta. Þá sé fjárhæðinni, kr. 1.500.000.00, mótmælt sem órökstuddri, ósundurliðaðri og allt of hárri.

Með tilvísan til framanritaðs krefjast framangreindir stefndu algerrar sýknu af varakröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 3.000.000.00 in solidum með öðrum stefndu í málinu, verði aðalkröfur hans ekki teknar til greina. Þá mótmæla þeir og kröfunni sem allt of hárri, órökstuddri og ósundurliðaðri.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í máli þessu, og verður nú rakið það helzta, sem þar hefur komið fram.

Stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest málavaxtalýsingu í stefnu frá bls. 4—12.

Ragnar Ágúst Björnsson, hafnarstjóri Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, hefur og komið fyrir dóm og staðfest málavaxtalýsingu á dómsskj. nr. 16 frá öðrum greinaskilum á bls. 2 að öðrum greinaskilum á bls. 5. Kveður hann þar rétt frá greint að öðru leyti en því, að venja sé að gera lóðarleigusamninga hjá Landshöfninni í 3 eintökum en ekki 4. Samningarnir hafi verið gerðir í 4 eintökum í þessu tilfelli vegna tilmæla stefnanda og lögmanns hans, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Hafnarstjórinn kveður það rétt, sem greinir í dómsskj. nr. 14, að Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri hafi óskað þess, að fundur yrði haldinn og málinu hraðað til þess að afgreiða lóðamál Áka Jakobssonar, en tilmæli þessi kveður hann hafa verið

gerð munnlega. Hann kveðst enga fyrirskipun hafa fengið frá ráðuneytinu um afgreiðslu þessa máls, en eigi að síður hafi stjórn Landshafnarinnar haft samráð við ráðuneytisstjóra um afgreiðslu þess. Stjórn Landshafnarinnar hafi talið, að málið væri komið í óefni og að það þyrfti að afgreiða það endanlega og hafi hafnarstjórnin talið málinu þannig varið, að hún yrði að hafa samband við ráðuneytisstjóra, og hafi málið mikið verið rætt við hann. Áður en fundurinn, sem haldinn var 3. desember 1963, var haldinn, hafi verið búið að ákveða að úthluta Áka Jakobssyni lóðinni. Hafnarstjórinn kveðst aldrei hafa talað við ráðherra vegna máls þessa. Hann kveðst sérstaklega aðspurður ekki muna, að hvers tilhlutan samningurinn var undirritaður í atvinnumálaráðuneytinu, en hann hafi vitað, að Áki ætlaði að vera þar staddur, en kann ekki að greina, hvort ráðuneytisstjórinn hafi haft milligöngu um, að þeir hittust þarna eða hvort Áki hafi sjálfur farið fram á það. Þá kveðst hann ekki muna eftir, að strikaðar hafi verið út bókanir á fundi hafnarstjórnarinnar, sbr. 3. mgr. á dómsskj. nr. 14, og tekur fram, að hafnarstjórnin hafi aldrei fengið neinar fyrirskipanir um afgreiðslu málsins.

Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri skýrir svo frá fyrir dómi, að hafnarstjóri Landshafnarinnar hafi fyrst haft samband við sig vegna máls þessa seint í júlí 1962 vegna þess, að þá hafi málið verið komið í óefni, og hafi hafnarstjórinn síðar oft haft samband við sig vegna máls þessa. Vitnið kveður ráðuneytið hafa haft áhuga á, að mál þetta leystist og það sem fyrst, en kveðst geta fullyrt, að ekki hafi það gefið bein fyrirmæli um efnislega afgreiðslu málsins. Vitnið kveðst oft hafa átt tal við hafnarstjórann og einu sinni við forman hafnarnefndar um, hverjar leiðir væru færar til lausnar á máli þessu, en kveðst aldrei hafa gefið bein fyrirmæli. Vitnið kveðst ekki vilja rengja það, sem greinir á dómsskj. nr. 14, að fundurinn 3. desember væri haldinn að tilmælum þess og að það hafi óskað eftir, að hann yrði haldinn strax. Tekur vitnið fram, að tilmæli þess um, að fundinum, sem haldinn var 3. desember, yrði hraðað, hafi verið í beinu framhaldi af viðræðum hafnarstjóra, formanns hafnarnefndar og vitnisins. Vitnið kveðst ekki hafa boðað þá Áka og hafnarstjórann í ráðuneytið og viti það ekki, hvort þeir hafi ákveðið að hittast þar eða komið þangað saman, en rétt sé, að samningurinn hafi verið undirritaður í ráðuneytinu. Þetta hafi verið rétt fyrir hádegi og starfsfólki verið farið að fækka og

hafi þeir snúið sér til vitnisins og Gunnars Vagnssonar, til þess að þeir vottuðu undirskrift samningsins.

Vitnið segir aðspurt, að ráðherra hafi verið kynnt málið jafnóðum, en ekki hafi ráðherra gefið vitninu nein fyrirmæli um afgreiðslu þess, en hafi viljað, að málið yrði afgreitt í samræmi við vilja meiri hluta hafnarstjórnarinnar.

Vitnið tekur fram varðandi dómsskj. nr. 12, að það hafi ekki látið athuga efnahag Áka Jakobssonar með það fyrir augum, hvort hann gæti staðið við skuldbindingu þessa. Ekki kveðst vitnið hafa haft nein afskipti af lögbannsmáli stefnanda gegn Áka Jakobssyni.

Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur komið fyrir dóm. Lagði lögmaður stefnanda þar fyrir hann nokkrar spurningar, sem lögmaður stefndu mótmælti, að lagðar yrðu fyrir hann. Krafðist þá lögmaður stefnanda úrskurðar um það, hvort spurningar þessar skyldu lagðar fyrir sýslumanninn, og voru atriðin tekin til úrskurðar. Gerðist þetta í þinghaldi 2. október 1964. Í sama þinghaldi óskaði stefnandi eftirfarandi bókunar: „Þegar hinum nýja samningi við Áka Jakobssonar hafði verið þinglýst, kveðst hann hafa gengið á fund sýslumannsins og spurt hann, hvers vegna tekið væri við nýjum samningi um sama landið og honum þinglýst". Svar sýslumannsins hafi verið: „Hvað á ég að gera, Gunnar, þegar Áki kemur með háttsetta menn úr ráðuneytinu og óskar eindregið, að þetta sé gert".

Kvaðst sýslumaðurinn aðspurður aldrei hafa sagt þessi orð, sem stefnandi hefði hér eftir honum, og ekkert í þá átt. Þá kvaðst sýslumaðurinn aðspurður ekki vita til þess, að atvinnumálaráðuneytið hefði haft afskipti af því, sem gert var í sambandi við mál þetta á sýslumannsskrifstofunni í Hafnarfirði, en kvaðst ekki muna, hvort Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri hefði átt viðtal við hann vegna máls þessa, en þó geti vel verið, að þetta hafi einhvern tíma borið á góma í samtölum þeirra á milli.

Hinn 27. október 1964 var sýslumaðurinn aftur kvaddur fyrir dóm, þar sem dómarinn, sem með yfirheyrsluna fór, taldi nauðsynlegt að fá svör hans við því, hvort hann vildi svara spurningum þeim, sem lögmaður annarra stefndu en Áka Jakobssonar mótmælti í hinu fyrra þinghaldi, að lagðar yrðu fyrir hann. En spurningar þessar eru um eftirgreind atriði: Hvers vegna ekki komi fram í veðbókarvottorðum á dómsskj. nr. 29—31 yfirlýsing Gunnars Ásgeirssonar, dags. 9/7 1962 og þinglesin 10/7 1962.

Hvers vegna lögbanninu, sem lagt hafi verið á framkvæmdir Áka Jakobssonar í júní 1962, hafi ekki verið fram haldið og hvers vegna tekið hafi verið við nýjum samningum við Áka Jakobsson til þinglestrar, eftir að búið var að þinglýsa samningi við þá stefnanda og Áka Jakobsson.

Í þinghaldi þessu neitaði sýslumaðurinn að svara öllum spurningunum, og sem rökstuðning fyrir neitun sinni vísaði hann til rökstuðnings fyrir mótmælum lögmanns stefndu í fyrra þinghaldi, en þau voru á þá leið, að þetta sé upplýst með skjölum sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sbr. dómsskj. nr. 25, 26 og 27.

Í þinghaldi í málinu 9 desember 1964 var fallið frá kröfu um úrskurð varðandi framangreindar spurningar.

Skulu nú athugaðir hinir einstöku kröfuliðir stefnanda.

Um 1. kröfulið.

Undir þessum kröfulið gerir stefnandi þær kröfur á hendur stefnda Áka Jakobssyni, að hann verði dæmdur til að afsala sér eignarrétti að hálfu að lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvíkum svo og eignarrétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, enda greiði stefnandi þann hluta mannvirkjanna eftir mati. Eins og áður er fram komið, reisir stefnandi þessar kröfur sínar á því, að stefndi Áki Jakobsson hafi á ólögmætan hátt sölsað undir sig þau lóðarréttindi í Ytri-Njarðvíkum, sem honum og stefnanda hafi verið lofað og höfðu verið afhent þeim sameiginlega.

Það kemur fram í gögnum málsins, sbr. bréf Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps á dómsskj. nr. 4, að stefnanda og stefnda Áka Jakobssyni hefur verið gefinn kostur á því að fá sameiginlega leigðar framangreindar lóðir, sbr. og dómsskj. nr. 10. Hins vegar kemur einnig fram í gögnum málsins, sbr. bréf stefnanda, dags. 14. maí 1962, á dómsskj. nr. 17, sbr. og bréf landshafnarstjóra, dags. 30. nóv. 1962, á dómsskj. nr. 11, að ágreiningur hefur risið með stefnanda og stefnda Áka, sem komið hefur í veg fyrir, að um samvinnu gæti orðið að ræða þeirra á milli um að taka lóðirnar sameiginlega á leigu, sbr. og greinargerð stefnda Áka Jakobssonar á dómsskj. nr. 15. Með því og að stefnandi hefur í framangreindu bréfi sínu til stjórnar Landshafnarinnar beinlínis farið fram á, að hún tæki að nýju til athugunar úthlutun á lóð þeirri, sem honum og stefnda Áka Jakobssyni hafði verið úthlutað, vegna þess að hann telur enga möguleika á, að um nokkurt samstarf geti orðið að ræða þeirra

á milli um byggingar á lóðinni, þykir stjórn Landshafnarinnar hafa haft fulla heimild til að afturkalla það loforð, sem hún hafði veitt þeim stefnanda og stefnda Áka sameiginlega fyrir lóðinni, og þá að sjálfsögðu að leigja hana síðan hverjum sem hún vildi.

Ekki verður litið svo á, að stefnandi geti byggt neinn rétt sér til handa á samningi þeim, sem lagður hefur verið fram sem dómsskj. nr. 10 í máli þessu, þar sem undirskrift annars leigutakans, stefnda Áka Jakobssonar, vantar, en samkvæmt því þykir verða að líta svo á, að aldrei hafi komizt á fullgildur leigusamningur á milli þessara aðilja.

Með samningi, dags. 4. desember 1962, dómsskj. nr. 13 í máli þessu, leigði stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps stefnda Áka Jakobssyni einum umrædda lóð, eftir að afturkallað hafði verið loforð það, sem þeim stefnanda og stefnda Áka hafði sameiginlega verið veitt fyrir henni, sbr. það, sem áður greinir.

Samkvæmt því, sem fram kemur í skjölum málsins, þar á meðal í auglýsingu stefnanda á dómsskj. nr. 32, hefur stefndi Áki Jakobsson einn kostað þær byggingarframkvæmdir, sem átt hafa sér stað á lóðinni, og stefnandinn ekki lagt þar fram neitt fé. Verður því ekki séð, að stefnandi eigi neina lögmæta kröfu á hendur stefnda Áka til afsals fyrir helmingi lóðarréttinda eða mannvirkja, sem á lóðinni hafa verið reist.

Ber því samkvæmt framanrituðu að sýkna stefnda Áka Jakobsson af þessari kröfu stefnanda.

Um. 2. kröfulið.

Kröfu samkvæmt þessum lið hefur áður verið lýst. Samkvæmt gögnum málsins og því, sem að framan greinir (um 1. kröfulið), verður ekki talið, að landshafnarstjórn eða stefndi Áki Jakobsson hafi aðhafzt neitt það, sem valdið geti ógildingu lóðarsamnings við stefnda Áka Jakobsson, dags. 4. desember 1962. Af sömu ástæðum þykja eigi efni til að taka til greina önnur atriði þessa kröfuliðar, og ber því að sýkna stefnda stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og stefnda Áka Jakobsson af þessum kröfulið í heild.

Um 3. kröfulið.

Með tilvísan til gagna málsins og þess, sem áður hefur greint verið (um kröfuliði 1 og 2), komst ekki á lögmætur samningur um leigu á umræddum lóðum á milli stefnanda og stefnda Áka Jakobssonar annars vegar og stjórnar Landshafnarinnar hins vegar, og leigði því stjórn Landshafnarinnar stefnda Áka einum

lóðirnar. Með því að ekkert það hefur komið fram í málinu, sem talið verði geta valdið ógildingu þess samnings, þykja ekki efni til að taka til greina þau atriði, sem í þessum kröfulið greinir. Ber því að sýkna stefnda Björn Sveinbjörnsson, settan sýslumann í Gullbringu- og Kjósarsýslu, af þessum kröfulið.

Um 4. kröfulið.

Bótakrafa samkvæmt þessum lið að fjárhæð kr. 1.500.000.00 er algerlega órökstudd og ósundurliðuð. Ber þegar af þeirri ástæðu svo og með tilvísan til þess, sem hér á undan er rakið, að sýkna stefndu sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu af þessum kröfulið.

Af sömu ástæðum og að framan greinir þykir einnig bera að sýkna stefnda Áka Jakobsson af þessum kröfulið.

Verður því niðurstaða málsins sú, að allir hinir stefndu eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Í stefnu í máli þessu eru víða ósæmileg ummæli um hina stefndu, og skulu þau nú greind:

Á bls. 2 í stefnu, síðasta málsgrein: „Aðalkröfur sínar byggir stefnandi á því, að Áki Jakobsson hafi á ólögmætan hátt sölsað undir sig þau lóðarréttindi í Ytri-Njarðvíkum, sem honum og stefnanda hafi verið lofað og höfðu verið afhent þeim sameiginlega. Til þessa verks telur stefnandi, að Áki hafi notið aðstoðar stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýsluskrifstofunnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og einstakra starfsmanna í stjórnarráðinu, svo sem Brynjólfs Ingólfssonar ráðuneytisstjóra. Enn telur stefnandi, að þessir þrír aðilar: stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýslumannsembættið í Gullbrigu- og Kjósarsýslu og viðkomandi ráðuneyti hafi beitt sig hreinni valdníðslu og augljóslega brotið landslög með því ...“.

Á bls. 8 í stefnu í 2. málsgrein: ‚Kveðst Gunnar vilja halda því fram, að sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi sýnt mikla hlutdrægni í þessu máli og að því er sér virðist, dregið taum Áka Jakobssonar á allar lundir ...“.

Á bls. 9 í stefnu í 3. málsgrein: „Á meðan beðið var eftir úrslitum síðara kærumálsins í Hæstarétti, virðast Áki Jakobsson og stjórn Landshafnarinnar hafa haft ærið að starfa. Mun niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem hér er farið fram á, væntanlega

sýna, hvort sú starfsemi getur talizt samrýmanleg velsæmi í opinberum störfum eða hvort hún þolir yfirleitt dagsins ljós".

Á bls. 10 í stefnu í 1. málsgrein: „Með þessu er Gunnar, sem stóð við samninginn af sinni hálfu, á hinn gerræðisfyllsta hátt sviptur ótvíræðum samningsbundnum réttindum sínum til lóðarinnar. Bréf sýnir líka greinilega tvískinnung og óheilindi hafnarstjórnar ...".

Á bls. 10 í stefnu í 2. málsgrein: „Verður eigi annað séð en að hafnarstjórn hafi með þeirri ákvörðun, sem frá er greint í bréfinu, verið að reka erindi Áka Jakobssonar og með þessari ráðstöfun gert sig seka um alvarlegt brot í opinberu starfi og refsivert athæfi".

Á bls. 12 í stefnu í 2. málsgrein: „Einnig verður að rannsaka vandlega allt samband hans við þá menn úr Landshafnarstjórn, sem að lóðarúthlutun til hans stóðu, en því miður verður eigi annað séð en að þeir hafi vísvitandi brotið lög og samninga á Gunnari í þeim tilgangi að draga taum Áka Jakobssonar og greiða götu hans".

Eins og áður er tekið fram, þykja hin tilvitnuðu ummæli ósæmileg, og þykir bera að átelja stefnanda og umboðsmenn hans út af þeim.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Áki Jakobsson, Alfreð Gíslason f. h. stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. desember 1967.

Nr. 192/1967. **Bifreiðaverkstæði Fólksvagn s/f**
gegn
Aðalsteini V. Magnússyni og
Magnúsi A. Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 30. nóvember 1967, sem hingað barst 5. desember s. á., og krafizt þess, að frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 17. nóvember 1967, í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum verði hrundið og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms. Þá hefur sóknaraðili krafizt kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Af hendi varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Í máli þessu hefur sóknaraðili stefnt til greiðslu þriggja víxla, hvers að fjárhæð kr. 4.000.00, útgefinna af varnaraðiljanum Magnúsi A. Magnússyni 8. marz 1967, en samþykktra af varnaraðiljanum Aðalsteini V. Magnússyni til greiðslu 8. júlí 1967, 8. ágúst 1967 og 8. september 1967. Á víxlum þeim, sem hafa gjalddaga 8. júlí og 8. september 1967, er tekið fram, að þeir skuli greiðast í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík. Á víxli þeim, sem gjalddaga hefur 8. ágúst 1967, er hins vegar tekið fram, að hann skuli greiðast í Sparisjóði Kópavogs, Kópavogi. Allir eru víxlarnir afsagðir vegna greiðslufalls að kröfu Sparisjóðs Kópavogs í afgreiðslustofu sparisjóðsins. Í stefnu er víxlunum rétt lýst að öðru leyti en því, að þar segir: „Víxlarnir voru vistaðir í Sparisjóði Kópavogs ...“.

Víxlum þeim, sem gjalddaga hafa 8. júlí og 8. september 1967, er eigi réttilega lýst í stefnu, og ber því með vísun til ákvæða 88. gr. laga nr. 85/1936 að staðfesta hinn kærða

dóm, að því er varðar kröfur sóknaraðilja, byggðar á þeim víxlum. Víxli þeim, er gjalddaga hefur 8. ágúst 1967, er hins vegar rétt lýst í stefnu, og ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi, að því er varðar kröfur sóknaraðilja, byggðar á þeim víxli, og vísa máli að því leyti heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er staðfestur, að því er varðar kröfur, byggðar á þeim tveimur víxlum, sem gefnir eru út 8. marz 1967, með gjalddögum 8. júlí 1967 og 8. september 1967.

Hinn kærði dómur er felldur úr gildi, að því er varðar kröfur, byggðar á víxli, útgefnum 8. marz 1967 með gjalddaga 8. ágúst 1967. Er málinu að þessu leyti vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og efnisdóms um kröfur sóknaraðilja, Bifreiðaverkstæðisins Fólksvagns s/f, á hendur varnaraðiljum, Aðalsteini V. Magnússyni og Magnúsi A. Magnússyni.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. nóvember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. nóvember s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 3. 11. 1967, af Bifreiðaverkstæðinu Fólksvagni s/f, Borgarholtsbraut 69, Kópavogi, gegn Aðalsteini Magnússyni og Magnúsi A. Magnússyni, báðum til heimilis Dalbæ, Blesugróf, Reykjavík, til greiðslu víxla að fjárhæð samtals krónur 12.000.00 (3x4.000.00), útgefinna 8. marz 1967 af stefnda Magnúsi og samþykktra af stefnda Aðalsteini til greiðslu í Sparisjóði Kópavogs, Kópavogi, 8. júlí, 8. ágúst og 8. september 1967, en á víxlum þessum, sem voru afsagðir vegna greiðslufalls 11. júlí, 10. ágúst og 11. september s.l., er útgefandi ábekingur.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxlanna, kr. 12.000.00, með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 4.000.00

frá 8. júlí til 8. ágúst 1967, af kr. 8.000.00 frá þeim degi til 8. september 1967 og af kr. 12.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 605.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með löglegri heimild, en þar sem tveir af víxlunum eru vistaðir í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, en ekki í Sparisjóði Kópavogs, eins og sagt er í stefnu, verður ekki hjá því komizt að vísa máli þessu frá dómi ex officio vegna vanlýsingar.

Málskostnaður dæmist ekki.

Kristján Torfason, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.